Stjórnartíðindi
2001 - B-deild - 4. hluti

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 2730 og 2767.
Meiriháttar gallar á bls. 2815, 2822, og 2854.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 105 – 2001

8. október 2001 2111 Nr. 749

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 176/1983 um setningu reglna um þjóðernis- og skrásetningarmerki íslenskra loftfara.

1. gr.

7. gr. skal hljóða svo:

7. Skrásetningarskírteini:

7.1. Skrásetningarskírteini skal vera svo sem hér er sýnt:

NR.	**ÍSLAND** **FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS** **SKRÁSETNINGARSKÍRTEINI**	
1. Þjóðernis- og skrásetningarmerki **TF-**	2. Framleiðandi og tegund loftfars	3. Raðnúmer
4. Nafn eiganda ..... 5. Heimilisfang eiganda ..... 6. Nafn umráðanda ..... 7. Heimilisfang umráðanda ..... 8. Aths.		
9. Það vottast hér með að ofangreint loftfar er skrásett á Íslandi samkvæmt Chicago samningnum, dags. 7. desember 1944, og gildandi íslenskum lögum og reglugerðum. Útgefið Undirskrift		

7.2. Skrásetningarskírteinið skal ætíð vera um borð í loftfarinu.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 145. gr., sbr. 9. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 ásamt síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytinu, 8. október 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B158
Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

Í stað: „15. október“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 1. desember.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. október 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 751 9. október 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 128/1994 um mælieiningar.

1. gr.

Grein 3.1 orðist svo:

3.1 Heimilt er að nota „viðbótarmerkingar“ fram til 31. desember 2009, en í skilningi þessarar reglugerðar eru það ein eða fleiri merkingar sem sýna mælieiningar, sem eru taldar upp í viðaukum II, III og IV.

2. gr.

Tafla í lið 1.3 í viðauka I orðist svo:

1.3 Forskeyti og tákn þeirra sem notuð eru til að tákna tiltekin tugveldi.

Tugveldi	Forskeyti	Tákn	Tugveldi	Forskeyti	Tákn
10^{24}	yotta	Y	10^{-1}	desi	d
10^{21}	setta	Z	10^{-2}	senti	c
10^{18}	exa	E	10^{-3}	milli	m
10^{15}	peta	P	10^{-6}	míkró	μ
10^{12}	tera	T	10^{-9}	nanó	n
10^{9}	gíga	G	10^{-12}	píkó	p
10^{6}	mega	M	10^{-15}	femtó	f
10^{3}	kíló	k	10^{-18}	attó	a
10^{2}	hektó	h	10^{-21}	septó	z
10^{1}	deka	da	10^{-24}	yoctó	y

3. gr.

Upphaf 3. liðar í viðauka I orðist svo:

3. EININGAR, SEM ERU NOTAÐAR Í ALÞJÓÐLEGA EININGAKERFINU, EN GILDI ÞEIRRA ERU FENGIN MEÐ TILRAUNUM

Stærð	Heiti	Eining Tákn	Skilgreining
Orka	Rafeindavolt	eV	Rafeindavolt er hreyfiorkan sem rafeind tekur í sig þegar hún fer í lofttómi frá einum stað til annars sem hefur eins volts meiri rafspennu.
Massi	Atómmassaeining	u	Atómmassaeining er einn tólfti hluti af massa einnar frumeindar aðalsamsætu frumefnisins kolefni-12.

Síðasta málsgrein og athugasemd haldast óbreyttar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/103/EB frá 24. janúar 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/181/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11 frá 28. febrúar 2001.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 9. október 2001.

F. h. r.
Þorgeir Örlygsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

10. október 2001 Nr. 752

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 714/2001 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blaðlauk í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0703.9001	Blaðlaukur	10.10.01 — 15.03.02	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 2001.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 753 10. október 2001

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Eldeyjarbanka.

1. gr.

Frá og með 12. október 2001 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á Eldeyjarbanka, á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 10'00 N — 23° 30'00 V
2. 64° 10'00 N — 23° 40'00 V
3. 64° 00'00 N — 23° 40'00 V
4. 64° 00'00 N — 23° 30'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. október 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 106 – 2001

11. október 2001 2115 Nr. 754

REGLUGERÐ


um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

Í stað myndar í I. hluta I. viðauka komi:



Framhlið ökuskírteinis



Bakhlið ökuskírteinis

Gutenberg

2. gr.

Í stað 1.-6. málsgreina II. hluta í I. viðauka (*Framhlið ökuskírteinis)* komi sjö málsgreinar:

Í efra vinstra horni er íslenska þjóðernismerkið, ÍS, svart að lit í svörtum sporöskjulaga hring.

Efst fyrir miðju er orðið „ökuskírteini“ prentað með svörtum upphafsstöfum.

Í efra hægra horni er orðið „Ísland“ prentað með bláum upphafsstöfum.

Fyrir miðju vinstra megin er ljósmynd af skírteinishafa.

Neðst í vinstra horni er mynd af Íslandi í bláum lit.

Í neðra hægra horni er mynd af íslenska skjaldarmerkinu í fánalitum.

Í grunni framhliðarinnar eru orðin EES-gerð og orðið „ökuskírteini“ á tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, og öðlast gildi 15. október 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 2001.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Sandra Baldvinsdóttir.

Nr. 755 11. október 2001

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Í stað skilgreiningar á orðinu markaðssetning í 5. gr. B-hluta I. kafla kemur:

Markaðssetning: að geyma fóðurblöndur með tilliti til sölu, einnig að bjóða til sölu, eða afhendingar með einhverjum hætti til þriðja aðila, gegn greiðslu eða ekki, einnig sjálf salan og afhending sem fer fram með einhverjum hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/16/EB og tekur gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 2001.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

5. október 2001 2117 Nr. 756

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðbæ Hafnarfjarðar.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðbæ Hafnarfjarðar.

Skipulagssvæðið afmarkast frá Norðurbakka af Reykjavíkurvegi, Austurgötu, Brekkugötu 8, Suðurgötu frá nr. 11 að nr. 28, meðfram Vesturhamri í suðurlóðarmörkum Strandgötu 50a, í áttina að strandlínunni og vestan við göngustíg meðfram sjávarkambinum að Reykjavíkurvegi. Deiliskipulag þetta kemur í staðinn fyrir deiliskipulag sem staðfest var af ráðherra 19. september 1983 með síðari breytingum, fyrir þetta skipulagssvæði.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 5. október 2001.

Hafdís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

1. október 2001 Nr. 757

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Furuás 3 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 20. september sl. tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts, Ásum, við Furuás 3. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til norðurs um u.þ.b. 3 m^2. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 1. október 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Geldingsár.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps þann 17. ágúst 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundahúsasvæði í landi Geldingsár, dags. 27. nóvember 1996.

Breytingin felst í stækkun á frístundahúsasvæðinu til suðurs, um níu frístundahúsalóðir. Þá er bætt við einni frístundahúsalóð austast á umrætt svæði.

Heildarstækkun svæðisins er u.þ.b. 4 ha. Við breytinguna fjölgar frístundahúsalóðum úr 14 í 24.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 27. nóvember 1996.

F.h. sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 27. september 2001.

Árni K. Bjarnason sveitarstjóri.

Nr. 759 3. október 2001

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar ehf.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar ehf. er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Hitaveitu Dalabyggðar ehf., nr. 908, 24. nóvember 2000, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 6,8%.

Iðnaðarráðuneytinu, 3. október 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 760 4. október 2001

AUGLÝSING

um samþykktir fyrir Tryggingasjóð innlánsdeildanna.

Nýjar samþykktir fyrir Tryggingasjóð innlánsdeildanna, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, voru settar á aðalfundi Tryggingasjóðs innlánsdeildanna 24. nóvember 2000 og staðfestar af viðskiptaráðuneytinu 19. febrúar 2001 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir innlánsdeildanna nr. 364, 23. júní 1994.

Viðskiptaráðuneytinu, 4. október 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKTIR
fyrir Tryggingasjóð innlánsdeildanna.

1. gr.

Tryggingasjóður innlánsdeildanna (hér eftir nefndur Tryggingasjóður) er í eigu þeirra innlánsdeilda samvinnufélaga sem lagt hafa honum fé skv. 4. gr. Sjóðurinn starfar á grundvelli 2. gr. a laga nr. 22/1991 um samvinnufélög, sbr. lög nr. 84/1993.

Allar innlánsdeildir samvinnufélaga skulu vera aðilar að Tryggingasjóði. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tryggingasjóður hefur það meginhlutverk að tryggja full skil á innlánsfé við innlánsdeild samvinnufélags ef bú þess er tekið til gjaldþrotaskipta að því leyti sem eignir sjóðsins hrökkva til og mælt er fyrir um í samþykktum þessum.

3. gr.

Stefnt skal að því að eigið fé Tryggingasjóðs nemi að minnsta kosti 3,5% af heildarfjárhæð inneigna viðskiptamanna hjá innlánsdeildum samvinnufélaga. Stjórn sjóðsins ákveður þetta hlutfall nánar og skal hlutfallið vera hið sama fyrir allar innlánsdeildir. Ef þörf krefur skal hver innlánsdeild greiða í þessu skyni, eigi síðar en 1. mars ár hvert, gjald til Tryggingasjóðs sem ákveðið skal af stjórn sjóðsins hverju sinni.

4. gr.

Auk árlegs gjalds skv. 3. gr. er hverri innlánsdeild skylt að leggja sjóðnum til fé í sérstakan séreignarsjóð er nemi að minnsta kosti 5% af heildarfjárhæð inneigna viðskiptamanna í hverri innlánsdeild miðað við næstu áramót á undan. Ef þörf krefur skal hver innlánsdeild leggja til hliðar í þessu skyni, eigi síðar en 1. mars ár hvert, þá fjárhæð sem upp á kann að vanta að þessu marki sé náð. Fé séreignarsjóðs telst ekki til eigin fjár sjóðsins, heldur skal hlutdeild hverrar innlánsdeildar haldið aðgreindri í sjóðnum. Fé séreignarsjóðs verður ekki notað til þess að bæta viðskiptamönnum í innlánsdeildum tjón þeirra skv. 11.-15. gr., heldur gengur hlutdeild hverrar innlánsdeildar í séreignarsjóði til greiðslu á inneignum viðskiptamanna í hlutaðeigandi innlánsdeild við gjaldþrot eða skuldaskil samvinnufélags, sbr. nánar 11.-15. gr.

Ef hlutdeild innlánsdeildar í séreignarsjóði fer fram úr 10% af heildarinnlánsfé deildarinnar er stjórn Tryggingasjóðs heimilt að greiða það fé, sem umfram er, til deildarinnar.

Um ávöxtun séreignarsjóðs gilda ákvæði 9. gr.

5. gr.

Aðalfundur Tryggingasjóðs fer með æðsta vald í málefnum hans.

Hver innlánsdeild fer með atkvæðisrétt á aðalfundi í samræmi við það fé, sem hún hefur greitt til sjóðsins frá upphafi skv. 3. gr., til síðustu áramóta fyrir aðalfund. Þó má engin innlánsdeild fara með meira en 1/5 hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingasjóði. Atkvæðisréttur innlánsdeildar skal vera í höndum þess fulltrúa er hlutaðeigandi samvinnufélag tilnefnir til þess að fara með atkvæði hennar á aðalfundi.

Árlegur aðalfundur skal haldinn fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með 15 daga fyrirvara hið skemmsta. Aukafundi skal halda ef aðilar Tryggingasjóðs, sem fara með minnst 1/3 hluta atkvæðamagns í sjóðnum, krefjast þess skriflega og greina

fundarefni. Þá skal stjórn sjóðsins boða til fundar með sama hætti og til aðalfundar. Aukafundi skal annars halda þegar stjórn sjóðsins telur þess þörf með þeim fyrirvara sem hún ákveður.

Hver innlánsdeild á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á aðal- og aukafundum Tryggingasjóðs ef hún gerir skriflega kröfu um það til stjórnar sjóðsins með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Aðalfundur getur ekki tekið endanlega ákvörðun í öðrum málefnum en þeim sem getið er í boðaðri dagskrá.

6. gr.

Formaður stjórnar Tryggingasjóðs stýrir aðalfundum sjóðsins. Skal hann sjá um að haldin sé gerðabók um það sem gerist á aðalfundum.

Á aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

a) skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
b) staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi,
c) kosningu stjórnar,
d) þóknun stjórnarmanna,
e) breytingar á samþykktum Tryggingasjóðs,
f) önnur mál.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum.

7. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs skipa þrír menn og jafnmargir til vara. Stjórnarmenn eru kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er.

Stjórn Tryggingasjóðs kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður óskar þess.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Haldin skal gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda.

Verkefni stjórnarinnar eru m.a. eftirfarandi:

a) að ákveða árlegt árgjald til Tryggingasjóðs skv. 3. gr.,
b) að sjá um innheimtu á árlegu gjaldi til sjóðsins og framlagi í séreignarsjóð skv. 5. gr.,
c) að taka ákvarðanir um ávöxtun á fé sjóðsins,
d) að taka ákvarðanir um greiðslur úr sjóðnum,
e) að semja ársreikning,
f) að ráða löggiltan endurskoðanda,
g) að hafa á hendi daglegan rekstur sjóðsins nema hann hafi verið falinn öðrum aðila, sbr. 18. gr.,
h) að taka ákvarðanir sem snerta starfsemi sjóðsins að öðru leyti en talið er upp hér að framan.

9. gr.

Ávöxtun heildareigna Tryggingasjóðs skal við það miðuð að sjóðurinn verði sem hæfastur til að gegna hlutverki sínu. Fé Tryggingasjóðs skal vera bundið í eftirfarandi eignum:

9.1. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, allt að 50% af brunabótamatsverði. Ef brunabótamat er ekki fyrir hendi eða það telst ófullnægjandi viðmiðun skal miðað við matsverð sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili framkvæmir.
9.2. Í bönkum og sparisjóðum.
9.3. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingastofnana og annarra lánastofnana en þeirra, sem getið er í 9.2., enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
9.4. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
9.5. Í skuldabréfum sveitarfélaga með trausta rekstrarlega afkomu og fjárhagslega stöðu.
9.6. Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

10. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs er heimilt að kalla eftir reikningsskilum frá hverri innlánsdeild og óska annarra upplýsinga frá stjórnendum hlutaðeigandi samvinnufélags, eftir því sem ástæða þykir til. Stjórnin getur jafnframt falið löggiltum endurskoðanda sjóðsins að fara yfir bókhald og fjárreiður hverrar innlánsdeildar hvenær sem er. Er stjórninni heimilt að láta hlutaðeigandi samvinnufélag bera kostnað af slíkri athugun.

Stjórn sjóðsins getur beint því til hlutaðeigandi samvinnufélags að það geri þær ráðstafanir, sem stjórnin telur nauðsynlegar, til þess að treysta hag innlánsdeildar og tryggja hagsmuni viðskiptamanna hennar. Ber stjórninni jafnframt að tilkynna bankaeftirliti Seðlabanka Íslands þetta þegar í stað.

11. gr.

Ef bú samvinnufélags er tekið til gjaldþrotaskipta ber skiptastjóra þegar að staðreyna heildarfjárhæð inneigna viðskiptamanna í innlánsdeild að meðtöldum þeim vöxtum og/eða verðbótum, sem á inneignarfjárhæð hafi fallið á þeim degi sem búið var tekið til skipta. Skal skiptastjóri tilkynna stjórn Tryggingasjóðs án tafar um heildarfjárhæð þessa.

12. gr.

Sé heildarfjárhæð inneigna, reiknuð samkvæmt 11. gr., og að frádreginni hlutdeild innlánsdeildar í séreignarsjóði skv. 4. gr., minni en nemur helmingi af eigin fé Tryggingasjóðs á þeim degi, sem bú samvinnufélags er tekið til gjaldþrotaskipta, skal Tryggingasjóður innan tveggja vikna frá því honum berst tilkynning skiptastjóra stofna sérstakan reikning við Seðlabanka Íslands, sem skiptastjóri hefur ráðstöfunarrétt yfir, og leggja þar inn heildarfjárhæðina.

13. gr.

Nemi heildarfjárhæð inneigna, reiknuð samkvæmt 11. gr. og að frádreginni hlutdeild innlánsdeildar í séreignarsjóði skv. 4. gr., meira en helmingi af eigin fé Tryggingasjóðs á þeim degi, sem bú innlánsdeildar er tekið til gjaldþrotaskipta, ber sjóðnum ekki að láta skiptastjóra hærri fjárhæð af hendi til ráðstöfunar en hlutfalli þessu nemur. Verður Tryggingasjóður ekki síðar krafinn um frekari greiðslur vegna innlánsdeildarinnar og skal skiptastjóri skipta greiðslu Tryggingasjóðs hlutfallslega milli eigenda innlánsreikninga þannig að allir fái þeir sama hlutfall inneignarfjárhæðar. Um framkvæmd útborgunar til skiptastjóra gilda að öðru leyti fyrirmæli 12. gr.

14. gr.

Skiptastjóri skal greiða eigendum innlánsreikninga inneignarfjárhæð þeirra eða það hlutfall hennar, sem greiðsla Tryggingasjóðs hrekkur til, sbr. 13. gr., jafnskjótt og við verður

komið eftir að krafa um greiðslu berst. Standi eftir fé á reikningi, sem Tryggingasjóður stofnar til að hætti 12. gr., að fullgreiddum kröfum eigenda innlánsreikninga, öðrum en eftirstæðum kröfum þeirra við búskiptin, skal það renna á ný til Tryggingasjóðs.

Frá því skiptastjóri greiðir eiganda innlánsreiknings kröfu hans samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. telst Tryggingasjóður eigandi kröfunnar á hendur þrotabúi samvinnufélagsins að því leyti sem krafan hefur greiðst með þessum hætti.

Hafi greiðsla Tryggingasjóðs verið með þeim hætti, sem greinir í 13. gr. og hrökkvi eignir þrotabús samvinnufélagsins ekki til þess að eigendur innlánsreikninga fái fullnustu krafna sinna á hendur því, skal úthlutun sú úr búinu, sem falla ætti í hlut Tryggingasjóðs vegna fyrirmæla 2. mgr., deilast við úthlutun úr búinu milli eigenda innlánsreikninga að því marki, sem þarf til að fullnægja kröfum þeirra vegna innlánsreikninga, öðrum en eftirstæðum kröfum við búskiptin.

15. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs er heimilt að verja fé sjóðsins til þess að greiða eigendum innlánsreikninga í innlánsdeild inneignarfjárhæð þeirra eða tiltekinn hluta hennar í sambandi við nauðasamninga samvinnufélags eða annars konar samninga um skuldaskil þess enda séu allir stjórnarmenn sammála um það.

Sé það gert skal fara eftir ákvæðum 11.-14. gr., eftir því sem við á.

16. gr.

Reikningsár Tryggingasjóðs skal vera almanaksárið. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur Tryggingasjóðs skal lagður fyrir endurskoðanda eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn Tryggingasjóðs.

17. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs skal ráða löggiltan endurskoðanda til að annast árlega endurskoðun hjá sjóðnum.

18. gr.

Stjórn Tryggingasjóðs getur falið Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. eða annarri viðurkenndri fjármálastofnun að annast daglegan rekstur sjóðsins.

19. gr.

Við frjáls slit innlánsdeildar gengur hún sjálfkrafa úr Tryggingasjóði og endurgreiðist þá hlutdeild hennar í séreignarsjóði. Hlutdeild innlánsdeildar í sameignarsjóði skv. reglu 21. gr. endurgreiðist 12 mánuðum eftir formlega úrsögn, miðað við stöðu hlutdeildarinnar þegar til útborgunar hennar kemur. Áður ber þó stjórn Tryggingasjóðs að ganga úr skugga um það að inneignir viðskiptamanna í innlánsdeildinni hafi verið greiddar eða fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu þeirra.

Greiðsla úr sameignarsjóði skv. 1. mgr. getur þó fyrst komið til framkvæmda 1. janúar 2005, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

Innlánsdeild er heimilt að framselja rétt sinn til endurgreiðslu úr sameignardeild skv. 1. og 2. mgr. til viðurkenndrar fjármálastofnunar, ef það er liður í samningi um yfirtöku fjármálastofnunarinnar á starfsemi innlánsdeildar.

20. gr.

Til breytingar á samþykktum þessum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Breytingin tekur ekki gildi fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu ráðherra.

21. gr.

Tryggingasjóði verður slitið með sömu skilmálum og í 20. gr. greinir.

Við slit sjóðsins rennur hlutdeild hverrar inneignardeildar í séreignarsjóði óskipt til hennar, en að öðru leyti skipast eignir sjóðsins á milli þeirra innlánsdeilda, sem aðild eiga að sjóðnum þegar tillaga um slit er samþykkt, og þeirra fyrrum innlánsdeilda sem sagt hafa sig úr sjóðnum frá 1. janúar 2001 og enn hafa ekki fengið hlutdeild sína útgreidda, í hlutfalli við það fé sem þær hafa greitt til sjóðsins frá upphafi skv. 3. gr.

22. gr.

Samþykktir þessar, sem eru settar af aðalfundi Tryggingasjóðs innlánsdeilda, staðfestast hér með skv. 3. tl. 2. gr. a laga um samvinnufélög nr. 22/1991, sbr lög nr. 84/1993.

Þannig samþykktar á aðalfundi Tryggingasjóðs innlánsdeilda sem haldinn var 24. nóvember 2000.

F.h. stjórnar Tryggingasjóðs innlánsdeilda,

Kristinn Hallgrímsson hrl.

Viðskiptaráðuneytinu, 19. febrúar 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

12. október 2001 Nr. 761

REGLUR

um vélar og tæknilegan búnað.

I. KAFLI
Gildissvið og markaðssetning.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. Reglur þessar gilda um vélar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um vélar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota sé ekki fjallað um þær í öðrum lögum eða reglum. Reglurnar gilda einnig á sama hátt um öryggisíhluti sem settir eru sjálfstætt á markað.

2. Í reglunum merkir *vél* safn innbyrðis tengdra hluta eða íhluta þar sem að minnsta kosti einn þeirra hreyfist, með viðeigandi gangsetningar- og stjórnbúnaði og orkuflutningsrásum, sem tengdir eru saman til ákveðinna nota, svo sem til að vinna, meðhöndla, flytja eða pakka tilteknu efni. Hugtakið vél nær einnig til vélasamstæðna sem í ákveðnum tilgangi er komið þannig fyrir og stjórnað að þær vinni sem órofa heild. Hugtakið vél tekur enn fremur til umskiptanlegs búnaðar sem breytir hlutverki vélar og er settur á markað í þeim tilgangi að stjórnandinn bæti honum við vél, röð mismunandi véla eða dráttarvél, svo fremi að þessi búnaður sé ekki varahlutur eða verkfæri.

3. Í reglunum merkir *öryggisíhlutur*, að því gefnu að ekki sé um að ræða umskiptanlegan búnað, íhlut sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins setur á markað til að fullnægja ákveðnu öryggishlutverki þegar hann er í notkun og bili hann getur öryggi og heilsa manna verið í hættu.

4. Reglurnar gilda ekki um:

a) vélar þar sem eini orkugjafinn er handafl sem beitt er milliliðalaust nema um sé að ræða vél sem notuð er til að lyfta byrðum eða setja þær niður,
b) vélar til lækninga sem notaðar eru í beinni snertingu við sjúklinga,
c) sérstakan búnað eða tæki til nota á sýningarsvæðum og/eða í skemmtigörðum,
d) eimkatla, geyma og þrýstihylki,
e) vélar sem eru sérhannaðar fyrir kjarnorku eða notaðar í tengslum við hana og geta orsakað geislavirkni ef þær bila,
f) jónandi geislagjafa sem eru hluti vélar,
g) skotvopn,
h) geyma og leiðslur fyrir bensín, gasolíu, eldfima vökva og hættuleg efni,
i) samgöngutæki, þ.e. ökutæki ásamt eftirvögnum sem eingöngu eru ætluð til fólksflutninga í lofti, á vegum, járnbrautum eða vatnaleiðum, svo og önnur samgöngutæki að því marki sem tæki þessi eru ætluð til vöruflutninga í lofti, á almennum vegum, járnbrautum eða vatnaleiðum. Ökutæki sem notuð eru til námuvinnslu eru ekki undanskilin,
j) skip og færanleg mannvirki á grunnsævi ásamt búnaði um borð í slíkum skipum eða mannvirkjum,
k) togbrautir, að meðtöldum togbrautum á spori, til fólksflutninga á vegum hins opinbera eða einkaaðila,
l) dráttarvélar til nota í landbúnaði eða við skógariðnað,
m) sérhannaðar og sérsmíðaðar vélar fyrir her og lögreglu,
n) lyftur, sem varanlega þjóna ákveðnum hæðum í byggingum og mannvirkjum, með stól sem fer eftir föstum brautum er halla meira en 15 gráður frá láréttu plani og eiga að flytja:
   - fólk,
   - fólk og vörur,
   - einungis vörur ef stóllinn er aðgengilegur, þ.e. einstaklingur getur auðveldlega farið inn í hann, og með stjórntækjum innan í eða innan seilingar fyrir þann sem stendur inni,
o) ökutæki á tannhjólabrautum sem notuð eru til fólksflutninga,
p) vindubúnað í námum,
q) sviðslyftur,
r) byggingarlyftur til fólksflutninga eða fólks- og vöruflutninga.

5. Sérreglur þær er gilda að hluta eða öllu leyti um hættur sem fylgja vélum og öryggisíhlutum, sem um getur í þessum reglum, halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara reglna. Enn fremur ganga nýjar sérreglur sem settar eru að hluta eða öllu leyti um hættur er fylgja vélum og öryggisíhlutum, sem um getur í þessum reglum, framar ákvæðum þessara reglna.

6. Þegar hætta af vél stafar aðallega frá rafmagni fellur vélin eingöngu undir gildandi reglur um rafföng eins og þær eru á hverjum tíma.

2. gr.

Markaðssetning.

1. Heimilt er að setja á markað eða taka í notkun hérlendis vél og/eða öryggisíhlut sem fullnægja ákvæðum þessara reglna.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að setja vél, sem ekki er unnt að nota eina og sér, á markað þegar framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins lýsir yfir, í samræmi við B-lið II. viðauka, að ætlunin sé að sameina hana eða bæta henni við aðra vél svo úr verði vél sem fellur undir þessar reglur. Umskiptanlegur búnaður, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr., skal í öllum tilvikum vera einkenndur með CE-merki, sbr. 8. gr., og honum skal fylgja EB-yfirlýsing um samræmi, sbr. A-lið II. viðauka.

3. Enn fremur er heimilt að setja öryggisíhluti á markað sem skilgreindir eru í 3. mgr. 1. gr. þegar þeim fylgir EB-yfirlýsing um samræmi frá framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. C-lið II. viðauka.

3. gr.

Skilyrði um öryggi.

1. Óheimilt er að markaðssetja og taka í notkun vélar eða öryggisíhluti, sem falla undir þessar reglur, nema að tryggt sé að heilsu og öryggi manna, og þar sem við á, öryggi húsdýra og eigna stafi ekki hætta af þeim vélum eða öryggisíhlutum sem eru sett upp á réttan hátt, þeim haldið við sem skyldi og notkun þeirra er í ráðgerðum tilgangi.

2. Vélar og öryggisíhlutir sem falla undir reglur þessar skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem tilgreindar eru í I. viðauka.

4. gr.

Undanþága vegna vörusýninga.

Heimilt er á kaupstefnum, vörusýningum, kynningum eða á sambærilegum vettvangi að sýna vél eða öryggisíhlut sem fullnægir ekki ákvæðum reglna þessara, svo fremi að það sé tekið skýrt fram á áberandi skilti að vélin eða öryggisíhluturinn fullnægi ekki ákvæðum þessara reglna og sé ekki til sölu fyrr en framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hafi séð til þess að vélin eða öryggisíhluturinn fullnægi ákvæðum þessara reglna. Gera skal nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi fólks þegar vélin eða öryggisíhluturinn er kynntur.

5. gr.

Skilyrði og staðlar.

1. Eftirfarandi vélar og öryggisíhlutir teljast fullnægja öllum ákvæðum þessara reglna, þar á meðal ákvæðum um samræmismat skv. II. kafla:

a) vél sem einkennd er með CE-merki, sbr. 8. gr., og henni fylgir EB-yfirlýsing um samræmi, sbr. A-lið II. viðauka,

b) öryggisíhlutur sem EB-yfirlýsing um samræmi fylgir, sbr. C-lið II. viðauka.

2. Séu samræmdir staðlar ekki til ber Vinnueftirliti ríkisins að vekja athygli hlutaðeigandi aðila á þeim landsstöðlum og tækniforskriftum sem í gildi eru og teljast mikilvæg eða viðeigandi til að rétt sé staðið að því að uppfylla grunnkröfurnar í I. viðauka um heilsuvernd og öryggi.

3. Þegar ákvæði samræmds staðals eru tekin upp í landsstaðal, og vísun til hans birt í Stjórnartíðindum EB og slíkur staðall fjallar um eina eða fleiri af grunnkröfum um öryggi, skal ganga út frá því að vél eða öryggisíhlutur sem smíðuð eru í samræmi við þann staðal uppfylli viðeigandi grunnkröfur.

II. KAFLI

Reglur um samræmismat.

6. gr.

Samræmismat.

1. Framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins ber að semja EB-yfirlýsingu um samræmi samkvæmt fyrirmælum A- eða C-liðar II. viðauka, eftir því sem við á, fyrir hverja þá vél og hvern þann öryggisíhlut sem framleiddur er til að votta að sérhver vél og öryggisíhlutur séu í samræmi við ákvæði þessara reglna. Þegar um vél er að ræða, skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins að auki sjá til þess að vélin verði einkennd með CE-merki, sbr. 8. gr.

2. Þegar um er að ræða aðra vél en þær sem taldar eru upp í IV. viðauka ber framleiðanda hennar eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins að taka saman gögn þau sem mælt er fyrir um í V. viðauka áður en vélin er sett á markað.

3. Þegar um er að ræða vél sem talin er upp í IV. viðauka og framleiðandi hennar fylgir ekki eða aðeins að hluta stöðlum, sbr. 2. mgr. 5. gr., eða ef engir slíkir staðlar eru til, ber framleiðanda hennar eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins að afhenda eintak af vélinni til EB-gerðarprófunar, sbr. VI. viðauka, áður en hún er sett á markað.

4. Þegar um er að ræða vél sem talin er upp í IV. viðauka og hún er framleidd í samræmi við staðla, sbr. 2. mgr. 5. gr., ber framleiðanda hennar eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, áður en hún er sett á markað, annaðhvort að:

a. taka saman gögn þau sem mælt er fyrir um í VI. viðauka og afhenda þau til tilkynnts aðila, sbr. 7. gr., sem skal staðfesta eins fljótt og unnt er að hann hafi fengið gögnin í hendur og muni varðveita þau, eða
b. afhenda gögn þau sem mælt er fyrir um í VI. viðauka tilkynntum aðila, sbr. 7. gr., sem sannprófar að farið hafi verið eftir stöðlum, sbr. 2. mgr. 5. gr., og gefur út vottorð þar að lútandi, eða
c. afhenda eintak af vélinni til EB-gerðarprófunar, sbr. VI. viðauka.

5. Þegar a-liður 4. mgr. á við skulu ákvæði 1. málsl. 5. og 7. liðar VI. viðauka einnig gilda. Þegar b-liður 4. mgr. á við skulu ákvæði 5., 6. og 7. liðar VI. viðauka einnig gilda.

6. Þegar 2. mgr. og a- og b-liður 4. mgr. eiga við skal EB-yfirlýsing um samræmi einungis tilgreina samræmi við grunnkröfur þessara reglna. Þegar 3. mgr. og c-liður 4. mgr. eiga við skal EB-yfirlýsing um samræmi tilgreina samræmi við eintakið sem var EB-gerðarprófað.

7. Öryggisíhlutir skulu heyra undir vottunarreglur sem gilda um vélar samkvæmt 2.–6. mgr. Að auki skal tilkynntur aðili, sbr. 7. gr., sannprófa við EB-gerðarprófun hversu vel öryggisíhluturinn getur fullnægt því öryggishlutverki sem framleiðandi hans lýsir yfir.

8. Ef vél fellur undir ákvæði annarra reglna sem enn fremur kveða á um að einkenna skuli vélar með CE-merki, sbr. 8. gr., gefur þetta merki til kynna að viðkomandi vél teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þeirra reglna. Heimili ein eða fleiri þessara reglna framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma skal CE-merkið einungis gefa til kynna að samræmi sé við þær reglur sem framleiðandi fer eftir. Í slíku tilviki skulu tilvísanir í þær reglur sem farið er eftir koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í þeim reglum og fylgja slíkum vélum.

9. Þegar hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins fullnægja ákvæðum 1.–8. mgr. skal sá sem setur vélina eða

öryggisíhlutinn á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins fullnægja þeim skyldum sem þar er kveðið á um. Ákvæðin gilda enn fremur um alla þá sem setja vélar saman eða hluta þeirra eða öryggisíhluti af ýmsum uppruna eða smíða vélar eða öryggisíhluti til eigin nota.

10. Ákvæði 9. mgr. gildir ekki um þá sem setja umskiptanlegan búnað, sbr. 2. mgr. 1. gr., saman við vél eða dráttarvél ef hlutarnir eiga saman og hver einstakur hlutur hinnar samsettu vélar er einkenndur með CE-merkinu, sbr. 8. gr., og honum fylgir EB-yfirlýsing um samræmi.

7. gr.

Tilkynntir aðilar.

1. Löggildingarstofa annast mat á þeim aðilum sem óska eftir að sjá um samræmismat samkvæmt reglum þessum. Þeir aðilar skulu uppfylla þau skilyrði sem eru sett fram í VII. viðauka. Aðilar sem uppfylla matsskilyrðin sem kveðið er á um í viðkomandi samræmdum stöðlum teljast enn fremur uppfylla skilyrðin í VII. viðauka.

2. Félagsmálaráðuneytið tilkynnir þá aðila sem Löggildingarstofa hefur viðurkennt skv. 1. mgr. til Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Uppfylli aðili ekki lengur skilyrði þau sem eru sett fram í VII. viðauka afturkallar Löggildingarstofa viðurkenningu hans skv. 1. mgr. Félagsmálaráðuneytinu ber að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins um það án tafar.

8. gr.

CE-merki.

1. Á CE-samræmismerkinu skulu vera hástafirnir „CE“. Útlit og lögun merkisins skal vera með þeim hætti sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

2. Vél skal einkennd með CE-merkinu á þann hátt að greinilegt og læsilegt sé, sbr. lið 1.7.3 í I. viðauka.

3. Óheimilt er að einkenna vél með merki sem er til þess fallið að villa um fyrir þriðja aðila að því er varðar þýðingu, útlit og lögun CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á vélar að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Eftirlit.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.

2. Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna, og þar sem við á öryggi húsdýra og eigna, stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna er því heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

3. Þurfi Vinnueftirlit ríkisins að grípa til aðgerða skv. 2. mgr. skal það tilkynna félagsmálaráðuneyti um þær án tafar þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir þeim. Á þetta sérstaklega við þegar grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi, sbr. 3. gr., og landsstaðlar, sbr. 3. mgr. 5. gr., eru ekki uppfyllt eða landsstaðlar, sbr. 3. mgr. 5. gr., eru ekki fullnægjandi.

4. Félagsmálaráðuneytið skal tilkynna til Eftirlitstofnunar EFTA um aðgerðir sem grípa þarf til skv. 2. mgr.

10. gr.

Vara ranglega viðurkennd.

Komist Vinnueftirlit ríkisins að því að vara sem fellur undir gildissvið þessara reglna hafi ranglega verið einkennd með CE-merki, sbr. 8. gr., eða henni fylgir ranglega EB-yfirlýsing um samræmi ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skylda til að sjá til þess að varan samræmist ákvæðum reglna þessara um CE-merkið og EB-yfirlýsingu um samræmi. Að öðrum kosti er Vinnueftirlitinu heimilt að banna markaðassetningu og notkun þeirrar vöru eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

11. gr.

Refsiákvæði.

Brot á ákvæðum þessara reglna varða ákvæði 99. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

12. gr.

Kæruheimild.

Um kæruheimildir á grundvelli þessara reglna fer samkvæmt 98. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IV. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. og 34., 35., 38. og 47. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og að höfðu samráði við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hvað varðar þátt Löggildingarstofu, sbr. lög nr. 155/1996 og 11. gr. laga nr. 100/1992, til innleiðingar á tilskipun, nr. 98/37/EB, um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar, sem vísað er til í 1. lið XXIV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 94/1999.

14. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 580/1995 um vélar og tæknilegan búnað.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. október 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

I. VIÐAUKI

Grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi í tengslum við hönnun og smíði véla og öryggisíhluta.

Í þessum viðauka merkir *vél* ýmist vél eða öryggisíhlut eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 1. gr. reglna þessara.

FORMÁLSORÐ

1. Grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi gilda einungis vegna hættu sem skapast þegar vél er notuð við aðstæður sem hún er hönnuð fyrir. Kröfur samkvæmt liðum 1.1.2, 1.7.3 og 1.7.4 þessa viðauka gilda ávallt um allar vélar sem þessar reglur taka til.
2. Grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi sem gerðar eru í reglum þessum eru ófrávíkjanlegar. Að teknu tilliti til núverandi tæknikunnáttu kann þó að vera að ekki sé unnt að ná markmiðum þeirra. Þegar þannig stendur á skal leitast við eins og framast er unnt að hanna og smíða vélar þannig að þær komist sem næst þessum markmiðum.
3. Grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi hafa verið flokkaðar eftir því hvaða áhættu þær fjalla um. Þar sem vélar geta valdið ýmiss konar hættum er þeirra hugsanlega getið undir fleiri en einum kafla þessa viðauka. Framleiðandi vélar skal meta hætturnar svo hann geti borið kennsl á þær hættur sem eiga við um þá vél er hann framleiðir. Vélin skal síðan hönnuð og smíðuð með tilliti til þess mats.

1. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI

1.1 Almennar athugasemdir.

1.1.1 *Skilgreiningar.*

Í reglum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

1. *hættusvæði*: svæði inni í og/eða umhverfis vél þar sem heilsa og öryggi óvarins manns er í hættu;
2. *óvarinn maður*: hver sá sem er að nokkru eða öllu leyti á hættusvæði;
3. *stjórnandi*: sá eða þeir sem starfa við uppsetningu, stjórnun, stillingu, viðhald, hreinsun, viðgerð eða flutning véla.

1.1.2 *Meginreglur um innbyggt öryggi.*

a) Vél skal smíða þannig að hún gegni hlutverki sínu og unnt sé að stilla hana og halda henni við án þess að stofna fólki í hættu þegar hún eru notuð með þeim hætti sem framleiðandi gerir ráð fyrir.
Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir alla slysahættu á ráðgerðum nýtingartíma vélar, að meðtöldum tímanum þegar vél er sett saman og tekin í sundur. Þetta gildir þótt slysahætta stafi af óeðlilegum aðstæðum sem sjá má fyrir.

b) Við val á viðeigandi aðferð við hönnun og smíði vélar skal framleiðandi hennar fara eftir eftirtöldum meginreglum í þessari röð:
   - koma skal í veg fyrir eða draga úr hættu eins og framast er unnt (öryggi haft að markmiði við hönnun og smíði vélar),
   - gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna hættu sem ekki er unnt að koma í veg fyrir,
   - veita notendum upplýsingar um hættur sem ekki er unnt að koma í veg fyrir vegna annmarka á þeim varúðarráðstöfunum sem gerðar voru, þar á meðal skal tilgreina hvort krafist sé ákveðinnar þjálfunar og hvort þörf sé á persónuhlífum.

c) Við hönnun og smíði vélar og samningu leiðbeininga skal framleiðandi ekki einungis sjá fyrir venjulega notkun vélarinnar heldur einnig þá notkun sem eðlilegt er að gera ráð fyrir.
Vél skal hanna þannig að komið verði í veg fyrir óeðlilega notkun sem kann að hafa hættu í för með sér. Að öðrum kosti skal vekja athygli notenda í leiðbeiningum á hvern hátt reynslan hefur sýnt að varasamt sé að nota vélina.

d) Við fyrirhugaða notkun skal draga sem mest úr óþægindum, þreytu og andlegu álagi stjórnanda í samræmi við meginreglur um vinnuvernd.

e) Við hönnun og smíði vélar verður framleiðandi hennar að taka mið af því að nauðsynleg eða fyrirsjáanleg notkun persónuhlífa (svo sem skófatnaðar, hanska o.s.frv.) kann að hefta hreyfingar stjórnandans.

f) Vél skal búin öllum þeim sérbúnaði og fylgihlutum sem þarf til að unnt sé að stilla hana, halda henni við og nota hana án nokkurrar hættu.

1.1.3 *Efni og vörur.*

Hvorki efni sem er notað í vélar né vara sem er notuð og verður til við notkun vélar mega stofna öryggi eða heilsu óvarinna manna í hættu.

Þegar vökvar eru notaðir á vél verður hún að vera hönnuð og smíðuð á þann veg að ekki skapist hætta við áfyllingu, notkun, endurnotkun eða tæmingu.

1.1.4 *Lýsing.*

Framleiðandi vélar skal útbúa hana lýsingarbúnaði sem hentar hlutverki hennar ef skortur á slíkri lýsingu getur valdið hættu þrátt fyrir venjulega umhverfislýsingu.

Framleiðandi vélar skal tryggja að ekki myndist truflandi skuggasvæði, óþægilega skær birta eða hættuleg snúningssjávirkni af lýsingunni við vélina.

Ef fylgjast þarf reglubundið með innri vélarhlutum verður að útbúa þá sérstökum lýsingarbúnaði. Það sama gildir um staði þar sem stilling og viðhald fer fram.

1.1.5 *Hönnun sem miðar að því að auðvelda meðferð vélar.*

Vél, eða hver íhluti hennar, skal vera

- hættulaus í meðferð,
- þannig um búin eða hönnuð að unnt sé að geyma hana án þess að hún verði fyrir tjóni eða hætta stafi af henni (t.d. að stöðugleiki sé nægur eða sérstakar undirstöður).

Komi þyngd, stærð eða lögun vélar, eða ýmissa íhluta hennar, í veg fyrir að unnt sé að flytja hana með handafli skal vélin, eða hver íhluti hennar,

- vera með festibúnaði fyrir lyftitæki, eða
- þannig gerð að unnt sé að setja slíkan festibúnað á hana (t.d. göt með skrúfgangi), eða
- þannig í lögun að auðvelt sé að nota venjuleg lyftitæki.

Þegar flytja á vél, eða einhvern íhluta hennar, með handafli skal annaðhvort

- vera auðvelt að flytja hana, eða
- hún útbúin höldum (t.d. handföngum) sem gera það kleift að flytja hana án nokkurrar hættu.

Gera verður sérstakar ráðstafanir vegna meðferðar verkfæra og/eða vélarhluta, þótt léttir séu, sem gætu reynst hættulegir (lögun, efni o.s.frv.).

1.2 Stjórnbúnaður.

1.2.1 *Öryggi og áreiðanleiki stjórnbúnaðar.*

Stjórnbúnað skal hanna og smíða á þann hátt að hann sé öruggur og áreiðanlegur og geti ekki skapað hættuástand. Hann verður umfram allt að vera hannaður þannig og smíðaður að:

- hann þoli eðlilegt ytra og innra álag,
- röng viðbrögð skapi ekki hættuástand.

1.2.2 *Stjórnbúnaður.*

Stjórnbúnaðurinn skal vera:

- greinilegur og auðþekkjanlegur og merktur á viðeigandi hátt ef þörf krefur,
- staðsettur þannig að unnt sé að beita honum á öruggan hátt, hiklaust, án allra tafa og ótvírætt,

- hannaður þannig að rökrétt samræmi ríki milli hreyfinga stjórnbúnaðarins og aðgerða sem hann hrindir af stað,
- staðsettur utan hættusvæða nema hann sé sérstakur stjórnbúnaður, svo sem neyðarstöðvunarbúnaður og stjórnborð fyrir róbóta,
- staðsettur þannig að beiting hans auki ekki slysahættu,
- hannaður eða varinn þannig að ekki sé unnt að framkvæma nema með ásetningi aðgerðir sem gætu haft í för með sér slysahættu,
- gerður til að þola ráðgert álag og sérstaklega skal taka tillit til neyðarstöðvunarbúnaðar sem gæti orðið fyrir miklu álagi.

Þegar stjórnbúnaður er hannaður og smíðaður til að framkvæma margar mismunandi aðgerðir, þ.e. þegar aðgerð er ekki ótvíræð (t.d. með notkun hnappaborða), verður að gefa aðgerðina sem framkvæma á skýrt til kynna og staðfesta hana ef nauðsyn krefur.
Stjórnbúnað skal hanna á þann hátt að fyrirkomulag hans, hreyfing og átaksviðnám sé í samræmi við þá aðgerð sem framkvæma skal, með hliðsjón af meginreglum um vinnuvernd.
Taka skal tillit til aðstæðna sem skapast vegna nauðsynlegrar eða ráðgerðrar notkunar persónuhlífa (svo sem skófatnaðar eða hanska).
Vél skal hafa nauðsynlegan mælabúnað (t.d. skífur eða merki) til að unnt sé að stjórna henni á öruggan hátt. Stjórnandi verður að geta lesið á þessa mæla frá stjórnstað.
Stjórnandi verður að geta fullvissað sig um það frá aðalstjórnstað að engir óvarðir menn séu staddir á hættusvæðum.
Geti hann það ekki skal hanna og smíða stjórnkerfið á þann veg að jafnan sé gefið viðvörunarhljóðmerki eða ljósmerki áður en vél fer í gang. Óvarinn maður verður að hafa tíma og tækifæri til að bregðast skjótt við til að hindra að vél fari í gang.

1.2.3 *Gangsetning.*
Vél skal einungis vera unnt að gangsetja viljandi og með þar til gerðum stjórnbúnaði.
Hið sama gildir þegar:
- vél er sett aftur í gang eftir stöðvun, hver sem ástæðan fyrir stöðvuninni var, eða
- gerð er veruleg breyting á gangi vélar (t.d. hraða, þrýstingi) nema óvarðir menn séu ekki í hættu þótt vélin fari aftur í gang á þennan hátt eða gangi hennar sé breytt.

Grunnkrafa þessi gildir ekki þegar endurtekin gangsetning eða gangbreyting vélar er eðlileg framvinda sjálfvirkrar hringrásar.
Þegar vél er útbúin fleiri en einum gangsetningarbúnaði og stjórnendur geta því stofnað hver öðrum í hættu verður að bæta við búnaði til að koma í veg fyrir þá hættu (t.d. stýri- eða valbúnaði sem gerir það að verkum að einungis er unnt að nýta einn hluta gangsetningarbúnaðarins í senn).
Eftir stöðvun verður að vera auðvelt að setja sjálfvirkan vélakost aftur á sjálfstýringu um leið og öryggisskilyrðum hefur verið fullnægt.

1.2.4 *Stöðvunarbúnaður.*
Stöðvun af eðlilegum orsökum.
Vél skal hafa stjórnbúnað sem gerir það kleift að stöðva hana á öruggan hátt.
Á hverjum vinnustað skal vera stjórnbúnaður til að stöðva suma eða alla hreyfanlega hluta vélar, eftir því um hvers konar hættu er að ræða, þannig að ekki stafi hætta af henni. Stöðvunarskipun skal ógilda gangsetningarskipun.
Um leið og vél eða hættulegir hlutar hennar stöðvast skal orkuflutningur til viðkomandi gangsetningarbúnaðar rofna.
Neyðarstöðvun.
Vél skal hafa minnst einn neyðarstöðvunarbúnað til að unnt sé að afstýra ríkjandi eða yfirvofandi hættuástandi. Þetta gildir þó ekki um:

– vél þar sem ekki er unnt að draga úr hættu með neyðarstöðvunarbúnaði, annaðhvort vegna þess að hann myndi ekki stytta stöðvunartímann eða hefði ekki þau áhrif að unnt væri að gera sérstakar ráðstafanir til að ráða bót á hættuástandinu,
– hreyfanleg, vélknúin handverkfæri og handstýrðar vélar.

Neyðarstöðvunarbúnaðurinn skal:
– hafa auðþekkjanlegan, greinilegan stjórnbúnað sem fljótlegt er að komast að,
– stöðva hættulega vinnslu eins fljótt og unnt er án þess að auka á hættuna,
– gangsetja eða gera það kleift að gangsetja ákveðnar öryggisaðgerðir ef þörf krefur.

Neyðarstöðvunarbúnaður skal þannig gerður að hann haldist í stöðvunarstöðu eftir að skipun um stöðvun hefur verið gefin og þar til hún er sérstaklega afturkölluð. Ekki má vera unnt að virkja búnaðinn án þess að gefa stöðvunarskipun. Búnaðinn skal einungis vera unnt að aftengja með viðeigandi aðgerð og þótt hann sé gerður óvirkur skal það ekki hafa í för með sér að vélin fari í gang, einungis að unnt sé að gangsetja hana aftur.

Vélasamstæður og kerfi.

Þegar um er að ræða vél eða vélarhluta sem eiga að vinna saman skal framleiðandi hanna og smíða vél á þann hátt að stöðvunarbúnaðurinn, þar með talin neyðarstöðvunin, geti ekki einungis stöðvað vélina heldur allan búnað á undan og/eða eftir henni í vinnsluferlinu ef áframhaldandi gangur hans getur verið hættulegur.

1.2.5 *Valrofi fyrir stjórn- eða hraðastillingu.*

Sú stjórnstilling sem valin er verður að ógilda öll önnur stjórnkerfi, að neyðarstöðvunarbúnaði undanskildum.

Hafi vél verið hönnuð og smíðuð á þann hátt að unnt sé að velja mismunandi stjórn- eða hraðastillingu á mismunandi öryggisstigum (t.d. vegna vélarstillingar, viðhalds eða skoðunar) skal hún útbúin valrofa til stjórn- eða hraðastillingar sem unnt er að læsa í öllum stillingum. Hver rofastilling verður að svara til einungis einnar stjórn- eða hraðastillingar. Í stað valrofans má nota aðra valaðferð sem takmarkar notkun ákveðinna aðgerða, sem vélin framkvæmir, til ákveðinna hópa stjórnenda (t.d. aðgangstákn fyrir ákveðnar aðgerðir sem er stjórnað stafrænt).

Verði vél í ákveðnum tilvikum að geta gengið án þess að varnarbúnaður hennar sé í sambandi verður valrofinn að geta allt í senn:
– aftengt sjálfstýringu,
– komið í veg fyrir hreyfingar annarra stjórntækja en þeirra sem krefjast stöðugrar handstýringar,
– komið í veg fyrir að hættulegir, hreyfanlegir hlutar séu í gangi nema gerðar séu auknar öryggisráðstafanir (t.d. dregið úr hraða og álagi, gangur rofinn reglubundið eða aðrar viðeigandi ráðstafanir) og þannig að ekki stafi hætta af samtengdum aðgerðum,
– komið í veg fyrir allar hreyfingar sem gætu skapað hættu með því að hafa ráðgerð eða óráðgerð áhrif á innri skynjara vélarinnar.

Auk þess verður stjórnandi að geta haft frá stjórnstað fullt vald yfir gangi þeirra vélarhluta sem hann stjórnar.

1.2.6 *Bilun í orkuflutningsbúnaði.*

Ekki má skapast hættuástand þegar orkuflutningur til vélar stöðvast, hefst á ný eftir stöðvun eða er ójafn, ýmist of mikill eða of lítill.

Sérstaka áherslu skal leggja á að:
– vél sé ekki sett í gang fyrir mistök,
– ekkert hindri að vél stöðvist þegar skipun um stöðvun hefur verið gefin,

- enginn hreyfanlegur vélarhluti eða vinnsluefni geti fallið niður eða kastast frá vélinni,
- ekki sé komið í veg fyrir að sjálfvirkur eða handstýrður búnaður geti stöðvað einhvern hinna hreyfanlegu vélarhluta,
- varnarbúnaður komi að fullu gagni.

1.2.7 *Bilun í stjórnrásum.*
Galli í rökrásum stjórnbúnaðarins, bilun eða skemmdir í stjórnrásum mega ekki leiða til hættuástands.
Sérstaka áherslu skal leggja á að:
- vél sé ekki sett í gang fyrir mistök,
- ekkert hindri að vél stöðvist þegar skipun um stöðvun hefur verið gefin,
- enginn hreyfanlegur vélarhluti eða vinnsluefni geti fallið niður eða kastast frá vélinni,
- ekki sé komið í veg fyrir að sjálfvirkur eða handstýrður búnaður geti stöðvað einhvern hinna hreyfanlegu vélarhluta,
- varnarbúnaður komi að fullu gagni.

1.2.8 *Hugbúnaður.*
Hugbúnaður fyrir samskipti stjórnanda og skipana- eða stjórnkerfis vélar skal vera þægilegur í notkun.

1.3 Varnir gegn hættum af völdum véla.
1.3.1 *Stöðugleiki.*
Vélar, íhluta og fylgihluti þeirra, skal hanna og smíða þannig að vélarnar séu nægilega stöðugar þegar þær eru notaðar við ráðgerðar aðstæður (með hliðsjón af veðurfarslegum aðstæðum ef þörf krefur) og ekki sé hætta á að þær velti, falli eða hreyfist óvænt.
Ef lögun vélar eða fyrirhuguð uppsetning hennar veldur því að hún er ekki nægilega stöðug verður að gera ráð fyrir nauðsynlegum festingum og tilgreina þær í leiðbeiningum.

1.3.2 *Hætta á bilun við notkun.*
Vélarhlutar og tengingar milli þeirra skulu þola álagið sem þeir verða fyrir þegar þeir eru notaðir eins og framleiðandi vélar hefur gert ráð fyrir.
Efnið sem notað er skal vera nægilega endingargott fyrir þau verk sem framleiðandi vélar hefur gert ráð fyrir, einkum að því er varðar þreytu, aldur, tæringu og slit.
Framleiðandi vélar skal tilgreina í leiðbeiningum hvernig og hve oft þurfi að skoða og gera við vél til að fyllsta öryggis sé gætt. Hann skal, eftir því sem við á, tilgreina þá vélarhluta sem slitna og hve oft þurfi að skipta um þá.
Þegar hætta er á að hlutir springi eða brotni þrátt fyrir varúðarráðstafanir (t.d. slípiskífur) skulu hinir hreyfanlegu hlutar settir þannig í og búið um þá að brot úr þeim dreifist ekki.
Bæði stífar og sveigjanlegar pípur sem flytja vökva, einkum við háþrýsting, skulu þola ráðgert innra og ytra álag og vera tryggilega festar og/eða varðar gegn hvers konar ytra álagi; gera verður varúðarráðstafanir til að tryggja að ekki stafi hætta af skyndilegum brestum (t.d. snöggar hreyfingar eða háþrýstistreymi).
Þegar vinnsluefnið er fært að verkfærinu á sjálfvirkan hátt skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt til að komist verði hjá hættu fyrir óvarða menn (t.d. ef verkfærið brotnar):
- þegar vinnsluefnið kemst í snertingu við verkfærið verður verkfærið að vera komið í rétta vinnslustöðu,
- þegar verkfærið fer í gang og/eða stöðvast (viljandi eða óviljandi) verður hreyfingin sem færir vinnsluefnið áfram og hreyfing verkfæris að vera samstilltar.

1.3.3 *Hætta sem fylgir því að hlutir falla niður eða kastast burt.*
Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hlutir (t.d. vinnsluefni, verkfæri, spænir, flísar og annað úrgangsefni) falli niður eða kastist burt og skapi slysahættu.

1.3.4 *Hætta sem stafar af ytri flötum, köntum og hornum.*
Aðgengilegir hlutar vélar skulu eins og framast er kostur vera án hvassra kanta og horna eða grófrar áferðar sem gæti valdið meiðslum.

1.3.5 *Hætta sem stafar af sambyggðum vélum.*
Þegar vél á að framkvæma margar mismunandi aðgerðir og vinnsluefnið er fjarlægt með handafli milli aðgerða (sambyggðar vélar) skal hanna og smíða vélina þannig að unnt sé að nota hvern hluta fyrir sig án þess að hinir hlutarnir stofni óvörðum manni í hættu eða valdi honum óþægindum.
Því skal vera unnt að gangsetja og stöðva sérstaklega hluta sem ekki eru varðir.

1.3.6 *Hætta sem stafar af mismunandi snúningshraða verkfæra.*
Þegar vél er ætlað að framkvæma aðgerðir við mismunandi aðstæður (t.d. mismunandi hraða eða orkugjöf) skal hanna og smíða hana þannig að unnt sé að velja og stilla á þessar aðstæður á öruggan og áreiðanlegan hátt.

1.3.7 *Ráðstafanir gegn hættu sem stafar af hreyfanlegum vélarhlutum.*
Hreyfanlega vélarhluta skal hanna, smíða og staðsetja þannig að engin hætta stafi af þeim eða, sé enn hætta á ferðum, búnir hlífum eða varnarbúnaði til að komist verði hjá allri snertingu sem valdið gæti slysum.
Gera skal allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hreyfanlegir hlutar í vinnsluferlinu stöðvist af ófyrirséðum ástæðum. Ef hætta er á slíkri stöðvun þrátt fyrir allar varúðarráðstafanir sem gerðar eru ber framleiðanda að láta sérstakan varnarbúnað eða verkfæri og leiðarvísi fylgja vélinni eða setja skilti á vélina til að unnt sé að setja hana í gang aftur án þess að hætta stafi af.

1.3.8 *Val á vörnum gegn hættum sem stafa af hreyfanlegum vélarhlutum.*
Velja skal hlífar eða varnarbúnað til að verjast hættum sem stafa af hreyfanlegum vélarhlutum með hliðsjón af því um hvers konar hættu er að ræða. Nota skal eftirfarandi viðmiðunarreglur við valið.

A. Hreyfanlegir hlutar drifbúnaðar.
Hlífar sem gerðar eru til að verja óvarða menn gegn hættum sem stafa af hreyfanlegum hlutum drifbúnaðar (svo sem reimhjól, reimar, tannhjól, tannstangir eða drifásar) skulu annaðhvort vera:
– fastar, í samræmi við kröfur sem settar eru fram í liðum 1.4.1 og 1.4.2.1 þessa viðauka, eða
– lausar, í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lið 1.4.1 og A-hluta liðar 1.4.2.2 þessa viðauka.
Nota ber lausar hlífar þegar vænta má að oft þurfi að komast að hlutunum.

B. Hreyfanlegir vélarhlutar sem eru þáttur í vinnslunni.
Hlífar eða varnarbúnaður sem á að verja óvarða menn gegn hættu sem stafar af hreyfanlegum vélarhlutum sem eru þáttur í vinnslunni (svo sem skurðarverkfæri, hreyfanlegir hlutar í pressum, valsar eða hlutir sem eru í vinnslu) skulu:

- vera fastar hlífar í samræmi við kröfur sem settar eru fram í liðum 1.4.1 og 1.4.2.1 þessa viðauka, sé þess kostur,
- að öðrum kosti vera lausar hlífar í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lið 1.4.1 og B-hluta liðar 1.4.2.2 þessa viðauka eða varnarbúnaður, svo sem skynjarar (ljósnemar eða mottur með skynjurum), varnarbúnaður sem tryggir nægilega fjarlægð frá hættusvæði (svo sem stjórnrofar fyrir báðar hendur), eða sjálfvirkur varnarbúnaður sem kemur í veg fyrir að stjórnandinn eða hluti af líkama hans komist inn á hættusvæði, í samræmi við kröfur sem settar eru fram í liðum 1.4.1 og 1.4.3 þessa viðauka.

Sé ekki unnt að gera ákveðna hreyfanlega vélarhluta, sem eiga beinan þátt í vinnslunni, óaðgengilega að hluta eða að öllu leyti meðan á vinnslu stendur vegna aðgerða sem krefjast að stjórnandi starfi í námunda við þær skal, sé það tæknilega gerlegt, útbúa þessa hluta:

- föstum hlífum, í samræmi við kröfur sem settar eru fram í liðum 1.4.1 og 1.4.2.1 þessa viðauka, sem koma í veg fyrir að unnt sé að komast að þeim hlutum sem ekki eru notaðir við vinnsluna,
- stillanlegum hlífum, í samræmi við kröfur sem settar eru fram í liðum 1.4.1 og 1.4.2.3 þessa viðauka, sem koma í veg fyrir aðgang að öðrum hreyfanlegum vélarhlutum en þeim sem eru bráðnauðsynlegir fyrir vinnsluna.

1.4 Kröfur um eiginleika hlífa og varnarbúnaðar.

1.4.1 *Almennar kröfur.*

Um hlífar og annan varnarbúnað gildir eftirfarandi:

- hann skal vera traustbyggður,
- hann má ekki auka slysahættu,
- ekki má vera auðvelt að komast hjá notkun hans eða gera hann óvirkan,
- hann skal vera í hæfilegri fjarlægð frá hættusvæði,
- hann má ekki byrgja sýn yfir vinnuna meira en brýna nauðsyn ber til,
- hann skal gera kleift að vinna við uppsetningu og/eða skipti á verkfærum og viðhald á vél og verður að vera aðgengilegur með þeim hætti að eingöngu sé heimilt að takmarka aðgang að því svæði þar sem vinnan á að fara fram, helst án þess að fjarlægja þurfi hlífina eða varnarbúnaðinn.

1.4.2 *Sérkröfur sem gerðar eru til hlífa.*

1.4.2.1 Fastar hlífar.

Fastar hlífar verða að vera rammlega festar.

Festingar skulu vera þannig að verkfæri þurfi til að losa þær.

Ef unnt er eiga hlífar ekki að geta haldist kyrrar á sínum stað þegar festingar vantar.

1.4.2.2 Lausar hlífar.

A. Lausar hlífar af A-gerð verða að:

- haldast kyrrar á vélinni þegar þær eru opnar eftir því sem unnt er,
- vera í tengslum við læsingarbúnað til að koma í veg fyrir að hreyfanlegir vélarhlutar fari af stað á meðan unnt er að komast að þeim og þær þurfa að gefa skipun um stöðvun þegar þær fara úr læstri stöðu.

B. Lausar hlífar af B-gerð verða að vera þannig hannaðar, smíðaðar og innfelldar í stjórnkerfið að:

- hreyfanlegir hlutar geti ekki farið í gang á meðan þeir eru innan seilingar stjórnanda,
- óvarinn maður geti ekki náð til hreyfanlegra hluta eftir að þeir eru komnir í gang,
- einungis sé unnt að stilla þær með ásetningi, svo sem með því að nota verkfæri eða lykil,

- vanti einn hluta þeirra eða bili einn þeirra komi það í veg fyrir að hreyfanlegu vélarhlutarnir fari í gang eða stöðvist,
- vörn sem þær veita komi í veg fyrir hættu á að hlutir eða vinnsluefni kastist frá vélinni.

1.4.2.3 Stillanlegar hlífar sem takmarka aðgang.
Stillanlegar hlífar sem takmarka aðgang að hreyfanlegum vélarhlutum sem eru bráðnauðsynlegir fyrir vinnsluna:
- skal vera unnt að stilla með handafli eða sjálfvirkt eftir því um hvers konar vinnu er að ræða,
- skal vera auðvelt að stilla án verkfæra,
- skulu eins og framast er unnt draga úr hættu á að hlutir kastist frá vélinni.

1.4.3 *Sérkröfur sem gerðar eru til varnarbúnaðar.*
Varnarbúnað skal hanna, smíða og fella þannig inn í stjórnkerfið að:
- hreyfanlegir hlutar geti ekki farið í gang á meðan þeir eru innan seilingar stjórnanda,
- óvarinn maður geti ekki náð til hreyfanlegra hluta eftir að þeir eru komnir í gang,
- einungis sé unnt að stilla hann með ásetningi, svo sem með því að nota verkfæri eða lykil,
- vanti einn hluta hans eða bili einn þeirra komi það í veg fyrir að hreyfanlegu vélarhlutarnir fari í gang eða stöðvist.

1.5 Varnir gegn annars konar hættu.

1.5.1 *Hætta sem stafar af rafmagni.*
Þegar vél gengur fyrir rafmagni skal hanna, smíða og útbúa hana þannig að komið sé í veg fyrir, eða koma megi í veg fyrir, slysahættu af völdum rafmagns.
Þær sérstöku reglur sem eru í gildi um rafföng ætluð til notkunar innan ákveðinna spennumarka skulu á sama hátt taka til rafknúinna véla.

1.5.2 *Stöðurafmagn.*
Vél skal hanna og smíða þannig að komist verði hjá myndun hættulegrar stöðurafmagnshleðslu og/eða vera með afhleðslubúnað.

1.5.3 *Hætta sem stafar af annarri orku en rafmagni.*
Þegar vél er knúin annarri orku en rafmagni (t.d. vökvaafli, þrýstilofti eða hitaorku) skal hanna, smíða og útbúa hana þannig að komist verði hjá allri hugsanlegri hættu af völdum þessara orkugjafa.

1.5.4 *Hætta sem stafar af mistökum við ísetningu.*
Vélarhluta sem hætta getur stafað af skal hanna þannig að ekki sé unnt að gera mistök við ísetningu eða endurísetningu þeirra en sé það óframkvæmanlegt skal skrá upplýsingar á hlutana sjálfa og/eða vélarhúsin. Sömu upplýsingar skal skrá á hreyfanlega vélarhluta og/eða vélarhús þeirra þegar nauðsynlegt er að þekkja hreyfingaráttina til að forðast hættu. Í leiðbeiningum skal veita allar viðbótarupplýsingar sem kunna að reynast nauðsynlegar.
Geti skapast hætta vegna gallaðrar tengingar verður að fyrirbyggja rangar tengingar á leiðslum fyrir svo sem vökva eða rafmagn við hönnun vélar eða, ef það er ekki unnt, með upplýsingum sem skráðar eru á pípur, strengi og/eða tengidósir.

1.5.5 *Hætta sem stafar af mjög háu eða lágu hitastigi.*
Gera verður ráðstafanir til að útiloka slysahættu vegna snertingar eða nálægðar við vélarhluta eða efni sem geta hitnað mjög eða kólnað.
Það skal metið hvort hætta sé á að heitt eða mjög kalt efni sprautist út. Sé hætta á því skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir það eða, ef það er ekki unnt af tæknilegum ástæðum, gera ráðstafanir gegn slíkri hættu.

1.5.6 *Eldhætta.*
Vél skal hanna og smíða þannig að ekki stafi hætta af eldi eða ofhitun frá vélinni sjálfri eða lofttegundum, vökvum, ryki, gufu eða öðrum efnum sem framleidd eða notuð eru í vélinni.

1.5.7 *Sprengihætta.*
Vél skal hanna og smíða þannig að ekki sé hætta á sprengingu frá henni sjálfri eða lofttegundum, vökvum, ryki, gufu eða öðrum efnum sem framleidd eða notuð eru í henni.
Í þessu skyni skal framleiðandi grípa til ráðstafana til að:
- koma í veg fyrir að styrkleiki þessara efna nái hættustigi,
- koma í veg fyrir að kvikni í sprengifimu andrúmslofti,
- sprengingin verði eins lítil og framast er unnt, sé ekki unnt að koma í veg fyrir hana, þannig að umhverfinu stafi ekki hætta af henni.

Gera verður sömu varúðarráðstafanir ef framleiðandi gerir ráð fyrir að vél sé notuð í sprengifimu andrúmslofti.
Rafföng sem eru hluti af þessum vélum verða að uppfylla ákvæði gildandi sérreglna að því er sprengihættu varðar.

1.5.8 *Hætta sem stafar af hávaða.*
Vél skal hanna og smíða þannig að hætta sem stafar af hávaðamengun í lofti verði eins lítil og framast er unnt með hliðsjón af tækniþróun og aðferðum við að deyfa hávaða, einkum við upptök hans.

1.5.9 *Hætta sem stafar af titringi.*
Vél skal hanna og smíða þannig að hætta sem stafar af titringi frá henni verði eins lítil og framast er unnt með hliðsjón af tækniþróun og aðferðum við að minnka titring, einkum við upptök hans.

1.5.10 *Hætta sem stafar af geislun.*
Vél skal hanna og smíða þannig að geislun frá henni verði ekki meiri en nauðsynlegt er fyrir það verk sem hún vinnur og hafi engin áhrif á óvarða menn eða í svo litlum mæli að hættulaust sé.

1.5.11 *Hætta vegna utanaðkomandi geislunar.*
Vél skal hanna og smíða þannig að utanaðkomandi geislun trufli ekki gang hennar.

1.5.12 *Hætta sem stafar af leysigeislabúnaði.*
Þegar leysigeislabúnaður er notaður skal hafa hliðsjón af eftirfarandi ákvæðum:
- leysigeislabúnað skal hanna og smíða þannig að ekki sé hætta á geislun,
- leysigeislabúnaður á vélum skal einangraður þannig að hvorki geislarnir sjálfir, geislun vegna endurvarps og dreifingar né annars stigs geislun valdi heilsutjóni,
- ljósnemabúnaður til að fylgjast með eða stilla leysigeislabúnað á vélum skal vera þannig gerður að ekki sé hætta á heilsutjóni vegna leysigeisla.

1.5.13 *Hætta af mengun vegna ryks, lofttegunda, vökva, gufu og annarra úrgangsefna.*
Vél skal hanna, smíða og/eða útbúa þannig að engin hætta stafi af lofttegundum, vökvum, ryki, gufu og öðrum úrgangsefnum sem hún framleiðir.
Stafi hætta frá slíkum efnum skal vélin vera þannig útbúin að efnin haldist inni í vélinni og/eða þau séu soginn í burtu.
Þegar vélin er ekki lokuð við venjulega notkun skal áðurnefndur búnaður sem heldur efnunum inni í vélinni og/eða sogar þau í burtu vera staðsettur eins nálægt upptökum mengunarinnar og framast er unnt.

1.5.14 *Hætta á að festast í vél.*
Vél skal hanna, smíða og henni komið fyrir þannig að ekki sé hætta á að menn festist í henni en sé það ekki unnt skal vélin útbúin viðvörunarbúnaði þannig að unnt sé að kalla á aðstoð.

1.5.15 *Hætta á að renna, hrasa eða detta.*
Þeir hlutar vélar sem líklegt er að menn séu á ferðinni í kringum eða standi við skulu þannig hannaðir og smíðaðir að ekki sé hætta á að menn renni, hrasi eða detti á eða um þá.

1.6 Viðhald.
1.6.1 *Viðhald vélar.*
Þeir staðir þar sem stilling, smurning og viðhald vélar fer fram verða að vera utan hættusvæðis. Það skal vera unnt að stilla vél, halda og gera við, hreinsa og þjónusta þegar hún er ekki í gangi.
Ef tæknilegar ástæður koma í veg fyrir að einu eða fleiri af framangreindum skilyrðum verði fullnægt skal vera unnt að framkvæma þessar aðgerðir án nokkurrar hættu (sbr. lið 1.2.5 þessa viðauka).
Þegar um er að ræða sjálfvirka vél og, þegar nauðsyn er, aðrar tegundir véla, skal framleiðandi útbúa þær tengibúnaði til að unnt sé að koma fyrir tækjum sem finna og greina vélarbilanir.
Þegar skipta þarf oft um vélarhluti í sjálfvirkum vélum, sérstaklega vegna breytinga í framleiðslu eða vegna þess að þeim hættir til að slitna eða búast má við tjóni á þeim vegna óhapps, verður að vera unnt að fjarlægja þá og setja í aftur á auðveldan og öruggan hátt. Það verður að vera unnt að komast að hlutunum til að sinna þessum verkum með nauðsynlegum tæknilegum hjálpargögnum (t.d. verkfærum eða mælitækjum) í samræmi við þá aðferð sem framleiðandi tilgreinir.

1.6.2 *Aðkomuleiðir að vinnslu- og þjónustustöðum.*
Framleiðandi skal sjá fyrir aðgengi að vél (t.d. með tröppum, stigum eða göngubrúm) til að unnt sé að komast hættulaust að stöðum þar sem framleiðsla, stilling og viðhald fer fram.

1.6.3 *Orkugjafar einangraðir.*
Vél skal hafa búnað sem einangrar hana frá orkugjöfum. Búnaðinn skal auðkenna greinilega. Það skal vera unnt að læsa honum ef endurtenging gæti stofnað óvörðum manni í hættu. Þegar um rafvél er að ræða sem fær rafmagn gegnum tengilkló er nægilegt að taka tengilklóna úr sambandi við straumrásina.
Það skal enn fremur vera unnt að læsa einangrunarbúnaði þegar stjórnandi getur ekki, frá þeim stöðum sem hann hefur aðgang að, gengið úr skugga um hvort samband við orkugjafann sé enn rofið.
Þegar samband við orkugjafann hefur verið rofið skal vera unnt að eyða allri orku sem

eftir er eða geymist í straumrás vélarinnar án þess að stofna óvörðum mönnum í hættu. Heimilt er að gera þá undantekningu frá framangreindum kröfum að ákveðnar straumrásir séu áfram tengdar orkugjöfum sínum til að t.d. halda vinnsluefni föstu, geyma upplýsingar eða lýsa innri hluta. Í þeim tilvikum skal gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja öryggi stjórnanda.

1.6.4 *Afskipti stjórnanda.*
Vél skal hanna, smíða og útbúa þannig að stjórnandi þurfi sem sjaldnast að hafa afskipti af henni.
Þegar ekki er unnt að komast hjá því að stjórnandi hafi afskipti af vélinni verður hann að geta gert það á auðveldan og öruggan hátt.

1.6.5 *Þrif á innri hlutum.*
Vél skal hanna og smíða á þann veg að unnt sé að þrífa innri hluta hennar, sem hafa innihaldið hættuleg efni eða efnablöndur, án þess að fara inn í þá; ef nauðsynlegt er að hreinsa stíflu verður sömuleiðis að vera unnt að gera það utan frá. Ef ekki er unnt að komast hjá því að fara inn í vélina til að þrífa hana verður framleiðandi að sjá til þess við smíði hennar að vinna við þrif hafi sem minnsta hættu í för með sér.

1.7 Merkingar og leiðbeiningar.
1.7.0 *Upplýsingar.*
Nauðsynlegar upplýsingar um hvernig stjórna eigi vél skulu vera ótvíræðar og auðskiljanlegar.
Upplýsingarnar mega ekki vera svo umfangsmiklar að þær ofgeri stjórnandanum.
Geti óvörðum mönnum stafað hætta af gangtruflun í vél sem ekki er fylgst með skal vélin búin þannig að hún gefi frá sér viðeigandi hljóð- eða ljósmerki til viðvörunar.

1.7.1 *Viðvörunarbúnaður.*
Ef vél er búin viðvörunarbúnaði (t.d. töflum eða ljósmerkjum) skal hann gefa ótvíræð og auðskiljanleg merki.
Stjórnandinn verður ávallt að eiga þess kost að ganga úr skugga um að viðvörunarbúnaðurinn sé í lagi.
Fullnægja verður kröfum sem gerðar eru í sérreglum um lita- og öryggismerkjabúnað.

1.7.2 *Viðvaranir um að enn sé hætta á ferðum.*
Sé enn hætta á ferðum þrátt fyrir allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða sé hætta hugsanleg þótt hún sé ekki augljós (t.d. vegna rafmagnstöfluskápa, geislagjafa, hreinsunar á vökvaleiðslum, svæða sem ekki sjást) skal framleiðandinn vara við henni.
Slíkar viðvaranir ættu helst að vera auðskiljanlegar skýringarmyndir og/eða skráðar á einni af þjóðtungum landsins þar sem vélin er í notkun ásamt öðrum tungum sem stjórnendurnir skilja, sé þess óskað.

1.7.3 *Merking.*
Á allar vélar verður að skrá eftirfarandi atriði, skýrt og óafmáanlega:
- nafn og heimilisfang framleiðanda,
- CE-merkið (sjá III. viðauka),
- heiti framleiðslurðar eða gerðar,
- raðnúmer, ef um slíkt er að ræða,
- smíðaár.

Hafi framleiðandi ætlað vél til nota á sprengihættustöðum skal það einnig skráð á vélina. Allar upplýsingar um viðkomandi tegund vélar sem nauðsynlegar teljast til að tryggja örugga notkun hennar (t.d. mesta snúningshraða fyrir hluta sem snúast, mesta þvermál verkfæra sem á að setja í vélina, stærð eða þyngd) skulu fylgja sérhverri vél.
Ef beita þarf lyftubúnaði á vélarhluta meðan hann er í notkun verður að skrá stærð og þyngd vélarhlutans á vélina á greinilegan, varanlegan og ótvíræðan hátt.
Tilgreina verður stærð og þyngd umskiptanlegs búnaðar, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglna þessara, á sjálfan búnaðinn.

1.7.4 *Notkunarleiðbeiningar.*

a) Með öllum vélum skulu fylgja leiðbeiningar þar sem að minnsta kosti koma fram eftirfarandi atriði:
   - endurtekning á þeim upplýsingum sem skráðar eru á vélarnar, að undanskildu raðnúmeri, (sbr. lið 1.7.3 þessa viðauka) og allar viðeigandi upplýsingar til viðbótar sem auðvelda viðhald (heimilisfang innflytjanda, viðgerðarmanna o.s.frv.),
   - ráðgerð notkun vélar samkvæmt c-lið liðar 1.1.2 þessa viðauka,
   - allar verkstöðvar þar sem vænta má að stjórnendur véla haldi sig,
   - öryggisleiðbeiningar svo ekki sé hætta á slysum við eftirfarandi:
     - gangsetningu,
     - notkun,
     - meðferð, með því að gefa upp stærð eða þyngd vélar og hluta hennar ef flytja þarf reglulega hvern hluta fyrir sig sérstaklega,
     - samsetningu vélar og þegar hún er tekin í sundur,
     - stillingu,
     - viðhald (þjónusta og viðgerðir),
   - leiðbeiningar um þjálfun ef þörf krefur,
   - helstu einkenni tækja sem setja má á vélina, þar sem við á.

   Þegar við á skulu leiðbeiningar vekja athygli á því hvernig eigi ekki að nota vélina.

b) Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal semja leiðbeiningarnar á einu af viðurkenndum tungumálum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þegar vél er tekin í notkun skal fylgja henni þýðing á leiðbeiningunum á tungumáli eða -málum landsins þar sem nota á vélina ásamt leiðbeiningunum á frummálinu. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sá aðili sem kynnir vélina á því málsvæði sem um ræðir skal sjá um þýðinguna. Undanþegnar þessari kröfu um þýðingu eru leiðbeiningar um viðhald fyrir sérhæft starfsfólk sem vinnur fyrir framleiðandann sjálfan eða viðurkenndan fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, en heimilt er að semja þær einungis á einu af viðurkenndum tungumálum á Evrópska efnahagssvæðinu sem starfsfólkið skilur.

c) Í leiðbeiningunum skulu vera allar teikningar og skýringarmyndir sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að taka vélina í notkun, halda henni við, skoða hana og fylgjast með því að hún gangi rétt og, eftir því sem við á, gera við hana, ásamt öðrum gagnlegum upplýsingum, einkum er varða öryggi.

d) Rit sem lýsa vélinni mega ekki brjóta í bága við leiðbeiningarnar að því er öryggisatriði varðar. Í tæknigögnum sem lýsa vélinni skulu koma fram upplýsingar um hávaðamengun í lofti sem um getur í f-lið og, þegar um vélknúin handverkfæri er að ræða eða handstýrðar vélar, þær upplýsingar um titring sem um getur í lið 2.2 þessa viðauka.

e) Þegar nauðsyn krefur skulu leiðbeiningarnar tilgreina kröfur um uppsetningu og samsetningu sem miða að því að draga úr hávaða og titringi (t.d. með höggdeyfum, gerð, stærð og þyngd undirstaðna).

f) Í leiðbeiningunum verða að koma fram eftirfarandi upplýsingar um hávaðamengun í lofti frá vélinni, annaðhvort raungildi eða gildi sem byggt er á mælingum á sams konar vélum:
- meðaltalshávaði á vinnustöðum ef hann fer yfir 70 dB (A); sé hljóðstigið 70 dB (A) eða minna skal það tekið fram,
- hljóðstig skammvinns hávaðatopps (C-hljóðstig) á vinnustöðum ef hann fer yfir 63 Pa (130 dB miðað við 20 Pa),
- hljóðaflstig vélar ef meðaltalshávaði (A-hljóðstig) á vinnustöðum fer yfir 85 dB (A).

Þegar um mjög stórar vélar er að ræða er heimilt að gefa upp meðaltalshávaða á ákveðnum stöðum í kringum vélarnar í stað hljóðaflstigs.
Sé ekki stuðst við samræmda staðla skal mæla hljóðstig með þeirri aðferð sem hæfir best viðkomandi vél.
Framleiðandi skal tilgreina hvernig vélin var stillt þegar mælingar fóru fram og hvaða mælingaraðferðum var beitt.
Þegar vinnustaðurinn eða -staðirnir eru ekki skilgreindir eða ekki unnt að skilgreina þá skal mæla hljóðstig í eins metra fjarlægð frá yfirborði vélar og í 1,60 metra hæð frá gólfi eða sökkli. Tilgreina verður staðsetningu og gildi mesta hljóðþrýstings.

g) Geri framleiðandi ráð fyrir að vél verði notuð á sprengihættustöðum verður að veita allar nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi í leiðbeiningunum.

h) Ef vélar eru einnig ætlaðar ófaglærðu fólki verður orðaforði og framsetning notkunarleiðbeininga að miðast við þá almennu menntun og skarpskyggni sem vænta má að þessir notendur hafi til brunns að bera en fullnægja um leið öðrum framangreindum grunnkröfum.

2. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI ER VARÐA ÁKVEÐNA FLOKKA VÉLA

2.1 Vélar til vinnslu jarðyrkjuafurða.

Vél sem vinnur og framleiðir matvæli (t.d. sýður þau, frystir, þíðir, þvær, meðhöndlar, pakkar, geymir, flytur eða dreifir þeim) skal hanna og smíða þannig að engin hætta sé á sýkingu, sjúkdómum og smiti og fylgja verður eftirfarandi reglum um hollustu:

a) áhöld sem komast eða er ætlað að komast í snertingu við matvæli verða að fullnægja skilyrðum sem sett eru fram í viðkomandi sérreglum. Vél skal hanna og smíða þannig að áhöldin geti verið hrein fyrir hverja notkun;

b) allir yfirborðsfletir og samskeyti þeirra skulu vera slétt og hvorki með ójöfnum né rifum þar sem lífræn efni gætu leynst;

c) vélasamstæðu skal hanna þannig að sem minnst sé um útskot, brúnir og kima. Hana ætti helst að setja saman með suðu eða samfelldri límingu. Óheimilt er að nota skrúfur, rær og hnoð nema að hjá því verði ekki komist af tæknilegum ástæðum;

d) þegar allir hlutir sem auðvelt er að taka í sundur hafa verið fjarlægðir skal vera auðvelt að þrífa og sótthreinsa alla yfirborðsfleti sem komast í snertingu við matvæli. Horn inni í vél verða að vera nægilega bogadregin til að unnt sé að þrífa þau vandlega;

e) vökvar úr matvælum sem og þvottalögur, sótthreinsi- og hreinsivökvar skulu geta runnið óhindrað út úr vélinni (ef til vill þegar hún er á svokallaðri „hreingerningarstillingu“);

f) vél skal hanna og smíða þannig að hvorki komist vökvar né lífverur, einkum skordýr, inn í þær, né heldur geti lífræn efni safnast fyrir á stöðum sem ekki er unnt að þrífa (t.d. þegar um er að ræða vélar sem ekki eru á fótum eða hjólum skal koma fyrir vatns- eða loftþéttu tengistykki milli vélar og sökkuls, nota vatns- og loftþétt samskeyti);

g) vél skal hanna og smíða þannig að engin viðbótarefni (svo sem smurolíur) geti komist í snertingu við matvælin. Þegar við á skal hanna og smíða vél þannig að unnt sé að fylgjast reglulega með því að kröfum þessum sé fullnægt.

Leiðbeiningar.

Til viðbótar upplýsingum þeim sem krafist er samkvæmt 1. kafla viðauka þessa skal tilgreina í leiðbeiningum hvaða vörum og aðferðum mælt er með við hreingerningar, sótthreinsun og skolun (ekki einungis fyrir fleti sem auðvelt er að komast að heldur einnig þegar nauðsynlegt er að þrífa fleti sem ómögulegt eða óráðlegt er að nálgast, svo sem röralagnir).

2.2 Vélknúin handverkfæri og handstýrðar vélar.

Vélknúin handverkfæri og handstýrðar vélar skulu fullnægja eftirfarandi grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi:

- sérhver vélartegund skal hafa nægilega stórt stuðningsyfirborð og nóg af handföngum og festingum af hæfilegri stærð sem er þannig komið fyrir að vél sé stöðug þegar hún er notuð við þær aðstæður sem framleiðandi hefur gert ráð fyrir,
- sé ekki hættulaust að sleppa handföngum skal vél hafa gangsetningar- og stöðvunarbúnað sem er þannig staðsettur að stjórnandinn geti sett hana í gang og stöðvað hana án þess að sleppa taki sínu á handföngum nema í þeim tilvikum þegar þetta er ómögulegt af tæknilegum ástæðum eða þegar stjórnbúnaðurinn er sér,
- sérhverja vélartegund skal hanna, smíða og útbúa þannig að ekki sé hætta á óviljandi gangsetningu og/eða að vél sé áfram í gangi eftir að stjórnandi hefur sleppt handföngum. Gera skal aðrar ráðstafanir ef ekki er unnt að fullnægja kröfu þessari af tæknilegum ástæðum,
- vélknúin handverkfæri skal hanna og smíða þannig að, þegar nauðsyn ber við, sé unnt að hafa auga með snertingu verkfæris við vinnsluefni.

Leiðbeiningar.

Leiðbeiningarnar skulu veita eftirfarandi upplýsingar um titring frá vélknúnum handverkfærum og handstýrðum vélum:

- vegið fermeðalgildi hröðunar sem handleggir stjórnandans verða fyrir fari hún yfir 2,5 m/s^2 samkvæmt viðeigandi prófunarreglum. Fari hröðun ekki yfir 2,5 m/s^2 skal þess sérstaklega getið.

Séu ekki til viðeigandi prófunarreglur verður framleiðandi að tilgreina hvaða mælingaraðferðum var beitt og við hvaða aðstæður mælingar fóru fram.

2.3 Vélar fyrir vinnslu viðar og samsvarandi efna.

Trésmíðavél og vél fyrir vinnsluefni sem hafa svipuð eðlisfræðileg og tæknileg einkenni, svo sem kork, bein, hert gúmmí, hert plastefni og önnur áþekk hörð efni, skulu fullnægja eftirfarandi grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi:

a) þær skal hanna, smíða eða útbúa þannig að unnt sé að koma vinnsluefninu fyrir og stýra því á öruggan hátt; þegar vinnsluefninu er haldið í höndunum á vinnuborði verður borðið að vera nægilega stöðugt meðan vinna fer fram og má ekki hindra hreyfingu vinnsluefnisins;

b) sé líklegt að vél verði notuð við aðstæður þar sem hætta er á að viðarbútar kastist frá henni skal hanna, smíða eða útbúa hana þannig að komist verði hjá slíkri hættu eða, ef það er ekki unnt, að frákastið stofni ekki stjórnanda og/eða óvörðum mönnum í hættu;

c) þær skulu vera búnar sjálfvirkum hemlum sem stöðva verkfærið á nægilega skömmum tíma sé hætta á snertingu við það meðan hægist á því;

d) sé verkfærið hluti af vél sem ekki er fullkomlega sjálfvirk skal hanna og smíða vélina þannig að komið sé í veg fyrir eða dregið úr hættu á alvarlegum slysum, t.d. með því að nota stuðningsklossa við afréttara, takmarka skurðdýpt og þess háttar.

3. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI TIL AÐ FYRIRBYGGJA SÉRSTAKA HÆTTU VEGNA HREYFANLEIKA VÉLA

Vél sem hætta stafar af vegna hreyfanleika skal hanna og smíða á þann hátt að hún standist þær kröfur er fram koma hér á eftir.

Ávallt stafar hætta af hreyfanleika þegar um er að ræða vél sem er sjálfknúin, vél sem er dregin, ýtt eða borin af annarri vél eða dráttarvél, vél sem notuð er á vinnusvæði eða vél sem annaðhvort krefst samfelldrar hreyfingar eða skammvinnrar hreyfingar milli vinnulotna þar sem vélin er í fastri stöðu.

Einnig kann hætta að stafa af hreyfanleika þótt jafnan sé unnið á vél sem hreyfist ekki úr stað sé hún útbúin þannig að auðvelt er að færa hana milli staða (t.d. vél sem hjól, kefli eða meiðar hafa verið sett undir eða vél sem hefur verið sett á undirstöðu eða vagn).

Til að ganga úr skugga um að vélknúin plógherfi og jarðvegstætarar valdi óvörðum mönnum ekki of mikilli hættu, skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins prófa eða láta fara fram viðeigandi prófun á sérhverri tegund þeirra véla sem í hlut eiga.

3.1 Almennt.

3.1.1 *Skilgreining.*

Ökumaður er sá sem stýrir hreyfingu vélar. Ökumaður getur verið í vélinni, fótgangandi við hana eða stjórnað henni með fjarstýringu (t.d. kapli eða viðtæki).

3.1.2 *Lýsing.*

Ef framleiðandi sjálfknúinnar vélar gerir ráð fyrir að hún verði notuð á stöðum þar sem dimmt er skal hún búin ljósabúnaði sem hæfir því verki sem henni er ætlað að vinna, samanber þó önnur lög og reglugerðir sem um þetta kunna að gilda (t.d. umferðarlög eða siglingalög).

3.1.3 *Hönnun sem miðar að því að auðvelda meðhöndlun vélar.*

Vél eða hlutar hennar eiga ekki að geta hreyfst snögglega til eða valdið hættu sem rekja má til óstöðugleika á sama tíma og farið er um þá höndum, svo fremi sem meðhöndlun vélarinnar og/eða hluta hennar sé í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans.

3.2 Vinnustaður.

3.2.1 *Stjórnstaður ökumanns.*

Hanna skal stjórnstað ökumanns með tilliti til meginreglna um vinnuvernd. Ef stjórnstaður er fleiri en einn skulu þeir vera útbúnir öllum nauðsynlegum stjórnbúnaði, enda skal þá hanna vélina á þann hátt að notkun stjórnbúnaðar frá einum stjórnstað útiloki notkun hans frá öðrum stöðum nema þegar um neyðarstöðvun er að ræða. Útsýni frá stjórnstað ökumanns skal vera þannig að hann geti unnið við vélina og þau tæki sem henni fylgja, við aðstæður

sem ráðgerðar eru, án þess að stofna eigin öryggi og öryggi óvarinna manna í hættu á nokkurn hátt. Ef nauðsyn krefur skulu viðeigandi tæki fylgja með vélinni til að koma í veg fyrir hættu sem stafar af ófullnægjandi yfirsýn.
Við hönnun og smíði vélar skal búið þannig um hnútana að ökumaður og stjórnendur geti ekki frá stjórnstað í ógáti komið við hjól eða brautir sem vélin gengur eftir.
Við hönnun og smíði stjórnstaðar ökumanns skal tryggja að honum sé engin hætta búin af útblæstri og/eða að hann geti ekki orðið fyrir súrefnisskorti.
Stjórnstað ökumanns sem er innanborðs í vél skal hanna og smíða þannig að ökumaðurinn geti verið í sérstökum klefa, svo fremi að rými sé til þess. Í stjórnklefa skulu vera leiðbeiningar fyrir ökumann og/eða stjórnendur. Ef unnið er í hættulegu umhverfi skal stjórnstaður ökumanns vera í sérstökum klefa.
Stjórnklefa vélar skal hanna, smíða og/eða útbúa tækjum þannig að ökumanni séu tryggð góð starfsskilyrði og vörn gegn þeim hættum sem kunna að vera fyrir hendi (svo sem ófullnægjandi upphitun og loftræstingu, ófullnægjandi útsýni, of miklum hávaða og titringi, vörn gegn hlutum sem falla niður eða smjúga í gegn eða veltu). Útgangur skal vera þannig að yfirgefa megi stjórnklefann í skyndi. Enn fremur skal neyðarútgangur snúa í aðra átt en hinn venjulegi útgangur.
Stjórnklefinn og festingar hans skulu vera úr eldtraustu efni.

3.2.2 *Sæti.*
Ökumannssæti skal hanna þannig að ökumaður sé stöðugur og í samræmi við meginreglur um vinnuvernd.
Við hönnun sætisins skal draga úr, eins og framast er unnt, hættunni á að ökumaður finni fyrir titringi. Sætisundirstöður skulu standast hvers konar álag sem á þeim kann að mæða, t.d. veltu. Ef ökumaður hefur ekki gólf undir fótum skal hann hafa þrep úr stömu efni til að hvíla fæturna á.
Ef gert er ráð fyrir veltigrind á vél skal sætið búið öryggisbelti eða öðrum sambærilegum búnaði sem heldur ökumanni föstum án þess að hindra þær hreyfingar sem þarf til að aka vélinni eða þær hreyfingar sem orsakast af fjöðrun.

3.2.3 *Aðrir staðir.*
Ef gert er ráð fyrir að vélin flytji, öðru hverju eða að jafnaði, aðra stjórnendur en ökumann eða að þeir vinni á vélinni, skal þeim ætlaður sérstakur staður í henni þar sem þeim er engin hætta búin, einkum fallhætta, hvort sem verið er að flytja þá eða þeir eru við vinnu sína.
Þar sem aðstæður leyfa skulu vera sæti á þessum stöðum.
Ef sérstakan stjórnklefa þarf utan um stjórnstað ökumanns skulu aðrir staðir sem unnið er á einnig varðir gegn þeim hættum sem urðu til þess að sérstakur stjórnklefi var hannaður.

3.3 Stjórnbúnaður.
3.3.1 *Stjórntæki.*
Ökumaður verður að geta notað frá stjórnstað sínum öll stjórntæki sem þarf til að vinna við vélina nema þau sem öryggis vegna þurfa að vera staðsett annars staðar fyrir tilteknar aðgerðir. Hér er einkum átt við annan vinnustað en stjórnstað ökumanns, sem aðrir stjórnendur en ökumaður eru ábyrgir fyrir eða ef ökumaður þarf að yfirgefa vélina til að geta framkvæmt tiltekna aðgerð án þess að stofna öryggi sínu í hættu.
Fótstig skal hanna, smíða og koma þannig fyrir að sem minnst hætta sé á ruglingi við notkun þeirra; þau skulu hafa stamt yfirborð þar sem stigið er á þau og skal vera auðvelt að þrífa þau.

Ef notkun stjórntækis getur haft hættu í för með sér, sérstaklega hættulegar hreyfingar, skal það, nema það sé stillt fyrirfram, hannað þannig að á sama tíma og stjórnandi sleppir því fari það aftur í hlutlausa stöðu.
Stýribúnað vélar á hjólum skal hanna og smíða á þann hátt að dregið sé úr áhrifum óvæntra hreyfinga stýris eða stýrisstangar sem orsakast af skyndilegu álagi á stýrishjólin.
Stýribúnað sem gerir kleift að læsa mismunadrifi skal hanna og útbúa á þann hátt að unnt sé að aftengja læsingu mismunadrifsins meðan vélin er á ferð.
Síðasti málsliður liðar 1.2.2 þessa viðauka á ekki við um hreyfanleika véla.

3.3.2 *Gangsetning/hreyfing.*
Útbúa verður sjálfknúna vél þar sem stjórnstaður ökumanns er innanborðs þannig að erfitt sé fyrir óviðkomandi að gangsetja hana.
Einungis skal vera unnt að færa sjálfknúna vél þar sem stjórnstaður ökumanns er innanborðs milli staða þegar ökumaður er á stjórnstað.
Þegar á vélinni eru tæki, nauðsynleg vegna notkunar hennar, sem fara út fyrir venjulegt ummál sem hún þarf (t.d. jafnvægisbúnaður eða bóma) verður ökumaður að geta gengið fyrirhafnarlítið úr skugga um, áður en vélin er hreyfð, að slík tæki séu í þeirri stöðu að ekki stafi hætta af hreyfingu hennar.
Þetta á einnig við um alla aðra hluta vélarinnar sem þurfa að vera í tiltekinni stöðu, jafnvel læstir, til að unnt sé að hreyfa vélina án þess að það hafi hættu í för með sér.
Ef unnt er að koma því við tæknilega og fjárhagslega skal vera ógerlegt að hreyfa vélina nema áðurnefndir hlutar hennar séu í öruggri stöðu.
Ekki má vera unnt að hreyfa vélina meðan verið er að gangsetja hana.

3.3.3 *Akstur.*
Auk þess að uppfylla ákvæði umferðarlaga, þegar við á, skulu sjálfknúnar vélar og tengivagnar þeirra standast kröfur um að draga úr hraða, nema staðar, hemla og kyrrstöðu til að tryggja öryggi við öll skilyrði sem varða akstur, hleðslu, hraða, yfirborð sem vélin stendur á og halla sem framleiðandi hefur gert ráð fyrir við notkun og sem svara til skilyrða sem teljast til eðlilegrar notkunar.
Ökumanni verður að vera kleift að hægja á sjálfknúinni vél og stöðva hana með höfuðstjórnbúnaði. Ef nauðsynlegt er öryggisins vegna þegar höfuðstjórnbúnaður bilar eða fær ekki orku til að starfa rétt, skal vera fyrir hendi neyðarbúnaður með algerlega óháðum og aðgengilegum stjórntækjum til að hægja á vélinni og stöðva hana.
Ef það er nauðsynlegt í öryggisskyni skal vera til staðar búnaður sem tryggir að vél í kyrrstöðu hreyfist ekki. Þessi búnaður má vera í sambandi við þann búnað sem getið var um í 2. mgr. þessa liðar, að því tilskildu að eingöngu sé um vélrænan búnað að ræða.
Fjarstýrða vél skal hanna og smíða á þann veg að hún stöðvist sjálfkrafa missi ökumaður stjórn á henni.
Liður 1.2.4 þessa viðauka á ekki við um akstur.

3.3.4 *Akstur véla sem fótgangandi ökumaður stjórnar.*
Einungis skal vera unnt að aka sjálfknúinni vél sem fótgangandi ökumaður stjórnar þegar ökumaður notar viðeigandi stjórnbúnað. Einkum og sér í lagi má vél ekki geta færst úr stað þegar hún er gangsett.
Stjórnbúnað vélar sem fótgangandi ökumaður stjórnar skal hanna þannig að dregið sé, eins og framast er unnt, úr hættu á að vélin geti í ógáti færst í átt að ökumanni, einkum þannig að:
a) ökumaður verði ekki undir vélinni;
b) ökumaður slasist ekki af völdum tækja sem snúast.

Að auki skal eðlilegur hraði vélar vera í samræmi við yfirferð fótgangandi ökumanns.
Þegar unnt er að setja snúningsbúnað á vél, skal ekki vera unnt að gangsetja hann þegar vélinni er ekið aftur á bak nema þegar hreyfing hennar orsakast af hreyfingu búnaðarins. Í síðarnefnda tilvikinu má hraði vélarinnar ekki vera meiri en svo að öryggi ökumanns sé tryggt.

3.3.5 *Bilun í stjórnrásum.*
Sé vél búin aflstýringu skal bilun í orkuflutningi ekki koma í veg fyrir að unnt sé að stýra vélinni þangað til hún er stöðvuð.

3.4 Varnir gegn vélrænum hættum.

3.4.1 *Hreyfingar sem engin stjórn er á.*
Þegar hluti vélar hefur stöðvast skal vera tryggt að ekki stafi hætta fyrir óvarða menn ef hann færist til baka, af hvaða völdum sem það kann að vera, án þess að átt sé við stjórnbúnað vélarinnar.
Vél skal hanna, smíða og, ef svo ber undir, staðsetja á hreyfanlegri undirstöðu sinni með þeim hætti að tryggt sé að þegar hún hreyfist úr stað hafi sveiflur í þyngdarpunkti hennar ekki áhrif á stöðugleika hennar eða að burðargrind hennar verði fyrir of miklu álagi.

3.4.2 *Hætta á bilun við notkun.*
Hlutar úr vél sem snúast á miklum hraða og geta brotnað eða sprungið, þrátt fyrir varúðarráðstafanir, skulu staðsettir og varðir á þann veg að hlutar úr þeim haldist innan afmarkaðs rýmis ef þeir brotna, eða, ef það er ekki unnt, að þeir þeytist ekki í átt að stjórnstað ökumanns og/eða í átt að manni að störfum.

3.4.3 *Hætta á veltu.*
Ef hætta er á að sjálfknúin vél velti, þar sem ökumaður er innanborðs og hugsanlega aðrir stjórnendur, skal hanna hana og útbúa þannig að á henni séu festingar fyrir veltigrind (ROPS).
Ef vélin veltur á veltigrindin að tryggja nægilegt aflögunarrými (DLV), bæði fyrir ökumann og aðra stjórnendur.
Til að ganga úr skugga um að veltigrind standist þær kröfur sem getið er um í 2. mgr. þessa liðar skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins prófa eða láta fara fram viðeigandi prófun á sérhverri veltigrindartegund.
Að auki eiga eftirfarandi jarðvinnuvélar sem hafa afl yfir 15 kW að vera búnar veltigrindum:
- mokstursvélar á beltum eða hjólum,
- gröfur,
- dráttarvélar á beltum eða hjólum,
- dragsköfur,
- vegheflar,
- framhjóladregnir dembarar.

3.4.4 *Hætta vegna hluta sem falla.*
Ef hætta er á að hlutir eða efni falli eða hellist niður við vél þar sem ökumaður og hugsanlega aðrir stjórnendur eru innanborðs skal vélin hönnuð og útbúin með festingum fyrir fallvarnargrind (FOPS) til að verjast slíku, ef því verður við komið vegna stærðar vélarinnar.
Grindin verður að tryggja nægilegt aflögunarrými (DLV), bæði fyrir ökumann og aðra stjórnendur ef hlutir eða efni lenda á henni.
Til að ganga úr skugga um að fallvarnargrindin standist þær kröfur sem getið er um í 2. mgr. þessa liðar skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan

Evrópska efnahagssvæðisins prófa eða láta fara fram viðeigandi prófun á sérhverri fallvarnargrindartegund.

3.4.5 *Hætta bundin aðgengi.*
Handföng og þrep skal hanna, smíða og koma þannig fyrir að stjórnendur noti þau ósjálfrátt en noti ekki stjórntæki vélarinnar í stað þeirra.

3.4.6 *Dráttarbúnaður.*
Allar vélar sem draga á með eða sem draga má skulu hafa dráttar- eða tengibúnað sem er hannaður, smíðaður og útbúinn á þann veg að tryggt sé að unnt sé að tengja og aftengja hann á auðveldan og öruggan hátt og þannig að ekki sé hætta á að tenging rofni meðan á notkun stendur.
Slíkar vélar skulu vera útbúnar með sérstyrkingu og burðarfleti sem tekur mið af þyngd þess sem dregið er og því yfirborði sem vélin stendur á, eftir því sem átak á tengibúnað vélarinnar krefst.

3.4.7 *Aflyfirfærsla milli sjálfknúinnar vélar (eða dráttarvélar) og tengivélar.*
Drifsköft með hjöruliðum sem tengja sjálfknúna vél (eða dráttarvél) að fyrstu föstu legu á tengivél skulu vera varin bæði við sjálfknúnu vélina og tengivélina, ásamt öllu drifskaftinu og hjöruliðum.
Verja verður aflúttakið þar sem drifskaftið tengist sjálfknúnu vélinni (eða dráttarvélinni) með hlíf sem fest er við sjálfknúnu vélina (eða dráttarvélina) eða með einhverjum öðrum búnaði sem veitir sambærilega vörn.
Inntaksásinn á tengivélinni verður að vera umlukinn hlíf sem fest er við tengivélina.
Einungis má festa vartengsli eða fríhlaupstengsli á þá hlið sem snýr að tengivélinni. Koma skal fram á drifskaftinu hvar samsetningin á að vera.
Á öllum vélum sem dregnar eru og á þarf að hafa drifskaft til að tengja við sjálfknúna vél eða dráttarvél skal vera búnaður til að tengja drifskaftið þannig að þegar tengivélin er losuð frá verði drifskaftið og hlíf þess ekki fyrir skemmdum við snertingu við jörð eða vél.
Ytri hluta hlífarinnar skal hanna, smíða og útbúa á þann veg að þeir geti ekki snúist með drifskaftinu. Hlífin verður að hylja drifskaftið við enda innri gafflanna ef um einfalda hjöruliði er að ræða en að minnsta kosti að miðju ytri liða ef hjöruliðir eru gleiðhorna.
Ef gert er ráð fyrir stjórnstað eða -stöðum nálægt drifsköftum með hjöruliðum skal framleiðandi tryggja að ekki sé unnt að nota drifskaftshlífarnar, eins og þeim er lýst í 6. mgr. þessa liðar, í stað þrepa, nema hlífarnar hafi verið hannaðar og smíðaðar í þeim tilgangi.

3.4.8 *Vélarhlutar sem notaðir eru við flutning og eru hreyfanlegir.*
Þrátt fyrir ákvæði í A-lið liðar 1.3.8 þessa viðauka þurfa lausar hlífar sem hindra aðgang að vélarhlutum sem hreyfast í vélarrýminu ekki að vera læsanlegar í brunahreyfilsvélum ef eingöngu er unnt að opna þær með verkfæri, lykli eða með búnaði sem er á stjórnstað ökumanns; þetta er einnig bundið því skilyrði að stjórnstaðurinn sé í lokuðum stjórnklefa með lás til að koma í veg fyrir óviðkomandi aðgang.

3.5 Varnir gegn annars konar hættu.
3.5.1 *Hætta af rafgeymum.*
Rýmið sem hýsir rafgeyminn skal smíða og staðsetja, auk þess að koma rafgeyminum fyrir í því, þannig að unnt sé, eins og frekast er kostur, að koma í veg fyrir að rafvökvi fari á þann sem vinnur við vélina ef hún veltur og/eða til að hindra að gufa safnist upp á þeim stöðum sem stjórnendur eru á.

Vél skal hanna og smíða á þann veg að unnt sé að aftengja rafgeyminn með búnaði sem er aðgengilegur og ætlaður til þeirra nota.

3.5.2 *Eldhætta.*
Ef stærð vélar leyfir og framleiðandi telur nauðsynlegt í ljósi þeirrar hættu sem kann að skapast við notkun hennar skal vél annaðhvort:
- vera búin slökkvitækjum sem auðvelt er að grípa til, eða
- hafa innbyggt slökkvikerfi.

3.5.3 *Hætta af mengun vegna ryks, lofttegunda, vökva, gufu og annarra úrgangsefna.*
Þar sem slík hætta er fyrir hendi mega, í stað búnaðarins sem krafist er í lið 1.5.13 þessa viðauka, koma annars konar aðferðir, svo sem vatnsúðun.
Ákvæði 2. og 3. mgr. liðar 1.5.13 þessa viðauka eiga ekki við ef aðalhlutverk vélar er að úða með efnum.

3.6 Merkingar og leiðbeiningar.
3.6.1 *Skilti og viðvaranir.*
Vél skal hafa viðvörunarbúnað og/eða skilti sem leiðbeinir um notkun, stillingu og viðhald, hvar sem á slíku kann að vera þörf til að tryggja öryggi og heilsu óvarinna manna. Búnaðinn eða skiltin skal velja, hanna og smíða á þann veg að þau séu greinileg og endingargóð.
Auk þess að uppfylla ákvæði umferðarlaga skulu vélar þar sem ökumaður er innanborðs hafa eftirfarandi búnað:
- hljóðmerkjabúnað til að vara óvarða menn við,
- kerfi ljósmerkja sem miðað er við fyrirhugaðar aðstæður á vinnustað, svo sem hemlaljós, bakkljós og snúningsljós til viðvörunar. Þetta síðara skilyrði á ekki við um vélar sem eingöngu eru ætlaðar til vinnu neðanjarðar og nota enga raforku.

Fjarstýrð vél sem undir eðlilegum kringumstæðum hefur í för með sér hættu á að menn verði undir eða klemmist skal hafa viðeigandi búnað til að gefa merki um hreyfingar hennar eða búnað til að verja óvarða menn fyrir slíkum hættum. Það sama á við um vél sem við notkun færist kerfisbundið fram og aftur eftir sama ás og þar sem ökumaður sér ekki beint aftur fyrir sig.
Vél skal smíða á þann veg að ekki sé unnt að gera viðvörunartæki þeirra óvirk í ógáti. Þegar viðvörunarmerki er nauðsynlegur öryggisbúnaður skal vél hafa eftirlitskerfi sem sýnir hvort búnaðurinn virki og vari stjórnandann við ef svo er ekki.
Þegar hreyfanleiki vélar eða tækja sem henni fylgja er sérstaklega hættulegur skulu vera skilti á vélinni sem banna að komið sé nærri henni meðan á vinnu stendur og skulu þau vera læsileg úr nægjanlegri fjarlægð til að öryggi þeirra sem þurfa að vera í næsta nágrenni sé tryggt.

3.6.2 *Merking.*
Eftirfarandi bætist við lágmarkskröfurnar í lið 1.7.3 þessa viðauka:
- uppgefið afl vélarinnar í kW,
- þyngd í kg miðað við venjulegan búnað vélarinnar, og ef við á:
  - leyfilegur hámarkstogkraftur á tengibúnað sem framleiðandi gefur í N,
  - leyfilegt lárétt hámarksálag á tengibúnað sem framleiðandi gefur í N.

3.6.3 *Notkunarleiðbeiningar.*
Auk lágmarksupplýsinganna í lið 1.7.4 þessa viðauka skulu eftirtaldar upplýsingar koma fram í notkunarleiðbeiningum:

a) Um titring sem af vélinni stafar, ýmist raungildi eða tala sem fundin hefur verið út með mælingum á sams konar vélum:
   – vegið rótarferningsmeðalgildi hröðunar sem handleggir stjórnandans verða fyrir fari hún yfir 2,5 m/s^2. Fari hún ekki yfir 2,5 m/s^2 skal þess sérstaklega getið,
   – vegið rótarferningsmeðalgildi hröðunar sem líkami (fætur eða bakhluti) stjórnandans verður fyrir fari hún yfir 0,5 m/s^2. Fari hún ekki yfir 0,5 m/s^2 skal þess sérstaklega getið.

   Þegar samræmdum stöðlum er ekki fylgt skal mæla titringinn með þeirri aðferð sem á best við vélina sem um er að ræða.
   Framleiðandi skal upplýsa við hvaða aðstæður vélin var mæld og hvaða aðferðum var beitt við mælingarnar.

b) Þegar um er að ræða vél sem nota má á ýmsa vegu eftir því hvaða búnaður er notaður, skulu framleiðendur vélarinnar, svo og framleiðendur búnaðarins sem notaður er með vélinni, veita nægilegar upplýsingar til að unnt sé að festa búnaðinn við vélina og nota hann á öruggan hátt.

4. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI TIL AÐ FYRIRBYGGJA SÉRSTAKA HÆTTU VEGNA VINNU VIÐ LYFTINGAR

Vél sem hætta stafar af vegna vinnu við lyftingar – en sú hætta felst helst í að byrðar falli ofan á einhvern, sporðreisist eða velti – skal hanna og smíða þannig að hún standist eftirfarandi kröfur.
Hætta vegna vinnu við lyftingar er helst í sambandi við vélar sem ætlað er að flytja byrðar sem þarf að færa upp eða niður meðan vélin er á hreyfingu. Byrðarnar geta verið hlutir, efni eða vörur.

4.1 Almennar athugasemdir.

4.1.1 *Skilgreiningar.*

a) *fylgihlutir með lyftibúnaði*: íhlutar eða tæki sem ekki eru fest við vélina og eru sett milli vélar og byrðar eða á byrðina til að festa hana við vélina;

b) *ásláttarbúnaður*: fylgihlutir sem mynda eða nota stroffubúnað, svo sem krókar, tengi, hringar eða boltar;

c) *stýrð byrði*: byrði sem hreyfist aðeins eftir ákveðinni braut, ýmist fastri eða sveigjanlegri, og afmarkast af föstum punktum;

d) *öryggisstuðull*: reiknað hlutfall milli þyngdar þeirrar byrðar sem framleiðandi tryggir að tæki, fylgihlutur eða vél geti haldið og leyfilegs hámarksvinnuálags sem gefið er upp fyrir tæki, fylgihlut eða vél;

e) *prófunarstuðull*: reiknað hlutfall milli þyngdar á byrði sem notuð var við stöðu- og hreyfiprófun á tæki, fylgihlut eða vél og leyfilegs hámarksvinnuálags sem gefið er upp fyrir tæki, fylgihlut eða vél;

f) *stöðuprófun*: prófun þar sem vél eða fylgihlutur með lyftibúnaði er fyrst skoðað, og síðan látið bera álag sem samsvarar leyfilegu vinnuálagi margfölduðu með viðeigandi stöðuprófunarstuðli og loks rannsakað að nýju til að ganga úr skugga um að ekkert hafi látið undan;

g) *hreyfiprófun*: prófun þar sem unnið er á vélinni í öllum hugsanlegum stöðum með leyfilegu vinnuálagi og vélin athuguð á meðan hún er á hreyfingu til að ganga úr skugga um að hún vinni eðlilega og að öll öryggisatriði séu í lagi.

4.1.2 *Varnir gegn vélrænum hættum.*
4.1.2.1 Hættur vegna óstöðugleika.
Vél skal hanna og smíða á þann veg að hún haldi þeim stöðugleika sem krafist er í lið 1.3.1 þessa viðauka hvort heldur verið er að vinna á henni eða ekki, meðan á flutningi hennar stendur, við samsetningu og þegar hún er tekin í sundur, við allar fyrirsjáanlegar bilanir íhluta og meðan á prófunum samkvæmt notkunarleiðbeiningum stendur.
Til að þessu megi ná skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins nota viðeigandi aðferðir til sannprófunar; einkum og sér í lagi verður framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins að gera eða láta gera stöðugleikapróf eða önnur sambærileg próf á sjálfknúnum lyfturum með lyftihæð yfir 1,80 m.

4.1.2.2 Stýri- og brautarspor.
Vél skal hafa búnað sem kemur í veg fyrir að hún fari út af stýris- eða brautarspori.
Vélin skal einnig hafa búnað sem kemur í veg fyrir að hún, íhlutar hennar eða byrðar falli niður eða að vélin velti fari hún út af spori þrátt fyrir búnað skv. 1. mgr. þessa liðar eða vegna bilunar í spori eða sporbúnaði.

4.1.2.3 Styrkleiki.
Vél, fylgihlutir með lyftibúnaði og íhlutar sem má fjarlægja skulu standast það álag sem þeir verða fyrir við þau uppsetningar- og vinnuskilyrði sem framleiðandi gefur upp, bæði við notkun og þegar ekki er verið að nota þá og á öllum stöðum þar sem má nota þá. Taka verður, ef ástæða er til, tillit til áhrifa frá loftslagi og þess álags sem einstaklingar kunna að setja á vél. Þessa kröfu skal vél enn fremur standast meðan á flutningi hennar stendur, við samsetningu og þegar hún er tekin í sundur.
Vél og fylgihluti með lyftibúnaði skal hanna og smíða þannig að komið sé í veg fyrir bilanir vegna þreytu og slits með tilliti til ætlaðrar notkunar.
Efnin sem notuð eru skal velja með tilliti til þess umhverfis sem framleiðandi gerir ráð fyrir að vél verði notuð í en sérstaklega skal taka tillit til hættu á tæringu, svörfun eða sliti, hættu á broti vegna höggs eða samsláttar, hættu á að efni geti orðið stökk og brothætt vegna kulda og hættu á sliti vegna aldurs.
Vél og fylgihlutir með lyftibúnaði skal hanna og smíða á þann veg að þeir standist yfirálagið í stöðuprófununum án þess að afmyndast varanlega eða verða fyrir greinanlegum skemmdum. Í útreikningnum skal nota þau gildi sem valin hafa verið fyrir stöðuprófunarstuðulinn til að tryggja nauðsynlegt öryggi; stöðuprófunarstuðullinn hefur að öllu jöfnu eftirfarandi gildi:
a) handvirkar vélar og fylgihlutir með lyftibúnaði: 1,5;
b) aðrar vélar: 1,25.
Vél skal hanna og smíða þannig að hún geti staðist hreyfiprófun, án þess að bila, þar sem notað er leyfilegt vinnuálag margfaldað með hreyfiprófunarstuðli. Hreyfiprófunarstuðullinn er valinn með það fyrir augum að tryggja nauðsynlegt öryggi; hann hefur að öllu jöfnu gildið 1,1.
Hreyfiprófun skal gerð á vél sem tilbúin er til notkunar og skal það gert við þær aðstæður sem gera má ráð fyrir að vélin verði alla jafna notuð við. Meginreglan skal vera sú að prófið sé framkvæmt á þeim nafnhraða sem framleiðandi gefur upp. Ef stjórnbúnaður vélarinnar gerir ráð fyrir fleiri en einni hreyfingu samtímis (t.d. snúningi vélar um leið og byrði er færð) skulu prófin helst gerð þannig að mest reyni á, þ.e. með því að beita hreyfingunum sem um ræðir samtímis.

4.1.2.4 Strengjahjól, kefli, keðjur og strengir.
Þvermál strengjahjóla, kefla og hjóla skal vera í réttu hlutfalli við stærð strengs eða keðju sem unnt er að setja á þau.
Kefli og hjól skal hanna, smíða og setja upp á þann veg að strengirnir eða keðjurnar sem á þeim eru geti undist um þau án þess að renna út af þeim.
Strengir sem beinlínis eru notaðir til að lyfta eða styðja við byrði mega ekki vera skeyttir saman annars staðar en á endunum (strengir sem skeyttir eru saman annars staðar en á endunum má þó nota í tengingar sem eru hannaðar þannig að gert sé ráð fyrir að þeim sé breytt reglulega eftir því við hvað á að nota þær). Heilir strengir ásamt endum þeirra hafa öryggisstuðul sem valinn er til að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er þessi stuðull 5.
Lyftikeðjur hafa öryggisstuðul sem valinn hefur verið til að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er þessi stuðull 4.
Til að ganga úr skugga um að öryggisstuðullinn sé réttur skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins prófa á viðeigandi hátt eða láta fara fram slíka prófun á sérhverri tegund keðju og strengs og strengjafestinga sem notað er beinlínis til að lyfta byrði.

4.1.2.5 Ásláttarbúnaður.
Ákvarða verður stærð ásláttarbúnaðar með tilliti til þeirra áhrifa sem þreyta og aldur kann að hafa miðað við fyrirhugaða notkun sem aftur má áætla út frá þeim líftíma sem gefinn er upp.
Enn fremur:

a) öryggisstuðull stálstrengs og festingar hans eru ákveðnar í því skyni að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er þessi stuðull 5. Engar skeytingar eða lykkjur mega vera á stálstrengjum nema við endana;
b) þegar keðja er með soðnum hlekkjum verða þeir að vera stuttir. Öryggisstuðull fyrir keðjur er valinn í því skyni að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er hann 4;
c) öryggisstuðull fyrir trefjastrengi og stroffur getur verið misjafnlega hár eftir efninu sem notað er, framleiðsluaðferð, stærð og notkun. Hann er valinn í því skyni að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er hann 7 ef efnið sem er notað er mjög gott og framleiðsluaðferðin hæfir áætlaðri notkun vel. Þegar sú er ekki raunin er stuðullinn að öllu jöfnu ákveðinn hærri til að tryggja samsvarandi öryggi.
Engir hnútar, samskeyti eða skeytingar mega vera á trefjastrengjum og -stroffum nema á endum þeirra og á hringlaga stroffum;
d) allir málmhlutir sem mynda eða eru notaðir með stroffu skulu hafa öryggisstuðul sem er valinn í því skyni að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er hann 4;
e) hámarksþungi sem hanafótur getur borið ákvarðast af öryggisstuðli veikasta hluta hans, fjölda hluta og lækkunarstuðli sem ákvarðast af innbyrðis afstöðu;
f) til að ganga úr skugga um að öryggisstuðullinn sé réttur skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins gera eða láta gera viðeigandi prófun fyrir sérhverja tegund þeirra íhluta sem fjallað er um í a-, b-, c- og d-lið.

4.1.2.6 Stjórn á hreyfingum.
Stjórntækin sem hreyfingu vélarinnar er stjórnað með skulu vinna þannig að vélin sé ætíð í öruggri stöðu:

a) hanna skal og útbúa vél þannig að sveifluvídd hreyfinga einstakra íhluta hennar fari ekki yfir ákveðin mörk. Jafnan skal gefin viðvörun áður en til þess kemur;

b) þegar unnt er að vinna með mörgum vélum samtímis, hvort heldur þær eru í fastri stöðu eða ganga eftir brautum, og því hætta á árekstrum, skal hanna og smíða vélarnar þannig að í þær megi setja búnað sem geri kleift að sneiða hjá þessari hættu;
c) lyftibúnað vélar skal hanna og smíða á þann hátt að byrðar geti ekki losnað og skapað hættu eða fallið óvænt niður, jafnvel þó orkuflutningur bregðist að hluta eða með öllu eða stjórnandi stjórni vélinni ekki lengur;
d) ekki skal vera unnt undir venjulegum kringumstæðum að láta byrði síga með því að nota eingöngu núningshemla nema þegar um er að ræða vél sem nauðsyn krefur að vinni þannig;
e) hanna skal og smíða festibúnað á þann veg að ekki sé unnt að byrðar geti fallið niður af vangá.

4.1.2.7 Meðferð byrða.
Stjórnstaður ökumanns skal vera staðsettur þannig að tryggt sé að hann hafi sem besta yfirsýn yfir þá hluta vélarinnar sem eru á hreyfingu svo koma megi í veg fyrir árekstra við menn, tæki og aðrar vélar sem kunna að vera á hreyfingu á sama tíma og hætta gæti stafað af.
Vél með stýrðri byrði sem er föst skal hanna og smíða þannig að hindrað sé að óvarðir menn geti orðið fyrir byrðinni eða mótvægislóðum.

4.1.2.8 Hætta á eldingum.
Vél sem eldingu gæti slegið niður í meðan á notkun hennar stendur skal hafa eldingarvara með jarðtengingu.

4.2 Sérstakar kröfur fyrir vélar þar sem orkugjafinn er annar en líkamlegt afl.
4.2.1 *Stjórnbúnaður.*
4.2.1.1 Stjórnstaður ökumanns.
Kröfurnar í lið 3.2.1 þessa viðauka eiga enn fremur við um vélar sem ekki eru færanlegar.

4.2.1.2 Sæti.
Kröfurnar í 1. og 2. mgr. liðar 3.2.2 þessa viðauka svo og kröfurnar í lið 3.2.3 eiga enn fremur við um vélar sem ekki eru færanlegar.

4.2.1.3 Stjórntæki.
Tæki sem stjórnar hreyfingum vélar eða tækjum sem henni fylgja skal fara sjálfkrafa í hlutlausa stöðu um leið og stjórnandi sleppir því. Ef um er að ræða hreyfingar eða hluta úr hreyfingum þar sem engin hætta er á að vélin rekist á eitthvað, má koma, í stað þess stjórntækis, tæki sem leyfir sjálfvirka stöðvun á fyrirfram ákveðnu stigi án þess að stjórnandi haldi við stjórntækið.

4.2.1.4 Álagsstjórnun.
Vél með hámarksvinnuálag 1.000 kg hið minnsta eða veltivægi 40.000 Nm hið minnsta skal hafa búnað sem varar ökumann við og kemur í veg fyrir hættulega hreyfingu byrðarinnar ef:
- vélin verður fyrir of miklu álagi, annaðhvort
  - vegna þess að farið hefur verið yfir hámarksvinnuþunga, eða
  - vægi er of mikið vegna þess að byrðin er of þung,
- veltivægi er of mikið sem getur stuðlað að því að vélin veltur, t.d. þegar of þungri byrði er lyft.

4.2.2 *Strengjakerfi.*
Á burðarstrengjum, togstrengjum og burðartogstrengjum skal vera mótvægi eða búnaður sem gerir kleift að hafa fulla stjórn á strekkingu þeirra.

4.2.3 *Hættur fyrir óvarða menn. Aðgangur að stjórnstað ökumanns eða öðrum stöðum þar sem eru stjórntæki.*
Vél fyrir stýrða byrði eða sem hefur skýrt afmarkaðar brautir fyrir byrði skal útbúin tækjum sem tryggja að engin hætta sé fyrir óvarða menn.
Vél sem þjónar ákveðnum hæðum þar sem stjórnendur hafa aðgang að hleðslupalli til að hlaða eða festa byrðina skal hanna og smíða þannig að komið sé í veg fyrir stjórnlausar hreyfingar á hleðslupallinum, einkum meðan verið að hlaða hann eða afhlaða.

4.2.4 *Nothæfi.*
Þegar vél er sett á markað eða tekin til notkunar í fyrsta sinn skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins ganga úr skugga um að fylgihlutir með lyftibúnaði og vél sem tilbúin er til notkunar - hvort sem hún er knúin með handafli eða vélarafli - geti unnið á öruggan hátt eins og til er ætlast, með því að gera eða láta gera viðeigandi ráðstafanir. Þessar ráðstafanir skulu bæði taka tillit til stöðu- og hreyfiþátta vélarinnar.
Þegar ekki er unnt að setja vélina saman á starfssvæði framleiðanda eða á starfssvæði viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gera viðeigandi ráðstafanir þar sem nota á vélina. Að öðrum kosti má gera þessar ráðstafanir hvort heldur er á starfssvæði framleiðanda eða þar sem nota á vélina.

4.3 Merking.
4.3.1 *Keðjur og strengir.*
Á sérhverri lyftikeðju, streng eða stroffu sem ekki er hluti af stærri heild skal vera merki eða, ef það er ekki unnt, plata eða hringur sem ekki er unnt að fjarlægja með nafni og heimilisfangi framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og tilvísun til viðeigandi vottorðs.
Á vottorðinu skulu koma fram þær upplýsingar sem krafist er í samræmdu stöðlunum eða, ef þeir eru ekki til, í það minnsta eftirfarandi upplýsingar:
- nafn framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins,
- heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, eftir því sem við á,
- lýsing á keðjunni eða strengnum þar sem fram kemur:
  - nafnstærð,
  - bygging,
  - efnið sem hluturinn er gerður úr,
- sérstök meðferð málms sem notuð var við efnið ef um slíkt er að ræða,
- staðlar sem notaðir voru ef prófun hefur átt sér stað,
- hámarksálag sem keðjan eða strengurinn ræður við. Heimilt er að gefa upp nokkur gildi fyrir mismunandi notkun.

4.3.2 *Fylgihlutir með lyftibúnaði.*
Á öllum fylgihlutum með lyftibúnaði skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:
- kennimark framleiðanda,
- gerð efnis sem fylgihlutur er gerður úr (svo sem alþjóðleg flokkun) ef þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að stærðir samrýmist,

– leyfilegt hámarksálag,
– CE-merki.

Á fylgihlutum lyftibúnaðar eins og köðlum og strengjum þar sem ógerlegt kann að vera að koma við merkingu eins og henni er lýst hér að ofan skulu upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. þessa liðar koma fram á plötu eða með öðrum hætti og vera tryggilega festar við fylgihlutinn.

Upplýsingarnar skulu vera læsilegar og settar þar sem lítil hætta er á að þær hverfi vegna vinnu við hlutinn, slits eða dragi á nokkurn hátt úr styrkleika fylgihlutarins.

4.3.3 *Vélar.*

Til viðbótar þeim lágmarksupplýsingum sem greint er frá í lið 1.7.3 þessa viðauka skulu upplýsingar um tilgreint hámarksálag vera læsilegar og óafmáanlegar á sérhverri vél:

i) greinilega tilgreindar á áberandi stað á vélum sem hafa einungis eitt gildi;
ii) ef tilgreint hámarksálag er breytilegt og veltur á mismunandi möguleikum á samsetningu vélarinnar skal vera álagsskilti við hvern stjórnstað ökumanns þar sem fram kemur, helst á myndrænan hátt eða með töflum, tilgreint hámarksálag fyrir hverja mögulega samsetningu vélarinnar.

Vélar sem hafa undirstöðu fyrir byrði sem unnt er að komast upp á og hætta er því á að menn falli af skulu hafa skýra og óafmáanlega viðvörun þar sem bannað er að mönnum sé lyft. Þessi viðvörun verður að vera sjáanleg frá hverjum þeim stað sem aðgangur er mögulegur.

4.4 Notkunarleiðbeiningar.

4.4.1 *Fylgihlutir með lyftibúnaði.*

Með sérhverjum fylgihlut með lyftibúnaði eða hverri framleiðslueiningu sem er seld óskipt skulu fylgja notkunarleiðbeiningar þar sem fram koma eftirtaldar upplýsingar hið minnsta:

– eðlilegt notkunarsvið,
– leiðbeiningar um notkun, samsetningu og viðhald,
– notkunartakmarkanir (þetta á einkum við um þá fylgihluti sem ekki fullnægja kröfunni í e-lið liðar 4.1.2.6 þessa viðauka).

4.4.2 *Vélar.*

Til viðbótar því sem getið er um í lið 1.7.4 þessa viðauka skulu eftirtaldar upplýsingar koma fram í notkunarleiðbeiningum:

a) tæknilegir eiginleikar vélarinnar, einkum og sér í lagi:
   – eintak af álagstöflunni sem getið var um í ii-lið liðar 4.3.3 þessa viðauka, ef við á;
   – mótkraftar í undirstöðum eða stoðum og einkenni brautar,
   – skilgreining á mótvægi eða ballest og aðferð við ísetningu, ef við á;
b) efni leiðarbókar ef hún fylgir ekki með vélinni;
c) leiðbeiningar, einkum hvernig ráða megi bót á takmarkaðri yfirsýn stjórnandans yfir byrðina;
d) nauðsynlegar leiðbeiningar um prófanir ef vélin er ekki sett saman á starfssvæði framleiðanda áður en hún er tekin í notkun og í þeirri mynd sem á að nota hana.

5. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI FYRIR VÉLAR SEM ERU ÆTLAÐAR TIL NOTKUNAR NEÐANJARÐAR

Vél sem ætluð er til notkunar neðanjarðar skal hanna og smíða á þann hátt að hún standist þær kröfur er fram koma hér á eftir.

5.1 Hættur vegna óstöðugleika.
Aflknúnar stoðir skal hanna og smíða þannig að þær haldi ákveðinni stefnu þegar þær eru á hreyfingu og hrökkvi ekki til áður en þungi kemur á þær, meðan á því stendur og heldur ekki eftir að hann fer af. Þær skulu búnar festingum fyrir efsta hluta hverrar vökvastoðar fyrir sig.

5.2 Umferð.
Aflknúnar stoðir skulu ekki hefta umferð óvarinna manna.

5.3 Lýsing.
Kröfurnar í 3. mgr. liðar 1.1.4 þessa viðauka gilda ekki.

5.4 Stjórntæki.
Stjórntæki fyrir hraðaaukningu og hemlun vélar sem gengur á brautum skal stjórnað með handafli. Þó má haldrofa vera fótstýrt.
Stjórntæki fyrir aflknúnar stoðir skal hanna og koma þannig fyrir að stjórnendur séu í vari við stoð sem er föst þegar aðrar stoðir eru færðar. Stjórntækinu skal komið þannig fyrir að ekki sé unnt að gangsetja vélina í ógáti.

5.5 Stöðvun.
Sjálfknúin vél sem gengur á brautum og ætluð er til notkunar neðanjarðar skal hafa haldrofa sem hefur áhrif á stjórnrásir hreyfinga vélarinnar.

5.6 Eldhætta.
Ef hlutar af vél eru mjög eldfimir skal hún hafa innbyggt slökkvikerfi, sbr. annan undirlið liðar 3.5.2 þessa viðauka.
Hemlakerfi vélar sem ætluð er til notkunar neðanjarðar skal hanna og smíða þannig að hvorki stafi af því neistaflug né geti það orsakað íkveikju.
Í vél sem ætluð er til notkunar neðanjarðar skulu einungis vera brunahreyflar sem brenna eldsneyti undir lágum þrýstingi og koma skal í veg fyrir hættu á rafneistaflugi.

5.7 Hætta af mengun vegna ryks, lofttegunda, vökva, gufu og annarra úrgangsefna.
Útblæstri úr brunahreyflum í vél má ekki beina upp á við.

6. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR SÉRSTAKA HÆTTU VIÐ ÞAÐ AÐ LYFTA FÓLKI EÐA FLYTJA
Vél sem hætta stafar af við það að lyfta fólki eða flytja skal hanna og smíða á þann hátt að hún standist þær kröfur er fram koma hér á eftir.

6.1 Almennt.
6.1.1 *Skilgreining.*
Í þessum kafla merkir *burðarstóll* þann búnað sem fólk er í þegar því er lyft, það lækkað eða flutt.

6.1.2 *Vélræn burðargeta.*
Vinnustuðlarnir sem eru skilgreindir undir 4. kafla viðauka þessa eru ófullnægjandi fyrir vélar sem ætlaðar eru til að lyfta fólki eða flytja og er meginreglan að tvöfalda þá. Gólfið í burðarstólnum skal hanna og smíða þannig að rými og burðargeta samsvari hámarksfólksfjölda og hámarksvinnuálagi sem framleiðandi mælir fyrir um.

6.1.3 *Hleðslustjórntæki fyrir tegundir búnaðar sem færist með öðru afli en mannlegu.*
Kröfur liðar 4.2.1.4 þessa viðauka gilda án tillits til talna um hámarksvinnuálag. Þessi krafa gildir ekki um vél ef framleiðandi hennar getur sýnt fram á að engin hætta sé á að hún sé ofhlaðin og/eða henni sé velt.

6.2 Stjórntæki.
6.2.1 *Meginregla.*
Ef öryggiskröfur krefjast ekki annarra lausna skal meginreglan vera sú að burðarstólinn skal hanna og smíða þannig að fólk inni í honum geti stjórnað hreyfingum hans upp eða niður og hreyft hann lárétt miðað við vélina, eftir því sem við á.
Við notkun skulu stjórntækin yfirvinna annan búnað sem stjórnar sömu hreyfingu, að undanskildum neyðarstöðvunarbúnaði.
Stjórntækin fyrir þessar hreyfingar skulu vera með haldrofa nema ef um er að ræða vél sem þjónar ákveðnum hæðum.

6.2.2 *Hreyfihætta.*
Ef unnt er að hreyfa vél sem ætlað er að lyfta eða flytja fólk þegar burðarstóllinn er ekki í kyrrstöðu skal hanna og smíða hana þannig að fólk sem er í burðarstólnum geti komið í veg fyrir hættu sem skapast af hreyfingu vélarinnar.

6.2.3 *Hraðahætta.*
Vél sem ætlað er að lyfta eða flytja fólk skal hanna, smíða og útbúa þannig að ekki sé hætta á því að burðarstóllinn fari of hratt.

6.3 Hætta á að fólk detti úr burðarstólnum.
6.3.1 *Persónuhlífar.*
Ef þær ráðstafanir sem um getur í lið 1.5.15 þessa viðauka duga ekki til skal koma fyrir nægilega mörgum festingarpunktum í burðarstólnum fyrir þann fólksfjölda sem hugsanlega notar hann og skulu þeir vera nógu sterkir til að unnt sé að festa í þá persónuhlífar sem varna því að fólk detti.

6.3.2 *Fallhlerar.*
Fallhlerar í gólfum, loftum eða hliðarhurðum skulu opnast í þá átt að ekki sé hætta á falli ef þeir opnast óvænt.

6.3.3 *Fallhætta.*
Vél sem ætlað er að lyfta fólki eða flytja skal hanna og smíða þannig að gólf burðarstólsins halli ekki það mikið að hætta sé á að þeir sem í honum eru detti, ekki heldur þegar hann er á ferð.
Gólf burðarstólsins skal vera þannig að ekki sé hætta á að fólk renni til á því.

6.4 Hætta á að burðarstóll falli eða velti.
6.4.1 *Veltihætta.*
Vél sem ætlað er að lyfta fólki eða flytja skal hanna þannig að ekki sé hætta á að burðarstóllinn falli eða velti.

6.4.2 *Hröðunar- og hemlunarhætta.*
Hröðun og hemlun burðarstólsins, eða berandi hluta, skal ekki valda fólki hættu meðan hann stjórnast af stjórnanda eða öryggisbúnaði við aðstæður undir hámarksálagi og -hraða sem framleiðandi mælir fyrir um.

6.5 Merkingar.
Til að tryggja nauðsynlegt öryggi skal burðarstóllinn vera merktur með viðeigandi grunnupplýsingum.

II. VIÐAUKI

A. Texti EB-samræmisyfirlýsingar fyrir vélar (1).
Í EB-samræmisyfirlýsingu verða eftirfarandi atriði að koma fram:
- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins (2),
- lýsing á vél (3),
- ákvæði sem vél er í samræmi við,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans og númer EB-gerðarprófunarvottorðs,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem gögnin voru afhent í samræmi við a-lið 4. mgr. 6. gr. reglna þessara,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem framkvæmdi sannprófun þá sem um getur í b-lið 4. mgr. 6. gr. reglna þessara,
- eftir því sem við á, vísun í samræmdu staðlana,
- eftir því sem við á, þeir landsstaðlar og tækniforskriftir sem notast var við,
- upplýsingar um þann aðila sem hefur umboð til undirritunar fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

B. Texti yfirlýsingar framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins (2. mgr. 2. gr. reglna þessara).
Í yfirlýsingu framleiðanda sem um getur í 2. mgr. 2. gr. reglna þessara skulu eftirfarandi atriði koma fram:
- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins,
- lýsing á vél eða vélarhlutum,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila og númer vottorðs um EB-gerðarprófun,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila sem skjölin hafa verið send til í samræmi við a-lið 4. mgr. 6. gr. reglna þessara.,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnts aðila sem hefur framkvæmt sannprófun þá sem getið er um b-lið 4. mgr. 6. gr. reglna þessara,
- eftir því sem við á, vísun í samræmda staðla,
- bann við því að vél verði tekin í notkun áður en því hafi verið lýst yfir að vél sú sem hún á að verða hluti af sé í samræmi við ákvæði reglna þessara,
- upplýsingar um þann aðila sem undirritar yfirlýsinguna.

C. Texti EB-samræmisyfirlýsingar fyrir öryggisíhluti sem settir eru á markað sérstaklega (4).
Í EB-yfirlýsingu um samræmi skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:
- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins (2),
- lýsing á öryggisíhlutinum (4),
- öryggishlutverk sem öryggisíhluturinn fullnægir, ef það kemur ekki greinilega fram í lýsingunni,

- nafn og heimilisfang tilkynnts aðila, eftir því sem við á, og númer vottorðs um EB-gerðarprófun,
- nafn og heimilisfang tilkynnts aðila, eftir því sem við á, sem fékk skrána í samræmi við a-lið 4. mgr. 6. gr. reglna þessara,
- nafn og heimilisfang tilkynnts aðila, eftir því sem við á, sem framkvæmdi sannprófun þá sem um getur í b-lið 4. mgr. 6. gr. reglna þessara,
- tilvísun í samræmda staðla, eftir því sem við á,
- tæknilegir landsstaðlar og tækniforskriftir, eftir því sem við á,
- upplýsingar um þann aðila sem hefur umboð til undirritunar fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(1) Yfirlýsing þessi verður að vera á sama tungumáli og upphaflegu leiðbeiningarnar (sjá lið 1.7.4 í I. viðauka) og annaðhvort vélrituð eða skrifuð með prentstöfum. Henni skal fylgja þýðing á einu af opinberum málum í því landi þar sem nota á vélina. Þýðingin skal unnin í samræmi við þau skilyrði sem gilda um þýðingu á leiðbeiningunum.


(2) Viðskiptanafn og fullt heimilisfang; viðurkenndir fulltrúar verða einnig að gefa upp viðskiptanafn og heimilisfang framleiðanda.

(3) Lýsing á vél (heiti, gerð, raðnúmer o.s.frv.).

(4) Lýsing á öryggisíhlut (heiti, gerð, raðnúmer, ef eitthvert er, o.s.frv.).

III. VIÐAUKI
CE-samræmismerking.

CE-samræmismerkið skal einkennt með hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin á teikningunni hér að framan haldast óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm. Ef um smágerðar vélar er að ræða má falla frá kröfu um lágmarksmál.

IV. VIÐAUKI
Gerðir véla og öryggisíhluta sem um getur í 3. og 4. mgr. 6. gr. reglna þessara.

A. Vélar.

1. Hjólsagir (með einu blaði eða mörgum) fyrir trésmíðar og vinnslu með sambærileg efni eða fyrir kjötvinnslu og vinnslu með sambærileg efni.

1.1 Vélsagir með verkfærið í fastri stöðu við vinnslu og föstu borði þar sem vinnsluefnið er matað í vélina með höndunum eða aflmatara sem má fjarlægja.

1.2 Vélsagir með verkfærið í fastri stöðu við vinnslu og handstýrðu velti- eða færsluborði.

1.3 Vélsagir með verkfærið í fastri stöðu við vinnslu og innbyggðum vélknúnum matara fyrir vinnsluefnið sem er lagt í og tekið úr með höndunum.
1.4 Vélsagir með hreyfanlegu verkfæri meðan á vinnslu stendur og vélknúnum matara fyrir vinnsluefnið sem er lagt í og tekið úr með höndunum.
2. Handmataðir afréttarar til trésmíða.
3. Þykktarheflar til trésmíða þar sem vinnsluefnið er lagt í og tekið úr með höndunum.
4. Bandsagir með föstu eða hreyfanlegu borði og bandsagir með sleða þar sem vinnsluefnið er lagt í og tekið úr með höndunum til trésmíða eða vinnslu með sambærileg efni eða til kjötvinnslu eða vinnslu með sambærileg efni.
5. Sambyggðar vélar af þeirri gerð sem um getur í 1.–4. lið og 7. lið þessa viðauka fyrir trésmíðar eða vinnslu með sambærileg efni.
6. Handmataðar tappavélar til trésmíða með mörgum verkfærafestingum.
7. Handmataðir borðfræsarar til trésmíða og vinnslu með sambærileg efni.
8. Handkeðjusagir til trésmíða.
9. Pressur, þar með taldar beygivélar, til kaldvinnslu málma þar sem vinnsluefnið er lagt í og tekið úr með höndunum og með hreyfanlegum hlutum er geta haft yfir 6 mm slaglengd og hraða yfir 30 mm/sek.
10. Sprautu- eða þrýstimótunarvélar fyrir plast þar sem vinnsluefnið er lagt í eða tekið úr með höndunum.
11. Sprautu- eða þrýstimótunarvélar fyrir gúmmí þar sem vinnsluefnið er lagt í eða tekið úr með höndunum.
12. Vélar sem ætlaðar eru til notkunar neðanjarðar af eftirfarandi gerðum:
- vélar sem ganga á brautum: eimreiðar og bremsuvagnar,
- aflknúnar vökvastoðir,
- brunahreyflar sem setja má í vélar sem ætlaðar eru til notkunar neðanjarðar.
13. Flutningavagnar sem safnað er í húsasorpi, eru hlaðnir með handafli og hafa þjöppunarbúnað.
14. Hlífar og færanleg drifsköft eins og þeim er lýst í lið 3.4.7 í I. viðauka.
15. Bílalyftur.
16. Búnaður til að lyfta fólki sem felur í sér hættu á falli úr lóðréttri hæð sem er yfir þrír metrar.
17. Vélar fyrir framleiðslu á skoteldum.

B. Öryggisíhlutir.

1. Rafnæmur búnaður sem hannaður er sérstaklega til að greina fólk til að tryggja öryggi þeirra (ljósnæmir rofar, stigmottur, rafsegulnemar, o.s.frv.).
2. Einingar sem tryggja öryggishlutverk stjórnbúnaðar sem nota þarf báðar hendur við.
3. Sjálfvirkir færanlegir skermar sem verja vélarnar sem um getur í 9., 10. og 11. lið þessa viðauka.
4. Veltigrindur (ROPS).
5. Fallvarnargrindur (FOPS).

V. VIÐAUKI
EB-yfirlýsing um samræmi.

Í þessum viðauka merkir vél ýmist vél eða öryggisíhlut eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 1. gr. reglna þessarar

1. EB-yfirlýsing um samræmi er sú aðferð sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins beitir til að lýsa yfir að vél sem verið er að setja á markað fullnægi öllum viðeigandi grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi.
2. Undirritun EB-samræmisyfirlýsingar heimilar framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins að merkja vél með CE-merkinu.
3. Áður en framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins semur EB-yfirlýsingu um samræmi verður hann að ganga úr skugga um og geta ábyrgst að skjölin sem talin eru upp hér á eftir verði tiltæk til skoðunar á starfsstöð hans:

a) eftirtalin tæknileg framleiðslugögn:
   - heildarteikning af vél ásamt teikningum af stjórnrásum,
   - ítarlegar teikningar ásamt útreikningum, niðurstöðum prófana og öðrum sambærilegum upplýsingum sem þarf til að kanna hvort vél sé í samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi,
   - skrá yfir:
     - grunnkröfur þessara reglna,
     - staðla,
     - aðrar tækniforskriftir sem notaðar voru við hönnun vélar,
   - lýsing á þeim aðferðum sem beitt hefur verið til að útiloka slysahættu af völdum vélarinnar,
   - ef framleiðandi óskar þess, tækniskýrslur eða vottorð frá þar til bærum aðila eða rannsóknarstofu,
   - ef framleiðandi lýsir yfir samræmi við samræmdan staðal, allar tækniskýrslur sem skýra frá niðurstöðum úr prófunum sem hann hefur kosið að yrðu gerðar, annaðhvort af honum sjálfum eða þar til bærum aðila eða rannsóknarstofu,
   - afrit af leiðbeiningum með vélinni;

b) ef um raðframleiðslu er að ræða, innri ráðstafanir sem gerðar verða til að tryggja að vélin samræmist áfram ákvæðum þessara reglna.

Framleiðandi verður að gera nauðsynlegar rannsóknir eða prófanir á vélarhlutum og fylgihlutum eða vélinni allri til að ákveða hvort hún sé hönnuð og smíðuð á þann veg að unnt sé að setja hana saman og taka hana í notkun á öruggan hátt.

Séu skjöl ekki lögð fram þegar Vinnueftirlit ríkisins fer þess á leit með tilhlýðilega rökstuddri beiðni getur það verið nægileg ástæða til að draga í efa að unnt sé að ganga út frá samræmi við ákvæði þessara reglna.

4. a) Skjölin samkvæmt lið 3 þessa viðauka þurfa ekki ávallt að vera handbær en það skal vera unnt að safna þeim saman og hafa þau tiltæk innan frests sem er í eðlilegu samræmi við mikilvægi þeirra. Undanskilja má ítarlega uppdrætti eða aðrar nákvæmar upplýsingar um samsetta hluti sem notaðir voru í framleiðslu vélar nema nauðsynlegt sé að þekkja til þeirra til að unnt sé að sannprófa samræmi við grunnkröfur um öryggi.

   b) Skjölin samkvæmt lið 3 þessa viðauka skal varðveita og hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins í að minnsta kosti tíu ár eftir framleiðsludag vélar eða framleiðsludag síðasta eintaks af vélinni sé um raðframleiðslu að ræða.

   c) Skjölin samkvæmt lið 3 þessa viðauka skulu vera á einu hinna opinberu tungumála innan Evrópska efnahagssvæðisins, að leiðbeiningum með vél undanskildum.

VI. VIÐAUKI
EB-gerðarprófun.

Í þessum viðauka merkir vél ýmist vél eða öryggisíhlut eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 1. gr.

1. EB-gerðarprófun er sú aðferð sem tilkynntur aðili, sem skilgreindur er í VII. viðauka, beitir til að ganga úr skugga um og votta að eintak af vél fullnægi viðeigandi ákvæðum þessara reglna.

2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal sækja um EB-gerðarprófun á eintaki af vél hjá aðeins einum tilkynntum aðila.

   Með umsókninni skulu fylgja:
   - nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins og framleiðslustaður vélar,
   - að minnsta kosti eftirtalin tæknileg framleiðslugögn:
     - heildarteikning af vél ásamt teikningum af stjórnrásum,
     - ítarlegar teikningar ásamt útreikningum, niðurstöðum prófana o.s.frv. sem þarf til að kanna hvort vél sé í samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi,
     - lýsing á þeim aðferðum sem beitt hefur verið til að útiloka slysahættu af völdum vélar og skrá yfir þá staðla sem notaðir voru,
     - afrit af leiðbeiningum með vél,
     - ef um raðframleiðslu er að ræða, innri ráðstafanir sem gerðar verða til að tryggja að vélar samræmist áfram ákvæðum þessara reglna.

   Umsókninni skal einnig fylgja vél sem er dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu eða upplýsingar um hvar megi prófa vélina, eftir því sem við á.

   Með skjölunum sem um getur hér á undan þurfa ekki að fylgja ítarlegir uppdrættir eða aðrar nákvæmar upplýsingar um samsetta hluti sem notaðir voru við framleiðslu vélar nema nauðsynlegt sé að þekkja til þeirra til að unnt sé að sannprófa samræmi við grunnkröfur um öryggi.

3. Tilkynnti aðilinn framkvæmir EB-gerðarprófun á eftirfarandi hátt:
   - hann athugar tæknileg framleiðslugögn til að sannprófa hvort þau séu fullnægjandi og skoðar vél sem honum hefur verið fengin eða veittur aðgangur að.
   - við prófun á vél skal aðilinn:
     a) ganga úr skugga um að hún hafi verið framleidd í samræmi við tæknilegu framleiðslugögnin og að óhætt sé að nota hana við þær aðstæður sem til er ætlast;
     b) kanna hvort stöðlum hafi verið beitt á réttan hátt, hafi þeir verið notaðir;
     c) gera viðeigandi prófanir og rannsóknir til að kanna hvort vél fullnægi viðeigandi grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi.

4. Fullnægi eintakið viðeigandi ákvæðum gefur aðilinn út EB-gerðarprófunarvottorð til handa umsækjanda. Vottorðið skal innihalda niðurstöður prófunar, skilyrði fyrir útgáfu þess, ef einhver eru, lýsingar og teikningar sem nauðsynlegar eru til að bera kennsl á samþykkta eintakið. Eftirlitsstofnun EFTA og viðeigandi yfirvöld í aðildarríkjunum geta óskað eftir afriti af vottorðinu auk, samkvæmt rökstuddri beiðni, afriti af tæknilegri framleiðsluskrá og skýrslum um þær rannsóknir og próf sem gerð hafa verið.

5. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal veita tilkynnta aðilanum upplýsingar um allar breytingar, þótt

smávægilegar séu, sem hann hefur gert eða hyggst gera á vélinni sem eintakið var sýnishorn af. Tilkynnta aðilanum ber að athuga þessar breytingar og tilkynna framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hvort EB-gerðarprófunarvottorðið sé áfram í gildi.

6. Neiti tilkynntur aðili að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð skal hann upplýsa aðra tilkynnta aðila um það. Ef hann afturkallar EB-gerðarprófunarvottorð skal hann upplýsa aðildarríkið sem tilkynnti hann um það. Það skal síðan veita hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni upplýsingar þar að lútandi og tilgreina ástæðurnar fyrir þessari ákvörðun.
7. Málsskjöl og bréfaviðskipti um EB-gerðarprófun skulu vera á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á tungumáli sem hann samþykkir.

VII. VIÐAUKI
Lágmarksviðmiðanir fyrir aðildarríkin þegar þau tilkynna aðila.

Í þessum viðauka merkir vél ýmist vél eða öryggisíhlut eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 1. gr.

1. Tilkynnti aðilinn, forstjóri hans og þeir starfsmenn sem sjá um sannprófanir skulu hvorki vera hönnuður, framleiðandi, birgjar né sjá um uppsetningu á vélum sem þeir skoða, né vera viðurkenndir fulltrúar þessara aðila. Þeir skulu hvorki taka beinan þátt í hönnun, smíði eða viðhaldi vélanna né vera viðurkenndir fulltrúar aðila sem þátt taka í þessari starfsemi. Þetta útilokar ekki hugsanleg skipti á tæknilegum upplýsingum milli framleiðanda og tilkynnts aðila.
2. Tilkynnti aðilinn og starfsmenn hans skulu framkvæma sannprófanir með faglegu sjálfstæði og tæknikunnáttu á hæsta stigi og vera lausir við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra og niðurstöður skoðunar, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður úr sannprófunum.
3. Tilkynnti aðilinn verður að hafa á að skipa nauðsynlegu starfsfólki og hafa nauðsynlega aðstöðu til að geta framkvæmt á réttan hátt þau stjórnunarlegu og tæknilegu störf sem tengjast sannprófun; hann skal einnig hafa aðgang að þeim tækjum sem þörf er á fyrir sérstakar sannprófanir.
4. Það starfsfólk sem ber ábyrgð á skoðun skal hafa:
   - trausta tækni- og fagkunnáttu,
   - næga þekkingu á þeim reglum sem gilda um þær prófanir sem það framkvæmir og næga starfsreynslu við slíkar prófanir,
   - getu til þess að rita þau vottorð, skrár og skýrslur sem þarf til að sýna að prófin hafi verið framkvæmd.
5. Hlutleysi skoðunarmanna verður að vera tryggt. Laun þeirra mega hvorki vera háð fjölda prófa sem framkvæmd eru né niðurstöðum úr þeim.
6. Tilkynnti aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á prófunum.
7. Starfsmönnum tilkynnta aðilans er skylt að fara með allar upplýsingar, sem þeir fá í starfi sínu samkvæmt þessum reglum eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af þeim, sem trúnaðarmál (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem starfsemin fer fram).

REGLUR

um færanlegan þrýstibúnað.

I. KAFLI
Gildissvið og markmið.

1. gr.
Gildissvið.

1. Reglur þessar gilda um færanlegan þrýstibúnað sem lög, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.
2. Reglur þessar gilda um:
   a. markaðssetningu á nýjum færanlegum þrýstibúnaði, sbr. 3. gr.,
   b. endurmat á samræmi vegna færanlegs þrýstibúnaðar, sbr. 3. gr., sem þegar hefur verið settur á markað og fullnægir viðeigandi tæknilegum skilyrðum í gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi,
   c. endurtekna notkun og reglubundna skoðun:
      i. á færanlegum þrýstibúnaði, sbr. a- og b-lið,
      ii. á gashylkjum sem þegar hafa verið sett á markað og eru einkennd með samræmismerki samkvæmt gildandi reglum um gashylki.
3. Þessar reglur gilda ekki um færanlegan þrýstibúnað sem settur var á markað fyrir 1. júlí 2001, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða. Þær gilda enn fremur ekki um færanlegan þrýstibúnað sem er eingöngu notaður fyrir flutning á hættulegum efnum milli Evrópska efnahagssvæðisins og þriðju ríkja í samræmi við gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

2. gr.
Markmið.

Markmið þessara reglna er að auka öryggi að því er varðar færanlegan þrýstibúnað sem er viðurkenndur til innanlandsflutninga á hættulegum efnum á vegum og að tryggja frjálsa flutninga slíks búnaðar innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar á meðal markaðssetningu hans og endurtekna notkun.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. færanlegur þrýstibúnaður:
   i. allir geymar (hylki, rör, þrýstitromlur, lághitahylki og hylkjasamstæður samkvæmt skilgreiningu í gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi) og
   ii. allir tankar, þar á meðal tankar sem unnt er að losa úr festingum, geymslutankar (færanlegir tankar), tankar á tankvagna, tankar eða hylki fyrir rafknúin ökutæki eða rafknúna vagna og tankar fyrir tankbifreiðar,

   þar á meðal ventlar og annar aukabúnaður, sem er notaður í flutningum, sem ætlaðir eru til notkunar við flutning á gasi í 2. flokki, sbr. viðauka gildandi reglugerðar um flutning á hættulegum farmi og við flutning á tilteknum hættulegum efnum úr öðrum flokkum skv. VI. viðauka reglna þessara.
   Þessi skilgreining á hvorki við um úðabrúsa (SÞ númer 1950), gashylki fyrir öndunartæki né búnað sem fellur undir meginreglur um almennar undanþágur fyrir lítið magn og sérstök tilvik samkvæmt gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi,

b. *merki*: táknið skv. 11. gr.,
c. *aðferðir við samræmismat*: aðferðir skv. I. hluta IV. viðauka,
d. *endurmat á samræmi*: aðferð sem þjónar þeim tilgangi að meta eftir á, að beiðni eiganda eða fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða handhafa, hvort færanlegur þrýstibúnaður sem hefur verið framleiddur og tekinn í notkun fyrir 1. júlí 2001 sé í samræmi við skilyrði gildandi reglugerðar um flutning á hættulegum farmi,
e. *tilkynntur aðili*: prófunarstofa, vottunarstofa eða skoðunaraðili sem lögbært stjórnvald í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins tilnefnir í samræmi við 9. gr. og fullnægir skilyrðum I. og II. viðauka,
f. *samþykktur aðili*: prófunarstofa, vottunarstofa eða skoðunaraðili sem lögbært stjórnvald í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins tilnefnir í samræmi við 10. gr. og fullnægir skilyrðum I. og III. viðauka.

4. gr.

Markaðssetning og notkun.

1. Heimilt er að setja á markað eða taka í notkun hér á landi færanlegan þrýstibúnað, sbr. a-lið 2. mgr. 1. gr., sem fullnægir ákvæðum þessara reglna og er einkenndur með merki skv. 1. og 2. mgr. 11. gr. Hið sama gildir um færanlegan þrýstibúnað, sbr. b-lið 2. mgr. 1. gr., sem fullnægir ákvæðum þessara reglna og er einkenndur með merki skv. 1. mgr. 11. gr.

2. Notkun (þar á meðal áfylling, geymsla, tæming og enduráfylling) er heimil hér á landi á eftirfarandi færanlegum þrýstibúnaði:

a. búnaði, sbr. a- og b-lið 2. mgr. 1. gr., sem fullnægir ákvæðum þessara reglna og er einkenndur með merki skv. 11. gr.,
b. gashylki sem þegar hefur verið sett á markað, er einkennt með samræmismerki samkvæmt gildandi reglum um gashylki og merki og kenninúmeri, sbr. 3. mgr. 11. gr., sem gefa til kynna að gashylkið hafi verið skoðað reglulega.

II. KAFLI
Reglur um samræmismat.

5. gr.

Samræmismat vegna markaðssetningar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

1. Nýir geymar og nýir tankar skulu uppfylla viðeigandi skilyrði gildandi reglugerðar um flutning á hættulegum farmi. Tilkynntur aðili skal sannreyna samræmi slíks færanlegs þrýstibúnaðar við skilyrðin með samræmismatsaðferð skv. I. hluta IV. viðauka og V. viðauka.

2. Nýir lokar og annar aukabúnaður, sem er notaður í flutningum, skulu uppfylla skilyrði viðeigandi viðauka gildandi reglugerðar um flutning á hættulegum farmi.

3. Lokar og annar aukabúnaður, sem hefur bein áhrif á öryggi færanlegs þrýstibúnaðar, einkum öryggislokar, lokar fyrir áfyllingu og tæmingu og lokar á gashylkjum, skulu gangast undir sambærilegt samræmismat og því sem beitt er á geyminn eða tankinn sem þeir eru festir á. Það er ekki skilyrði að um sama samræmismatið sé að ræða.

4. Lokar og annar aukabúnaður, sbr. 3. mgr., skulu fullnægja skilyrðum gildandi reglna um þrýstibúnað, sbr. þó tæknileg ákvæði gildandi reglugerðar um flutning á hættulegum farmi. Skal þá meta lokana og aukabúnaðinn skv. II., III. eða IV. aðferðarflokki samræmismatsins eftir því hvort geymirinn eða tankurinn eiga undir 1., 2. eða 3. flokk V. viðauka reglna þessara.

6. gr.

Samræmismat vegna markaðssetningar á innlendum markaði.

1. Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er heimilt að setja á markað eða taka í notkun hér á landi geyma, sbr. a-lið 2. mgr. 1. gr., þar á meðal loka og annan aukabúnað sem er notaður í flutningum, hafi samþykktur aðili gert samræmismat á slíkum geymi.

2. Óheimilt er að einkenna færanlegan þrýstibúnað sem hefur gengist undir samræmismat hjá samþykktum aðila með merki skv. 1. mgr. 11. gr.

3. Samþykktur aðili skal einungis starfa í tengslum við þá stofnun er hann tilheyrir.

4. Samræmismatsaðferðir sem samþykktir aðilar beita eru aðferðareiningar A1, C1, F og G, sbr. I. hluta IV. viðauka.

7. gr.

Endurmat á samræmi færanlegs þrýstibúnaðar.

Tilkynntur aðili sannreynir samræmi færanlegs þrýstibúnaðar, sbr. b-lið 2. mgr. 1. gr., við viðeigandi skilyrði gildandi reglugerðar um flutning á hættulegum farmi. Við það mat skal hann beita aðferð við endurmat skv. II. hluta IV. viðauka þessara reglna. Þegar slíkur búnaður er raðframleiddur er samþykktum aðila heimilt að endurmeta samræmi geyma, þar á meðal loka og annars aukabúnaðar sem er notaður við flutninga, að því tilskildu að tilkynntur aðili hafi endurmetið samræmi viðkomandi gerðar.

8. gr.

Reglubundin skoðun.

1. Tilkynntur eða samþykktur aðili skal annast skoðun skv. III. hluta IV. viðauka á geymum, þar á meðal lokum og aukabúnaði sem er notaður í flutningum, sbr. c-lið 2. mgr. 1. gr. Tilkynntur aðili skal annast skoðun skv. 1. aðferðareiningu III. hluta IV. viðauka á tönkum, þar á meðal lokum og aukabúnaði sem er notaður í flutningum. Samþykktum aðila er heimilt að annast reglubundna skoðun skv. 2. aðferðareiningu III. hluta IV. viðauka á tönkum hér á landi hafi hann verið viðurkenndur hæfur til að annast reglubundna skoðun á tönkum, sbr. 10. gr., og vinnur undir eftirliti tilkynnts aðila, sbr. 9. gr.

2. Reglubundin skoðun á færanlegum þrýstibúnaði, sbr. 2. mgr. 1. gr., má fara fram í hvaða aðildarríki sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

9. gr.

Tilkynntir aðilar.

1. Löggildingarstofa annast mat á þeim aðilum sem óska eftir að sjá um samræmismat, endurmat á samræmi eða reglubundin skoðunarstörf og eftirlitsstörf samkvæmt reglum þessum. Þeir aðilar skulu uppfylla þau skilyrði sem eru sett fram í I. og II. viðauka.

2. Félagsmálaráðuneytið tilkynnir þá aðila sem Löggildingarstofa hefur viðurkennt skv. 1. mgr. til Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Uppfylli aðili ekki lengur skilyrði þau sem eru sett fram í I. og II. viðauka afturkallar Löggildingarstofa viðurkenningu hans skv. 1. mgr. Félagsmálaráðuneytinu ber að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins um það án tafar.

10. gr.

Samþykktir aðilar.

1. Löggildingarstofa annast mat á þeim aðilum sem óska eftir að sjá um reglubundna skoðun á geymum, þar á meðal lokum og öðrum aukabúnaði sem er notaður í flutningum, sbr. a-lið 3. gr., endurmat á samræmi geyma sem þegar hafa verið settir á markað, þar á

meðal lokum og öðrum aukabúnaði sem er notaður í flutningum, sem samrýmast gerðinni sem tilkynntur aðili hefur endurmetið eða reglubundna skoðun á tönkum skv. 1. mgr. 8. gr. Þeir aðilar skulu uppfylla þau skilyrði sem eru sett fram í I. og III. viðauka.

2. Félagsmálaráðuneytið tilkynnir þá aðila sem Löggildingarstofa hefur viðurkennt skv. 1. mgr. til Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Uppfylli aðili ekki lengur skilyrði þau sem eru sett fram í I. og III. viðauka afturkallar Löggildingarstofa viðurkenningu hans skv. 1. mgr. Félagsmálaráðuneytinu ber að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins um það án tafar.

11. gr.

Merking.

1. Geymar og tankar sem fullnægja skilyrðum 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. skulu einkenndir með merki skv. I. hluta IV. viðauka. Útlit og lögun merkisins skal vera með þeim hætti sem mælt er fyrir um í VII. viðauka, sbr. þó skilyrði um merkingu á geymum eða tönkum samkvæmt gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi. Merkið skal vera greinilegt og óafmáanlegt. Aftan við merkið skal koma fram kenninúmer þess tilkynnta aðila sem framkvæmdi samræmismatið eða kenninúmer tilkynnta eða samþykkta aðilans þegar um er að ræða endurmat.

2. Nýir lokar og annar aukabúnaður, sem hefur bein áhrif á öryggi, skulu annaðhvort einkenndir með merki skv. VII. viðauka reglna þessara eða merki skv. VI. viðauka gildandi reglna um þrýstibúnað. Kenninúmer tilkynnta aðilans sem framkvæmdi samræmismatið þarf ekki að koma fram á eftir slíku merki. Engar sérstakar kröfur eru gerðar um merkingu annarra loka og aukabúnaðar.

3. Kenninúmer þess aðila sem annast reglubundna skoðun skal koma fram á færanlegum þrýstibúnaði sem vísað er til í 1. mgr. 8. gr. en það gefur til kynna að heimilt sé að nota búnaðinn, sbr. þó skilyrði um merkingu á geymum og tönkum samkvæmt reglugerð um flutning á hættulegum farmi. Gashylki, sem falla undir reglur um gashylki, skulu einkennd með merki skv. VII. viðauka næst á undan áðurnefndu kenninúmeri þegar fyrsta skoðunin fer fram í samræmi við þessar reglur.

4. Tilkynntur eða samþykktur aðili ber ábyrgð á því að kenninúmer hans komi fram á búnaðinum á þann hátt að það sé greinilegt og óafmáanlegt þegar um samræmismat, endurmat á samræmi eða reglubundna skoðun er að ræða. Framleiðandi, eigandi eða viðurkenndir fulltrúar þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins geta fest kenninúmerin á en aðilarnir sjálfir eða handhafar geta einnig séð um að festa númerið á.

5. Óheimilt er að einkenna færanlegan þrýstibúnað með merki sem er til þess fallið að villa um fyrir þriðja aðila að því er varðar þýðingu, útlit og lögun merkis samkvæmt reglum þessum. Setja má hvers konar aðrar merkingar á færanlegan þrýstibúnað að því tilskildu að þær hindri ekki að merki skv. VII. viðauka sjáist vel og sé vel læsilegt.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Eftirlit.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.

2. Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna, og þar sem við á öryggi húsdýra og eigna, stafi hætta af einhverri gerð búnaðar, þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna, er því heimilt að banna markaðssetningu, flutning og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

3. Þurfi Vinnueftirlit ríkisins að grípa til aðgerða skv. 2. mgr. þessa ákvæðis og 13. gr. skal það tilkynna félagsmálaráðuneyti um þær án tafar þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir þeim.

4. Félagsmálaráðuneytið skal tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA um aðgerðir sem grípa þarf til skv. 2. mgr. þessa ákvæðis og 13. gr.

13. gr.

Færanlegur þrýstibúnaður ranglega viðurkenndur.

Komist Vinnueftirlit ríkisins að því að færanlegur þrýstibúnaður sem fellur undir gildissvið þessara reglna hafi ranglega verið einkenndur með merki skv. VII. viðauka ber eiganda, framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúum þeirra með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skylda til að sjá til þess að búnaðurinn samræmist ákvæðum reglna þessara um merkið skv. VII. viðauka. Að öðrum kosti er Vinnueftirlitinu heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess færanlega þrýstibúnaðar eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

14. gr.

Refsiákvæði.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

15. gr.

Kæruheimild.

Um kæruheimild á grundvelli þessara reglna fer skv. 98. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IV. KAFLI

Gildistaka.

16. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. og 34., 35., 38. og 47. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og að höfðu samráði við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hvað varðar þátt Löggildingarstofu, sbr. lög nr. 155/1996 og 11. gr. laga nr. 100/1992, til innleiðingar á tilskipun, nr. 1999/36/EB, um færanlegan þrýstibúnað, sem vísað er til í 6. lið a. VIII. kafla II. viðauka og 17. lið c. XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og þeim var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 3/2000, og á tilskipun, nr. 2/2001, um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 1999/36/EB um færanlegan þrýstibúnað, sem vísað er til í 6. lið b. VIII. kafla II. viðauka og 17. lið f. og 42. liðar c. XIII. viðauka eins og þeim var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2001.

17. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að setja á markað og nota færanlegan þrýstibúnað sem fullnægir skilyrðum gildandi reglugerðar um flutning á hættulegum farmi til 1. júlí 2003. Enn fremur er heimilt

að færanlegur þrýstibúnaður sem er settur á markað fyrir 1. júlí 2003 sé tekinn í notkun síðar.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. október 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

I. VIÐAUKI
Lágmarksviðmiðanir sem tilkynntir eða samþykktir aðilar skulu uppfylla eins og um getur í 9. og 10. gr.

1. Tilkynntur skoðunaraðili eða samþykktur skoðunaraðili, sem er hluti af stofnun er hefur aðra starfsemi með höndum en skoðun, verður að vera skýrt afmörkuð eining innan þeirrar stofnunar.

2. Skoðunaraðila og starfsfólki hans er óheimilt að taka að sér störf sem geta haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra og heilindi við skoðunarstörfin. Sérstaklega verða starfsmenn skoðunaraðila að vera óháðir hvers konar þrýstingi, einkum fjárhagslegum eða viðskiptatengdum, sem gæti haft áhrif á mat þeirra, sérstaklega frá einstaklingum eða fyrirtækjum sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður skoðunarinnar. Tryggja verður hlutleysi skoðunarmanna.

3. Skoðunaraðili skal hafa á að skipa nauðsynlegu starfsfólki og hafa nauðsynlega aðstöðu til að geta framkvæmt á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnunarlegu störf sem tengjast skoðun og sannprófun. Hann skal einnig hafa aðgang að þeim búnaði sem þörf er á fyrir sérstakar sannprófanir.

4. Starfsmenn skoðunaraðila sem annast skoðun skulu hafa viðeigandi menntun og hæfni, trausta tækni- og fagkunnáttu og fullnægjandi þekkingu á þeim reglum sem gilda um þá skoðun sem á að framkvæma og næga reynslu af slíkum störfum. Til að tryggja hátt öryggisstig verður skoðunaraðilinn að vera í stakk búinn til að beita sérfræðiþekkingu að því er varðar öryggi færanlegs þrýstibúnaðar. Starfsmenn skulu geta lagt faglegt mat á það hvort almennar kröfur séu uppfylltar á grundvelli niðurstaðna rannsókna og gefið skýrslur um það. Þeir verða líka að geta samið vottorð, skrár og skýrslur sem sýna að skoðun hafi farið fram.

5. Starfsmenn skulu einnig hafa þekkingu á þeirri tækni sem er notuð við framleiðslu færanlegs þrýstibúnaðar sem þeir skoða, þar á meðal á aukabúnaði, á því hvernig búnaður sem þeir skoða er notaður eða áformað er að nota hann og á þeim göllum sem kunna að koma fram við notkun hans.

6. Skoðunaraðili og starfsmenn hans sem annast mat og sannprófanir skulu framkvæma þær með faglegri ráðvendni og tæknikunnáttu á hæsta stigi. Skoðunaraðilinn skal tryggja að upplýsingar sem fást við skoðunarstörf séu trúnaðarmál. Vernda verður einkaleyfisrétt.

7. Þóknun þeirra manna sem vinna skoðunarstörf má hvorki vera háð fjölda skoðana sem eru framkvæmdar né niðurstöðum slíkra skoðana.

8. Tilkynnti aðilinn, eða stofnunin sem hann er hluti af, skal hafa viðunandi ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum.

9. Skoðunaraðili skal að jafnaði framkvæma sjálfur þær skoðanir sem hann hefur gert samning um að taka að sér. Þegar skoðunaraðili fær undirverktaka til að vinna hluta verksins skal hann ganga úr skugga um og geta sýnt fram á að undirverktakinn sé hæfur til að annast viðkomandi starf og taka fulla ábyrgð á þeim undirverktaka.

II. VIÐAUKI
Viðbótarviðmiðanir sem tilkynntir aðilar skulu uppfylla eins og um getur í 9. gr.

1. Tilkynntur aðili skal vera óháður öðrum aðilum sem hlut eiga að máli og skal því veita sjálfstæða skoðunarþjónustu. Tilkynntur aðili og starfsmenn hans sem annast skoðun skulu hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, kaupendur, eigendur, handhafar, notendur né vera viðurkenndir fulltrúar þessara aðila. Þá er þeim óheimilt að annast viðhald færanlegs þrýstibúnaðar, þar á meðal aukabúnaðar, sem þeir skoða. Þeir skulu hvorki taka beinan þátt í hönnun, framleiðslu, markaðssetningu eða viðhaldi færanlegs þrýstibúnaðar, þar á meðal aukabúnaðar, né vera umboðsmenn aðila sem taka þátt í slíkri starfsemi. Þetta útilokar ekki hugsanleg skipti á tæknilegum upplýsingum milli framleiðanda færanlegs þrýstibúnaðar og skoðunaraðila.

2. Allir aðilar sem eiga hagsmuna að gæta skulu hafa aðgang að þjónustu skoðunaraðila. Óheimilt er að setja hvers konar ótilhlýðileg fjárhagsleg skilyrði né önnur skilyrði. Aðferðir sem aðili starfar eftir skulu framkvæmdar án mismununar.

III. VIÐAUKI
Viðbótarviðmiðanir sem tilkynntir aðilar skulu uppfylla eins og um getur í 10. gr.

1. Samþykkti aðilinn skal vera sérstök og skýrt afmörkuð eining í stofnun sem starfar við hönnun, framleiðslu, afhendingu, notkun eða viðhald þeirra hluta sem hún annast skoðun á.

2. Samþykkta aðilanum er óheimilt að koma með beinum hætti að hönnun, framleiðslu, afhendingu eða notkun færanlega þrýstibúnaðarins eða aukabúnaðarins sem er skoðaður né heldur sambærilegum samkeppnisatriðum.

3. Störf skoðunarmanna skulu vera skýrt aðgreind frá störfum annarra starfsmanna og skal sá munur helgast af skipulagsþáttum og aðferðum við skýrslugjöf skoðunaraðilans innan móðurfyrirtækisins.

IV. VIÐAUKI
I. HLUTI
Aðferðir við samræmismat.

Aðferðareining A (innri framleiðslustýring).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem ber skyldur skv. 2. lið, gengur úr skugga um og lýsir yfir að færanlegur þrýstibúnaður fullnægi viðeigandi

kröfum reglna þessara. Framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal festa ∏-merkið á allan færanlegan þrýstibúnað og semja skriflega samræmisyfirlýsingu.

2. Framleiðandi skal semja tækniskjöl skv. 3. lið og hann eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal hafa þau tiltæk til skoðunar fyrir Vinnueftirlit ríkisins í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak færanlega þrýstibúnaðarins hefur verið framleitt. Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk hjá þeim aðila sem setur færanlega þrýstibúnaðinn á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Samræmi færanlegs þrýstibúnaðar við viðeigandi skilyrði reglna þessara skal vera unnt að meta á grundvelli tækniskjalanna. Þau skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar um hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir slíkt mat:
   - almenna lýsingu á færanlega þrýstibúnaðinum,
   - heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
   - lýsingar og skýringar við fyrrnefndar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig færanlegi þrýstibúnaðurinn vinnur,
   - lýsingu á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til að fullnægja kröfum reglna þessara,
   - niðurstöður útreikninga við hönnun, upplýsingar um rannsóknir o.s.frv.,
   - prófunarskýrslur.

4. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal geyma afrit af samræmisyfirlýsingunni með tækniskjölunum.

5. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að við framleiðsluferlið sé séð til þess að framleiddur færanlegur þrýstibúnaður sé í samræmi við tækniskjölin skv. 2. lið og fullnægi viðeigandi skilyrðum reglna þessara.

Aðferðareining A1 (innra framleiðslueftirlit ásamt eftirliti með lokamati).

Eftirfarandi á við til viðbótar við kröfurnar í aðferðareiningu A:

Framleiðandi skal annast framkvæmd lokamats og felst eftirlitið í fyrirvaralausum eftirlitsferðum tilkynnts aðila sem framleiðandi velur.

Í slíkum eftirlitsferðum skal tilkynntur aðili:
- ganga úr skugga um að framleiðandi annist í raun lokamat,
- taka sýnishorn af færanlegum þrýstibúnaði á framleiðslu- eða geymslustað til að gera á honum prófanir. Tilkynntur aðili metur hvað er nauðsynlegt að taka mörg sýnishorn og hvort nauðsynlegt sé að framkvæma eða láta framkvæma lokamatið allt eða að hluta á sýnum úr búnaðinum.

Sé ein eða fleiri einingar úr færanlegum þrýstibúnaði í ósamræmi við kröfurnar skal tilkynntur aðili gera viðeigandi ráðstafanir.

Framleiðandi skal festa kenninúmer tilkynnts aðila á hverja einingu færanlegs þrýstibúnaðar á ábyrgð þess síðarnefnda.

Aðferðareining B (EB-gerðarprófun).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um þann hluta af þeirri aðferð sem tilkynntur

aðili beitir til að ganga úr skugga um og votta að sýni, sem er einkennandi fyrir viðkomandi framleiðslu, uppfylli viðeigandi skilyrði reglna þessara.

2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal sækja um EB-gerðarprófun hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
Í umsókninni skal koma fram:
- nafn og heimilisfang framleiðanda, og leggi viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,
- skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið send öðrum tilkynntum aðila,
- tækniskjöl samkvæmt lið 3.

Umsækjandi skal hafa sýni tiltækt fyrir tilkynnta aðilann sem er dæmigert fyrir þá framleiðslu sem um er að ræða, hér á eftir nefnt „gerðareintak“. Tilkynnti aðilinn getur farið fram á að fá fleiri sýni, sé þess þörf, til að gera fyrirhugaðar prófanir.
Gerðareintak getur tekið til margra útfærslna vörunnar að því tilskildu að munurinn á ólíkum útfærslum hafi ekki áhrif á öryggi þeirra.

3. Samræmi færanlegs þrýstibúnaðar við skilyrði reglna þessara skal vera unnt að meta á grundvelli tækniskjalanna. Þau skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar um hönnun, framleiðslu og notkun færanlega þrýstibúnaðarins, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir slíkt mat:
- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
- lýsingar og skýringar við fyrrnefndar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig færanlegi þrýstibúnaðurinn vinnur,
- lýsingu á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til að fullnægja grunnkröfum reglnanna,
- niðurstöður útreikninga við hönnun, upplýsingar um rannsóknir o.s.frv.,
- prófunarskýrslur,
- upplýsingar um prófanir sem kveðið er á um að skuli framkvæma við framleiðslu,
- upplýsingar um gæði og viðurkenningar.

4. Tilkynntur aðili skal:

4.1. rannsaka tækniskjölin, sannprófa að gerðareintakið hafi verið framleitt í samræmi við tækniskjölin og ganga úr skugga um hvaða þættir hafa verið hannaðir í samræmi við viðeigandi ákvæði reglnanna.
Einkum ber tilkynntum aðila að:
- rannsaka tækniskjölin með tilliti til hönnunar og framleiðsluaðferða,
- meta efnin sem eru notuð samræmist þau ekki viðeigandi skilyrðum reglna þessara og kanna vottorðið sem framleiðandi efnis gefur út,
- samþykkja aðferðirnar við að skeyta varanlega saman íhluti þrýstibúnaðar eða ganga úr skugga um að þær hafi áður verið samþykktar,
- ganga úr skugga um að starfsmenn, sem skeyta varanlega saman íhluti þrýstibúnaðar og gæðaprófa búnað, séu hæfir eða viðurkenndir til þeirra verka,

4.2. gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um hvort þær lausnir sem framleiðandi hefur valið séu í samræmi við kröfur reglnanna,

4.3. gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um hvort viðeigandi ákvæðum reglna þessara hafi verið fylgt eftir,
4.4. semja við umsækjandann um hvar athuganir og nauðsynlegar prófanir skuli fara fram.

5. Þegar gerðareintakið uppfyllir ákvæði reglnanna skal tilkynnti aðilinn gefa út vottorð um EB-gerðarprófun til handa umsækjandanum. Vottorðið á að gilda í tíu ár og vera endurnýjanlegt og á því skal koma fram nafn og heimilisfang framleiðanda, niðurstöður athugunarinnar og nauðsynlegar upplýsingar til að bera megi kennsl á þá gerð sem hlotið hefur samþykki.
Skrá yfir viðeigandi tækniskjöl skal fylgja vottorðinu og afrit af henni geymt hjá tilkynnta aðilanum.
Synji tilkynntur aðili framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins um vottorð um hönnunarprófun skal tilkynnti aðilinn tilgreina ítarlega ástæður synjunarinnar.

6. Umsækjandi skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem geymir tækniskjölin er varða vottorð um EB-gerðarprófun, um allar breytingar á samþykktum færanlegum þrýstibúnaði sem þarfnast viðbótarsamþykkis, þar sem slíkar breytingar geta haft áhrif á samræmi við kröfur reglnanna eða fyrirmæli um notkunarskilyrði búnaðarins. Þetta viðbótarsamþykki skal veitt við upphaflega vottorðið um EB-gerðarprófun.

7. Allir tilkynntir aðilar skulu senda aðildarríkjunum innan Evrópska efnahagssvæðisins viðeigandi upplýsingar um vottorð um EB-gerðarprófun, ásamt viðbótarefni, sem hafa verið afturkölluð eða, sé þess óskað, gefin út. Allir tilkynntir aðilar skulu einnig senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um vottorð um EB-gerðarprófun ásamt viðbótarefni sem þeir hafa gefið út eða afturkallað.

8. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af vottorðum um EB-gerðarprófun og/eða viðbótarefni við þau. Viðaukarnir við vottorðin skulu vera tiltækir öðrum tilkynntum aðilum.

9. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal geyma, auk tækniskjala, afrit af vottorðum um EB-gerðarprófun ásamt viðbótarefni í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt. Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk hjá þeim aðila sem setur vöruna á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Aðferðareining B1 (EB-hönnunarprófun).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um þann hluta þeirrar aðferðar þegar tilkynntur aðili gengur úr skugga um og vottar að hönnun einingar í færanlegum þrýstibúnaði sé í samræmi við viðeigandi skilyrði reglna þessara.

2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal sækja um EB-hönnunarprófun hjá einum tilkynntum aðila. Í umsókninni skal koma fram:
   - nafn og heimilisfang framleiðanda og, leggi viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

- skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið send öðrum tilkynntum aðila,
- tækniskjölin skv. 3. lið.

Umsóknin getur tekið til margra útfærslna á færanlega þrýstibúnaðinum að því tilskildu að munurinn á ólíkum útfærslum hafi ekki áhrif á öryggi þeirra.

3. Samræmi færanlega þrýstibúnaðarins við viðeigandi skilyrði reglna þessara skal vera unnt að meta á grundvelli tækniskjalanna sem við hann eiga. Þau skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar um hönnun, framleiðslu og notkun færanlega þrýstibúnaðarins að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir slíkt mat:
   - almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum sem um ræðir,
   - heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
   - lýsingar og skýringar við fyrrgreindar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig færanlegi þrýstibúnaðurinn vinnur,
   - lýsingu á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til að fullnægja kröfum reglna þessara,
   - nauðsynleg gögn er sýna fram á að hönnunarlausnir séu fullnægjandi, þar á meðal niðurstöður prófana sem rannsóknarstofa framleiðanda eða aðrir hafa gert fyrir hann,
   - niðurstöður útreikninga við hönnun, upplýsingar um rannsóknir o.s.frv.,
   - upplýsingar um gæði og viðurkenningar.

4. Tilkynntur aðili skal:
   4.1. rannsaka tækniskjölin og ganga úr skugga um hvaða þættir hafa verið hannaðir samkvæmt viðeigandi ákvæðum reglna þessara.
   Einkum ber tilkynntum aðila að:
      - meta efnin sem eru notuð samræmist þau ekki viðeigandi skilyrðum reglna þessara,
      - samþykkja aðferðirnar við að skeyta varanlega saman íhluta þrýstibúnaðar eða ganga úr skugga um að þær hafi áður verið samþykktar,
      - ganga úr skugga um að starfsmenn, sem skeyta varanlega saman íhluta þrýstibúnaðar og gæðaprófa búnaðinn, séu hæfir eða viðurkenndir til þeirra verka,

   4.2. gera nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem framleiðandi hefur valið uppfylli kröfur reglna þessara,
   4.3. gera nauðsynlegar athuganir til að kanna hvort viðkomandi ákvæðum reglna þessara hafi verið framfylgt.

5. Þegar hönnun uppfyllir skilyrði reglna þessara skal tilkynnti aðilinn gefa út vottorð um EB-hönnunarprófun til handa umsækjandanum. Á vottorðinu skal koma fram nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir gildi þess og nauðsynlegar upplýsingar til að bera megi kennsl á þá hönnun sem hefur verið samþykkt.
   Skrá yfir viðeigandi tækniskjöl skal fylgja vottorðinu og afrit af henni geymt hjá tilkynnta aðilanum.
   Ef tilkynntur aðili synjar framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins um vottorð um hönnunarprófun skal tilkynnti aðilinn tilgreina ítarlega ástæður synjunarinnar.

6. Umsækjandi skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem geymir tækniskjölin er varða vottorðið um EB-hönnunarprófun, um allar breytingar á samþykktri gerð sem þarfnast viðbótarsamþykkis, þar sem þær geta haft áhrif á samræmi við kröfur reglna þessara eða notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um. Þetta viðbótarsamþykki skal bætt við upphaflega vottorðið um EB-hönnunarprófun.

7. Allir tilkynntir aðilar skulu senda lögbærum stjórnvöldum innan Evrópska efnahagssvæðisins viðeigandi upplýsingar um vottorð um EB-hönnunarprófun sem hafa verið afturkölluð eða, sé þess óskað, gefin út. Allir tilkynntir aðilar skulu einnig senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um vottorð um EB-hönnunarprófun sem gefin hafa verið út eða afturkölluð.

8. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið, ef þeir óska eftir því, viðeigandi upplýsingar um:
   - útgefin vottorð um EB-hönnunarprófun ásamt viðbótarefni,
   - afturkölluð vottorð um EB-hönnunarprófun ásamt viðbótarefni.

9. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal geyma, auk tækniskjala skv. 3. lið, afrit af vottorðum um EB-hönnunarprófun ásamt viðbótarefni í tíu ár eftir að færanlegur þrýstibúnaður var síðast framleiddur.
   Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk hjá þeim aðila sem setur vöruna á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Aðferðareining C1 (samræmi við gerðareintak).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins sér til þess og lýsir yfir að færanlegur þrýstibúnaður sé í samræmi við gerðareintak sem er lýst í vottorði um EB-gerðarprófun og fullnægi viðeigandi skilyrðum reglna þessara. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa Π-merkið á hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu.

2. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferli tryggi að framleiddur færanlegur þrýstibúnaður sé í samræmi við þá gerð sem er lýst í vottorði um EB-gerðarprófun og fullnægi viðeigandi skilyrðum reglna þessara.

3. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal geyma afrit af samræmisyfirlýsingunni í minnst tíu ár eftir að síðasta eintak færanlegs þrýstibúnaðar hefur verið framleitt.
   Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk hjá þeim aðila sem setur færanlega þrýstibúnaðinn á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins.

4. Framleiðandi skal annast framkvæmd lokamats og felst eftirlitið í fyrirvaralausum eftirlitsferðum tilkynnts aðila sem framleiðandi velur.
   Í slíkum eftirlitsferðum skal tilkynntur aðili:
   - ganga úr skugga um að framleiðandi annist í raun lokamat,
   - taka sýnishorn af færanlegum þrýstibúnaði á framleiðslu- eða geymslustað til að

gera á honum prófanir. Tilkynntur aðili metur hvað nauðsynlegt er að taka mörg sýnishorn og hvort nauðsynlegt sé að framkvæma eða láta framkvæma lokamatið allt eða að hluta á sýnishornum af búnaðinum.

Sé ein eða fleiri einingar úr þrýstibúnaði í ósamræmi við kröfurnar skal tilkynntur aðili gera viðeigandi ráðstafanir.

Framleiðandi skal festa kenninúmer tilkynnts aðila á hverja einingu færanlegs þrýstibúnaðar á ábyrgð þess síðarnefnda.

Aðferðareining D (gæðatrygging í framleiðslu).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um hvernig framleiðandi, sem ber skyldur skv. 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við gerðareintak sem er lýst í vottorðinu um EB-gerðarprófun og fullnægi viðeigandi skilyrðum reglna þessara. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa ∏-merkið á hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. Kenninúmer tilkynnta aðilans, sem ber ábyrgð á eftirliti, skal fylgja ∏-merkingu skv. 4. lið.

2. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við framleiðslu, lokaeftirlit og prófun skv. 3. lið og skal gangast undir eftirlit skv. 4. lið.

3. *Gæðakerfi.*

3.1. Framleiðandi skal sækja um mat á gæðakerfi sínu fyrir þær vörur sem um er að ræða hjá tilkynntum aðila að eigin vali. Í umsókn skal koma fram:
- allar viðeigandi upplýsingar um færanlega þrýstibúnaðinn sem um ræðir,
- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl um hina samþykktu gerð og afrit af vottorðinu um EB-gerðarprófun.

3.2. Gæðakerfið skal tryggja að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við þá gerð sem er lýst í vottorðinu um EB-gerðarprófun og fullnægi viðeigandi skilyrðum reglna þessara.

Alla þá þætti, skilyrði og reglur sem framleiðandi hefur farið eftir skal skrá á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða færanlega þrýstibúnaðarins,
- tækni að því er varðar framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal, einkum þeim aðferðum sem notaðar eru,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,
- skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um hæfni og viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks,
- aðferðum við eftirlit með því hvernig gæðakröfur eru uppfylltar og með skilvirkni gæðakerfisins.

3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til að ákveða hvort það fullnægi kröfum samkvæmt lið 3.2.

Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á færanlega þrýstibúnaðinum sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsferð á framleiðslustað.
Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðanda. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.
Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfum samkvæmt lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

4. *Eftirlit á ábyrgð tilkynnts aðila.*

4.1. Tilgangur eftirlits er að tryggja að framleiðandi sinni skyldum sínum samkvæmt samþykkta gæðakerfinu.

4.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- gögn um gæðakerfið,
- skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfni hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili hafa eftirlit með því að framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og fari eftir því og skal tilkynnti aðilinn láta framleiðanda eftirlitsskýrslu í té. Reglubundið eftirlit skal vera svo oft að gagngert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.

4.4. Að auki getur tilkynntur aðili farið í eftirlitsferðir til framleiðanda án sérstaks fyrirvara. Þörfina á slíku viðbótareftirliti og tíðni þess skal meta á grundvelli eftirlitskerfis með ferðunum sem tilkynnti aðilinn annast. Eftirlit með ferðunum skal einkum beinast að eftirfarandi þáttum:
- flokki búnaðarins,
- niðurstöðum fyrri eftirlitsferða,
- þörfinni á að fylgja lagfæringum eftir,
- sérstökum skilyrðum varðandi viðurkenningu kerfisins, ef við á,
- verulegum breytingum á framleiðslufyrirkomulagi, stefnu eða tækni.

Við slíkar eftirlitsferðir er tilkynnta aðilanum heimilt að gera eða láta gera prófanir til að sannreyna að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um hverja eftirlitsferð og prófunarskýrslu hafi prófun farið fram.

5. Framleiðandi skal í minnst tíu ár, eftir að síðasta eintak færanlegs þrýstibúnaðar hefur verið framleitt, hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins:
- fylgiskjöl með umsókn samkvæmt lið 3.1,
- gögn um breytingar sem vísað er til í 2. mgr. liðar 3.4,

– þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem vísað er til í 3. mgr. liðar 3.3, 3. mgr. liðar 3.4 og 3. mgr. liðar 4.4.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita lögbærum stjórnvöldum innan Evrópska efnahagssvæðisins þær upplýsingar sem varða samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða, ef óskað er, sem hann hefur gefið út.
Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem varða samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða hafnað.

Aðferðareining D1 (gæðatrygging í framleiðslu).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um hvernig framleiðandi, sem ber skyldur skv. 3. lið, sér til þess og lýsir yfir að viðkomandi eintak færanlegs þrýstibúnaðar fullnægi viðeigandi skilyrðum reglna þessara. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa ∏-merkið á hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. Kenninúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti skal fylgja ∏-merkingu skv. 5. lið.

2. Framleiðandi skal taka saman tækniskjölin sem er lýst hér á eftir.
Samræmi færanlegs þrýstibúnaðar við viðeigandi skilyrði reglna þessara skal vera unnt að meta á grundvelli tækniskjalanna. Þau skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar um hönnun, framleiðslu og notkun færanlega þrýstibúnaðarins að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir slíkt mat:
   – almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum sem um ræðir,
   – heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, afrásum o.s.frv.,
   – lýsingar og skýringar við fyrrnefndar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig færanlegi þrýstibúnaðurinn vinnur,
   – lýsingu á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til að fullnægja kröfum reglna þessara,
   – niðurstöður útreikninga við hönnun, upplýsingar um rannsóknir o.s.frv.,
   – prófunarskýrslur.

3. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við framleiðslu, lokaeftirlit og prófun skv. 4. lið og skal gangast undir eftirlit skv. 5. lið.

4. *Gæðakerfi.*
   4.1. Framleiðandi skal sækja um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
   Í umsókn skulu koma fram:
      – allar viðeigandi upplýsingar um færanlega þrýstibúnaðinn sem um ræðir,
      – gögn um gæðakerfið.
   4.2. Gæðakerfið skal tryggja að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við viðeigandi skilyrði reglna þessara.
   Alla þá þætti, kröfur og reglur sem framleiðandi hefur farið eftir skal skrá á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt.
   Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
      – gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða færanlega þrýstibúnaðarins,

- tækni að því er varðar framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,
- skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um hæfni og viðurkenningar hlutaðeigandi starfsfólks,
- aðferðum við eftirlit með því hvernig gæðakröfur eru uppfylltar og með skilvirkni gæðakerfisins.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til að ákveða hvort það fullnægi kröfum samkvæmt lið 4.2.
Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á færanlega þrýstibúnaðinum sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsferð á framleiðslustað.
Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðanda. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

4.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.
Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfum samkvæmt lið 4.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

5. *Eftirlit á ábyrgð tilkynnts aðila.*

5.1. Tilgangur eftirlits er að tryggja að framleiðandi sinni skyldum sínum samkvæmt samþykkta gæðakerfinu.

5.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- gögn um gæðakerfið,
- skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfni hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

5.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili hafa eftirlit með að framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og fari eftir því og skal tilkynnti aðilinn láta framleiðanda eftirlitsskýrslu í té. Reglubundið eftirlit skal fara fram svo oft að gagngert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.

5.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að fara í eftirlitsferðir til framleiðanda án sérstaks fyrirvara. Þörfina á slíku viðbótareftirliti og tíðni þess skal meta á grundvelli eftirlitskerfis með ferðunum sem tilkynnti aðilinn annast. Eftirlit með ferðunum skal einkum beinast að eftirfarandi þáttum:
- flokki búnaðarins,
- niðurstöðum fyrri eftirlitsferða,
- þörfinni á að fylgja lagfæringum eftir,
- sérstökum skilyrðum varðandi viðurkenningu kerfisins, ef við á,
- verulegum breytingum á framleiðslufyrirkomulagi, stefnu eða tækni.

Við slíkar eftirlitsferðir er tilkynnta aðilanum heimilt að gera eða láta gera prófanir til að sannreyna, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um hverja eftirlitsferð og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

6. Framleiðandi skal í minnst tíu ár, eftir að síðasta eintak færanlegs þrýstibúnaðar hefur verið framleitt, hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins:
   - skjölin skv. 2. lið,
   - fylgiskjöl með umsókn samkvæmt lið 4.1,
   - gögn um breytingar sem vísað er til í 2. mgr. liðar 4.4,
   - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem vísað er til í 3. mgr. liðar 4.3, 4. mgr. liðar 4.4 og liðum 5.3 og 5.4.

7. Sérhver tilkynntur aðili skal veita lögbærum stjórnvöldum innan Evrópska efnahagssvæðisins þær upplýsingar sem varða samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða, ef óskað er, sem hann hefur gefið út.
   Sérhver tilkynntur aðili skal einnig veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem varða samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða synjað.

Aðferðareining E (gæðatrygging vöru).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um hvernig framleiðandi, sem ber skyldur skv. 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að eintak færanlega þrýstibúnaðarins sé í samræmi við gerðareintak sem er lýst í vottorðinu um EB-gerðarprófun og fullnægi viðeigandi skilyrðum reglna þessara. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa ∏-merkið á hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. Kenninúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti skal fylgja ∏-merkinu skv. 4. lið.

2. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við framleiðslu, lokaeftirlit og prófun skv. 3. lið og skal gangast undir eftirlit skv. 4. lið.

3. *Gæðakerfi.*
   3.1. Framleiðandi skal sækja um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
   Í umsókn skulu koma fram:
   - allar viðeigandi upplýsingar um færanlega þrýstibúnaðinn sem um ræðir,
   - gögn um gæðakerfið,
   - tækniskjöl um hina samþykktu gerð og afrit af vottorði um EB-gerðarprófun.

   3.2. Samkvæmt gæðakerfinu er hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar athugað og viðeigandi prófanir gerðar til að tryggja að hann samræmist þeim kröfum reglnanna sem við eiga. Alla þá þætti, kröfur og reglur sem framleiðandi hefur farið eftir skal skrá á kerfisbundinn hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt.
   Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
   - gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða færanlega þrýstibúnaðarins,
   - þeim athugunum og prófunum sem verða gerðar eftir framleiðslu,
   - aðferðum við eftirlit með skilvirkni gæðakerfisins,
   - skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um hæfni og viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks.

   3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til að ákveða hvort það fullnægi kröfum samkvæmt lið 3.2.

Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á færanlega þrýstibúnaðinum sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsferð á framleiðslustað.
Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðanda. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að sinna skyldum sínum vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.
Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfum samkvæmt lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

4. *Eftirlit á ábyrgð tilkynnts aðila.*

4.1. Tilgangur eftirlits er að tryggja að framleiðandinn sinni skyldum sínum samkvæmt samþykkta gæðakerfinu.

4.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl,
- skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfni hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili hafa eftirlit með að framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og fari eftir því og skal tilkynnti aðilinn láta framleiðanda eftirlitsskýrslu í té. Reglubundið eftirlit skal vera svo oft að gagngert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.

4.4. Að auki getur tilkynntur aðili farið í eftirlitsferðir til framleiðandans án sérstaks fyrirvara. Þörfina á slíku viðbótareftirliti og tíðni þess skal meta á grundvelli eftirlitskerfis með ferðunum sem tilkynnti aðilinn annast. Eftirlit með ferðunum skal einkum beinast að eftirfarandi þáttum:
- flokki búnaðarins,
- niðurstöðum fyrri eftirlitsferða,
- þörfinni á að fylgja lagfæringum eftir,
- sérstökum skilyrðum varðandi viðurkenningu kerfisins, ef við á,
- verulegum breytingum á framleiðslufyrirkomulagi, stefnu eða tækni.

Við slíkar eftirlitsferðir er tilkynnta aðilanum heimilt að gera eða láta gera prófanir til að sannreyna að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um hverja eftirlitsferð og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Framleiðandi skal í minnst tíu ár, eftir að færanlegur þrýstibúnaður hefur verið framleiddur, hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins:
- fylgiskjöl með umsókn samkvæmt lið 3.1,
- gögn um breytingar sem vísað er til í 2. mgr. liðar 3.4,

- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem vísað er til í 3. mgr. liðar 3.3, 4. mgr. liðar 3.4 og liðum 4.3 og 4.4.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita lögbærum stjórnvöldum innan Evrópska efnahagssvæðisins þær upplýsingar sem varða samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða, ef óskað er, sem hann hefur veitt.
Sérhver tilkynntur aðili skal einnig veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem varða samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða synjað.

Aðferðareining E1 (gæðatrygging vöru).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um hvernig framleiðandi, sem ber skyldur skv. 3. lið, sér til þess og lýsir yfir að færanlegi þrýstibúnaðurinn fullnægi viðeigandi skilyrðum reglna þessara. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa ∏-merkið á hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. Kenninúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti skal fylgja ∏-merkinu skv. 5. lið.

2. Framleiðandi skal taka saman tækniskjölin sem er lýst hér á eftir.
Samræmi færanlegs þrýstibúnaðar við viðeigandi skilyrði reglna þessara skal vera unnt að meta á grundvelli tækniskjalanna. Þau skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar um hönnun, framleiðslu og notkun færanlega þrýstibúnaðarins að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir slíkt mat:
   - almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum sem um ræðir,
   - heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
   - lýsingar og skýringar við fyrrnefndar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig færanlegi þrýstibúnaðurinn vinnur,
   - lýsingu á þeim lausnum sem urðu fyrir valinu til að fullnægja kröfum reglna þessara,
   - niðurstöður útreikninga við hönnun, upplýsingar um rannsóknir o.s.frv.,
   - prófunarskýrslur.

3. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við framleiðslu, lokaeftirlit og prófun færanlega þrýstibúnaðarins skv. 4. lið og skal gangast undir eftirlit skv. 5. lið.

4. *Gæðakerfi.*
   4.1. Framleiðandi skal sækja um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
   Í umsókn skulu koma fram:
      - allar viðeigandi upplýsingar um færanlega þrýstibúnaðinn sem um ræðir,
      - gögn um gæðakerfið.
   4.2. Samkvæmt gæðakerfinu er hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar athugað og viðeigandi prófanir gerðar til að tryggja að hann samræmist viðeigandi skilyrði reglna þessara. Alla þá þætti, kröfur og reglur sem framleiðandi hefur farið eftir skal skrá á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt. Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða færanlega þrýstibúnaðarins,
- aðferðum sem eru notaðar við samskeytingu hluta,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða eftir framleiðslu,
- aðferðum við eftirlit með skilvirkni gæðakerfisins,
- skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um hæfni og viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til að ákveða hvort það fullnægi kröfum samkvæmt lið 4.2.
Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á færanlega þrýstibúnaðinum sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsferð á framleiðslustað.
Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðanda. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

4.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.
Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfum samkvæmt lið 4.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

5. *Eftirlit á ábyrgð tilkynnts aðila.*

5.1. Tilgangur eftirlits er að tryggja að framleiðandi sinni skyldum sínum samkvæmt samþykkta gæðakerfinu.

5.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl,
- skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfni hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

5.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili hafa eftirlit með að framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og fari eftir því og skal tilkynnti aðilinn láta framleiðanda eftirlitsskýrslu í té. Reglubundið eftirlit skal vera svo oft að gagngert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.

5.4. Að auki getur tilkynntur aðili farið í eftirlitsferðir til framleiðandans án sérstaks fyrirvara. Þörfina á slíku viðbótareftirliti og tíðni þess skal meta á grundvelli eftirlitskerfis með ferðunum sem tilkynnti aðilinn annast. Eftirlit með ferðunum skal einkum beinast að eftirfarandi þáttum:
- flokki búnaðarins,
- niðurstöðum fyrri eftirlitsferða,
- þörfinni á að fylgja lagfæringum eftir,
- sérstökum skilyrðum varðandi viðurkenningu kerfisins, ef við á,
- verulegum breytingum á framleiðslufyrirkomulagi, stefnu eða tækni.

Við slíkar eftirlitsferðir er tilkynnta aðilanum heimilt að gera eða láta gera prófanir til að sannreyna að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um hverja eftirlitsferð og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

6. Framleiðandi skal í minnst tíu ár, eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðar hefur verið framleitt, hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins:
   - skjölin skv. 2. lið,
   - fylgiskjöl með umsókn samkvæmt lið 4.1,
   - gögn um breytingar sem vísað er til í 2. mgr. liðar 4.4,
   - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem vísað er til 3. mgr. liðar 4.3, 4. mgr. liðar 4.4 og liðum 5.3 og 5.4.

7. Sérhver tilkynntur aðili skal veita lögbærum stjórnvöldum innan Evrópska efnahagssvæðisins þær upplýsingar sem varða samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða, ef óskað er, sem hann hefur gefið út.
   Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem varða samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða synjað.

Aðferðareining F (sannprófun vöru).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins sér til þess og lýsir því yfir að færanlegi þrýstibúnaðurinn sem fellur undir ákvæði 3. liðar sé í samræmi við gerðareintak sem er lýst í:
   - vottorði um EB-gerðarprófun eða,
   - vottorði um EB-hönnunarprófun,

   og fullnægir viðeigandi skilyrðum reglna þessara.

2. Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferli tryggi að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við gerðareintakið sem er lýst í:
   - vottorði um EB-gerðarprófun eða,
   - vottorði um EB-hönnunarprófun,

   og fullnægi viðeigandi skilyrðum reglna þessara.
   Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa Π-merkið á hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar og gefa út samræmisyfirlýsingu.

3. Tilkynnti aðilinn skal gera viðeigandi athuganir og prófanir til að athuga samræmi færanlega þrýstibúnaðarins við viðeigandi skilyrði reglna þessara með því að athuga og prófa hvert eintak skv. 4. lið.
   Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal geyma afrit af samræmisyfirlýsingunni í tíu ár eftir að síðasta eintak þrýstibúnaðarins hefur verið framleitt.

4. *Sannprófun með athugun og prófun á hverju eintaki færanlegs þrýstibúnaðar.*
   4.1. Hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar skal sérstaklega athugað og viðeigandi prófanir gerðar til að sannreyna samræmi þess við gerðareintakið og viðeigandi skilyrði reglna þessara.
   Einkum skal tilkynntur aðili:

- ganga úr skugga um að starfsmenn, sem skeyta varanlega saman íhluti þrýstibúnaðar og gæðaprófa búnaðinn, séu hæfir eða viðurkenndir til þeirra verka,
- athuga vottorðið sem framleiðandi efnis gefur út,
- gera eða láta gera lokamatið og prófunina og skoða öryggisbúnaðinn ef við á.

4.2. Tilkynnti aðilinn skal festa eða láta festa kenninúmer sitt á hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar og gefa út skriflegt samræmisvottorð með hliðsjón af þeim prófunum sem gerðar hafa verið.

4.3. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tryggja að hann geti lagt fram samræmisvottorð tilkynnta aðilans ef óskað er.

Aðferðareining G (EB-sannprófun eininga).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um hvernig framleiðandi sér til þess og lýsir yfir að færanlegur þrýstibúnaður sem fengið hefur vottorð samkvæmt lið 4.1 fullnægi viðeigandi skilyrðum reglna þessara. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa ∏-merkið á þrýstibúnaðinn og gefa út samræmisyfirlýsingu.

2. Framleiðandi skal sækja um sannprófun eintaka hjá tilkynntum aðila að eigin vali. Í umsókninni skal koma fram:
   - nafn og heimilisfang framleiðanda og staðsetning færanlega þrýstibúnaðarins,
   - skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið send öðrum tilkynntum aðila,
   - tækniskjöl.

3. Samræmi færanlega þrýstibúnaðarins við viðeigandi skilyrði reglna þessara skal vera unnt að meta á grundvelli tækniskjalanna. Enn fremur skal hönnun, framleiðsla og notkun færanlega þrýstibúnaðarins vera útskýrð í tækniskjalinu.
   Tækniskjölin skulu innihalda:
   - almenna lýsingu á viðkomandi búnaði,
   - heildarhönnunar- og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, rafrásum o.s.frv.,
   - lýsingar og skýringar við fyrrnefndar teikningar og skýringarmyndir um það hvernig færanlegi þrýstibúnaðurinn vinnur,
   - niðurstöður útreikninga við hönnun, upplýsingar um rannsóknir o.s.frv.,
   - prófunarskýrslur,
   - viðeigandi ítarefni varðandi samþykki á framleiðslu- og prófunaraðferðum og hæfni og viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.

4. Tilkynnti aðilinn skal skoða hönnun og smíði hvers eintaks færanlegs þrýstibúnaðar og gera viðeigandi prófanir meðan á framleiðslu stendur til að tryggja að varan samræmist viðeigandi skilyrðum reglna þessara.

4.1. Tilkynnti aðilinn skal festa kenninúmer sitt eða láta festa það á færanlega þrýstibúnaðinn og gefa út samræmisvottorð vegna prófana sem gerðar hafa verið. Vottorðið skal varðveita í tíu ár.

4.2. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal tryggja að samræmisyfirlýsingin og samræmisvottorðið sem tilkynntur aðili hefur gefið út séu tiltæk ef þess er óskað.
Einkum skal tilkynntur aðili:

- skoða tækniskjölin með tilliti til hönnunar og framleiðsluaðferða,
- meta efnin sem eru notuð ef þau eru ekki í samræmi við viðeigandi skilyrði reglna þessara og athuga vottorðið sem framleiðandi efnis gefur út,
- samþykkja aðferðirnar sem eru notaðar við að skeyta varanlega saman íhluti þrýstibúnaðar,
- kanna gæðin og þær viðurkenningar sem krafist er,
- framkvæma eða láta framkvæma lokaskoðunina og prófunina og skoða öryggisbúnað ef við á.

Aðferðareining H (full gæðatrygging).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um hvernig framleiðandi, sem ber skyldur skv. 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að færanlegi þrýstibúnaðurinn sem um ræðir fullnægi viðeigandi skilyrði reglna þessara. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa ∏-merkið á hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar og gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. Kenninúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti skal fylgja ∏-merkinu skv. 4. lið.

2. Framleiðandi skal starfrækja samþykkt gæðakerfi við hönnun, framleiðslu, lokaskoðun og prófun skv. 3. lið og skal gangast undir eftirlit skv. 4. lið.

3. *Gæðakerfi.*

3.1. Framleiðandi skal sækja um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila að eigin vali. Í umsókninni skulu koma fram:
- allar viðeigandi upplýsingar um færanlega þrýstibúnaðinn sem um ræðir,
- gögn um gæðakerfið.

3.2. Gæðakerfið á að tryggja að færanlegi þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við viðeigandi skilyrði reglna þessara.

Alla þá þætti, kröfur og reglur sem framleiðandi hefur farið eftir skal skrá á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að aðferða- og gæðaráðstafanir, svo sem skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt. Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar- og vörugæða,
- þeim tæknilegu hönnunarforskriftum, þar með töldum stöðlum, sem beita skal,
- þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem verður beitt við hönnun færanlega þrýstibúnaðarins,
- tilsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu,
- þeim athugunum og prófunum sem verða gerðar fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,
- skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um hæfni og viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks,
- aðferðum við eftirlit með hönnunar- og vörugæðum færanlegs þrýstibúnaðar, og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til að ákveða hvort það fullnægi kröfum samkvæmt lið 3.2.

Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á færanlega þrýstibúnaðinum sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsferð á framleiðslustað.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðanda. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

3.4. Framleiðandi skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfum samkvæmt lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðanda um ákvörðun sína. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

4. *Eftirlit á ábyrgð tilkynnts aðila.*

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandi sinni skyldum sínum samkvæmt samþykkta gæðakerfinu.

4.2. Framleiðandi skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að hönnunar-, framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

- gögn um gæðakerfið,
- skýrslur um gæði sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðakerfisins, svo sem niðurstöður greininga, útreikninga, prófanir o.s.frv.,
- skýrslur um gæði sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðakerfisins, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfni hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili hafa eftirlit með að framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og fari eftir því og skal tilkynnti aðilinn láta framleiðanda eftirlitsskýrslu í té. Reglubundið eftirlit skal vera svo oft að gagngert endurmat eigi sér stað á þriggja ára fresti.

4.4. Að auki getur tilkynntur aðili farið í eftirlitsferðir til framleiðanda án sérstaks fyrirvara. Þörfina á slíku viðbótareftirliti og tíðni þess skal metin á grundvelli eftirlitskerfis með ferðunum sem tilkynnti aðilinn annast. Eftirlit með ferðunum skal einkum beinast að:

- flokki búnaðarins,
- niðurstöðum fyrri eftirlitsferða,
- þörfinni á að fylgja lagfæringum eftir,
- sérstökum skilyrðum varðandi viðurkenningu kerfisins, ef við á,
- verulegum breytingum á framleiðslufyrirkomulagi, stefnu eða tækni.

Við slíkar eftirlitsferðir er tilkynnta aðilanum heimilt að gera eða láta gera prófanir til að sannreyna að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um eftirlitsferðina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Framleiðandi skal í minnst tíu ár, eftir að síðasta eintak færanlegs þrýstibúnaðar hefur verið framleitt, hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins:

- fylgiskjölin með umsókn samkvæmt lið 3.1,
- gögn um breytingar sem vísað er til í lið 3.4,
- þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem vísað er til í 3. mgr. liðar 3.3, 4. mgr. liðar 3.4 og liðum 4.3 og 4.4.

6. Sérhver tilkynntur aðili skal senda lögbærum stjórnvöldum innan Evrópska efnahagssvæðisins þær upplýsingar er varða samþykki gæðakerfa sem hafa verið afturkölluð eða, að beiðni þeirra, veitt.
Sérhver tilkynntur aðili skal einnig veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem varða samþykki gæðakerfa sem hann hefur afturkallað eða synjað.

Aðferðareining H1 (full gæðatrygging með hönnunarprófun og sérstakt eftirlit með lokaprófun).

1. Auk krafnanna sem mælt er fyrir um í aðferðareiningu H gilda eftirtaldar kröfur:
   a) framleiðandi skal sækja um hönnunarprófun hjá tilkynnta aðilanum,
   b) í umsókninni skal hönnun, framleiðsla og notkun þrýstibúnaðarins vera útskýrð á greinargóðan hátt. Enn fremur skal vera unnt að meta samræmi búnaðar við samsvarandi skilyrði reglna þessara á grundvelli hennar.
   Í umsókninni skulu koma fram:
   – tæknilegar hönnunarforskriftir sem beitt hefur verið, að meðtöldum stöðlum,
   – fylgigögn sem sýna fram á að þær séu fullnægjandi. Slík fylgigögn skulu innihalda niðurstöður prófana sem gerðar hafa verið á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðanda eða fyrir hönd hans,
   c) tilkynntur aðili skal kanna umsóknina og, sé hönnunin í samræmi við viðeigandi skilyrði reglna þessara, gefa út vottorð um EB-hönnunarprófun til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda niðurstöður prófunarinnar, skilyrði fyrir gildi vottorðsins, nauðsynleg gögn til að unnt sé að bera kennsl á samþykktu hönnunina og, ef við á, lýsingu á því hvernig færanlegi þrýstibúnaðurinn vinnur,
   d) umsækjandi skal tilkynna tilkynntum aðila, sem hefur gefið út vottorð um EB-hönnunarprófun, um allar breytingar á hinni viðurkenndu hönnun. Breytingar á viðurkenndri hönnun skulu háðar viðbótarviðurkenningu tilkynnta aðilans, sem gaf út vottorðið um EB-hönnunarprófun, í þeim tilvikum sem þær kunna að hafa áhrif á samræmi við skilyrði reglna þessara eða skilyrði sem sett hafa verið um notkun færanlega þrýstibúnaðarins. Slíka viðbótarviðurkenningu skal veita í formi viðbótarefnis við upphaflega vottorðið um EB-hönnunarprófun,
   e) sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi vottorð um EB-hönnunarprófun sem hann hefur afturkallað eða synjað.

2. Lokamat er háð auknu eftirliti í formi fyrirvaralausra eftirlitsferða tilkynnta aðilans. Í slíkum eftirlitsferðum skal tilkynnti aðilinn annast skoðun á færanlega þrýstibúnaðinum.

II. HLUTI
Aðferð við endurmat á samræmi.

1. Í þessari aðferð er kveðið á um þá aðferð sem ætlað er að tryggja að færanlegur þrýstibúnaður, sem er settur á markað skv. b-lið 2. mgr. 1. gr., sé í samræmi við viðkomandi kröfur í gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

2. Notandinn skal láta tilkynntum aðila í té upplýsingar um færanlegan þrýstibúnað, sem hefur verið settur á markað, sem gera þeim aðila kleift að bera nákvæmlega kennsl á búnaðinn (uppruni, hönnun, reglur og, þegar um er að ræða asetýlen-hylki, einnig nákvæmar upplýsingar um holumassa). Notandinn skal, þegar við á, tilkynna um öll fyrirmæli um takmarkanir á notkun og senda áfram allar tilkynningar um skemmdir eða viðgerðir sem kunna að hafa farið fram.

Tilkynnti aðilinn verður einnig að kanna hvort lokar og annar aukabúnaður, sem gegnir beinu öryggishlutverki, tryggi öryggisstig á borð við það sem er skilgreint skv. 5. gr. þessara reglna.

3. Tilkynnti aðilinn skal kanna hvort færanlegi þrýstibúnaðurinn sem hefur verið settur á markað sé að minnsta kosti á sama öryggisstigi og færanlegi þrýstibúnaðurinn sem um getur í gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi. Könnunin skal fara fram á grundvelli skjalanna sem eru útbúin í samræmi við 2. lið og, þegar það á við, á grundvelli frekari skoðunar.

4. Ef niðurstöður áðurnefndra athugana eru fullnægjandi skal færanlegi þrýstibúnaðurinn falla undir reglubundna eftirlitið skv. III. hluta IV. viðauka.

5. Þegar um er að ræða raðframleidda geyma, ásamt lokum og öðrum aukabúnaði sem er notaður í flutningum, getur samþykktur aðili framkvæmt viðkomandi endurmat á samræmi sem byggist á einstökum athugunum á búnaði, sbr. 3. og 4. lið, að því tilskildu að tilkynntur aðili hafi áður framkvæmt þær aðgerðir vegna endurmats á samræmi skv. 3. lið.

III. HLUTI
Aðferð við reglubundna skoðun.

Aðferðareining 1 (reglubundin skoðun á vöru).

1. Í þessari aðferðareiningu er kveðið á um hvernig eigandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða handhafi tryggir að færanlegi þrýstibúnaðurinn, sem 3. liður gildir um, uppfylli áfram kröfur þessara reglna.

2. Til að uppfylla kröfurnar skv. 1. lið skal eigandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða handhafi gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að notkunar- og viðhaldsskilyrði séu með þeim hætti að færanlegi þrýstibúnaðurinn uppfylli áfram kröfur þessara reglna, einkum að:
   - færanlegi þrýstibúnaðurinn sé hafður til þeirra nota sem hann er ætlaður,
   - fyllt sé á hann á viðeigandi áfyllingarstöð,
   - séð sé um viðhald og viðgerðir eftir þörfum,
   - reglubundin skoðun fari fram.

   Ráðstafanir sem eru gerðar skulu skráðar og eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða handhafi skal hafa skjölin tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins.

3. Skoðunaraðili skal gera viðeigandi athuganir og prófanir til að kanna samræmi færanlega þrýstibúnaðarins við viðeigandi skilyrði reglna þessara með því að athuga og prófa hvert eintak.
   3.1. Athuga verður hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar og gera viðeigandi prófanir samkvæmt viðaukum við gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi til að sannreyna að hann uppfylli kröfur reglugerðarinnar.
   3.2. Skoðunaraðili skal festa eða láta festa kenninúmer sitt á hvert eintak sem hefur fengið reglubundna skoðun þegar eftir að skoðun fer fram og gefa skriflegt vottorð um reglubundna skoðun. Þetta vottorð getur gilt um nokkur eintök af búnaðinum (samstæðuvottorð).

3.3. Eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða handhafi verður að geyma vottorð um reglubundna skoðun, sbr. lið 2 og lið 2.3, að minnsta kosti þar til næsta reglubundna skoðun fer fram.

Aðferðareining 2 (reglubundin skoðun með gæðatryggingu).

1. Í þessari aðferðareiningu er eftirfarandi aðferðum lýst:
   - aðferð þar sem eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða handhafi, sem ber skyldur skv. 2. lið, sér til þess og lýsir yfir að færanlegi þrýstibúnaðurinn uppfylli áfram kröfur reglna þessara. Eigandinn, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða handhafi verður að festa dagsetninguna þegar reglubundin skoðun fór fram á allan færanlegan þrýstibúnað og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. Á eftir dagsetningu reglubundinnar skoðunar skal koma kenninúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á eftirliti skv. 4. lið,
   - aðferð, þegar um er að ræða reglubundna skoðun samþykkts aðila á tönkum skv. 1. mgr. 8. gr., þar sem samþykktur aðili ber skyldur skv. 4. mgr. liðar 2 og vottar að færanlegi þrýstibúnaðurinn uppfylli áfram kröfur þessara reglna. Samþykkti aðilinn verður að festa dagsetninguna þegar reglubundin skoðun fór fram á allan færanlegan þrýstibúnað og gefa vottorð um reglubundna skoðun.
     Á eftir dagsetningu reglubundinnar skoðunar skal koma kenninúmer samþykkta aðilans.

2. Eigandinn, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða handhafi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að notkunar- og viðhaldsskilyrði séu með þeim hætti að færanlegi þrýstibúnaðurinn uppfylli áfram kröfur þessara reglna, einkum að:
   - færanlegi þrýstibúnaðurinn sé hafður til þeirra nota sem hann er ætlaður,
   - fyllt sé á hann á viðeigandi áfyllingarstöð,
   - annast sé um viðhald og viðgerðir eftir þörfum,
   - reglubundin skoðun fari fram.

   Ráðstafanirnar sem eru gerðar skulu skráðar og eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða handhafi skal hafa skjölin tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins.
   Eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða handhafi skal tryggja að hæft starfsfólk og nauðsynleg aðstaða, í skilningi 3.–6. liðar I. viðauka, sé fyrir hendi til að framkvæma reglubundna skoðun.
   Eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafi eða samþykktur aðili skal starfrækja viðurkennt gæðakerfi fyrir reglubundna skoðun og prófanir á búnaði skv. 3. lið og skal gangast undir eftirlit skv. 4. lið.

3. *Gæðakerfi.*
   3.1. Eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafi eða samþykktur aðili skal sækja um mat á gæðakerfi sínu fyrir færanlegan þrýstibúnað hjá tilkynntum aðila að eigin vali. Í umsókn skulu koma fram:
      - allar viðeigandi upplýsingar um færanlega þrýstibúnaðinn sem er skoðaður reglulega,
      - gögn um gæðakerfið.

3.2. Samkvæmt gæðakerfinu er hvert eintak færanlegs þrýstibúnaðar skoðað og viðeigandi prófanir gerðar til að tryggja að hann samrýmist kröfum í viðaukum við gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi. Alla þá þætti, kröfur og reglur sem framleiðandi hefur farið eftir skal skrá á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið verða að vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár er varða gæði séu alltaf túlkaðar á sama hátt.
Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:
- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða færanlega þrýstibúnaðarins,
- þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða í reglubundinni skoðun,
- aðferðum við eftirlit með skilvirkni gæðakerfisins,
- skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um hæfni og viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks.

3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til að ákveða hvort það fullnægi kröfunum samkvæmt lið 3.2.
Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á færanlega þrýstibúnaðinum sem um er að ræða. Hluti af matsverkefninu skal vera eftirlitsferð á athafnasvæði eiganda, viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafa eða samþykkts aðila.
Ákvörðunin skal tilkynnt eiganda, viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafa eða samþykktum aðila. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

3.4. Eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafi eða samþykktur aðili skal skuldbinda sig til að rækja skyldur sínar vegna gæðakerfisins, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.
Eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafi eða samþykktur aðili skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem samþykkt hefur gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
Hann skal tilkynna eigandanum, viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafa eða samþykktum aðila ákvörðun sína. Í tilkynningu skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

4. *Eftirlit á ábyrgð tilkynnts aðila.*

4.1. Tilgangur eftirlits er að tryggja að eigandinn, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafi eða samþykktur aðili ræki skyldur sínar vegna samþykkta gæðakerfisins.

4.2. Eigandinn, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafi eða samþykktur aðili skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að framleiðslu-, eftirlits-, prófunar- og geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl,
- skýrslur um gæði, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, skýrslur um menntun og hæfni hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili hafa eftirlit með að eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafi eða samþykktur aðili viðhaldi gæðakerfinu og fari eftir því og skal tilkynnti aðilinn láta eiganda, viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafa eða samþykktum aðila eftirlitsskýrslu í té.

4.4. Að auki getur tilkynntur aðili farið í fyrirvaralausar eftirlitsferðir til eigandans, viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafa eða samþykkts aðila. Í slíkum eftirlitsferðum getur tilkynnti aðilinn, ef þörf krefur, framkvæmt eða látið framkvæma prófanir til að sannreyna hvort gæðakerfið vinnur rétt. Tilkynnti aðilinn skal gefa eiganda, viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafa eða samþykktum aðila skýrslu um vitjunina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Eigandi, viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, handhafi eða samþykktur aðili skal, í minnst tíu ár eftir síðustu reglubundna skoðun færanlegs þrýstibúnaðar, hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins:
   - skjöl um athuganir og prófanir sem skulu gerðar í reglubundinni skoðun,
   - gögn um breytingar sem vísað er til í 2. mgr. liðar 3.4,
   - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem vísað er til í 3. mgr. liðar 3.3, 4. mgr. liðar 3.4 og liðum 4.3 og 4.4.

V. VIÐAUKI
Aðferðareiningar sem á að fara eftir við samræmismat.

Í töflunni hér á eftir kemur fram hvaða aðferðareiningum, af þeim sem lýst er í I. hluta IV. viðauka, á að fara eftir þegar um er að ræða færanlega þrýstibúnaðinn sem er skilgreindur í 1. mgr. 3. gr.

Flokkar færanlegs þrýstibúnaðar	Aðferðareiningar
1. Geymar þar sem margfeldi prófunarþrýstings og rúmtaks fer ekki yfir 30 MPa x lítri (300 bör x lítri)	A1, eða D1 ásamt E1
2. Geymar þar sem margfeldi prófunarþrýstings og rúmtaks fer yfir 30 en ekki yfir 150 MPa x lítri (300 og 1500 bör x lítri, í þeirri röð)	H, eða B ásamt E, eða B ásamt C1 eða B1 ásamt F, eða B1 ásamt D
3. Geymar þar sem margfeldi prófunarþrýstings og rúmtaks fer yfir 150 MPa x lítri (1500 bör x lítri), og eins fyrir tanka	G eða H1, eða B ásamt D, eða B ásamt F

1. Færanlegur þrýstibúnaður skal, að vali framleiðandans, fara í samræmismat með einhverri af þeim aðferðum sem kveðið er á um fyrir þann flokk búnaðar sem um er að ræða. Þegar um er að ræða geyma, eða loka eða annan aukabúnað með þeim, sem eru notaðir í flutningum, getur framleiðandinn einnig kosið að beita einhverri af þeim aðferðum sem eru ætlaðar fyrir búnað sem er ofar í flokkunarröðinni.


2. Tilkynntur aðili sem fer í fyrirvaralausar eftirlitsferðir skal, innan ramma aðferðar við gæðatryggingu, taka sýnishorn af búnaðinum á framleiðslu- eða geymslustað til að framkvæma eða láta framkvæma athugun samkvæmt kröfum þessara reglna. Í því skyni skal framleiðandinn upplýsa tilkynnta aðilann um framleiðsluáætlun sína. Tilkynnti aðilinn skal fara í að minnsta kosti tvær vitjanir á fyrsta framleiðsluárinu. Hann skal ákveða tíðni frekari eftirlitsferða á grundvelli viðmiðana samkvæmt lið 4.4 í viðkomandi aðferðareiningu í I. hluta IV. viðauka.

VI. VIÐAUKI
Skrá yfir hættuleg efni önnur en efnin í 2. flokki sem um getur í 3. gr.

SÞ-númer	Flokkur	ADR/RID-tölur	Hættuleg efni
1051	6,1	1	Stöðug blásýra
1052	8	6	Vatnsfirrt vetnisflúoríð
1790	8	6	Flúrsýra

VII. VIÐAUKI
Samræmismerki.

Samræmismerkið skal vera með eftirfarandi útliti:



Ef merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan vera óbreytt.

Einstakir hlutar merkisins skulu hafa nokkurn veginn sömu lóðréttu málin og mega þau ekki vera undir 5 mm.

Veita má undanþágu frá þessari lágmarksstærð þegar um er að ræða lítil tæki.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 42/1999, með síðari breytingum, fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. tölulið 1. greinar.

Síðasti málsliður 2. töluliðar fellur brott.

2. gr.

4. gr. orðast svo:

Við beitingu á gjaldskrárliðum skal farið eftir skýringum í fylgiskjali I sem fylgir gjaldskrá þessari.

Við beitingu á gjaldskrárliðum 571-574, 630-631 og 706-707 skal þó farið eftir skýringum í fylgiskjali II með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Eftirfarandi texti verður fylgiskjal I með gjaldskránni:

Fylgiskjal I.

Skýringar við notkun gjaldskrár fyrir tannlækningar.

Tannlæknum ber að hafa hliðsjón af skýringum þessum við beitingu gjaldskrár.

0. Flokkur: ALMENNUR

Almennt:

Meðferðartímabil.

Meðferðartímabil nær til þess tíma, sem tekur að ljúka einni eða fleirum tannaðgerðum á samfelldu tímabili, t.a.m. einum eða fleiri dögum eða vikum. Gangi sjúklingur reglulega til tannlæknis eru meðferðartímabil að jafnaði tvö á ári.

001-007 skoðun og greining:

001 *viðtal (consultatio)*

Sjúklingi veitt viðtal, munnleg ráðgjöf, lágmarksskoðun; Innifalið: Lyfseðill, tilvísun og einföldustu form vottorða (sbr. 005). Gjaldliðurinn 001 er afmarkaður og fer ekki saman með öðrum gjaldliðum skrárinnar.

002 *bráðahjálp*

Skyndiheimsókn sjúklings til tannlæknis, sem ekki hefur sjúklinginn á meðferðarskrá sinni. Er oftast um að ræða verkjastillandi meðferð (palliative treatment). Bráðahjálp er verðlögð eftir tímaeiningu og undir hana falla aðgerðir, sem verðlagðar eru í gjaldskrá skv. tímaeiningu; ennfremur afkastaaðgerðir sem ekki fæst lokið við í heimsókninni, en annar tannlæknir lýkur. Með því að umreikna heildartíma heimsóknar í tímaeiningar, fæst 002 -einingarfjöldi hennar.

Afkastagjaldliður sem lokið er við, sbr. töku röntgenmyndar, heldur gildi sínu og er skráður sem slíkur á greiðslukvittun.

003 *skoðun (examinatio initialis)*

Fyrsta koma sjúklings. Sjúkrasaga (anamnesis) skráð og ásigkomulag tyggingafæra (status presens) greint.

Sjúklingur fræddur um ástand tanna sinna, æskileg meðferð kynnt og lausleg meðferðar- og kostnaðaráætlun.

004 *áfangaskoðun (examinatio periodicalis)*
Skráður sjúklingur (sbr. 003) kemur í boðaða skoðun. Við áfangaskoðun er fylgst með framvindu tannheilsu sjúklings og meðferð endurskoðuð, ef þörf er á. Áfangaskoðun er verðlögð samkvæmt tímaeiningunni 004 og felur hún í sér gjaldliði, sem verðlagðir eru á gjaldskrá skv. tímaeiningu (sbr. tannhreinsun, slípingar o.s.frv.). Eru þeir ekki aðskildir á greiðslukvittun heldur er samanlagður mínútutími þeirra, heildartími heimsóknarinnar, skráður á kvittunina undir tímaeiningu 004. Hins vegar halda gjaldliðir verðlagðir samkvæmt afkastaeiningu, eins og t.a.m. röntgenmynd, gildi sínu og eru skráðir sem slíkir á greiðslukvittun. Við áfangaskoðun vegna fortannlækninga verður liðnum ekki beitt oftar en tvisvar á ári, sbr. þó lið 117.

005 *lyfseðill, vottorð, tilvísun*
Lyfseðill/símalyfseðill, einn eða fleiri við sama gjaldi; vottorð v/vinnutaps o.s.frv.; tilvísun á tannlækni, lækni/læknisfræðilegan aðila. Ekki tekið gjald fyrir 005 við venjulega aðgerðarheimsókn (tannfyllingu skurðaðgerð o.s.frv.).

006 *læknisvottorð, umsókn (stöðluð eyðublöð)*
Margþátta umsóknir eða læknisvottorð vegna tryggðra sjúklinga m.a. til Tryggingastofnunar ríkisins eða heilbrigðis- og félagsmálaaðila.

007 *áætlunargerð/álitsgerð*
Meðferðar- og/eða kostnaðaráætlun/mat/greinargerð eða álitsgerð unnin samkvæmt tímaeiningu, en sé um viðamikinn texta að ræða (umfram 3xT) skal semja við Tryggingastofnun ríkisins um þóknun.

010-024 röntgenmyndataka (röntgenographia)/ljósmyndataka

Almennt:

Greining innifalin nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá heimilar eina upphafsmynd (010) tekna á meðferðartímabili, sem spannar aðgerðir 310-322 aðrar myndir sem kunna að verða teknar skulu verðlagðar eftir gjaldlið 011.

010 *upphafsmynd*
Upphafsmynd tekin á smáfilmu (periapical film, bitewing).

011 *viðbótarmynd í heimsókn*
Viðbótarmynd tekin á smáfilmu í sömu heimsókn og 010.

012 *vængjaröntgen (bitewing)*
Annarrar eða beggja hliða myndataka af tannbogum. Algengur aðgerðarliður við greiningu (á tannátu) og skoðun. Fortannlækningar: sjá 108.

013 *heildarröntgen (intraoral status) á fullvöxnum einstaklingi*
Varið er til tökunnar 12 smáfilmum (periapical/bitewing). Mynduð eru við statustöku tennt sem tannlaust svæði.

014 *heildarröntgen (intraoral status) á barni*
Varið er til tökunnar 5 smáfilmum (periapical/bitewing).

015 *bitfilma (occlusalmynd)*
Stórfilma notuð innan munns við myndatöku á tannbogum og næsta umhverfi.

016 *kjálkaliðsmynd (transpharyngeal)*
Annarrar eða beggja hliða röntgentaka af kjálkaliðum. Kassettufilma.

017-018 *andlitsröntgen*
Myndatökur sem framkvæmdar eru að staðaldri við greiningu við skurðaðgerðir; við bitlækningar, kassettufilmur. Fortannlækningar: sjá 109.

020 - 021 *tekið eftir frummyndum (duplicering)*
Gjaldliðirnir vísa til eftirtöku á röntgenmyndum, sem skráðar eru undir gjaldnúmerunum 010-012 og 015-020.

022-023 *teknar tvímyndir (two-film technic)*
Tveggja filmu umslag er notað við töku tvímyndar og fengin tvö filmueintök af sama myndsviði. Gjaldliðirnir vísa til töku tvímynda af röntgenmyndum, sem skráðar eru undir gjaldnúmerum 010-012 og 015-020. Við töku tvímyndar er skráð gjaldnúmer hlutaðeigandi röntgenmyndar og gjaldnúmer þess viðbótargjalds (023/024) sem við á hverju sinni.

024 *ljósmyndun (photographia)*
Ljósmyndun er sjúkragagn, sem notað er við að greina og/eða skjalfesta vanskaptan mjúkan og harðan tannvef, fyrir, og eftir á hinum ýmsu stigum meðferðar.

025-026 *bitgreining við afsteypur (model)*
Gjaldliðir innifaldir í smíði tanngerva í 6., 7. og 8. flokki sem klínískir verkþættir. Séu þeir þar liðir í undirbúningi að meðferð, sem ekki verður af, taka þeir gildi.
025 tekið mát fyrir gifsafsteypu (vinnumódel (stúdíumódel)).
026 bit greint og skráð af lausum eða samtilltum afsteypum (í bithermi).
Max 2xT.

030-040 *deyfingar (anaesthesis intraoralis et extraoralis)*
Deyfing er innifalin í þeim tannaðgerðum, sem að staðaldri er deyft við eins og t.a.m. aðgerðum á tannvegi og kjálkum. Deyfing verðlögð eftir því hvort ísíað er eða leiðsludeyft. (Extraoral deyfing felur í sér sömu eða svipuð deyfisvæði og intraoral deyfing, nema deyfingu á kjálkalið).
030 *yfirborðsdeyfing (topical deyfing)*
Úðað/smurt kremi (pasta) á svæði, sem stungudeyfa skal. Gjald fast á heimsókn; gildir einu hvort um eitt eða fleiri deyfisvæði er að ræða.
031 *staðdeyfing (local)*
Húðflötur/gómstæði einnar til þriggja tanna ísíað (infiltration).
032 *svæðisdeyfing (regional).*
Tennt sem tannlaust svæði stofntaugar ísíað (infiltration) og/eða leiðsludeyft (block) ekki tekið sérstaklega fyrir, þegar deyfð eru svæðamörk.

035 *glaðloft (nitrous-oxide sedation)*
Mest 3xT í sömu heimsókn.

040 *fortölur (psychogen suggestion)*
Aðlögunarmeðferð verðlögð mest 2xT í sömu heimsókn; mest 4xT á meðferðartímabili og er þá miðað við, að meðferðartímabil séu tvö árlega. Fortölur gildi fyrir börn allt að 12 ára. Fyrir einstaklinga sem þurfa á frekari hjálp að halda, skal sækja um til tryggingatannlæknis.

050-054 *rannsóknir*
050 smitstroka tekin á stofu og send til rannsóknar. Sjúklingur greiði tannlækni kostnað vegna töku (flutningur og rannsókn verðlögð aukreitis).
051 munnvatnsprufa tekin á stofu og ýmist greind þar eða send í rannsókn (sbr. 050).
052 vefjasýni (biopsi) tekið úr yfirborði mjúkvefs. Sjálfstæð aðgerð.
053 vefjasýni tekið grunnt úr beini. Sjálfstæð aðgerð.
054 vefjasýni tekið samfara aðgerð, verðlagt samkvæmt tímaeiningu.

055 *eftirmeðferð*
Sjúklingur leitar læknis eftir meðferð; viðbragð sjúklings við meðferðinni óvænt (hliðarverkun) og utan almennra verkþátta aðgerðarinnar eins og hún er skráð í gjaldskrá og skilgreind akademískt.

060 *sjúklings vitjað utan stofu*
Sjúklings, sem ekki er rólfær, vitjað heima eða á stofnun. Verðlagt eftir tímaeiningu.

061 *bráðaútkall*
Útkall til að sinna sjúklingi, sem þarf á hjálp að halda vegna slyss eða viðlíka aðstæðna. Verðlagt eftir tímaeiningu.

1. flokkur: FORTANNLÆKNINGAR (therapia preventiva)

Almennt:

Tannhreinsun innifalin í gjaldliðum 110-111, 115-116 og 125.

Gjaldliðir 110 og 111 notist eigi oftar en tvisvar á ári, sbr. þó liði 118 og 119.

101-102 tannfræðsla (motivatio et instructio):

101 *bein fræðsla (dir. motiv.):*
Sjúklingurinn er fræddur um ástand tyggingafæra sinna með hjálp röntgenmynda, afsteypa o.s.frv. Rætt við sjúklinginn um þá kosti, sem standa honum til boða varðandi meðferð og viðhald tanna hans. Sjúklingnum leiðbeint (instruction) um val og notkun á tannhreinsitækjum (tannbursta, tannþjöl (þrístrendum tannstöngli), tannþræði). Hámarkstími 4xT á tímabilinu.

102 *óbein fræðsla (indir. motiv.):*
Almenn fræðsla í tali, texta, myndum og öðrum tiltækum hjálpargögnum um fortannlækningar (prophylaxis: tannhreinsun, flúornotkun, mataræði, skorufyllur); um eðli tannsjúkdóma og meðferð við þeim. Óbein fræðsla verður ekki seld á tannlæknastofu nema tannlæknir eða aðstoðarmaður hans sé viðstaddur fræðslustundina. Efnisval og flokkun fræðslunnar verður miðuð við aldur og þroska sjúklings enda útgefið af viðurkenndum fræðsluaðilum á sviði tannlækninga og samþykkt af samstarfsnefnd TR og TFÍ.

104 *tannhreinsun (depuratio supragingivalis)*
Sýklaðar tennur hreinsaðar (sýklulitun innifalin) og/eða tannsteinn skafinn (scaling); tennur pússaðar, í senn fyrirbyggjandi meðferð og upphaf á meðferð við tannátu og/eða tannvegsbólgum (gingivitis - periodontitis).

105 *tannhreinsun og slípaðar gamlar fyllingar*
105 tennur hreinsaðar, pússaðar og/eða gamlar fyllingar slípaðar og fægðar.

108 *röntgen, bitewing í forvarnarskyni*
Annarrar eða beggja hliða myndataka af tannbogum í forvarnarskyni.

109 *röntgen, bitewing í forvarnarskyni*
Kjálkasneiðmynd. Yfirlitsmynd yfir stöðu og fjölda tanna/tannkím greind o.s.frv.

110-111 *flúorverndun tanna (fluorprophylaxis)*
110 flúorlökkun
Við flúorlökkun skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda þess lakks sem notað er (lakkið skal viðurkennt af N.I.O.M. og A.D.A.). Eftirfarandi verkþættir eru fólgnir í flúorlökkun tanna:

1) Tennur hreinsaðar og pússaðar, tannhliðar (interproximal tannveggir) með tannþræði/tannþjöl.
2) Tennur þurrkaðar, einn sjöttungur (segment) í senn.
3) Lakkað eftir leiðbeiningum framleiðanda (tannhliðar með blæstri/tannþræði/tannþjöl).
4) Sjúklingi leiðbeint um hvenær óhætt sé að eta eða bursta tennur eftir lökkun.

111 *flúorpenslun*
Meðferð hliðstæð gjaldlið 110 nema hvað flúorefnið er annað og meðferð í samræmi við það.

115-116 *tyggiskorum lokað (fissure sealing)*
Gjaldliðurinn varðar meðferð á tyggiskorum (barnatanna) fullorðinsjaxla og bakpitt (foramen coecum) framtanna allt að tveimur árum frá uppkomu. Tvær eða fleiri fyllur í sama skorukerfi telst ein fylla (sbr. Skorukerfi „Almennt“ tannfyllingar).

Eftirfarandi verkþættir eru fólgnir í að loka tyggiskorum með plastfyllum:
1) Skoran hreinsuð og pússuð.
2) Skoran þurrkuð og ætt.
3) Sýran fjarlægð.
4) Skoran þurrkuð og fyllan lögð.
5) Fyllu og umhverfi haldið þurru meðan harðnar.
6) Stærð og þéttleiki fyllu kannaður og fyllan endurnýjuð hafi hún misheppnast.

120 *kvikuprófun (pulpatest)*
Ekki tekið sérstaklega fyrir kvikuprófun á tönn í meðferð. Kvikuprófun er sjálfstæður gjaldliður, þegar umfangsmikil könnun fer fram á taugaboðum. Sé stuðst við deyfilyf er verðlagt skv. gjaldliðum í deyfingu (030-032), en gjaldskrárnúmerið 120 þá jafnhliða skráð óvirkt (kr. =) til að upplýsa hver tilgangurinn sé með deyfingu.

125 *meðferð við sárum tannhálsum (applicatio desensibilisationis)*
Flúormeðferð (upplausn/pasti). Flúor (fluor) og skyld efni notuð við kulvísum sárum eða viðkvæmum („hypersensitivum") tannhálsum, sem upp koma í kjölfar aðgerðar eða af öðrum þekktum sem óþekktum orsökum.

2. flokkur: TANNFYLLING (restorationes dentium)

Almennt:

Skorukerfi (fissure's system).

Fylling telst vera einflata fylling enda þótt hún gangi af einum tannfleti yfir á annan, t.a.m. af tyggingafleti yfir á kinnarflöt, sitji hún í sama skorukerfi. Sé silfrinu þjappað í „matrissu", telst fyllingin ekki einflata.

Bráðabirgðafrágangur.

Frágangur á tönn til bráðabirgða milli heimsókna er ekki verðlagður sérstaklega heldur skoðast sem verkþáttur þeirra aðgerðar, sem unnið er að hverju sinni og verðlögð er skv. gjaldnúmeri sínu.

201-208 *ljóshertar fyllingar (composite resin)*
Aðgerðarliðir ná yfir fyllingar í framtönnum, augntönnum, barna- og fullorðinstanna. Fyllingar flokkaðar eftir stærð. Gjaldliðir fela í sér tannskurð, botnlag, sýruætingu á glerungi, ísetningu og ljósherslu og frágang (slípingu/pússning).
205-206 Sama aðgerð og skilgreind í 201-204 en takmarkast við I.cl. og V.cl. í jöxlum.

210-219 *glerjónafyllingar (glass ionomer cement)*
Gjaldliðir fela í sér tannskurð, botnlag, ísetningu og frágang (slípingu/pússningu) glerjónafyllinga eftir viðurkenndum aðferðum. 211, 213, 215 viðbótarfylling nær yfir viðbótarfyllingu úr sömu flokkum og samsvarandi fylling í flokkum 210, 211 og 214; settar í sömu heimsókn.

220-225 *önnur fyllingaefni (tannlituð)*
Gjaldliðir taka til þeirra fyllingaefna sem viðurkennd eru af N.I.O.M. og A.D.A. og samþykkt af samstarfsnefnd TR og TFÍ. Verkþættir gjaldliða sbr. 201-215.

230-235 *amalgamfyllingar*
Gjaldliðir ná til framtanna, augntanna, forjaxla og fremri barnajaxla; 231 og 237, viðbótarfyllingar, eiga við fyllingar af gerð 230 og 236 sem sett(ar) eru í sömu heimsókn. Gjaldliður felur í sér tannskurð, botnlag, ísetningu og mótun.

236-241 *amalgamfyllingar*
Aðgerðarliðir ná til fullorðingsjaxla og aftari barnajaxla; 237 viðbótarfylling á við 236. Verkþættir gjaldliða sbr. 230-235.

245 *bráðabirgðafylling*
Bráðabirgðafylling telst sjálfstæður gjaldliður ljúki læknir ekki aðgerð heldur starfsbróðir hans (sbr. bráðahjálp).
250 *tannspelkun*
Tilgerðri eða staðlaðri spelku komið fyrir. Notuð þegar halda þarf opnu skarði eftir brottfall (barna) tannar.
255 *parapulpalstifti*

Ýmislegt

256 *tannbeinsstifti*
Stifti fest í tannbein utan tannhols. Viðbótarstifti (256) í sömu heimsókn. Sett til styrktar og festuauka vegna plastiskrar fyllingar.
257 *rótarstifti*
Stifti fest í rótargang á rótfylltri tönn til að auka festu plastískrar fyllingar.
258 *stöðluð stálkróna*
Gjaldliðurinn felur í sér, að tannkrónan er tilskorin og/eða uppbyggð (innifalið minni háttar Ag-, plast- eða sementfylling); stálkrónan felld að, fest og bitstillt.
259 *stöðluð plastkróna*
Sama og 258 utan þess að hér er krónan úr plasti en ekki stáli.
260-261 *gúmmídúkur settur*
262 *aukabotnlag*
Innifalið í verði allra venjulegra fyllinga er einfalt botnlag. Aðgerðarliðurinn aukabotnlag er notaður ef þörf er á sérstakri einangrun til viðbótar einföldu botnlagi.

3. flokkur: TANNHOLSAÐGERÐIR (endodontia)

Almennt:

Frágangur (bráðabirgðafylling) innifalin; varðveita skal röntgenmynd(ir) við upphaf rótaraðgerða og eftirlitsmyndir. Heimiluð er ein upphafsmynd (010) á meðferðartímabili sbr. 310-322.

301 *kvikuköppun (pulpaoverkapping)*
Strípuð kvika þakin með kvikupasta ($Ca(OH)_2$) og gengið frá með bráðabirgðafyllingu.
305-306 *krónukvika fjarlægð (pulpotomia)*
305, eftir að krónukvika hefur verið fjarlægð er kvikupasti lagður á kvikusárið (vital amputation) og gengið frá með bráðabirgðafyllingu.
306, formokresolmeðferð. Einþrepa: hnoðri vættur í formokresolvökva er borinn að kvikusárinu og það fellt („fixerað") og gengið frá með bráðabirgðafyllingu. Tvíþrepa: Bómullarhnoðrinn látinn liggja á sárinu til næstu heimsóknar og tönnin þá fyllt. Gjald óbreytt fyrir ein- og þvíþrepa meðferð.
310-312 *tannkvika fjarlægð (pulpectomia)*
Meðferð er fólgin í að fjarlægja tannkviku, víkka út og sótthreinsa tannholið. Aðgerðarliðir eru tveir og gerast í einni eða fleiri heimsóknum:
310-319 fyrsta úthreinsun (extirpation): Tönnin er vital/nonvital. Sýkt sem ósýkt tannkvika fjarlægð. Tannholið sótthreinsað og eftir atvikum gengið frá með sótthreinsunarinnleggi (paperpoint o.s.frv.) og bráðabirgðafyllingu.
315-318 *útvíkkun/skipt á tönn*: Útvíkkun beint framhald af fyrstu hreinsun. Undir gjaldliðinn fellur einnig „skipt á tönn" (samfara því er sýklasýni einatt tekið (350)). Tönnin undirbúin fyrir rótfyllingu.
319 *gömul rótfylling fjarlægð*
Verðlagt er eftir tímaeiningu.

320-322 *rótfylling*

Fyllingaefni puðrað ($Ca(OH)_2$ o.fl.), þjappað (guttapercha) eða fest (silfurstifti) í rótargang; lokað með bráðabirgðafyllingu. Tala rótfylltra ganga miðast við einstaka tönn, dæmi: Tvær einróta tennur fylltar flokkast undir gjaldnúmer 320x2.

325-327 *úthreinsun, útvíkkun og rótfylling*

Meðferð á vital tönn. Meðferðin gerist í einni heimsókn sjúklings: taug fjarlægð, útvíkkað, rótfyllt.

330 *kvikudreppasti lagður á tannkviku (devitalisatio pulpae dentis)*

Dreppasti lagður á kviku tannar, sem síðar skal rótfylla.

350 *sýklasýni úr rótargangi*

Taka sýklasýnis við rótarmeðferð á sýktri tannkviku. Hámark 1xT.

355 *lýsing á litaðri tönn*

Kvikuholið hreinsað og baðað upp úr H_2O_2 eða viðlíka efnum og tannholið síðan geislað til að flýta fyrir verkan upplausnarinnar; litarefni eytt og tönnin bleikt.

4. flokkur: TANNVEGSLÆKNINGAR (periodontia)

Almennt:

Deyfing, saumur og umbúðir innifaldar nema í 400, 455.

Aðgerðarsvæði skilgreind:

Sjöttungsaðgerð, tannstæði allt að 6 tönnum. Fjórðungsaðgerð: tannstæði 7 til 9 tanna. Þriðjungsaðgerð: tannstæði 10 til 13 tanna.

Sjöttungsauki; aðgerðarsvæði allt að 6 tönnum, er notaður í samstæðum eða blönduðum aðgerðum. Dæmi: Tannholdsgræðingur ágræddur í sjöttungsaðgerð, en aðgerðarsvæðið síðan stækkað við flipun um sjöttung. Stækkunin talin jafngilda sjöttungsauka grunnflipa (425), en ágræðsla og flipun eru lögð að jöfnu hvað verð áhrærir.

Aðgerðarsvæði er ýmist samfellt eða tennur þess dreifðar um tannbogana. Höfðað er til faglegs mats tannlæknisins varðandi flokkun og skráningu á aðgerðarsvæðum.

400-405 *hreinsun á mjúkpokum (depuratio subgingivalis)*

400-403 djúphreinsun á mjúkum ofanbeins tannpokum dýpri en 2 til 3 mm. Hreinsaður er mjúkveggur tannpokans (curettage) og slípaður rótarveggur hans (rootplaning). Ekki er verðlagt sérstaklega þótt tannholdsbrún sé sniðin („trimmuð") samfara hreinsun á mjúkpoka.

404-405 endurfesta (new attachment, reattachment); beinpoki (3ja veggja) hreinsaður, tannholdsbrún sniðin eftir atvikum og tönnin pökkuð. Sjálfstæð aðgerð. Falli hún inn í flipaaðgerð telst hún verkþáttur flipans og því ekki verðlögð sérstaklega; fari fram tannholdskurður (gingivectomia) samfara endurfestuaðgerð, er tannholdskurður verðlagður skv. sjöttungsauka (408).

410-413 *tannholdsskurður (operatio gingivalis)*

Einfaldur tannholdskurður (gingivectomia) og/eða mótun á gingiva (gingivoplastica). Notað kalt (hnífur), heitt (electrosurgery) skurðverkfæri eða fræst. Verkþættir við skurð og mótun á tannholdi eru eftirfarandi: deyfing, skurður (fræsing), umbúðir lagðar; umbúðir fjarlægðar. Aðför að tannholdsbrún til að koma fyrir fyllingu eða steyptu tanngervi flokkast ekki undir þennan gjaldlið, hafi fyrrnefndum verkþáttum ekki verið beitt.

415-416 *aðgerðir á kinnar- og vararbotni (vestibuloplastica)*

415 gjald fyrir aðgerð á vararhafti er jöfnunargjald fyrir frenotomia, frenectomia og aðgerð á frenulum tectolabiale.

420-430 *flipun (operatio mucogingivalis)*

Tannvegsflipun (periodondal flapoperation), kirirgisk opnun inn á sjúkan mjúkan og/eða harðan vef. Ostectomi og/eða osteoplasti (exostosis, torus o.s.frv.) eru verkþættir flipans.

435-436 *tanndeiling (hemisectio dentis)*

Jöfnunargjald er fundið á afskurði (amputation) á rótum efri- og neðrigóms jaxla annars vegar og klofningi á tönn (báðir rótarpartar látnir halda sér). Aðgerðir þessar fá því eitt og sama gjaldskrárnúmer (435)

440 *tannholdsflutningur (transplantatum autogenum gingivae)*

Tannholdsgræðingur (graft) fluttur úr tökustað (donor site) á móttökustað (recipient site) og gengið frá. Fari samtímis fram aðgerð á gingiva (gingivect., flap) er hún verðlögð skv. sjöttungsauka viðkomandi aðgerðar.

445-447 *sáraumbúðir*

Gjaldliðurinn felur í sér, að hrærðar umbúðir eða deigumbúðir (periopack o.fl.) eru lagðar á sjöttungsaðgerðarsvæði og þaðan af stærra. Ekki tekið sérstaklega fyrir sáraumbúðir nema framlengja þurfi umbúðartímann umfram það sem eðlilegt er talið; ennfremur þegar sáraumbúðir teljast ekki til fastra verkþátta aðgerðar.

455, 460 *ýmislegt*

455, stungið á kýli (abscess); oft um bráðahjálp að ræða og farið þá skv. reglum um veitta bráðahjálp (002). Skráður sjúklingur fær úrlausn samkvæmt meðferðaráætlun.

460, slípað skaðabit (sec. traumatism) tilkomið vegna bólgu í tannslíðri (periodontium), þrýstitönn í ofbiti (supraocclusion).

5. flokkur: MUNN- OG KJÁLKASKURÐLÆKNINGAR (chirurgia)

Almennt:

Deyfing, saumur, vírun, umbúðir innifaldar nema í 580-581; saumur ekki innifalinn í 500-502.

Aðgerðasvæði skilgreind:

Sjöttungsaðgerð: tannstæði allt að 6 tönnum.

Fjórðungsaðgerð; tannstæði 7-9 tanna. Þriðjungsaðgerð: tannstæði 10-13 tanna. Sjöttungsauki: aðgerðasvæði allt að 6 tönnum.

Aðgerðarsvæði er ýmist samfellt eða tennur þess dreifðar um tannbogana.

Höfðað er til faglegs mats tannlæknisins varðandi flokkun aðgerða.

500-502 *auðdregnar tennur (extractio dentium)*

500 hæg tönn/rót dregin

501 tönn eða rót með eðlilegri festu dregin

502 viðbótartönn eða rót dregin í sömu heimsókn á sama deyfingarsvæði eða í því sem næst samfelldri röð útdráttartanna.

505-506 *vanddregnar tennur (extracio dentium complicata)*

Rætur flæktar og/eða tönnin beingróin svo hluta verður hana í sundur og/eða rjúfa tannstæðið. Viðbótartönn tekin í sömu heimsókn (506).

512-516 *beinlægar tennur teknar (odontectomia)*

Opnað inn á djúplægar („impakteraðar") tennur. Viðbótartönn tekin í sömu heimsókn. Í 512 og 513 er tönnin að hluta til beinlæg (sbr. röntgenmynd); hluti krónu stendur ýmist upp úr beini og gingiva eða tönnin er hulin gingiva. Beinlæg tönn (514) innilokuð vegna plássleysis (skekkjutönn, beingróin tönn) greind sem umlukin beini (skv. röntenmynd).

516 djúplæg, misfelld (ectopisk) tönn fjarlægð. Aðeins um gróf tilfelli að ræða eins og t.a.m. lárétt liggjandi augntönn við nefrót o.s.frv. Taka á ofauknum tönnum (supernumerary: Mesiodens o.s.frv.) flokkast undir tanndráttardeildir 505-515 eftir því sem læknir metur stærð aðgerðar (sbr. röntgenmynd).

520 *tönn/rótarbrot fjarlægt úr kjálkaholu, gengið frá sári með aðdregnum slímhúðarflipa (pedicle-graft operation)*

Tönn eða tannbrot sem staðsett er við eða í kjálkaholu (antrum) svo að rjúfa verður framhlið holunnar við töku tannarinnar/tannbrotsins. Aðgerðaropi síðan lokað með aðdregnum slímhúðarflipa (pediclegraft).

521 *tannholu (alveolus)lokað (pedicle-graft operation)*

Frágangur á sári eftir tanndrátt, umfangsmeiri en í gjaldlið 505. Sárið „pakkað" þar sem bein er berað við aðdrátt flipans.

522 *sýkt rótarbrot fjarlægt*

Djúpstætt rótarbrot fjarlægt, sýkt tannhola (alveolus) hreinsuð og lokað með slímhúðarflipa (pedicle-graft),

525 *opnað inn á beinlæga tönn (perforatio ad dens retentus)*

Opnað á innilokaða tönn (dens retentus) til að greiða fyrir uppkomu hennar; til að koma á tönnina ídráttartækjum (sbr. tannrétting). Mjúkur og harður þekjuvefur rofinn og opið „pakkað" meðan sárkantar gróa.

526-528 *rótarstytting (resectio radicis (apex amputation))*

Fari rótarstytting fram á tveimur eða fleiri rótum í sömu heimsókn er viðbótarrót verðlögð sérstaklega (527) enda séu tennur hliðstæðar eða í sama sjöttungi eða deyfingarsvæði (block). Fylling í rótarenda (528) sbr. 2. fl. Tannfyllingar.

530 *ígræðsla tanna (repositio dentium)*

Sjúklingur hefur orðið fyrir áverka og misst tönn. Innifalið í gjaldliðnum er að koma tönninni fyrir í stæði sínu og víra, spengja eða spelka svo og að fjarlægja umbúðir og eftirlit. Rótfylling á ígræddri tönn er ekki innifalin eða röntgenmyndir sem síðar eru teknar við áfangaskoðun. Meðferð á viðbótartönn (531) hliðstæð þeirri fyrrnefndu, standandi í sama sjöttungi eða deyfingarsvæði.

535-537 *tilflutningur á tönn (transplantatio dentium)*

Gjaldskrárliðir 535, 536 fela í sér, að dregin er tönn og henni komið fyrir á nýjum stað, spengd, víruð eða spelkuð; svo og eftirlit og eftirlitsmynd meðan á meðferðartímabili stendur. Undirbúningur á móttökustað (recipient site) er ekki innifalinn í gjaldliðum, vísað til 502, 506, 522 o.s.frv.

537 ný tannhola: gerð tannhola (alveolus) í ósnortið bein.

540-551 *aðgerðir á tannstæði vegna smíði tanngerva og af fyrirbyggjandi ástæðum (chirurgia preprothetica sive prophylactica)*

Aðgerðarliðir 540, 542, 543 eru ekki til komnir vegna sýktrar gingiva eða mucosa (periomeðferð); aðgerðir því viðaminni en tannvegsaðgerðir.

545, 551 aðgerðir sem byggjast á ostectomia; meðfæddir eða áunnir beingallar leiðréttir.

550, tuberaðgerð: aðgerðin kallast „tuberaðgerð" þegar tuber-bein er fjarlægt (ostectomia). Sé aðeins mjúkvefur fjarlægður flokkast aðgerðin undir 410 (gingivectomia).

555-556 *æxli fjarlægt (excisio cystis sive tumoris)*

560 *aðgerð á útfærslugangi munnvatnskirtils (ptyalectases)*

Steinn fjarlægður úr úrfærslugangi munnvatnskirtils (gl. submand/gl. parotis o.s.frv.)

580-587 *ýmislegt*

580, 581 aðgerðir þar sem kerri er undir flestum kringumstæðum notaður.

585, 587 áverkasár stór sem smá, sýkt sem ósýkt hreinsuð og búið um.

6. flokkur: TANNGERVI (steypt) (prosthesis fixa)
Almennt:
Innifalin er viðgerð steyptra, fastra tanngerva öll klínísk vinna, sem við kemur smíðinni. Fylgja skal aðferðum, sem THÍ eða sambærilegar stofnanir kenna og mæla fyrir um að nota skuli við mælingar, tannskurð, máttökur og frágang á steyptum tanngervum. Mát- og steypuefni, sem notuð eru, skulu viðurkennd af N.I.O.M. og A.D.A. og samþykkt af samstarfsnefnd TFÍ og TR.
Innifalinn er bráðabirgðafrágangur á tönn milli heimsókna meðan á smíðinni stendur nema tilskorin aðfelld bráðabirgðakróna (665-669). Varanleg festing (cementering) á tanngervi innifalin.
Við smíði steyptra tanngerva liggi fyrir röntgenmyndir af stoðtönnum, („rest"-tönnum) og tannvegi.

601-608 *steyptar fyllingar/brenndar fyllingar*
Vinna tannlæknis hin sama, hvort sem fylling er steypt úr gulli (málmi) eða postulín er brennt; verðlag fer eftir stærð fyllingar og lögun.

610 *pinnaðar fyllingar (parapulpal)*
Fyllingar pinnaðar til að auka festur þeirra. Ekki tekið fyrir pinnun á gullvarpi (604).

615-648 *postulínbrenndar málmkrónur, málmkrónur, skelkrónur (facettu-krónur) pinnakrónur (pinledge), möttulkrónur (jacketkrónur),*
Ýmsar gerðir króna með eða án rótarfestu/tannbeinsfestu. Ef dytta þarf minni háttar að tannkrónu, sem smíða skal á með plastiskum fyllingarefnum, er það innifalið í verði nýsmíðinnar.

650-652 *krónuuppbygging úr málmi*
Grunnbygging fyrir krónugervi sem hefur festu í rótargangi og/eða tannbeini utan tannholsins (parapulpal).

655-678 *brúarsmíði*
Þrenns konar brýr smíðaðar: 1) Bráðabirgðabrú (plast), áfangi í gerð varanlegrar brúar. Viðhald brúarinnar innifalið nema um langtímaviðgerð sé að ræða. 2) Ætufest brú (semipermanent) smíðuð til að standa í lengri eða skemmri tíma. 3) Varanleg brú, eðalbrú, gerð úr málmi/plasti/postulíni. Stöplar sbr. steyptar fyllingar (600-608)/krónur (615-648)/krónuuppbygging (650-652).

7. flokkur: 70 HEILGÓMA- OG PARTAGERÐ (prosthesis mobila)
Almennt:
Innifalið er viðgerð steyptra, lausra tanngerva og öll klínísk vinna, sem við kemur smíðinni. Fylgja skal aðferðum, sem THÍ eða sambærilegar stofnanir kenna og mæla fyrir um að nota skuli við mælingar, máttökur og frágang á lausum tanngervum. Mát- og steypuefni, sem notuð eru skulu viðurkennd af N.I.O.M. og A.D.A. og samþykkt af samstarsnefnd TFÍ og TR.
Við smíði bráðabirgðaparta og stálparta (vitallium) liggi fyrir röntgenmyndir af stoð- og „rest"-tönnum og tannvegi þeirra.

701-706 *heilgómar (prosthesis totalis)*
701-702 hefðbundin gerð gervigóma
innifalið eftirlit með aðlögun gómsins og 3 lagfæringar.
703 blóðgómur eða storkugómur (immediate denture)
innifalið í verði storkugóms eru 3 lagfæringar.

710-714 *tannpartar*
710-712 bráðabirgðapartar úr plasti.
Innifalið 3 lagfæringar.
713-714 stálpartur (vítalliumpartur)
Innifalið er eftirlit með aðlögun partsins og 3 lagfæringar.

720-737 *endurbætur og viðgerðir*

Ef gert er ráð fyrir fóðrun innan hálfs árs frá afhendingu, skal gera sjúklingi það ljóst við upphaf smíðinnar.

728 gómhlað (post dam), lausar/gamlar tennur gerðar nothæfar við uppbyggingu.

8. flokkur: TANNRÉTTINGAR (orthodontia)

Engir gjaldliðir.

9. flokkur: BITLÆKNINGAR (cura occlusionis dentium)

Almennt:

Tannsmíðakostnaður og efni ekki innifalið. Þrjár lagfæringar innifaldar á bittækjum (921-923).

901-923 frummeðferð (therapia initialis):

901-902 *slökun*

901 slökun: Almenn eða staðbundin meðferð, sem hefur slökun vöðva í för með sér.

902 ANS meðferð: Slökun með hjálp tækis sem gefur líkamsstarfsemi til kynna.

911-915 *endurhæfing*

911 hitameðferð: Staðbundin hitameðferð við vöðvameini.

912 frysting: Staðbundin kuldameðferð við vöðvameini.

913 lækninganudd: Staðbundið nudd á kjálkavöðva.

914 raförvun: Raförvun kjálkavöðva.

915 æfingar: Hvers konar æfingameðferð fyrir kjálkavöðva.

921-924 *spelkun/bithlífð*

921 bitplata: Sbr. tannréttingar (meðferð laus tæki 861-868).

922-923 plasthlífar er þekja tyggingarfleti tanna á efri eða neðri kjálka til verndar tyggingafærunum eða til að losa tyggingavöðva undan áhrifum þéttasta bitsins; úr mjúku eða hörðu efni.

924 bitspelka: Plasthlíf með bitförum til að létta eða fyrirbyggja álag á óstöðugum kjálkalið, kjálkinn færður til.

bitmeðferð (therapia occlusalis)

Bitmeðferð er margþætt og getur falist í gjaldliðum, sem er að finna í flestum flokkum gjaldskrárinnar. Með bitmeðferð er fengin óafturkræf eða varanleg umsköpun á tyggingarflötum tanna.

925 *viðgerðir*

Hvers konar viðgerðir og lagfæringar á bittækjum sbr. viðeigandi gjaldliði í heilgóma og partagerð.

926 *bitslípun*

Samanbit tanna fengið með því að slípa þær.

10. flokkur: MUNNSJÚKDÓMAR (stomatologia)

Greining og meðferð á sjúkdómum í slímhúð munns; stök, staðbundin og /eða fjölþátta einkenni (syndrome)

Greining/eftirlit

Viðtal, skoðun, áfangaskoðun (/langtímaeftirlit) o.s.frv. sbr. hlutaðeigandi gjaldliði í „Almenningi“

1001-1008 *rannsóknir*

(smitstroka og einfalt vefjasýni (routine biopsy) sbr. hlutaðeigandi gjaldliði skrárinnar).

1001 húðsýni (vefjasýni) tekið til rannsóknar (dermatopathological examination); rannsókn ekki innifalin.

1002 úrvinnsla á rannsóknargögnum (blóðsýni, mótefnaprófun o.s.frv.); max 3T

1003 rannsókn á bakteríusýni úr tannvegi („periosýni“).

1005 rannsókn á tannátusýni/smitstroku úr sveppasári.

Meðferð
Lyfjameðferð (lyfseðill); önnur meðferð: Sbr. hlutaðeigandi gjaldliði skrárinnar.

Eftirfarandi texti verður fylgiskjal II með gjaldskránni:

Fylgiskjal II.

Skýringar við notkun gjaldskrár fyrir plantameðferð.

Tannlæknum ber að hafa hliðsjón af skýringum þessum við beitingu gjaldskrár.

Plantameðferð.

Almennt:

Í öllum aðgerðarliðum er öll vinna, efni og aðkeyptir plantahlutir innifalið, allt frá fyrstu skoðun sjúklings og umsókn til TR til þess er verki hefur verið skilað endanlega.

571-574 *ísetning tannplanta*

Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknabréf, umsókn til TR, undirbúningur, mát, mátskeiðar, afsteypur, stýriskinnur, efni og vinna tannsmiðs, sóttvörn og skurðstofubúnaður, aðstoð við aðgerð, aðkeyptir plantahlutir og önnur efnisnotkun, einnota áhöld og slit á áhöldum, deyfing/slæving, skurðaðgerð, ísetning plantarótar og hugsanleg síðari kragaaðgerð, saumur og sáraumbúðir, plantahlutir, saumataka og önnur eftirmeðferð öll, aðlögun og eftirlit til fullra loka verks. Hugsanleg endurtekning á ígræðslu plantaróta, ásamt brottnámi róta er kunna að gefa sig skal vera TR að kostnaðarlausu.

630-631 *krónur og brýr*

Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknabréf, umsókn til TR, mát, mátskeiðar og afsteypur, aðkeyptir plantahlutir og önnur efnisnotkun, efni og vinna tannsmiðs, festing krónu eða brúar, eftirlit og aðlögun allt til fullra loka verks.

706-707 *gómar*

Innifalið er m.a. skoðun, greining, þ.m.t. röntgenmyndir, meðferðaráætlun, tilvísun, svör við tilvísun og önnur læknabréf, umsókn til TR, undirbúningur, mát, mátskeiðar, afsteypur, efni og vinna tannsmiðs, kúlufestingar á plantarætur (efni og vinna), skil á gómi, aðlögun og eftirlit til fullra loka verksins. Ennfremur er öll fóðrun (eldra) tanngervis fyrir aðgerð og á græðslutíma eða smíði nýs góms fyrir ígræðslu plantaróta og fóðrun þess ásamt kúlufestum eftir ígræðslu innifalin. Í tannsmíðahluta verksins, sem er innifalinn í verkhluta og gjaldi tannlæknis, er m.a. innifalið allt efni og vinna við fóðrun og smíði, þ.m.t. aðkeyptar tennur og festingar í plantagóm á móti kúlufestum á plantarót, sendingarkostnaður o.fl. til loka verks.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir skólatannlækningar nr. 166/1992, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. október 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUR

um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

I. KAFLI
Gildissvið og markmið.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá líffræðilegum skaðvöldum og lög, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.

2. gr.
Markmið.

Markmið reglna þessara er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með líffræðilega skaðvalda eða verða fyrir mengun frá þeim.

3. gr.
Skilgreiningar.

1. Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
   a. *líffræðilegur skaðvaldur*: örverur, þar á meðal þær sem breytt hefur verið með erfðatækni, frumurækt og innri sníkjudýr í fólki, sem kunna að valda smitun, ofnæmi eða hvers konar eitrun,
   b. *örvera*: örverufræðileg eining, mynduð af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis,
   c. *frumurækt*: frumur sem ræktaðar hafa verið úr fjölfruma lífverum í tilraunaglasi (in-vitro).
2. Líffræðilega skaðvalda skal flokka í fjóra áhættuhópa eftir smithættu, sbr. III. viðauka:
   a. *1. flokkur*: líffræðilegur skaðvaldur sem litlar líkur eru á að valdi sjúkdómum í mönnum,
   b. *2. flokkur*: líffræðilegur skaðvaldur sem valdið getur sjúkdómum í mönnum og starfsmönnum gæti stafað hætta af. Það er lítil hætta á að hann berist út í samfélagið og oftast er völ á árangursríkri forvörn eða meðferð,
   c. *3. flokkur*: líffræðilegur skaðvaldur sem valdið getur alvarlegum sjúkdómum í mönnum og starfsmönnum gæti stafað mikil hætta af. Það getur verið hætta á að hann berist út í samfélagið en oftast er völ á árangursríkri forvörn eða meðferð,
   d. *4. flokkur*: líffræðilegur skaðvaldur sem veldur alvarlegum sjúkdómum í mönnum og starfsmönnum stafar mikil hætta af. Það getur verið hætta á að hann berist út í samfélagið og oftast er ekki völ á árangursríkri forvörn eða meðferð.
3. Sé ekki unnt að flokka líffræðilegan skaðvald með vissu í einn flokk skv. 2. mgr. skal setja hann í hæsta áhættuflokkinn af þeim sem til greina koma.

II. KAFLI
Skyldur atvinnurekenda.

4. gr.
Áhættumat.

1. Þegar líkur eru á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna líffræðilegra skaðvalda skal atvinnurekandi ákvarða eða láta ákvarða eðli ástandsins, hve mikil mengunin er og hve lengi starfsmenn verða fyrir mengun, til að unnt sé að meta hvers konar hættu heilsu og öryggi starfsmanna er búin. Í samræmi við þetta skal atvinnurekandi ákvarða til hvaða ráðstafana skuli grípa.

2. Áhættumat skv. 1. mgr. skal byggjast á öllum tiltækum upplýsingum, þar á meðal upplýsingum um:

a. flokkun líffræðilegra skaðvalda sem eru eða kunna að vera hættulegir heilsu manna, sbr. 2. mgr. 3. gr.,
b. tilmæli frá Vinnueftirliti ríkisins sem gefa til kynna að draga skuli úr áhrifum tiltekins líffræðilegs skaðvalds til verndar heilsu starfsmanna,
c. sjúkdóma sem kunna að koma fram í tengslum við störf manna,
d. hugsanlega mengun sem veldur ofnæmi eða eitrun í tengslum við störf manna,
e. þekkingu um sjúkdóm sem starfsmaður hefur fengið og sem rekja má beint til starfs hans.

3. Atvinnurekandi skal láta Vinnueftirliti ríkisins í té þær upplýsingar sem áhættumat skv. 1. mgr. byggir á, sbr. 2. mgr.

4. Í áhættumati skv. 1. mgr. skal tilgreina þá starfsmenn sem kunna að þarfnast sérstakra verndarráðstafana.

5. Þegar um er að ræða störf sem hafa í för með sér mengun frá mörgum líffræðilegum skaðvöldum skal áhættan metin á grundvelli þeirrar áhættu sem stafar samanlagt frá þeim öllum.

6. Atvinnurekandi skal endurskoða áhættumatið reglulega einkum ef orðið hafa verulegar breytingar á starfsemi í tengslum við líffræðilega skaðvalda.

7. Ákvæði 5.–15. gr. reglna þessara gilda ekki þegar niðurstaða áhættumats skv. 1. mgr. gefur til kynna að sú mengun eða hugsanleg mengun sem stafar frá líffræðilegum skaðvöldum í 1. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr., stofnar ekki heilsu starfsmanna í hættu. Eigi að síður skal farið eftir góðum starfsvenjum um öryggi og hreinlæti á vinnustöðum þegar unnið er með líffræðilega skaðvalda í 1. flokki, þar með talið veikt lifandi bóluefni, sbr. VI. viðauka.

8. Ákvæði 5., 7., 8., 10., 11., 12. og 13. gr. reglna þessara skulu gilda þegar niðurstaða áhættumats skv. 1. mgr. gefur til kynna að enda þótt störf feli ekki beint í sér vinnu með líffræðilega skaðvalda geti starfsmenn engu að síður orðið fyrir mengun frá líffræðilegum skaðvöldum við þau störf sem vísað er til í viðmiðunarskrá I. viðauka, að undanskildum þeim tilvikum þegar áhættumatið sýnir að þess sé ekki þörf.

5. gr.
Val á líffræðilegum skaðvaldi.

Atvinnurekandi skal ávallt leitast við, með tilliti til eðli starfseminnar, að nota líffræðilegan skaðvald sem telst ekki vera hættulegur eða síður hættulegur heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem hann skal notaður samkvæmt viðurkenndri þekkingu á hverjum tíma.

6. gr.
Ráðstafanir vegna mengunar.

1. Þegar niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin og ekki hjá því komist vegna eðli starfseminnar að nota skaðlega

líffræðilega skaðvalda skal atvinnurekandi beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun.

2. Þegar ekki er tæknilega unnt að koma í veg fyrir mengun, að teknu tilliti til eðli starfseminnar og áhættumats skv. 4. gr., skal atvinnurekandi sjá til þess að dregið sé úr mengun. Í þeim tilgangi skal hann beita eftirfarandi ráðstöfunum:

a. koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar til að takmarka eins og unnt er þann fjölda starfsmanna sem verður fyrir mengun,
b. haga vinnu og tæknilegu eftirliti þannig að komist sé hjá því eða því haldið í lágmarki að líffræðilegir skaðvaldar dreifist innan vinnustaðar,
c. gera almennar ráðstafanir til verndar starfsmönnum og, sé ekki annarra kosta völ, gera ráðstafanir til að vernda sérhvern einstakling, t.d. með persónuhlífum,
d. gera hreinlætisráðstafanir sem samrýmast því markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr að líffræðilegir skaðvaldar séu fluttir eða dreifist af slysni frá vinnustaðnum,
e. nota merki skv. II. viðauka sem varar við hættu af líffræðilegum toga svo og önnur viðeigandi viðvörunarmerki,
f. semja áætlanir um hvernig bregðast skuli við slysum í sambandi við líffræðilega skaðvalda,
g. viðhafa nauðsynlegt og tæknilega framkvæmanlegt eftirlit með því hvort líffræðilega skaðvalda, sem notaðir eru á vinnustað, sé að finna utan þeirra svæða sem notkun þeirra er takmörkuð við,
h. láta safna saman úrgangi, geyma hann og farga honum á öruggan hátt, meðal annars með því að nota þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt samkvæmt viðeigandi aðferð,
i. sjá til þess að öruggum aðferðum sé beitt við meðhöndlun og flutning líffræðilegra skaðvalda innan vinnustaðarins.

7. gr.

Upplýsingaskylda.

1. Þegar niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hætta búin skal atvinnurekandi láta Vinnueftirliti ríkisins í té viðeigandi upplýsingar um eftirfarandi atriði, óski það þess:

a. niðurstöður áhættumats skv. 4. gr.,
b. þá starfsemi þar sem starfsmenn hafa orðið eða kunna að hafa orðið fyrir mengun frá líffræðilegum skaðvöldum,
c. fjölda starfsmanna sem varð fyrir mengun,
d. nafn og hæfni öryggistrúnaðarmanns og öryggisfulltrúa á vinnustaðnum,
e. verndar- og forvarnarráðstafanir sem eru viðhafðar, þar á meðal starfshættir og vinnuaðferðir,
f. neyðaráætlun sem ætlað er að varna því að starfsmenn verði fyrir mengun frá líffræðilegum skaðvöldum í 3. eða 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr., þegar mistekst að takmarka útbreiðslu líffræðilegra skaðvalda.

2. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að líffræðilegir skaðvaldar hafi borist út og valdið alvarlegri sýkingu í mönnum og/eða sjúkdómum.

8. gr.

Kröfur um hreinlæti og vernd einstakra starfsmanna.

1. Þegar um er að ræða starfsemi þar sem heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin vegna vinnu með líffræðilega skaðvalda skal atvinnurekandi tryggja að:
   a. starfsmenn neyti ekki matar eða drykkjar á vinnusvæðum þar sem hætta er á mengun líffræðilegra skaðvalda,
   b. starfsmenn fái viðeigandi hlífðarfatnað eða annan viðeigandi fatnað,
   c. starfsmenn hafi aðgang að fullnægjandi snyrti- og salernisaðstöðu, þar á meðal nauðsynlegum hreinsiefnum, svo sem augnhreinsivökva og sótthreinsandi efni fyrir húð,
   d. allar nauðsynlegar hlífar séu geymdar á réttan hátt á ákveðnum stað, yfirfarnar og þrifnar fyrir notkun, ef það er unnt, en skilyrðislaust eftir að þær hafa verið notaðar og lagfærðar ef þær bila eða nýjar teknar í notkun,
   e. tilgreindir séu starfshættir við sýnatöku úr mönnum eða dýrum, meðhöndlun þeirra eða athugun.

2. Starfsmenn skulu fara úr vinnufatnaði og hlífum sem kunna að hafa mengast frá líffræðilegum skaðvöldum á vinnustaðnum áður en hann er yfirgefinn. Gæta skal þess að umræddum fatnaði og hlífum sé haldið aðskildum frá öðrum fatnaði.

3. Atvinnurekandi skal sjá til þess að fatnaður og hlífar skv. 2. mgr. sé hreinsaður eða að honum sé fargað ef nauðsyn krefur.

4. Ráðstafanir samkvæmt ákvæði þessu skulu vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

9. gr.

Þjálfun starfsmanna.

1. Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar fái nægilega og viðeigandi þjálfun. Skal hún einkum fela í sér upplýsingar og leiðbeiningar um:
   a. hugsanlegt heilsutjón,
   b. varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir mengun,
   c. kröfur um hreinlæti,
   d. notkun hlífa og hlífðarfatnaðar,
   e. ráðstafanir sem starfsmönnum ber að gera ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir óhöpp.

2. Þjálfun skv. 1. mgr. skal veitt þegar starfsmaður hefur störf sem fela í sér snertingu við líffræðilega skaðvalda og reglulega eftir það eins og nauðsyn krefur. Þess skal gætt að þjálfunin sé í samræmi við nýja og breytta áhættuþætti.

10. gr.

Upplýsingar til starfsmanna.

1. Atvinnurekandi skal sjá til þess að skriflegar verklagsreglur liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í slíkum reglum skal meðal annars koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar:
   a. alvarlegt slys eða óhapp verður þar sem verið er að meðhöndla líffræðilega skaðvalda,
   b. líffræðilegur skaðvaldur í 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr., er meðhöndlaður.

2. Starfsmenn skulu án tafar tilkynna verkstjóra, öryggisverði eða öryggistrúnaðarmanni um öll slys eða óhöpp þar sem verið er að meðhöndla líffræðilega skaðvalda.

3. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp þar sem líffræðilegur skaðvaldur hefur hugsanlega borist út og gæti valdið alvarlegu

smiti eða veikindum meðal fólks. Enn fremur skal atvinnurekandi upplýsa eins fljótt og kostur er um orsakir slyssins eða óhappsins og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í því skyni að ráða bót á ástandinu.

4. Hver starfsmaður skal hafa aðgang að þeim upplýsingum sem varða persónu hans sérstaklega og tilgreindar eru í skrá skv. 11. gr.

5. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar skulu hafa aðgang að sameiginlegum upplýsingum sem ekki tengjast persónu manna.

6. Atvinnurekandi skal veita starfsmönnum eða fulltrúm þeirra upplýsingar sem vísað er til í 1. mgr. 7. gr., óski þeir þess.

11. gr.

Skrá yfir starfsmenn sem verða fyrir mengun.

1. Atvinnurekandi skal halda skrá yfir starfsmenn sem verða fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum í 3. eða 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr. Í skránni skal tilgreina um hvers konar starf er að ræða og, ef unnt er, frá hvaða líffræðilegum skaðvaldi mengunin stafaði, ásamt lýsingu á mengun, slysum og óhöppum, eftir því sem við á.

2. Atvinnurekandi skal varðveita skrána skv. 1. mgr. í tíu ár eftir að mengunarástandi var síðast aflétt samkvæmt lögum og reglum, sbr. þó III. viðauka.

3. Atvinnurekandi skal varðveita skrána skv. 1. mgr. í 40 ár eftir að mengunarástandi var síðast aflétt þegar umrædd mengun getur valdið eftirfarandi smitun:

a. smitun vegna líffræðilegra skaðvalda sem vitað er að geta valdið þrálátri eða dulinni sýkingu,
b. smitun sem í ljósi núverandi þekkingar er ekki unnt að greina fyrr en sjúkdómur kemur fram mörgum árum síðar,
c. smitun sem hefur sérlega langan meðgöngutíma áður en sjúkdómur kemur fram,
d. smitun sem leiðir til sjúkdóma sem koma upp við og við þrátt fyrir meðferð,
e. smitun sem haft getur alvarlegar afleiðingar til langs tíma.

4. Vinnueftirlit ríkisins og sá er annast heilsuvernd starfsmanna skv. 13. gr. skulu hafa aðgang að skránni skv. 1. mgr.

5. Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 1. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

12. gr.

Tilkynning til Vinnueftirlits ríkisins.

1. Atvinnurekandi skal senda Vinnueftirliti ríkisins tilkynningu að minnsta kosti 30 dögum áður en eftirfarandi líffræðilegir skaðvaldar eru notaðir í fyrsta sinn í starfi:

a. líffræðilegir skaðvaldar í 2. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr.,
b. líffræðilegir skaðvaldar í 3. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr.,
c. líffræðilegir skaðvaldar í 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr.

2. Enn fremur skal atvinnurekandi senda Vinnueftirliti ríkisins tilkynningu þegar vinnsluferli eða vinnutilhögun er breytt verulega sem getur haft áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna. Hið sama gildir er atvinnurekandi tekur í notkun annan líffræðilegan skaðvald í 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr., en hann hafði áður tilkynnt um skv. 1. mgr. Þá skal atvinnurekandi tilkynna um er hann tekur í notkun nýja tegund líffræðilegs skaðvalds í 3. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr., þegar hann hefur flokkað hann sjálfur í þann flokk til bráðabirgða.

3. Rannsóknarstofum sem veita greiningarþjónustu í tengslum við líffræðilega skaðvalda í 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr., þurfa einungis að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um ætlun sína er þær hefja starfsemi sína.

4. Í tilkynningu samkvæmt ákvæði þessu skal eftirfarandi koma fram:
   a. heiti og heimilisfang fyrirtækis eða stofnunar,
   b. nafn öryggistrúnaðarmanns og öryggisvarðar á vinnustaðnum og hver hæfni hans er,
   c. niðurstöður úr áhættumati skv. 4. gr.,
   d. tegund hins líffræðilega skaðvalds,
   e. fyrirhuguð vernd og forvarnarráðstafanir.

III. KAFLI
Heilsuvernd.

13. gr.
Heilsuvernd starfsmanna.

1. Þegar áhættumatið skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin, skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðun og heilsuvernd.

2. Heilsuvernd skv. 1. mgr. skal meðal annars fela í sér að starfsmaður geti gengist undir læknisskoðun áður en hann hefur störf, þar sem hætta er á mengun og reglulega eftir það. Enn fremur skal vera unnt að koma við aðhlynningu eða úrbótum á hollustuháttum á vinnustað án ástæðulauss dráttar.

3. Veita skal þeim starfsmönnum, sem ekki eru þegar ónæmir gegn þeim líffræðilega skaðvaldi sem þeir verða fyrir eða kunna að verða fyrir mengun frá, viðeigandi bólusetningu, sbr. VII. viðauka. Hafi starfsmaður orðið fyrir sýkingu eða veikindum sem grunur leikur á að rekja megi til mengunar frá líffræðilegum skaðvaldi, skal sá læknir sem ber ábyrgð á heilsuvernd starfsmanna gefa öðrum starfsmönnum, sem unnið hafa við sömu aðstæður, kost á að gangast undir læknisskoðun. Þegar svo ber undir skal endurmeta áhættumatið skv. 4. gr.

4. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal varðveita skrá um sjúkrasögur starfsmanna í 10 ár, frá því að mengunarástandi var síðast aflétt samkvæmt gildandi lögum og reglum, sbr. þó III. viðauka. Þegar um er að ræða tilvik skv. 3. mgr. 11. gr. skal sá er annast heilsuvernd starfsmanna varðveita skrá um sjúkrasögur starfsmanna í 40 ár frá því að mengunarástandi var síðast aflétt. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

5. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal gera tillögu um hvaða verndar- eða forvarnarráðstafanir skuli gera með tilliti til einstakra starfsmanna, sjá IV. viðauka.

6. Atvinnurekandi skal upplýsa og leiðbeina starfsmönnum um hvers konar heilsuvernd þeir eiga kost á eftir að mengunarástandi hefur verið aflétt.

7. Starfsmenn skulu í samræmi við lög og gildandi reglur hafa aðgang að niðurstöðum heilsuverndar er varðar persónu þeirra. Einnig er hlutaðeigandi starfsmönnum eða atvinnurekanda heimilt að krefjast þess að niðurstöður heilsuverndar verði endurskoðaðar.

8. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem álitin eru afleiðing vegna mengunar af líffræðilegum skaðvöldum á vinnustöðum.

9. Þegar starfsemi fyrirtækisins eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 4. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

14. gr.
Heilsugæslu- og dýralækningastöðvar aðrar en greiningarstofur.

1. Áhættumat skv. 4. gr. skal taka sérstakt tillit til:
   a. þeirrar óvissu um það hvort líffræðilega skaðvalda er að finna í sjúklingum eða dýrum og í efni eða sýnum sem tekin eru úr þeim,

b. þeirrar hættu sem skapast af líffræðilegum skaðvöldum sem vitað er eða grunur leikur á að sé að finna í sjúklingum eða dýrum og í efni eða sýnum sem tekin eru úr þeim,
c. þeirrar áhættu sem fylgir eðli starfsins.

2. Á heilsugæslu- eða dýralækningastöðvum skal gera viðeigandi ráðstafanir til að standa vörð um heilsu og öryggi hlutaðeigandi starfsmanna. Ráðstafanir þessar skulu meðal annars fela í sér að:
a. viðeigandi tilhögun við hreinsun og sótthreinsun sé tilgreind,
b. ákveðin tilhögun við að meðhöndla sóttnæman úrgang og farga honum á öruggan hátt sé í gildi.

3. Á þeim stöðum þar sem sjúklingar eða dýr, sem sýkt eru eða grunur leikur á að séu sýkt af líffræðilegum skaðvöldum í 3. eða 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr., eru í einangrun skulu gilda einangrunarráðstafanir skv. V. viðauka til að minnka smithættu eins og framast er unnt.

15. gr.

Sérstakar ráðstafanir fyrir iðnaðarstarfsemi, rannsóknarstofur og dýravistun.

1. Rannsóknarstofur, þar með taldar greiningarstofur, þar sem unnið er með líffræðilega skaðvalda í 2., 3. eða 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr., vegna rannsókna, þróunarstarfs, kennslu eða greiningar, skulu ákveða einangrunarráðstafanir skv. V. viðauka til að minnka smithættu eins og framast er unnt.

2. Þegar áhættumat skv. 4. gr. liggur fyrir á rannsóknarstofum, þar með töldum greiningarstofum, og ákveðið hefur verið að hve miklu leyti einangra skuli hina líffræðilegu skaðvalda í 2., 3., eða 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr., með tilliti til áhættustigs skal grípa til ráðstafana skv. V. viðauka. Einungis er heimilt að stunda starfsemi sem felur í sér vinnu með líffræðilega skaðvalda á:
a. vinnusvæðum sem samsvara að minnsta kosti 2. stigs einangrun, fyrir líffræðilegan skaðvald í 2. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr.,
b. vinnusvæðum sem samsvara að minnsta kosti 3. stigs einangrun, fyrir líffræðilegan skaðvald í 3. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr.,
c. vinnusvæðum sem samsvara að minnsta kosti 4. stigs einangrun, fyrir líffræðilegan skaðvald í 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr.

3. Rannsóknarstofur sem vinna með efni sem óvíst er hvort innihaldi líffræðilega skaðvalda er valdið geta sjúkdómum í mönnum og tilgangur starfseminnar snýr ekki að vinnu með líffræðilegu skaðvaldana sem slíka (það er að rækta þá eða þétta) skulu viðhafa að minnsta kosti 2. stigs einangrun. Þar sem vitað er eða grunur leikur á að þess gerist þörf skal viðhafa 3. eða 4. stigs einangrun, eftir því sem við á, að undanskildum þeim tilvikum þegar Vinnueftirlit ríkisins telur að einangrun á lægra stigi sé nægjanleg.

4. Eftirfarandi ráðstafanir skal gera í tengslum við iðnaðarstarfsemi þar sem líffræðilegir skaðvaldar í 2., 3. eða 4. flokki, sbr. 2. mgr. 3. gr., eru notaðir:
a. starfsemi með líffræðilegan skaðvald í 2. flokki má einungis fara fram í búnaði sem samsvarar að minnsta kosti 2. stigs einangrun;
b. starfsemi með líffræðilegan skaðvald í 3. flokki má einungis fara fram í búnaði sem samsvarar að minnsta kosti 3. stigs einangrun;
c. starfsemi með líffræðilegan skaðvald í 4. flokki má einungis fara fram í búnaði sem samsvarar 4. stigs einangrun.

5. Viðhafa skal að minnsta kosti 3. stigs einangrun í tengslum við þá starfsemi sem vísað er til í ákvæði þessu þegar ekki hefur reynst unnt að meta áhættu af líffræðilegum skaðvöldum með ótvíræðum hætti, en svo virðist sem fyrirhuguð not gætu stefnt heilsu starfsmanna í alvarlega hættu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.
Refsiákvæði.

Með brot gegn reglum þessum skal fara eftir ákvæðum 99. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

17. gr.
Kæruheimild.

Um kæruheimildir á grundvelli reglna þessara fer samkvæmt 98. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI
Gildistaka.

19. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38., 39., 50. og 51. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins til innleiðingar á tilskipun, nr. 54/2000/EB, um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum, sem vísað er til í 15. lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 79/2001.

20. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Enn fremur falla úr gildi reglur nr. 554/1996, nr. 228/1998 og nr. 529/1998 um sama efni.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. október 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

I. VIÐAUKI
Viðmiðunarskrá um störf.
(8. mgr. 4. gr.)

1. Störf í matvælaiðnaði.
2. Landbúnaðarstörf.
3. Störf sem fela í sér snertingu við dýr og/eða vörur úr dýraríkinu.
4. Heilsugæslustörf, þar með talin störf við sóttkví og meðferð.
5. Störf í rannsóknarstofum þar sem unnið er í þágu heilsugæslu eða dýralækninga eða við sjúkdómsgreiningu, að undanskildum rannsóknarstofum til örverufræðilegrar sjúkdómsgreiningar.
6. Störf við sorpeyðingarstöðvar.
7. Störf við skolphreinsunarstöðvar.

II. VIÐAUKI
Merki fyrir hættu af líffræðilegum toga.
(e-liður 2. mgr. 6. gr.)



III. VIÐAUKI
Flokkun bandalagsins.
(2. mgr. 3. gr.)

FORMÁLSORÐ.

1. Í samræmi við gildissvið reglna þessara skal eingöngu tilgreina á eftirfarandi lista flokkaða líffræðilega skaðvalda sem vitað er að smiti menn. Eftir því sem við á er gefið til kynna hvort þessir skaðvaldar geti valdið eiturhrifum eða ofnæmi. Dýra- og plöntusóttkveikjur sem vitað er að hafa áhrif á menn eru undanskildar. Erfðabreyttar örverur eru ekki tilgreindar í eftirfarandi lista yfir flokkaða líffræðilega skaðvalda.
2. Listi yfir flokkaða skaðvalda byggist á því hvaða áhrif þessir skaðvaldar hafa á heilbrigða starfsmenn. Ekki er sérstaklega tekið mið af tilteknum áhrifum sem þeir starfsmenn geta orðið fyrir sem eru næmir fyrir áhrifum á einn eða annan hátt, til dæmis vegna sjúkdóms sem þeir kunna að ganga með, lyfjagjafar, skerts ónæmis, þungunar eða brjóstagjafar. Við áhættumatið skv. 4. gr. reglna þessara skal einnig taka tillit til þeirrar auknu áhættu sem starfsmenn þessir standa frammi fyrir.
   Tæknilegu varnarráðstafanirnar sem gripið er til í tengslum við tiltekin framleiðsluferli í iðnaði, við tiltekna rannsóknarstofuvinnu eða tiltekna vinnu þar sem dýr koma við sögu og þar sem líffræðilegir skaðvaldar í 3. og 4. flokki hafa hugsanlega eða sannarlega áhrif á starfsmenn skulu samræmast 15. gr. reglna þessara.
3. Líffræðilegir skaðvaldar sem ekki eru flokkaðir í 2.–4. flokk á eftirfarandi lista flokkast ekki skilyrðislaust í 1. flokk. Ef vitað er að fleiri en ein tegund af sömu ætt líffræðilegra skaðvalda eru sóttvaldandi í mönnum skulu þær tegundir sem vitað er að eru oftast sóttvaldandi tilgreindar á listanum, ásamt almennri skírskotun til þeirrar staðreyndar að aðrar tegundir af sömu ætt geti haft áhrif á heilsu manna. Þegar heil ætt líffræðilegra skaðvalda er tilgreind á eftirfarandi lista yfir flokkun líffræðilegra skaðvalda þá er engu að síður litið svo á að þær tegundir þeirrar ættar sem ekki eru sóttvaldandi séu ekki á listanum.
4. Þegar stofn veiklast eða hefur misst þekkt sóttvaldandi gen þarf einangrunin sem krafist er samkvæmt flokkun foreldrastofnsins ekki nauðsynlega að gilda, að teknu tilliti til mats sem fram fer á áhættu á vinnustað. Sem dæmi um slíkt má nefna að slíkur stofn kann að vera notaður sem framleiðsluvara eða hluti af framleiðsluvöru til sjúkdómsvarna eða lækningar.
5. Flokkunarkerfi skaðvalda sem notað var til að semja eftirfarandi lista er í samræmi við og endurspeglar þá alþjóðlegu þekkingu um flokkunarkerfi fyrir skaðvalda sem var fyrir hendi þegar listinn var saminn.

6. Listinn yfir flokkaða líffræðilega skaðvalda gefur mynd af þeirri þekkingu sem var fyrir hendi þegar hann var saminn. Hann verður þegar í stað uppfærður þegar hann endurspeglar ekki lengur þá þekkingu sem menn ráða yfir á hverjum tíma.
7. Veirur sem þegar hafa verið einangraðar í mönnum og hafa ekki verið metnar og flokkaðar í þessum viðauka má ekki flokka neðar en í 2. flokk nema ef sýnt hefur verið fram á að ólíklegt sé að þær valdi sjúkdómum í mönnum.
8. Tilteknir líffræðilegir skaðvaldar sem eru flokkaðir í 3. flokk og eru merktir með stjörnu á eftirfarandi lista (*), geta haft í för með sér takmarkaða smithættu fyrir starfsmenn vegna þess að þeir berast venjulega ekki með loftstraumum.
   Meta skal hvaða einangrunarráðstöfunum skuli beitt vegna slíkra skaðvalda að teknu tilliti til eðlis hinnar tilteknu starfsemi sem í hlut á og magns skaðvaldsins sem um ræðir með það í huga að ákvarða hvort komast megi hjá að grípa til ráðstafananna við tilteknar aðstæður.
9. Kröfur um einangrun samkvæmt flokkun sníkjudýra gilda eingöngu um tiltekin lífsskeið sníkjudýrs þegar hætta er á að það kunni að valda smiti í mönnum á vinnustað.
10. Á listanum skal einnig vera ábending um hvort hætta sé á að líffræðilegir skaðvaldar valdi eiturhrifum eða ofnæmi og hvort áhrifaríkt bóluefni sé tiltækt, eða hvort ráðlegt sé að varðveita lengur en í 10 ár lista yfir starfsmenn sem orðið hafa fyrir mengun.
    Þessar ábendingar eru gefnar til kynna með eftirfarandi bókstöfum:
    A: Hugsanleg ofnæmisáhrif,
    D: Listi yfir starfsmenn sem orðið hafa fyrir mengun af þessum líffræðilega skaðvaldi sem á að varðveita lengur en 10 ár frá því að mengunarástandi var síðast aflétt,
    T: Eiturframleiðsla,
    V: Áhrifaríkt bóluefni tiltækt.

Bakteríur og skyldar örverur.

Ath.: Að því er viðkemur líffræðilegum skaðvöldum á þessum lista vísar „spp.“ til annarra tegunda sem vitað er að valdi sjúkdómum í mönnum.

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Actinobacillus actinomycetemcomitans	2	
Actinomadura madurae	2	
Actinomadura pelletieri	2	
Actinomyces gerencseriae	2	
Actinomyces israelii	2	
Actinomyces pyogenes	2	
Actinomyces spp.	2	
Arcanobacterium haemolyticum (corynebacterium haemolyticum)	2	
Bacillus anthracis	3	
Bacteroides fragilis	2	
Bartonella bacilliformis	2	
Bartonella (Rochalimea) spp.	2	
Bordetella bronchiseptica	2	
Bordetella parapertussis	2	
Bordetella pertussis	2	V
Borrelia burgdorferi	2	
Borrelia duttonii	2	
Borrelia recurrentis	2	
Borrelia spp.	2	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Brucella abortus	3	
Brucella canis	3	
Bartonella quintana (Rochalimaea quintana)	2	
Brucella melitensis	3	
Brucella suis	3	
Burkholderia mallei (Pseudomonas mallei)	3	
Burkholderia pseudomallei (Pseudomonas pseudomallei)	3	
Campylobacter fetus	2	
Campylobacter jejuni	2	
Campylobacter spp.	2	
Cardiobacterium hominis	2	
Chlamydia pneumoniae	2	
Chlamydia trachomatis	2	
Chlamydia psittaci (fuglastofnar)	3	
Chlamydia psittaci (aðrir stofnar)	2	
Clostridium botulinum	2	T
Clostridium perfringens	2	
Clostridium tetani	2	T, V
Clostridium spp.	2	
Corynebacterium diphtheriae	2	T, V
Corynebacterium minutissimum	2	
Corynebacterium pseudotuberculosis	2	
Corynebacterium spp.	2	
Coxiella burnetii	3	
Edwardsiella tarda	2	
Ehrlichia sennetsu (rickettsia sennetsu)	2	
Ehrlichia spp.	2	
Eikenella corrodens	2	
Enterobacter aerogenes/cloacae	2	
Enterobacter spp.	2	
Enterococcus spp.	2	
Erysipelothrix rhusiopathiae	2	
Escherichia coli (að undanskildum stofnum sem eru ekki sóttvaldandi)	2	
Escherichia coli (stofn sem myndar frumuskemmandi eitur („verocitotoxigenic") t.d. O157:H7 eða O103)	3 (**)	T
Flavobacterium meningosepticum	2	
Fluoribacter bozemanae (legionella)	2	
Francisella tularensis (tegund A)	3	
Francisella tularensis (tegund B)	2	
Fusobacterium necrophorum	2	
Gardnerella vaginalis	2	
Haemophilus ducreyi	2	
Haemophilus influenzae	2	
Haemophilus spp.	2	
Helicobacter pylori	2	
Klebsiella oxytoca	2	
Klebsiella pneumoniae	2	
Klebsiella spp.	2	
Legionella pneumophila	2	
Legionella spp.	2	
Leptospira interrogans (allar sermigerðir)	2	
Listeria monocytogenes	2	
Listeria ivanovii	2	
Morganella morganii	2	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Mycobacterium africanum	3	V
Mycobacterium avium/intracellulare	2	
Mycobacterium bovis (nema BCG-stofn)	3	V
Mycobacterium chelonae	2	
Mycobacterium fortuitum	2	
Mycobacterium kansasii	2	
Mycobacterium leprae	3	
Mycobacterium malmoense	2	
Mycobacterium marinum	2	
Mycobacterium microti	3 (*)	
Mycobacterium paratuberculosis	2	
Mycobacterium scrofulaceum	2	
Mycobacterium simiae	2	
Mycobacterium szulgai	2	
Mycobacterium tuberculosis	3	V
Mycobacterium ulcerans	3 (*)	
Mycobacterium xenopi	2	
Mycoplasma caviae	2	
Mycoplasma hominis	2	
Mycoplasma pneumoniae	2	
Neisseria gonorrhoeae	2	
Neisseria meningitidis	2	V
Nocardia asteroides	2	
Nocardia brasiliensis	2	
Nocardia farcinica	2	
Nocardia nova	2	
Nocardia otitidiscaviarum	2	
Pasteurella multocida	2	
Pasteurella spp.	2	
Peptostreptococcus anaerobius	2	
Plesiomonas shigelloides	2	
Porphyromonas spp.	2	
Prevotella spp.	2	
Proteus mirabilis	2	
Proteus penneri	2	
Proteus vulgaris	2	
Providencia alcalifaciens	2	
Providencia rettgeri	2	
Providencia spp.	2	
Pseudomonas aeruginosa	2	
Rhodococcus equi	2	
Rickettsia akari	3 (*)	
Rickettsia Canada	3 (*)	
Rickettsia conorii	3	
Rickettsia montana	3 (*)	
Rickettsia typhi (Rickettsia mooseri)	3	
Rickettsia prowazekii	3	
Rickettsia rickettsii	3	
Rickettsia tsutsugamushi	3	
Rickettsia spp.	2	
Salmonella Arizonae	2	
Salmonella Enteritidis	2	
Salmonella Typhimurium	2	
Salmonella Paratyphi A, B, C	2	V
Salmonella Typhi	3 (*)	V
Salmonella (aðrar sermigerðir)	2	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Serpulina spp.	2	
Shigella boydii	2	
Shigella dysenteriae (tegund 1)	3 (*)	T
Shigella dysenteriae (önnur en tegund 1)	2	
Shigella flexneri	2	
Shigella sonnei	2	
Staphylococcus aureus	2	
Streptobacillus moniliformis	2	
Streptococcus pneumoniae	2	
Streptococcus pyogenes	2	
Streptococcus spp.	2	
Streptococcus suis	2	
Treponema carateum	2	
Treponema pallidum	2	
Treponema pertenue	2	
Treponema spp.	2	
Vibrio cholerae (ásamt El Tor)	2	
Vibrio parahaemolyticus	2	
Vibrio spp.	2	
Yersinia enterocolitica	2	
Yersinia pestis	3	V
Yersinia pseudotuberculosis	2	
Yersinia spp.	2	

(*) sjá 8. mgr. í inngangsathugasemd.

Veirur. (*)

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Adenoviridae	2	
Arenaviridae		
LCM-Lassa skyldar veirur (Gamla heims veirur);		
Lassa-sóttarveira	4	
aðrar úr hópi LCM-Lassa skyldum veirum	2	
Gerlalaus mengisbólguveira (taugasæknir stofnar)	3	
Gerlalaus mengisbólguveira (aðrir stofnar)	2	
Mopeia-veira	2	
Takarib-skyldar veirur (Nýja heims veirur);		
Guanarito	4	
Flexal	3	
Junin-veira	4	
Machupo-veira	4	
Sabia	4	
Aðrar Takarib skyldar veirur	2	
Astroviridae	2	
Bunyaviridae		
Belgrade (einnig þekkt sem Dobrava)	3	
Bhanja	2	
Bunyamwera-veira	2	
Germiston	2	
Oropouche-veira	3	
Kaliforníu heilabólguveira	2	
Sin Nobre (áður þekkt sem Muerto Canyon)	3	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Hantaveirur:		
Hantaan (kóreönsk blæðingarveiki)	3	
Seoul-veira	3	
Puumala-veira	2	
Prospect Hill-veira	2	
Aðrar hanta-veirur	2	
Nairó-veirur:		
Krím-Kongó blæðingarveiki	4	
Hazara-veira	2	
Flebó-veirur:		
Rift Valley-veiki	3	V
Sandflugu-veiki	2	
Toskanaveira	2	
Aðrar *Bunyaviridae* sem vitað er að valdi sjúkdómum	2	
Caliciviridae		
E-lifrarbólguveira	3 (**)	
Norwalk-veira	2	
Aðrar Caliciviridae	2	
Coronaviridae	2	
Filoviridae		
Ebolaveira	4	
Marburgveira	4	
Flaviviridae		
Áströlsk heilabólga (Murray Valley-heilabólga)	3	
Mið-Evrópuættuð heilabólguveira úr blóðmaurum	3 (**)	V
Absettarov	3	
Hanzalova	3	
Hepatitis G	3(**)	D
Hypr	3	
Kumlinge	3	
Dengue veirutegundir 1-4	3	
Lifrarbólguveira C	3 (**)	D
Japönsk B-heilabólga	3	V
Kyasanur Forest	3	V
Louping ill	3 (**)	
Omsk [a)]	3	V
Powassan	3	
Rocio	3	
Rússnesk vor-sumar-heilabólga (TBE) [a)]	3	V
St. Louis-heilabólga	3	
Wesselsbron-veira	3 (**)	
Vestur-Nílarveikisveira	3	
Gulusótt	3	V
Aðrar flavíveirur sem vitað er að valdi sjúkdómum	2	
Hepadnaviridae		
Lifrarbólguveira B	3 (**)	V, D
Lifrarbólguveira D (Delta) [b)]	3 (**)	V, D
Herpesviridae		
Cytomegalo-veira	2	
Epstein-Barr-veira	2	
Herpesveira apa (B-veira)	3	
Herpes í mönnum veira 7	2	
Herpes í mönnum veira 8	2	D
Herpes simplex veirutegundir 1 og 2	2	
Herpesveira varicella-zoster	2	
B-eitlasækin veira í mönnum (HBLV-HHV6)	2	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Orthomyxoviridae		
Inflúensuveirutegundir A, B og C	2	V [c]
Orthomyxoviridae úr blóðmaurum: Dhori og Thogotoveirur	2	
Papovaviridae		
BK- og JC-veirur	2	D [d]
Vörtuveirur í mönnum	2	D [d]
Paramyxoviridae		
Mislingaveira	2	V
Hettusóttarveira	2	V
Newcastleveiki-veira	2	
Parainflúensuveirutegundir 1-4	2	
Öndunarvegs samfrymisveira	2	
Parvoviridae		
Smáveira (parvóveira) í mönnum (B 19)	2	
Picornaviridae		
Bráðablæðingar-tárubólguveira (AHC)	2	
Coxsackie-veirur	2	
Echo-veirur	2	
A lifrarbólguveira (iðrarveira í mönnum af tegund 72)	2	V
Mænusóttarveirur	2	V
Nasaveirur	2	
Poxviridae		
Buffalbóluveira [e]	2	
Kúabóluveira	2	
Fílabóluveira [f]	2	
Mjaltakonuveira	2	
Frauðvörtuveira	2	
Apabóluveira	3	V
Orfveira	2	
Hérabóluveira [g]	2	
Vaccinia-veira	2	
Bólusóttarveira (bólusótt og bólusóttarbróðir)	4	V
Bólusóttarbróðir („Variola virus“)	4	V
Yatapox-veira (Tana Yaba)	2	
Reoviridae		
Colti-veira	2	
Rota-veirur í mönnum	2	
Orbi-veirur	2	
Reo-veirur	2	
Retroviridae		
Ónæmisbæklandi veirur í mönnum	3 (**)	D
T-eitlafrumsæknar veirur í mönnum (HTLV) tegundir 1 og 2	3 (**)	D
SIV-veira [h]	3 (**)	
Rhabdoviridae		
Hundaæðisveira	3 (**)	V
„Visicular stomatitis“-veira	2	
Togaviridae		
Alfaveirur:		
Austurlensk-hestaheilabólga	3	V
Bebaru-veira	2	
Chikungunya-veira	3 (**)	
Everglades-veira	3 (**)	
Mayaro-veira	3	
Mucambo-veira	3 (**)	
Ndumu-veira	3	
O'nyong-nyong-veira	2	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Ross River-veira	2	
Semliki Forest-veira	2	
Sindbis-veira	2	
Tonate-veira	3 (**)	
Venesúelönsk hestaheilabólga	3	V
Vestræn hestaheilabólga	3	V
Aðrar þekktar alfaveirur	2	
Rauðhundaveira (rauðir hundar)	2	V
Toroviridae	2	
Óflokkaðar veirur:		
Lifrarbólguveirur sem hafa ekki verið greindar	3 (**)	D
Equine morbillivirus	4	
Óhefðbundið smitefni (príon) sem tengist príon sjúkdómum (transmissible spongiform encephalopatier (TSE) =svampkenndur smitandi heilasjúkdómur) [i]:		
Creutzfeldt-Jakobs-sjúkdómur	3 (**)	D [d]
Afbrigði af Creutzfeldt-Jacobs-sjúkdómi	3 (**)	D [d]
BSE (Bovine spongiform encephalopati), (kúariða) og aðrir skyldir príonar (i)	3 (**)	D [d]
Gerstmann-Straeussler-Scheinker-einkenni	3 (**)	D [d]
Kúru	3 (**)	D [d]

(*) Sjá 7. mgr. í inngangsathugasemdum.
(**) Sjá 8. mgr. í inngangsathugasemdum.

a) Heilabólga af völdum blóðmaura.
b) Lifrarbólguveira D veldur því aðeins sjúkdómum í starfsmönnum ef um er að ræða samtímis- eða fylgisýkingu af völdum lifrarbólguveiru B.
Bólusetning gegn lifrarbólguveiru B veitir því starfsmönnum sem ekki eru smitaðir af lifrarbólguveiru B vörn gegn lifrarbólguveiru D (Delta).
c) Aðeins fyrir tegundir A og B.
d) Ráðlagt vegna vinnu sem felur í sér beina snertingu við þessa skaðvalda.
e) Tvær veirur eru greindar: Önnur af buffalbólu-tegund (buffalopox type) og hin afbrigði bólusetningarveirunnar.
f) Afbrigði af kúabóluveiru.
g) Afbrigði af bólusetningarveirunni.
h) Á þessari stundu liggja engar sannanir fyrir um að sjúkdómar í mönnum stafi af öðrum retróveirum úr öpum. Í varúðarskyni er mælt með 3. innilokunarstigi þegar unnið er með þær.
i) Það liggja ekki sannanir fyrir um smitun í mönnum af völdum annarra skyldra príona. Þrátt fyrir það er mælt með innilokunarstigi á rannsóknarstofum sem miðast við meðhöndlun á áhættuflokki 3 (**) sem varúðarráðstöfun fyrir utan rannsóknarstofuvinnu sem er í tengslum við áður þekkta riðu (scrapie) skaðvalda þar sem innilokunarstig í áhættuflokki 2 er nægjanlegt.

Sníkjudýr.

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Acanthamoeba castellani	2	
Ancylostoma duodenale	2	
Angiostrongylus cantonensis	2	
Angiostrongylus costaricensis	2	
Ascaris lumbricoides	2	A
Ascaris suum	2	A
Babesia divergens	2	
Babesia microti	2	
Balantidium coli	2	
Brugia malayi	2	
Brugia pahangi	2	
Capillaria philippinensis	2	
Capillaria spp.	2	
Clonorchis sinensis	2	
Clonorchis viverrini	2	
Cryptosporidium parvum	2	
Cryptosporidium spp.	2	
Cyclospora cayetanensis	2	
Dipetalonema streptocerca	2	
Diphyllobothrium latum	2	
Dracunculus medinensis	2	
Echinococcus granulosus	3 (**)	
Echinococcus multilocularis	3 (**)	
Echinococcus vogeli	3 (**)	
Entamoeba histolytica	2	
Fasciola gigantica	2	
Fasciola hepatica	2	
Fasciolopsis buski	2	
Giardia lamblia (giardia intestinalis)	2	
Hymenolepis diminuta	2	
Hymenolepis nana	2	
Leishmania brasiliensis	3 (**)	
Leishmania donovani	3 (**)	
Leishmania ethiopica	2	
Leishmania mexicana	2	
Leishmania peruviana	2	
Leishmania tropica	2	
Leishmania major	2	
Leishmania spp.	2	
Loa loa	2	
Mansonella oardi	2	
Mansonella perstans	2	
Naegleria fowleri	3	
Necator americanus	2	
Onchocerca volvulus	2	
Opisthorchis felineus	2	
Opisthorchis spp.	2	
Paragonimus westermani	2	
Plasmodium falciparum	3 (**)	
Plasmodium spp. (manna- og apa-)	2	
Sarcocystis suihominis	2	
Schistosoma haematobium	2	
Schistosoma intercalatum	2	
Schistosoma japonicum	2	

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Schistosoma mansoni	2	
Schistosoma mekongi	2	
Strongyloides stercoralis	2	
Strongyloides spp.	2	
Taenia saginata	2	
Taenia solium	3 (**)	
Toxocara canis	2	
Toxoplasma gondii	2	
Trichinella spiralis	2	
Trichuris trichiura	2	
Trypanosoma brucei brucei	2	
Trypanosoma brucei gambiense	2	
Trypanosoma brucei rhodesiense	3 (**)	
Trypanosoma cruzi	3	
Wuchereria bancrofti	2	

(**) Sjá 8. lið í inngangsathugasemdum.

Sveppir.

Líffræðilegur skaðvaldur	Flokkun	Ath.
Aspergillus fumigatus	2	A
Blastomyces dermatitidis (ajellomyces dermatitidis)	3	
Candida albicans	2	A
Candida tropicalis	2	
Cladophialophora bantiana (áður þekkt sem: *Xylohypha bantiana, Cladosporium bantianum* eða *trichoides)*	3	
Coccidioides immitis	3	A
Cryptococcus neoformans var. neoformans (filobasidiella neoformans var. neoformans)	2	A
Cryptococcus neoformans var. gattii (filobasidiella bacillispora)	2	A
Emmonsia parva var. parva	2	
Emmonsia parva var. crescens	2	
Epidermophyton floccosum	2	A
Fonsecaea compact	2	
Fonsecaea pedrosoi	2	
Histoplasma capsulatum var. capsulatum (ajellomyces capsulatus)	3	
Histoplasma capsulatum duboisii	3	
Madurella grisea	2	
Madurella mycetomatis	2	
Microsporum spp.	2	A
Neotestudina rosatii	2	
Paracoccidioides brasiliensis	3	
Penicillium marneffei	2	A
Scedosporium apiospermum (Pseudallescheria bodii)	2	
Scedosporium prolificans (inflatum)	2	
Sporothrix schenckii	2	
Trichophyton rubrum	2	
Trichophyton spp.	2	

IV. VIÐAUKI
Leiðbeiningar um framkvæmd heilsuverndar starfsmanna.
(5. mgr. 13. gr.)

1. Þeir sem annast skulu heilsuvernd starfsmanna sem geta orðið fyrir mengun af líffræðilegum skaðvöldum skulu þekkja aðbúnað og aðstæður hvers starfsmanns sem þannig er ástatt um.
2. Heilsuvernd starfsmanna skal fara fram samkvæmt meginreglum og starfsaðferðum atvinnusjúkdómafræðinnar, og skal það fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi:
   - að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns,
   - að fram fari persónulegt mat á heilsufari starfsmanns,
   - að fram fari, eftir því sem við á, líffræðilegt eftirlit og greining á einkennum sem koma snemma fram og unnt er að bæta úr.

   Heimilt er að kveða á um frekari rannsóknir á einstökum starfsmönnum sem lúta heilsuvernd í ljósi aukinnar þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði.

V. VIÐAUKI
Leiðbeiningar um einangrunarráðstafanir og einangrunarstig.
(3. mgr. 14. gr. og 1. og 2. mgr. 15. gr.)

Almenn athugasemd.

Ráðstafanir samkvæmt viðauka þessum skulu gerðar með hliðsjón af eðli starfseminnar, mati á áhættu vegna starfsmanna og eðli þess líffræðilega skaðvalds sem um er að ræða.

A	B		
	Einangrunarstig		
Einangrunarráðstafanir	2	3	4
1. Vinnustaður skal aðskilinn frá annarri starfsemi í sömu byggingu	Nei	Æskilegt	Já
2. Inn- og útblástursloft til vinnustaðarins skal síað með HEPA-síu eða sambærilegum búnaði	Nei	Já, útblástursloft	Já, bæði inn- og útblástursloft
3. Aðgangur skal takmarkaður við sérstaklega tilgreinda starfsmenn	Æskilegt	Já	Já, um loftlás
4. Unnt skal vera að loftþétta vinnustaðinn til sótthreinsunar	Nei	Æskilegt	Já
5. Sérstaklega tilgreindar aðferðir við sótthreinsun	Já	Já	Já
6. Loftþrýstingi á vinnustað skal haldið lægri en utanhúss	Nei	Æskilegt	Já
7. Aðgerðir til takmörkunar á smitberum, svo sem nagdýrum eða skordýrum	Æskilegt	Já	Já
8. Yfirborðsfletir sem ekki taka í sig vatn og auðvelt er að þrífa	Já, á vinnuborðum	Já, á vinnuborðum og gólfum	Já, á vinnuborðum, gólfum, veggjum og lofti
9. Yfirborðsfletir sem þola sýrur, basa, leysiefni og sótthreinsunarefni	Æskilegt	Já	Já
10. Örugg geymsla fyrir líffræðilega skaðvalda	Já	Já	Já, fullkomlega trygg geymsla
11. Hafa skal athugunarglugga eða samsvarandi búnað, svo unnt sé að horfa á þá sem inni eru	Æskilegt	Æskilegt	Já
12. Rannsóknarstofa skal búin eigin tækjum	Nei	Æskilegt	Já
13. Efni sem smitað hefur verið, þar á meðal dýrum, skal komið fyrir í öryggis- eða innilokunar-skápum, eða annarri viðeigandi geymslu	Þar sem við á	Já, ef smit getur borist um loft	Já
14. Brennari til að farga dýrahræjum	Æskilegt	Já, til afnota	Já, á staðnum

VI. VIÐAUKI
Einangrunarráðstafanir í iðnaði.
(4. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 15. gr.)

Líffræðilegir skaðvaldar í 1. flokki.

Þegar unnið er með líffræðilega skaðvalda af 1. flokki, þar með talið veikt lifandi bóluefni, skal farið eftir góðum starfsvenjum um öryggi og hreinlæti á vinnustöðum.

Líffræðilegir skaðvaldar í 2., 3. og 4. flokki.

Nauðsynlegt getur reynst að velja og sameina kröfur um einangrun í hinum ýmsu flokkum hér að neðan á grundvelli áhættumats varðandi ákveðna aðferð eða þátt í vinnslu.

A	B Einangrunarstig		
Einangrunarráðstafanir	**2**	**3**	**4**
1. Lífvænlegar örverur skulu við vinnslu meðhöndlaðar í lokuðu kerfi sem aðskilur þær frá umhverfinu	Já	Já	Já
2. Með loft frá hinu lokaða kerfi skal farið þannig að:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
3. Standa skal að sýnatöku, viðbót á efnum til hins lokaða kerfis og flutningi á lífvænlegum örverum til annars lokaðs kerfis þannig að:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
4. Ekki má taka verulegt magn ræktunarvökva úr hinu lokaða kerfi nema hann hafi verið:	Dauðhreinsaður með viðurkenndum aðferðum	Dauðhreinsaður með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum	Dauðhreinsaður með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum
5. Þéttingar skulu vera þannig gerðar að:	Sem minnst af lífverum berist út	Engar lífverur berist út	Engar lífverur berist út
6. Hinum lokuðu kerfum skal komið fyrir innan afmarkaðs eftirlitssvæðis	Valkvætt	Valkvætt	Já, sem sérstaklega er ætlað fyrir þau
a) Sett skulu upp skilti um hættu af líffræðilegum toga	Valkvætt	Já	Já
b) Aðgangur skal takmarkaður við sérstaklega tilgreinda starfsmenn	Valkvætt	Já	Já, um loftlás
c) Starfsmenn skulu klæðast sérstökum hlífðarfötum	Já, vinnufötum	Já	Já, full fataskipti
d) Aðstaða skal vera fyrir starfsmenn til hreinsunar og þvotta	Já	Já	Já
e) Starfsmenn skulu taka steypibað áður en eftirlitssvæðið er yfirgefið	Nei	Valkvætt	Já
f) Frárennslisvatni frá vöskum og steypiböðum skal safnað saman og það dauðhreinsað áður en því er veitt frá	Nei	Valkvætt	Já
g) Eftirlitssvæðið skal loftræst á fullnægjandi hátt til að draga sem mest úr loftmengun	Valkvætt	Valkvætt	Já
h) Loftþrýstingi á eftirlitssvæðinu skal haldið lægri en utanhúss	Nei	Valkvætt	Já
i) Loft til og frá eftirlitssvæðinu skal síað með HEPA-síu	Nei	Valkvætt	Já
j) Unnt skal vera að takmarka við eftirlitssvæðið útbreiðslu efnis sem berst úr hinu lokaða kerfi	Nei	Valkvætt	Já
k) Unnt skal vera að loftþétta eftirlitssvæðið til sótthreinsunar	Nei	Æskilegt	Já
l) Meðhöndlun á frárennslisvatni áður en það er endanlega leitt brott	Dauðhreinsað með viðurkenndum aðferðum	Dauðhreinsað með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum	Dauðhreinsað með viðurkenndum efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum

VII. VIÐAUKI
Ráðlagðar starfsreglur um bólusetningu.
(3. mgr. 13. gr.)

1. Þegar niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin vegna mengunar frá líffræðilegum skaðvöldum sem virkt bóluefni er til gegn skal atvinnurekandi veita umræddum starfsmönnum kost á bólusetningu.

2. Bólusetning skal fara fram í samræmi við lög eða landsvenjur. Enn fremur skal upplýsa starfsmenn um kosti og ókosti bólusetningar og þess að láta það ógert.

3. Bólusetning skal vera starfsmanninum að kostnaðarlausu.

4. Heimilt er að gefa út vottorð um bólusetningu fyrir hlutaðeigandi starfsmann og Vinnueftirlit ríkisins, óski þau eftir því.

Nr. 765 12. október 2001

REGLUR

um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

I. KAFLI
Gildissvið og markmið.
1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efnafræðilegum skaðvöldum og lög, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um, sbr. þó strangari ákvæði í sérlögum og sérreglum um einstaka efnafræðilega skaðvalda.

2. gr.
Markmið.

Markmið reglna þessara er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efnafræðilega skaðvalda eða verða fyrir mengun frá þeim.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. *efnafræðilegur skaðvaldur*: frumefni og sambönd þeirra, bæði náttúruleg og framleidd, eða blanda tveggja eða fleiri frumefna og samband þeirra í föstu, fljótandi eða loftkenndu efni, þar á meðal úrgangur úr hvers konar vinnslu,
b. *hættulegur efnafræðilegur skaðvaldur*:
   i. efni sem flokkast sem hættulegt efni samkvæmt gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, að undanskildum þeim efnum sem einungis teljast hættuleg umhverfinu,
   ii. efnablanda sem flokkast sem hættuleg efnablanda samkvæmt gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, að undanskildum þeim efnablöndum sem einungis teljast hættulegar umhverfinu,

iii. efni eða efnablanda sem stofna eða kunna að stofna heilsu og öryggi starfsmanna í hættu á grundvelli eðlisefnafræðilegra, efnafræðilegra eða eiturefnafræðilegra eiginleika sinna enda þótt þau flokkist ekki sem hættuleg samkvæmt gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, auk þeirra efnafræðilegu skaðvalda sem eru sett mengunarmörk skv. I. viðauka þessara reglna og gildandi reglum um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum,

c. *starf í tengslum við efnafræðilega skaðvalda*: hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efnafræðilegum skaðvöldum, þar á meðal framleiðsla, meðferð og meðhöndlun efnafræðilegra skaðvalda, geymsla þeirra, blöndun, þynning, pökkun (þar með talið umpökkun og umhelling), flutningur eða förgun,
d. *mengunarmörk í starfi*: hæsta leyfilega meðaltalsmengun (tímavegið meðaltal) efnafræðilegs skaðvalds í andrúmslofti starfsmanna á tilgreindu viðmiðunartímabili,
e. *líffræðileg mengunarmörk*: leyfileg mörk tiltekins efnafræðilegs skaðvalds í líffræðilegu umhverfi hans, umbrotsefni hans eða vísbending um áhrif,
f. *heilsuvernd*: mat á einstökum starfsmanni í því skyni að ákvarða heilsufar hans með hliðsjón af áhrifum frá tilteknum efnafræðilegum skaðvaldi sem hann kann að verða fyrir í starfi,
g. *hætta*: sá eðlislægi eiginleiki efnafræðilegs skaðvalds að geta valdið skaða,
h. *áhætta*: líkur á því að skaði eigi sér stað við notkun efnafræðilegs skaðvalds eða mengun.

II. KAFLI
Skyldur atvinnurekanda.

4. gr.
Áhættumat.

1. Þegar líkur eru á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna efnafræðilegra skaðvalda skal atvinnurekandi ákvarða eða láta ákvarða eðli ástandsins, hve mikil mengunin er, áhrif einstakra efnafræðilegra skaðvalda svo og heildaráhrif þeirra og hve lengi starfsmenn verða fyrir mengun, til að unnt sé að meta hvers konar hættu heilsu og öryggi starfsmanna sé búin. Í samræmi við þetta skal atvinnurekandi ákvarða til hvaða ráðstafana skuli grípa.

2. Áhættumat skv. 1. mgr. skal byggjast á öllum tiltækum upplýsingum, þar á meðal upplýsingum um:

a. hættulega eiginleika efnafræðilegra skaðvalda,
b. öryggi og heilbrigði í öryggisleiðbeiningum, sbr. gildandi reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum,
c. vinnuskilyrði þar sem unnið er með efnafræðilega skaðvalda,
d. gildandi mengunarmörk og líffræðileg mengunarmörk,
e. fyrirliggjandi niðurstöðu frá heilsuvernd sem farið hefur fram,
f. áhrif forvarna.

3. Áhættumatið skal hafa sérstaka hliðsjón af störfum innan fyrirtækis eða stofnunar þar sem fyrirsjáanlegt er að heilsu og öryggi þeirra starfmanna sem sinna þeim sé meiri hætta búin vegna mengunar eða af öðrum ástæðum.

4. Þegar um er að ræða störf sem hafa í för með sér mengun frá mörgum efnafræðilegum skaðvöldum skal áhættan metin á grundvelli þeirrar áhættu sem stafar samanlagt frá þeim öllum.

5. Atvinnurekandi skal halda skrá um þær forvarnir og aðrar sértækar ráðstafanir sem hann grípur til í tengslum við áhættumatið. Enn fremur skal atvinnurekandi endurskoða

áhættumatið reglulega einkum ef orðið hafa verulegar breytingar á starfsemi í tengslum við efnafræðilega skaðvalda eða niðurstöður heilsuverndar starfsmanna sýna að slíkt sé nauðsynlegt. Þegar atvinnurekandi telur ekki líkur á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna efnafræðilegra skaðvalda skal hann færa rök fyrir því í almennu áhættumati fyrirtækis eða stofnunar.

6. Þegar um er að ræða nýtt starf sem tengist efnafræðilegum skaðvaldi skal vinna ekki hefjast fyrr en áhættumat á starfinu hefur verið gert og gripið hefur verið til nauðsynlegra forvarnaráðstafana samkvæmt matinu.

7. Ákvæði 7., 8., og 14. gr. reglna þessara gilda ekki þegar niðurstaða áhættumats skv. 1. mgr. gefur til kynna að sú mengun eða hugsanleg mengun sem stafar frá efnafræðilegum skaðvöldum hefur litla áhættu í för með sér fyrir heilsu starfsmanna og forvarnir skv. 5. gr. eru nægjanlegar til að draga úr þeirri áhættu.

5. gr.

Forvarnir.

1. Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að sjá til þess að komið sé í veg fyrir mengun af völdum efnafræðilegra skaðvalda eins og kostur er. Í þeim tilgangi skal hann beita eftirfarandi ráðstöfunum:

a. haga vinnu þannig að komist sé hjá því eða því haldið í lágmarki að efnafræðilegir skaðvaldar dreifist innan vinnustaðar,
b. gera almennar ráðstafanir til verndar starfsmönnum og, sé ekki annarra kosta völ, gera ráðstafanir til að vernda sérhvern einstakling,
c. koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar til að takmarka eins og unnt er þann fjölda starfsmanna sem verður fyrir mengun,
d. gera neyðaráætlun sem ætlað er að varna því að starfsmenn verði fyrir mengun frá efnafræðilegum skaðvöldum þegar mengun hefur átt sér stað,
e. gera hreinlætisráðstafanir sem samrýmast því markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr að efnafræðilegir skaðvaldar dreifist innan vinnustaðar,
f. draga úr magni efnafræðilegra skaðvalda á vinnustaðnum í samræmi við eðli starfseminnar.

2. Enn fremur skal atvinnurekandi sjá til þess að verklagsreglur fyrir hvern einstakan efnafræðilegan skaðvald séu fyrir hendi á vinnustað þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

a. verslunarheiti hins efnafræðilega skaðvalds,
b. notkunarsvið á vinnustaðnum,
c. takmarkanir á notkun,
d. skilyrði um sérstaka menntun eða þjálfun þeirra sem vinna með efnafræðilegan skaðvald,
e. heilsufarsleg áhrif, þar með talin einkenni við inntöku og vegna mengunar,
f. vinnureglur við meðhöndlun hins efnafræðilega skaðvalds, þar með taldar upplýsingar um viðeigandi fatnað og hlífðarbúnað og hvort óviðkomandi sé aðgangur bannaður,
g. upplýsingar um skyndihjálp,
h. eiginleikar við upphitun og bruna,
i. viðbrögð við bruna,
j. viðbrögð við óhöppum, svo sem ef efnafræðilegur skaðvaldur hellist niður og upplýsingar um förgun efnafræðilegs skaðvalds,
k. öryggisreglur um geymslu efnisins á vinnustaðnum.

3. Efnafræðilega skaðvalda skal geyma í sérstökum efnageymslum þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Hættulegir efnafræðilegir skaðvaldar skulu geymdir í læstri geymslu, aðskildir frá öðrum efnum.

4. Loftræsta skal efnageymslur á fullnægjandi hátt með tilliti til þeirra efnafræðilegu skaðvalda sem þar eru geymdir.

5. Ef nauðsyn krefur, t.d. vegna umferðar, skulu geymar og leiðslur girt af með öryggisgirðingu.

6. Þegar starfsemi fyrirtækja eða stofnana er lögð niður skal koma efnafræðilegum skaðvöldum í örugga geymslu eða ganga þannig frá þeim að engin hætta skapist af völdum þeirra.

6. gr.

Meðhöndlun umbúða og merkingar.

1. Efnafræðilegir skaðvaldar sem stofna eða geta stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu skulu vera í tryggum umbúðum á vinnustöðum í samræmi við eftirfarandi skilyrði:
   a. umbúðir skulu hafa þannig lögun og vera þannig lokaðar að innihaldið fari ekki úr þeim af slysni,
   b. umbúðir og lok skulu vera úr efni sem leysist ekki upp af innihaldinu eða gengur í samband við það þannig að efnafræðilegir skaðvaldar geti myndast eða að dragi úr styrk umbúðanna eða loksins,
   c. umbúðir og lok skulu vera það traust að öruggt sé að efni losni ekki úr umbúðum vegna slysni. Umbúðir og lok skulu þola þá meðferð sem nauðsynleg er vegna notkunar efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum,
   d. umbúðir skulu vera þannig gerðar að losun úr þeim að hluta eða öllu leyti sé framkvæmanleg á öruggan hátt,
   e. umbúðir skulu vera merktar í samræmi við gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda.

2. Umbúðir aðrar en upprunalegar umbúðir eða ílát sem efnafræðilegum skaðvöldum hefur verið hellt í til notkunar, geymslu eða sem efnaúrgangur á vinnustað skulu merktar á sama hátt og upprunalegu umbúðirnar.

3. Fastir geymar sem innihalda efnafræðilega skaðvalda á vinnustöðum skulu vera merktir í samræmi við gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda. Hið sama gildir um fargeyma sem notaðir eru til flutnings efnafræðilegra skaðvalda.

4. Leiðslur fyrir varasamar lofttegundir og vökva á vinnustöðum skulu merktar með texta, lit og ör sem sýnir straumstefnuna og eftir þörfum með hættu- og varúðarmerkingum. Í textanum skulu koma fram upplýsingar um innihald leiðslunnar svo og upplýsingar um þrýsting og hitastig efnafræðilegs skaðvalds í leiðslunni eftir því sem við á. Ef efnafræðilegum skaðvaldi er tappað af leiðslum skulu framangreindar upplýsingar koma greinilega fram við aftöppunarstaðinn. Sama á við um aftöppun á geymum. Listamerkingar á leiðslum skulu vera í samræmi við viðurkennda norræna eða alþjóðlega staðla.

7. gr.

Ráðstafanir vegna mengunar.

1. Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun.

2. Atvinnurekandi skal ávallt leitast við, með tilliti til eðli starfseminnar, að nota efnafræðilegan skaðvald sem telst ekki vera hættulegur eða síður hættulegur heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem hann er notaður.

3. Þegar ekki er tæknilega unnt að koma í veg fyrir mengun skv. 2. mgr., að teknu tilliti til eðli starfseminnar og áhættumatsins skv. 4. gr., skal atvinnurekandi sjá til þess að dregið sé úr mengun eins og kostur er. Í þeim tilgangi skal hann beita eftirfarandi ráðstöfunum í neðangreindri röð:

a. haga vinnu og tæknilegu eftirliti þannig að komist sé hjá losun hættulegra efnafræðilegra skaðvalda eða draga verulega úr slíkri losun ásamt því að nota viðeigandi búnað við losunina,
b. gera almennar ráðstafanir til verndar starfsmönnum, t.d. með viðunandi loftræstingu, og, sé ekki annarra kosta völ, gera ráðstafanir til að vernda sérhvern einstakling, t.d. með notkun persónuhlífa,

4. Hafi atvinnurekandi ekki sýnt fram á það með öðrum matsaðferðum að forvarnir skv. 5. gr. og aðrar ráðstafanir vegna mengunar séu viðunandi skal hann reglulega gera nauðsynlegar mælingar á efnafræðilegri mengun sem kann að stofna heilsu og öryggi starfsmanna í hættu. Skal höfð hliðsjón af gildandi mengunarmörkum í viðkomandi starfi. Hið sama gildir er breytingar hafa orðið á aðstæðum sem kunna að hafa áhrif á mengun innan vinnustaðar.

5. Gefi niðurstöður mælinga til kynna að mengun sé yfir mengunarmörkum í starfi skal atvinnurekandi grípa til viðeigandi ráðstafana vegna mengunar án ástæðulauss dráttar.

6. Atvinnurekandi skal hagræða starfseminni og gera nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir að teknu tilliti til eðli starfseminnar og áhættumats skv. 4. gr., til að koma megi í veg fyrir hættu vegna eðlisefnafræðilegra eiginleika efnafræðilegra skaðvalda. Í þeim tilgangi skal hann beita eftirfarandi ráðstöfunum í neðangreindri röð:

a. koma í veg fyrir, að teknu tilliti til eðli starfseminnar, að á vinnustað séu eldfim efni í hættulegum styrkleika eða hættulegt magn af efnafræðilega óstöðugum efnum en geyma skal eins lítið og unnt er af efnum inni í vinnurými og ekki meira en þörf er á vegna notkunar hverju sinni,
b. forðast að til staðar séu íkveikjuvaldar sem gætu orsakað eldsvoða eða sprengingar af völdum eldfimra efna en við geymslu efna skal taka tillit til hvort varasamt sé að geyma ólík efni saman, t.d. vegna þess að þau geti hvarfast hvert við annað og skapað hættu. Í þessu sambandi skal taka tillit til áhrifa ljóss, hitastigs, raka eða vatns á hina efnafræðilegu skaðvalda. Enn fremur skal taka tillit til hættu á falli, t.d. vegna jarðskjálfta,
c. gera almennar ráðstafanir til að draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu og öryggi starfsmanna við eldsvoða eða sprengingar af völdum eldfimra efna eða líkamstjóni vegna efnafræðilega óstöðugra efna.

7. Vinnutæki og öryggiskerfi skulu uppfylla viðeigandi reglur um hönnun, framleiðslu og afhendingu að því er varðar heilsu og öryggi starfsmanna. Ráðstafanir er varða tækni og/eða skipulag sem atvinnurekandi gerir skulu vera í samræmi við I. viðauka gildandi reglugerðar um búnað og verndarkerfi til notkunar á sprengihættustöðum.

8. Atvinnurekandi skal tryggja fullnægjandi eftirlit með tækjum, vélum og öðrum búnaði eða láta í té búnað til að kæfa áhrif sprenginga eða gera ráðstafanir vegna sprengiþrýstings.

8. gr.

Ráðstafanir vegna slysa eða óhappa.

1. Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar slys eða óhapp verður í tengslum við efnafræðilega skaðvalda.

Þær skulu meðal annars taka til hvers kyns viðeigandi öryggisæfinga sem skulu fara reglulega fram og viðeigandi aðstöðu til að veita skyndihjálp.

2. Starfsmenn skulu án tafar tilkynna verkstjóra, öryggisverði eða öryggistrúnaðarmanni um öll slys eða óhöpp í tengslum við efnafræðilega skaðvalda.

3. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp sem eiga sér stað í tengslum við efnafræðilega skaðvalda og grípa þegar í stað til allra nauðsynlegra ráðstafana í því skyni að ráða bót á ástandinu.

4. Einungis skal heimila þeim starfsmönnum, sem brýn þörf er á að sinni viðgerðum, að fara inn á umrætt vinnusvæði. Skal atvinnurekandi sjá til þess að þeir fái viðeigandi hlífðarfatnað, persónuhlífar og nauðsynlegan öryggisbúnað sem þeir skulu nota þangað til ástandinu er aflétt. Öðrum skal óheimill aðgangur að svæðinu.

5. Atvinnurekandi skal setja upp viðvörunarkerfi og önnur samskiptakerfi sem nauðsynleg eru til að gefa merki um aukna áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna svo unnt sé að bregðast við á réttan hátt og setja í gang viðeigandi aðgerðir.

6. Atvinnurekandi skal láta viðkomandi slysavarnaþjónustu í té viðeigandi upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a. hættur á vinnustað,
b. aðferðir við að greina hættu,
c. almennar og sértækar hættur sem kunna að koma upp við slys eða óhöpp,
d. leiðbeiningar skv. 1. mgr.,
e. verklagsreglur skv. 2. mgr. 5. gr.

9. gr.

Upplýsingaskylda.

1. Þegar niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hætta búin skal atvinnurekandi láta Vinnueftirliti ríkisins í té viðeigandi upplýsingar um eftirfarandi atriði, óski það þess:

a. niðurstöður áhættumats skv. 4. gr.,
b. þá starfsemi þar sem starfsmenn hafa orðið eða kunna að hafa orðið fyrir mengun frá efnafræðilegum skaðvöldum,
c. fjölda starfsmanna sem varð fyrir mengun,
d. nafn og hæfni öryggistrúnaðarmanns og öryggisfulltrúa á vinnustaðnum,
e. verndar- og forvarnaráðstafanir sem eru viðhafðar, þar á meðal starfshættir og vinnuaðferðir.

2. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að efnafræðilegir skaðvaldar geti valdið mengun.

10. gr.

Upplýsingar til starfsmanna.

1. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn um þá hættulegu efnafræðilegu skaðvalda sem eru á vinnustaðnum, geymslustaði þeirra, áhrif mengunar á heilsu þeirra og öryggi, hver séu mengunarmörkin í starfi sem og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um störf þeirra. Skal þess gætt að starfsmenn séu upplýstir um þær breytingar sem kunna að verða í tengslum við notkun á hættulegum efnafræðilegum skaðvöldum. Þegar um mjög hættulega efnafræðilega skaðvalda er að ræða skulu upplýsingarnar veittar skriflega og munnlega.

2. Atvinnurekandi skal veita starfsmönnum eða fulltrúum þeirra upplýsingar þær sem vísað er til í 2. mgr. 4. gr. reglna þessara, óski þeir eftir þeim.

11. gr.

Þjálfun starfsmanna.

1. Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar fái nægilega og viðeigandi þjálfun. Skal hún einkum fela í sér upplýsingar og leiðbeiningar um:
   a. hugsanlegt heilsutjón,
   b. varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir mengun,
   c. kröfur um hreinlæti,
   d. notkun hlífa og hlífðarfatnaðar,
   e. ráðstafanir sem starfsmönnum ber að grípa til ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir óhöpp.
2. Þjálfun skv. 1. mgr. skal veitt þegar starfsmaður hefur störf sem fela í sér snertingu við efnafræðilega skaðvalda og reglulega eftir það eins og nauðsyn krefur. Þess skal gætt að þjálfunin sé í samræmi við nýja og breytta áhættuþætti.

III. KAFLI
Heilsuvernd.

12. gr.

Bann við notkun efna á vinnustöðum.

Óheimilt er að framleiða, meðhöndla eða nota þá efnafræðilegu skaðvalda sem vísað er til í III. viðauka að því marki sem þar er tilgreint. Markmið þessa banns er að koma í veg fyrir mengun frá þessum efnafræðilegu skaðvöldum og að starfsmenn þurfi að sinna störfum sem tengjast þeim.

13. gr.

Undanþágur.

1. Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að veita undanþágu frá banni skv. 12. gr. þegar:
   a. efnafræðilegur skaðvaldur sem vísað er til í III. viðauka skal notaður eingöngu í vísindalegum tilgangi og til prófunar, þar á meðal greiningu,
   b. um er að ræða starf sem ætlað er að fjarlægja efnafræðilega skaðvalda úr úrgangsefnum eða aukaafurðum,
   c. efnafræðilegur skaðvaldur sem vísað er til í III. viðauka er framleiddur í því skyni að nota hann sem milliefni og er notkun skaðvaldsins sem milliefnis þá heimil.
2. Skilyrði fyrir undanþágu skv. 1. mgr. er að atvinnurekandi tryggi að framleiðsla þessara efnafræðilegu skaðvalda og notkun þeirra sem milliefnis eigi sér stað í lokuðu kerfi þannig að einungis sé unnt að ná til þeirra þegar nauðsynlegar mælingar fara fram eða nauðsynlegt viðhald á kerfinu. Skal þannig tryggt að starfsmenn verði ekki fyrir mengun frá þeim efnafræðilegu skaðvöldum sem um er að ræða.
3. Atvinnurekandi skal láta eftirfarandi upplýsingar fylgja með umsókn til Vinnueftirlits ríkisins um undanþágu skv. 1. mgr.:
   a. ástæðu beiðni um undanþágu,
   b. magn af efnafræðilegum skaðvaldi sem ætlað er að verði notað árlega,
   c. þau störf og/eða efnahvörf sem um er að ræða,
   d. áætlaðan fjölda starfsmanna,
   e. varúðarráðstafanir sem ætlað er að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna,
   f. þær tæknilegu ráðstafanir sem eiga að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun frá hinum efnafræðilega skaðvaldi.

14. gr.

Heilsuvernd starfsmanna.

1. Þegar áhættumatið skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðun og heilsuvernd.

2. Heilsuvernd skv. 1. mgr. skal meðal annars fela í sér að starfsmaður geti gengist undir læknisskoðun þegar mengun frá hættulegum efnafræðilegum skaðvaldi, sem starfsmaður verður fyrir, veldur sjúkdómi eða öðrum neikvæðum áhrifum á heilsu hans, tiltekinn sjúkdómur getur komið upp við þau vinnuskilyrði sem starfsmaður vinnur við og að aðferðin sem notuð er við læknisskoðunina sé starfsmanni hættulítil.

3. Starfsmenn er vinna með hættulega efnafræðilega skaðvalda sem hafa bindandi líffræðileg mengunarmörk, sbr. II. viðauka, skulu gangast undir læknisskoðun áður en þeir hefja störf og reglulega eftir það. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmanninn um þessa skyldu áður en hann hefur störf.

4. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal halda skrá um sjúkrasögu viðkomandi starfsmanna sem gangast undir læknisskoðanir auk þeirrar mengunar sem þeir hafa orðið fyrir. Í skránni skal enn fremur koma fram niðurstaða heilsuverndar samkvæmt ákvæði þessu og hvernig henni hefur verið háttað. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.

5. Starfsmenn skulu í samræmi við lög og gildandi reglur hafa aðgang að niðurstöðu heilsuverndar er varðar persónu þeirra.

6. Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins afrit af skrá skv. 4. mgr. óski það eftir því. Fara skal með slíkar skrár sem trúnaðarmál.

7. Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem álitin eru afleiðing mengunar af efnafræðilegum skaðvöldum á vinnustöðum.

8. Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 4. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta.

15. gr.

Niðurstöður heilsuverndar.

1. Gefi niðurstaða heilsuverndar til kynna að starfsmaður þjáist af sjúkdómi eða merki eru um önnur neikvæð áhrif á heilsu hans, sem sá er annast heilsuverndina eða annar hæfur sérfræðingur telur vera afleiðingu mengunar frá hættulegum efnafræðilegum skaðvaldi á vinnustað eða farið hefur verið yfir bindandi líffræðileg mengunarmörk, skal sá er annast heilsuverndina tilkynna starfsmanninum um niðurstöðuna. Þar á meðal skal upplýsa og leiðbeina starfsmanninum um hvers konar heilsuvernd hann eigi kost á eftir að mengunarástandi hefur verið aflétt.

2. Þegar um er að ræða tilvik skv. 1. mgr. skal atvinnurekandi endurskoða áhættumatið skv. 4. gr., forvarnir skv. 5. gr. og þær ráðstafanir sem hann hefur gripið til skv. 7. gr. reglna þessara. Enn fremur skal atvinnurekandi leita ráðleggingar hjá sérfræðingi í atvinnusjúkdómum eða öðrum hæfum aðila og gera viðeigandi úrbætur.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Refsiákvæði.

Með brot gegn reglum þessum skal fara eftir ákvæðum 99. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

17. gr.

Kæruheimild.

Um kæruheimildir á grundvelli reglna þessara fer skv. 98. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38., 39., 50. og 51. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins til innleiðingar á tilskipun, nr. 98/24/EB, um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað, sem vísað er til í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 57/1999.

19. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Enn fremur falla úr gildi reglur nr. 496/1996 um sama efni.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. október 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir bindandi mengunarmörk í starfi.

Heiti áhrifavalds	EINECS-nr. (1)	CAS-nr. (2)	Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi 8 klst. (3)		Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi Skammtímaváhrif (4)	
			mg/m^3 (5)	ppm (6)	mg/m^3	ppm
Ólífrænt blý og blýsambönd			0,15			

(1) EINECS: *European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances* (Evrópuskrá yfir markaðssett kemísk efni).
(2) CAS: *Chemical Abstracts Service.*
(3) Mæld eða reiknuð miðað við átta stunda viðmiðunartíma, tímavegið meðaltal.
(4) Viðmiðunarmörk, en ofan þeirra ættu váhrif ekki að geta átt sér stað, miðað við 15 mínútna tímabil, nema annað sé tekið fram.
(5) mg/m^3 = milligrömm á rúmmetra lofts við 20°C og 101,3 Kpa.
(6) ppm = hlutar af milljón miðað við rúmmál í lofti (ml/m^3).

II. VIÐAUKI
Bindandi líffræðileg mengunarmörk og heilsuvernd.

1. Blý og jónsambönd þess.

1.1 Í líffræðilega eftirlitinu skal felast mæling á blýmagni í blóði (PbB) með gleypnirófsmælingu eða annarri aðferð er gefur jafngildar niðurstöður. Bindandi líffræðilegu mengunarmörkin eru:

70 µ Pb/100 ml af blóði

1.2 Læknisskoðun skal fara fram ef:
- starfsmenn verða fyrir mengun frá andrúmslofti þar sem blýmagn er meira en 0,075 mg/m^3, reiknað sem tímavegið meðaltal 40 klukkustunda á viku, eða
- blýmagn í blóði einstakra starfsmanna er meira en 40 µg Pb/100 ml.

1.3 Hagnýtar leiðbeiningar fyrir líffræðilegt eftirlit og læknisskoðun skulu þróaðar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í þeim skulu vera tilmæli um líffræðilegar vísbendingar (t.d. ALAU, ZPP, ALAD) og skipulag líffræðilegs eftirlits.

III. VIÐAUKI
Bönn.

Framleiðsla, gerð eða notkun á vinnustað á efnafræðilegum skaðvöldum og störf sem tengjast efnafræðilegum skaðvöldum er koma fram hér að neðan eru óheimil. Bannið gildir ekki ef efnafræðilega skaðvaldinn er að finna í öðrum efnafræðilegum skaðvaldi, eða er hluti úrgangs, enda sé styrkur einstakra efnafræðilegra skaðvalda fyrir neðan mengunarmörkin sem tilgreind eru.

a) Efnafræðilegir skaðvaldar:

EINECS-nr. (1)	CAS-nr. (2)	Heiti áhrifavalds	Styrkleikamörk fyrir undanþágu
202-080-4	91-59-8	2-naftýlamín og sölt þess	0,1 % w/w
202-177-1	92-67-1	4-amínódífenýl og sölt þess	0,15 w/w
201-199-1	98-87-5	bensidin og sölt þess	0,1% w/w
202-204-7	92-93-3	4-nítródífenýl	0,1% w/w

(1) EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances (Evrópuskrá yfir markaðssett efni).
(2) CAS: Chemical Abstracts Service.

b) Störf:
Engin.

REGLUGERÐ

um fyrstu (1.) breytingu á reglugerð nr. 462/2000, um markaðsleyfi sérlyfja, merkingar þeirra og fylgiseðla.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist nýr stafliður, sem verður c-liður, er orðast svo: Geislavirk lyf sem eingöngu eru búin til í viðurkenndum framleiðsluvélum eða úr viðurkenndum samstæðum eða forefnum fyrir geislavirk lyf í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og notað á heilbrigðisstofnun sem heimilt er að nota slík lyf. Að öðru leyti gilda ákvæði tilskipunar ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 89/343/EBE hér á landi með þeirri aðlögun sem viðauki 2, XIII. kafli, bókun I við EES-samninginn hefur í för með sér.

2. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. bætist nýr stafliður, sem verður n-liður, er orðast svo: Gögn er staðfesta, að sérstakar ráðstafnir hafa verið viðhafðar við framleiðslu lyfsins, jafnt allra hráefna sem virks efnis, til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins TSE (transmissible spongiform encephalopathies), sbr. tilskipun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 1999/82/EC.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 99. gr.:

a. Á eftir orðunum „fjarveru frá vinnu," í b-lið 1. mgr. kemur: fæðingargalla,.
b. c-liður 1. mgr. orðast svo: Óvæntar aukaverkanir: Aukaverkanir sem vegna eðlis, alvarleika eða afleiðinga þeirra eru ekki eins og getið er um í samantekt á eiginleikum lyfs (SPC).
c. Við e-lið 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Lyfjastofnun í samvinnu við önnur lyfjamálayfirvöld í aðildarríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis, kemur á fót gagnagrunni, svo auðvelda megi flæði upplýsinga um lyfjagát vegna lyfja sem eru á markaði á Evrópska efnahagssvæðinu, í því skyni að upplýsingar berist hlutaðeigandi stjórnvöldum aðildarríkjanna á sama tíma.
d. Við 1. mgr. bætast þrír nýir stafliðir er orðast svo:
f) Samantektarskýrsla um öryggi lyfs (Periodic Safety Update Report; PSUR): Skýrsla sem gefin er út reglulega og inniheldur upplýsingar sem getið er um í 104. gr.
g) Rannsókn á öryggi lyfs eftir markaðssetningu: Klínískar- og faraldsfræðilegar lyfjarannsóknir sem framkvæmdar eru vegna ákvæða í markaðsleyfi, til að greina og meta hættu sem getur stafað af lyfi á markaði.
h) Misnotkun lyfja: Stöðug eða tímabundin, vísvitandi óhófleg notkun lyfs sem hefur líkamleg og sálarleg áhrif.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 100. gr.:

a. a-liður 1. mgr. orðast svo: Að koma á fót og starfrækja kerfi sem tryggir að starfsfólk fyrirtækis tilkynni um allar ætlaðar aukaverkanir sem þeim er kunnugt um til ábyrgðaraðila innan þess, þar sem þeim er safnað saman og þær metnar og gerðar aðgengilegar á einum stað innan Evrópska efnahagssvæðisins.
b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, er verði d-liður, er orðast svo: Að leggja fram til Lyfjastofnunar öll önnur gögn sem mikilvæg eru til að unnt sé að meta áhættu og kosti lyfs, þ.m.t. niðurstöður úr rannsóknum á öryggi lyfs eftir markaðssetningu.

5. gr.

Við 101. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Lyfjastofnun skal vinna markvisst að því að læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk tilkynni ætlaðar aukaverkanir til hlutaðeigandi yfirvalda.

Lyfjastofnun getur sett vinnureglur fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk um tilkynningar á ætluðum alvarlegum aukaverkunum og óvæntum alvarlegum aukaverkunum, sérstaklega ef slíkt eftirlit er skilyrði fyrir markaðsleyfi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr.:

a. 1. málsliður 1. mgr. orðast svo: Leyfishafi sem fengið hefur útgefið markaðsleyfi skv. 55. gr. skal skrá allar ætlaðar alvarlegar aukaverkanir sem tilkynntar eru honum frá viðkomandi heilbrigðisstéttum eða sem honum er kunnugt um af öðrum ástæðum (vísindagreinar o.fl.).

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Tilkynningar markaðsleyfishafa um ætlaðar alvarlegar aukaverkanir.**

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 104. gr.:

a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Eftir að markaðsleyfi hefur verið veitt getur markaðsleyfishafi óskað eftir breytingu á þeim tímamörkum sem að framan greinir.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Samantektarskýrsla um öryggi lyfs. (Periodic Safety Update Report; PSUR).**

8. gr.

Við 1. mgr. 111. gr. bætist:

- tilskipun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2000/38/EC um breytingu á kafla Va (Lyfjagát) í tilskipun ráðsins nr. 75/319/EEC „Önnur tilskipun um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um sérlyf".

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5., 7. og 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. október 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

28. september 2001 Nr. 767

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktar- og minningarsjóð Tjarnar, Þingeyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktar- og minningarsjóður Tjarnar, Þingeyri. Stofnfé er kr. 1.000.000, ein milljón króna, sem er gjöf barna Gísla Vignis Vagnssonar og Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur á Mýrum í Dýrafirði.

2. gr.

Sjóðinn stofna þau Mýrasystkin til minningar um foreldra sína, Gísla Vigni Vagnsson og Guðrúnu Sigríði Jónsdóttur, fyrrum ábúendur á Mýrum í Dýrafirði.

Tekjur sjóðsins til framtíðar verða gjafafé, frjáls framlög, andvirði minningarspjalda, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem sjóðurinn aflar. Eignir sjóðsins skulu aldrei vera minni en helmingur stofnframlags að raungildi miðað við vísitölu neysluverðs í ágústmánuði 2001.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta aðbúnað og afþreyingu eldri borgara í Dýrafirði í tengslum við Tjörn. Stjórn sjóðsins veitir fé úr sjóðnum samkvæmt nánari reglum er sjóðsstjórn setur sér.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, forstöðumaður Tjarnar, Þingeyri og skal hann vera formaður, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ og fulltrúi félags eldri borgara í Dýrafirði. Hlutverk stjórnar er að vinna að tilgangi sjóðsins og annast rekstur hans. Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og skal færa í gerðabók skipulagsskrá þessa, niðurstöður ársreiknings og allar samþykktir sjóðsstjórnar, þ.m.t. ákvarðanir um úthlutun fjár til einstakra verkefna.

Sparisjóður Vestfirðinga á Þingeyri skal ávaxta sjóðinn eftir nánari ákvörðun stjórnar Styrktar- og minningarsjóðs Tjarnar.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum. Stjórnarmenn hljóta enga þóknun fyrir stjórnarstörf sín.

6. gr.

Ákveði sjóðsstjórn að leggja sjóðinn niður, skulu eignir hans að frádregnum skuldum, renna til félags eldri borgara í Dýrafirði. Ákvörðun um að leggja sjóðinn niður þarf að hljóta samþykki allra stjórnarmanna og dómsmálaráðuneytisins.

7. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. september 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir, nr. 543 13. október 1995.

1. gr.

Í stað orðanna „Íþróttasambands Íslands“ í 1. og 3. gr. komi: Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

2. gr.

Í stað orðsins „októbermánuði“ í 1. mgr. 3. gr. komi: aprílmánuði.

3. gr.

Hvarvetna þar sem heitið „AB Tipstjänst“ kemur fram komi: AB Svenska Spel.

4. gr.

1. mgr. 18. gr. orðist svo:

Leik, sem er á getraunaseðlinum og er allur leikinn innan getraunaumferðar, telst hafa lokið með þeim úrslitum sem lágu fyrir þegar venjulegum leiktíma lauk. Ef leikur er stöðvaður áður en venjulegum leiktíma lýkur og sá aðili sem skipuleggur leikinn lýsir honum lokið, gilda þau úrslit sem fyrir lágu þegar honum lauk. Úrslit sem fást eftir framlengingu eða kæru gilda ekki.

5. gr.

19. gr. breytist þannig:

a. d-liður orðist svo:
Ef væntanlegur vinningur fyrir röð í vinningsflokki nær ekki 10 sænskum krónum, fellur vinningsflokkurinn niður og er þá vinningsupphæð flutt á fyrsta vinningsflokk í næstu getraunaumferð.

b. f-liður orðist svo:
Finnist engin vinningsröð í einhverjum öðrum vinningsflokki en þeim fyrsta, fellur vinningsflokkurinn niður og vinningsupphæðin skiptist jafnt milli annarra vinningsflokka sömu getraunaumferðar.

c. g-liður orðist svo:
Finnist engin vinningsröð í fyrsta vinningsflokki, í síðasta lagi þegar staðfesta á endanlegar vinningsupphæðir, fellur vinningsflokkurinn niður og vinningsupphæðin færist yfir á fyrsta vinningsflokk næstu getraunaumferðar.

d. h-liður orðist svo:
Skipta skal vinningsupphæðum skv. liðum c og f áður en vinningsupphæð er flutt milli getraunaumferða skv. liðum d og g.

6. gr.

25. gr. orðist svo:

Þátttakandi getur valið þrjá, fjóra, fimm eða sex leiki úr leikskránni og giskar á hvort þeim leikjum ljúki með sigri fyrrnefnda liðsins, jafntefli eða að síðarnefnda liðið sigri. Íslenskar getraunir hafa heimild til að bjóða valda leiki þar sem giskað er á einn eða tvo leiki.

7. gr.

32. gr. orðist svo:

Ef leik hefur af einhverjum orsökum verið flýtt og upplýsingar þar að lútandi hafa ekki borist Íslenskum getraunum í tæka tíð til að loka fyrir sölu leiksins, telst leiknum ekki hafa lokið innan umferðar hjá þeim sem spiluðu eftir að leikur hófst. Þeir munu þá fá leikinn endurgreiddan með vinningsstuðli 1,00, óháð því hvernig raunveruleg úrslit leiksins urðu. Til grundvallar verður einungis stuðst við tímaskráningu í aðaltölvum Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna.

8. gr.

Í stað „15.000 kr.“ í 1. og 2. mgr. 39. gr. komi: 25.000 kr.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 769 9. október 2001

AUGLÝSING

um vátryggingafjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að vátryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 45.000.000 króna vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 24.000 krónur að lágmarki og 240.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að vátryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 4.500.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. október 2001.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Sandra Baldvinsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu (1.) á reglugerð um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar nr. 28/1999.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. tölulið 1. gr.:

Á eftir orðunum „Börn, 17 ára og yngri“ falla brott orðin „sbr. þó 2. gr. gjaldskrár nr. 166/1992.“

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. síðustu mgr. 36. og 37. gr. s.l. og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. október 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum vegna Flókagötu 7, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 23. ágúst 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hleina að Langeyrarmölum vegna Flókagötu 7, Hafnarfirði.

Breytingin felst í byggingareit fyrir bílskúr við húsið nr. 7 við Flókagötu, Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 10. október 2001.

Hafdís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 915 29. nóvember 2000.

1. gr.

3. gr. breytist þannig:

a Nýr liður, 03.01 (3), orðist svo:

(3) **Gildistaka:** Liður 03.01 (1) vísar frá 10. ágúst 2003 til tilskipunar 2000/40/EB um breytingu á tilskipun 70/156/EBE. Frá, eftir atvikum, 1. janúar 2002, 1. janúar 2003 og 1. janúar 2004 vísar liðurinn til tilskipunar 2000/25/EB um breytingu á tilskipun 74/150/EBE.

b. Í stað a- til c-liða í lið 03.05 (2) komi nýir liðir (a - d), svo hljóðandi:

a. Erlent skráningarskírteini eða samsvarandi fylgiskjal, ásamt staðfestingu á fyrsta skráningardegi, framleiðsluári eða árgerð, komi þessi atriði ekki fram í skráningarskírteininu.

b. Staðfesting á burðargetu einstakra ása og leyfðri heildarþyngd.

c. Staðfesting á gerð, slagrými og afli hreyfils ökutækisins.

d. Vottorð um niðurstöðu skráningarskoðunar frá faggiltri skoðunarstofu.

c. Í stað a- til c-liða í lið 03.05 (3) komi nýir liðir (a og b), svo hljóðandi:

a. Ökutæki sem skráð hefur verið almennri skráningu í öðru ríki en EES-ríki, Bandaríkjum Norður-Ameríku eða Kanada:
Staðfesting eða vottorð frá framleiðanda eða tækniþjónustu um að viðkomandi gerð ökutækisins uppfylli þau skilyrði sem þarfnast skriflegra staðfestinga og talin eru upp í viðauka II og upplýsingar um merkingu hvers tákns eða samstöðu tákna í verksmiðjunúmeri og gerðarnúmeri.

b. Ökutæki með leyfða heildarþyngd 5.000 kg eða minna sem skráð hefur verið almennri skráningu erlendis í eigu hlutaðeigandi í a.m.k. eitt ár og flutt er til landsins sem hluti af búslóð hans:
Gögn um lögmætan eiganda.

2. gr.

7. gr. breytist þannig:

a. 7. mgr. í lið 07.01 (5) orðist svo:
Ljósker fyrir dagljós skulu þannig tengd að þau slokkni sjálfkrafa þegar kveikt er á stöðuljósum eða aðalljósum.

b. Á eftir „93/92“ í lið 07.20 (7) komi: með síðari breytingum.

c. Nýr liður, 07.20 (9), orðist svo:

(9) **Gildistaka:** Liður 07.20 (7) vísar frá 1. júlí 2002 til tilskipunar 2000/73/EB.

3. gr.

8. gr. breytist þannig:

a. Við lið 08.20 (3) bætist: með síðari breytingum.

b. Nýr liður, 08.20 (4), orðist svo:

(4) **Gildistaka:** Liður 08.20 (3) vísar frá 1. júlí 2002 til tilskipunar 2000/74/EB.

4. gr.

9. gr. breytist þannig:
Í stað „80/780 með síðari breytingum“ komi: 97/24.

5. gr.

12. gr. breytist þannig:

a. Liður 12.30 (8) orðist svo:
Dráttarvél skal uppfylla ákvæði um hámarkshraða skv. EBE-tilskipun nr. 74/152/EBE með síðari breytingum eða sambærilegar reglur.

b. Nýr liður, 12.30 (9), orðist svo:

(9) **Gildistaka:** Ákvæði liðar 12.30 (8) gildir um dráttarvél sem skráð er eftir 1. janúar 2002.

6. gr.

14. gr. breytist þannig:

a. Á eftir „93/31/EB“ í lið 14.20 (2) komi: með síðari breytingum.

b. Nýr liður, 14.20 (4), orðist svo:

(4) **Gildistaka:** Liður 14.20 (2) vísar frá 1. júlí 2002 til tilskipunar 2000/72/EB.

7. gr.

16. gr. breytist þannig:

a. d-liður í lið 16.02 (3) orðist svo:
d. Hámarksþyngd hvers nagla má vera 1,1 g. Í hjólbarða sem ætlaður er undir torfærubifreið (t.d. jeppa) eða sendibifreið (C eða LT hjólbarði) má þyngd hvers nagla þó mest vera 2,3 g.

b. d-liður í lið 16.02 (4) orðist svo:
d. Hámarksþyngd hvers nagla má vera 3 g.

c. Við lið 16.02 (7) bætist: Ný ákvæði d-liðar í lið 16.02 (3) og d-liðar í lið 16.02 (4) gilda um hjólbarða sem teknir verða í notkun frá 1. september 2002 nema negling hafi átt sér stað fyrir 1. maí 2002.

8. gr.

18. gr. breytist þannig:

a. Í stað „78/1015 með síðari breytingum“ í lið 18.22 (3) komi: 97/24.

b. Á eftir „breytingum“ í lið 18.30 (3) komi: og EB-tilskipun nr. 2000/25.

c. Nýr liður, 18.30 (7) orðist svo:

(7) **Gildistaka:** Liður 18.30 (3) vísar frá, eftir atvikum, 1. janúar 2002, 1. janúar 2003 og 1. janúar 2004 til tilskipunar 2000/25/EB.

9. gr.

Viðauki II breytist þannig:

a. Í stað tölunnar „4“ í reitunum „D_1“ og „D_2“ við tilskipun 74/152/EBE komi: 2.

b. Á eftir tilskipun 97/54/EB bætist ný tilskipun:
2000/25/EB Útblástursmengun Talan „2“ komi í reitina „D_1“ og „D_2“.

c. Tilskipanir 78/1015/EBE, 80/780/EBE og 97/54/EB falli brott.

10. gr.

Viðauki III breytist þannig:

a. Undir ***Bifreiðir og eftirvagnar:***
aa. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 70/156/EBE bætist: 2000/40/EB.
ab. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 78/316/EBE bætist: 94/53/EB.

b. Undir ***Bifhjól:***
aa. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 93/29/EBE komi: 2000/74/EB.

ab. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 93/31/EBE komi: 2000/72/EB.
ac. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 93/92/EBE komi: 2000/73/EB.
ad. Í reitinn „Reglugerðarákvæði“ við tilskipun 97/24/EB bætist: 09.20 (3) og 18.20 (3).
ae. Tilskipanir 78/1015/EBE og 80/780/EBE falli brott.

c. Undir ***Dráttarvélar:***
aa. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 74/150/EBE bætist: 2000/25/EB.
ab. Á eftir tilskipun 89/173/EBE bætist ný tilskipun:

2000/25/EB		Útblástursmengun	18.30 (3)

11. gr.

Viðauki IV breytist þannig:

a. Undir ***Bifreiðir og eftirvagnar:***
Við 1. tölul. (tilskipun 70/156/EBE) bætist ný lína:

		2000/40/EB	L 203 10.08.2000	***9/2001; 22, 26.04.2001

b. Undir ***Bifhjól:***
aa. Við 45.i tölul. (tilskipun 93/29/EBE) bætist ný lína:

		2000/74/EB	L 300 29.11.2000	***62/2001; 44, 06.09.2001

ab. Við 45.k tölul. (tilskipun 93/31/EBE) bætist ný lína:

		2000/72/EB	L 300 29.11.2000	***62/2001; 44, 06.09.2001

ac. Við 45.o tölul. (tilskipun 93/92/EBE) bætist ný lína:

		2000/73/EB	L 300 29.11.2000	***62/2001; 44, 06.09.2001

ad. 40. og 41. tölul. (tilskipanir 78/1015/EBE og 80/870/EBE) falli brott.

c. Undir ***Dráttarvélar:***
aa. Við 1. tölul. (tilskipun 74/150/EBE) bætist ný lína:

		2000/25/EB	L 173 12.07.2000	***10/2001; 22, 26.04.2001

ab. Á eftir tilskipun 89/173/EBE bætist ný tilskipun:

	Útblásturs-mengun 2000/25/EB		L 173 12.07.2000	***10/2001; 22, 26.04.2001

12. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda um ökutæki sem skráð verða, viðurkennd eða tekin í notkun í fyrsta sinn 1. janúar 2002 eða síðar, nema annað sé ákveðið. Heimilt er nú þegar að útbúa ökutæki í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 2001.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 984 27. desember 2000.

1. gr.

Í stað orðanna „og nr. 1999/47“ í 1. mgr. 2. gr. komi: nr. 1999/47, nr. 2000/61 og nr. 2001/7.

2. gr

1. mgr. 23. gr. breytist þannig:

a. Í stað orðanna „og nr. 1999/47/EB“ komi: nr. 1999/47/EB, nr. 2000/61/EB og 2001/7/EB.

b. Í stað orðanna „og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/99 frá 17. desember 1999“ komi: 14. hefti 2001, bls. 6-63, ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2001 frá 30. mars 2001, sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 30. hefti 2001, bls. 23 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2001 frá 19. júní 2001, sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 44. hefti 2001, bls. 18.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 2001.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

12. október 2001 Nr. 774

AUGLÝSING

um deiliskipulag stofnanareits vegna Stillholts 2, Akranesi.

Á fundi bæjarráðs Akraness, fyrir hönd bæjarstjórnar Akraness (sem var í sumarleyfi) þann 22. ágúst 2001 var m.a. samþykkt breyting á deiliskipulagi stofnanareits á Akranesi.

Tillagan nær til deiliskipulagsreits, stofnanareits, sem afmarkast af lóðinni Stillholt 2.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 2. mgr. 26. gr. skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með föstudeginum 6. júlí til og með föstudagsins 3. ágúst 2001. Athugasemdafrestur var til föstudagsins 17. ágúst 2001. Engar athugasemdir bárust.

Framangreint deiliskipulag stofnanareits, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 12. október 2001.

Magnús Þórðarson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Spöng, breyting á deiliskipulagi lóða nr. 33-37.

Í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. ágúst sl. breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar í Grafarvogi varðandi lóðina nr. 33-37.

Breytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bryggjuhverfi, breyting á deiliskipulagi varðandi lóðina nr. 5-7 við Naustabryggju.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 5. september sl. breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis varðandi lóðina nr. 5-7 við Naustabryggju, hús merkt 15B á deiliskipulagsuppdrætti.

Breytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Ofanleiti 1-2, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 28. ágúst 2001 breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 1-2 við Ofanleiti.

Breytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 12. október 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 2001

15. október 2001 2247 Nr. 776

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan.

Með vísan til 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) frá 15. október 1999 um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) frá 19. desember 2000 um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimil með beinum eða óbeinum hætti hvers kyns sala á vopnum, vopnabúnaði og íðefninu ediksýruanhýdríði til aðila sem dvelja eða starfa á þeim landsvæðum í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Hið sama gildir um hvers konar milligöngu þar um eða að stuðla að því með öðrum hætti að vopn og vopnabúnaður berist í hendur þessara aðila sem og um vörur sem nota má til viðhalds og framleiðslu á vopnum og vopnabúnaði.

2. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimilt með beinum eða óbeinum hætti að veita ráðgjöf, tækniaðstoð eða aðra fyrirgreiðslu án tillits til þess hvort gagngjald komi fyrir eða ekki í tengslum við herþjálfun, hernaðaraðstoð eða annars konar starfsemi sem ætla má að hafi hernaðarlegan tilgang á svæðum þeim í Afganistan sem lúta stjórn talibana.

3. Flugfélaginu „Ariana Afghan Airlines“ er óheimil hvers konar starfsemi á Íslandi.

4. Óheimilt er að nota loftför og skip skrásett á Íslandi til að flytja vörur sem um getur í 1. tl. til svæða í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Að sama skapi er óheimilt að flytja slíkar vörur um íslenskt yfirráðasvæði.

5. Loftförum frá svæðum í Afganistan sem lúta stjórn talibana er óheimilt að lenda á Íslandi og fara um íslenskt yfirráðasvæði nema nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem sett

var á fót samkvæmt ályktun þess nr. 1267 (1999) hafi veitt leyfi fyrir fluginu. Hið sama gildir um loftför sem ætla má að hyggist lenda á svæðum í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Sækja skal um undanþágur til nefndarinnar fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins.

6. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að stöðva eða koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning, þar með talin afhending fjár og fjárverðmæta, úttektir, millifærsla sem og viðskipti með hvers konar fjárhagsleg verðmæti eða ígildi þeirra til þeirra einstaklinga, félaga eða stofnana sem tilgreindir eru í viðauka við auglýsingu þessa og að koma í veg fyrir að þeir fái slíkar greiðslur í hendur eða geti nýtt þær með öðrum hætti.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 15. október 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

VIÐAUKI

I. Einstaklingar:

1. Liðsmenn talibana í Afganistan:

Mullah Mohammad Rabbani, forseti stjórnarráðs, formaður ráðherraráðs;
Mullah Hadji Mohammad Hassan, fyrsti varamaður, ráðherraráð, héraðsstjóri, Kandahar;
Maulavi Abdul Kabir, annar varamaður, ráðherraráð, héraðsstjóri, Nangahar, yfirmaður Austursvæðis;
Mullah Mohammed Omar, trúarleiðtogi (Ámir ul Mumineen´), Afganistan;
Mullah Mohammad Tahre Anwari, stjórnsýslufulltrúi;
Maulawi Sayyed Haqqan, ráðherra stjórnsýslumála;
Maulavi Abdul Latif Mansur, landbúnaðaráðherra;
Mullah Shams-ur-Rahman, varalandbúnaðarráðherra;
Maulavi Attiqullah Akhund, varalandbúnaðarráðherra;
Maulavi Abdul Ghafoor, varalandbúnaðarráðherra;
Akhtar Mohammad Mansour, flugmála- og samgönguráðherra;
Hadji Tahis, varaflugmálaráðherra;
Mullah Mohammad Naim, varaflugmálaráðherra;
Hidayatullah Abu Turab, varaflugmálaráðherra;
Mullah Yar Mohammad Rahimi, samgönguráðherra;
Mullah Haji Alla Dad Tayeb, varasamgönguráðherra;
Maulavi Abdul Razaq, viðskiptaráðherra;
Maulavi Faiz Mohammad Faizan, varaviðskiptaráðherra;
Maulavi Nik Mohammad, varaviðskiptaráðherra;
Mullah Matiullah, tollafulltrúi, Kabul;
Maulavi Dadullah Akhund, ráðherra byggingamála;
Mullah Hadji Ubaidullah Akhund, varnarmálaráðherra;

Mullah Fazel M. Mazloom, staðgengill yfirmanns herráðs;
Mullah Baradar, varavarnarmálaráðherra;
Mullah Abdul Rauf, yfirmaður miðherja;
Mullah Amir Khan Motaqi, menntamálaráðherra;
Mullah Mohammad Nasim Hanafi, varamenntamálaráðherra;
Maulavi S. Ahmed Shahidkhel, varamenntamálaráðherra;
Mullah Abdul Wasay Aghajan Motasem, fjármálaráðherra;
Mullah Arefullah Aref, varafjármálaráðherra;
Mullah Haji M. Ahmadi, stjórnarformaður Da Afghanistan Bank;
Abdul Wakil Mutawakil, utanríkisráðherra;
Abdul Rahman Zahed, varautanríkisráðherra;
Mullah Abdul Jalil, varautanríkisráðherra;
Dr. Abdul Satar Paktis, protokolldeild utanríkisráðuneytisins;
Maulavi Faiz, upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins;
Shams-us-Safa Aminzai, fjölmiðlamiðstöð utanríkisráðuneytisins;
Maulavi Abdul Baqi, ræðismáladeild utanríkisráðuneytisins;
M. Jawaz Waziri, deild utanríkisráðuneytisins fyrir málefni Sameinuðu þjóðanna;
Maulavi Djallalouddine Haqani, landamæraráðherra;
Maulavi Abdul Hakim Monib, varalandamæraráðherra;
Alhaj M. Ibrahim Omari, varalandamæraráðherra;
Qari Din Mohammad, framhaldsmenntunarráðherra;
Maulavi Hamidullah Nomani, háttsettur embættismaður í framhaldsmenntunarráðuneyti;
Zabihullah Hamidi, varaframhaldsmenntunarráðherra;
Maulavi Arsalan Rahmani, varaframhaldsmenntunarráðherra;
Maulavi Qudratullah Jamal, upplýsingamálaráðherra;
Mullah Abdul Baqi, varaupplýsinga- og menningarmálaráðherra;
Maulavi Abdul Rahman Ahmad Hottak, varaupplýsinga- og menningarmálaráðherra;
Maulavi Rahimullah Zurmati, varaupplýsinga- (útgáfu-) og menningarmálaráðherra;
Abdulhai Motmaen, upplýsinga- og menningarmálaskrifstofa, Kandahar;
Maulavi Mohammad Yaqoub, yfirmaður BIA;
Mullah Abdul Razaq, innanríkisráðherra;
Mullah Abdul Samad Khaksar, varainnanríkis(öryggis)ráðherra;
Mohammad Sharif, varainnanríkisráðherra;
Maulavi Noor Jalal, varainnanríkisráðherra (rekstur);
Maulavi Saed M. Azim Agha, vegabréfa- og vegabréfsáritanadeild;
Mullah Nooruddin Turabi, dómsmálaráðherra;
Maulavi Jalaluddine Shinwari, varadómsmálaráðherra;
Alhaj Mullah Mohammad Essa Akhund, námu- og iðnaðarmálaráðherra;
Maulavi Sayeedur Rahman Haqani, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;
Mullah Abdul Salam Zaief, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;
Maulavi Mohammad Azam Elmi, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;
Qari Din Mohammad Hanif, skipulagsmálaráðherra;
Maulavi Ezatullah, varaskipulagsmálaráðherra;
Maulavi M. Musa Hottak, varaskipulagsmálaráðherra;
Mullah Mohammad Abbas Akhund, heilbrigðisráðherra;
Sher Abbas Stanekzai, varaheilbrigðisráðherra;
Maulavi Mohammadullah Mati, ráðherra opinberra framkvæmda;
Maulavi Rostam Nuristani, vararáðherra opinberra framkvæmda;
Hadji Molla Atiqullah, vararáðherra opinberra framkvæmda;

Maulavi Najibullah Haqqani, vararáðherra opinberra framkvæmda;
Maulavi Sayyed Ghiassouddine Agha, ráðherra pílagríma- og trúmála;
Maulavi Moslim Haqqani, vararáðherra pílagríma- og trúmála;
Maulavi Qalamudin Momand, vararáðherra pílagrímamála;
Maulavi Abdul Raqib Takhari, ráðherra mála er varða endurkomu til Afganistan;
Ramatullah Wahidyar, vararáðherra mála er varða píslarvotta og endurkomu til Afganistan;
Mohammad Sediq Akhundzada, vararáðherra mála er varða píslarvotta og endurkomu til Afganistan;
Maulavi Mohammad Wali, ráðherra glæpa- og siðferðismála;
Maulavi Mohammad Salim Haqqani, vararáðherra glæpa- og siðferðismála;
Maulavi Sayed Esmatullah Asem, vararáðherra glæpa- og siðferðismála;
Qari Ahmadulla, öryggismálaráðherra;
Maulavi Abdul-Haq-Wasseq, varaöryggismálaráðherra;
Maulavi Ehsanullah, varaöryggismálaráðherra;
Mullah Habibullah Reshad, yfirmaður rannsóknaskrifstofu;
Mullah Ahmed Jan Akhund, ráðherra vatns- og rafmagnsveitumála;
Eng. Mohammad Homayoon, vararáðherra vatns- og rafmagnsveitumála;
Maulavi Saiduddine Sayyed, vararáðherra atvinnu- og félagsmála;
Maulavi Abdul Jabbar, héraðsstjóri, Bamiyan;
Maulavi Nurullah Nuri, héraðsstjóri, Balkh, yfirmaður Norðursvæðis;
Muhammad Islam, héraðsstjóri, Bamiyan;
Mullah Janan, héraðsstjóri, Fariab;
Mullah Dost Mohammad, héraðsstjóri, Ghazni;
Maulavi Khair Mohammad Khairkhwah, héraðsstjóri, Heart;
Maulavi Abdul Bari, héraðsstjóri, Helmand;
Maulavi Walijan, héraðsstjóri, Jawzjan;
Mullah M. Hasan Rahmani, héraðsstjóri, Kandahar;
Mullah Manan Nyazi, héraðsstjóri, Kabul;
Maulavi A. Wahed Shafiq, varahéraðsstjóri, Kabul;
Alhaj Mullah Sadudin Sayed, borgarstjóri, Kabul;
Maulavi Shafiqullah Mohammadi, héraðsstjóri, Khost;
Maulavi Nazar Mohammad, héraðsstjóri, Kunduz;
M. Eshaq, héraðsstjóri, Laghman;
Maulavi Zia-ur-Rahman Madani, héraðsstjóri, Logar;
Maulavi Hamsudin, héraðsstjóri, Wardak (Maidan);
Maulavi A. Kabir, héraðsstjóri, Nangarhar;
Mullah M. Rasul, héraðsstjóri, Nimroz;
Maulavi Tawana, héraðsstjóri, Paktia;
Mullah M. Shafiq, héraðsstjóri, Samangan;
Maulavi Aminullah Amin, héraðsstjóri, Saripul;
Maulavi Abdulhai Salek, héraðsstjóri, Urouzgan;
Maulavi Ahmad Jan, héraðsstjóri, Zabol;
Noor Mohammad Saqib, forseti hæstaréttar;
Maulavi Sanani, yfirmaður Dar-ul-Efta;
Maulavi Samiullah Muazen, fulltrúi yfirréttar;
Maulavi Shahabuddin Delawar, fulltrúi yfirréttar;
Abdul Rahman Agha, forseti herréttar;
Mullah Mustasead, yfirmaður vísindastofnunar;

Maulavi Esmatullah Asem, framkvæmdastjóri Rauða hálfmánans í Afganistan (ARCS);
Maulavi Qalamuddin, formaður Ólympíunefndar;
Abdul Salam Zaeef, sendiherra talibana í Pakistan;
Abdul Hakim Mujahid, sendierindreki talibana hjá Sameinuðu þjóðunum;
General Rahmatullah Safi, fulltrúi talibana í Evrópu;
Mullah Hamidullah, forstjóri Ariana Afghan Airlines;
Alhaj Mullah Sadruddin, borgarstjóri, Kabul;
Amir Khan Muttaqi, samningamaður talibana gagnvart Sameinuðu þjóðunum;
Jan Mohammad Madani, sendifulltrúi, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
Shamsalah Kmalzada, annar sendiráðsritari, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
Azizirahman, þriðji sendiráðsritari, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
Mawlawi Abdul Manan, viðskiptafulltrúi, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
Malawi Abdul Wahab, sendifulltrúi talibana í Riyadh.

2. Liðsmenn talibana í „sendiráði" talibana í Islamabad
Mullah Abdul Salam Zaeef (sendiherra);
Habibullah Fauzi (fyrsti sendiráðsritari / varamaður sendiherra);
Mohammad Sohail Shaheen (annar sendiráðsritari);
Mohammad Sarwar Siddiqmal (þriðji sendiráðsritari);
Mullah Mohammad Zahid (þriðji sendiráðsritari);
General Abdul Qadeer (hermálafulltrúi);
Maulavi Nazirullah Anafi (viðskiptafulltrúi);
Maulavi Abdul Ghafar Qurishi (fulltrúi fyrir mál er varða endurkomu til Afghanistan);
Mohammad Daud (rekstrarfulltrúi).

3. Liðsmenn talibana í „aðalræðisskrifstofu" talibana í Pashawar
Maulavi Najibullah (aðalræðismaður);
Qari Abdul Wali (fyrsti sendiráðsritari);
Syed Allamuddin (annar sendiráðsritari);
Maulavi Akhtar Mohammad (fulltrúi menntamála);
Alhaj Maulavi Mohammad Saddiq (viðskiptafulltrúi).

4. Liðsmenn talibana í „aðalræðisskrifstofu" talibana í Karachi
Maulavi Rahamatullah Kakazada (aðalræðismaður);
Mufti Mohammad Aleem Noorani (fyrsti sendiráðsritari);
Haji Abdul Ghafar Shenwary (þriðji sendiráðsritari);
Maulavi Gul Ahmad Hakimi (viðskiptafulltrúi).

5. Liðsmenn talibana í „aðalræðisskrifstofu" talibana í Quetta
Maulavi Abdullah Murad (aðalræðismaður);
Maulavi Abdul Haiy Aazem (fyrsti sendiráðsritari);
Maulavi Hamdullah (fulltrúi fyrir mál er varða endurkomu til Afghanistan);

6. Einstaklingar sem tengjast Usama Bin Laden
Usama Bin Muhammad Bin Awad Bin Laden (UBL), einnig þekktur sem Abu Abdallah Abd Al-Hakim. Fæddur 27. júlí 1957 í Saudi Arabíu. Sviptur ríkisfangi Saudi Arabíu, nú ríkisborgari Afganistan;

Muhammad ´Atif, einnig þekktur sem Abu Hafs. Sennilega fæddur í Egyptalandi 1944. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Háttsettur liðsforingi hjá UBL;

Aiman Muhammad Rabi Al-Zawahiri. Fæddur 19. júní 1951 í Giza, Egyptalandi. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Fyrrverandi foringi í Egyptian Islamic Jihad, nú í nánum tengslum við UBL;

Sa´d Al-Sharif. Fæddur í Saudi Arabíu í kringum 1969. Mágur og náinn samstarfsmaður UBL. Talinn hafa yfirumsjón með fjármálum samtaka UBL;

Saif Al-´Adil. Fæddur í Egyptalandi um 1963. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Ábyrgur fyrir öryggi UBL;

Amin Al-Haq, einnig þekktur sem Muhammad Amin. Fæddur um 1960 í Nangahar í Afganistan. Afganskur ríkisborgari. Samhæfir öryggismál UBL;

Ahmad Sa´id Al-Kadr, einnig þekktur sem Abu Abd Al-Rahman Al-Kanadi. Fæddur 1. mars 1948 í Kairó, Egyptalandi. Talinn vera egypskur og kanadískur ríkisborgari;

Zain Al-Abidin Muhahhad Husain, einnig þekktur sem Abu Zubaida og Abd Al-Hadi Al-Wahab. Fæddur 12. mars 1971 í Riyadh, Saudi Arabíu. Talinn vera ríkisborgari Saudi Arabíu, Palestínu og Jórdaníu. Náinn samstarfsmaður UBL, skipuleggur ferðir hryðjuverkamanna;

Saqar Al-Jadawi. Fæddur um 1968. Talinn vera ríkisborgari Jemen eða Saudi Arabíu. Aðstoðarmaður UBL;

Bilal Bin Marwan. Fæddur um 1947. Háttsettur liðsforingi UBL.

II. Fyrirtæki og stofnanir:

Ariana Afghan Airlines (áður BakhtarAfghan Airlines), Afghan Authority Building, P.O. Box 76, Ansari Watt, Kabul, Afghanistan og aðrar skrifstofur þess flugfélags;

Banke Millie Afghan (einnig þekkt sem Afghan National Bank; Bank E. Millie Afghan), Jada Ibn Sina, Kabul, Afghanistan, og aðrar skrifstofur þess banka;

Da Afghanistan Bank (einnig þekkt sem Bank of Afghanistan; Central Bank of Afghanistan, The Afghan State Bank), Ibni Sina Wat, Kabul, Afghanistan, og aðrar skrifstofur þess banka;

Bankareikningur Ariana Afghan Airilines hjá Citibank, New Delhi, Indlandi;

Bankareikningur Ariana Afghan Airlines hjá Punjab National Bank, New Delhi, Indlandi;

De Afghanistan Momtaz Bank;

Agricultural Development Bank of Afghanistan (ADB), Bretlandi.

Nr. 777 16. október 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr. er hljóðar svo:

Fjöldi vetrarfóðraðra kinda á hvert ærgildi greiðslumarks skv. b-lið 1. mgr. skal taka breytingum ár hvert í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts á innlendum markaði reiknað frá 7000 tonna árlegri sölu. Hlutfall þetta skal landbúnaðarráðherra auglýsa eigi síðar en 1. nóvember ár hvert fyrir næstkomandi almanaksár og skal hlutfallið miðað við sölu á kindakjöti á síðastliðnu almanaksári áður en auglýsing er birt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

30. september 2001 Nr. 778

REGLUR

um farandsölu í Siglufirði.

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda farandsölu í Siglufirði, enda fullnægi þeir skilyrðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu til að stunda slíka starfsemi og þeim skilyrðum sem sett eru í reglum þessum.

2. gr.

Aðili sem vill stunda farandsölu í Siglufirði, skal tilkynna til sveitarfélagsins um komu sína með sannanlegum hætti með minnst 2ja vikna fyrirvara. Í tilkynningunni skal koma fram:

- Nafn, kennitala og vsk númer rekstraraðila.
- Hvaða vörur viðkomandi hyggst selja.
- Hvar í sveitarfélaginu salan muni eiga sér stað.
- Hvenær aðili hyggst halda úti versluninni.

Með tilkynningunni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, þar á meðal staðfesting á skráningu rekstraraðila í firma- eða hlutafélagaskrá, eintak nafnspjalds skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 28/1998 og upplýsingar um fasta starfsstöð og prókúruhafa. Sveitarstjórn getur látið stöðva farandsölu, komi í ljós að upplýsingar um rekstraraðila standast ekki eða ranglega hefur verið greint frá því við tilkynningu, hvaða vörur selja á.

3. gr.

Haldin skal skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa komu sína með farandsölu. Skráin skal vera opinber og liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarfélagi er heimilt að synja aðila um leyfi til að stunda farandsölu á ákveðnum almennt viðurkenndum hátíðisdögum, s.s. frídegi verslunarmanna og helstu hátíðisdögum þjóðkirkjunnar. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd.

5. gr.

Að öllu jöfnu skulu engar húseignir í eigu eða umsjón Siglufjarðarkaupstaðar leigðar eða lánaðar undir starfsemi, er tengist farandsölu, nema með sérstöku samþykki bæjarráðs.

6. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. október 2001.

Siglufirði, 30. september 2001.

Guðmundur Guðlaugsson bæjarstjóri.

Nr. 779 16. október 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

Eftir orðunum: „sömu reglur“ í 2. málslið 6. gr. komi orðin: um útreikning, nýtingu og framsal.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein er orðist svo: Fiskistofa skal tilkynna útgerðum krókaaflamarksbáta, að hverjum báti sé heimilt á fiskveiðiárinu 2001/2002 að veiða sem meðafla við krókaveiðar löngu, keilu og karfa. Skal leyfilegur meðafli hvers báts í hverri tegund nema 80% af því sem í hans hlut kæmi miðað við úthlutun aflahlutdeildar í þessum tegundum, byggða á veiðireynslu hvers krókaaflamarksbáts á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. október 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 109 – 2001

16. október 2001 2255 Nr. 780

REGLUGERÐ

um flutningaflug.

EFNISYFIRLIT

I. HLUTI ALMENN ÁKVÆÐI 2264

1.0 ORÐSKÝRINGAR 2264

2.0 GILDISSVIÐ 2274

3.0 FLUGREKENDASKÍRTEINI 2274

4.0 FLUGREKSTRARLEYFI 2275

5.0 FLUGREKSTRAR-, TÆKNI- OG GÆÐASTJÓRI 2279

6.0 FLUGUMSJÓN 2280

7.0 ÝMIS SÉRÁKVÆÐI 2280

II. HLUTI FLUTNINGAFLUG MEÐ FLUGVÉLUM 2282

A-KAFLI – GILDISSVIÐ 2282
JAR-OPS 1.001 Gildissvið 2282
1. viðbætir við JAR-OPS 1.001 Ákvæði JAR-OPS 1 sem öðlast gildi síðar 2283

B-KAFLI – ALMENN ATRIÐI 2283
JAR-OPS 1.005 Almenn atriði 2283
JAR-OPS 1.010 Undanþágur 2283
JAR-OPS 1.015 Rekstrarfyrirmæli 2284
JAR-OPS 1.020 Lög, reglugerðir og verklagsreglur – ábyrgð flugrekanda 2284
JAR-OPS 1.025 Sameiginlegt tungumál 2284
JAR-OPS 1.030 Listar yfir lágmarksbúnað – ábyrgð flugrekanda 2284
JAR-OPS 1.035 Gæðakerfi 2284

Gutenberg

JAR-OPS 1.037 Áætlun um slysavarnir og flugöryggi ... 2285
JAR-OPS 1.040 Viðbótaráhöfn ... 2285
JAR-OPS 1.045 Hér á að vera eyða ... 2285
JAR-OPS 1.050 Upplýsingar um leit og björgun ... 2285
JAR-OPS 1.055 Upplýsingar um neyðar- og björgunarbúnað um borð ... 2285
JAR-OPS 1.060 Nauðlending á vatni ... 2285
JAR-OPS 1.065 Flutningur vopna og skotfæra til hernaðar ... 2285
JAR-OPS 1.070 Flutningur sportvopna og skotfæra ... 2286
JAR-OPS 1.075 Aðferðir við fólksflutninga ... 2286
JAR-OPS 1.080 Afhending á hættulegum varningi til flutnings ... 2286
JAR-OPS 1.085 Ábyrgð áhafnar ... 2286
JAR-OPS 1.090 Valdsvið flugstjóra ... 2288
JAR-OPS 1.095 Hér á að vera eyða ... 2288
JAR-OPS 1.100 Aðgangur að stjórnklefa ... 2288
JAR-OPS 1.105 Óheimill flutningur ... 2288
JAR-OPS 1.110 Handrafeindatæki ... 2288
JAR-OPS 1.115 Áfengi og lyf ... 2288
JAR-OPS 1.120 Öryggi stofnað í hættu ... 2288
JAR-OPS 1.125 Skjöl sem skylt er að hafa um borð ... 2289
JAR-OPS 1.130 Handbækur sem skylt er að hafa um borð ... 2289
JAR-OPS 1.135 Viðbótarupplýsingar og eyðublöð sem skylt er að hafa um borð 2289
JAR-OPS 1.140 Upplýsingar sem haldið er eftir á jörðu niðri ... 2290
JAR-OPS 1.145 Umboð til skoðunar ... 2290
JAR-OPS 1.150 Framvísun skjala og skráa ... 2290
JAR-OPS 1.155 Varðveisla skjala ... 2290
JAR-OPS 1.160 Varðveisla, framvísun og notkun á upptökum ferðrita ... 2291
JAR-OPS 1.165 Leiga ... 2291
JAR-OPS 1.170 Hér á að vera eyða ... 2293

C-KAFLI – ÚTGÁFA FLUGREKANDASKÍRTEINA (AOC) OG EFTIRLIT ... 2293
JAR-OPS 1.175 Almennar reglur um útgáfu flugrekandaskírteina ... 2293
JAR-OPS 1.180 Útgáfa, breyting og framlenging á flugrekandaskírteini ... 2294
JAR-OPS 1.185 Stjórnsýslukröfur ... 2295
JAR-OPS 1.190 Hér á að vera eyða ... 2295
1. viðbætir við JAR-OPS 1.175 Efni og skilyrði flugrekandaskírteina ... 2296
2. viðbætir við JAR-OPS 1.175 Stjórnun og skipulag handhafa flugrekanda-skírteinis ... 2296

D-KAFLI – VERKLAGSREGLUR Í FLUGI ... 2297
JAR-OPS 1.195 Flugrekstrarstjórn og eftirlit ... 2297
JAR-OPS 1.200 Flugrekstrarhandbók ... 2297
JAR-OPS 1.205 Hæfni starfsmanna flugrekstrarsviðs ... 2298
JAR-OPS 1.210 Setning verklagsreglna ... 2298
JAR-OPS 1.215 Notkun flugumferðarþjónustu ... 2298
JAR-OPS 1.220 Heimild flugrekanda til notkunar flugvalla ... 2298
JAR-OPS 1.225 Flugvallarlágmörk ... 2298
JAR-OPS 1.230 Verklagsreglur um blindbrottflug og blindaðflug ... 2298
JAR-OPS 1.235 Verklagsreglur um hávaðamildun ... 2299
JAR-OPS 1.240 Flugleiðir og flugsvæði ... 2299

JAR-OPS 1.241 Starfræksla í skilgreindu loftrými með minnkaðan hæðaraðskilnað (RVSM) ... 2299
JAR-OPS 1.243 Starfræksla á svæðum þar sem krafist er sérstakrar nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS) ... 2300
JAR-OPS 1.245 Mesta leyfilega fjarlægð tveggja hreyfla flugvéla frá viðunandi flugvelli án fjarflugsleyfis (ETOPS) ... 2300
JAR-OPS 1.246 Fjarflug (ETOPS) tveggja hreyfla flugvéla ... 2301
JAR-OPS 1.250 Lágmarksflughæðir ákveðnar ... 2301
JAR-OPS 1.255 Viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga ... 2302
JAR-OPS 1.260 Flutningur hreyfihamlaðra ... 2302
JAR-OPS 1.265 Flutningur óæskilegra farþega, manna sem vísað er úr landi eða gæslufanga ... 2303
JAR-OPS 1.270 Frágangur á farangri og fragt ... 2303
JAR-OPS 1.275 Hér á að vera eyða ... 2303
JAR-OPS 1.280 Skipan farþega í sæti ... 2303
JAR-OPS 1.285 Upplýsingar til farþega ... 2303
JAR-OPS 1.290 Undirbúningur flugs ... 2304
JAR-OPS 1.295 Val á flugvöllum ... 2305
JAR-OPS 1.297 Áætlunarlágmörk fyrir blindflug (IFR) ... 2305
Tafla 1 Áætlunarlágmörk – varaflugvellir á flugleið og varaflugvellir ákvörðunarstaðar ... 2306
Tafla 2 Áætlunarlágmörk – fjarflug (ETOPS) ... 2307
JAR-OPS 1.300 Afhending flugáætlunar til flugumferðarþjónustu ... 2307
JAR-OPS 1.305 Taka eða losun eldsneytis á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði ... 2307
JAR-OPS 1.307 Taka eða losun eldsneytis með suðumark á breiðu hitabili ... 2307
JAR-OPS 1.310 Flugverjar í vinnureitum ... 2308
JAR-OPS 1.315 Búnaður til neyðarrýmingar ... 2308
JAR-OPS 1.320 Sæti, öryggisbelti og öryggistygi ... 2308
JAR-OPS 1.325 Öryggi í farþegarými og eldhúsum ... 2308
JAR-OPS 1.330 Aðgengi að neyðarbúnaði ... 2309
JAR-OPS 1.335 Reykingar um borð ... 2309
JAR-OPS 1.340 Veðurskilyrði ... 2309
JAR-OPS 1.345 Ísing og önnur aðskotaefni ... 2309
JAR-OPS 1.350 Eldsneytis- og olíubirgðir ... 2310
JAR-OPS 1.355 Flugtaksskilyrði ... 2310
JAR-OPS 1.360 Flugtakslágmörk ... 2310
JAR-OPS 1.365 Lágmarksflughæðir ... 2310
JAR-OPS 1.370 Hermt eftir afbrigðilegum aðstæðum á flugi ... 2310
JAR-OPS 1.375 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi ... 2310
JAR-OPS 1.380 Hér á að vera eyða ... 2310
JAR-OPS 1.385 Notkun viðbótarsúrefnis ... 2311
JAR-OPS 1.390 Geimgeislun ... 2311
JAR-OPS 1.395 Viðvörun um nálægð við jörð ... 2311
JAR-OPS 1.400 Aðflugs- og lendingarskilyrði ... 2311
JAR-OPS 1.405 Byrjun og framhald á aðflugi ... 2311
JAR-OPS 1.410 Verklagsreglur í flugi – hæð yfir þröskuldi ... 2312
JAR-OPS 1.415 Leiðarflugbók ... 2312
JAR-OPS 1.420 Skýrslur um óhöpp ... 2312

JAR-OPS 1.425 Slysaskýrslur ... 2313
1. viðbætir við JAR-OPS 1.270 Frágangur á farangri og fragt ... 2313
1. viðbætir við JAR-OPS 1.305 Taka eða losun eldsneytis á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði ... 2313
1. viðbætir við JAR-OPS 1.375 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi ... 2314

E-KAFLI – STARFRÆKSLA Í SKERTU SKYGGNI (All Weather Operation) ... 2314
JAR-OPS 1.430 Flugvallarlágmörk – almenn atriði ... 2314
JAR-OPS 1.435 Orðskýringar ... 2315
JAR-OPS 1.440 Starfræksla í lélegu skyggni – almennar reglur ... 2316
JAR-OPS 1.445 Starfræksla í lélegu skyggni – flugvellir ... 2316
JAR-OPS 1.450 Starfræksla í lélegu skyggni – þjálfun og hæfni ... 2316
JAR-OPS 1.455 Starfræksla í lélegu skyggni – verklagsreglur ... 2316
JAR-OPS 1.460 Starfræksla í lélegu skyggni – lágmarksbúnaður ... 2317
JAR-OPS 1.465 Sjónflugslágmörk (VFR) ... 2317
1. viðbætir við JAR-OPS 1.430 Flugvallarlágmörk ... 2317
Tafla 1 – Flugbrautarskyggni (RVR)/skyggni við flugtak ... 2318
Tafla 2 – Áætluð hæð yfir flugbraut við hreyfilbilun miðað við flugbrautarskyggni/skyggni ... 2319
Tafla 3 – Kerfislágmörk leiðsögutækja fyrir grunnaðflug ... 2320
Tafla 4a – Flugbrautarskyggni fyrir grunnaðflug – öll virki ... 2321
Tafla 4b – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir grunnaðflug – miðlungsvirki ... 2321
Tafla 4c – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir grunnaðflug – grunnvirki ... 2321
Tafla 4d – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir grunnaðflug – engin aðflugsljósavirki ... 2321
Tafla 5 – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir aðflug samkvæmt I. flokki (CAT I) miðað við virki og ákvörðunarhæð (DH) ... 2323
Tafla 6 – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir aðflug samkvæmt II. flokki (CAT II) miðað við ákvörðunarhæð (DH) ... 2324
Tafla 7 – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir starfrækslu samkvæmt III. flokki miðað við stýrakerfi og ákvörðunarhæð (DH) ... 2326
Tafla 8 – Skyggni og lágmarkslækkunarhæð (MDH) fyrir hringaðflug – skipt eftir flugvélaflokkum ... 2326
Tafla 9 – Umreikningur skyggnis yfir í flugbrautarskyggni (RVR) ... 2327
2. viðbætir við c-lið JAR-OPS 1.430 Flugvélaflokkar – starfræksla í skertu skyggni. 2327
1. viðbætir við JAR-OPS 1.440 Starfræksla í lélegu skyggni – almennar reglur (Low Visibility Operation) ... 2327
1. viðbætir við JAR-OPS 1.450 Starfræksla í lélegu skyggni – þjálfun og hæfni .. 2330
1. viðbætir við JAR-OPS 1.455 Starfræksla í lélegu skyggni – verklagsreglur ... 2334
1. viðbætir við JAR-OPS 1.465 Lágmarksskyggni fyrir sjónflug ... 2335

F-KAFLI – AFKASTAGETA – ALMENN ÁKVÆÐI ... 2336
JAR-OPS 1.470 Gildissvið ... 2336
JAR-OPS 1.475 Almenn ákvæði ... 2336
JAR-OPS 1.480 Skilgreiningar ... 2337

G-KAFLI – AFKASTAGETA – A-FLOKKUR ... 2338
JAR-OPS 1.485 Almenn ákvæði ... 2338
JAR-OPS 1.490 Flugtak ... 2338
JAR-OPS 1.495 Hindranabil við flugtak ... 2339
JAR-OPS 1.500 Á flugleið – einn hreyfill óvirkur ... 2340

JAR-OPS 1.505 Á flugleið – flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óvirkir ... 2340
JAR-OPS 1.510 Lending – ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir ... 2341
JAR-OPS 1.515 Lending – þurrar flugbrautir ... 2341
JAR-OPS 1.520 Lending – blautar og spilltar flugbrautir ... 2342
1. viðbætir við 3. tölul. c-liðar JAR-OPS 1.495 Samþykki fyrir auknum beygjuhalla 2343
1. viðbætir við 3. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.515 Verklag í bröttu aðflugi ... 2343
1. viðbætir við 4. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.515 Skammbrautarlendingar ... 2343
2. viðbætir við 4. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.515 Flugvallarviðmiðanir við skammbrautarlendingar ... 2344

H-KAFLI – AFKASTAGETA – B-FLOKKUR ... 2345
JAR-OPS 1.525 Almenn ákvæði ... 2345
JAR-OPS 1.530 Flugtak ... 2345
JAR-OPS 1.535 Hindranabil við flugtak – fjölhreyfla flugvélar ... 2345
JAR-OPS 1.540 Á flugleið – fjölhreyfla flugvélar ... 2346
JAR-OPS 1.542 Á flugleið – eins hreyfils flugvélar ... 2347
JAR-OPS 1.545 Lending – ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir ... 2347
JAR-OPS 1.550 Lending – þurrar flugbrautir ... 2347
JAR-OPS 1.555 Lending – blautar og spilltar flugbrautir ... 2348
1. viðbætir við b-lið JAR-OPS 1.525 Almenn ákvæði – klifur í flugtaki og við lendingu ... 2348
1. viðbætir við 1. tölul. b-liðar og c-liðar JAR-OPS 1.535 Flugtaksflugslóð – ferli fylgt eftir kennileitum ... 2349
1. viðbætir við a-lið JAR-OPS 1.550 Verklag í bröttu aðflugi ... 2349
2. viðbætir við a-lið JAR-OPS 1.550 Skammbrautarlendingar ... 2350

I-KAFLI – AFKASTAGETA – C-FLOKKUR ... 2351
JAR-OPS 1.560 Almenn ákvæði ... 2351
JAR-OPS 1.565 Flugtak ... 2351
JAR-OPS 1.570 Hindranabil við flugtak ... 2352
JAR-OPS 1.575 Á flugleið – allir hreyflar virkir ... 2352
JAR-OPS 1.580 Á flugleið – einn hreyfill óvirkur ... 2353
JAR-OPS 1.585 Á flugleið – flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óvirkir ... 2353
JAR-OPS 1.590 Lending – ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir ... 2354
JAR-OPS 1.595 Lending – þurrar flugbrautir ... 2354
JAR-OPS 1.600 Lending – blautar og spilltar flugbrautir ... 2354

J-KAFLI – MASSI OG JAFNVÆGI ... 2355
JAR-OPS 1.605 Almenn ákvæði ... 2355
JAR-OPS 1.607 Orðskýringar ... 2355
JAR-OPS 1.610 Hleðsla, massi og jafnvægi ... 2356
JAR-OPS 1.615 Massagildi fyrir áhöfn ... 2356
JAR-OPS 1.620 Massagildi fyrir farþega og farangur ... 2356
Tafla 1 ... 2357
Tafla 2 ... 2357
Tafla 3 – 20 sæti eða fleiri ... 2357
JAR-OPS 1.625 Massa- og jafnvægisskrár ... 2358
1. viðbætir við JAR-OPS 1.605 Massi og jafnvægi – Almenn ákvæði ... 2358

1. viðbætir við f-lið JAR-OPS 1.620 Skilgreining á evrópska flugsvæðinu 2361
Mynd 1 – Evrópska svæðið 2361
1. viðbætir við g-lið JAR-OPS 1.620 Verklagsreglur um setningu endurskoðaðra staðla um massagildi fyrir farþega og farangur 2362
1. viðbætir við JAR-OPS 1.625 Massa- og jafnvægisskrár 2363

K-KAFLI – MÆLITÆKI OG BÚNAÐUR 2364
JAR-OPS 1.630 Almennur inngangur 2364
JAR-OPS 1.635 Öryggi rafrása 2365
JAR-OPS 1.640 Ljós á flugvélum 2365
JAR-OPS 1.645 Rúðuþurrkur 2365
JAR-OPS 1.650 Sjónflug að degi til (VFR) – flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður 2365
JAR-OPS 1.652 Blindflug (IFR) eða flug að nóttu til – flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður 2366
JAR-OPS 1.655 Viðbótarbúnaður fyrir flug með einum flugmanni samkvæmt blindflugsreglum 2368
JAR-OPS 1.660 Hæðarviðvörunarkerfi 2368
JAR-OPS 1.665 Jarðvarakerfi 2369
JAR-OPS 1.668 Árekstrarvarakerfi flugvélar 2369
JAR-OPS 1.670 Veðurratsjá flugvélar 2369
JAR-OPS 1.675 Búnaður fyrir flug í ísingu 2369
JAR-OPS 1.680 Geimgeislunarmælir 2370
JAR-OPS 1.685 Talkerfi flugáhafnar 2370
JAR-OPS 1.690 Talkerfi flugverja 2370
JAR-OPS 1.695 Almennt hátalarakerfi 2370
JAR-OPS 1.700 Hljóðritar í stjórnklefa – 1 2371
JAR-OPS 1.705 Hljóðritar í stjórnklefa – 2 2372
JAR-OPS 1.710 Hljóðritar í stjórnklefa – 3 2372
JAR-OPS 1.715 Flugritar – 1 2373
JAR-OPS 1.720 Flugritar – 2 2374
JAR-OPS 1.725 Flugritar – 3 2375
JAR-OPS 1.730 Sæti, sætisbelti, öryggistygi og festibúnaður fyrir börn 2376
JAR-OPS 1.731 Skiltin „SPENNIÐ BELTIN“ og „REYKINGAR BANNAÐAR“ 2376
JAR-OPS 1.735 Innihurðir og dyratjöld 2376
JAR-OPS 1.740 Hér á að vera eyða 2377
JAR-OPS 1.745 Sjúkrakassar 2377
JAR-OPS 1.750 Hér á að vera eyða 2377
JAR-OPS 1.755 Læknataska 2377
JAR-OPS 1.760 Súrefni til skyndihjálpar 2378
JAR-OPS 1.765 Hér á að vera eyða 2378
JAR-OPS 1.770 Viðbótarsúrefni – flugvélar með jafnþrýstibúnaði 2378
JAR-OPS 1.775 Viðbótarsúrefni – flugvélar án jafnþrýstibúnaðar 2379
JAR-OPS 1.780 Öndunarhlífar (PBE) handa áhöfn 2380
JAR-OPS 1.785 Hér á að vera eyða 2380
JAR-OPS 1.790 Handslökkvitæki 2381
JAR-OPS 1.795 Neyðaraxir og kúbein 2381
JAR-OPS 1.800 Merking rofstaða á bol 2382
JAR-OPS 1.805 Búnaður til neyðarrýmingar 2382

JAR-OPS 1.810 Gjallarhorn ... 2383
JAR-OPS 1.815 Neyðarlýsing ... 2383
JAR-OPS 1.820 Sjálfvirkur neyðarsendir ... 2384
JAR-OPS 1.825 Björgunarvesti ... 2384
JAR-OPS 1.830 Björgunarbátar og beranlegir neyðarsendar (Survival ELT) til að auðvelda leit og björgun til nota í langflugi yfir haf eða vatn ... 2384
JAR-OPS 1.835 Búnaður til að lifa af ... 2385
JAR-OPS 1.840 Lagarflugvélar og láðs- og lagarflugvélar – ýmis búnaður ... 2385
1. viðbætir við JAR-OPS 1.770 Súrefni – Lágmarkskröfur um viðbótarsúrefni í flugvélum með jafnþrýstibúnað (Aths. 1) ... 2386
Tafla 1 ... 2386
1. viðbætir við JAR-OPS 1.775 Viðbótarsúrefni fyrir flugvélar án jafnþrýstibúnaðar 2387
Tafla 1 ... 2387

L-KAFLI – FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKJABÚNAÐUR ... 2387
JAR-OPS 1.845 Almennur inngangur ... 2387
JAR-OPS 1.850 Fjarskiptabúnaður ... 2388
JAR-OPS 1.855 Hlustunarvalborð ... 2388
JAR-OPS 1.860 Fjarskiptabúnaður til flugs samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum sem flognar eru með hliðsjón af kennileitum ... 2388
JAR-OPS 1.865 Fjarskipta- og leiðsögutæki fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum ... 2388
JAR-OPS 1.870 Viðbótarleiðsögutæki til flugs í loftrými þar sem gerðar eru kröfur um lágmarksnákvæmni í flugleiðsögu (MNPS) ... 2389
JAR-OPS 1.872 Búnaður til starfrækslu í skilgreindu loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM) ... 2390

M-KAFLI – VIÐHALD FLUGVÉLA ... 2390
JAR-OPS 1.875 Almenn ákvæði ... 2390
JAR-OPS 1.880 Orðskýringar ... 2390
JAR-OPS 1.885 Umsókn vegna viðhaldskerfis flugrekanda- og samþykki á því ... 2390
JAR-OPS 1.890 Ábyrgð á viðhaldi ... 2391
JAR-OPS 1.895 Stjórn viðhalds ... 2391
JAR-OPS 1.900 Gæðakerfi ... 2392
JAR-OPS 1.905 Lýsing flugrekanda á stjórnun viðhalds ... 2392
JAR-OPS 1.910 Viðhaldsáætlun flugrekanda fyrir flugvélarnar ... 2392
JAR-OPS 1.915 Tækniflugbók flugvélar flugrekanda ... 2393
JAR-OPS 1.920 Viðhaldsskrár ... 2393
JAR-OPS 1.925 Hér á að vera eyða ... 2394
JAR-OPS 1.930 Áframhaldandi gildi flugrekandaskírteinis (AOC) að því er varðar viðhaldskerfið ... 2394
JAR-OPS 1.935 Sambærilegt dæmi um öryggi ... 2394

N-KAFLI – FLUGÁHÖFN ... 2394
JAR-OPS 1.940 Samsetning flugáhafnar ... 2394
JAR-OPS 1.945 Þjálfun og próf vegna flugvélaskipta ... 2395
JAR-OPS 1.950 Mismunarþjálfun og kynningarþjálfun ... 2396
JAR-OPS 1.955 Tilnefning flugstjóra ... 2396

JAR-OPS 1.960 Flugstjórar með atvinnuflugmannsskírteini ... 2396
JAR-OPS 1.965 Reglubundin þjálfun og próf ... 2397
JAR-OPS 1.968 Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er 2399
JAR-OPS 1.970 Nýleg reynsla ... 2399
JAR-OPS 1.975 Starfsréttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli ... 2399
JAR-OPS 1.978 Áætlun um réttindaþjálfun með þróaðri tækni ... 2400
JAR-OPS 1.980 Starfræksla fleiri en einnar tegundar eða afbrigðis flugvélar ... 2400
JAR-OPS 1.981 Starfræksla þyrlna og flugvéla ... 2400
JAR-OPS 1.985 Þjálfunarskrár ... 2401
1. viðbætir við JAR-OPS 1.940 Afleysingar flugliða í flugi ... 2401
2. viðbætir við JAR-OPS 1.940 Starfræksla með einum flugmanni samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til ... 2402
1. viðbætir við JAR-OPS 1.945 Námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta ... 2402
1. viðbætir við JAR-OPS 1.965 Reglubundin þjálfun og próf – flugmenn ... 2403
2. viðbætir við JAR-OPS 1.965 Reglubundin þjálfun og próf – flugkerfastjórar ... 2404
1. viðbætir við JAR-OPS 1.968 Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er ... 2404
1. viðbætir við JAR-OPS 1.980 Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði . 2405

O-KAFLI – ÞJÓNUSTUÁHÖFN ... 2407
JAR-OPS 1.988 Gildissvið ... 2407
JAR-OPS 1.990 Fjöldi í þjónustuáhöfn og samsetning hennar ... 2407
JAR-OPS 1.995 Lágmarkskröfur ... 2407
JAR-OPS 1.1000 Fyrstu þjónustuliðar ... 2408
JAR-OPS 1.1005 Grunnþjálfun ... 2408
JAR-OPS 1.1010 Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun ... 2408
JAR-OPS 1.1012 Kynningarflug ... 2409
JAR-OPS 1.1015 Reglubundin þjálfun ... 2409
JAR-OPS 1.1020 Upprifjunarþjálfun ... 2409
JAR-OPS 1.1025 Próf ... 2410
JAR-OPS 1.1030 Starfað á fleiri en einni tegund eða afbrigði ... 2410
JAR-OPS 1.1035 Þjálfunarskrár ... 2410
1. viðbætir við JAR-OPS 1.1005 Grunnþjálfun ... 2410
1. viðbætir við JAR-OPS 1.1010 Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun 2412
1. viðbætir við JAR-OPS 1.1015 Reglubundin þjálfun ... 2414
1. viðbætir við JAR-OPS 1.1020 Upprifjunarþjálfun ... 2414

P-KAFLI – HANDBÆKUR, LEIÐARBÆKUR OG SKRÁR ... 2415
JAR-OPS 1.1040 Almennar reglur um flugrekstrarhandbækur ... 2415
JAR-OPS 1.1045 Flugrekstrarhandbók – efnisskipan og efni ... 2416
JAR-OPS 1.1050 Flughandbók flugvélar (AFM) ... 2416
JAR-OPS 1.1055 Leiðarflugbók ... 2417
JAR-OPS 1.1060 Leiðarflugáætlun ... 2417
JAR-OPS 1.1065 Geymslutími skjala ... 2418
JAR-OPS 1.1070 Lýsing flugrekanda á stjórnun viðhalds ... 2418
JAR-OPS 1.1071 Tækniflugbók flugvélar ... 2418
1. viðbætir við JAR-OPS 1.1045 Efni flugrekstrarhandbókar ... 2418
1. viðbætir við JAR-OPS 1.1065 Geymslutími skjala ... 2430

Tafla 1 – Upplýsingar sem notaðar eru við undirbúning og framkvæmd flugs.. 2431
Tafla 2 – Skýrslur ... 2431
Tafla 3 – Skrár yfir flugáhöfn ... 2431
Tafla 4 – Skrár yfir þjónustuáhöfn ... 2432
Tafla 5 – Skrár yfir annað starfslið flugrekstrarsviðs ... 2432
Tafla 6 – Aðrar skrár ... 2432

R-KAFLI – REGLUR UM FLUTNING Á HÆTTULEGUM VARNINGI FLUGLEIÐIS ... 2432
JAR-OPS 1.1150 Orðskýringar ... 2432
JAR-OPS 1.1155 Samþykki fyrir flutningi á hættulegum varningi ... 2434
JAR-OPS 1.1160 Gildissvið ... 2434
JAR-OPS 1.1165 Takmarkanir á flutningi á hættulegum varningi ... 2435
JAR-OPS 1.1170 Flokkun ... 2435
JAR-OPS 1.1175 Pökkun ... 2435
JAR-OPS 1.1180 Merkimiðar og merkingar ... 2435
JAR-OPS 1.1185 Flutningsskjal fyrir hættulegan varning ... 2435
JAR-OPS 1.1190 Hér á að vera eyða ... 2435
JAR-OPS 1.1195 Móttaka á hættulegum varningi ... 2435
JAR-OPS 1.1200 Skoðun til að leita að skemmdum, leka eða mengun ... 2436
JAR-OPS 1.1205 Mengun fjarlægð ... 2436
JAR-OPS 1.1210 Hleðslutakmarkanir ... 2436
JAR-OPS 1.1215 Ákvæði um miðlun upplýsinga ... 2437
JAR-OPS 1.1220 Þjálfunaráætlanir ... 2437
Tafla 1 ... 2438
Tafla 2 ... 2439
JAR-OPS 1.1225 Skýrslur um óhöpp eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning ... 2439
JAR-OPS 1.1230 Hér á að vera eyða ... 2439

S-KAFLI – FLUGVERND ... 2440
JAR-OPS 1.1235 Flugverndarákvæði ... 2440
JAR-OPS 1.1240 Þjálfunaráætlanir ... 2440
JAR-OPS 1.1245 Tilkynningar um ólögmæt afskipti ... 2440
JAR-OPS 1.1250 Gátlistar fyrir verklag við leit í flugvél ... 2440
JAR-OPS 1.1255 Flugvernd í stjórnklefa ... 2440

III. HLUTI FLUTNINGAFLUG MEÐ ÞYRLUM ... 2440

IV. HLUTI ÝMIS ÁKVÆÐI ... 2441

I. HLUTI ALMENN ÁKVÆÐI

1.0 ORÐSKÝRINGAR

Vísað er til orðskýringa í JAR 1 skilgreiningar og skammstafanir, varðandi skilgreiningar og hugtök sem notuð eru í JAR-OPS 1 og JAR-OPS 3, sbr. II. og III. hluti reglugerðar þessarar.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Að staðfesta lofthæfi (To certify as airworthy): Að staðfesta að loftfar eða hluti þess fullnægi gildandi skilyrðum um lofthæfi eftir grannskoðun, viðgerð, breytingu eða ísetningu.

Aðallisti um lágmarksbúnað (Master minimum equipment list, MMEL): Listi sem gerður er fyrir ákveðna flugvélategund af framleiðanda hennar og samþykktur af flugmálastjórn framleiðslulands. Hann tilgreinir þau atriði, eitt eða fleiri, sem leyfilegt er að séu í ólagi í upphafi flugs. Aðallistinn getur tengst sérstökum flugskilyrðum, takmörkunum eða flugaðferðum.

Aðstoðarflugmaður (Co-pilot): Flugmaður sem er handhafi skírteinis flugmanns og gegnir hvers konar flugmannsstarfi í loftfari, öðru en starfi flugstjóra, þó ekki flugmaður sem er í loftfarinu eingöngu til að hljóta flugkennslu.

Afkastageta flugvélar (Aeroplane performance): Útreiknaðir og prófaðir eiginleikar flugvélar að því er varðar getu og takmörk hennar á öllum stigum flugs við aðstæður sem hún kann að vera starfrækt við.

Akstur loftfara (Taxiing): Hreyfingar loftfars um flugvöll fyrir eigin afli að undanskildu flugtaki og lendingu, en að meðtöldu flugi þyrlna með akstursHraða loftfara rétt yfir yfirborði flugvallar innan áhrifa frá jörðu, þ.e. loftakstur.

Athafnasvæði (Movement area): Sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök og lendingar loftfara og ferðir þeirra á jörðu, þ.e. umferðarsvæði og hlöð.

Atvinnuflug (Commercial aviation): Almennt hugtak um flugstarfsemi sem stendur almenningi til boða gegn gjaldi.

Ábyrgðarmaður (Accountable Manager): Einstaklingur sem Flugmálastjórn getur fallist á og hefur umboð fyrirtækisins til að tryggja fjármagn til rekstrar og viðhalds samkvæmt þeim staðli sem krafist er auk þeirra krafna sem flugrekandaskírteini skilgreinir.

Ákvörðunarflughæð/hæð (Decision altitude/height, DA/DH): Ákveðin flughæð/hæð í nákvæmnisaðflugi þar sem ákvörðun er tekin um að hefja fráflug ef lágmarksviðmiðun um skyggni til þess að halda áfram aðflugi hefur ekki verið náð.

Aths. 1. Ákvörðunarflughæð (DA) miðast við meðalsjávarmál og ákvörðunarhæð (DH) miðast við hæð þröskuldar (flugbrautar).

Aths. 2. Nauðsynleg sýn til kennileita merkir að hluti kennileita eða aðflugssvæðisins hefur verið í augsýn flugmannsins nægilega lengi til að hann geti metið stöðu flugvélarinnar og hversu hratt sú staða breytist miðað við æskilega flugslóð. Í starfrækslu samkvæmt III. flokki (CAT-III) með ákvörðunarhæð (DH) er nauðsynleg sýn til kennileita sú sem tilgreind er fyrir þá sérstöku starfrækslu og verklagsreglu.

Aths. 3. Þegar bæði heitin eru notuð má til þæginda skrá þau: Ákvörðunarflughæð/hæð og stytt „DA/H“.

Ákvörðunarflugvöllur (Destination aerodrome): Flugvöllur sem skrá má í flugáætlun sem fyrirhugaðan lendingarstað.

Árekstrarvari (ACAS, Airborne Collision Avoidance System): Búnaður sem komið er fyrir í loftfari og les merki ratsjársvara annarra loftfara. Búnaðurinn segir til um hvort önnur loftför eru í nánd, hvaða hætta er á árekstri og varar flugmann við, ef þörf krefur.

Blaut flugbraut (Wet runway): Flugbraut telst vera blaut ef yfirborð hennar er þakið vatni, eða öðru sambærilegu, í minna magni en þegar um er að ræða spillta flugbraut, eða ef raki á yfirborðinu er svo mikill að af henni sýnist stafa speglun án þess þó að vatn liggi á stórum hluta hennar.

Bilunarhlutlaust stýrakerfi (Fail-Passive flight control system): Stýrakerfi telst bilunarhlutlaust verði ekki veruleg breyting á stillingu stýra eða frávik frá flugslóð eða flughorfi ef bilun verður, en lendingu er ekki lokið sjálfvirkt. Ef sjálfstýring er bilunarhlutlaus tekur flugmaður við stjórn flugvélarinnar eftir að bilun verður.

Bilunarstarfhæft stýrakerfi (Fail-Operational flight control system): Stýrakerfi telst bilunarstarfhæft ef unnt er að ljúka aðflugi, sléttingu og lendingu sjálfvirkt ef bilun verður undir viðbúnaðarhæð. Verði bilun starfar sjálflendingarkerfið eins og bilunarhlutlaust kerfi.

Bilunarstarfhæft lendingarkerfi með blandaðri tækni (Fail-Operational hybrid landing system): Kerfi þar sem aðalkerfið er bilunarhlutlaust sjálflendingarkerfi með undirkerfi sem er sjálfstætt leiðsögukerfi og gerir flugmanninum kleift að ljúka lendingu handvirkt ef aðalkerfið bilar.

Aths.: Dæmigert sjálfstætt undirleiðsögukerfi er yfirleitt samsett úr vaktaðri framrúðuglæju sem veitir leiðsögu, venjulega í formi skipanaupplýsinga, en einnig getur verið um að ræða upplýsingar um stöðu (eða frávik).

Blindflug (IFR-flight): Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

Blindflugsskilyrði (Instrument meteorological conditions, IMC): Veðurskilyrði neðan við lægstu mörk sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð.

Chicagosamningurinn (Chicago Convention): Chicagosamningurinn um alþjóðlegt almenningsflug (Chicago Convention on international civil aviation) var undirritaður í Chicago 7. desember 1944. ICAO skjal 7300/06.

Efni til leiðbeininga og skýringa (Interpretative and Explanatory Material (IEM)): Ætlað til að hjálpa til að auka á skilning ákvæða krafna JAA.

Prófdómari (Examiner/Check-pilot): Flugmaður sem falið er það verkefni að hafa eftirlit með og prófa færni flugmanna í þeim tilgangi að viðhalda eða auka réttindi þeirra. Hann er tilnefndur af Flugmálastjórn Íslands eða af flugrekanda og samþykktur af Flugmálastjórn.

Einkaflug (Private aviation): Flugstarfsemi sem stunduð er fyrst og fremst ánægjunnar vegna eða til að afla frekari réttinda og ekkert endurgjald kemur fyrir. Það telst jafnframt einkaflug ef maður flýgur í tengslum við starf sitt og hefur ekki hagnað af rekstri loftfarsins né fær sérstaklega greitt fyrir að stjórna því.

Einelti (Interception): Það að fljúga í veg fyrir loftfar eða elta það uppi til þess að gefa stjórnendum þess leiðbeiningar um að breyta flugferli einhverra hluta vegna.

Fartími (Flight time/Block time): Tíminn frá því að flugvél hreyfist af flugvélastæði sínu til að hefja flug og þar til hún stöðvast að því loknu á flugvélastæði sem henni hefir verið úthlutað eða þar til allir hreyflar hafa verið stöðvaðir.

Fjarflug (Extended range operation with two engined aeroplanes, ETOPS): Flug flugvélar með tvo hreyfla sem er fjær viðunandi flugvelli en það hámark sem Flugmálastjórn hefur samþykkt miðað við fartíma á farflugshraða með annan hreyfilinn óvirkan.

Flugaðferðarhandbók (Aircraft Operating Manual): Handbók sem lýsir aðferðum við starfrækslu ákveðinnar tegundar loftfars við eðlilegar og afbrigðilegar aðstæður og í neyðartilvikum, skilgreinir kerfi þess og hefur að geyma þá gátlista sem nota skal.

Flugáætlun (Flight plan): Tilteknar upplýsingar um fyrirhugað flug loftfars eða hluta flugs, látnar flugumferðarþjónustu í té.

Flugbrautarskyggni (Runway visual range, RVR): Vegalengd frá flugmanni sem horfir úr

flugvél eftir miðlínu flugbrautar, til fjarlægustu brautarmerkja sem hann eygir, svo sem hliðar- og miðlínuljósa. Flugbrautarskyggni er mælt með skyggnismælum við flugbraut.

Flughandbók flugvélar (Aeroplane Flight Manual): Handbók sem tengd er lofthæfiskírteininu þar sem tilgreint er innan hvaða marka flugvélin er talin lofthæf og gefnar eru nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir flugliða um örugga starfrækslu flugvélarinnar.

Flugheimild (Air traffic control clearance): Heimild veitt loftfari til að halda áfram samkvæmt skilyrðum, sem flugstjórnardeild tilgreinir.

Ath. 1 – Til hagræðis er hugtakið „flugheimild" oft stytt í „heimild" þegar það er notað í viðeigandi samhengi.

Ath. 2 – Fyrir framan „heimild" má setja orðin „aksturs-", „flugtaks-", „brottflugs-", „leiðar-", „aðflugs-" eða „lendingar-" til að auðkenna þann hluta flugsins sem flugheimildin nær til.

Flughæð (Altitude): Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli (MSL).

Fluglag (Flight level): Flötur með jöfnum loftþrýstingi, sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013.2 Hektopasköl (hPa) og aðgreindur er frá öðrum slíkum flötum af tilteknum loftþrýstingsmun.

Ath. 1 – Þrýstingshæðarmælir, sem kvarðaður er samkvæmt ICAO-reglum um meðalloft):

a) sýnir flughæð þegar hann er stilltur á QNH,
b) sýnir hæð yfir QFE-viðmiðun þegar hann er stilltur á QFE,
c) sýnir fluglag, þegar hann er stillur á 1013.2 Hectopasköl (hPa).

Ath. 2 – Hugtökin „hæð" og „flughæð", sem tilgreind eru í ath. 1 hér að framan, fela í sér stöðu hæðarmælis fremur en raunverulegrar hæðar.

Flugliði (Flight crew member): Áhafnarliði sem er handhafi fullgilds skírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfrækslu loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugmálayfirvöld (Authority): Hér er átt við Flugmálastjórn Íslands.

Flugrekandi (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfars. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi Flugmálastjórnar til þess að stunda atvinnuflug.

Flugrekendaskírteini (Air operator certificate, AOC): Skírteini gefið út til handa fyrirtæki eða hópum fyrirtækja og staðfestir að hlutaðeigandi flugrekandi hafi yfir að ráða sérþekkingu og rekstrarskipulagi sem þarf til að tryggja öruggan rekstur loftfara vegna þeirrar flugstarfsemi sem tilgreind er í skírteininu.

Flugrekstrarhandbók (Operations Manual): Handbók, samþykkt af Flugmálastjórn Íslands en samin af flugrekanda, til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfslið hans um einstök svið eða þætti flugrekstrarins.

Flugrekstrarleyfi (Operating license): Leyfi sem veitt er til reksturs loftfara í atvinnuskyni, eins og skráð er í flugrekstrarleyfið.

Flugrekstrarstjórn (Operational control): Stjórn á einstökum þáttum flugs, upphafi, áframhaldi, breytingum á framvindu þess eða lokum, með öryggi loftfars, reglufestu á áætlunum og hagkvæmni flugsins í huga.

Flutningaflug í eigin þágu: Flutningur farþega sem eru starfsmenn eiganda og/eða umráðanda loftfarsins og farangri þeirra og farmi í hans eigu.

Ferðriti (Flight recorder): Hvers konar síriti í loftfari (þar með taldinn flugriti og hljóðriti) sem skráir upplýsingar er komið gætu að gagni við rannsókn flugslysa eða flugóhappa.

Flokkun farþega (Passenger Classification):

1) Fullorðnir, konur og karlar, eru skilgreindir sem einstaklingar tólf ára og eldri.

2) Börn eru skilgreind sem einstaklingar tveggja ára og eldri en undir tólf ára aldri.
3) Ungbörn eru skilgreind sem einstaklingar undir tveggja ára aldri.

Flugskyggni (Flight visibility): Skyggni fram á við úr stjórnklefa loftfars á flugi.

Flugtak í lélegu skyggni (Low Visibility Take-Off, LVTO): Flugtak í minna en 400 m flugbrautarskyggni.

Flugtaksmassi (Take off mass): Flugtaksmassi flugvélar er massi hennar, að meðtöldu öllu og öllum sem um borð eru við upphaf flugtaksbruns.

Flugvakt (Flight duty period, FDP): Tímabil sem hefst þegar starfandi flugverja ber að mæta til vinnu sem felur í sér flug og endar í lok fartíma í lokafluginu þar sem flugverjinn er starfandi flugverji.

Flugstjóri (Pilot-in-command): Flugmaður sem ber ábyrgð á starfrækslu og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugstjórnardeild (Air traffic control unit): Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórn eða flugturn.

Flugstjórnarþjónusta (Air traffic control service. Þjónusta veitt í því skyni að):
1) koma í veg fyrir árekstra:
   a) milli loftfara, og
   b) milli loftfara og hindrana á umferðarsvæði flugvallar
2) flýta fyrir og stuðla að skipulegri flugumferð.

Flugtími (Airborne time): Sá hluti fartíma frá því að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir yfirborð jarðar aftur á næsta lendingarstað.

Flugturn (Aerodrome control tower): Deild flugumferðarþjónustu sem veitir flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu.

Flugturnsþjónusta (Aerodrome control service): Flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð.

Flutningshleðsla (Traffic Load): Heildarmassi farþega, farangurs og fraktar, að meðtalinni óarðbærri hleðslu.

Flugumferð (Air traffic): Öll loftför á flugi eða á ferð á umferðarsvæði flugvallar.

Flugumferðarþjónusta (Air traffic services, ATS): Almennt hugtak sem táknar ýmist flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu eða flugstjórnarþjónustu (flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu og flugturnsþjónustu).

Flugvallarlágmörk (Aerodrome operating minima): Neðstu leyfilegu veðurfarsmörk til að nota megi flugvöll til flugtaks og lendingar, venjulega tilgreind sem lágmarksskyggni eða flugbrautarskyggni, ákvörðunarflughæð/hæð eða lágmarkslækkunarflughæð/hæð og skýjafar.

Flugvél (Aeroplane): Vélknúið loftfar þyngra en loft sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugsins stendur.

Flugverji (Crew member): Áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Flugvöllur (Aerodrome): Tiltekið svæði á láði eða legi (að meðtöldum byggingum og búnaði) sem ætlað er til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Flugþjálfi (Synthetic flight trainer): Sameiginlegt heiti yfir tæki á jörðu þar sem líkt er eftir flugaðstæðum. Til þeirra teljast:

Flughermir (Flight simulator) sem gefur svo nákvæma mynd af stjórnrými tiltekinnar tegundar loftfars að stjórn vélrænna kerfa, rafmagns- og rafeindakerfa, svo og annarra kerfa, líkjast í raun því sem er í þessari tegund loftfars. Enn fremur líkjast umhverfi flugliða, getumörk loftfarsins og flugeiginleikar á sama hátt.

Flugaðferðarþjálfi (Flight procedures trainer) sem gefur raunhæfa mynd af stjórnrými

þar sem líkja má eftir viðbrögðum mælitækja og stjórn á vélrænum kerfum, rafmagns- og rafeindakerfum, svo og öðrum kerfum, ásamt getumörkum og flugeiginleikum loftfars af tilteknum flokki.

Blindflugsþjálfi (Basic instrument flight trainer) sem búinn er viðeigandi mælitækjum til að líkja eftir aðstæðum í stjórnrými loftfars á flugi í blindflugsskilyrðum.

Flutningaflug (Commercial air transport operation): Starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi.

Fullnægjandi flugvöllur (Suitable Airport): Flugvöllur sem uppfyllir skilyrði viðunandi flugvallar og þar sem veðurspá eða veðurlýsing eða hvor tveggja bendir til þess að veðurskilyrði verði fyrir ofan flugvallarlágmörk og brautarskilyrði séu þannig að reikna megi með öruggri lendingu á fyrirhuguðum notkunartíma.

Gangtími (Time in service): Viðmiðunartími fyrir viðhaldsskrár o.þ.h., skráður sem flugtími.

Geðvirk efni (Psychoative substances): Alkóhól, ópíumefni, kannabisefni, róandi lyf og svefnlyf, kókaín, önnur geðörvandi lyf, ofskynjunarlyf og rokgjörn leysiefni. Undanskilin eru kaffi og tóbak.

Gildandi flugáætlun (Current flight plan): Flugáætlun, með eða án breytinga frá skráðri flugáætlun, eftir að flugheimild hefur verið veitt.

Grannskoðun (Overhaul): Prófanir og/eða framkvæmdir á loftförum eða hlutum til þeirra í samræmi við gildandi fyrirmæli og leiðbeiningar og hefur í för með sér að talning gangtíma hlutaðeigandi loftfara eða hluta til þeirra hefst að nýju frá byrjun. Hér getur verið um að ræða endurnýjun, að nokkru eða öllu leyti.

Grunnaðflug (Non-precision approach): Blindaðflug þar sem ekki er stuðst við hallageisla frá blindlendingarkerfi (rafeindahallageisla).

Gæðastjóri (Quality Manager): Gæðastjóri, sem flugmálayfirvöld geta samþykkt, sem ábyrgur er fyrir stjórnun gæðakerfisins, eftirliti þess og eftirfylgni við leiðréttingar.

Hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi (Maximum approved passenger seating configuration): Hámarksfjöldi farþegasæta í flugvél, sem flugrekandi notar, flugmálayfirvöld hafa samþykkt og tiltekinn er í flugrekstrarhandbókinni, að frátöldum flugmannssætum eða sætum í stjórnklefa og sætum þjónustuliða eftir því sem við á.

Hámarksflugtaksmassi miðað við burðarþol (Maximum Structural Take Off Mass): Mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar við upphaf flugtaksbruns.

Hámarkslendingarmassi miðað við burðarþol (Maximum Structural Landing Mass): Mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar í lendingu við eðlilegar aðstæður.

Hámarksmassi (Maximum mass): Leyfður hámarksmassi loftfars.

Hámarksþurramassi (Maximum Zero Fuel Mass): Mesti leyfilegi massi flugvélar án nýtanlegs eldsneytis. Massi eldsneytis í tilteknum geymum skal reiknaður með í þurramassanum ef það er tekið sérstaklega fram í ákvæðum um takmarkanir í flughandbók flugvélarinnar.

Hindrunarlaust klifursvæði (Clearway): Skilgreint rétthyrnt svæði á láði eða legi sem Flugmálastjórn hefur ákvörðunarrétt yfir og valið er eða gert nothæft fyrir flugvél að fljúga yfir meðan hún flýgur hluta af frumklifri sínu í ákveðna hæð.

Hringaðflug (Circling): Aðflug flugvélar sem flýgur síðasta hluta blindaðflugs í sjónaðflugi til þess að komast á rétta stefnu til lendingar á braut sem liggur ekki vel við beinu aðflugi.

Hvíldartími (Rest period): Órofið og afmarkað tímabil þar sem flugverji er laus við alla vinnuskyldu og eða bakvaktir.

Hæð (Height): Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar sem litið er á sem punkt, mæld frá tiltekinni viðmiðun.

Hættulegur varningur (Dangerous goods): Hlutir eða efni sem stofnað geta heilsu, öryggi eða verðmætum í verulega hættu ef þau eru flutt flugleiðis.
ICAO (International Civil Aviation Organization): Alþjóðaflugmálastofnunin.
IFR (Instrument flight rules): Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsreglur.
ILS (Instrument landing system): Blindlendingarkerfi.
JAA (Joint Aviation Authorities): Flugöryggissamtök Evrópu.
JAA-flugrekandi (JAA Operator): Flugrekandi sem hefur skírteini samkvæmt reglum um flugrekstur, JAR-OPS 1 og/eða JAR-OPS 3, útgefið af flugmálayfirvöldum sem er aðili að JAA.
JAA stjórnunar- og leiðbeiningarefni (Administrative and Guidance Material): Leiðbeiningarefni gefið út af JAA.
JAA upplýsingablað (Information Leaflet): Leiðbeiningarefni gefið út af JAA.
JAR (Joint Aviation Requirements): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu.
JAR-1 (JAR-1 Defination and Abbreviations): Skilgreiningar og skammstafanir Flugöryggissamtaka Evrópu.
JAR-21 (Certification Procedures for Aircraft, Products and Related Parts): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um verklag við viðurkenningu loftfara, varahluta og skyldra hluta.
JAR-23 (Normal, Utility, Aerobatic and Commuter Category Aeroplanes): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu yfir staðalflokk, verkflokk, listflugsflokk og flokk flutningaflugs flugvéla í mjötluflugi (commuter).
JAR-25 (Large Aeroplanes): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um stórar flugvélar.
JAR-36 (Aircraft Noise): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um hávaða frá loftförum.
JAR-145 (Approved Maintenance Organisations): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um samþykktar viðhaldsstöðvar.
JAR-AWO (All Weather Operation): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um starfrækslu loftfara í skertu skyggni.
JAR-OPS (Operation): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um flugrekstur.
JAR-OPS (Part 1): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um flugrekstur á flugvél 1. hluti (Commercial Air Transportation (Aeroplanes)).
JAR-OPS (Part 3): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um flugrekstur á þyrlu 3. hluti Commercial Air Transportation (Helicopters).
JAR-STD (1A Aeroplane Flight Simulators): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um flugherma fyrir flugvélar.
JAR-STD (2A Aeroplane Flight Training Devices): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um flugþjálfa.
JAR-STD (3A Flight and Navigation Procedures Trainers): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um flug- og flugleiðsöguþjálfa.
JAR-TSO (Joint Technical Standard Orders): Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu um sameiginlegar tækniforskriftir/staðla.
Jarðvari (Ground proximity warning system, GPWS): Kerfi sem gefur flugliðum viðvörun um jarðnánd í klifri, leiðarflugi, lækkun eða aðflugi að flugvöllum miðað við flugham og starfrækslu loftfars.
Kennsluflug (Instructional flying): Notkun loftfars við formlega flugkennslu með flugkennara um borð eða þegar flugnemi flýgur einn undir eftirliti flugkennara.
Komuskýrsla (General declaration): Skýrsla með sömu upplýsingum og færðar eru í leiðarflugbók og afhent er hlutaðeigandi yfirvöldum þess ríkis sem flogið er til, sé þess óskað.
Landflug (Cross-country flight): Flug til fyrirfram ákveðins staðar þar sem hugsanlega er lent og farið er einkum til þess að afla reynslu í flugleiðsögu.

Listi um lágmarksútbúnað (Minimum equipment list, MEL): Listi sem kveður á um notkun flugvélar með ákveðinn búnað óstarfhæfan, að tilgreindum uppfylltum skilyrðum, er flugrekandi semur samkvæmt aðallista um lágmarksútbúnað fyrir flugvélartegundina eða með strangari takmörkunum en þar eru settar.

Listi yfir leyfð frávik fyrir flug (Configuration deviation list (CDL)): Listi sem er útbúinn af stofnun sem er ábyrg fyrir tegundarhönnun flugvéla með samþykki hönnunarríkis þar sem tilgreindir eru þeir ytri hlutar flugvélar sem má vanta í upphafi flugs. Þar sem það er nauðsynlegt skal listinn innihalda upplýsingar um viðeigandi rekstrartakmarkanir og leiðréttingar á afkastagetu.

Lágmarksflughæð/hæð yfir hindrun (Obstacle clearance altitude/height, OCA/H): Lægsta flughæð (OCA) eða lægsta hæð yfir flugbrautarþröskuldi eða flugbraut (OCH) sem ákveðin er til að fá fram tilskilinn aðskilnað frá hindrunum.

Aths. 1. – Lágmarksflughæð yfir hindrun, miðast við meðalsjávarmál og lágmarkshæð yfir hindrun miðast við hæð á þröskuldi flugbrautar eða ef um grunnaðflug er að ræða við hæð flugvallarins eða hæð þröskuldar ef hann er meira en 2 m (7 fet) lægri en hæð flugvallarins. Lágmarkshæð yfir hindrun fyrir hringaðflug miðast við hæð flugvallarins.

Aths. 2. – Þegar bæði heitin eru notuð má til þæginda skrá þau: Lágmarksflughæð/hæð yfir hindrun og stytt OCA/H.

Lámarkslækkunarflughæð/hæð (Minimum descent altitude/height, MDA/H): Tiltekin flughæð/hæð sem ekki má fljúga niður fyrir í grunnaðflugi eða hringaðflugi nema nauðsynleg sýn sé til kennileita.

Aths. 1. Lágmarkslækkunarflughæð (MDA) miðast við meðalsjávarmál og lágmarkslækkunarhæð (MDH) miðast við flugvallarhæð eða hæð þröskuldar ef hann er meira en 2 m (7 fet) lægri en hæð flugvallarins. Lágmarkslækkunarhæð (MDH) fyrir hringaðflug miðast við hæð flugvallarins.

Aths. 2. Nauðsynleg sýn til kennileita (The required visual reference) merkir að hluti kennileita eða aflugssvæðisins hafi verið í augsýn flugmannsins nægjanlega lengi til að hann geti metið stöðu flugvélarinnar og hversu hratt sú staða breytist miðað við æskilega flugslóð. Þegar um hringaðflug er að ræða miðast nauðsynleg sýn til kennileita við umhverfi flugbrautarinnar.

Leiðarflug (En-route flight): Sá hluti flugs milli áfangastaða sem ekki telst til brottflugs eða aðflugs.

Leiðarflugbók (Journey log book (Flight log)): Leiðarbók sem í eru skráðar upplýsingar um loftfar, ferðir þess og áhöfn, fartíma og viðfangsefni.

Leiðarflugáætlun (Operational flight plan): Áætlun flugrekanda um öruggan framgang flugs, gerð með hliðsjón af getumörkum loftfars, öðrum starfrækslutakmörkunum og þeim ytri skilyrðum sem skipta máli og búist er við á fyrirhugaðri flugleið og á viðkomandi flugvöllum.

Leiguflug (Charter flight): Óreglubundið flug til flutninga á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarksmassa 5.700 kg eða meira, eða sem viðurkennd eru til flutnings á 10 farþegum eða fleiri.

Lendingarvegalengd (Landing distance): Lárétt vegalengd frá þröskuldi til þess staðar þar sem hægt er að stöðva flugvél eftir að hún hefur flogið yfir þröskuldinn í 50 feta (15 m) hæð á þeim hraða sem kveðið er á um í flughandbók eða kröfum um afkastagetu.

Loftakstur (AirTaxiing): Hreyfingar þyrlna yfir flugvelli, venjulega innan jarðhrifa og á jarðhraða sem venjulega er undir 37 km/klst. (20 hnútum).

Ath. – Raunhæð er mismunandi og sumar þyrlur geta þurft að fljúga í meira en 8 m (25 feta) hæð frá flugvelli í loftakstri til að minnka jarðhrif eða til að skapa nægjanlegt bil fyrir hangandi farm.

Loftfar (Aircraft): Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Loftfarstegund (Type of aircraft): Öll loftför, hönnuð á sama hátt í grundvallaratriðum, með þeim breytingum sem á þeim kunna að hafa verið gerðar svo fremi að þær hafi ekki haft í för með sér breytta flugeiginleika.

Markhreyfill (Critical engine): Sá hreyfill sem hefði óhagstæðust áhrif á afkastagetu og stjórn loftfars ef hann bilaði.

Málhiti (Standard temperature): Alþjóðlega skilgreindur meðalhiti í lofthjúpi jarðar.

Málloft (International standard atmosphere): Alþjólega skilgreint meðalástand lofthjúps jarðar.

Misnotkun vafasamra efna (Problematic Use of Substances): Misnotkun á einu eða fleiri geðvirkum efnum af starfsmönnum flugmála, þannig að:

a) það komi notandanum í beina hættu eða stofni lífi, heilsu eða velferð annarra í hættu; og/eða

b) starfsleg, félagsleg, andleg eða líkamleg vandamál myndist eða versni.

Nákvæmnisaðflug (Precision approach): Blindaðflug samkvæmt staðlaðri aðferð þar sem stuðst er við sendingar miðlínu og hallageisla frá blindlendingarkerfi (ILS) eða upplýsingar frá blindlendingarratsjá (PAR).

Neyðarsendir (Emergency Locator Transmitter, ELT): Almennt heiti á búnaði sem sendir greinileg merki á tilgreindum tíðnissviðum og sem fer í gang sjálfvirkt við árekstur eða sem settir eru handvirkt í gang eftir notkunargildi. Neyðarsendir getur verið af eftirfarandi gerðum):

a) Sjálfvirkur fastur (ELT (Automatic Fixed, AF)). Sjálfvirkur neyðarsendir sem er festur við flugvélina til frambúðar.

b) Sjálfvirkur beranlegur (ELT (Automatic Portable, AP)). Neyðarsendir sem fer í gang sjálfvirkt sem er festur við flugvélina, en sem hægt er að losa auðveldlega frá henni.

c) Sjálfvirkur sjálflosandi (ELT (Automatic Deployable, AD)). Neyðarsendir sem er festur við flugvélina og sem losnar sjálfvirkt frá flugvélinni og fer í gang við árekstur og í sumum tilvikum með snertingu við vatn. Einnig er hægt að setja hann í gang handvirkt.

d) Neyðarsendir fyrir þá sem komast af (ELT (Survival, S)). Neyðarsendir sem hægt er að losa úr flugvél og er þannig fyrirkomið að hann er auðveldlega tiltækur í neyð og þeir sem komast lífs af geta notað hann handvirkt.

Nótt (Night): Sá tími sem miðpunktur sólar er 6° eða meira fyrir neðan sjóndeildarhring.

PAR (Precision approach radar): Blindlendingarratsjá.

Reglubundið áætlunarflug (Scheduled flights): Röð flugferða sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum):

a) Flugferðirnar eru farnar með loftförum sem ætluð eru til flutnings á farþegum, pósti eða vörum gegn gjaldi.

b) Flugferðunum er ætlað að fullnægja ákveðinni flutningsþörf milli tveggja eða fleiri staða eftir ákveðinni tímaáætlun eða ferðinar eru farnar svo títt og reglulega að augljóst er að fylgt er ákveðinni áætlun.

c) Sérhver flugferð stendur almenningi til boða gegn greiðslu meðan rými er fáanlegt. Skipulagðar áætlanir um flugferðir sem farnar eru með leiguflugi falla ekki undir þessa skilgreiningu.

Ríki flugrekanda (State of the operator): Ríki þar sem flugrekandi hefur aðalaðsetur flugrekstrar síns, eða ef slíkur staður er ekki til, þá ríki lögheimilis hans.

RNP aðhaldsgildi (RNP TYPE): Aðhaldsgildi yfir frávik frá áætluðum ferli þar sem flugvélin er innan þeirra marka í öllu fluginu með 95% öryggi. Gildistalan er uppgefin

í sjómílum. Dæmi: RNP-4 sýnir nákvæmni í flugleiðsögu upp á 4 sjómílur (7,4 km) með 95% öryggi.

Rök flugbraut (Damp runway): Flugbraut telst vera rök ef yfirborðið er ekki þurrt en glansar þó ekki af rakanum.

SIGMET-upplýsingar (SIGMET information): Upplýsingar frá veðurstofu um að kunnugt sé um eða búist við sérstökum veðurskilyrðum á flugleið sem gætu haft áhrif á öryggi flugs.

Sjónflug VFR-flight: Flug samkvæmt sjónflugsreglum (VFR).

Sjónaðflug (í blindaðflugi) (Visual approach): Aðflug loftfars í blindflugi þegar hluta af eða öllu blindaðfluginu er ekki lokið, en aðflugið gert með hliðsjón af kennileitum, með leyfi flugumferðarþjónustu.

Sjónflugsskilyrði (Visual meteorological conditions, VMC): Veðurskilyrði sem tilgreind eru sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð en eru jöfn eða betri en tilgreind lágmörk.

Skráningarríki (State of registry): Ríkið sem hefur hlutaðeigandi loftfar á loftfaraskrá sinni.

Spillt flugbraut (Contaminated runway): Flugbraut telst vera spillt (hvort sem það er á afmörkuðu svæði eða ekki) þegar meira en 25% af yfirborði hennar, innan þeirrar lengdar og breiddar sem tilskilin er og er notuð, er þakið eftirfarandi:

i) meira en 3 mm (0,125 þumlunga) djúpu vatni, eða krapi eða lausamjöll sem svarar til meira en 3 mm (0,125 þumlunga) af vatni;

ii) snjó, þjöppuðum saman í þéttan massa, sem er ekki hægt að þjappa meira og loðir saman eða brotnar í stykkjum ef hann er tekinn upp (samþjappaður snjór); eða

iii) ís, þar með talinn blautur ís.

Starfsmenn í öryggistengdum störfum (Safety-sensitive personnel): Starfsmenn sem gætu heft öryggi í flugi ef þeir framkvæma störf sín og skyldur á óviðeigandi hátt. Þeir eru, en þó ekki takmarkaðir við, flugáhafnir, viðgerðarmenn loftfara og flugumferðarstjóra.

Stýrakerfi (Flight control system): Kerfi með sjálfvirku lendingarkerfi og/eða lendingarkerfi með blandaðri tækni.

Tiltæk flugtaksvegalengd (Take off distance available, TODA): Tiltæk lengd flugtaksbruns að viðbættri lengd tiltæks hindrunarlauss klifursvæðis.

Tiltækt flugtaksbrun (Take off run available, TORA): Lengd flugbrautar sem viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst tiltæka og nothæfa fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki.

Tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak (Accelerate-stop distance available, ASDA): Lengd tiltæks flugtaksbruns (TORA), að viðbættri lengd öryggisbrautar ef hún er fyrir hendi.

Tiltæk lendingarvegalengd (Landing distance available, LDA): Lengd flugbrautar sem viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst tiltæka og nothæfa fyrir brautarbrun flugvélar í lendingu.

Tómaleiga dry lease): (Leiga loftfars án áhafnar og það er starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigutaka.

Undirritun viðhaldsvottorðs (Signing a maintenance release): Vottun þess að eftirlit og viðhald hafi verið framkvæmt á fullnægjandi hátt og samkvæmt aðferðum þeim sem viðhaldshandbókin mælir fyrir um, með því að gefa út viðhaldsvottorð.

Varaflugvöllur (Alternate aerodrome): Flugvöllur sem fljúga má til þegar ógerlegt er eða óráðlegt að halda áfram flugi til ákvörðunarflugvallar eða lenda á honum.

Til varaflugvalla teljast:

Varaflugvöllur við flugtak (Take-off alternate): Varaflugvöllur sem unnt er að lenda á ef nauðsyn krefur skömmu eftir flugtak, ef ekki er gerlegt að nota brottfararflugvöll.

Varaflugvöllur á flugleið (En-route alternate): Flugvöllur sem loftfar gæti lent á ef upp kæmi óvenjulegt ástand eða neyðarástand í leiðarflugi.

Varaflugvöllur á flugleið í fjarflugi (ETOPS en-route alternate): Fullnægjandi varaflugvöllur þar sem flugvél í fjarflugi gæti lent eftir hreyfilbilun eða eftir önnur afbrigðileg eða neyðaratvik.

Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar (Destination alternate): Varaflugvöllur sem fljúga má til ef ógerlegt eða óráðlegt reynist að lenda á ákvörðunarflugvelli.

Aths. – Brottfararflugvöllur getur einnig verið varaflugvöllur á flugleið eða varaflugvöllur ákvörðunarstaðar.

Veðurupplýsingar (Meteorological information): Veðurathuganir, veðurgreiningar, veðurspár og sérhver tilkynning er varðar ríkjandi eða væntanleg veðurskilyrði.

Veðurstofa (Meteorological Authority): Embætti sem veitir eða sér um veðurþjónustu fyrir flug fyrir hönd aðildarríkis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

Verkflug (Aerial work): Starfræksla loftfars í sérhæfðri starfsemi og þjónustu, svo sem í landbúnaði, byggingarvinnu, við ljósmyndun, landmælingar, athuganir og eftirlit úr lofti, leit og björgun, auglýsingaflug o.s.frv.

Verklag í lélegu skyggni (Low Visibility Procedures, LVP): Verklagsreglur á flugvöllum sem miða að því að tryggja öryggi í aðflugi samkvæmt II. og III. flokki (CAT II – III) og við flugtak í lélegu skyggni.

Viðunandi flugvöllur (Adequate airport): Viðunandi flugvöllur er flugvöllur sem flugrekandi og flugmálayfirvöld telja vera viðunandi hvað varðar viðeigandi afkastakröfur miðað við áætlaðan lendingamassa (þyngd). Á áætluðum notkunartíma skal sérstaklega gert ráð fyrir að):

(i) Flugvöllurinn sé tiltækur og bjóði upp á eftirfarandi þjónustu svo sem: Flugumferðarþjónustu, nægjanlegan ljósabúnað, fjarskipti, veðurupplýsingar, leiðsöguvirki og neyðarþjónustu og

(ii) að minnsta að kosti eitt aðflugstæki (ratsjá uppfyllir þá kröfu) sé tiltækt fyrir blindaðflug.

Samþykkt viðhaldsstofnun (Approved maintenance organization): Stofnun sem fengið hefur samþykki Flugmálastjórnar Íslands til að skoða, grannskoða, viðhalda, gera við og/eða breyta loftförum eða hluta þeirra undir umsjón sem viðurkennd er af Flugmálastjórn og/eða flugmálastjórn hlutaðeigandi lands.

Viðurkennd þjálfun (Approved training): Þjálfun samkvæmt ákveðinni námsskrá og undir umsjón sem samþykkt er af Flugmálastjórn.

Þjónustuflug (Taxi-flights): Óreglubundið flug til flutninga á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarksmassa minni en 5.700 kg og viðurkennd eru til flutnings á allt að níu (9) farþegum.

Þjónustuleiga (wet lease): Leiga loftfars með áhöfn og það er starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigusala.

Þjónustuliði (Cabin attendant): Áhafnarliði sem er starfsmaður flugrekanda og falið er starf um borð í loftfari meðan á fartíma stendur sem er nauðsynlegt öryggi farþega, þó ekki starf flugliða.

Þrýstingshæð (Pressure altitude): Loftþrýstingur sýndur sem hæð yfir sjávarmáli er samsvarar þrýstingi mállofts.

Þröskuldur (Threshold): Byrjun á þeim hluta flugbrautar sem nothæfur er til lendingar.

Þurr flugbraut (Dry runway): Flugbraut, sem hvorki er blaut né spillt, en til þeirra teljast flugbrautir með slitlagi með sérstökum raufum eða gljúpu slitlagi, sem er haldið við til þess að hemlun á flugbrautinni verði eins og hún væri þurr, jafnvel þótt rakinn sé einhver.

Þurrarekstrarmassi (Dry Operating Mass): Heildarmassi flugvélar sem er tilbúin til tiltekinnar tegundar flugs, að frádreginni heildarþyngd nýtanlegs eldsneytis og flutningshleðslu. Í þessum massa eru eftirtaldir þættir:

1) áhöfn og áhafnarfarangur;
2) vistir og lausabúnaður fyrir þjónustu við farþega; og
3) drykkjarvatn og kemísk efni í salerni.

Þyrilvængja (Rotorcraft): Loftfar, þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna lyftikrafts sem einn eða fleiri þyrlar framleiða.

Þyrla (Helecopter): Þyrilvængja sem heldur láréttu flugi aðallega fyrir tilverknað hreyfilknúinna þyrla.

Öryggistygi (Safety harness): Axla- og sætisólar sem nota má hvorar í sínu lagi, til þess að festa flugáhöfn eða farþega í sæti sínu.

2.0 GILDISSVIÐ

Reglugerð þessi tekur til flutningaflugs með íslenskum og erlendum flugvélum og eða þyrlum sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður yfir. Um flutningaflug með flugvélum gildir I. og II. og IV. hluti reglugerðar þessarar og um flutningaflug með þyrlum gildir I., III. og IV. hluti reglugerðar þessarar.

2.1 Skipting flugstarfsemi.

I. Almenningsflug *civil aviation*
- A. Atvinnuflug:
  - 1) Flutningaflug *commercial air transport operation*
    - i) Reglubundið áætlunarflug
    - ii) Leiguflug
    - iii) Þjónustuflug
    - iv) Útsýnisflug
    - v) Sjúkraflug
  - 2) Verkflug *aerial work*
  - 3) Kennsluflug *instructional flying*
  - 4) Útleiga loftfara í atvinnuskyni
- B. Flutningaflug í eigin þágu *corporate air transportation operation*
- C. Einkaflug *private*

II. Ríkisflug
- A. Herflug *military aviation*
- B. Toll- og löggæsluflug *customs and police*

3.0 FLUGREKENDASKÍRTEINI

Sjá einnig II. hluta reglugerðar, C-kafli JAR-OPS 1 og C-kafla JAR-OPS 3.

3.1 Forsenda útgáfu flugrekstrarleyfis til flutningaflugs og verkflugs í atvinnuskyni er gilt flugrekendaskírteini sem gefið er út af Flugmálastjórn Íslands. Ekki má stunda flugrekstur í flutningaflugi og verkflugi nema að slíkt flugrekendaskírteini sé í gildi.

3.2 Í flugrekendaskírteini er tilgreint nákvæmlega hvers konar flugstarfsemi er heimiluð og veitir skírteinið ekki heimild til annars konar flugstarfsemi en þar segir. Flugrekanda ber að haga flugrekstri sínum í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í flugrekendaskírteininu.

3.3 Flugrekendaskírteini er veitt til ákveðins tíma sem þar er nánar tilgreindur, að hámarki 5 ár. Handhafi flugrekendaskírteinis skal tafarlaust skýra Flugmálastjórn frá því ef starfsemi hans breytist á þann veg að forsendur flugrekendaskírteinis eru brostnar, t.d. að því er lýtur að starfsliði, loftförum, vátryggingum eða stjórnendum.

3.4 Flugrekendaskírteini verður breytt, fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað ef Flugmálastjórn telur sig ekki lengur hafa fulla vissu um að handhafi þess geti haldið uppi öruggum rekstri. Bresti forsendur flugrekendaskírteinis og skilyrði sem kveðið er á um í reglugerð þessari fellur flugrekendaskírteinið úr gildi.

4.0 FLUGREKSTRARLEYFI

Sjá ennfrekar auglýsingu nr. 439/1994 um gildistöku reglugerðar ráðsins nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94.

4.1 Flugmálastjórn Íslands veitir leyfi til loftferða í fjáraflaskyni. Nefnist það flugrekstrarleyfi. Forsenda flugrekstrarleyfis er að umsækjandi hafi flugrekandaskírteini gefið út af Flugmálastjórn. Flugrekstrarleyfi veitir þó ekki sjálfkrafa rétt til tiltekinna flugleiða né markaða.

4.2 Skilyrði flugrekstrarleyfis eru eftirfarandi:

a) Höfuðstöðvar fyrirtækis og skráð skrifstofa, ef til er, séu á Íslandi; og

b) Aðalstarfsemi fyrirtækisins sé eingöngu bundin við flutninga í lofti eða í tengslum við annars konar atvinnurekstur með loftförum eða viðgerðir og viðhald á þeim.

c) Fyrirtækið skal vera í eigu aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og eða ríkisborgara þess, annaðhvort með beinum hætti eða að meirihluta í fyrirtækinu. Það skal í raun ætíð lúta stjórn aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða ríkisborgara þeirra. Stjórnun í raun vísar til tengsla sem til er stofnað á grundvelli réttinda, samninga eða með einhverjum öðrum hætti sem, annaðhvort ein sér eða sameiginlega og með hliðsjón af aðstæðum að lögum eða í reynd, veita möguleika á að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki beint eða óbeint, einkum að því er varðar: (1) rétt til að nota allar eignir fyrirtækis eða hluta þeirra; (2) réttindi eða samninga sem veita rétt til að hafa afgerandi áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslur eða ákvarðanir deilda fyrirtækis eða með öðrum hætti hafa afgerandi áhrif á hvernig fyrirtækið hagar rekstri sínum. Nánar er kveðið á um eignarhald erlendra aðila í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34 25. mars 1991.

d) Fyrirtæki sem með beinum eða óbeinum hætti á aðild að stjórnun flugfélags skal fullnægja skilyrði c-liðar.

e) Handhafi flugrekstrarleyfis skal ætíð, sé þess óskað, sýna fram á að öll skilyrði þess séu uppfyllt.

4.3. Umsækjandi um flugrekstrarleyfi í fyrsta skipti þarf jafnframt að sýna fram á eftirfarandi með fullnægjandi hætti:

a) Að umsækjandi geti hvernær sem er í 24 mánuði frá upphafi rekstrar staðið við gildandi skuldbindingar og aðrar skuldbindingar, metnar á raunhæfum forsendum, sem hugsanlega yrði stofnað til; og

b) Að umsækjandi geti í þrjá mánuði frá upphafi rekstrar staðið undir föstum útgjöldum og rekstrarkostnaði vegna starfsemi samkvæmt viðskiptaáætlun og á grundvelli raunhæfra forsendna án þess að tekið sé tillit til tekna af rekstri félagsins.

4.3.1 Að því er varðar a-lið greinar 4.3 skal hver umsækjandi leggja fram viðskiptaáætlun sem tekur að minnsta kosti til fyrstu tveggja ára í rekstri. Í viðskiptaáætluninni skal einnig greint nákvæmlega frá fjárhagstengslum við hvers konar viðskiptastarfsemi sem umsækjandi er annaðhvort beinn aðili að eða á einhvers konar aðild að í gegnum tengd fyrirtæki. Umsækjandi skal einnig leggja fram allar upplýsingar sem máli skipta, einkum eftirfarandi gögn:

a) Upplýsingar sem aðila er sækir um í fyrsta sinn ber að leggja fram um fjárhagsgetu sína.
b) Síðustu reikningsskil framkvæmdastjórnar fyrirtækis og, ef tiltækir eru, endurskoðaða reikninga fyrir næstliðið fjárhagsár.
c) Áætlaðan efnahagsreikning, þar með talinn rekstrarreikning, fyrir næstu tvö ár.
d) Grundvöll fyrir áætluðum tölum um útgjöld og tekjur á liðum eins og eldsneyti, fargjöldum og farmgjöldum, launum, viðhaldi, afskriftum, sveiflum í gengisskráningu, flugvallargjöldum, tryggingum o.fl. Spár um flutningsmagn/tekjur.
e) Nákvæmt yfirlit yfir byrjunarkostnað sem stofnað hefur verið til frá því að umsókn er lögð fram þangað til rekstur hefst og skýring á fyrirhugaðri fjármögnun þess kostnaðar.
f) Nákvæmt yfirlit yfir núverandi og fyrirhugaðar leiðir til fjáröflunar.
g) Nákvæmt yfirlit yfir hluthafa, þar með talið ríkisfang og tegund hlutabréfa sem verða í eigu þeirra, og stofnsamþykktir hlutafélagsins. Ef um er að ræða hluta af hópi fyrirtækja skal leggja fram upplýsingar um tengsl milli þeirra.
h) Skýrslur um áætlað lausafjárstreymi og lausafjáráætlun fyrir fyrstu tvö ár í rekstri.
i) Nákvæmt yfirlit yfir fjármögnun við kaup/leigu á loftförum, þar með talið ef um leigu er að ræða, skilmála og samningsskilyrði.

4.3.2 Handhafi flugrekstrarleyfis skal fyrirfram tilkynna Flugmálastjórn Íslands um áform varðandi áætlunarflug á nýrri leið eða óreglubundið flug til meginlands eða heimshluta sem ekki hefur áður verið flogið til, breytingar á tegundum eða fjölda loftfara sem notuð eru eða verði verulegar breytingar á starfsemi flugfélagsins. Handhafi flugrekstrarleyfis skal einnig tilkynna fyrirfram ef fyrirhugaður er samruni eða eignaöflun og skal Flugmálastjórn tilkynnt með 14 daga fyrirvara um allar breytingar á eignaraðild er nema meira en 10% af heildarhlutafé félagsins eða móðurfyrirtækis þess eða endanlegs eignarhaldsfyrirtækis. Það telst nægilegur fyrirvari samkvæmt málsgrein þessari, að viðskiptaáætlun til 12 mánaða sé lögð fram 2 mánuðum áður en tímabilið sem hún nær yfir hefst að því er varðar breytingar á rekstri og eða atriðum sem um getur í viðskiptaáætluninni.

4.3.3 Ef Flugmálastjórn Íslands telur að breytingar sem tilkynntar eru samkvæmt gr. 4.3.2 skipti verulegu máli varðandi fjárhagsstöðu handhafa flugrekstrarleyfis skal stofnunin krefjast þess að félagið leggi fram endurskoðaða viðskiptaáætlun þar sem breytingarnar koma fram sem nær yfir að minnsta kosti næstu tólf mánuði frá þeim degi að hún kemur til framkvæmda með öllum upplýsingum sem máli skipta, þar með talið gögnum þeim sem um getur í gr. 4.3.1, svo að unnt sé að meta hvort flugfélagið geti staðið við gildandi skuldbindingar og aðrar skuldbindingar sem kann að verða stofnað til á þessum tólf mánuðum. Flugmálastjórn skal taka ákvörðun um endurskoðaða viðskiptaáætlun eigi síðar en þremur mánuðum eftir að allar upplýsingar hafa verið lagðar fram.

Upplýsingar sem ber að leggja fram til mats á áframhaldandi fjárhagsgetu leyfishafa er áforma breytingar á skipulagi eða starfsemi sinni sem hefur veruleg áhrif á fjárhag þeirra:

a) Ef nauðsyn krefur, nýjasti efnahagsreikningur fyrirtækis og endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið fjárhagsár.
b) Nákvæmt yfirlit yfir allar áformaðar breytingar, t.d. breytingar á tegund þjónustu, áformaða eignayfirtöku eða samruna, breytingar á hlutafé, breytingar á hluthöfum o.s.frv.
c) Áætlaður efnahagsreikningur ásamt rekstrarreikningi fyrir yfirstandandi fjárhagsár, þar með talið allar áformaðar breytingar á skipulagi eða starfsemi sem hefur veruleg áhrif á fjárhagsstöðu.
d) Tölur yfir fyrri og áætluð útgjöld og tekjur á liðum eins og eldsneyti, fargjöldum og farmgjöldum, launum, viðhaldi, afskriftum, sveiflum í gengisskráningu, flugvallargjöldum, tryggingum o.s.frv. Spár um flutningsmagn/tekjur.
e) Yfirlitsreikningar yfir lausafjárstreymi og áætlanir um lausafjárstöðu fyrir komandi ár, þar með talið allar áætlaðar breytingar á skipulagi eða starfsemi sem hefur veruleg áhrif á fjárhagsstöðu.
f) Nákvæmt yfirlit yfir fjármögnun við kaup/leigu á loftförum, þar með talið ef um leigu er að ræða, skilmálar og samningsskilyrði.

4.3.4 Flugmálstjórn Íslands skal ætíð heimilt, þegar ljóst er að handhafi flugrekstrarleyfis á í fjárhagsörðugleikum, að meta fjárhagsstöðu hans og afturkalla flugrekstrarleyfið tímabundið eða endanlega hafi stofnunin ekki lengur fullvissu fyrir því að handhafi geti staðið við gildandi skuldbindingar eða skuldbindingar sem kunna að verða gerðar á tólf mánaða tímabili. Þá er Flugmálastjórn einnig heimilt að veita tímabundið leyfi á meðan fjárhagsleg endurskipulagning fer fram hjá handhafa flugrekstrarleyfisins, svo framarlega sem öryggi er ekki teflt í tvísýnu.

4.3.5 Á hverju fjárhagsári skal handhafi flugrekstrarleyfis afhenda Flugmálastjórn Íslands, án ónauðsynlegra tafa, endurskoðaða reikninga félagsins fyrir næstliðið fjárhagsár. Leyfishafa er skylt að senda Flugmálastjórn árlega skýrslu um flugstarfsemi liðins árs, tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar sem máli skipta að dómi Flugmálastjórnar, og skal það gert eins fljótt og unnt er í upphafi árs. Flugmálastjórn er heimilt að krefjast mánaðarlegra skýrslna, ef þess er talin þörf. Leyfishafi skal ár hvert senda Flugmálastjórn reikninga félagsins fyrir liðið ár jafnskjótt og þeir liggja fyrir.

Hvenær sem Flugmálastjórn Íslands æskir þess skal flugfélag afhenda allar upplýsingar er máli skipta varðandi gr. 4.3.4., einkum gögn þau sem um getur í gr. 4.3.5.1.

4.3.5.1 Upplýsingar sem ber að leggja fram til mats á áframhaldandi fjárhagsgetu leyfishafa, sbr. gr. 4.3.5:

a) Endurskoðaðir reikningar eigi síðar en sex mánuðum eftir að viðkomandi tímabili lýkur og, ef nauðsyn krefur, nýjasti efnahagsreikningur fyrirtækis.
b) Áætlaður efnahagsreikningur, þar með talinn rekstrarreikningur fyrir komandi ár.
c) Tölur yfir fyrri og áætluð útgjöld og tekjur á liðum eins og eldsneyti, fargjöldum og farmgjöldum, launum, viðhaldi, afskriftum, sveiflum vegna gengisskráningar, flugvallargjöldum, tryggingum o.s.frv. Spár um flutningsmagn/tekjur.
d) Yfirlit yfir lausafjárstreymi og lausafjáráætlun fyrir komandi ár.

4.3.6 Ákvæði gr. 4.3, 4.3.1-4.3.3 og 4.3.5 gilda ekki um flugfélög er einvörðungu nota loftför með 10 tonna hámarksflugtaksþunga og/eða færri en 20 sætum. Slík flugfélög verða ávallt að geta fært sönnur á að eigið fé þeirra nemi að minnsta

kosti 80.000 evrópskum mynteiningum (ECU) eða lagt fram, að kröfu Flugmálastjórnar Íslands, þær upplýsingar er máli skipta fyrir efni gr. 4.3.4. Eigi að síður skal heimilt að beita ákvæðum gr. 4.3, 4.3.1-4.3.3 og 4.3.5 gagnvart flugfélögum sem hafa flugrekstrarleyfi og stunda áætlunarflug eða sem velta árlega yfir 3 milljónum evrópskra mynteininga (ECU).

4.4 Þeir sem hyggjast sækja um flugrekstrarleyfi, endurnýjun eða breytingar á eldra leyfi skulu senda Flugmálastjórn umsókn á þar til gerðum eyðublöðum. Fram skulu koma allar þær upplýsingar sem þar er beðið um. Sérstaklega skal veita nákvæmar upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a) Nafn umsækjanda eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu og símanúmer.
b) Þjóðerni umsækjanda, viðskiptabanka og/eða fjármögnunaraðila. Ef um félag er að ræða skal tilgreina félagsform og innlent eignarhlutfall, hlutafé og þar af innborgað hlutafé, svo og nafn stjórnarformanns. Einnig komi fram hvort umsækjandi hefur annan atvinnu- eða fjármagnsrekstur með höndum, og þá hvaða.
c) Skipulag og stjórn fyrirhugaðrar flugstarfsemi þar sem fram koma nöfn framkvæmdastjóra flugdeildar, flugrekstrarstjóra og tæknistjóra.
d) Fyrirhugaðan flugrekstur og flugáætlanir, ásamt fyrirhugðum fjölda loftfara, tegund þeirra og nafn skráðs eiganda þeirra. Sanna ber umráðarétt yfir loftförum ef umsækjandi er eigi skráður eigandi þeirra.
e) Hvar aðalskrifstofur flugrekanda eru eða verða, svo og aðsetur fyrir yfirstjórn, flugrekstur og viðhald.
f) Upplýsingar um fjárhagsstöðu svo sem lýst er hér að framan.

4.5 Eignarhald á loftfari er ekki gert að skilyrði fyrir veitingu eða viðhaldi flugrekstrarleyfis. Þess skal þó krafist að handhafi flugrekstrarleyfis hafi eitt eða fleiri loftför til umráða með leigusamningi.

4.5.1 Loftfar sem handhafi flugrekstrarleyfis notar skal skráð á Íslandi eða á Evrópska efnahagssvæðinu. Þó skal heimilt að veita undanþágu frá skráningu á Íslandi ef um leigusamning skv. gr. 4.5.2 er að ræða, og skráning þess hérlendis leiðir til þess að gera þarf verulegar breytingar á loftfarinu. Ef um er að ræða skammtímaleigusamninga vegna tímabundinna þarfa handahafa flugrekstrarleyfis eða aðstæðna sem teljast til undantekninga skal Flugmálastjórn heimilt að veita undanþágu frá fyrsta málslið þessarar greinar.

4.5.2 Leyfishafi sem notar loftför frá öðru fyrirtæki eða leggur öðru fyrirtæki til loftför skal leita leyfis Flugmálastjórnar Íslands fyrir þeirri starfsemi. Þau skilyrði sem Flugmálastjórn kann að setja fyrir leyfinu skulu teljast hluti leigusamnings milli aðila.

Aðeins skal samþykkja samninga um leigu á loftfari með áhöfn til handhafa flugrekstrarleyfis að farið sé eftir stöðlum um öryggi samsvarandi og þeim sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

4.6 Flugrekstrarleyfi er veitt til tiltekins tíma að því tilskyldu að handhafi þess uppfylli þau skilyrði sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Fyrsta útgáfa flugrekstrarleyfis má vera til allt að 1 árs en til allt að fimm ára við endurútgáfu.

4.6.1 Ef handhafi flugrekstrarleyfis hefur stöðvað rekstur í sex mánuði eða ekki hafið rekstur að sex mánuðum liðnum frá veitingu flugrekstrarleyfis skal Flugmálastjórn ákveða hvort umsókn um flugrekstrarleyfi skuli lögð fram til samþykktar að nýju.

4.6.2 Flugrekstrarleyfi fellur úr gildi hafi fyrirtæki sem fer með handhöfn þess verið tekið til gjaldþrotaskipta eða sambærilegrar meðferðar og Flugmálastjórn telur engar raunhæfar líkur á að fjárhagsleg endurskipulagning takst svo fullnægjandi sé innan hæfilegs tíma.

4.6.3 Brjóti leyfishafi í mikilvægum atriðum lagaboð, önnur fyrirmæli um starfsemina, skilyrði leyfis eða hann reynist ófær um að reka starfsemina skal svipta hann leyfi.

4.6.4 Flugrekstrarleyfi skal heimilt að binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja að því marki sem það samrýmist öðrum lögum eða milliríkjasamningum auk skilyrða skv. ákvæðum þessarar reglugerðar. Flugrekstrarleyfið fellur úr gildi ef einhverju framangreindra skilyrða er ekki lengur fullnægt.

5.0 FLUGREKSTRAR-, TÆKNI- OG GÆÐASTJÓRI

5.1 Flugrekstrarstjóri skal vera flugmaður að mennt eða hafa sambærilega menntun á flugsviði. Flugrekstrarstjóri skal hafa hlotið viðurkenningu Flugmálastjórnar til starfsins og hafa gengist undir sérstakt próf hjá Flugmálastjórn til þess að sanna hæfni sína.

5.1.1 Flugrekstrarstjóri skal bera ábyrgð á flugrekstrarstjórn í samræmi við ákvæði II. og III. hluta reglugerðar þessarar.

5.2 Tæknistjóri skal hafa flugvéltæknimenntun eða aðra sambærilega menntun. Tæknistjóri skal hafa hlotið viðurkenningu Flugmálastjórnar til starfsins og hafa gengist undir sérstakt próf hjá Flugmálastjórn til þess að sanna hæfni sína.

5.2.1 Tæknistjóri ber ábyrgð á viðhaldi í samræmi við ákvæði II. og III. hluta reglugerðar þessarar.

5.3 Gæðastjóri skal hafa aflað sér þekkingar á gæðastjórnun og gæðamálum sem Flugmálastjórn metur nægilega.

5.3.1 Gæðastjóri ber ábyrgð á gæðakerfi flugrekanda og virkni þess í samræmi við ákvæði II. og III. hluta reglugerðar þessarar.

5.4 Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri bera sameiginlega ábyrgð á skipulagningu þeirrar starfsemi sem tengir flugrekstur og viðhald og á því að koma á fót eftirliti og hafa stöðugt eftirlit með endingu og bilunum einstakra hluta.

5.5 Ef flugrekstrarstjóri, tæknistjóri eða gæðastjóri láta af störfum hjá flugrekanda eða hyggjast gera það, ber ábyrgðarmanni flugrekanda (Accountable Manager) að tilkynna það tafarlaust til Flugmálastjórnar og sækja jafnframt um viðurkenningu á eftirmanni. Starfsemi flugrekanda má ekki halda áfram án leyfis Flugmálastjórnar fyrr en nýr flugrekstrarstjóri, tæknistjóri og gæðastjóri hefur hafið störf hjá flugrekanda. Flugrekstrarstjóri, tæknistjóri eða gæðastjóri mega tilnefna staðgengil í fjarveru sinni. Leita ber viðurkenningar Flugmálastjórnar fyrirfram á hlutaðeigandi staðgengli.

5.6 Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri flugrekanda skulu vera sérstakir trúnaðarmenn Flugmálastjóra hjá flugrekanda. Skal mat Flugmálastjórnar á viðurkenningu grundvallast m.a. á þeim forsendum. Nú telur Flugmálastjórn að flugrekstrarstjóri eða tæknistjóri uppfylli ekki lengur það traust sem honum er áskilið og skal stofnuninni

þá heimilt að draga viðurkenningu sína til baka til bráðabirgða eða að fullu telji stofnunin forsendur brostnar fyrir viðurkenningu. Flugmálastjórn skal eiga endanlegt mat um viðurkenningu á trúnaðarmönnum.

6.0 FLUGUMSJÓN

6.1 Handhafi flugrekstrarleyfis skal hafa flugumsjónarþjónustu sem Flugmálastjórn hefur viðurkennt fyrir þann rekstur.

6.2 Flugrekendur skulu í flugrekstrarhandbók sinni gera grein fyrir verksviði og ábyrgð flugumsjónar og þeirra flugumsjónarmanna sem hjá þeim starfa.

6.3 Flugumsjónarmanni á ekki að fela skyldustörf nema hann hafi:
a) Sannað fyrir flugrekanda að hann hafi þekkingu á:
   1) Efni flugrekstrarhandbókar, skv. JAR-OPS 1 og/eða 3, P-kafla.
   2) Fjarskiptatækjum í flugvélunum sem notaðar eru.
   3) Leiðsögutækjum í flugvélunum sem notaðar eru.
b) Sannað fyrir flugrekanda að hann hafi þekkingu á eftirfarandi atriðum varðandi flugrekstur sem hann er ábyrgur fyrir og svæðin sem hann hefur leyfi til að sinna flugumsjón á:
   1) Árstíðarbundnum veðurskilyrðum og hvar unnt er að afla upplýsinga um veðurfar.
   2) Áhrifum veðurskilyrða á móttöku fjarskipta í flugvélunum sem notaðar eru.
   3) Sérkennum og takmörkunum flugleiðsögukerfa sem notuð eru við reksturinn.
   4) Fyrirmælum um hleðslu flugvélarinnar.
c) Sannað fyrir flugrekanda að hann hafi þekkingu til að gegna skyldum sínum.

6.4 Flugumsjónarmanni ber að varast að aðhafast nokkur það sem stangast gæti á við starfshætti:
a) Flugumferðarþjónustu.
b) Veðurþjónustu.
c) Fjarskiptaþjónustu.

6.5 Flugumsjónarmaður sem falið er starf á að viðhalda viðeigandi þekkingu á öllum þeim atriðum rekstrarins sem varða slíkt starf.

6.6 Flugumsjónarmanni á ekki að fela störf hafi hann verið fjarverandi frá þeim sl. 12 mánuði nema hann fullnægi ákvæðum greinar 6.3., áður en hann hefur störf að nýju.

7.0 ÝMIS SÉRÁKVÆÐI

7.1 Leitar- og björgunarþjónusta. Flugrekendur skulu sjá um að flugstjóri hafi til taks um borð í flugvél sem hann stjórnar allar nauðsynlegar upplýsingar um leitar- og björgunarþjónustu á svæði því sem fyrirhugað er að fljúga yfir.

7.2 Hver sá sem hefur á hendi störf sem varða sjálft öryggi flugsins (starfsmenn í öryggistengdum störfum), skal ekki gegna starfa sínum ef hann hefur neytt ein-

hverra geðvirkra efna fyrir eða eftir flug, sem rýra starfshæfni hans. Slíkum starfsmönnum skal óheimil hvers konar misnotkun geðvirkra efna.

7.3 Flugrekandi skal tryggja að flug hefjist ekki nema gengið hafi verið úr skugga um með öllum venjulegum tiltækum ráðum að aðstaða á láði og legi sem tiltæk er og beinlínis nauðsynleg í viðkomandi flugi til þess að gæta rekstraröryggis flugvélarinnar og vernda farþegana, sé fullnægjandi fyrir þá tegund flugs sem um er að ræða og starfrækt réttilega með þetta í huga.
Orðalagið „venjuleg tiltæk ráð“ í þessum reglum merkir að flugrekandi noti tiltækar upplýsingar fyrir brottför, annaðhvort frá opinberri flugupplýsingaþjónustu eða þær sem unnt er að fá auðveldlega eftir öðrum leiðum. Orðalagið „aðstaða sem er tiltæk og beinlínis nauðsynleg” felur ekki í sér slökkvi-, leitar- og björgunarbúnað.

7.4 Varaflugvellir ákvörðunarstaðar á Íslandi og Grænlandi.
Þegar fljúga á í samræmi við blindflugsreglur innanlands eða til Íslands, skal í leiðarflugáætlun og í flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu (ATS) tilgreina að minnsta kosti einn varaflugvöll í samræmi við a-lið í 2. mgr. þegar um skrúfuflugvélar er að ræða og b-lið í 2. mgr. þegar um þotur er að ræða. Sama gildir um flug til Grænlands.
Eldsneytis- og olíubirgðir, sem teknar eru skulu endast að minnsta kosti til eftirfarandi:

a) Skrúfuflugvélar: Til að fljúga til ákvörðunarflugvallar og þaðan til þess varaflugvallar sem mest eldsneyti þarf til að komast til og getið er um í leiðarflugáætlun og flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, og þar að auki til 45 mínútna flugs,
   1) að hafa nægilegt aukaeldsneyti til að vera viðbúinn aukinni eyðslu vegna óvæntra atvika sem flugrekandi tilgreinir nánar og Flugmálastjórn telur fullnægjandi.
b) Þotur: Til að fljúga til ákvörðunarflugvallar, framkvæma aðflug og fráflug þar og þar að auki:
   2) að fljúga til þess varaflugvallar sem tilgreindur er í leiðarflugáætlun og flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu og
   3) að fljúga síðan í 30 mínútur á biðflugshraða í 450 metra (1500 feta) hæð yfir varaflugvellinum við málhitaskilyrði, framkvæma aðflug, lenda og
   4) að hafa nægilegt aukaeldsneyti til að vera viðbúinn aukinni eyðslu vegna óvæntra atvika sem flugrekandi tilgreinir nánar og Flugmálastjórn telur fullnægjandi.

7.5 Nú fær flugstjóri viðvörun frá árekstra- og jarðvara um yfirvofandi háska og er honum þá vítalaust að víkja frá flugleiðsögufyrirmælum flugumferðarstjórnar. Slík frávik skal tilkynna flugumferðarstjórn svo fljótt sem auðið er.

7.6 Eins hreyfils flugvél má aðeins starfrækja í þannig birtu- og veðurskilyrðum og á þannig liðum að unnt sé að nauðlenda á öruggan hátt, ef bilun verður í hreyfli.

7.7 Með hliðsjón af grein JAR-OPS 1.025 og JAR-OPS 3.025 skal Flugmálastjórn heimilt að samþykkja flugrekstrarhandbók skv. JAR 1.1040 og JAR 3.1040, sem rituð er eingöngu á íslensku og að hún sé notuð þannig að hluta eða að öllu leyti. (Sjá IEM OPS 1.1040 (c) og IEM OPS 3.1040 (c)). Allt að einu skal flugrekandi skal sjá til þess að efni flugrekstrarhandbóka sé einnig til á ensku.

7.8 Í stað 2. málsliðar b-liðar í gr. JAR-OPS 1.320 og JAR-OPS 3.320 skal eftirfarandi gilda: Flugrekandi skal mæla svo fyrir og flugstjórinn skal sjá til þess að aldrei sé leyft að fleiri en einn sé um sama flugvélarsæti nema í tilteknum sætum þar sem saman sitja einn fullorðinn, sem hafi öryggisbelti spennt, og barn undir tveggja ára aldri og hinn fullorðni haldi á barninu. Tryggja verður að viðbótarlykkjubelti fyrir ungbörn séu ekki notuð í flugtaki og lendingu.

7.9 Með gátlistanum sem um getur í JAR-OPS 1.1250 skulu fylgja leiðbeiningar um viðbrögð ef sprengja eða grunsamlegur hlutur finnst og sá staður um borð í flugvélinni skal tilgreindur þar sem sprengja eða annað sprengiefni myndi valda minnstum skaða ef þau skyldu springa.

7.10 2. mgr. a-liðar JAR-OPS 1.245 skal hljóða svo: „flugvél í afkastagetuflokki A með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 19 eða færri og hámarksflugtaksmassa minni en 45.360 kg þá vegalengd sem flogin er á 120 mínútum með einn hreyfil óvirkan á farflugshraða í samræmi við b-lið hér að neðan;“.

7.11 Í flutningaflugi með farþega skulu vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund enda þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, þegar um er að ræða:

a) reglubundið áætlunarflug og leigu- og þjónustuflug milli Íslands og annarra landa og
b) reglubundið áætlunarflug og leigu- og þjónustuflug með:
   i) þotum;
   ii) skrúfuþotum með jafnþrýstibúnaði;
   iii) flugvélum sem gerðar eru til flutninga á fleiri en 9 farþegum.

II. HLUTI FLUTNINGAFLUG MEÐ FLUGVÉLUM

JAR-OPS 1, CHANGE 1 (1. þáttur)

II. hluti reglugerðar þessarar um flutningaflug flugvéla hefur að geyma JAR-OPS 1, Change 1 útgefinn af JAA þann 1. mars 1998. JAR-OPS 1, Change 1 tekur til flutningaflugs flugvéla. JAR-OPS 1, Change 1 er gefinn út af JAA í tveim þáttum. 1. þáttur (Section 1) hefur að geyma reglur þær sem hér eru birtar. 2. þáttur (Section 2) hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum 1. þáttar (iðulega nefnt „Acceptable Means of Compliance, AMC“) ásamt leiðbeinandi skýringarefni („Interpretative/Explanatory Material, IEM“). Víða í texta 1. þáttar er vísað til þessa skýringarefnis, en annar þáttur JAR-OPS 1, Change 1 er hægt að panta á skrifstofu flugöryggissviðs Flugmálastjórnar.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 A-kafli

A-KAFLI – GILDISSVIÐ

JAR-OPS 1.001 Gildissvið

(Sjá 1. viðbæti við JAR–OPS 1.001)

a) Í JAR-OPS 1 eru settar fram kröfur sem gilda um rekstur flugvéla í almenningsflugi sem flugrekendur með höfuðstöðvar í JAA-aðildarríki nota til flutningaflugs. JAR-OPS 1 gildir ekki um flugvélar sem eru notaðar á vegum hers eða toll- og lögregluyfirvalda.

b) Kröfurnar í JAR–OPS 1 öðlast gildi:
   1) fyrir flugrekendur flugvéla með yfir 10 tonna hámarksflugtaksmassa eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 20 eða fleiri eða flugrekendur með blandaða flugvélaflota þar sem flugvélarnar eru ýmist undir eða yfir þessum mörkum, eigi síðar en 1. apríl 1998 nema annað sé tekið fram.
   2) fyrir flugrekendur allra annarra flugvéla, eigi síðar en 1. október 1999 nema annað sé tekið fram.[1]

1. viðbætir við JAR-OPS 1.001 Ákvæði JAR-OPS 1 sem öðlast gildi síðar

Sum ákvæði JAR-OPS 1 koma til framkvæmda nokkru eftir að JAR-OPS 1 öðlast gildi. Ákvæðin sem hér um ræðir og síðari gildistökudagar þeirra eru sem hér segir:

JAR-OPS 1.470 (f-liður)
- 1. apríl 2000
JAR-OPS 1.652 („Aths.")
- 1. apríl 1999
JAR-OPS 1.652 (m-liður)
- 1. apríl 2000
JAR-OPS 1.665 (2. tölul. a-liðar)
- 1. janúar1999
JAR-OPS 1.668 (1. tölul. a-liðar)
- 1. janúar 2000
JAR-OPS 1.668 (2. tölul. a-liðar)
- 1. janúar 2005
JAR-OPS 1.670 (3. tölul. a-liðar)
- 1. apríl 1999
JAR-OPS 1.685
- 1. apríl 2002
JAR-OPS 1.705 (a-liður)
- 1. apríl 2000
JAR-OPS 1.725 (a-liður)
- 1. apríl 2000
JAR-OPS 1.780 (a-liður)
- 1. apríl 2000
JAR-OPS 1.805 (2. tölul. a-liðar)
- 1. apríl 2000
JAR-OPS 1.805 (2. tölul. c-liðar)
- 1. apríl 2000

1. ÞÁTTUR **JAR-OPS 1 B-kafli**

B-KAFLI – ALMENN ATRIÐI

JAR-OPS 1.005 Almenn atriði

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í flutningaflugi nema í samræmi við JAR-OPS 1.
b) Flugrekandi skal fara að ákvæðum JAR-26 sem gilda um flugvélar starfræktar í flutningaflugi. Þar til ákvæði JAR-26 koma formlega til framkvæmda verða gildandi innlendar reglugerðir um flug notaðar.
   Flugrekandi skal fara að ákvæðum JAR-26 sem gilda um flugvélar starfræktar í flutningaflugi. Þar til ákvæði JAR-26 öðlast formlegt samþykki verða gildandi innlendar reglugerðir um flug notaðar.
c) Hver flugvél skal starfrækt samkvæmt skilmálum í lofthæfiskírteini hennar og innan marka sem samþykkt eru og tilgreind í flughandbók hennar.
d) Þjónustuflug og sjúkraflug skal starfrækt í samræmi við kröfur í JAR-OPS 1.

JAR-OPS 1.010 Undanþágur

Flugmálayfirvöld geta í sérstökum tilvikum veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum JAR-OPS 1 hafi þau fullvissu um að þess sé þörf og með fyrirvara um að farið sé að viðbótarskilyrðum sem flugmálayfirvöld telja nauðsynleg til að tryggja viðunandi öryggi í því sérstaka tilviki.

---

[1] Sjá grein 3.0 í IV. hluta reglugerðar þessarar.

JAR-OPS 1.015 Rekstrarfyrirmæli

a) Flugmálayfirvöld geta gefið út rekstrarfyrirmæli um að starfræksla skuli bönnuð, takmörkuð eða háð sérstökum skilyrðum til að tryggja rekstraröryggi.
b) Í rekstrarfyrirmælum kemur eftirfarandi fram:
   1) ástæða fyrir útgáfunni;
   2) gildissvið og gildistími; og
   3) hvaða ráðstafanir er ætlast til að flugrekandi eða flugrekendur geri.
c) Rekstrarfyrirmæli eru viðbót við ákvæði JAR-OPS 1.

JAR-OPS 1.020 Lög, reglugerðir og verklagsreglur – ábyrgð flugrekanda

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að öllum starfsmönnum sé gert ljóst að þeim beri að fara að lögum, reglugerðum og verklagsreglum þeirra ríkja þar sem starfsemin fer fram og lúta að framkvæmd skyldustarfa þeirra; og
   2) að allir flugverjar þekki lög þau, reglugerðir og verklagsreglur sem lúta að framkvæmd skyldustarfa þeirra.

JAR-OPS 1.025 Sameiginlegt tungumál

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir flugverjar geti tjáð sig á sameiginlegu tungumáli.
b) Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfslið flugrekstrarsviðs skilji tungumálið sem þeir hlutar flugrekstrarhandbókarinnar, sem lúta að skyldustörfum þeirra og ábyrgð, eru skrifaðir á.

JAR-OPS 1.030 Listar yfir lágmarksbúnað – ábyrgð flugrekanda

a) Flugrekandi skal setja saman lista yfir lágmarksbúnað (MEL) fyrir hverja flugvél sem samþykktur er af flugmálayfirvöldum. Hann skal byggður á viðeigandi aðallista yfir lágmarksbúnað (MMEL) (ef hann er til), sem viðurkenndur er af flugmálayfirvöldum, en ekki fela í sér minni takmarkanir en hann.
b) Flugrekandi skal því aðeins starfrækja flugvél í samræmi við lista yfir lágmarksbúnað að hann hafi leyfi flugmálayfirvalda til þess. Þó er starfræksla utan marka aðallista yfir lágmarksbúnað aldrei heimil.

JAR-OPS 1.035 Gæðakerfi
(Sjá AMC OPS 1.035 og IEM OPS 1.035)

a) Flugrekandi skal koma á einu gæðakerfi og tilnefna einn gæðastjóra til þess að hafa eftirlit með því að tilskilið verklag sé viðhaft til að tryggja öruggar starfsvenjur og lofthæfi flugvéla. Í eftirliti með framkvæmd viðhalds skal vera innbyggt kerfi upplýsingastreymis, sem skilar sér til ábyrgðarmanns (sjá einnig h-lið JAR OPS 1.175), til að tryggja að gerðar séu nauðsynlegar úrbætur.
b) Í gæðakerfinu verður að vera áætlun um gæðatryggingu með verklagsreglum sem miða að því að sannreyna að öll starfræksla fari fram samkvæmt öllum gildandi kröfum, stöðlum og verklagsreglum.
c) Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á gæðakerfið og gæðastjórann.
d) Lýsa verður gæðakerfinu í tilheyrandi skjölum.
e) Þrátt fyrir a-lið hér að framan geta flugmálayfirvöld samþykkt að tveir gæðastjórar séu

tilnefndir, annar fyrir reksturinn hinn fyrir viðhald, að því tilskildu að flugrekandinn hafi sett á stofn gæðastjórnunardeild til þess að tryggja að gæðakerfinu sé beitt á sama hátt í öllum rekstrinum.

JAR-OPS 1.037 Áætlun um slysavarnir og flugöryggi
(Sjá IEM OPS 1.037)

a) Flugrekandi skal setja fram áætlun um slysavarnir og flugöryggi sem fella má inn í gæðakerfið, þar á meðal:
   1) gera áætlanir um að allt starfslið í rekstrinum verði vel meðvitað um áhættuþætti sem tengjast rekstrinum; og
   2) meta hvaða upplýsingar um slys og óhöpp eru áríðandi og koma þeim á framfæri.

JAR-OPS 1.040 Viðbótaráhöfn

Flugrekandi skal sjá til þess að flugverjar, sem eru umfram tilskilda áhöfn sem flugliðar eða þjónustuliðar, hafi einnig verið þjálfaðir í störfum sem þeim eru falin og séu fullfærir um að sinna þeim.

JAR-OPS 1.045 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.050 Upplýsingar um leit og björgun

Flugrekandi skal sjá til þess að í stjórnklefa sé greiður aðgangur að nauðsynlegum upplýsingum um leitar- og björgunarþjónustu sem snýr að fyrirhuguðu flugi.

JAR-OPS 1.055 Upplýsingar um neyðar- og björgunarbúnað um borð

Flugrekandi skal sjá til þess að listar með upplýsingum um neyðar- og björgunarbúnað um borð séu tiltækir í öllum flugvélum hans svo að unnt sé að koma þeim samstundis til björgunarmiðstöðva. Upplýsingar skulu liggja fyrir, eftir því sem við á, um fjölda, lit og tegund björgunarbáta og neyðarblysa, nákvæmar upplýsingar um sjúkragögn, vatnsbirgðir og tegund og tíðnisvið neyðarhandfjarskiptatækja.

JAR-OPS 1.060 Nauðlending á vatni

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 30 farþega í flugi yfir sjó eða vötnum fjær landi þar sem hægt væri að nauðlenda en sem nemur 120 mínútum á farflugshraða eða 400 sjómílum, hvort heldur skemmra er, nema flugvélin uppfylli kröfur gildandi lofthæfireglna um nauðlendingu á vatni.

JAR-OPS 1.065 Flutningur vopna og skotfæra til hernaðar
(Sjá IEM OPS 1.065)

a) Flugrekandi skal ekki flytja vopn eða skotfæri til hernaðar flugleiðis nema fyrir liggi samþykki allra hlutaðeigandi ríkja.
b) Flugrekandi skal sjá til þess að vopn eða skotfæri til hernaðar:
   1) séu sett í flugvélina á stað sem farþegar hafa ekki aðgang að meðan á flugi stendur; og

2) séu óhlaðin, ef um skotvopn er að ræða,
nema öll hlutaðeigandi ríki hafi samþykkt, áður en lagt er í flug, að flytja megi slík vopn og skotfæri til hernaðar við aðstæður sem eru að einhverju eða öllu leyti frábrugðnar því sem um getur í þessum lið.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að áður en lagt er í flug fái flugstjórinn nákvæma vitneskju um vopn eða skotfæri til hernaðar sem fyrirhugað er að flytja og hvar þau verða geymd um borð.

JAR-OPS 1.070 Flutningur sportvopna og skotfæra
(Sjá IEM OPS 1.070)

a) Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að hann fái vitneskju um sportvopn sem fyrirhugað er að flytja flugleiðis.

b) Flugrekandi, sem tekur sportvopn til flutnings, skal sjá til þess:
1) að þau séu geymd í flugvélinni á stað sem farþegar hafa ekki aðgang að meðan á flugi stendur, nema flugmálayfirvöld hafi ákvarðað að ekki sé unnt að framfylgja þessari reglu og hafi viðurkennt að aðrar verklagsreglur geti gilt; og
2) að þau séu óhlaðin, ef um skotvopn er að ræða eða önnur vopn sem ætluð eru fyrir skotfæri.

c) Flytja má skotfæri í sportvopn í skráðum farþegafarangri, með fyrirvara um vissar takmarkanir í samræmi við tæknileg fyrirmæli ICAO (sjá 5. tölul. b-liðar JAR-OPS 1.1160) eins og skilgreint er í 14. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.1150.

JAR-OPS 1.075 Aðferðir við fólksflutninga

a) Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé neinn í þeim hluta flugvélar sem er ekki hannaður sem verustaður fyrir fólk meðan á flugi stendur, nema flugstjórinn hafi veitt tímabundna aðgangsheimild:
1) til þess að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru fyrir öryggi flugvélarinnar eða fólks, skepna eða varnings í vélinni; eða
2) þar sem fragt eða birgðir eru geymdar og er aðgengilegur meðan á flugi stendur.

JAR-OPS 1.080 Afhending á hættulegum varningi til flutnings

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að enginn afhendi eða taki við hættulegum varningi til flutnings flugleiðis nema hann hafi fengið þjálfun til þess og varningurinn hafi verið rétt flokkaður, skráður og vottaður, honum hafi verið lýst, hann sé innpakkaður, merktur og í flutningshæfu ástandi í samræmi við kröfur tæknilegra fyrirmæla ICAO.

JAR-OPS 1.085 Ábyrgð áhafnar

a) Flugverji skal bera ábyrgð á réttri framkvæmd þeirra starfa sinna sem:
1) tengjast öryggi flugvélarinnar og þeirra sem í henni eru; og
2) tilgreind eru í leiðbeiningunum og verklagsreglunum í flugrekstrarhandbókinni.

b) Flugverji skal:
1) tilkynna flugstjóranum um öll óhöpp sem hafa, eða kunna að hafa, telft öryggi flugvélarinnar í tvísýnu; og
2) fylla út skýrslu flugrekanda um óhöpp sbr. JAR-OPS 1.420. Í öllum tilvikum skal viðkomandi flugstjóri fá afrit af skýrslunni.

c) Flugverji skal ekki gegna skyldustörfum um borð í flugvél:
   1) undir áhrifum lyfja sem kunna að hafa áhrif á andlega og líkamlega getu hans og stofna öryggi í hættu;
   2) eftir djúpköfun, nema að hæfilegum tíma liðnum;
   3) eftir blóðgjöf, nema að hæfilegum tíma liðnum;
   4) ef hann er í einhverjum vafa um að geta innt af hendi skyldustörf sín; eða
   5) ef hann veit eða grunar að hann sé haldinn ofþreytu eða finnst hann vera svo illa á sig kominn að hann geti stofnað fluginu í hættu.

d) Flugverji skal ekki:
   1) neyta áfengis síðustu 8 klukkustundirnar fyrir tilgreindan mætingartíma á flugvakt eða upphaf bakvaktar;
   2) byrja á flugvakt með yfir 0,2 prómill vínandamagn í blóði;
   3) neyta áfengis á meðan hann er á flugvakt eða bakvakt.

e) Flugstjóri:
   1) ber ábyrgð á öruggri starfrækslu flugvélar og öryggi þeirra sem í henni eru meðan á flugi stendur;
   2) hefur umboð til að gefa allar þær skipanir sem hann telur nauðsynlegar til að tryggja öryggi flugvélarinnar og fólks eða eigna um borð;
   3) hefur vald til þess að vísa frá borði fólki, eða hvaða hluta farmsins sem er, sem að hans áliti gæti stofnað öryggi flugvélarinnar eða þeirra sem í henni eru í hættu;
   4) skal ekki leyfa að fólk, sem virðist vera undir svo miklum áhrifum áfengis eða lyfja að það geti stofnað öryggi flugvélarinnar eða þeirra sem í henni eru í hættu, sé flutt með flugvélinni;
   5) hefur rétt til að neita að flytja óæskilega farþega, menn sem er vísað úr landi eða gæslufanga, ef flutningur þeirra gæti stofnað öryggi flugvélarinnar eða þeirra sem í henni eru í hættu;
   6) skal sjá til þess að allir farþegar fái upplýsingar um staðsetningu neyðarútganga og um geymslustaði og notkun öryggis- og neyðarbúnaðar;
   7) skal sjá til þess að öllum verklagsreglum sé fylgt og farið yfir gátlista samkvæmt flugrekstrarhandbók;
   8) skal ekki leyfa flugverja að starfa neitt annað en nauðsynlegt er til að tryggja örugga starfrækslu flugvélarinnar meðan á flugtaki, frumklifri, lokaaðflugi og lendingu stendur;
   9) skal ekki leyfa:
      i) að flugriti sé gerður óvirkur, að slökkt sé á honum eða þurrkað út af honum á flugi, né heldur skal hann heimila að skráð gögn séu þurrkuð út að flugi loknu verði slys eða óhapp sem skylt er að tilkynna um;
      ii) að hljóðriti sé gerður óvirkur eða að slökkt sé á honum á flugi nema hann telji að geyma beri skráðu gögnin, sem annars væru þurrkuð út sjálfvirkt, til að nota við rannsókn á óhappi eða slysi, né heldur skal hann leyfa að skráð gögn séu þurrkuð út handvirkt á meðan á flugi stendur eða að loknu flugi, verði slys eða óhapp sem skylt er að tilkynna um;
   10) ákveður hvort hann vill taka við flugvél með óstarfhæfan búnað sem er þó leyfilegt að sé óstarfhæfur samkvæmt lista yfir leyfð frávik frá búnaði (CDL) eða lista yfir lágmarksbúnað (MEL); og
   11) skal ganga úr skugga um að fyrirflugsskoðun hafi farið fram.

f) Í neyðartilvikum, þegar nauðsynlegt er að ákvarðanir séu teknar og brugðist við í skyndingu, skal flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, gera allt sem hann telur rétt að gera miðað við aðstæður. Í slíkum tilvikum er honum heimilt í öryggisskyni að víkja frá reglum, verklagsreglum og vinnuaðferðum.

JAR-OPS 1.090 Valdsvið flugstjóra

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að allir, sem í flugvélinni eru, hlýði lögmætum fyrirskipunum flugstjórans sem miða að því að tryggja öryggi flugvélarinnar og fólks eða eigna um borð.

JAR-OPS 1.095 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.100 Aðgangur að stjórnklefa

a) Flugrekandi skal sjá til þess að engir aðrir en flugliðar, sem skráðir eru í flugið, fari inn í stjórnklefann, eða séu fluttir í stjórnklefa, nema viðkomandi:
   1) sé starfandi flugverji;
   2) sé fulltrúi flugmálayfirvalda, sem bera ábyrgð á veitingu skírteina eða leyfa svo og eftirliti, þurfi hann þess með til að gegna opinberum skyldustörfum sínum; eða
   3) hafi leyfi til þess samkvæmt flugrekstrarhandbókinni og sé fluttur í samræmi við fyrirmælin í henni.

b) Flugstjórinn skal sjá til þess:
   1) í öryggisskyni, að koma í stjórnklefa valdi ekki ónæði og/eða trufli ekki flugstörfin; og
   2) að öllum, sem fluttir eru í stjórnklefa, séu kynntar þær öryggisreglur sem við eiga.

c) Endanleg ákvörðun um að leyfa aðgang að stjórnklefa er í höndum flugstjóra.

JAR-OPS 1.105 Óheimill flutningur

Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að enginn geti leynst eða falið farm um borð í flugvél.

JAR-OPS 1.110 Handrafeindatæki

Flugrekandi skal ekki heimila neinum, sem er um borð í flugvél, notkun handrafeindatækja (Portable electronic devices) sem geta haft truflandi áhrif á afköst flugvélakerfa og búnaðar og skal hann gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að þau séu ekki notuð.

JAR-OPS 1.115 Áfengi og lyf

Flugrekandi skal ekki heimila neinum að fara inn eða vera í flugvél, og gera allar réttmætar ráðstafanir til þess að tryggja að enginn fari inn eða sé í flugvél, undir áhrifum áfengis eða lyfja í þeim mæli að stofni öryggi flugvélarinnar eða þeirra sem í henni eru í hættu.

JAR-OPS 1.120 Öryggi stofnað í hættu

a) Flugrekandi skal gera allar réttmætar ráðstafanir til að tryggja að enginn aðhafist eða láti vera að aðhafast, af gáleysi eða kæruleysi, neitt það sem:
   1) gæti stofnað flugvél eða þeim sem í henni eru í hættu;
   2) gæti valdið því að flugvél stofni mönnum eða eignum í hættu.

JAR-OPS 1.125 Skjöl sem skylt er að hafa um borð

a) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi skjöl eða afrit af þeim séu um borð í hverju flugi:
   1) skráningarskírteini;
   2) lofthæfiskírteini;
   3) hljóðstigsvottorð (ef við á);
   4) flugrekandaskírteini (AOC);
   5) talstöðvarskírteini loftfars; og
   6) ábyrgðartryggingarskírteini loftfars vegna loftferða.

b) Allir flugliðar skulu í hverju flugi hafa með sér gilt flugliðaskírteini með viðeigandi áritun eða áritunum sem gilda í því flugi.

JAR-OPS 1.130 Handbækur sem skylt er að hafa um borð

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að þeir hlutar flugrekstrarhandbókar, sem í gildi eru og varða skyldustörf áhafnar, séu um borð í hverju flugi;
   2) að þeir hlutar flugrekstrarhandbókar, sem nota þarf við framkvæmd flugsins, séu auðveldlega tiltækir áhöfninni um borð; og
   3) að gildandi flughandbók flugvélarinnar sé um borð, nema flugmálayfirvöld hafi viðurkennt að í flugrekstrarhandbókinni, sem mælt er fyrir um í B-hluta 1. viðbætis við JAR-OPS 1.1045, séu upplýsingar sem eiga við þá flugvél.

JAR-OPS 1.135 Viðbótarupplýsingar og eyðublöð sem skylt er að hafa um borð

a) Flugrekandi skal sjá til þess að til viðbótar þeim skjölum og handbókum, sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.125 og JAR-OPS 1.130, séu eftirfarandi upplýsingar og eyðublöð, er varða viðkomandi tegund flugs og flugsvæði, um borð í hverju flugi:
   1) leiðarflugáætlun þar sem koma fram að minnsta kosti þær upplýsingar sem krafist er í JAR-OPS 1.1060;
   2) tækniflugbók flugvélar þar sem koma fram að minnsta kosti þær upplýsingar sem krafist er í a-lið JAR-OPS 1.915;
   3) nákvæm sundurliðun á skráðri flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustuna (ATS);
   4) viðeigandi upplýsingar til flugmanna (NOTAM/AIS);
   5) viðeigandi upplýsingar um veður;
   6) massa- og jafnvægisskrár sem tilgreindar eru í J-kafla;
   7) tilkynningar um sérstaka flokka farþega, til dæmis öryggisverði, ef þeir teljast ekki til áhafnar, fatlað fólk, óæskilega farþega, menn sem vísað er úr landi og gæslufanga;
   8) tilkynningar um sérstakan farm, til dæmis hættulegan varning, með skriflegum upplýsingum handa flugstjóranum, eins og kveðið er á um í d-lið JAR-OPS 1.1215;
   9) gildandi landabréf og kort og skjöl þeim tengd, eins og mælt er fyrir um í 7. tölul. b-liðar JAR-OPS 1.290;
   10) önnur skjöl sem ríki, sem eiga hlut að máli í viðkomandi flugi, kunna að krefjast eins og farmskrá, farþegaskrá og fleira; og
   11) eyðublöð sem skylt er að skila til flugmálayfirvalda og flugrekanda.

b) Flugmálayfirvöld geta heimilað að upplýsingarnar, sem um getur í a-lið hér að framan, séu lagðar fram í öðru formi en prentuðu. Það þarf að vera tryggt að þær séu auðveldlega tiltækar, nothæfar og áreiðanlegar.

JAR-OPS 1.140 Upplýsingar sem haldið er eftir á jörðu niðri

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að minnsta kosti á meðan hver flugferð eða röð ferða stendur yfir;
      i) að upplýsingar, er varða flugferðina og eiga við um þá tegund flugrekstrar sem fer fram, séu geymdar á jörðu niðri;
      ii) að upplýsingunum sé haldið eftir á þeim stað þar sem þær verða geymdar uns gert hefur verið eftirrit af þeim, í samræmi við JAR-OPS 1.1065; eða, ef það er óframkvæmanlegt;
      iii) að sömu upplýsingar fari með flugvélinni í eldtraustum kassa.

b) Til þeirra upplýsinga, sem um getur í a-lið hér að framan, teljast meðal annars:
   1) afrit af leiðarflugáætlun, ef við á;
   2) afrit af viðeigandi hlutum tækniflugbókar flugvélarinnar;
   3) upplýsingar til flugmanna (NOTAM) er varða leiðina sérstaklega, hafi flugrekandi gefið út slíkar upplýsingar;
   4) massa- og jafnvægisskrár, ef þess er krafist (sbr. JAR-OPS 1.625); og
   5) tilkynningar um sérstakan farm.

JAR-OPS 1.145 Umboð til skoðunar

Flugrekandi skal sjá til þess að hver sá sem hefur til þess umboð flugmálayfirvalda fái hvenær sem er að fara um borð og fljúga í flugvél, sem starfrækt er í samræmi við flugrekandaskírteini sem flugmálayfirvöld hafa gefið út, og fara inn og vera í stjórnklefanum, þó með þeim fyrirvara að flugstjórinn getur synjað um aðgang að stjórnklefa ef öryggi flugvélarinnar væri með því stofnað í hættu að hans áliti.

JAR-OPS 1.150 Framvísun skjala og skráa

a) Flugrekandi skal:
   1) veita hverjum þeim sem hefur til þess umboð flugmálayfirvalda aðgang að skjölum og skrám sem tengjast flugrekstrinum eða viðhaldi; og
   2) framvísa, innan eðlilegra tímamarka, öllum slíkum skjölum og skrám ef flugmálayfirvöld krefjast þess.

b) Flugstjórinn skal framvísa þeim skjölum sem skylt er að hafa um borð til þess sem óskar þess í umboði flugmálayfirvalda, innan eðlilegra tímamarka frá því að farið er fram á það.

JAR-OPS 1.155 Varðveisla skjala

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að frumrit eða afrit af skjölum, sem honum er skylt að varðveita, séu varðveitt eins lengi og krafist er, jafnvel þótt hann sé ekki lengur flugrekandi flugvélarinnar; og
   2) ef flugverji, sem flugrekandi hefur haldið skrá yfir í samræmi við reglugerð um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma, gerist flugverji hjá öðrum flugrekanda fái nýi flugrekandinn aðgang að skránni.

JAR-OPS 1.160 Varðveisla, framvísun og notkun á upptökum ferðrita

a) *Varðveisla á upptökum.*
1) Ef slys ber að höndum skal flugrekandi flugvélar sem búin er ferðrita varðveita í 60 daga, eftir því sem framast er unnt, frumrit skráðra gagna um slysið eins og þau voru í ferðritanum, nema rannsóknaryfirvöld fyrirskipi annað.
2) Hafi orðið óhapp, sem skylt er að tilkynna og hafi flugmálayfirvöld ekki veitt leyfi til annars, skal flugrekandi flugvélar sem búin er ferðrita varðveita í 60 daga, eftir því sem framast er unnt, frumrit skráðra gagna um óhappið eins og þau voru í ferðritanum, nema rannsóknaryfirvöld fyrirskipi annað.
3) Auk þessa skal flugrekandi flugvélar, sem búin er ferðrita, varðveita frumrit skráðra gagna í 60 daga ef flugmálayfirvöld mæla svo fyrir nema rannsóknaryfirvöld fyrirskipi annað.
4) Þegar þess er krafist að flugvél sé búin flugrita ber flugrekanda sem starfrækir þá flugvél:
i) að geyma upptökurnar þann hluta starfrækslutímans sem krafist er samkvæmt JAR-OPS 1.715, 1.720 og 1.725, að því frátöldu að í þeim tilgangi að prófa og viðhalda flugrita er heimilt að þurrka út allt nema einn klukkutíma af upptökunum sem elstar eru þegar prófun fer fram; og
ii) að halda eftir skjali þar sem koma fram upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurheimta varðveitt tölvugögn og umbreyta þeim í tækniupplýsingar.

b) *Upptökum framvísað.*
Flugrekanda flugvélar sem búin er ferðrita ber að framvísa öllum upptökum úr ferðritanum, sem tiltækar eru eða hafa verið varðveittar, innan eðlilegs tíma frá því að flugmálayfirvöld óskuðu þess.

c) *Notkun á upptökum.*
1) Upptökur úr hljóðrita má ekki nota í öðrum tilgangi en að rannsaka slys eða óhapp sem skylt er að tilkynna nema með samþykki allra hlutaðeigandi flugverja.
2) Upptökur úr flugrita má ekki nota í öðrum tilgangi en að rannsaka slys eða óhapp sem skylt er að tilkynna nema slíkar upptökur:
i) séu eingöngu notaðar af flugrekandanum vegna atriða er varða lofthæfi eða viðhald flugvélar; eða
ii) séu brenglaðar svo að ekki verði borin kennsl á neinn; eða
iii) séu kunngerðar í samræmi við leyndarreglur.

JAR-OPS 1.165 Leiga

a) *Orðskýringar:*
Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
1) *Tómaleiga* (dry lease):
Þegar flugvél er starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigutaka.
2) *Þjónustuleiga* (wet lease):
Þegar flugvél er starfrækt samkvæmt flugrekandaskírteini leigusala.
3) *JAA-flugrekandi*:
Flugrekandi sem hefur skírteini samkvæmt JAR-OPS 1 eða JAR-OPS 3 frá einu JAA-ríkjanna.

b) *Flugvélar leigðar milli JAA-flugrekenda:*
1) *Þjónustuútleiga* (wet lease-out):
JAA-flugrekandi, sem leigir öðrum JAA-flugrekanda flugvél með allri áhöfn og gegnir áfram öllum störfum og ber ábyrgð eins og lýst er í C-kafla, telst áfram vera rekandi flugvélarinnar.

2) *Öll leiga nema þjónustuútleiga:*
   i) Með fyrirvara um 1. tölul. b-liðar hér að framan þarf JAA-flugrekandi, sem notar flugvél annars JAA-flugrekanda eða veitir öðrum JAA-flugrekanda afnot af flugvél sinni, fyrst að fá samþykki eigin flugmálayfirvalda fyrir rekstrinum. Öll skilyrði, sem eru hluti af samþykkinu, skulu einnig koma fram í leigusamningnum.
   ii) Þau atriði leigusamninga, sem hafa hlotið samþykki flugmálayfirvalda, annarra en leigusamninga um flugvél með allri áhöfn án þess að fyrirhugaðar séu breytingar á störfum og ábyrgð, skulu að því er varðar flugvélina, sem leigð er, teljast vera breytingar á flugrekandaskírteini fyrir þann flugrekstur sem fyrirhugaður er.

c) *Leiga flugvéla milli JAA-flugrekanda og fyrirtækis sem er ekki JAA-flugrekandi:*
   1) *Tekið á tómaleigu* (dry lease-in):
      i) JAA-flugrekandi skal ekki taka flugvél á tómaleigu hjá flugrekanda sem er ekki aðili að JAA nema að fengnu samþykki flugmálayfirvalda. Öll skilyrði, sem eru hluti af samþykkinu, skulu koma fram í leigusamningnum.
      ii) JAA-flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar sem teknar eru á tómaleigu, að öll frávik frá kröfunum, sem mælt er fyrir um í K- og L-kafla og/eða í JAR-26, séu tilkynnt til flugmálayfirvalda og að flugmálayfirvöld geti fallist á þau.
   2) *Tekið á þjónustuleigu* (wet lease-in):
      i) JAA-flugrekandi skal ekki taka flugvél á þjónustuleigu án samþykkis flugmálayfirvalda nema hjá fyrirtæki sem er JAA-flugrekandi.
      ii) JAA-flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar sem eru teknar á þjónustuleigu:
         A) að öryggisstaðlar leigusala að því er varðar viðhald og rekstur séu sambærilegir við JAR-reglur;
         B) að leigusali sé flugrekandi sem hafi flugrekandaskírteini gefið út af ríki sem hefur skrifað undir Chicagosamninginn:
         C) að flugvélin hafi staðlað lofthæfisskírteini, gefið út í samræmi við 8. viðauka við Chicagosamninginn. Stöðluð lofthæfiskírteini, gefin út af öðru JAA-ríki en ríkinu sem ber ábyrgð á útgáfu flugrekandaskírteinisins, verða viðurkennd ef þau eru gefin út í samræmi við JAR-21; og
         D) að farið sé að JAA-reglum sem gilda hjá flugmálayfirvöldum leigutakans.
   3) *Tómaútleiga* (dry lease-out):
      i) JAA-flugrekanda er heimilt að leigja út flugvél í tómaleigu til flutningaflugs til hvaða flugrekanda sem er í ríki sem hefur skrifað undir Chicagosamninginn að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
         A) að flugmálayfirvöld hafi veitt JAA-flugrekandanum undanþágu frá þar að lútandi ákvæðum JAR-OPS 1 og, eftir að reglugerðaryfirvöld í hlutaðeigandi ríki hafa skriflega viðurkennt ábyrgð sína á eftirliti með viðhaldi og rekstri flugvélarinnar eða flugvélanna, að hann hafi strikað flugvélina út af flugrekandaskírteini sínu;
         B) að viðhald flugvélarinnar fari fram eftir samþykktri viðhaldsáætlun.
   4) *Þjónustuútleiga*:
      JAA-flugrekandi, sem leigir öðru fyrirtæki flugvél með allri áhöfn og gegnir áfram öllum störfum og ábyrgð sem lýst er í C-kafla, telst áfram vera rekandi flugvélarinnar.

d) *Flugvélar leigðar með skömmum fyrirvara*:
Komi upp sú staða að JAA-flugrekandi hafi skyndilega brýna og ófyrirséða þörf fyrir flugvél í stað annarrar telst samþykkið, sem til þarf samkvæmt i-lið 2. tölul. c-liðar, fengið, að því tilskildu:
1) að leigusalinn sé handhafi flugrekandaskírteinis, gefnu út í ríki sem hefur skrifað undir Chicagosamninginn; og
2) að leigutíminn sé ekki lengri en 5 dagar í röð; og
3) að flugmálayfirvöldum sé þegar í stað tilkynnt um það ef þetta ákvæði er notað.

JAR-OPS 1.170 Hér á að vera eyða

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 C-kafli

C-KAFLI – ÚTGÁFA FLUGREKANDASKÍRTEINA (AOC) OG EFTIRLIT

JAR-OPS 1.175 Almennar reglur um útgáfu flugrekandaskírteina

Aths. 1. Í 1. viðbæti við þessa grein eru efni og skilyrði flugrekandaskírteina tilgreind.
Aths. 2. Í 2. viðbæti við þessa grein eru tilgreindar kröfur sem gerðar eru um stjórn og skipulag.

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í flutningaflugi nema samkvæmt og í samræmi við skilmála og skilyrði flugrekandaskírteinis.
b) Umsækjandi um flugrekandaskírteini, eða breytingu á flugrekandaskírteini, skal heimila flugmálayfirvöldum að skoða alla þætti öryggismála í fyrirhuguðum rekstri.
c) Umsækjandi um flugrekandaskírteini skal:
1) ekki vera handhafi flugrekandaskírteinis sem önnur flugmálayfirvöld hafa gefið út nema það sé sérstaklega samþykkt af hlutaðeigandi yfirvöldum;
2) hafa höfuðstöðvar sínar og skráða skrifstofu, ef til er, í ríkinu sem ber ábyrgð á útgáfu flugrekandaskírteinisins; (sjá 2. tölul. c-liðar IEM OPS 1.175);
3) hafa skráð þær flugvélar sem hann hyggst starfrækja samkvæmt flugrekandaskírteininu í ríkinu sem ber ábyrgð á útgáfu flugrekandaskírteinisins; og
4) fullvissa flugmálayfirvöld um að hann sé fær um að stunda öruggan flugrekstur.
d) Þrátt fyrir 3. tölul. c-liðar hér að framan getur flugrekandi, með gagnkvæmu samkomulagi flugmálayfirvaldanna sem gáfu flugrekandaskírteinið út og annarra flugmálayfirvalda, starfrækt flugvélar sem skráðar eru í loftfaraskrá síðarnefndu flugmálayfirvaldanna.
e) Flugrekandi skal veita flugmálayfirvöldum aðgang að fyrirtæki sínu og flugvélum og, að því er varðar viðhald, tryggja aðgang að viðkomandi JAR-145 viðhaldsstöðvum til að ákvarða hvort farið sé áfram að ákvæðum JAR-OPS.
f) Flugrekandaskírteini verður breytt, það fellt úr gildi tímabundið eða afturkallað ef flugmálayfirvöld hafa ekki lengur fulla vissu um að flugrekandinn geti haldið uppi öruggum flugrekstri.
g) Flugrekandi skal hafa stjórnskipulag sem gerir honum kleift að stjórna flugrekstri og hafa eftirlit með öllu flugi sem starfrækt er samkvæmt flugrekandaskírteini hans. (Sjá 2. viðbæti og IEM OPS 1.175).

h) Flugrekandi skal tilnefna ábyrgðarmann sem flugmálayfirvöld geta fallist á og sem hefur umboð fyrirtækisins til að tryggja fjármagn til rekstrar og viðhalds samkvæmt þeim staðli sem flugmálayfirvöld krefjast.

i) Flugrekanda ber að tilnefna yfirmenn, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, til að hafa umsjón með:
   1) flugrekstri;
   2) viðhaldskerfi;
   3) þjálfun áhafna; og
   4) rekstri á jörðu niðri.

j) Flugrekandi skal sjá til þess að allt flug fari fram í samræmi við ákvæði flugrekstrarhandbókar.

k) Flugrekandi skal koma upp viðeigandi aðstöðu til flugafgreiðslu til að tryggja örugga afgreiðslu flugs.

l) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar hans hafi búnað og áhafnirnar þau starfsréttindi sem krafist er á viðkomandi flugsvæðum og fyrir þá tegund flugs sem um ræðir hverju sinni.

m) Flugrekandi skal fara að kröfum um viðhald, í samræmi við M-kafla, sem gilda um allar flugvélar sem starfræktar eru samkvæmt skilmálum í flugrekandaskírteininu.

n) Flugrekandi skal láta flugmálayfirvöldum í té eintak af flugrekstrarhandbókinni, eins og um getur í P-kafla, og allar breytingar eða leiðréttingar á henni.

o) Flugrekandi skal hafa rekstraraðstöðu við aðalbækistöðina til að halda uppi flugi eins og við á eftir tegund flugs og flugsvæði.

JAR-OPS 1.180 Útgáfa, breyting og framlenging á flugrekandaskírteini

a) Flugrekandi fær því aðeins flugrekandaskírteini eða breytingu eða framlengingu á flugrekandaskírteini:
   1) að flugvélarnar, sem starfræktar eru, hafi staðlað lofthæfisskírteini sem er gefið út af JAA-ríki í samræmi við 8. viðauka við Chicagosamninginn. Stöðluð lofthæfisskírteini, gefin út af öðru JAA-ríki en því sem gaf út flugrekandaskírteinið, eru tekin gild án frekari gagna ef þau hafa verið gefin út í samræmi við JAR-21;
   2) að viðhaldskerfið hafi verið samþykkt af flugmálayfirvöldum í samræmi við M-kafla; og
   3) að hann hafi fullvissað flugmálayfirvöld um að hann geti:
      i) komið á fót og rekið viðunandi starfsemi;
      ii) komið á fót og haldið við nauðsynlegu gæðakerfi í samræmi við JAR-OPS 1.035;
      iii) uppfyllt kröfur um þjálfunaráætlanir;
      iv) uppfyllt kröfur um viðhald í samræmi við eðli og umfang þess rekstrar sem tilgreindur er, að meðtöldum viðeigandi atriðum sem kveðið er á um í g- til o-lið JAR-OPS 1.175; og
      v) farið að ákvæðum JAR-OPS 1.175.

b) Þrátt fyrir ákvæði f-liðar JAR-OPS 1.185 skal flugrekandi tilkynna flugmálayfirvöldum eins fljótt og auðið er um allar breytingar á þeim upplýsingum sem hafa verið lagðar fram í samræmi við a-lið hér að framan;

c) Ef flugmálayfirvöld eru þess ekki fullviss að kröfur a-liðar hér að framan hafi verið uppfylltar geta þau krafist sannprófunar á flugi, einu sinni eða oftar, þar sem flogið er eins og væri það flutningaflug.

JAR-OPS 1.185 Stjórnsýslukröfur

a) Flugrekanda ber að sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar fylgi fyrstu umsókn um flugrekandaskírteini og, þegar við á, öllum umsóknum um breytingar eða endurnýjun:
   1) opinbert nafn, firmanafn, heimilisfang og póstfang umsækjanda;
   2) lýsing á fyrirhuguðum rekstri;
   3) lýsing á stjórnskipulagi;
   4) nafn ábyrgðarmanns;
   5) nöfn helstu yfirmanna, að meðtöldum þeim sem bera ábyrgð á flugrekstri, viðhaldskerfi, þjálfun áhafna og rekstri á jörðu niðri, ásamt upplýsingum um starfsréttindi þeirra og reynslu; og
   6) flugrekstrarhandbók.

b) Að því er varðar viðhaldskerfi flugrekanda eingöngu skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja fyrstu umsókn um flugrekandaskírteini og, þegar við á, öllum umsóknum um breytingu eða endurnýjun og, fyrir hverja tegund flugvélar sem á að starfrækja (sjá b-lið IEM OPS 1.185):
   1) lýsing á stjórnun viðhalds (MME);
   2) viðhaldsáætlanir flugrekanda fyrir flugvélar;
   3) tækniflugbók flugvélar;
   4) tækniforskriftir í viðhaldssamningum milli flugrekandans og samþykktra JAR-145 viðhaldsstöðva, ef um slíkt er að ræða;
   5) fjöldi flugvéla;

c) Leggja verður fram umsókn um fyrstu útgáfu á flugrekandaskírteini minnst 90 dögum áður en hefja skal fyrirhugaðan rekstur, að því undanskildu að flugrekstrarhandbókina má leggja fram síðar, en þó eigi síðar en 60 dögum áður en fyrirhugaður rekstur er hafinn.

d) Umsókn um breytingar á flugrekandaskírteini þarf að leggja fram að minnsta kosti 30 dögum áður en hefja skal fyrirhugaðan rekstur, nema samið sé um annað.

e) Umsókn um endurnýjun flugrekandaskírteinis þarf að leggja fram að minnsta kosti 30 dögum áður en gildistími þess rennur út, nema samið sé um annað.

f) Flugmálayfirvöldum skal tilkynnt það með að minnsta kosti 10 daga fyrirvara ef fyrirhugað er að skipta um tilnefndan yfirmann, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi.

JAR-OPS 1.190 Hér á að vera eyða

1. viðbætir við JAR-OPS 1.175 Efni og skilyrði flugrekandaskírteina

Í flugrekandaskírteini er eftirfarandi tilgreint:
a) nafn og aðsetur (höfuðstöðvar) flugrekanda;
b) útgáfudagur og gildistími;
c) lýsing á þeim flugrekstri sem hefur verið heimilaður;
d) tegundir flugvéla sem heimilt er að nota;
e) skrásetningarmerki flugvéla sem hafa verið heimilaðar, en þó geta flugrekendur fengið samþykkt kerfi til að upplýsa flugmálayfirvöld um skrásetningarmerki flugvéla sem starfræktar eru samkvæmt flugrekandaskírteini þeirra;
f) heimiluð flugrekstrarsvæði;
g) sérstakar takmarkanir; og
h) sérstakar heimildir/samþykki, t. d.:
Aðflugslágmörk samkvæmt II./III. fl. (CAT II/III) (að meðtöldum samþykktum lágmörkum)
Heimild til flugs í loftrými þar sem krafist er mikillar nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS)
Fjarflug (ETOPS)
Svæðisleiðsaga (RNAV)
Minnkaður hæðaraðskilnaður (RVSM)
Flutningur hættulegs varnings.

2. viðbætir við JAR-OPS 1.175 Stjórnun og skipulag handhafa flugrekanda skírteinis

a) *Almenn atriði.*
1) Flugrekandi skal hafa traust og skilvirkt stjórnskipulag til þess að tryggja öruggan flugrekstur. Tilnefndir yfirmenn skulu hafa sannað hæfni sína á sviði almenningsflugs.
2) Í viðbæti þessum merkir „hæfni“ að einstaklingur verður að hafa tæknimenntun og reynslu í stjórnunarstörfum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, eftir því sem við á.

b) *Tilnefndir yfirmenn.*
1) Í flugrekstrarhandbókinni skal vera lýsing á starfi og ábyrgð tilnefndra yfirmanna, ásamt nöfnum þeirra, og þarf að tilkynna skriflega til flugmálayfirvalda ef breytingar eru fyrirhugaðar eða gerðar á tilnefningum eða störfum.
2) Flugrekandi skal gera ráðstafanir til þess að tryggja samfellt eftirlit í fjarveru tilnefndra yfirmanna.
3) Flugrekandi skal fullvissa flugmálayfirvöld um að stjórnskipulagið sé hentugt og hæfi leiðakerfinu og umfangi rekstrarins.
4) Maður, sem handhafi flugrekandaskírteinis tilnefnir sem yfirmann, má ekki vera tilnefndur yfirmaður hjá öðrum handhafa flugrekandaskírteinis, nema flugmálayfirvöld geti fallist á það. Þeir sem eru tilnefndir yfirmenn verða að vera bundnir samningi um að vinna nógu marga tíma til að geta sinnt stjórnunarstörfum sínum eins og þarf miðað við stærð og umfang fyrirtækis flugrekandans.
5) Ef flugmálayfirvöld geta fallist á það má tilnefna sama mann í fleiri en eina yfirmannsstöðu.

Aths. Í JAR-OPS 1.895 er kveðið á um kröfur að því er varðar skipun tilnefnds yfirmanns yfir viðhaldskerfinu samkvæmt 2. tölul. i-liðar JAR-OPS 1.175.

c) *Nægjanlegt starfslið og eftirlit með því.*
   1) *Flugverjar.* Flugrekandi verður að ráða í þjónustu sína nógu marga flug- og þjónustuliða fyrir þann rekstur sem fyrirhugaður er og þjálfa þá og prófa í samræmi við N- og O-kafla, eftir því sem við á.
   2) *Starfslið á jörðu niðri.*
      i) Fjöldi starfsmanna á jörðu niðri fer eftir eðli og umfangi rekstrarins. Einkum skulu flugrekstrardeild og flugafgreiðsludeild vera mannaðar þjálfuðu starfsliði sem gerir sér fulla grein fyrir því hver ábyrgð þess er innan fyrirtækisins.
      ii) Flugrekandi, sem gerir samning við önnur fyrirtæki um að veita tiltekna þjónustu, ber þó sjálfur ábyrgð á að staðlar séu uppfylltir. Þegar málum er þannig háttað skal tilnefndum yfirmanni falið að tryggja að verktakar, sem ráðnir eru, uppfylli tilskilda staðla.
   3) *Eftirlit.*
      i) Fjöldi þeirra umsjónarmanna, sem eru tilnefndir, fer eftir því hvernig fyrirtæki flugrekandans er skipulagt og fjölda starfsmanna. Nauðsynlegt er að skilgreina störf og ábyrgð umsjónarmannanna og haga öllum flugskuldbindingum þannig að hver þeirra geti innt af hendi skyldustörf sín við eftirlit.
      ii) Eftirlit með öllum flugverjum skal vera í höndum manna sem hafa næga reynslu og eru þeim kostum búnir að geta tryggt að staðlarnir, sem tilgreindir eru í flugrekstrarhandbókinni, séu uppfylltir.

d) *Vinnuaðstaða.*
   1) Flugrekandi skal sjá til þess að í hverri bækistöð sé nægilegt vinnurými fyrir starfsmenn sem tengjast öryggisþættinum í flugrekstrinum. Taka verður mið af þörfum starfsmanna á jörðu niðri, þeirra sem hafa með höndum flugrekstrarstjórn, geymslu og aðgang að skjölum og flugáætlanagerð áhafna.
   2) Starfsmenn á skrifstofu verða að geta dreift tafarlaust leiðbeiningum varðandi reksturinn og öðrum upplýsingum til allra sem hlut eiga að máli.

e) *Skjöl.*
   Flugrekandi skal gera ráðstafanir til útgáfu handbóka, breytingarskjala og annarra skjala.

1. ÞÁTTUR **JAR-OPS 1 D-kafli**

D-KAFLI – VERKLAGSREGLUR Í FLUGI

JAR-OPS 1.195 Flugrekstrarstjórn og eftirlit

Flugrekandi skal hafa með höndum flugrekstrarstjórn og koma á eftirlitskerfi með flugrekstrinum sem samþykkt er af flugmálayfirvöldum.

JAR-OPS 1.200 Flugrekstrarhandbók

Flugrekandi skal leggja fram flugrekstrarhandbók, í samræmi við P-kafla, til nota og leiðbeiningar fyrir starfslið flugrekstrarsviðs.

JAR-OPS 1.205 Hæfni starfsmanna flugrekstrarsviðs

Flugrekandi skal sjá til þess að allir starfsmenn flugrekstrarsviðs, sem gegna störfum eða eiga beina aðild að rekstrinum hvort sem er á jörðu niðri eða í lofti, hafi fengið fullnægjandi fræðslu, sýnt fram á kunnáttu sína í þeim störfum sem þeim er sérstaklega ætlað að inna af hendi og geri sér grein fyrir ábyrgð sinni og með hvaða hætti störf þeirra tengjast starfseminni í heild.

JAR-OPS 1.210 Setning verklagsreglna

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og gefa út fyrirmæli um hverja tegund flugvéla fyrir sig þar sem kemur fram hverjar eru skyldur starfsmanna á jörðu niðri og flugverja við hvers konar starfrækslu á jörðu niðri og á flugi. (Sjá a-lið AMC OPS 1.210.)
b) Flugrekandi skal koma sér upp gátlistakerfi fyrir flugverja til nota á öllum stigum flugsins við eðlilegar eða afbrigðilegar aðstæður og í neyðartilvikum, eftir atvikum, til að tryggja að verklagsreglum í flugrekstrarhandbók sé fylgt. (Sjá b-lið IEM OPS 1.210.)
c) Flugrekandi skal ekki krefjast þess að á varasömustu stigum flugsins sinni flugverji öðrum störfum en þeim er lúta að öruggri starfrækslu flugvélarinnar. (Sjá c-lið IEM OPS 1.210.)

JAR-OPS 1.215 Notkun flugumferðarþjónustu

Flugrekandi skal sjá til þess að flugumferðarþjónusta (ATS) sé notuð fyrir allt flug þegar hún er tiltæk.

JAR-OPS 1.220 Heimild flugrekanda til notkunar flugvalla
(Sjá IEM OPS 1.220)

Flugrekandi skal einungis heimila notkun flugvalla sem eru viðunandi fyrir viðkomandi flugvélartegundir og rekstur.

JAR-OPS 1.225 Flugvallarlágmörk

a) Flugrekandi skal tilgreina flugvallarlágmörk, sem sett eru í samræmi við JAR-OPS 1.430, fyrir hvern brottfarar-, ákvörðunar- eða varaflugvöll sem heimilt er að nota í samræmi við JAR-OPS 1.220.
b) Sérhverri hækkun lágmarka sem flugmálayfirvöld mæla fyrir um skal bætt við lágmörkin sem tilgreind eru í a-lið hér að ofan.
c) Lágmörk fyrir tiltekna tegund aðflugs og lendingar teljast gilda ef:
   1) búnaður á jörðu niðri, sýndur á kortum, sem krafist er vegna fyrirhugaðs flugs, er virkur;
   2) flugvélarkerfin, sem krafist er fyrir viðkomandi tegund aðflugs, eru virk;
   3) kröfur um afkastagetu flugvélar eru uppfylltar; og
   4) áhöfnin hefur viðeigandi starfsréttindi.

JAR-OPS 1.230 Verklagsreglur um blindbrottflug og blindaðflug

a) Flugrekandi skal sjá til þess að farið sé að verklagsreglum um blindbrottflug og blindaðflug sem settar eru af ríkinu þar sem flugvöllurinn er.

b) Þrátt fyrir a-lið hér að framan getur flugstjóri samþykkt heimild flugumferðarstjórnar um að víkja frá útgefinni brottflugs- eða komuleið, að því tilskildu að viðmiðanir um hindranabil séu virtar og fullt tillit tekið til flugskilyrða. Í lokaaðflugi skal þó flogið eftir kennileitum eða samkvæmt settum verklagsreglum um blindaðflug.
c) Flugrekanda er heimilt að nota aðrar verklagsreglur en þær sem krafist er að séu notaðar samkvæmt a-lið hér að framan, að því tilskildu að þær hafi verið samþykktar af ríkinu þar sem flugvöllurinn er, ef þess er krafist, og flugmálayfirvöld hafi viðurkennt þær.

JAR-OPS 1.235 Verklagsreglur um hávaðamildun

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um hávaðamildun í blindflugi í samræmi við verklagsreglur ICAO um flugleiðsöguþjónustu og rekstur flugvéla (ICAO PANS OPS, 1. bindi – ICAO skjal 8168-OPS/611).
b) Verklagsreglur um hávaðamildun í flugtaki og klifri, sem flugrekandi ákveður fyrir hverja flugvélartegund, skulu vera þær sömu fyrir alla flugvelli.

JAR-OPS 1.240 Flugleiðir og flugsvæði

a) Flugrekandi skal sjá til þess að einungis sé flogið á tilteknum leiðum og svæðum þar sem:
   1) aðstaða og þjónusta á jörðu niðri, þar með talin veðurþjónusta, er viðunandi fyrir fyrirhugaða starfrækslu;
   2) afkastageta flugvélarinnar, sem fyrirhugað er að nota, stenst kröfur um lágmarksflughæð;
   3) búnaður flugvélarinnar, sem fyrirhugað er að nota, stenst lágmarkskröfur til fyrirhugaðs flugs;
   4) viðeigandi landabréf og kort eru tiltæk (sbr. 9. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.135);
   5) tveggja hreyfla flugvélar eru notaðar, viðunandi flugvellir eru tiltækir innan tíma- eða fjarlægðarmarka JAR-OPS 1.245.
   6) ef eins hreyfils flugvélar eru notaðar, að yfirborð þar sem unnt er að nauðlenda með öruggum hætti sé tiltækt.
b) Flugrekandi skal sjá til þess að flogið sé í samræmi við hverja þá takmörkun á flugleiðum eða flugsvæðum sem flugmálayfirvöld setja.

JAR-OPS 1.241 Starfræksla í skilgreindu loftrými með minnkaðan hæðaraðskilnað (RVSM)
(Sjá AMC 20.xyz (bráðabirgðaútgáfa af þessu AMC) sem verður gefin út sem tímabundnar leiðbeiningar (Temporary Guidance Leaflet) og verður viðeigandi breytt útgáfa af upplýsingablaði JAA nr. 23.)

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í tilteknum hlutum loftrýmis þar sem í gildi eru reglur um lágmarkshæðaraðskilnað sem er 300 m (1000 fet), byggðar á samningum um flugleiðsögu á sérstökum svæðum (Regional Air Navigation Agreement), nema hafa til þess leyfi flugmálayfirvalda (RVSM-leyfi). (Sjá einnig JAR-OPS 1.872.)

JAR-OPS 1.243 Starfræksla á svæðum þar sem krafist er sérstakrar nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS).
(Sjá IEM OPS 1.243)

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél á tilteknum svæðum eða tilteknum hlutum tiltekinna svæða þar sem gerðar eru kröfur um lágmarksnákvæmni í flugleiðsögu, byggðar á samningum um flugleiðsögu á sérstökum svæðum (Regional Air Navigation Agreement), nema hafa til þess leyfi flugmálayfirvalda (MNPS/RNP/RNAV-leyfi). (Sjá einnig 2. tölul. c-liðar JAR-OPS 1.865 og JAR-OPS 1.870.)

JAR-OPS 1.245 Mesta leyfilega fjarlægð tveggja hreyfla flugvéla frá viðunandi flugvelli án fjarflugsleyfis (ETOPS).

Ath. íslensk sérregla.

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja tveggja hreyfla flugvél, nema með sérstöku leyfi flugmálayfirvalda til fjarflugs, sbr. a-lið JAR OPS 1.246, á flugleið þar sem einhver hluti leiðarinnar liggur fjær viðunandi flugvelli en ef um væri að ræða:
   1) flugvél í afkastagetuflokki A, annaðhvort með:
      i) hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 20 eða fleiri; eða
      ii) 45.360 kg hámarksflugtaksmassa eða meiri, þá vegalengd sem flogin er á 60 mínútum með einn hreyfil óvirkan á farflugshraða, ákvarðað í samræmi við b-lið hér að neðan;
   [2) flugvél í afkastagetuflokki A með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 19 eða færri og hámarksflugtaksmassa minni en 45.360 kg þá vegalengd sem flogin er á 120 mínútum með einn hreyfil óvirkan á farflugshraða í samræmi við b-lið hér að neðan;][2]
   3) flugvél í afkastagetuflokki B eða C:
      i) vegalengd sem flogin er á 120 mínútum með einn hreyfil óvirkan á farflugshraða, í samræmi við b-lið hér að neðan; eða
      ii) 300 sjómílur

   hvort sem styttra er. (Sjá a-lið IEM OPS 1.245).

b) Flugrekandi skal ákvarða hraða, sem fer ekki yfir hámarkshraða í rekstri V_{mo}, til þess að reikna út hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli fyrir hverja tegund eða hvert afbrigði tveggja hreyfla flugvélar sem byggist á réttum flughraða sem flugvélin getur haldið með einn hreyfil óvirkan við eftirfarandi aðstæður:
   1) málloft (ISA);
   2) fluglag:
      i) fyrir þotur í:
         A) fluglagi 170; eða
         B) í hæsta fluglagi sem flugvélin getur klifrað í, og haldist í, með einn hreyfil óvirkan, miðað við mesta stighraða sem tilgreindur er í flughandbók flugvélarinnar,

      hvort sem minna er;
      ii) flugvélar knúnar skrúfuhreyflum í:
         A) fluglagi 80; eða
         B) í hæsta fluglagi sem flugvélin getur klifrað í, og haldist í, með einn hreyfil óvirkan, miðað við mesta stighraða sem tilgreindur er í flughandbók flugvélarinnar,

---

[2] Hér er um sérstaka þjóðarreglu að ræða sem ekki er að finna í JAR-OPS 1, Ch. 1. Sjá gr. 7.10 í I. hluta reglugerðar þessarar.

hvort sem minna er;
3) samfelldur hámarksknýr eða hámarksafl á þeim hreyfli sem enn er virkur;
4) massi flugvélar er ekki undir þeim massa sem leiðir af:
i) flugtaki við sjávarmál með hámarksflugtaksmassa; og
ii) klifri á öllum hreyflum upp í ákjósanlegustu farflugshæð fyrir langdrægi; og
iii) farflugi á öllum hreyflum á farflugshraða fyrir langdrægi í þessari flughæð,
þar til tíminn sem liðinn er frá flugtaki er jafnlangur og þau tímamörk sem mælt er fyrir um í a-lið hér að framan.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að gögn um eftirfarandi atriði, sem eiga við hverja tegund eða hvert afbrigði, séu felld inn í flugrekstrarhandbókina:
1) farflugshraða með annan hreyfilinn óvirkan, sem ákvarðast í samræmi við b-lið hér að framan; og
2) hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli ákvörðuð í samræmi við a- og b-lið hér að framan.

Aths.: Hraðar og hæðir (fluglag), sem tilgreint er hér að framan, er einungis ætlað sem viðmiðun til að ákvarða hámarksfjarlægð frá viðunandi flugvelli.

JAR-OPS 1.246 Fjarflug (ETOPS) tveggja hreyfla flugvéla

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél fjær viðunandi flugvelli en ákvarðað er í samræmi við JAR-OPS 1.245 nema hafa leyfi flugmálayfirvalda til fjarflugs (ETOPS). (Sjá AMC 20.xxx (Texti þessa AMC verður viðeigandi breytt útgáfa af áður útgefnu JAA upplýsingabréfi JAA nr. 20)).

b) Áður en flugrekandi sendir flugvél í fjarflug skal hann sjá til þess að viðeigandi ETOPS-varaflugvöllur á flugleið í fjarflugi sé fyrir hendi, annaðhvort innan heimilaðs fjarflugstíma eða fjarflugstíma sem byggist á lista yfir lágmarksbúnað (MEL) fyrir starfhæfiástand flugvélarinnar, eftir því hvor skemmri er. (Sjá einnig d-lið JAR-OPS 1.297.)

JAR-OPS 1.250 Lágmarksflughæðir ákveðnar
(Sjá IEM OPS 1.250)

a) Flugrekandi skal ákveða lágmarksflughæðir og aðferðir til að ákvarða þær hæðir á öllum leiðarleggjum, sem flogið er á, með tilskildu lágmarksbili frá hindrun með hliðsjón af kröfum í F- og I-kafla.

b) Aðferðin við að ákveða lágmarksflughæðir er háð samþykki flugmálayfirvalda.

c) Ef lágmarksflughæðir í ríkjum, sem flogið er yfir, eru hærri en mörk flugrekanda gilda hærri mörkin.

d) Flugrekandi skal taka tillit til eftirfarandi atriða þegar hann ákveður lágmarksflughæðir:
1) af hve mikilli nákvæmni unnt er að ákvarða staðsetningu flugvélarinnar;
2) líklegrar ónákvæmni hæðarmæla sem notaðir eru;
3) landslags (t.d. snöggra breytinga á landhæð) á leiðum eða svæðum þar sem flogið er;
4) líkum á óhagstæðu veðri (t.d. mikilli ókyrrð og niðurstreymi); og
5) hugsanlegrar ónákvæmni flugkorta.

e) Þegar farið er að ákvæðum d-liðar hér að framan skal taka tilhlýðilegt tillit til:
1) leiðréttinga vegna frávika frá staðalgildum hita og þrýstings;
2) krafna flugumferðarstjórnar; og
3) ófyrirsjáanlegra aðstæðna á fyrirhugaðri leið.

JAR-OPS 1.255 Viðmiðunarreglur um eldsneytisútreikninga
(Sjá AMC OPS 1.255)

a) Flugrekandi skal setja viðmiðunareglur um eldsneytisútreikninga við gerð flugáætlana og endurgerð áætlunar á flugi svo að tryggt sé að nægjanlegt eldsneyti sé tekið með í hvert flug, svo og nægilegt varaeldsneyti ef víkja þarf frá flugáætlun.
b) Flugrekandi skal sjá til þess að flugáætlanir séu eingöngu byggðar á:
   1) verklagsreglum og upplýsingum í flugrekstrarhandbók eða sérstökum upplýsingum sem fylgja viðkomandi flugvél; og
   2) rekstrarþáttum sem gera má ráð fyrir í ferðinni, þar með talið:
      i) raunhæfu mati á eldsneytiseyðslu flugvélarinnar;
      ii) áætluðum massa;
      iii) veðurútliti; og
      iv) verklagsreglum flugumferðarþjónustu og takmörkunum.
c) Flugrekandi skal sjá til þess að við útreikninga á þörf á nýtanlegu eldsneyti fyrir flug sé eftirfarandi talið með:
   1) eldsneyti til aksturs;
   2) eldsneyti til flugs;
   3) varaeldsneyti sem er:
      i) viðlagaeldsneyti (sjá i-lið 3. tölul. c-liðar IEM OPS 1.255);
      ii) eldsneyti til varaflugvallar ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist. (Það útilokar þó ekki að brottfararflugvöllur sé valinn sem varaflugvöllur ákvörðunarstaðar);
      iii) neyðareldsneyti; og
      iv) viðbótareldsneyti ef flugið er þess eðlis, t. d. fjarflug (ETOPS); og
   4) aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess.
d) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi sé innifalið þegar nýtanlegt eldsneyti er reiknað út vegna endurgerðar áætlunar á flugi og fljúga verður aðra leið eða til annars ákvörðunarstaðar en upphaflega var áætlað:
   1) eldsneyti til að ljúka fluginu;
   2) varaeldsneyti sem er:
      i) viðlagaeldsneyti;
      ii) eldsneyti til varaflugvallar ef varaflugvallar ákvörðunarstaðar er krafist. (Það útilokar þó ekki að brottfararflugvöllur sé valinn sem varaflugvöllur ákvörðunarstaðar);
      iii) neyðareldsneyti; og
      iv) viðbótareldsneyti ef flugið er þess eðlis (t.d. fjarflug); og
   3) aukaeldsneyti ef flugstjórinn krefst þess.

JAR-OPS 1.260 Flutningur hreyfihamlaðra
(Sjá IEM OPS 1.260)

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um flutning hreyfihamlaðra (PRM).
b) Flugrekandi skal sjá til þess að hreyfihamlaðir fái ekki úthlutað eða sitji í sætum þar sem vera þeirra getur:
   1) hindrað áhöfnina í að sinna störfum sínum;
   2) lokað aðgengi að neyðarbúnaði; eða
   3) hindrað neyðarrýmingu flugvélarinnar.
c) Flugstjóra skal tilkynnt um það þegar flytja á hreyfihamlað fólk um borð.

JAR-OPS 1.265 Flutningur óæskilegra farþega, manna sem vísað er úr landi eða gæslufanga

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um flutning óæskilegra farþega, manna sem vísað er úr landi eða gæslufanga til þess að tryggja öryggi flugvélarinnar og þeirra sem í henni eru. Flugstjóra skal tilkynnt um það þegar flytja á fyrrnefnda farþega.

JAR-OPS 1.270 Frágangur á farangri og fragt
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.270 og AMC OPS 1.270)

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að einungis handfarangur, sem unnt er að ganga frá á viðunandi og öruggan hátt, sé tekinn um borð í farþegaklefann.
b) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að gengið sé frá öllum farangri og fragt um borð, sem gæti valdið slysi eða skaða eða lokað göngum og útgöngum ef farangur eða fragt færist úr stað, í geymslurými sem er hannað til að koma í veg fyrir hreyfingu.

JAR-OPS 1.275 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.280 Skipan farþega í sæti
(Sjá IEM OPS 1.280)

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að farþegum sé skipað þannig í sæti að þeir geti orðið að sem bestu liði en séu ekki til trafala ef til neyðarrýmingar kemur.

JAR-OPS 1.285 Upplýsingar til farþega

Flugrekandi skal sjá til þess:
a) *Almenn atriði:*
   1) að farþegar fái upplýsingar um öryggismál munnlega en kynning getur farið fram með aðstoð hljóð- eða myndmiðla að hluta eða öllu leyti;
   2) að farþegar fái í hendur spjöld með öryggisleiðbeiningum þar sem leiðbeint er í myndum um notkun neyðarbúnaðar og -útganga sem líklegt er að farþegar noti.
b) *Fyrir flugtak:*
   1) að farþegar fái upplýsingar um eftirtalin atriði, ef við á:
      i) reglur um reykingar;
      ii) að stólbök skuli vera upprétt og sætisbakkar frágengnir;
      iii) staðsetningu neyðarútganga;
      iv) staðsetningu og notkun ratmerkja í gólfi til neyðarútganga;
      v) hvernig gengið skuli frá handfarangri;
      vi) takmarkanir á notkun handrafeindatækja; og
      vii) staðsetningu og efni spjalds með öryggisleiðbeiningum,

   og
   2) að farþegum séu sýnd eftirfarandi atriði:
      i) notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja, þ.m.t. hvernig þau eru fest og losuð;
      ii) staðsetning og notkun súrefnistækja, ef þess er krafist (sbr. JAR-OPS 1.770 og JAR-OPS 1.775). Einnig skulu farþegar fá fyrirmæli um að drepa í öllu reykingatóbaki þegar súrefni er notað; og
      iii) staðsetning og notkun björgunarvesta, ef þess er krafist (sbr. JAR-OPS 1.825).

c) *Eftir flugtak:*
   1) að farþegar séu minntir á eftirfarandi, ef við á:
      i) reglur um reykingar; og
      ii) notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja.

d) *Fyrir lendingu:*
   1) að farþegar séu minntir á eftirfarandi, ef við á:
      i) reglur um reykingar;
      ii) notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja;
      iii) að stólbök skulu vera upprétt og sætisbakkar frágengnir;
      iv) að gengið skuli frá handfarangri á ný; og
      v) takmarkanir á notkun handrafeindatækja.

e) *Eftir lendingu:*
   1) að farþegar séu minntir á eftirfarandi:
      i) reglur um reykingar; og
      ii) notkun öryggisbelta og/eða öryggistygja.

f) Í neyðartilvikum á flugi skulu farþegar fá leiðbeiningar um hvernig rétt er að bregðast við aðstæðum í neyðartilvikum.

JAR-OPS 1.290 Undirbúningur flugs

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lokið sé við gerð leiðarflugáætlunar fyrir hvert flug sem fyrirhugað er.

b) Flugstjóri skal ekki leggja upp í flug án þess að hafa gengið úr skugga um:
   1) að flugvélin sé lofthæf;
   2) að flugvélin sé ekki notuð andstætt því sem leyft er í lista yfir frávik frá búnaði (CDL);
   3) að mælitæki og búnaður, sem krafist er fyrir fyrirhugað flug, séu tiltæk og í samræmi við K- og L-kafla;
   4) að mælitæki og búnaður séu starfhæf, með þeim undantekningum sem kveðið er á um í listanum yfir lágmarksbúnað (MEL);
   5) að þeir hlutar flugrekstrarhandbókarinnar, sem krafist er fyrir viðkomandi flug, séu fyrir hendi;
   6) að skjöl, viðbótarupplýsingar og eyðublöð, sem samkvæmt JAR-OPS 1.125 og JAR-OPS 1.135 eiga að vera tiltæk, séu um borð;
   7) að gildandi landabréf og kort og tengd skjöl eða tilsvarandi gögn, er lúta að fyrirhuguðu flugi flugvélarinnar, séu tiltæk, þar á meðal vegna hvers kyns breytinga á flugleið sem telja má eðlilegt að geti orðið;
   8) að nauðsynleg aðstaða og þjónusta á jörðu niðri fyrir fyrirhugað flug sé fyrir hendi og viðunandi;
   9) að í fyrirhuguðu flugi sé unnt að fara að ákvæðum flugrekstrarhandbókarinnar um eldsneytis-, olíu- og súrefnisbirgðir, lágmarksflughæðir, flugvallarlágmörk og að varaflugvellir séu fyrir hendi, ef þörf krefur;
   10) að hleðslunni sé rétt dreift og hún tryggilega fest;
   11) að í byrjun flugtaks sé massi flugvélarinnar slíkur að unnt sé að fljúga í samræmi við F- til I-kafla, eftir því sem við á; og
   12) að á fluginu sé unnt að virða aðrar takmarkanir á starfrækslu, auk þeirra sem kveðið er á um í 9. og 11. tölul. hér að framan.

JAR-OPS 1.295 Val á flugvöllum

Sjá einnig séríslenskt ákvæði í gr. 7.4 um varaflugvelli ákvörðunarstaðar á Íslandi og Grænlandi í I. hluta reglugerðar þessarar.

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um val á ákvörðunarflugvöllum og/eða varaflugvöllum ákvörðunarstaðar, í samræmi við JAR-OPS 1.220, þegar flugáætlun er gerð.

b) Flugrekandi skal velja og tilgreina í leiðarflugáætlun varaflugvöll fyrir flugtak verði ekki unnt að snúa aftur til brottfararflugvallar vegna veðurs eða leyfi afkastagetan það ekki. Varaflugvöllur fyrir flugtak skal vera innan tiltekinnar fjarlægðar frá brottfararflugvelli sem hér segir:
   1) að því er varðar tveggja hreyfla flugvélar, annaðhvort sem nemur:
      i) einnar klukkustundar flugi á farflugshraða með annan hreyfilinn óvirkan, í samræmi við flughandbók (AFM), í logni og við staðalaðstæður miðað við raunmassa við flugtak; eða
      ii) tveggja stunda flugi eða heimiluðum fjarflugstíma (ETOPS), hvort sem skemmra er, á farflugshraða með annan hreyfilinn óvirkan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalaðstæður, að því er varðar flugvélar og áhafnir sem hafa fjarflugsleyfi; eða
   2) tveggja klukkustunda flugi á farflugshraða með einn hreyfil óvirkan, í samræmi við flughandbók, í logni og við staðalaðstæður miðað við raunmassa við flugtak, að því er varðar þriggja og fjögurra hreyfla flugvélar; og
   3) ef farflugshraði með einn hreyfil óvirkan er ekki gefinn upp í flughandbók skal hraðinn, sem notaður er við útreikningana, vera sá hraði sem næst með því að nota samfellt hámarksafl á þeim hreyfli eða hreyflum sem enn eru virkir.

c) Flugrekandi skal velja að minnsta kosti einn varaflugvöll fyrir ákvörðunarstað í hvert sinn sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum (IFR) nema:
   1) hvort tveggja sé:
      i) að tíminn frá flugtaki til lendingar samkvæmt flugáætlun sé ekki lengri en 6 klukkustundir; og
      ii) að á ákvörðunarstað séu tvær aðskildar flugbrautir og ríkjandi veðurskilyrði með þeim hætti að klukkutíma fyrir og klukkutíma eftir áætlaðan komutíma á ákvörðunarstað sé hægt að gera aðflug við sjónflugsskilyrði (VMC) úr lágmarksflughæð í viðeigandi geira og lenda (sjá ii-lið 1. tölul. c-liðar IEM OPS 1.295); eða
   2) að ákvörðunarflugvöllurinn sé afskekktur og ekki um nothæfan varaflugvöll ákvörðunarstaðar að ræða.

d) Flugrekandi skal velja tvo varaflugvelli fyrir ákvörðunarstað ef veðurlýsingar eða veðurspár fyrir ákvörðunarstað, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess:
   1) að klukkutímann fyrir og klukkutímann eftir áætlaðan komutíma verði veðurskilyrði undir gildandi áætlunarlágmörkum; eða
   2) að engar veðurupplýsingar séu fáanlegar.

e) Flugrekandi skal tilgreina í leiðarflugáætlun þá varaflugvelli sem krafist er.

JAR-OPS 1.297 Áætlunarlágmörk fyrir blindflug (IFR)

a) *Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvelli fyrir flugtak.*
Flugrekandi skal ekki velja flugvöll sem varaflugvöll fyrir flugtak nema veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, bendi til þess að klukkutímann fyrir og klukkutímann eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða

betri en gildandi lendingarlágmörk sem tilgreind eru í samræmi við JAR–OPS 1.225. Taka verður tillit til skýjaþekjuhæðar ef eina mögulega aðflugið er grunnaðflug og/eða hringaðflug. Taka verður tillit til allra takmarkana á flugi með einn hreyfil óvirkan.

b) *Áætlunarlágmörk fyrir ákvörðunarflugvöll og varaflugvelli ákvörðunarstaðar.*
Flugrekandi skal einungis velja ákvörðunarflugvöll og/eða varaflugvöll/-flugvelli ákvörðunarstaðar ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, benda til þess að klukkutímann fyrir og klukkutímann eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en gildandi áætlunarlágmörk eru sem hér segir:
1) áætlunarlágmörk fyrir ákvörðunarflugvöll:
   i) flugbrautarskyggni (RVR)/skyggni er í samræmi við JAR-OPS 1.225; og
   ii) fyrir grunnaðflug eða hringaðflug, skýjaþekja er í eða yfir lágmarkslækkunarhæð (MDH); og
2) áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll eða varaflugvelli ákvörðunarstaðar:

Tafla 1 Áætlunarlágmörk – varaflugvellir á flugleið og varaflugvellir ákvörðunarstaðar

Tegund aðflugs	Áætlunarlágmörk
II. og III. fl. (CAT II & III)	1. fl. (CAT 1) (Aths. 1)
I. fl.	Grunnaðflug (Aths. 1 og 2)
Grunnaðflug	Grunnaðflug (Aths. 1 og 2) plús 200 ft/1000 m
Hringaðflug	Hringaðflug

Aths. 1. Flugbrautarskyggni (RVR).
Aths. 2. Skýjaþekja skal vera í eða yfir lágmarkslækkunarhæð (MDH).

c) *Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll á flugleið.*
Flugrekandi skal ekki velja flugvöll sem varaflugvöll á flugleið nema viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, bendi til þess að klukkutímann fyrir og klukkutímann eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en áætlunarlágmörkin sem tilgreind eru í töflu 1 hér að framan. (Sjá einnig AMC OPS 1.255, ii-lið a-liðar, tölul. 1.3.)

d) *Áætlunarlágmörk fyrir varaflugvöll á flugleið í fjarflugi (ETOPS).*
Flugrekandi skal ekki velja flugvöll sem varaflugvöll á flugleið í fjarflugi nema viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, bendi til þess að klukkutímann fyrir og klukkutímann eftir áætlaðan komutíma til flugvallarins verði veðurskilyrði jafngóð eða betri en áætlunarlágmörkin í töflu 2 hér á eftir og í samræmi við fjarflugsleyfi flugrekanda.

Tafla 2 Áætlunarlágmörk – fjarflug (ETOPS)

Tegund aðflugs		**Áætlunarlágmörk** (Kröfur um flugbrautarskyggni/ skyggni og skýjaþekjuhæð, ef við á)
Flugvöllur með		
	minnst 2 mismunandi aðflug byggð á 2 aðskildum aðflugstækjum sem þjóna 2 aðskildum flugbrautum (sjá ii-lið 1. tölul. c-liðar IEM IPS 1.295)	minnst 2 mismunandi aðflug byggð á 2 aðskildum aðflugstækjum sem notuð eru á 1 flugbraut eða minnst 1 aðflug byggt á 1 aðflugstæki sem notað er á 1 flugbraut
Nákvæmisaðflug II. og III. fl. (ILS, MLS)	Nákvæmisaðflug lágmörk I. fl.	Grunnaðflugslágmörk
Nákvæmisaðflug I. fl. (ILS, MLS)	Grunnaðflugslágmörk	Hringaðflugslágmörk eða ef þau eru ekki fyrir hendi, aðflugslágmörk plús 200 ft/1000 m
Grunnaðflug	Lægstu grunnaðflugslágmörk plús 200 ft. /1000 m eða hringaðflugslágmörk	Hæstu hringaðflugslágmörk eða grunnaðflugslágmörk plús 200 ft/1000 m
Hringaðflug	Hringaðflugslágmörk	

JAR-OPS 1.300 Afhending flugáætlunar til flugumferðarþjónustu
(Sjá AMC OPS 1.300)

Flugrekandi skal sjá til þess að ekki sé lagt upp í flug nema flugáætlun til flugumferðarþjónustu hafi verið afhent eða nægilegar upplýsingar lagðar fram til að unnt sé að gera viðbúnaðarþjónustu viðvart, ef þörf krefur.

JAR-OPS 1.305 Taka eða losun eldsneytis á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.305) (Sjá IEM OPS 1.305)

Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélabensín eða sambærilegt eldsneyti með suðumark á breiðu hitabili (t.d. Jet-B eða annað sambærilegt), eða ef um blöndu með þessu eldsneyti getur verið að ræða, sé ekki tekið á eða losað af flugvél á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði. Í öllum öðrum tilvikum skulu gerðar nauðsynlegar varúðarráðstafanir og skal flugvélin vera mönnuð hæfu starfsliði sem getur hafið og stjórnað rýmingu flugvélarinnar á sem hagkvæmastan og skjótastan hátt.

JAR-OPS 1.307 Taka eða losun eldsneytis með suðumark á breiðu hitabili
(Sjá IEM OPS 1.307)

Flugrekandi skal setja verklagsreglur um töku og losun eldsneytis með suðumark á breiðu hitabili, t.d. Jet-B eða annað sambærilegt, ef þess er krafist.

JAR-OPS 1.310 Flugverjar í vinnureitum

a) *Flugliðar.*
1) Hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, skal vera í vinnureit sínum í flugtaki og lendingu.
2) Á öllum öðrum stigum flugsins skal hver flugliði, sem krafist er að sé á vakt í stjórnklefa, ávallt vera í vinnureit sínum nema fjarvera hans sé óhjákvæmileg vegna starfa í tengslum við starfrækslu vélarinnar eða hann þurfi að sinna líkamlegum þörfum, og þá að því tilskildu að alltaf sé að minnsta kosti einn flugmaður með tilskilin starfsréttindi við stýrið.

c) *Þjónustuliðar.*
Á öllum þilförum flugvélarinnar þar sem farþegar eru skulu þjónustuliðar sitja í vinnureit sínum í flugtaki og lendingu svo og ávallt þegar flugstjóri telur þess þörf í öryggisskyni. (Sjá b-lið IEM OPS 1.310.)

JAR-OPS 1.315 Búnaður til neyðarrýmingar

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að búnaður til neyðarrýmingar, sem opnast sjálfkrafa, sé undirbúinn fyrir notkun þegar það er óhætt og því verður við komið áður en ekið er af stað og fyrir flugtak og lendingu.

JAR-OPS 1.320 Sæti, öryggisbelti og öryggistygi
Ath. íslenskt sérákvæði.

a) *Flugverjar.*
1) Í flugtaki og lendingu svo og ávallt þegar flugstjóri telur þess þörf í öryggisskyni skulu allir flugverjar vera tryggilega spenntir með öllum öryggisbeltum og öryggistygjum sem fyrir hendi eru.
2) Á öðrum stigum flugsins skulu allir flugliðar í stjórnklefa hafa sætisólar spenntar þegar þeir eru í vinnureit sínum.

b) *Farþegar.*
1) Fyrir flugtak og lendingu, í akstri svo og ávallt þegar þess er talin þörf í öryggisskyni skal flugstjórinn sjá til þess að allir farþegar um borð séu tryggilega spenntir í sæti sínu eða legurúmi, með öryggisbeltum eða öryggistygjum þar sem þau eru fyrir hendi.
2) Flugrekandi skal mæla svo fyrir og flugstjórinn skal sjá til þess að aldrei sé leyft að fleiri en einn sé um sama flugvélarsæti nema í tilteknum sætum þar sem saman sitja einn fullorðinn og ungbarn sem er vandlega fest niður með viðbótarlykkjubelti eða annars konar festibúnaði.[3]

JAR-OPS 1.325 Öryggi í farþegarými og eldhúsum

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að áður en ekið er af stað og fyrir flugtak og lendingu séu útgangar og neyðarútgönguleiðir hvergi tepptar.

b) Flugstjórinn skal sjá til þess að fyrir flugtak og lendingu og ávallt þegar þess er talin þörf í öryggisskyni sé allur búnaður og farangur tryggilega festur.

---

[3] Gr. 7.8 (sérislenskt ákvæði) í I. hluta reglugerðar þessarar hljóðar svo: Í stað 2. málsliðar b-liðar í gr. JAR-OPS 1.320 og JAR-OPS 3.320 skal eftirfarandi gilda: Flugrekandi skal mæla svo fyrir og flugstjórinn skal sjá til þess að aldrei sé leyft að fleiri en einn sé um sama flugvélarsæti nema í tilteknum sætum þar sem saman sitja einn fullorðinn, sem hafi öryggisbelti spennt, og barn undir tveggja ára aldri og hinn fullorðni haldi á barninu. Tryggja verður að viðbótarlykkjubelti fyrir ungbörn séu ekki notuð í flugtaki og lendingu.

JAR-OPS 1.330 Aðgengi að neyðarbúnaði

Flugstjórinn skal sjá til þess að viðeigandi neyðarbúnaður sé ávallt aðgengilegur fyrirvaralaust.

JAR-OPS 1.335 Reykingar um borð

Sjá ennfremur lög um tóbaksvarnir nr. 74/1984 með síðari breytingum og reglugerð um mannflutninga nr. 53/1976 með síðari breytingum.

a) Flugstjórinn skal sjá til þess að um borð sé engum leyft að reykja:
   1) þegar þess er talin þörf í öryggisskyni;
   2) þegar flugvélin er á jörðu niðri, nema það sé sérstaklega leyft í samræmi við verklagsreglur sem skilgreindar eru í flugrekstrarhandbókinni;
   3) utan þeirra svæða sem ætluð eru til reykinga, svo sem á göngum og inni á snyrtingum;
   4) í fragtrými og/eða á öðrum stöðum þar sem er fragt sem er ekki geymd í eldþolnum gámum eða ekki er breitt yfir með eldþolnum segldúk; og
   5) í þeim hlutum farþegaklefans þar sem súrefnisgjöf fer fram.

JAR-OPS 1.340 Veðurskilyrði

a) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum (IFR) skal flugstjóri ekki:
   1) hefja flugtak, né heldur
   2) halda lengra en að þeim stað þaðan sem endurskoðuð flugáætlun gildir, hafi áætlun verið breytt á flugi,

nema upplýsingar liggi fyrir um að væntanlega verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað og/eða tilskildum varaflugvöllum, sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.295, jafngóð eða betri en áætlunarlágmörk sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.297.

b) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum (IFR) skal flugstjóri ekki halda lengra en:
   1) að ákvörðunarpunkti (DP) þegar hann flýgur samkvæmt verklagsreglum um ákvörðunarpunkt (sbr. 2. tölul. AMC OPS 1.255); eða
   2) að leiðarskilum (PDP) þegar hann flýgur samkvæmt verklagsreglum um leiðarskil (sbr. 4. tölul. AMC OPS 1.255),

nema upplýsingar liggi fyrir um að væntanlega verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað og/eða tilskildum varaflugvelli/-flugvöllum, sem kveðið er á um í JAR-OPS 1.295, jafngóð eða betri en gildandi flugvallarlágmörk sem kveðið er á um í JAR-OPS 1.225.

c) Þegar flogið er samkvæmt blindflugsreglum (IFR) skal flugstjóri ekki halda áfram til fyrirhugaðs ákvörðunarflugvallar nema nýjustu tiltækar upplýsingar gefi til kynna að á áætluðum komutíma verði veðurskilyrði á ákvörðunarstað, eða a.m.k. á einum varafluvelli ákvörðunarstaðar, jafngóð eða betri en gildandi flugvallarlágmörk.

d) Þegar flogið er samkvæmt sjónflugsreglum (VFR) skal flugstjóri ekki hefja flugtak nema síðustu fáanlegar veðurlýsingar eða sambland af veðurlýsingum og spám bendi til þess að veðurskilyrði á leiðinni, eða á þeim hluta leiðarinnar og á þeim tíma sem fyrirhugað er að fljúga, séu þannig að hægt sé að fljúga samkvæmt sjónflugsreglum.

JAR-OPS 1.345 Ísing og önnur aðskotaefni

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um hvenær ísingarvarnir og afísing á jörðu niðri og tilheyrandi skoðun á flugvélinni séu nauðsynlegar.

b) Flugstjóri skal ekki hefja flugtak nema allt ytra borð flugvélarinnar sé laust við öll aðskotaefni sem gætu haft slæm áhrif á eða dregið úr afkastagetu og/eða stjórnhæfi flugvélarinnar nema eins og leyfilegt er samkvæmt flughandbók hennar.
c) Flugstjóri skal ekki leggja upp í flug við veðurskilyrði þar sem vitað er um ísingu eða búast má við henni nema flugvélin hafi skírteini og tækjabúnað til flugs við slík skilyrði.

JAR-OPS 1.350 Eldsneytis- og olíubirgðir

Flugstjóri skal ekki leggja upp í flug nema hann hafi gengið úr skugga um að á flugvélinni sé eldsneyti og olía sem ætla má að nægi að minnsta kosti til að ljúka fluginu örugglega, að teknu tilliti til þeirra flugskilyrða sem búist er við.

JAR-OPS 1.355 Flugtaksskilyrði

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt þeim upplýsingum, sem honum eru tiltækar, eigi veður á flugvellinum og ástand flugbrautarinnar, sem fyrirhugað er að nota, ekki að spilla öryggi í flugtaki og brottflugi.

JAR-OPS 1.360 Flugtakslágmörk

Áður en flugstjóri hefur flugtak skal hann ganga úr skugga um að flugbrautarskyggni eða skyggni í flugtaksátt flugvélarinnar sé jafngott eða betra en gildandi lágmark.

JAR-OPS 1.365 Lágmarksflughæðir
(Sjá IEM OPS 1.250)

Flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, skal ekki fljúga undir tilteknum lágmarksflughæðum nema þegar nauðsynlegt er við flugtak og lendingu.

JAR-OPS 1.370 Hermt eftir afbrigðilegum aðstæðum á flugi

Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að í flutningaflugi sé ekki hermt eftir afbrigðilegum aðstæðum eða neyðarástandi, sem gerir það að verkum að nota þarf að hluta eða að öllu leyti verklagsreglur fyrir slíkar aðstæður, né heldur hermt eftir blindflugsskilyrðum (IMC) með gerviblindflugi.

JAR-OPS 1.375 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.375)

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að eftirlit sé haft með eldsneytisbirgðum á flugi og að notkun eldsneytis sé stjórnað.
b) Flugstjóri skal sjá til þess að magn nothæfs eldsneytis á flugi sé ekki minna en svo að það endist til flugvallar þar sem lenda má örugglega, en þó sé neyðareldsneytið ónotað.
c) Flugstjóri skal lýsa yfir neyðarástandi ef nothæft eldsneyti um borð verður minna en neyðareldsneytið.

JAR-OPS 1.380 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.385 Notkun viðbótarsúrefnis

Flugstjóri skal sjá til þess að flugliðar, sem hafa með höndum störf sem lúta að öruggri starfrækslu flugvélarinnar í flugi, noti ávallt viðbótarsúrefni þegar inniþrýstingshæð samsvarar meira en 10.000 feta hæð lengur en í 30 mínútur og ávallt þegar hún samsvarar meira en 13.000 fetum.

JAR-OPS 1.390 Geimgeislun

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél fyrir ofan 15.000 metra hæð (49.000 fet) nema búnaðurinn, sem skilgreindur er í JAR-OPS 1.680, sé nothæfur.
b) Flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, skal lækka flugið strax og unnt er ef farið er yfir mörkin sem tilgreind eru í flugrekstrarhandbókinni.

JAR-OPS 1.395 Viðvörun um nálægð við jörð

Ef flugliði eða jarðvari greinir óvænta nálægð við jörð skal flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, tafarlaust bregðast við og gera ráðstafanir til að færa flugið aftur í öruggt horf.

JAR-OPS 1.400 Aðflugs- og lendingarskilyrði
(Sjá IEM OPS 1.400)

Áður en flugstjórinn hefur aðflug til lendingar skal hann ganga úr skugga um að samkvæmt þeim upplýsingum sem honum eru tiltækar sé veður á flugvellinum og ástand flugbrautarinnar, sem fyrirhugað er að nota, með þeim hætti að hvorugt eigi að spilla öryggi í aðflugi, lendingu eða fráflugi, með hliðsjón af upplýsingum um afkastagetu í flugrekstrarhandbók.

JAR-OPS 1.405 Byrjun og framhald á aðflugi

a) Flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, getur hafið blindaðflug óháð því hvaða flugbrautarskyggni/skyggni hefur verið tilkynnt en hann má ekki fara lengra í aðfluginu en að ytri markvita eða sambærilegum stað ef tilkynnt flugbrautarskyggni/skyggni er undir gildandi lágmörkum. (Sjá a-lið IEM OPS 1.405.)
b) Ef upplýsingar um flugbrautarskyggni eru ekki tiltækar getur flugstjóri reiknað út flugbrautarskyggni með því að umreikna tilkynnt skyggni samkvæmt h-lið 1. viðbætis við JAR-OPS 1.430.
c) Fari tilkynnt flugbrautarskyggni/skyggni niður fyrir gildandi lágmark eftir að farið hefur verið fram hjá ytri markvitanum eða sambærilegri stöðu, samkvæmt a-lið hér að framan, má halda áfram aðflugi í ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DA/H) eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð (MDA/H).
d) Þar sem enginn ytri markviti er eða sambærileg staða skal flugstjórinn, eða sá flugmaður sem hefur verið falin stjórn flugsins, ákveða hvort hann heldur áfram eða hættir við aðflug áður en hann er kominn niður fyrir 1.000 fet yfir flugvellinum á lokakafla blindaðflugs.
e) Flugmaður má halda aðflugi áfram niður fyrir ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð (DA/H) eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð (MDA/H) og lenda, svo fremi tilskilin kennileiti eru sýnileg í ákvörðunarflughæð/ákvörðunarhæð eða lágmarkslækkunarflughæð/lágmarkslækkunarhæð og haldast sýnileg þar til aðflugi er lokið.

JAR-OPS 1.410 Verklagsreglur í flugi – hæð yfir þröskuldi

Flugrekandi skal setja verklagsreglur sem ætlað er að tryggja að flugvél í nákvæmnisaðflugi fari yfir þröskuld með nægilegu öryggisbili og flugvélin sé þá í lendingarham og -horfi.

JAR-OPS 1.415 Leiðarflugbók

Flugstjóri skal sjá til þess að færð sé leiðarflugbók.

JAR-OPS 1.420 Skýrslur um óhöpp

Rétt er að benda einnig á reglugerð um tilkynningaskyldu flugslysa og flugatvika nr. 126/1998.

a) *Flugóhöpp.*
   1) Flugrekandi eða flugstjóri flugvélar skal senda flugmálayfirvöldum skýrslu um hvert það óhapp sem hefur eða hefði getað stofnað öryggi flugs í hættu.
   2) Skýrslurnar skulu sendar áður en 72 klukkustundir eru liðnar frá því að óhappið átti sér stað, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

b) *Tæknibilanir og frávik út fyrir tæknileg mörk.*
   Flugstjóri skal sjá til þess að allar tæknibilanir svo og frávik út fyrir tæknileg mörk, sem komu fram á meðan hann bar ábyrgð á stjórn flugsins, séu skráðar í tækniflugbók flugvélarinnar.

c) *Flugumferðaróhöpp.*
   Flugstjóri skal gefa skýrslu um flugumferðaróhapp, í samræmi við verklagsreglur ICAO um flugleiðsöguþjónustu og flugumferðarþjónustu (ICAO PANS RAC), í hvert sinn sem flugvél á flugi hefur verið í hættu vegna þess að:
   1) við árekstri lá við annað loftfar af einhverju tagi; eða
   2) flugumferðarstjórn var ábótavant eða flugumferðarþjónusta eða flugáhöfn fylgdi ekki gildandi verklagsreglum; eða
   3) bilun varð í búnaði flugumferðarþjónustu.

d) *Hætta af fuglum og árekstrar við þá.*
   1) Flugstjóri skal ávallt tilkynna það þegar í stað til næstu landstöðvar þegar hætta kann að stafa af fuglum.
   2) Flugstjóri skal ávallt skila eftir lendingu skriflegri skýrslu um árekstra við fugla ef fugl rekst á flugvél sem hann ber ábyrgð á.

e) *Neyðartilvik í flugi með hættulegan varning um borð.*
   Ef skapast neyðarástand á flugi skal flugstjórinn, ef aðstæður leyfa, tilkynna til viðkomandi deildar flugumferðarþjónustu ef hættulegur varningur er um borð.

f) *Ólögmætar aðgerðir.*
   Ef ólögmætar aðgerðir hafa átt sér stað um borð í flugvél ber flugstjóra að gefa skýrslu til staðaryfirvalda og/eða flugmálayfirvalda eins fljótt og auðið er.

g) *Ólag á búnaði á jörðu og flugleiðsögubúnaði og hættulegar aðstæður.*
   Flugstjóra ber að tilkynna viðkomandi landstöðvum eins fljótt og unnt er ef koma upp aðstæður á flugi, sem gætu reynst hættulegar, svo sem:
   1) ólag á búnaði á jörðu niðri eða flugleiðsögubúnaði; eða
   2) veðurfyrirbæri; eða
   3) gosöskuský; eða
   4) mikil geislun.

JAR-OPS 1.425 Slysaskýrslur

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur til að tryggja að viðkomandi yfirvöldum næst slysstað sé tilkynnt eins fljótt og auðið er um slys sem verða í tengslum við flugvélina og hafa í för með sér alvarleg meiðsl (eins og þau eru skilgreind í 13. viðauka við Chicagosamninginn) eða dauða eða umtalsverðar skemmdir á flugvélinni eða eignum.
b) Flugstjóri skal skila skýrslu til flugmálayfirvalda um slys, sem verða um borð og hafa í för með sé alvarleg meiðsl eða dauða, á meðan hann ber ábyrgð á fluginu.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.270 Frágangur á farangri og fragt

a) Í verklagsreglum, sem flugrekandi setur til að tryggja að gengið sé frá handfarangri og fragt á viðunandi og öruggan hátt, skal tekið mið af eftirfarandi atriðum:
   1) hluti, sem teknir eru inn í farþegaklefann, má einungis geyma þar sem hægt er að skorða þá;
   2) ekki má fara yfir massamörk sem tilgreind eru á skiltum sem eru á eða í nánd við geymslurými;
   3) ekki má nota geymslurými undir sæti nema sætið sé búið festistöng og ummál farangursins leyfi að stöngin skorði hann;
   4) ekki má geyma hluti á snyrtingum eða upp við þverþil, sem koma ekki í veg fyrir að þeir færist fram, til hliðar eða upp á við, nema á þverþilinu sé skilti þar sem er tilgreindur sá hámarksmassi sem þar má geyma;
   5) farangur og fragt, sem er sett í lokaðar hirslur, má ekki vera stærri en svo að unnt sé að loka þeim tryggilega;
   6) ekki má koma farangri og fragt þannig fyrir að það hindri aðgang að neyðarbúnaði; og
   7) fyrir flugtak og lendingu og í hvert sinn sem kveikt er á skiltunum „Spennið beltin“, eða svo mælt fyrir á annan hátt, skal litið eftir því að gengið hafi verið frá farangri þar sem hann hindrar ekki rýmingu flugvélarinnar eða veldur skaða með því að falla niður (eða hreyfast til á annan hátt) eftir því á hvaða stigi flugið er.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.305 Taka eða losun eldsneytis á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um hvernig eldsneyti skuli tekið/losað af flugvél á meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði og tryggja að eftirfarandi varúðarráðstafanir séu gerðar:
   1) þegar eldsneyti er tekið/losað af flugvél á meðan farþegar eru um borð þarf einn þjálfaður maður að vera til taks á tilteknum stað. Sá hinn sami þarf að kunna verklag í neyðartilvikum að því er varðar eldvarnir og slökkvistörf og sjá um fjarskipti og hefja og stjórna rýmingu flugvélarinnar;
   2) áhöfn, starfsmenn og farþegar skulu fá viðvörun um að eldsneyti verði tekið/losað;
   3) slökkt skal vera á skiltunum „SPENNIÐ BELTIN“;
   4) kveikt skal vera á skiltunum „REYKINGAR BANNAÐAR“ og einnig á ljósum inni í flugvélinni til þess að neyðarútgangar sjáist;
   5) farþegar skulu fá fyrirmæli um að hafa beltin ekki spennt og reykja ekki;
   6) nógu margt þjálfað starfslið skal vera um borð og undir það búið að hefja neyðarrýmingu samstundis;
   7) ef vart verður við eldsneytisgufur inni í flugvélinni eða ef önnur hætta skapast á meðan eldsneyti er tekið eða losað skal því samstundis hætt;

8) svæðum á jörðu niðri, undir neyðarútgöngum og þar sem neyðarrennur opnast, skal haldið auðum; og
9) skjót og örugg rýming flugvélarinnar skal undirbúin.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.375 Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi

a) Fylgst með eldsneytisbirgðum á flugi.
1) Flugstjóri skal sjá til þess að fylgst sé með eldsneytisbirgðum með reglubundnu millibili meðan á flugi stendur. Það sem eftir er af eldsneyti skal skráð og metið til þess að:
i) bera saman raunverulega og áætlaða eldsneytiseyðslu;
ii) kanna hvort eldsneytið, sem eftir er, nægi til að komast á leiðarenda; og
iii) áætla hversu mikið eldsneyti verði eftir við komuna til ákvörðunarstaðar.
2) Skrá verður viðkomandi eldsneytistölur.

b) Eftirlit og stjórnun eldsneytisnotkunar á flugi. Ef athugun á eldsneytisbirgðum á flugi sýnir að við komu á ákvörðunarstað verði eldsneytisforðinn minni en tilskilið eldsneyti til varaflugvallar, ásamt neyðareldsneyti, þá skal flugstjórinn taka með í reikninginn umferð og ríkjandi aðstæður á ákvörðunarstað, á breyttri leið til varaflugvallar svo og á varaflugvelli ákvörðunarstaðar, þegar hann ákveður hvort hann eigi að halda áfram til ákvörðunarstaðar eða víkja af leið til þess að geta lent með að minnsta kosti neyðareldsneytið ónotað.

c) Ef athugun á eldsneytisbirgðum á flugi til afskekkts ákvörðunarflugvallar, samkvæmt áætlun sem gerð er í samræmi við 3. tölul. AMC OPS 1.255, sýnir að gera megi ráð fyrir að það eldsneyti, sem eftir verður á ystu mögulegu vendimörkum, sé samanlagt minna en:
1) eldsneyti sem þarf til að geta vikið af leið til varaflugvallar á flugleið sem valinn er í samræmi við c-lið JAR-OPS 1.297;
2) viðlagaeldsneyti; og
3) neyðareldsneyti,
verður flugstjórinn annað hvort að:
i) víkja af leið; eða
ii) halda áfram til ákvörðunarstaðar, að því tilskildu að tvær aðskildar flugbrautir séu tiltækar á ákvörðunarstað og að veðurútlit þar samræmist því sem tilgreint er fyrir gerð áætlunar samkvæmt 1. tölul. b-liðar JAR-OPS 1.297.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 E-kafli

E-KAFLI – STARFRÆKSLA Í SKERTU SKYGGNI (All Weather Operation)

JAR-OPS 1.430 Flugvallarlágmörk – almenn atriði
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.430 & IEM OPS með JAR OPS 1.430)

a) Flugrekandi skal ákvarða flugvallarlágmörk, sem eru ekki lægri en þau sem gefin eru upp í 1. viðbæti, fyrir hvern flugvöll sem hann hyggst nota. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þá aðferð sem notuð er. Lágmörkin skulu aldrei vera undir þeim lágmörkum sem flugmálayfirvöld þess ríkis þar sem flugvöllurinn er kunna að setja fyrir slíka flugvelli nema þau hafi verið samþykkt sérstaklega af því ríki.

Aths. Í málsgreininni hér að framan er ekki lagt bann við að reikna út á flugi flugvallarlágmörk varaflugvallar sem er ekki á áætlun, svo fremi notuð sé viðurkennd aðferð.

b) Þegar flugrekandi ákveður flugvallarlágmörk fyrir tiltekið flug skal hann taka fullt tillit til eftirfarandi atriða:
   1) tegundar, afkastagetu flugvélarinnar og stjórnunareiginleika hennar;
   2) samsetningar flugáhafnar, hæfni hennar og reynslu;
   3) stærðar og eiginleika flugbrautanna sem kunna að verða valdar til notkunar;
   4) afkastagetu sýnilegra leiðsögutækja og annarra tækja á jörðu niðri og að þau séu tiltæk og viðunandi; (Sjá 4. tölul. b-liðar AMC OPS 1.430)
   5) tækjabúnaðar sem tiltækur er í flugvélinni til nota við flugleiðsögu og/eða til að stjórna flugslóð, eftir því sem við á, í flugtaki, aðflugi, sléttingu, lendingu, lendingarbruni og fráflugi;
   6) hindrana á aðflugs-, fráflugs- og fráklifursvæðum, sem krafist er í verklagsreglum í viðlögum, og nauðsynlegrar fjarlægðar frá hindrunum;
   7) lágmarksflughæðar/lágmarkshæðar yfir hindrun í blindaðflugi;
   8) möguleika á því að ákvarða og tilkynna um veðurskilyrði.

c) Flokka flugvéla, sem um getur í þessum kafla, verður að ákvarða í samræmi við aðferðina sem lýst er í 2. viðbæti við c-lið JAR-OPS 1.430.

JAR-OPS 1.435 Orðskýringar

a) Í þessum kafla er merking hugtaka, sem eru ekki skilgreind í JAR-1, sem hér segir:
   1) *Hringaðflug* (Circling): Aðflug flugvélar sem flýgur síðasta hluta blindaðflugs í sjónaðflugi til þess að komast á rétta stefnu til lendingar á braut sem liggur ekki vel við beinu aðflugi.
   2) *Verklag í lélegu skyggni* (Low Visibility Procedures, LVP): Verklagsreglur á flugvöllum sem miða að því að tryggja öryggi í aðflugi samkvæmt II. og III. flokki (CAT II – III) og við flugtak í lélegu skyggni.
   3) *Flugtak í lélegu skyggni* (Low Visibility Take-Off, LVTO): Flugtak í minna en 400 m flugbrautarskyggni.
   4) *Stýrakerfi* (Flight control system): Kerfi með sjálfvirku lendingarkerfi og/eða lendingarkerfi með blandaðri tækni.
   5) *Bilunarhlutlaust stýrakerfi* (Fail-Passive flight control system): Stýrakerfi telst bilunarhlutlaust verði ekki veruleg breyting á stillingu stýra eða frávik frá flugslóð eða flughorfi ef bilun verður, en lendingu er ekki lokið sjálfvirkt. Ef sjálfstýring er bilunarhlutlaus tekur flugmaður við stjórn flugvélarinnar eftir að bilun verður.
   6) *Bilunarstarfhæft stýrakerfi* (Fail-Operational flight control system): Stýrakerfi telst bilunarstarfhæft ef unnt er að ljúka aðflugi, sléttingu og lendingu sjálfvirkt ef bilun verður undir viðbúnaðarhæð. Verði bilun starfar sjálflendingarkerfið eins og bilunarhlutlaust kerfi.
   7) *Bilunarstarfhæft lendingarkerfi með blandaðri tækni* (Fail-operational hybrid landing system): Kerfi þar sem aðalkerfið er bilunarhlutlaust sjálflendingarkerfi með undirkerfi sem er sjálfstætt leiðsögukerfi og gerir flugmanninum kleift að ljúka lendingu handvirkt ef aðalkerfið bilar.
      Aths. Dæmigert sjálfstætt undirleiðsögukerfi er yfirleitt samsett úr vaktaðri framrúðuglæju sem veitir leiðsögu, venjulega í formi skipanaupplýsinga, en einnig getur verið um að ræða upplýsingar um stöðu (eða frávik).
   8) *Sjónaðflug* (Visual approach): Aðflug þar sem blindaðflugi eða hluta af því er ekki lokið samkvæmt verklagsreglum og aðflug er flogið með hliðsjón af kennileitum á landi.

JAR-OPS 1.440 Starfræksla í lélegu skyggni – almennar reglur
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.440)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvélar samkvæmt II. eða III. flokki (CAT II – III) nema að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
   1) hver flugvél skal hafa skírteini sem leyfir starfrækslu í minna en 200 feta ákvörðunarhæð eða án ákvörðunarhæðar og skal hún búin tækjum í samræmi við ákvæði í reglum JAA um starfrækslu í skertu skyggi (JAR-AWO), eða jafngild ákvæði sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt;
   2) hentugu kerfi til að skrá heppnað eða misheppnað aðflug og/eða sjálflendingu skal hafa verið komið á og því viðhaldið til að vakta heildaröryggi starfrækslunnar;
   3) viðkomandi starfræksla skal vera samþykkt af flugmálayfirvöldum;
   4) í flugáhöfn skulu vera að minnsta kosti 2 flugmenn; og
   5) ákvörðunarhæð (DH) skal mæld með ratsjárhæðarmæli.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvélar í flugtaki í lélegu skyggni þegar flugbrautarskyggni er undir 150 m (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða undir 200 m (fyrir flugvélar í D-flokki) nema með samþykki flugmálayfirvalda.

JAR-OPS 1.445 Starfræksla í lélegu skyggni – flugvellir

a) Flugrekandi skal því aðeins nota flugvöll til starfrækslu samkvæmt II. eða III. flokki að ríkið þar sem flugvöllurinn er hafi samþykkt slíkt á flugvellinum.

b) Flugrekandi skal ganga úr skugga um að settar hafi verið reglur um verklag í lélegu skyggni og að þeim sé beitt á flugvöllum þar sem starfræksla í lélegu skyggni á að fara fram.

JAR-OPS 1.450 Starfræksla í lélegu skyggni – þjálfun og hæfni
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.450)

a) Áður en flugrekandi starfrækir flugvél í flugtaki í lélegu skyggni eða fyrir flug samkvæmt II. og III. flokki (CAT II – III) skal hann sjá til þess að:
   1) hver flugliði:
      i) hafi lokið þjálfun og prófum sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti, þar með talið þjálfun í flughermi, til að starfrækja flugvél í lágmarksgildum flugbrautarskyggnis og ákvörðunarhæðar sem svara til leyfis flugrekanda til starfrækslu samkvæmt II./III.-flokki; og
      ii) hafi hæfni í samræmi við 1. viðbæti;
   2) þjálfun og próf fari fram í samræmi við ítarlega námskrá sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt og komi fram í flugrekstrarhandbókinni. Þessi þjálfun kemur til viðbótar þjálfuninni sem mælt er fyrir um í N-kafla; og
   3) starfsréttindi flugliða séu sérstaklega miðuð við tegund starfrækslu og flugvélar.

JAR-OPS 1.455 Starfræksla í lélegu skyggni – verklagsreglur
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.455)

a) Flugrekandi skal setja verklagsreglur og gefa út leiðbeiningar til nota við flugtak í lélegu skyggni og starfrækslu samkvæmt II. og III. flokki. Verklagsreglurnar skulu vera í flugrekstrarhandbókinni og ná til starfa flugáhafnar við akstur loftfars, flugtak, aðflug, sléttingu, lendingu, lendingarbrun og fráflug, eftir því sem við á.

b) Flugstjóri skal ganga úr skugga um:
   1) að ástand sýnilegs leiðsögubúnaðar og annars búnaðar sé nógu gott áður en hann hefur flugtak eða aðflug samkvæmt II. eða III. flokki í lélegu skyggni;
   2) að viðeigandi reglur um verklag í lélegu skyggni (LVP) séu í gildi samkvæmt upplýsingum frá flugumferðarþjónustu, áður en hann hefur flugtak eða aðflug samkvæmt II. eða III. flokki í lélegu skyggni; og
   3) að flugliðar hafi tilskilda hæfni áður en þeir hefja flugtak í lélegu skyggni í flugbrautarskyggni sem er undir 150 m (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða undir 200 m (fyrir flugvélar í D-flokki) eða aðflug samkvæmt II. eða III. flokki.

JAR-OPS 1.460 Starfræksla í lélegu skyggni – lágmarksbúnaður

a) Í flugrekstrarhandbókinni skal flugrekandi geta þess hvaða lágmarksbúnaður skuli vera starfhæfur við upphaf flugtaks í lélegu skyggni eða aðflugs samkvæmt II. eða III. flokki, í samræmi við flughandbók flugvélarinnar (AFM) eða annað samþykkt skjal.
b) Flugstjóri skal ganga úr skugga um að ástand flugvélar og viðkomandi flugvélakerfa sé eins og vera ber fyrir það flug sem fyrirhugað er.

JAR-OPS 1.465 Sjónflugslágmörk (VFR)
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.465)

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að sjónflug sé flogið í samræmi við reglur um sjónflug (VFR) og í samræmi við töfluna í 1. viðbæti við JAR-OPS 1.465; og
   2) að ekki sé lagt upp í sérlegt sjónflug ef skyggni er minna en 3 km og að slíkt flug sé aldrei flogið í minna en 1,5 km skyggni.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.430 Flugvallarlágmörk
(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.430)

a) *Flugtakslágmörk.*
   1) *Almenn atriði.*
      i) Flugtakslágmörk sem flugrekandi setur skulu gefin upp sem skyggni eða flugbrautarskyggni, að teknu tilliti til allra þátta þessu viðkomandi á hverjum flugvelli sem fyrirhugað er að nota og til eiginleika flugvélarinnar. Þegar sérstök þörf er á að sjá og sneiða hjá hindrunum við brottför og/eða reikna með nauðlendingu skal tiltaka frekari skilyrði (svo sem skýjaþekjuhæð).
      ii) Flugstjóri skal því aðeins hefja flugtak að veðurskilyrði á brottfararflugvelli séu jafngóð eða betri en gildandi lágmarkslendingarskilyrði á sama flugvelli nema nothæfur varaflugvöllur fyrir flugtak sé tiltækur.
      iii) Ef skyggni samkvæmt veðurupplýsingum er minna en tilskilið lágmarksskyggni til flugtaks og flugbrautarskyggni hefur ekki verið tilkynnt er því aðeins heimilt að hefja flugtak að flugstjórinn geti verið viss um að flugbrautarskyggni/skyggni á flugtaksbraut sé jafngott eða betra en tilskilið lágmark.
      iv) Ef ekki hefur verið tilkynnt um skyggni eða flugbrautarskyggni er því aðeins heimilt að hefja flugtak að flugstjórinn geti verið viss um að flugbrautarskyggni/skyggni á flugtaksbraut sé jafngott eða betra en tilskilið lágmark.
   2) *Kennileiti.*
      Flugtakslágmörkin skulu vera slík að þau tryggi nægilega útsýn til kennileita svo að stjórna megi flugvélinni, hvort sem hætta þarf við flugtak við erfiðar aðstæður eða halda áfram í flugtaki þótt markhreyfill bili.

3) *Tilskilið flugbrautarskyggni/skyggni.*

i) Ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar með þá afkastagetu að ef markhreyfill bilar hvar sem er í flugtaki sé annaðhvort hægt að stöðva flugvélina eða halda áfram flugtaki upp í 1.500 feta hæð yfir flugvelli með tilskildu hindranabili, skulu flugtakslágmörkin sem flugrekandi setur gefin upp sem flugbrautarskyggni/skyggni og ekki vera lægri en gildin í töflu 1 hér á eftir, að undanskildum ákvæðum 4. tölul. hér á eftir:

Tafla 1 – Flugbrautarskyggni (RVR)/skyggni við flugtak

Flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak	
Flugbrautarvirki	**Flugbrautarskyggni/skyggni** (Aths. 3)
Ekkert (aðeins að degi til)	500 m
Hliðarljós flugbrautar og/eða miðlínumerkingar	250/300 m (Aths. 1 og 2)
Hliðar- og miðlínuljós flugbrautar	200/250 m (Aths. 1)
Hliðar- og miðlínuljós flugbrautar og flugbrautarskyggni mælt á fleiri en einum stað	150/200 m (Aths. 1 og 4)

Aths. 1. Hærri gildin eiga við flugvélar í D-flokki.

Aths. 2. Í næturflugi er að minnsta kosti krafist hliðarljósa á flugbraut og ljósa á brautarendum.

Aths. 3. Í stað flugbrautarskyggnis/skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum getur komið mat flugmanns á skyggni á upphafshluta flugtaksbruns.

Aths. 4. Kröfur um flugbrautarskyggni skulu uppfylltar á öllum viðeigandi mælingastöðum flugbrautarskyggnis með þeirri undantekningu sem greint er frá í athugasemd 3.

ii) Ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar með þannig afkastagetu að við bilun í markhreyfli geti þær ekki uppfyllt skilyrði um afköst samkvæmt i-lið 3. tölul. a-liðar hér að framan kann að reynast nauðsynlegt að lenda strax aftur og sjá þá hindranir á flugtakssvæði og sneiða hjá þeim. Eftirfarandi flugtakslágmörk gilda við starfrækslu þessara flugvéla, að því tilskildu að þær fari ekki niður fyrir viðmiðanir um gildandi lágmarksbil frá hindrunum þótt hreyfilbilun verði í tiltekinni hæð. Flugtakslágmörkin sem flugrekandi ákveður skulu miðast við þá hæð þaðan sem unnt er að leggja grundvöll að útreikningi á raunflugtaksslóð með einn hreyfil óvirkan. Lágmarksgildi sem notuð eru fyrir flugbrautarskyggni mega ekki vera undir gildunum sem gefin eru upp annaðhvort í töflu 1 hér að framan eða töflu 2 hér á eftir.

Tafla 2 – Áætluð hæð yfir flugbraut við hreyfilbilun miðað við flugbrautarskyggni/skyggni

Flugbrautarskyggni/skyggni við flugtak – flugslóð	
Áætluð hæð yfir flugbraut við hreyfilbilun í flugtaki	**Flugbrautarskyggni/skyggni** (Aths. 2)
<50 fet	200 m
51 – 100 fet	300 m
101 – 150 fet	400 m
151 – 200 fet	500 m
>300 fet	1500 m (Aths. 1)

Aths. 1. 1500 m gilda einnig ef ekki er unnt að reikna út jákvæða raunflugtaksslóð.
Aths. 2. Í stað flugbrautarskyggnis/skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum getur komið mat flugmanns á skyggni á upphafshluta flugtaksbruns.

iii) Hafi ekki borist tilkynning um flugbrautarskyggni eða veðurupplýsingar um skyggni skal flugstjóri ekki hefja flugtak nema hann geti verið viss um að skilyrðin séu í raun ekki undir flugtakslágmörkum.

4) *Undantekning frá i-lið 3. tölul. a-liðar hér að framan:*

i) Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda og að því tilskildu að kröfum samkvæmt A- til E-lið hér á eftir hafi verið fullnægt er flugrekanda heimilt að lækka flugtakslágmörkin niður í 125 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða 150 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í D-flokki) ef:
   A) reglur um verklag í lélegu skyggni eru í gildi;
   B) hástyrks-miðlínuljós með 15 m millibili eða minna og hástyrks-hliðarljós með 60 m millibili eða minna eru í notkun;
   C) flugliðar hafa lokið þjálfun með fullnægjandi árangri í flughermi sem hefur verið samþykktur fyrir þetta verklag;
   D) 90 m langur kafli er sjáanlegur úr stjórnklefa í upphafi flugtaksbruns; og
   E) flugbrautarskyggni nær lágmarki á öllum viðkomandi mælingarstöðum.

ii) Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda flugvélar með samþykktu stefnubeinandi leiðsögukerfi fyrir flugtak heimilt að lækka flugtakslágmörkin niður í minna en 125 m flugbrautarskyggni (fyrir flugvélar í A-, B- og C-flokki) eða 150 m (fyrir flugvélar í D-flokki) en ekki minna en 75 m, að því tilskildu að flugbrautarsvæðið sé verndað í samræmi við kröfur fyrir lendingar samkvæmt III. flokki og að fyrir hendi séu flugbrautarvirki í samræmi við þær kröfur.

b) *Grunnaðflug.*

1) *Lágmörk.*

i) Flugrekandi skal sjá til þess að lágmörk fyrir grunnaðflug sem byggjast á notkun blindlendingarkerfis (ILS) án hallageisla (einungis miðlínusendir (LLZ)), fjölstefnuvita (VOR), hringvita (NDB), stefningaraðflugs (SRA) og VDF-miðunarstöðvar séu ekki lægri en gildin fyrir lágmarkslækkunarhæð (MDH) sem gefin eru upp í töflu 3 hér á eftir.

Tafla 3 – Kerfislágmörk leiðsögutækja fyrir grunnaðflug

Kerfislágmörk	
Virki	**Lágmarkslækkunarhæð**
Blindlendingarkerfi (ILS) (enginn hallageisli – LLZ)	250 fet
Stefningaraðflug (SRA) (lýkur við 1/2 NM)	250 fet
Stefningaraðflug (SRA) (lýkur við 1 NM)	300 fet
Stefningaraðflug (SRA) (lýkur við 2 NM)	350 fet
Fjölstefnuviti (VOR)	300 fet
Fjölstefnuviti (VOR)/ Fjarlægðarmæliviti (DME)	250 fet
Hringviti (NDB)	300 fet
VDF-miðunarstöðvar (segulnefstefna (QDM) og beiðni um notkun á aðflugstækinu (QGH))	300 fet

2) *Lágmarkslækkunarhæð (MDH).* Flugrekandi skal sjá til þess að lágmarkslækkunarhæð í grunnaðflugi sé hvorki lægri en:
   i) lágmarkshæð yfir hindrun (OCH)/lágmarksbil yfir hindrun (OCL) fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir; né
   ii) kerfislágmarkið.
3) *Kennileiti.* Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi niður fyrir lágmarkslækkunarflughæð (MDA)/lágmarkslækkunarhæð (MDH) nema hann sjái greinilega og beri kennsl á að minnsta kosti eitt af eftirfarandi kennileitum flugbrautarinnar sem hann hyggst nota:
   i) hluta af aðflugsljósakerfinu;
   ii) þröskuldinn;
   iii) þröskuldarmerkingarnar;
   iv) þröskuldarljósin;
   v) þröskuldarauðkenniljósin;
   vi) aðflugshallavísinn;
   vii) snertisvæðið eða snertisvæðismerkingarnar;
   viii) snertisvæðisljósin;
   ix) hliðarljós flugbrautarinnar; eða
   x) önnur kennileiti sem eru viðurkennd af flugmálayfirvöldum.
4) *Tilskilið flugbrautarskyggni (RVR).* Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota til grunnaðflugs eru sem hér segir:

Tafla 4a – Flugbrautarskyggni fyrir grunnaðflug – öll virki

Lágmörk grunnaðflugs Öll virki (Aths. 1, 5, 6 og 7)				
Lágmarkslækkunar-hæð (MDH)	**Flugbrautarskyggni / flugvélaflokkur**			
	A	**B**	**C**	**D**
250 fet- 299 fet	800 m	800 m	800 m	1200 m
300 fet- 449 fet	900 m	1000 m	1000 m	1400 m
450 fet- 649 fet	1000 m	1200 m	1200 m	1600 m
650 fet og þar yfir	1200 m	1400 m	1400 m	1800 m

Tafla 4b – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir grunnaðflug – miðlungsvirki

Grunnaðflugslágmörk Miðlungsvirki (Aths. 2, 5, 6 og 7)				
Lágmarkslækkunar-hæð (MDH)	**Flugbrautarskyggni / flugvélaflokkur**			
	A	**B**	**C**	**D**
250-299 fet	1000 m	1100 m	1200 m	1400 m
300-449 fet	1200 m	1300 m	1400 m	1600 m
450-649 fet	1400 m	1500 m	1600 m	1800 m
650 fet og þar yfir	1500 m	1500 m	1800 m	2000 m

Tafla 4c – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir grunnaðflug – grunnvirki

Grunnaðflugslágmörk Grunnvirki (Aths. 3, 5, 6 og 7)				
Lágmarkslækkunar-hæð (MDH)	**Flugbrautarskyggni / flugvélaflokkur**			
	A	**B**	**C**	**D**
250-299 fet	1200 m	1300 m	1400 m	1600 m
300-449 fet	1300 m	1400 m	1600 m	1800 m
450-649 fet	1500 m	1500 m	1800 m	2000 m
650 fet og þar yfir	1500 m	1500 m	2000 m	2000 m

Tafla 4d – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir grunnaðflug – engin aðflugsljósavirki

Grunnaðflugslágmörk Engin aðflugsljósavirki (Aths. 4, 5, 6 og 7)				
Lágmarkslækkunar-hæð (MDH)	**Flugbrautarskyggni / flugvélaflokkur**			
	A	**B**	**C**	**D**
250-299 fet	1500 m	1500 m	1600 m	1800 m
300-449 fet	1500 m	1500 m	1800 m	2000 m
450-649 fet	1500 m	1500 m	2000 m	2000 m
650 fet og þar yfir	1500 m	1500 m	2000 m	2000 m

Aths. 1. Öll virki merkir flugbrautarmerkingar, 720 m eða meira af hástyrks (HI)/ meðalstyrks (MI)-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 2. Miðlungsvirki merkir flugbrautarmerkingar, 420-719 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 3. Grunnvirki merkir flugbrautarmerkingar, <420 m af hástyrks-/meðalstyrksaðflugsljósum, einhver röð lágstyrks (LI)-aðflugsljósa, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarenda. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 4. Engin aðflugsljósavirki merkir flugbrautarmerkingar, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós, ljós á brautarenda eða alls engin ljós.

Aths. 5. Töflurnar gilda aðeins um hefðbundið aðflug undir aðflugshallahorni sem er ekki stærra en 4°. Meiri aðflugshalli útheimtir venjulega að aðflugshallaljós (t.d. PAPI) séu einnig sýnileg í lágmarkslækkunarhæð (MDH).

Aths. 6. Framangreindar tölur eru annaðhvort tölur um tilkynnt flugbrautarskyggni (RVR) eða skyggni samkvæmt veðurupplýsingum umreiknað í flugbrautarskyggni eins og í h-lið hér á eftir.

Aths. 7. Lágmarkslækkunarhæðin (MDH) sem nefnd er í töflum 4a, 4b, 4c og 4d vísar til frumútreiknings á lágmarkslækkunarhæð. Þegar valið er viðeigandi flugbrautarskyggni er ástæðulaust að taka tillit til hækkunar upp í næstu 10 fet, sem kann að stafa af hagkvæmnisástæðum (t.d. vegna umreiknings yfir í lágmarkslækkunarflughæð).

5) *Næturflug*. Þegar um næturflug er að ræða skal að minnsta kosti vera kveikt á hliðarljósum flugbrautar, þröskuldarljósum og ljósum á flugbrautarendum.

c) *Nákvæmnisaðflug – starfræksla samkvæmt I. flokki (CAT I).*

1) *Almenn ákvæði*. Starfræksla samkvæmt I. flokki er nákvæmnisblindaðflug og -lending með aðstoð blindlendingarkerfis (ILS), örbylgjulendingarkerfis (MLS) eða blindlendingarratsjár (PAR) með ákvörðunarhæð (DH) sem er ekki undir 200 fetum og flugbrautarskyggni sem ekki er undir 550 m.

2) *Ákvörðunarhæð*. Flugrekandi skal sjá til þess að ákvörðunarhæðin fyrir nákvæmnisaðflug samkvæmt I. flokki sé ekki minni en:
   i) lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar, ef hún er tilgreind þar;
   ii) minnsta hæð sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í án tilskilinna kennileita;
   iii) lágmarkshæð yfir hindrun (OCH)/lágmarksbil yfir hindrun (OCL) fyrir flugvél í þeim flokki sem um er að ræða; eða
   iv) 200 fet.

3) *Kennileiti*. Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi samkvæmt I. flokki niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. tölul. c-liðar hér að framan, nema hann sjái greinilega og beri kennsl á að minnsta kosti eitt af eftirfarandi kennileitum flugbrautarinnar sem hann hyggst nota:
   i) hluta af aðflugsljósakerfinu;
   ii) þröskuldinn;
   iii) þröskuldarmerkingarnar;
   iv) þröskuldarljósin;
   v) þröskuldarauðkenniljósin;
   vi) aðflugshallavísinn;

vii) snertisvæðið eða snertisvæðismerkingarnar;
viii) snertisvæðisljósin eða;
ix) hliðarljósin.

4) *Tilskilið flugbrautarskyggni.* Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota í starfrækslu samkvæmt I. flokki (CAT I) eru sem hér segir:

Tafla 5 – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir aðflug samkvæmt I. flokki (CAT I) miðað við virki og ákvörðunarhæð (DH)

Lágmörk samkvæmt I. fl. (CAT I)				
Ákvörðunarhæð (DH) (Aths. 7)	**Virki/flugbrautarskyggni (Aths. 5)**			
	Öll (Aths. 1 og 6)	**Miðlungs** (Aths. 2 og 6)	**Lámarks** (Aths. 3 og 6)	**Engin** (Aths. 4 og 6)
200 fet	550 m	700 m	800 m	1000 m
201-250 fet	600 m	700 m	800 m	1000 m
251-300 fet	650 m	800 m	900 m	1200 m
301 fet og þar yfir	800 m	900 m	1000 m	1200 m

Aths. 1. Öll virki merkir flugbrautarmerkingar, 720 m eða meira af hástyrks (HI)/meðalstyrks (MI)-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarendum. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 2. Miðlungsvirki merkir flugbrautarmerkingar, 420-719 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarendum. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 3. Grunnvirki merkir flugbrautarmerkingar, <420 m af hástyrks-/meðalstyrks-aðflugsljósum, einhver röð lágstyrks-aðflugsljósa, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós og ljós á brautarendum. Kveikt skal vera á ljósunum.

Aths. 4. Engin aðflugsljósavirki merkir flugbrautarmerkingar, hliðarljós flugbrautar, þröskuldarljós, ljós á brautarendum eða alls engin ljós.

Aths. 5. Framangreindar tölur eru annaðhvort tölur um tilkynnt flugbrautarskyggni eða skyggni samkvæmt veðurupplýsingum umreiknað í flugbrautarskyggni eins og í h-lið hér á eftir.

Aths. 6. Taflan gildir aðeins um hefðbundið aðflug með aðflugshallahorni sem er ekki stærra en 4°.

Aths. 7. Ákvörðunarhæðin sem nefnd er í töflu 5 vísar til frumútreiknings á ákvörðunarhæð. Þegar valið er viðeigandi flugbrautarskyggni er ástæðulaust að taka tillit til hækkunar upp í næstu 10 fet, sem kann að stafa af hagkvæmnisástæðum (t.d. vegna umreiknings yfir í ákvörðunarflughæð (DA)).

5) *Flug með einum flugmanni.* Þegar um er að ræða flug með einum flugmanni verður flugrekandi að reikna út lágmarksflugbrautarskyggni fyrir öll aðflug í samræmi við JAR-OPS 1.430 og þennan viðbæti. Flugbrautarskyggni undir 800 m er ekki heimilt nema notuð sé viðeigandi sjálfstýring sem tengd er blindlendingarkerfi (ILS) eða örbylgjulendingarkerfi (MLS) og gilda þá venjuleg lágmörk. Ákvörðunarhæðin sem er notuð má ekki vera lægri en 1,25 x lágmarksnotkunarhæð fyrir sjálfstýringuna.

6) *Næturflug.* Þegar um næturflug er að ræða skal að minnsta kosti vera kveikt á hliðarljósum flugbrautar, þröskuldarljósum og ljósum á flugbrautarendum.

d) *Nákvæmnisaðflug – starfræksla samkvæmt II. flokki (CAT II).*
1) *Almenn ákvæði.* Starfræksla samkvæmt II. flokki er nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi (ILS) eða örbylgjulendingarkerfi (MLS):
i) í ákvörðunarhæð sem er undir 200 fetum en ekki minni en 100 fet; og
ii) í flugbrautarskyggni sem er ekki undir 300 m.
2) *Ákvörðunarhæð (DH).* Flugrekandi skal sjá til þess að ákvörðunarhæð fyrir starfrækslu samkvæmt II. flokki sé ekki minni en:
i) lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar, ef hún er tilgreind þar;
ii) minnsta hæð sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í án tilskilinna kennileita;
iii) lágmarkshæð (OCH)/lágmarksbil (OCL) yfir hindrun fyrir flugvél í þeim flokki sem um ræðir; eða
iv) ákvörðunarhæðin sem flugáhöfninni er heimilt að fara niður í; eða
v) 100 fet.
3) *Kennileiti.* Flugmanni er óheimilt að halda áfram aðflugi samkvæmt II. flokki niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. tölul. d-liðar hér að framan nema hann komi auga á kennileiti í formi a.m.k. þriggja ljósa í röð, sem geta verið miðlína aðflugsljósa, snertisvæðisljós, miðlínuljós eða hliðarljós flugbrautar eða einhver samsetning þessara ljósa og haldi þeim í sjónmáli. Kennileitin verða að samanstanda af þverliggjandi merkjum sem mynda mynstur á jörðinni, til dæmis þverslá aðflugsljósa, þröskuldsljós eða stuttslár snertisvæðisljósa.
4) *Tilskilið flugbrautarskyggni.* Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota í starfrækslu samkvæmt II. flokki eru sem hér segir:

Tafla 6 – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir aðflug samkvæmt II. flokki (CAT II) miðað við ákvörðunarhæð (DH)

Lágmörk II. fl. (CAT II)		
Ákvörðunarhæð (DH)	**Með sjálfstýringu tengda niður fyrir ákvörðunarhæð** (sjá Aths. 1)	
	Flugbrautarskyggni/ flugvélar í A-, B- og C-flokki	Flugbrautarskyggni/ flugvélar í D-flokki
100-120 fet	300 m	300 m (Aths. 2)/350 m
121-140 fet	400 m	400 m
141 fet og þar yfir	450 m	450 m

Aths. 1. Í þessari töflu merkir „Með sjálfstýringu tengda niður fyrir ákvörðunarhæð“ samfellda notkun sjálfstýrikerfis niður í hæð sem er ekki meiri en 80% af gildandi ákvörðunarhæð. Lofthæfikröfur geta þannig haft áhrif á hvaða ákvörðunarhæð (DH) er notuð eftir því hvaða lágmarkshæð er leyfð fyrir notkun á sjálfstýrikerfinu.

Aths. 2. Nota má 300 m fyrir sjálflendingu flugvéla í D-flokki.

(Sjá IEM með d- og e-lið 1. viðbætis við JAR OPS 1.430)

e) *Nákvæmnisaðflug – starfræksla samkvæmt III. flokki (CAT III).*
1) *Almenn ákvæði.* Starfræksla samkvæmt III. flokki er skipt á eftirfarandi hátt:
i) *Starfrækslu samkvæmt III. flokki A.* Nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi (ILS) eða örbylgjulendingarkerfi (MLS) í:
A) ákvörðunarhæð (DH) sem er undir 100 fetum; og
B) flugbrautarskyggni sem er ekki minna en 200 m.
ii) *Starfrækslu samkvæmt III. flokki B.* Nákvæmnisblindaðflug og -lending með blindlendingarkerfi (ILS) eða örbylgjulendingarkerfi (MLS) í:
A) ákvörðunarhæð sem er undir 50 fetum eða án ákvörðunarhæðar; og
B) flugbrautarskyggni sem er undir 200 m en ekki minna en 75 m.
2) *Ákvörðunarhæð (DH).* Flugrekandi skal sjá til þess að í flugi þar sem ákvörðunarhæð er notuð sé hún ekki minni en:
i) lágmarksákvörðunarhæð samkvæmt flughandbók flugvélarinnar, ef hún er tilgreind þar;
ii) minnsta hæð sem unnt er að nota nákvæmnisaðflugstækin í án þess að sjáist til tilskilinna kennileita; eða
iii) sú ákvörðunarhæð sem flugáhöfninni er heimilt að gera aðflug í.
3) *Starfræksla án ákvörðunarhæðar.* Starfræksla án ákvörðunarhæðar er því aðeins heimil:
i) að starfræksla án ákvörðunarhæðar sé heimiluð í flughandbók flugvélarinnar;
ii) að aðflugstækin og flugvallarvirkin séu gerð fyrir starfrækslu án ákvörðunarhæðar; og
iii) að flugrekandinn hafi leyfi til starfrækslu samkvæmt III. flokki án ákvörðunarhæðar.
Aths.: Þegar um er að ræða flugbraut með búnaði samkvæmt III. flokki má gera ráð fyrir að starfræksla án ákvörðunarhæðar geti viðgengist nema sérstakar takmarkanir séu þar á og þær birtar í flugmálahandbókinni (AIP) eða tilkynningu til flugmanna (NOTAM).
4) *Kennileiti.*
i) Þegar um er að ræða starfrækslu samkvæmt III. flokki A er flugmanni óheimilt að halda áfram aðflugi niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. tölul. d-liðar hér að framan nema hann komi auga á kennileiti í formi a.m.k. þriggja ljósa í röð, sem geta verið miðlína aðflugsljósa, snertisvæðisljós, miðlínuljós eða hliðarljós flugbrautar eða einhver samsetning þessara ljósa, og haldi þeim í sjónmáli.
ii) Þegar um er að ræða starfrækslu samkvæmt III. flokki B með ákvörðunarhæð er flugmanni óheimilt að halda aðflugi áfram niður fyrir ákvörðunarhæð, sem ákvörðuð er í samræmi við 2. tölul. e-liðar hér að framan, nema hann komi auga á kennileiti sem er að minnsta kosti eitt miðlínuljós og haldi því í sjónmáli.
iii) þegar um er að ræða starfrækslu samkvæmt III. flokki án ákvörðunarhæðar er þess ekki krafist að flugbrautin sjáist fyrir snertingu.
5) *Tilskilið flugbrautarskyggni.* Lægstu gildi sem flugrekandi skal nota í starfrækslu samkvæmt III. flokki eru sem hér segir:

Tafla 7 – Flugbrautarskyggni (RVR) fyrir starfrækslu samkvæmt III. flokki miðað við stýrakerfi og ákvörðunarhæð (DH)

Lágmörk samkvæmt III. fl. (CAT III)					
		Stýrakerfi/Flugbrautarskyggni (í m)			
		Bilunar-hlutlaust	Bilunarstarfhæft		
			Án stýrakerfis fyrir lendingarbrun	Með leiðsögu- eða stýrakerfi fyrir lendingarbrun	
Aðflugs-flokkur	Ákvörðunar-hæð (fet)			Bilunar-hlutlaust	Bilunar-starfhæft
III A	Undir 100 fetum	200 m (Aths. 1)	200 m	200 m	200 m
III B	Undir 50 fetum	Óheimilt	Óheimilt	125 m	75 m
III B	Engin ákvörðunarhæð	Óheimilt	Óheimilt	Óheimilt	75 m

Aths. 1. Þegar aðflug er gert í flugbrautarskyggni sem er minna en 300 m að raungildi er gert ráð fyrir að hætt sé við lendingu ef bilun verður í sjálfstýringu í eða undir ákvörðunarhæð.

(Sjá IEM með e- og d-lið 1. viðbætis við JAR OPS 1.430.)

f) *Hringaðflug.*

1) Lægstu mörk sem flugrekandi skal nota fyrir hringaðflug eru sem hér segir:

Tafla 8 – Skyggni og lágmarkslækkunarhæð (MDH) fyrir hringaðflug – skipt eftir flugvélaflokkum

Flugvélaflokkur				
	A	**B**	**C**	**D**
MDH	400 fet	500 fet	600 fet	700 fet
Minnsta skyggni samkvæmt veður-upplýsingum	1500 m	1600 m	2400 m	3600 m

2) Hringaðflug eftir tilskildum ferlum er viðurkennt verklag í skilningi þessarar greinar. (Sjá IEM með f-lið 1. viðbætis við JAR OPS 1.430.)

g) *Sjónaðflug.* Flugrekandi skal ekki nota flugbrautarskyggni undir 800 m til sjónaðflugs.

h) *Umreikningur skyggnis samkvæmt veðurupplýsingum yfir í flugbrautarskyggni.*

1) Flugrekandi skal sjá til þess að umreiknað skyggni samkvæmt veðurupplýsingum yfir í flugbrautarskyggni sé ekki notað til að reikna út flugtakslágmörk eða lágmörk samkvæmt II. eða III. flokki eða þegar upplýsingar um flugbrautarskyggni eru tiltækar.

2) Þegar skyggni samkvæmt veðurskeyti er umreiknað yfir í flugbrautarskyggni skal flugrekandi, í öllum öðrum tilvikum en um getur í 1. tölul. h-liðar hér að framan, sjá til þess að eftirfarandi tafla sé notuð:

Tafla 9 – Umreikningur skyggnis yfir í flugbrautarskyggni (RVR)

Ljós í notkun	Flugbrautarskyggni = skyggni samkvæmt veðurskeyti x	
	Að degi	Að nóttu
Hástyrks-aðflugsljós og flugbrautarljós	1,5	2,0
Öll önnur lýsing en framangreind	1,0	1,5
Engin lýsing	1,0	Gildir ekki

2. viðbætir við c-lið JAR-OPS 1.430 Flugvélaflokkar – starfræksla í skertu skyggni

a) *Flokkun flugvéla.*
Viðmiðin sem hafa þarf til hliðsjónar við skiptingu flugvéla í flokka er sýndur flughraði yfir þröskuldi (V_{AT}), sem er jafn ofrishraða með flapa í lendingarham (V_{SO}), margfölduðum með 1,3 eða ofrishraða miðuðum við 1G (V_{S1G}) margfölduðum með 1,23; þetta er miðað við lendingarham við skráðan hámarkslendingarmassa. Ef bæði V_{SO} og V_{S1G} ofrishraðar eru fyrir hendi skal nota þann hraða sem gefur hærra V_{AT}. Flugvélaflokkarnir sem svara til V_{AT}-gildanna eru gefnir upp í töflunni hér á eftir:

Flugvélaflokkur	V_{AT}
A	Minna en 91 hnútur
B	Frá 91 til 120 hnúta
C	Frá 121 til 140 hnúta
D	Frá 141 til 165 hnúta
E	Frá 166 til 210 hnúta

Flugrekandi eða framleiðandi flugvélarinnar skal skilgreina lendingarhaminn sem taka þarf mið af.

b) *Varanleg breyting á flokki (hámarkslendingarmassi)*
1) Flugrekanda er heimilt að ákveða varanlegan lendingarmassa sem er lægri og nota þann massa til að ákvarða flughraða við þröskuld (V_{AT}) ef það er samþykkt af flugmálayfirvöldum.
2) Flokkun flugvéla samkvæmt skilgreiningu er varanleg og því óháð breytilegum aðstæðum í daglegu flugi.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.440 Starfræksla í lélegu skyggni – almennar reglur (Low Visibility Operation)

a) *Almenn ákvæði.* Eftirfarandi verklagsreglur gilda við undirbúning og samþykki fyrir starfrækslu í lélegu skyggni.

b) *Sannprófun flugvélakerfa í starfrækslu.* Flugrekandi skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í c-lið hér á eftir þegar hann tekur í notkun flugvélartegund samkvæmt II. eða III. flokki sem er ný innan JAA-samtakanna.

Aths. 1. Þegar um er að ræða flugvélartegundir sem þegar eru notaðar í flugi samkvæmt II. eða III. flokki í öðru JAA-ríki gildir áætlunin um sannprófun í starfrækslu samkvæmt f-lið í staðinn.

1) *Áreiðanleiki í starfrækslu.* Árangur, miðað við kröfur samkvæmt II. og III. flokki, má ekki vera lakari en krafist er í reglum JAA um starfrækslu í skertu skyggni (JAR-AWO).
2) Viðmið fyrir vel heppnað aðflug. Aðflug telst vel heppnað ef:
   i) viðmiðin eru þau sömu og tilgreind eru í JAR-AWO eða jafngildi þeirra;
   ii) engin bilun sem máli skiptir verður í flugvélakerfum.

(Sjá IEM með b-lið 1. viðbætis við JAR–OPS 1.440.)

c) *Söfnun gagna á flugi til sannprófunar á flugvélakerfum* – almenn ákvæði.
1) Flugrekandi verður að koma á tilkynningarkerfi sem gerir kleift að viðhafa eftirlit og endurskoðun með vissu millibili á því tímabili sem mat á starfrækslunni fer fram áður en hann fær leyfi til starfrækslu samkvæmt II. eða III. flokki. Tilkynningarkerfið skal ná yfir öll heppnuð og misheppnuð aðflug, og ástæður fyrir þeim síðarnefndu, og skulu meðal annars færðar skrár yfir bilanir í íhlutum kerfa. Tilkynningarkerfið skal byggt á skýrslum flugáhafna og sjálfvirkri skráningu eins og mælt er fyrir um í d- og e-lið hér á eftir.
2) Skráning aðflugs getur átt sér stað í venjulegu flugi á flugleiðum félagsins eða í öðru flugi flugrekanda.

d) *Söfnun gagna á flugi til sannprófunar á flugvélakerfum* – starfræksla þar sem ákvörðunarhæð er ekki undir 50 fetum.
1) Í starfrækslu þar sem ákvörðunarhæð er ekki undir 50 fetum skal flugrekandi skrá og meta gögn, og skulu flugmálayfirvöld einnig meta þau ef þörf krefur.
2) Nægilegt er að flugáhöfn skrái eftirfarandi atriði:
   i) hvaða flugvöllur og flugbraut eru notuð;
   ii) veðurskilyrði;
   iii) tíma;
   iv) ástæðu fyrir bilun sem leiddi til að hætta varð við aðflug;
   v) hvort hraðastjórnun hafi verið nægjanleg;
   vi) stillingu stýra á þeim tíma sem sjálfstýringarkerfið var tekið af;
   vii) samræmi sjálfstýrikerfis, flugbeinis og frumgagna;
   viii) stöðu flugvélarinnar með tilliti til miðlínu blindlendingarkerfis við lækkun í gegnum 30 m (100 fet); og
   ix) snertipunkt flugvélarinnar í lendingu.
3) Fjöldi aðfluga, sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt, á því tímabili sem mat fer fyrst fram skal vera nægilegur til að sýna fram á að afkastagetu kerfisins sé þannig háttað í starfrækslu á flugleið að öryggið sé 90% og heppnuð aðflug 95%.

e) *Söfnun gagna á flugi til sannprófunar á flugvélakerfum* – starfræksla þar sem ákvörðunarhæð er undir 50 fetum eða engin
1) Í flugi þar sem ákvörðunarhæð er undir 50 fetum eða engin skal, auk skýrslu flugáhafnar, notaður flugriti eða annar búnaður sem veitir tilheyrandi upplýsingar til að staðfesta að afköst kerfisins í starfrækslu í raunverulegum flugrekstri séu eins og til var ætlast við hönnun þess. Krafist er gagna um:
   i) dreifingu frávika með hliðsjón af blindlendingarkerfinu (ILS) í 30 m (100 feta) hæð, við snertingu og, ef við á, þegar stýrikerfi fyrir lendingarbrun er tekið af og hæstu gildi frávika milli þessara punkta; og
   ii) hnighraða við snertingu.
2) Rannsaka verður öll frávik frá eðlilegri lendingu og nota öll tiltæk gögn til að finna orsök þeirra.

f) *Sannprófun í starfrækslu.*

Aths. 1. Flugrekandi sem uppfyllir kröfur b-liðar hér að framan telst hafa fullnægt kröfum um sannprófun í starfrækslu samkvæmt þessari grein.

1) Sýna verður fram á að áreiðanleiki og afkastageta kerfisins í flugi í raunverulegum flugrekstri geti samrýmst grundvallarmarkmiðum í starfrækslu. Ná verður tilskildum fjölda vel heppnaðra lendinga, eins og þær eru skilgreindar af flugmálayfirvöldum, í flugi á flugleiðum félagsins, að æfingaflugi meðtöldu, þar sem notað er sjálflendingar- og lendingarbrunskerfið sem er í hverri flugvélartegund fyrir sig.
2) Við sannprófun kerfanna skal nota blindlendingarkerfi samkvæmt II. eða III. flokki. Við sannprófun má flugrekandi þó nota önnur blindlendingarkerfi, kjósi hann það, sé nógu mikið til af skráðum gögnum til þess að unnt sé að ákvarða orsök ófullnægjandi afkastagetu.
3) Noti flugrekandi mismunandi afbrigði sömu flugvélartegundar, sem í aðalatriðum eru með sama stýra- og upplýsingakerfi eða mismunandi stýra- og upplýsingakerfi í sömu flugvélartegund, skal flugrekandinn sýna fram á að afbrigðin standist helstu viðmið fyrir afkastagetu grunnkerfisins, en flugrekandinn þarf ekki að ljúka fullri sannprófun í starfrækslu fyrir hvert afbrigði.
4) Þegar flugrekandi tekur í notkun flugvélartegund sem flugmálayfirvöld JAA-ríkis hafa þegar samþykkt til flugs samkvæmt II. og/eða III. flokki er heimilt að samþykkja stytta prófunaráætlun.

g) *Stöðug vöktun.*

1) Eftir að hafa fengið leyfi í fyrsta sinn skal flugrekandi fylgjast stöðugt með starfrækslunni til að greina óæskilega þróun áður en hún verður hættuleg. Til þess má nota skýrslur flugáhafna.
2) Eftirfarandi gögn skulu geymd í 12 mánuði:
   i) upplýsingar um heildarfjölda aðfluga, eftir flugvélartegund, þar sem búnaður flugvélar samkvæmt II. eða III. flokki var notaður við fullnægjandi aðflug, hvort heldur var í atvinnu- eða æfingaskyni, við gildandi lágmörk samkvæmt II. eða III. flokki; og
   ii) skýrslur um ófullnægjandi aðflug og/eða sjálflendingar, skráðar eftir flugvöllum og einkennisstöfum flugvéla, í eftirfarandi flokkum:
      A) bilanir í búnaði flugvélar;
      B) vandamál vegna virkja á jörðu niðri;
      C) fráflug vegna fyrirmæla frá flugumferðarstjórn; eða
      D) aðrar ástæður.
3) Flugrekandi skal koma á ákveðnu verklagi til að fylgjast með afkastagetu sjálflendingarkerfis hverrar flugvélar.

h) *Aðlögunartími.*

1) *Flugrekandi sem hefur enga fyrri reynslu af starfrækslu samkvæmt II. eða III. flokki.*
   i) Flugrekandi sem hefur enga fyrri reynslu af starfrækslu samkvæmt II. eða III. flokki getur fengið samþykki til flugs samkvæmt II. eða III. flokki A, hafi hann fengið að minnsta kosti sex mánaða reynslu af starfrækslu samkvæmt I. flokki á viðkomandi flugvélartegund.
   ii) Eftir að hafa fengið sex mánaða reynslu af starfrækslu samkvæmt II. flokki eða III. flokki A á viðkomandi flugvélartegund getur flugrekandi fengið leyfi til starfrækslu samkvæmt III. flokki B. Þegar flugmálayfirvöld veita þetta leyfi geta

þau sett tímabundið hærri mörk en þau lægstu sem í gildi eru. Hækkun lágmarka tekur venjulega aðeins til flugbrautarskyggnis og/eða takmarka á starfrækslu án ákvörðunarhæðar og skulu valin þannig að þau útheimti ekki breytingar á verklagi.

2) *Flugrekendur með fyrri reynslu samkvæmt II. eða III. flokki.* Flugrekandi með reynslu samkvæmt II. eða III. flokki getur sótt um styttri aðlögunartíma til flugmálayfirvalda.

i) *Viðhald á búnaði samkvæmt II. flokki eða III. flokki og búnaði til flugtaks í lélegu skyggni (LVTO).* Flugrekandi skal gefa út fyrirmæli um viðhald á leiðsögukerfum flugvélar í samráði við framleiðanda og setja þau inn í viðhaldsáætlun flugrekanda sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.910 og háð er samþykki flugmálayfirvalda.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.450 Starfræksla í lélegu skyggni – þjálfun og hæfni

a) *Almenn ákvæði.*

Flugrekandi skal sjá til þess að í áætlunum um þjálfun flugliða fyrir starfrækslu í lélegu skyggni séu innifalin skipuleg þjálfunarnámskeið á jörðu niðri, í flughermi og/eða í flugvél. Flugrekanda er heimilt að stytta efni námskeiðanna eins og mælt er fyrir um í 2. og 3. tölul. hér á eftir, að því tilskildu að flugmálayfirvöld geti fallist á stytt námsefni.

1) Flugliðar sem hafa enga reynslu samkvæmt II. og III. flokki skulu fá alla þá þjálfun sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið hér á eftir.
2) Flugliðum sem hafa reynslu samkvæmt II. og III. flokki hjá öðrum JAA-flugrekanda er heimilt að sækja stytt þjálfunarnámskeið á jörðu niðri.
3) Flugliðum sem hafa reynslu samkvæmt II. eða III. flokki hjá flugrekandanum er heimilt að sækja stytt þjálfunarnámskeið á jörðu niðri, í flughermi og/eða á flugi. Á styttri námskeiðum skal gera þær kröfur sem eru í 1. tölul. d-liðar, i-lið 2. tölul. d-liðar eða ii-lið 2. tölul. d-liðar, eftir því sem við á og i-lið 3. tölul. d-liðar.

b) *Þjálfun á jörðu niðri.*

Flugrekandi skal sjá til þess að á fyrsta þjálfunarnámskeiðinu á jörðu niðri í starfrækslu í lélegu skyggni skuli að minnsta kosti fjallað um:

1) eiginleika og takmarkanir blindlendingarkerfis (ILS) og/eða örbylgjulendingarkerfis (MLS);
2) eiginleika sýnilegu leiðsögutækjanna;
3) eiginleika þoku;
4) starfshæfni og takmarkanir viðkomandi flugvélakerfis;
5) áhrif úrkomu, íssöfnunar svo og vindhvarfa og ókyrrðar í lítilli hæð;
6) áhrif sem tilteknar bilanir í flugvél geta haft;
7) notkun og takmarkanir kerfa til að meta flugbrautarskyggni;
8) meginreglur krafna um hindranabil;
9) greiningu bilunar í búnaði á jörðu og ráðstafanir sem gera þarf í framhaldi af því;
10) verklag og varúðarráðstafanir sem gera skal að því er varðar hreyfingar á jörðu niðri þegar flugbrautarskyggni er 400 m eða þar undir og annað verklag sem nauðsynlegt er að viðhafa við flugtak í minna en 150 m skyggni (200 m fyrir flugvélar í D-flokki);
11) mikilvægi ákvörðunarhæðar sem byggð er á ratsjárhæðarmælum og áhrif af sniði landslags í aðflugsreit á ratsjárhæðarmælingar og sjálfvirk aðflugs-/lendingarkerfi;

12) mikilvægi viðbúnaðarhæðar (Alert Height), ef við á, og ráðstafanir sem gera þarf ef bilun verður fyrir ofan eða neðan viðbúnaðarhæð;
13) hvaða hæfnikröfur flugmenn verða að standast til að öðlast réttindi, og halda þeim, til að stjórna flugtaki í lélegu skyggni og starfrækslu samkvæmt II. eða III. flokki;
14) mikilvægi réttrar setu og augnstellingar;

c) *Þjálfun í flughermi og/eða í flugvél.*
1) Flugrekandi skal sjá til þess að þjálfun í starfrækslu í lélegu skyggni í flughermi og/eða í flugvél feli í sér:
   i) athugun á því hvort búnaður starfi á fullnægjandi hátt, bæði á jörðu niðri og á flugi;
   ii) áhrif á lágmörk sem stafa af breytingum á ástandi búnaðar á jörðu niðri;
   iii) vöktun sjálfstýrikerfa og tilkynningarskjáa um stöðu sjálflendingar, með áherslu á ráðstafanir sem gera þarf ef kerfin bila;
   iv) ráðstafanir sem gera þarf ef bilun verður t.d. í hreyflum, rafkerfum, vökvaþrýstikerfum eða stýrakerfum;
   v) áhrif af óstarfhæfni í búnaði sem vitað er um og notkun lista um lágmarksbúnað (MEL);
   vi) takmarkanir á starfrækslu vegna lofthæfivottorðs;
   vii) leiðbeiningar varðandi kennileiti sem krafist er að séu sýnileg í ákvörðunarhæð, ásamt upplýsingum um leyfilegt hámarksfrávik frá hallageisla eða miðlínugeisla; og
   viii) mikilvægi og gildi viðbúnaðarhæðar, ef við á, og ráðstafanir sem gera skal ef bilun verður fyrir ofan eða neðan viðbúnaðarhæð.
2) Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fái þjálfun í störfum sínum og leiðbeiningar um þá samræmingu við störf annarra flugverja sem nauðsynleg er. Til þessa ber að nýta sem mest flughermi með viðeigandi búnaði.
3) Skipta verður þjálfuninni í áfanga þar sem æfð er eðlileg starfræksla án bilunar í flugvél eða búnaði, og felst þá í henni þjálfun við skilyrði, sem búast má við í starfrækslu í skertu skyggni, og nákvæm eftirlíking af bilun í flugvél og búnaði sem gætu haft áhrif á starfrækslu samkvæmt II. eða III. flokki. Ef kerfi með blandaðri tækni eða önnur sérkerfi (svo sem framrúðuglæjur eða sjónaukandi búnaður) eru í flugvélakerfinu verða flugliðar að æfa sig í notkun þessara kerfa í flughermi við venjulegar og afbrigðilegar aðstæður.
4) Æfa skal viðbrögð við óstarfhæfni flugverja í flugtaki í lélegu skyggni og í starfrækslu samkvæmt II. og III. flokki.
5) Ef ekki er til flughermir fyrir tiltekna flugvélartegund skulu flugrekendur sjá til þess að sá áfangi flugþjálfunar þar sem fjallað er sérstaklega um sjónrænar aðstæður í starfrækslu samkvæmt II. flokki fari fram í flughermi sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt til þess. Í þeirri þjálfun verða að minnsta kosti að vera 4 aðflug. Þjálfun sem miðast við tiltekna flugvélartegund skal fara fram og verklag æft í flugvélinni.
6) Við fyrstu þjálfun samkvæmt II. og III. flokki skal æfa að minnsta kosti eftirfarandi atriði:
   i) aðflug niður í viðeigandi ákvörðunarhæð, þar sem viðkomandi flugleiðsögukerfi, sjálfstýringar og stýrakerfi flugvélarinnar eru notuð, auk skiptingar yfir í sjónflug, og lendingu;
   ii) aðflug niður í viðeigandi ákvörðunarhæð með alla hreyfla virka, þar sem viðeigandi flugleiðsögukerfi, sjálfstýringar og stýrakerfi flugvélarinnar eru notuð, og fráflug í framhaldi af því; allt án útsýnis til kennileita;

iii) aðflug þar sem sjálfstýrikerfi eru notuð við sjálfvirka sléttingu, lendingu og lendingarbrun, eftir því sem við á; og
iv) eðlilega starfrækslu viðkomandi kerfis, bæði án þess og með því að hafa komið auga á kennileiti úr ákvörðunarhæð.

7) Í síðari áföngum þjálfunarinnar verður að minnsta kosti að þjálfa:
i) aðflug með hreyfilbilun á ýmsum stigum aðflugs;
ii) aðflug með bilunum í veigamiklum búnaði (svo sem rafkerfum, sjálfstýrikerfum, blindlendingar-/örbylgjulendingarkerfum á jörðu og/eða í flugvél og stöðuvökturum (status monitors);
iii) aðflug þar sem bilun í búnaði sjálfstýrikerfa í lítilli hæð útheimtir annaðhvort:
A) skipti yfir í handstýrt flug til að stjórna sléttingu, lendingu og lendingarbruni eða fráflugi; eða
B) skipti yfir í handstýrt flug eða skertan sjálfstýrihátt til að stjórna fráflugi í eða undir ákvörðunarhæð, þar með talið fráflug sem getur endað með snertingu við braut;
iv) bilanir í kerfum sem leiða til of mikils fráviks frá miðlínugeisla eða hallageisla, bæði yfir og undir ákvörðunarhæð, í minnsta skyggni sem leyfi er fyrir. Að auki þarf að æfa skiptingu yfir í handstýrða lendingu ef framrúðuglæja virkar sem skertur sjálfstýrihátt eða sem eini sléttingarhátturinn; og
v) bilanir og verklag sem eiga sérstaklega við ákveðna tegund eða afbrigði flugvéla.

8) Í þjálfunaráætluninni skal gert ráð fyrir æfingu í viðbrögðum við bilunum sem útheimta að horfið sé til hærri lágmarka.
9) Í aðflugi samkvæmt III. flokki með bilunarhlutlausu stýrakerfi skal þjálfunaráætlunin fela í sér stjórnun flugvélar ef bilun leiðir til þess að sjálfstýringin fer af, í eða undir ákvörðunarhæð og síðasta tilkynning um flugbrautarskyggni hljóðar upp á 300 m eða minna.
10) Ef flugtök eru framkvæmd í 400 m flugbrautarskyggni eða minna skal koma á þjálfun sem tekur til kerfabilana og hreyfilbilunar þar sem flugtaki er haldið áfram eða hætt við flugtak.

d) *Kröfur sem uppfylla þarf um þjálfun vegna flugvélaskipta til að fá leyfi til flugtaks í lélegu skyggni og starfrækslu samkvæmt II. og III. flokki.*
Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði ljúki eftirfarandi þjálfun í verklagi í lélegu skyggni ef hann skiptir yfir á tegund eða afbrigði flugvélar sem verður notuð í flugtök í lélegu skyggni og starfrækt samkvæmt II. og III. flokki. Í 2. tölul. a-liðar og 3. tölul. a-liðar hér að framan eru settar fram kröfur um þá reynslu sem flugliðar verða að hafa til að fara á styttra námskeið:

1) Þjálfun á jörðu niðri. Viðeigandi kröfur í b-lið hér að framan þar sem tekið er mið af þjálfun og reynslu flugliða samkvæmt II. og III. flokki.
2) Þjálfun í flughermi og/eða í flugvél.
i) Minnst 8 aðflug og/eða lendingar í flughermi sem hefur verið samþykktur til þessa.
ii) Ef ekki er til flughermir sem er eins og flugvélartegundin sem um ræðir þarf að gera minnst 3 aðflug á flugvélinni og hætta við lendingu að minnsta kosti einu sinni.
iii) Viðeigandi viðbótarþjálfun, ef krafist er sérbúnaðar svo sem framrúðuglæju eða sjónaukandi búnaðar.

3) *Hæfni flugliða.* Kröfur um hæfni flugliða miðast við flugrekanda og flugvélartegundina sem flogið er.
   i) Flugrekandinn skal sjá til þess að hver flugliði ljúki prófi áður en hann framkvæmir aðflug samkvæmt II. eða III. flokki.
   ii) Í stað prófsins í i-lið hér að framan getur komið þjálfun í flughermi og/eða í flugvél, samkvæmt 2. tölul. d-liðar hér að framan, sem lokið er með fullnægjandi árangri.
4) *Flug á flugleiðum undir umsjón.* Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fljúgi á flugleið undir umsjón sem hér segir:
   i) í II. flokki, ef krafist er handstýrðrar lendingar, minnst þriggja lendinga eftir að sjálfstýringin hefur verið tekin af;
   ii) í III. flokki, minnst 3 sjálflendingar en þó er aðeins krafist einnar sjálflendingar þegar þjálfunin sem krafist er í 2. tölul. d-liðar hér að framan hefur farið fram í flughermi með fullri hreyfingu sem nota má til þjálfunar án þjálfunar í flugvél.

e) *Reynsla af flugvélartegund og flugstjórn.*
Áður en flugstjóri sem hefur ekki flogið viðkomandi flugvélartegund áður, eða flugmaðurinn sem yrði falin stjórn flugsins, fær réttindi til starfrækslu nýrrar flugvélar samkvæmt II. eða III. flokki eru gerðar eftirfarandi viðbótarkröfur til hans:
1) að hafa flogið 50 stundir eða 20 flug á viðkomandi tegund, þar með talið flug á flugleið undir umsjón; og
2) bæta skal 100 m við lágmarkskröfur um flugbrautarskyggni samkvæmt II. eða III. flokki, nema hann hafi áður fengið réttindi til starfrækslu samkvæmt II. eða III. flokki hjá JAA-flugrekanda, þar til hann hefur að baki 100 stundir eða 40 flug, þar með talið flug á flugleið undir umsjón, á þeirri tegund flugvélar.
3) Flugmálayfirvöldum er heimilt að slaka á framangreindum kröfum um flugstjórnarreynslu þegar um er að ræða flugliða sem hafa flugstjórnarreynslu samkvæmt II. og III. flokki.

f) *Flugtak í lélegu skyggni þegar flugbrautarskyggni er undir 150/200 m.*
1) Flugrekandi skal sjá til þess að leyfi til að stjórna flugtaki í minna en 150 m flugbrautarskyggni (200 m fyrir flugvélar í D-flokki) séu ekki veitt fyrr en að lokinni þjálfun sem hér segir:
   i) eðlilegt flugtak í minnsta leyfilega flugbrautarskyggni;
   ii) flugtak í minnsta leyfilega flugbrautarskyggni og með hreyfilbilun milli ákvörðunarhraða V_1 og öryggishraða (í frumklifri) V_2, eða um leið og öryggi leyfir; og
   iii) flugtak í minnsta leyfilega flugbrautarskyggni og með hreyfilbilun áður en ákvörðunarhraða V_1 er náð, sem leiðir til þess að hætt er við flugtak.
2) Flugrekandi skal sjá til þess að þjálfun sem krafist er í 1. tölul. hér að framan fari fram í samþykktum flughermi. Þjálfunin verður að taka til allrar notkunar sérstaks verklags og búnaðar. Ef ekki er til samþykktur flughermir geta flugmálayfirvöld samþykkt að þessi þjálfun fari fram um borð í flugvél án þess að gerðar séu kröfur um minnsta leyfilega flugbrautarskyggni. (Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.965.)
3) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði hafi lokið prófi áður en hann fær leyfi til að stjórna flugtaki í lélegu skyggni í minna en 150 m flugbrautarskyggni (minna en 200 m fyrir flugvélar í D-flokki) eftir því sem við á. Aðeins þjálfun sem lokið er með fullnægjandi árangri í flughermi og/eða í flugvél samkvæmt 1. tölul. f-liðar hér að framan þegar fyrst er skipt um flugvélartegund getur komið í stað prófsins.

g) *Reglubundin þjálfun og próf – starfræksla í lélegu skyggni.*
1) Flugrekandi skal sjá til þess að í tengslum við venjulega reglubundna þjálfun og próf flugrekanda sé kunnátta og geta flugmanns til að inna af hendi störf, sem tengjast tilteknum flokki réttinda hans til starfrækslu, prófuð. Tilskilinn fjöldi aðfluga á gildistíma hæfniprófs flugrekanda (eins og mælt er fyrir um í b-lið JAR-OPS 1.965) skal vera minnst 3, og má eitt þeirra fela í sér aðflug og lendingu flugvélarinnar með samþykktu II. eða III. flokks verklagi. Eitt fráflug skal flogið í hæfniprófi flugrekanda. Hafi flugrekandi heimild til að nota flugtak í flugbrautarskyggni sem er undir 150/200 metrum skal í hæfniprófi flugrekanda framkvæmt að minnsta kosti eitt flugtak í lélegu skyggni í minnsta leyfilega skyggni. (Sjá i-lið b-liðar IEM OPS 1.450.)
2) Til þjálfunar fyrir starfrækslu samkvæmt III. flokki skal flugrekandi nota flughermi sem samþykktur er fyrir þjálfun samkvæmt III. flokki.
3) Flugrekandi skal sjá til þess að fyrir starfrækslu samkvæmt III. flokki, þegar um er að ræða flugvélar með bilunarhlutlaust stýrakerfi, sé, að minnsta kosti einu sinni á því tímabili sem þrjú hæfnipróf flugrekanda eru tekin flogið fráflug sem leiðir af bilun í sjálfstýringu í eða undir ákvörðunarhæð þegar síðasta tilkynning um flugbrautarskyggni hljóðar upp á 300 m eða minna.
4) Flugmálayfirvöldum er heimilt að leyfa reglubundna þjálfun og próf í starfrækslu samkvæmt II. flokki og flugtaki í lélegu skyggni í tiltekinni flugvélartegund þar sem ekki er völ á samþykktum flughermi.

Aths. 1. Nýleg reynsla af flugtaki í lélegu skyggni og aðflugi (starfrækslu) samkvæmt II. eða III. flokki er byggist á sjálfvirkum aðflugum og/eða sjálflendingum er haldið við með reglubundinni þjálfun og prófum eins og mælt er fyrir um í þessum lið.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.455 Starfræksla í lélegu skyggni – verklagsreglur

a) *Almenn ákvæði.* Starfræksla í lélegu skyggni felur í sér:
1) handstýrt flugtak (með eða án rafeindaleiðsögukerfa);
2) aðflug með sjálfstýringuna tengda við blindlendingarkerfið niður fyrir ákvörðunarhæð, með handstýrðri sléttingu, lendingu og lendingarbruni;
3) aðflug með sjálfstýringuna tengda við blindlendingarkerfið og í framhaldi af því sjálfstýrð slétting og lending en handstýrt lendingarbrun; og
4) aðflug með sjálfstýringuna tengda við blindlendingarkerfið og í framhaldi af því sjálfstýrð slétting, lending og lendingarbrun, þegar gildandi flugbrautarskyggni er minna en 400 m.

Aths. 1. Nota má blandað kerfi við allar þessar tegundir starfrækslu.

Aths. 2. Heimilt er að votta og samþykkja önnur leiðsögukerfi eða aðra skjái.

b) *Verklagsreglur og leiðbeiningar.*
1) Eðli og umfang þeirra verklagsreglna og leiðbeininga sem settar eru fram er háð búnaði flugvélarinnar og verklagi í stjórnklefa. Flugrekandi skal tilgreina skilmerkilega í flugrekstrarhandbókinni hverjar eru skyldur flugliða í flugtaki, aðflugi, sléttingu, lendingarbruni og fráflugi. Leggja verður sérstaka áherslu á ábyrgð flugliða þegar skiptir úr blindflugi yfir í flug eftir kennileitum og verklag sem ber að viðhafa þegar skyggni fer versnandi eða bilun verður. Sérstaklega verður að huga að því hvernig störfum í stjórnklefa er skipt niður til að tryggja að vinnuálagið á flugmanninum sem tekur ákvörðun um lendingu eða fráflug sé með þeim hætti að hann geti einbeitt sér að því að hafa yfirumsjón og taka ákvarðanir.

2) Flugrekandi skal tilgreina lið fyrir lið allar verklagsreglur og leiðbeiningar í flugrekstrarhandbókinni. Leiðbeiningarnar verða að vera í samræmi við takmarkanir og skyldubundið verklag í flughandbók flugvélarinnar og skulu sérstaklega taka til eftirfarandi atriða:
   i) athugun á því hvort búnaður flugvélarinnar starfi á viðunandi hátt bæði fyrir brottflug og í flugi;
   ii) áhrif á lágmörk sem stafa af breyttu ástandi búnaðar á jörðu niðri og búnaði flugvélarinnar;
   iii) verklag við flugtak, aðflug, sléttingu, lendingu, lendingarbrun og fráflug;
   iv) verklagsreglur sem fylgja skal ef bilun verður, ef viðvörunarmerki koma fram og við aðrar óvenjulegar aðstæður;
   v) tilskilin lágmarkssýn til kennileita;
   vi) mikilvægi réttrar setu og augnstellingar;
   vii) ráðstafanir sem kann að vera nauðsynlegt að gera ef útsýn til kennileita versnar;
   viii) skipting starfa niður á áhöfn þegar fylgt er verklagsreglum samkvæmt i- til iv-lið og vi-lið hér að framan, svo að flugstjórinn geti einbeitt sér að því að hafa yfirumsjón og taka ákvarðanir;
   ix) kröfur um að öll hæðarútköll undir 200 fetum séu byggð á ratsjárhæðarmæli og að einn flugmaður haldi áfram að vakta mælitæki flugvélarinnar þar til lendingu er lokið;
   x) kröfur um að viðkvæmt svæði miðlínugeisla sé varið;
   xi) notkun upplýsinga um vindhraða, vindhvörf, ókyrrð og spillta flugbraut ásamt notkun fjölmælinga varðandi flugbrautarskyggni;
   xii) verklag sem skal viðhaft á æfingum á aðflugi og lendingu á flugbrautum þar sem ekki eru í gildi allar verklagsreglur flugvallarins samkvæmt II. og III. flokki;
   xiii) takmarkanir á starfrækslu vegna lofthæfiskírteinis; og
   xiv) upplýsingar um leyfilegt hámarksfrávik frá hallageisla og/eða miðlínugeisla.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.465 Lágmarksskyggni fyrir sjónflug

Flokkur loftrýmis	B	C D E	F G	
			Yfir 900 m (3.000 fetum) yfir meðalsjávarhæð (AMSL) eða yfir 300 m (1.000 fetum) yfir landi, hvort heldur er hærra	Í eða undir 900 m (3.000 fetum) yfir meðalsjávarhæð (AMSL) eða 300 m (1.000 fetum) yfir landi, hvort heldur er hærra
Fjarlægð frá skýjum	Laus við ský	1.500 m lárétt 300 m (1.000 fet) lóðrétt		Laus við ský og sér til jarðar
Flugskyggni	8 km í og yfir 3050 m (10.000) fetum yfir meðalsjávarhæð (Aths. 1) 5 km undir 3050 m (10.000 fetum) yfir meðalsjávarhæð			5 km (Aths. 2)

Aths. 1. Þegar skiptihæð er lægri en 3.050 m (10.000 fet) yfir meðalsjávarhæð skal nota fluglag (FL) 100 í stað10.000 feta.

Aths. 2. Heimilt er að starfrækja flugvélar í A- og B-flokki niður í 3.000 m flugskyggni, að því tilskildu að hlutaðeigandi flugumferðaryfirvöld leyfi starfrækslu í minna en 5 km flugskyggni og aðstæður séu þannig að líkur á að mæta annarri umferð séu litlar og sýndur flughraði (IAS) sé 140 hnútar eða minni.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 F-kafli

F-KAFLI – AFKASTAGETA – ALMENN ÁKVÆÐI

JAR-OPS 1.470 Gildissvið

a) Flugrekandi skal sjá til þess að fjölhreyflaflugvélar knúnar skrúfuhverfihreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9 eða með yfir 5.700 kg hámarksflugtaksmassa, og allar fjölhreyflaflugvélar knúnar þotuhreyflum séu starfræktar í samræmi við G-kafla (Afkastageta – A-flokkur).

b) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar knúnar skrúfuhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 9 eða færri og með 5.700 kg hámarksflugtaksmassa eða minni séu starfræktar í samræmi við H-kafla (Afkastageta – B-flokkur).

c) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar knúnar strokkhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9 eða með yfir 5.700 kg hámarksflugtaksmassa, séu starfræktar í samræmi við I-kafla (Afkastageta – C-flokkur).

d) Ef ekki er unnt að sýna fram á að kröfur í viðkomandi kafla hafi verið uppfylltar vegna sérstakra hönnunareiginleika (t.d. ef um er að ræða hljóðfráar flugvélar eða lagarflugvélar), skal flugrekandi nota samþykkta staðla um afkastagetu sem tryggja að öryggið sé jafnmikið og gerð er krafa um í viðkomandi kafla.

e) Flugmálayfirvöld geta heimilað starfrækslu fjölhreyflaflugvéla sem knúnar eru skrúfuhverfihreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9 og með 5.700 kg hámarksflugtaksmassa eða minni, samkvæmt öðrum starfrækslutakmörkunum en í afkastagetuflokki A, enda feli þær ekki í sér minni takmarkanir en viðkomandi kröfur í H-kafla.

f) Ákvæði e-liðar hér að framan falla úr gildi 1. apríl 2000.

JAR-OPS 1.475 Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal sjá til þess að massi flugvélar:
   1) í upphafi flugtaks;
   eða, ef flugáætlun er breytt á flugi,
   2) á upphafsstað breyttrar flugáætlunar, sé ekki meiri en sá massi sem stenst kröfurnar í þeim kafla sem flugið fellur undir, og er þá gert ráð fyrir að massinn minnki eftir því sem líður á flugið og að tekið sé tillit til snögglosunar eldsneytis eins og kveðið er á um í sérkröfunum.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbók flugvélarinnar séu notuð til að ákvarða hvort kröfur í viðkomandi kafla hafi verið uppfylltar og, ef þurfa þykir, að viðbættum öðrum gögnum sem flugmálayfirvöld geta fallist á og mælt er fyrir um í viðkomandi kafla. Ef notaðir eru stuðlar, sem mælt er fyrir um í viðkomandi kafla, má taka tillit til þess ef sömu starfrækslustuðlar eru þegar í gögnum flughandbókar flugvélarinnar um afkastagetu svo að sömu stuðlar séu ekki notaðir tvisvar sinnum. (Sjá b-lið AMC OPS 1.475 og b-lið IEM OPS 1.475.)

c) Þegar farið er að ákvæðum í viðkomandi kafla, ber að taka tilhlýðilegt tillit til þess í hvaða ham flugvélinni er flogið, umhverfisaðstæðna og starfrækslu kerfa sem hafa óhagstæð áhrif á afkastagetu.

d) Að því er varðar afkastagetu má flokka rakar flugbrautir, að undanskildum grasbrautum, sem þurrar væru.

JAR-OPS 1.480 Skilgreiningar

a) Merking hugtaka, sem notuð eru í F-, G-, H-, I- og J-kafla en eru ekki skilgreind í JAR-1, er sem hér segir:

1) *Tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak* (Accelerate-stop distance available, ASDA): Lengd tiltæks flugtaksbruns að viðbættri lengd öryggisbrautar, ef viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst því yfir að slík braut sé tiltæk og geti borið massa flugvélarinnar við ríkjandi starfræksluskilyrði.

2) *Spillt flugbraut* (Contaminated runway): Flugbraut telst vera spillt (hvort sem það er á afmörkuðu svæði eða ekki) þegar meira en 25% af yfirborði hennar, innan þeirrar lengdar og breiddar sem tilskilin er og er notuð, er þakið eftirfarandi:
   i) meira en 3 mm (0,125 þumlunga) djúpu vatni, eða krapi eða lausamjöll sem svarar til meira en 3 mm (0,125 þumlunga) af vatni;
   ii) snjó, þjöppuðum saman í þéttan massa, sem er ekki hægt að þjappa meira og loðir saman eða brotnar í stykkjum ef hann er tekinn upp (samþjappaður snjór); eða
   iii) ís, þar með talinn blautur ís.

3) *Rök flugbraut* (Damp runway): Flugbraut telst vera rök ef yfirborðið er ekki þurrt en glansar þó ekki af rakanum.

4) *Þurr flugbraut* (Dry runway): Flugbraut, sem hvorki er blaut né spillt, en til þeirra teljast flugbrautir með slitlagi með sérstökum raufum eða gljúpu slitlagi, sem er haldið við til þess að hemlun á flugbrautinni verði eins og hún væri þurr, jafnvel þótt rakinn sé einhver.

5) *Tiltæk lendingarvegalengd* (Landing distance available, LDA): Lengd flugbrautar sem viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst tiltæka og nothæfa fyrir brautarbrun flugvélar í lendingu.

6) *Hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi* (Maximum approved passenger seating configuration): Hámarksfjöldi farþegasæta í flugvél, sem flugrekandi notar, flugmálayfirvöld hafa samþykkt og tiltekinn er í flugrekstrarhandbókinni, að frátöldum flugmannssætum eða sætum í stjórnklefa og sætum þjónustuliða eftir því sem við á.

7) *Tiltæk flugtaksvegalengd* (Take off distance available, TODA): Tiltæk lengd flugtaksbruns að viðbættri lengd tiltæks hindrunarlauss klifursvæðis.

8) *Flugtaksmassi* (Take off mass): Flugtaksmassi flugvélar er massi hennar, að meðtöldu öllu og öllum sem um borð eru við upphaf flugtaksbruns.

9) *Tiltækt flugtaksbrun* (Take off run available, TORA): Lengd flugbrautar sem viðkomandi flugmálayfirvöld hafa lýst tiltæka og nothæfa fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki.

10) *Blaut flugbraut* (Wet runway): Flugbraut telst vera blaut ef yfirborð hennar er þakið vatni, eða öðru sambærilegu, í minna magni en tilgreint er í 2. tölul. a-liðar hér að framan, eða ef raki á yfirborðinu er svo mikill að af henni sýnist stafa speglun án þess þó að vatn liggi á stórum hluta hennar.

b) Hugtökin „hemlunarvegalengd við flugtak“, „flugtaksvegalengd“, „flugtaksbrun“, „raunflugslóð flugtaks“, „raunflugslóð á flugleið með einn hreyfil óvirkan“ og „raunflugslóð á flugleið með tvo hreyfla óvirka“, að því er varðar flugvélina, eru eins og segir í lofthæfikröfum, sem flugvélin þurfti að uppfylla til að fá skírteini, eða hafa þá merkingu sem flugmálayfirvöld tilgreina telji þau skilgreiningarnar ófullnægjandi til að sýna fram á samræmi við takmarkanir á starfræksluafköstum.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 G-kafli

G-KAFLI – AFKASTAGETA – A-FLOKKUR

JAR-OPS 1.485 Almenn ákvæði

a) Til þess að unnt sé að ákvarða hvort farið sé að ákvæðum þessa kafla skal flugrekandi sjá til þess að til viðbótar samþykktum gögnum um afköst í flughandbókinni sé öðrum gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, bætt við eftir þörfum ef samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbók eru ófullnægjandi að því er varðar atriði eins og:
   1) að taka tillit til erfiðra starfræksluskilyrða, t.d. í flugtaki og lendingu á spilltum flugbrautum sem eðlilegt er að gera ráð fyrir; og
   2) að hafa í huga að hreyfilbilun getur orðið á öllum stigum flugs.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar blautar eða spilltar flugbrautir, að notuð séu gögn um afköst, sem eru ákvörðuð í samræmi við JAR 25X1591, eða sambærileg gögn sem flugmálayfirvöld geta fallist á. (Sjá b-lið IEM OPS 1.485.)

JAR-OPS 1.490 Flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugtaksmassi fari ekki yfir þann hámarksflugtaksmassa sem er tilgreindur í flughandbók flugvélarinnar fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

b) Þegar flugrekandi ákvarðar leyfilegan hámarksmassa í flugtaki skal hann uppfylla eftirfarandi kröfur:
   1) hemlunarvegalengd við flugtak má ekki vera lengri en tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak;
   2) flugtaksvegalengd má ekki vera lengri en tiltæk flugtaksvegalengd, með hindrunarlaust klifursvæði sem er ekki lengra en helmingur tiltæks flugtaksbruns;
   3) flugtaksbrun má ekki vera lengra en tiltækt flugtaksbrun;
   4) sýna verður fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar með því að nota eitt gildi ákvörðunarhraða (V_1) fyrir flugtak sem hætt er við eða haldið áfram; og
   5) á blautri eða spilltri flugbraut má flugtaksmassi ekki vera meiri en leyfilegt er í flugtaki á þurri flugbraut við sömu aðstæður.

c) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann uppfylli kröfur b-liðar hér að framan:
   1) málþrýstingshæð á flugvelli;
   2) umhverfishita á flugvelli; og
   3) ástandi og gerð yfirborðs flugbrautar (sjá 3. tölul. c-liðar IEM OPS 1.490);
   4) halla brautar í flugtaksátt;
   5) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli; og

6) að flugbrautin kann að styttast vegna þess hvernig flugvélinni er stillt upp fyrir flugtak. (Sjá 6. tölul. c-liðar IEM OPS 1.490.)

JAR-OPS 1.495 Hindranabil við flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á raunflugslóð flugtaks sé að minnsta kosti 35 feta lóðrétt hindranabil sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er að minnsta kosti 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd sem flugvélin leggur að baki að lokinni tiltækri flugtaksvegalengd eða, ef gert er ráð fyrir beygju áður en tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, að lokinni flugtaksvegalengd. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar, plús 60 m plús 0,125 x D. (Sjá a-lið IEM OPS 1.495.)

b) Þegar flugrekandi sýnir fram á að hann uppfylli kröfur a-liðar hér að framan skal hann taka mið af eftirfarandi atriðum:
   1) massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns;
   2) málþrýstingshæð á flugvelli;
   3) umhverfishita á flugvelli; og
   4) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

c) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan:
   1) skulu ferilbreytingar ekki leyfðar fyrr en raunflugslóð flugtaks er komin í hæð sem svarar til hálfs vænghafs en er ekki minni en 50 fet yfir landhæð við lok tiltæks flugtaksbruns. Þaðan og upp í 400 feta hæð er gert ráð fyrir að flugvélinni sé ekki hallað meira en 15°. Fyrir ofan 400 feta hæð má áætla beygjuhalla á bilinu 15 til 25°;
   2) skal alls staðar á raunflugslóð flugtaks, þar sem flugvélinni er hallað meira en 15°, vera að minnsta kosti 50 feta lóðrétt bil yfir hindranir innan láréttrar fjarlægðar sem tiltekin er í a-, d- og e-lið þessarar greinar; og
   3) skal flugrekandi viðhafa sérstakt verklag, sem er háð samþykki flugmálayfirvalda, og nota aukinn beygjuhalla sem ekki er meiri en 20° í 200-400 feta hæð eða ekki meira en 30° í yfir 400 feta hæð. (Sjá 1. viðbæti við 3. tölul. c-liðar AMC OPS 1.495.)
   4) skal taka nægilegt tillit til áhrifa beygjuhalla á flughraða og flugslóð, svo sem meiri vegalengda vegna aukins flughraða. (Sjá 4. tölul. c-liðar AMC OPS 1.495.)

d) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:
   1) 300 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem taka þarf tillit til hindrana (Sjá 1. tölul. d-liðar og 1. tölul. e-liðar AMC OPS 1.495.); eða
   2) 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

e) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:
   1) 600 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á því svæði þar sem þarf að taka tillit til hindrana (Sjá 1. tölul. d-liðar og 1. tölul. e-liðar AMC OPS 1.495.); eða
   2) 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

f) Flugrekandi skal setja reglur um verklag í viðlögum til að uppfylla kröfur JAR-OPS 1.495 og tryggja að leið sé örugg og að sneitt sé hjá hindrunum þannig að flugvélin geti annaðhvort uppfyllt kröfur JAR-OPS 1.500 á flugleið eða lent á brottfararflugvelli eða á varaflugvelli fyrir flugtak (sjá f-lið IEM OPS 1.495).

JAR-OPS 1.500 Á flugleið – einn hreyfill óvirkur
(Sjá AMC OPS 1.500)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að gögn um einn hreyfil óvirkan á raunflugslóð á flugleið, sem eru í flughandbók flugvélarinnar og eiga við þau veðurskilyrði sem gert er ráð fyrir á fluginu, séu í samræmi við annaðhvort b- eða c-lið alls staðar á leiðinni. Raunflugslóð verður að geta haft jákvæðan halla í 1.500 fetum yfir flugvellinum þar sem áætlað er að lenda ef hreyfill bilar. Við veðurskilyrði þar sem nauðsynlegt er að starfrækja ísvarnarkerfin þarf að taka tillit til áhrifa af notkun þeirra á raunflugslóð.

b) Halli raunflugslóðar verður að vera jákvæður í að minnsta kosti 1.000 fetum yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril.

c) Nauðsynlegt er að á raunflugslóð geti flugvélin haldið fluginu áfram úr farflugshæð til flugvallar þar sem unnt er að lenda í samræmi við JAR-OPS 1.515 eða 1.520, eftir því sem við á, og að á raunflugslóðinni sé lóðrétt hindranabil að minnsta kosti 2.000 fet yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril, í samræmi við 1.-4. tölul. hér á eftir:
   1) gert er ráð fyrir að hreyfillinn bili á versta stað á leiðinni;
   2) tekið er tillit til áhrifa vinda á flugslóðina;
   3) ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir; og
   4) flugvöllurinn þar sem gert er ráð fyrir að flugvélin lendi eftir hreyfilbilun skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:
      i) kröfum um afkastagetu miðað við áætlaðan lendingarmassa skal vera fullnægt og
      ii) veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, og skýrslur um ástand vallarins skulu gefa til kynna að unnt verði að lenda á öruggan hátt á áætluðum lendingartíma.

d) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum JAR-OPS 1.500 verður hann að breikka beltið sem um getur í b- og c-lið hér að framan í 18,5 km (10 sjómílur) ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu.

JAR-OPS 1.505 Á flugleið – flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óvirkir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á fyrirhuguðum flugferli sé flugvél með þrjá hreyfla eða fleiri, á öllum hreyflum á farflugshraða fyrir langdrægi aldrei fjær en svo frá flugvelli, sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa, að unnt sé að ná þangað á 90 mínútum við staðalhitastig í logni, nema farið sé eftir b- til f-liðum hér á eftir.

b) Gögn um raunflugslóð flugvélar á flugleið með tvo hreyfla óvirka verða að gera flugvélinni kleift að halda fluginu áfram við þau veðurskilyrði sem búist er við, frá þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á sama tíma, til flugvallar þar sem unnt er að lenda og stöðva vélina að fullu með því að nota tilskilið verklag fyrir lendingu með tvo hreyfla óvirka. Á raunflugslóð skal lóðrétt hindranabil vera

að minnsta kosti 2.000 fet yfir öllu landi og hindrunum á leiðinni á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril. Í þeirri hæð og við veðurskilyrði þar sem nauðsynlegt er að starfrækja ísvarnarkerfin þarf að taka tillit til áhrifa af notkun þeirra á raunflugslóð. Ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu skal flugrekandi breikka áðurnefnt belti í 18,5 km (10 sjómílur).

c) Gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á versta stað á þeim hluta leiðarinnar þar sem flugvélin á lengra en 90 mínútna flug eftir á farflugshraða fyrir langdrægi á öllum hreyflum við staðalhitastig í logni til flugvallar sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.

d) Raunflugslóð verður að geta haft jákvæðan halla í 1500 fetum yfir flugvelli þar sem ráðgert er að lenda eftir að tveir hreyflar hafa bilað.

e) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

f) Áætlaður massi flugvélarinnar á þeim stað sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili má ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti sé eftir til að halda áfram til flugvallar þar sem gert er ráð fyrir að lenda, koma í að minnsta kosti 1500 fetum beint yfir lendingarsvæðið og fljúga í þeirri hæð í 15 mínútur eftir það.

JAR-OPS 1.510 Lending – ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir
(Sjá AMC OPS 1.510 og 1.515)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið JAR-OPS 1.475, fari ekki yfir hámarkslendingarmassann sem tilgreindur er fyrir hæð og væntanlegan umhverfishita á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

b) Fyrir blindaðflug með ákvörðunarhæðir undir 200 fetum þarf flugrekandi að fullvissa sig um að aðflugsmassi flugvélarinnar, og er þá flugtaksmassinn og áætluð eldneytiseyðsla á flugi tekið með í reikninginn, leyfi klifurhalla í fráflugi, með bilaðan markhreyfil á hraða og í ham sem notaður er þegar hætt er við lendingu með 2,5% eða útgefnum halla, hvort sem meira er. Notkun annarrar aðferðar þarf að vera samþykkt af flugmálayfirvöldum. (Sjá b-lið IEM OPS 1.510.)

JAR-OPS 1.515 Lending – þurrar flugbrautir
(Sjá AMC OPS 1.510 og 1.515)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, ákvarðaður í samræmi við a-lið JAR-OPS 1.475 miðað við áætlaðan lendingartíma, á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum leyfi lendingu og algera stöðvun úr 50 fetum yfir þröskuldi:

1) fyrir flugvélar knúðar þotuhreyflum, á innan við 60% af tiltækri lendingarvegalengd; eða
2) fyrir flugvélar knúnar skrúfuhverfihreyflum, á innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd;
3) fyrir verklag í bröttu aðflugi geta flugmálayfirvöld samþykkt notkun gagna um lendingarvegalengdir sem eru leiðrétt í samræmi við 1. og 2. tölul. a-liðar hér að framan, eftir því sem við á, og byggð á lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum sem er minni en 50 fet en ekki minni en 35 fet. (Sjá 1. viðbæti við 3. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.515.)
4) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum 1. og 2. tölul. a-liðar hér að framan er flugmálayfirvöldum í undantekningartilvikum heimilt, ef þau eru þess

fullviss að þess sé þörf (sjá 1. viðbæti), að samþykkja skammbrautarlendingu í samræmi við 1. og 2. viðbæti ásamt hvers konar öðrum viðbótarskilyrðum sem flugmálayfirvöld telja vera nauðsynleg til þess að tryggja viðunandi öryggi í því sérstaka tilviki.

b) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan þarf hann að taka mið af eftirfarandi:
   1) hæð flugvallar;
   2) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli; og
   3) flugbrautarhalla í lendingarátt, ef hann er meiri en +/-2%.

c) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan þarf að gera ráð fyrir því:
   1) að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni, í logni; og
   2) að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar, og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri og með hliðsjón af öðrum aðstæðum, svo sem lendingartækjum og landslagi. (Sjá c-lið IEM OPS 1.515.)

d) Ef flugrekandi getur ekki uppfyllt skilyrði 1. tölul. c-liðar hér að framan um ákvörðunarflugvöll með eina flugbraut, þar sem lending er háð tilteknum vindstuðli, má senda flugvél af stað ef tilgreindir eru 2 varaflugvellir sem eru í fullu samræmi við ákvæði a-, b- og c-liðar. Áður en aðflug til lendingar á ákvörðunarflugvelli er hafið verður flugstjórinn að ganga úr skugga um að unnt sé að lenda í fullu samræmi við ákvæði JAR-OPS 1.510 og a- og b-liðar hér að framan.

e) Ef flugrekandi getur ekki fullnægt skilyrðum 2. tölul. c-liðar um ákvörðunarflugvöll má senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem uppfyllir að öllu leyti skilyrði a-, b- og c-liðar.

JAR-OPS 1.520 Lending – blautar og spilltar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd sé að minnsta kosti 115% af tilskilinni lendingarvegalengd sem ákvörðuð er í samræmi við JAR-OPS 1.515.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin geti verið spillt á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd verði að minnsta kosti söm og ákvörðuð er í samræmi við a-lið hér að framan eða að minnsta kosti 115% af lendingarvegalengd þeirri sem ákvörðuð er í samræmi við samþykkt gögn um lendingarvegalengd á spilltri braut eða sambærileg gögn, sem flugmálayfirvöld hafa viðurkennt, hvort sem lengra er.

c) Á blautri flugbraut er heimilt að notast við lendingarvegalengd sem er styttri en krafist er í a-lið hér að framan, en ekki styttri en krafist er í a-lið JAR-OPS 1.515, ef í flughandbók flugvélarinnar er að finna sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á blautum flugbrautum.

d) Á spilltum flugbrautum, sérstaklega undirbúnum, má notast við lendingarvegalengd sem er styttri en krafist er í b-lið hér að framan, en ekki styttri en krafist er í a-lið JAR-OPS 1.515, ef sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á spilltum flugbrautum er að finna í flughandbók flugvélarinnar.

e) Þegar farið er að ákvæðum b-, c- og d-liðar skal nota viðmiðanir JAR-OPS 1.515, eftir því sem við á, að því undanskildu að 1. og 2. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.515 gilda ekki um b-lið hér að framan.

1. viðbætir við 3. tölul. c-liðar JAR-OPS 1.495 Samþykki fyrir auknum beygjuhalla

a) Ef nota á aukinn beygjuhalla, sem krefst sérstaks samþykkis, skulu eftirfarandi viðmiðanir virtar:
   1) Í flughandbók flugvélarinnar verða að koma fram samþykktar upplýsingar um hve mikið þarf að auka flughraðann og upplýsingar sem má byggja flugslóðina á, með hliðsjón af auknum beygjuhalla og hraða.
   2) Kennileiti verða að sjást þannig að flugleiðsagan geti verið nákvæm.
   3) Tilgreina skal veðurlágmörk og vindmörk fyrir hverja flugbraut og skal hvort tveggja vera samþykkt af flugmálayfirvöldum.
   4) Þjálfun skal vera í samræmi við JAR OPS 1.975.

1. viðbætir við 3. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.515 Verklag í bröttu aðflugi

a) Flugmálayfirvöld geta samþykkt verklag í bröttu aðflugi þar sem notað er 4,5° aðflugshallahorn eða stærra, með lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum, sem eru undir 50 fetum en ekki undir 35 fetum, að því tilskildu að eftirfarandi viðmiðanir séu virtar:
   1) í flughandbók flugvélarinnar verður að gefa upp samþykkt hámarkshorn aðflugshalla, allar aðrar takmarkanir, venjulegt eða óvenjulegt verklag eða neyðarverklag í bröttu aðflugi svo og breytingar á gögnum um vallarlengd þegar viðmiðanir um bratt aðflug eru notaðar;
   2) á öllum flugvöllum þar sem gera þarf bratt aðflug skal vera viðeigandi viðmiðunarkerfi fyrir aðflugshalla, sem felst að minnsta kosti í leiðsögukerfi sem gefur sjónrænar upplýsingar um aðflugshalla; og
   3) tilgreina þarf og samþykkja lágmarksveðurskilyrði fyrir hverja flugbraut sem á að nota í bröttu aðflugi. Taka skal mið af eftirfarandi atriðum:
      i) hindrunum;
      ii) tegund aðflugshallaviðmiðana og flugbrautarleiðsögu, svo sem sýnilegum leiðsögutækjum, örbylgjulendingarkerfi (MLS), þrívíddarleiðsögukerfi (3D-NAV), blindlendingarkerfi (ILS), miðlínusendi (LLZ), fjölstefnuvita (VOR) og hringvita (NDB);
      iii) lágmarkssýn til kennileita sem krafist er úr ákvörðunarhæð (DH) og lágmarkslækkunarflughæð (MDA);
      iv) tiltækum tækjabúnaði flugvélar;
      v) starfsréttindum flugmanns og þekkingu hans á staðháttum við flugvöllinn;
      vi) takmörkunum og verklagsreglum í flughandbók flugvélarinnar; og
      vii) viðmiðunum fyrir fráflug.

1. viðbætir við 4. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.515 Skammbrautarlendingar

a) Að því er varðar 4. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.515 getur vegalengdin sem notuð er við útreikninga á leyfilegum lendingarmassa verið nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis plús tiltæk yfirlýst lendingarvegalengd. Flugmálayfirvöld geta samþykkt slíkar skammbrautarlendingar í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:
   1) *Sýna þarf fram á nauðsyn á flugi með skammbrautarlendingum.* Augljósir almannahagsmunir þurfa að vera í húfi og rekstrarleg nauðsyn fyrir slíku flugi, annaðhvort vegna þess að flugvöllurinn er afskekktur eða að landfræðilegar takmarkanir séu á að framlengja flugbrautina.

2) *Viðmiðanir fyrir flugvélina og rekstrarviðmiðanir.*
   i) Skammbrautarlendingar er einungis hægt að samþykkja fyrir flugvélar þar sem lóðrétt fjarlægð á milli sjónlínu flugmannsins og neðsta hluta hjólanna er ekki meiri en 3 metrar þegar flugvélin er á eðlilegum hallageisla;
   ii) þegar flugvallarlágmörk eru ákvörðuð skal skyggni/ flugbrautarskyggni ekki vera undir 1,5 km. Auk þess skal tilgreina vindmörk í flugrekstrarhandbókinni; og
   iii) skulu kröfur sem gerðar eru um lágmarksreynslu flugmanns, þjálfun hans og sérstaka þekkingu á staðháttum við flugvöllinn vegna slíks flugs tilgreindar í flugrekstrarhandbókinni.
3) Gert er ráð fyrir að hæð flugvélar yfir byrjun nothæfrar lengdar yfirlýsta öryggissvæðisins sé 50 fet.
4) *Viðbótarviðmiðanir.* Flugmálayfirvöld geta sett hvers konar viðbótarskilyrði sem teljast nauðsynleg svo að flugið sé öruggt að teknu tilliti til einkenna flugvélartegundarinnar, hvort og þá hvernig fjalllendi er á aðflugssvæðinu, hvaða leiðsögutæki eru tiltæk fyrir aðflug og fráflug eða ef hætt er við lendingu. Slík viðbótarskilyrði geta t.d. verið kröfur um kerfi aðflugshallaljósa af gerðinni VASI/ PAPI.

2. viðbætir við 4. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.515 Flugvallarviðmiðanir við skammbrautarlendingar

a) Notkun yfirlýsts öryggissvæðis skal vera samþykkt af flugvallaryfirvöldum.
b) Nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis samkvæmt ákvæðum 4. tölul. a-liðar JAR OPS 1.515 og þessum viðbæti skal ekki vera meiri en 90 metrar.
c) Breidd yfirlýsts öryggissvæðis skal ekki vera minni en tvöföld breidd flugbrautarinnar eða tvöfalt vænghaf flugvélarinnar, hvort heldur lengra er, frá miðlínu framlengdrar flugbrautar að telja.
d) Yfirlýst öryggissvæði skal vera laust við hindranir eða dældir sem geta reynst hættulegar fyrir flugvél sem nær ekki inn á flugbrautina og lendir á öryggissvæðinu og enginn hreyfanlegur hlutur má vera á yfirlýstu öryggissvæði á meðan brautin er notuð til skammbrautarlendinga.
e) Á yfirlýstu öryggissvæði má ekki vera yfir 5% halli upp eða 2% halli niður í lendingarátt.
f) Að því er varðar þær lendingar sem um ræðir er ekki nauðsynlegt að burðarþolskröfur 5. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.480 gildi um yfirlýst öryggissvæði.

H-KAFLI – AFKASTAGETA – B-FLOKKUR

JAR-OPS 1.525 Almenn ákvæði

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja eins hreyfils flugvélar:
   1) að nóttu til; eða
   2) við blindflugsskilyrði nema samkvæmt reglum um sérlegt sjónflug.

Aths. Takmarkanir á starfrækslu eins hreyfils flugvéla eru í 6. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.240.

b) Flugrekandi skal fara með tveggja hreyfla flugvélar, sem standast ekki kröfur b-liðar 1. viðbætis við JAR-OPS 1.525 um klifur, eins og þær væru eins hreyfils flugvélar.

JAR-OPS 1.530 Flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugtaksmassinn fari ekki yfir hámarksflugtaksmassann sem tilgreindur er í flughandbók flugvélarinnar fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á flugvellinum þar sem vélin á að hefja sig til flugs.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að óleiðrétt flugtaksvegalengd, eins og hún er tilgreind í flughandbók flugvélarinnar, sé ekki lengri en:
   1) tiltækt flugtaksbrun, ef margfaldað er með stuðlinum 1,25; eða
   2) ef öryggisbraut og/eða hindrunarlaust klifursvæði er tiltækt, sem hér segir:
      i) tiltækt flugtaksbrun;
      ii) tiltæk flugtaksvegalengd, ef margfaldað er með stuðlinum 1,15; og
      iii) tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak, ef margfaldað er með stuðlinum 1,3.

c) Þegar flugrekandi sýnir fram á að hann uppfylli kröfur b-liðar hér að framan skal hann taka mið af eftirfarandi atriðum:
   1) massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns;
   2) málþrýstingshæð á flugvelli;
   3) umhverfishita á flugvelli;
   4) ástandi og gerð yfirborðs flugbrautar (sjá 4. tölul. c-liðar AMC OPS 1.530 og 4. tölul. c-liðar IEM OPS 1.530);
   5) halla brautar í flugtaksátt (sjá 5. tölul. c-liðar AMC OPS 1.530); og
   6) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

JAR-OPS 1.535 Hindranabil við flugtak – fjölhreyfla flugvélar
(Sjá IEM OPS 1.535)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á flugtaksflugslóð flugvéla með tvo hreyfla eða fleiri, sem ákveðin er í samræmi við þennan kafla, sé að minnsta kosti 50 feta lóðrétt hindranabil sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er að minnsta kosti 90 m plús 0,125 x D metrar, þar sem D er lárétt vegalengd sem flugvélin leggur að baki eftir að tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, eða flugtaksvegalengd ef gert er ráð fyrir beygju áður en tiltækri flugtaksvegalengd lýkur, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í b- og c-lið hér á eftir. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar, plús 60 m plús 0,125 x D. Þegar farið er að ákvæðum þessa liðar (sjá a-lið AMC OPS 1.535 og a-lið IEM OPS 1.535) verður að gera ráð fyrir:

1) að flugtaksflugslóð byrji í 50 feta hæð yfir yfirborði við enda þeirrar flugtaksvegalengdar sem krafist er í b-lið JAR-OPS 1.530 og endi í 1.500 feta hæð yfir yfirborði;
2) að flugvélinni sé ekki hallað fyrr en hún hefur náð 50 feta hæð yfir yfirborði og eftir það sé henni ekki hallað meira en 15°;
3) að markhreyfill flugvélarinnar bili á flugtaksslóð með alla hreyfla virka þar sem reiknað er með að kennileiti, sem tekið er mið af til að sneiða hjá hindrunum, hverfi úr augsýn;
4) að halli flugtaksflugslóðar, úr 50 fetum upp í þá hæð þar sem gert er ráð fyrir að hreyfill bili, sé jafn meðalgildi halla í klifri á öllum hreyflum og við skipti yfir í leiðarflugsham, margfaldað með stuðlinum 0,77; og
5) að halli flugtaksflugslóðar, úr þeirri hæð sem náð er í samræmi við 4. tölul. hér að framan allt til enda flugtaksflugslóðar, sé sá sami og klifurhalli á flugleið með einn hreyfil óvirkan á flugleið, eins og gefið er upp í flughandbók flugvélarinnar.

b) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í þeim tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:
1) 300 m, ef flogið er við aðstæður sem leyfa að ferli sé fylgt eftir kennileitum, eða ef tiltæk eru flugleiðsögutæki sem gera flugmanninum kleift að halda áætlaðri flugslóð af sömu nákvæmni (sjá 1. tölul. b-liðar og 1. tölul. c-liðar í 1. viðbæti við JAR-OPS 1.535); eða
2) 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

c) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í þeim tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15° á fyrirhugaðri flugslóð þarf hann ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:
1) 600 m, í flugi við aðstæður sem leyfa að ferli sé fylgt eftir kennileitum (sjá 1. tölul. b-liðar og 1. tölul. c-liðar í 1. viðbæti við JAR-OPS 1.535);
2) 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

d) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-, b- og c-liðar hér að framan skal hann taka mið af eftirfarandi atriðum:
1) massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns;
2) málþrýstingshæð á flugvelli;
3) umhverfishita á flugvelli; og
4) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

JAR-OPS 1.540 Á flugleið – fjölhreyfla flugvélar
(Sjá IEM OPS 1.540)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði, sem búist var við fyrir flugið, geti flugvélin, ef einn hreyfill bilar og þeir sem enn eru virkir starfa innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl, haldið áfram flugi í eða ofan við viðeigandi lágmarkshæðir fyrir öruggt flug samkvæmt flugrekstrarhandbókinni, að stað 1.000 fetum yfir flugvelli sem uppfyllir skilyrðin um afkastagetu.

b) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan:
1) má ekki gera ráð fyrir að flugvélin fljúgi í meiri hæð en svo að stighraði hennar nái 300 fetum á mínútu með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl; og

2) skal fyrirhugaður halli á flugleið með einn hreyfil óvirkan vera minnsti lækkunarhalli, aukinn með 0,5% halla, eða mesti klifurhalli minnkaður með 0,5% halla, eftir því sem við á.

JAR-OPS 1.542 Á flugleið – eins hreyfils flugvélar
(Sjá IEM OPS 1.542)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði, sem búist var við fyrir flugið, geti flugvélin náð stað þar sem unnt er að nauðlenda örugglega ef hreyfill bilar. Fyrir landflugvélar er þess krafist að um sé að ræða stað á landi, nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt annað. (Sjá a-lið AMC OPS 1.542.)
b) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan:
   1) má ekki gera ráð fyrir að flugvélin fljúgi í meiri hæð en svo að stighraði hennar nái 300 fetum á mínútu, með hreyfilinn virkan innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl; og
   2) skal fyrirhugaður halli á flugleið vera minnsti lækkunarhalli, aukinn með 0,5% halla.

JAR-OPS 1.545 Lending – ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir
(Sjá AMC OPS 1.545 og 1.550)

Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið JAR-OPS 1.475, fari ekki yfir hámarkslendingarmassann sem tilgreindur er fyrir hæð og væntanlegan umhverfishita á áætluðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

JAR-OPS 1.550 Lending – þurrar flugbrautir
(Sjá AMC OPS 1.545 og 1.550)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélar, sem ákvarðaður er í samræmi við a-lið JAR-OPS 1.475 fyrir áætlaðan lendingartíma, leyfi lendingu og algjöra stöðvun úr 50 fetum ofan við þröskuld á innan við 70% tiltækrar lendingarvegalengdar á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum.
   1) Flugmálayfirvöld geta samþykkt að notuð séu gögn um lendingarvegalengdir, leiðrétt í samræmi við þessa grein og miðuð við lágmarkshæð yfir ímyndaðri hindrun, sem er undir 50 fetum en ekki undir 35 fetum. (Sjá 1. viðbæti við a-lið JAR-OPS 1.550.)
   2) Flugmálayfirvöld geta samþykkt skammbrautarlendingar í samræmi við viðmið í 2. viðbæti við a-lið JAR-OPS 1.550.
b) Þegar flugrekandi sýnir fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan skal hann taka mið af eftirfarandi atriðum:
   1) hæð flugvallar;
   2) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli og ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli;
   3) ástandi og gerð yfirborðs flugbrautar (sjá 3. tölul. b-liðar AMC OPS 1.550); og
   4) halla flugbrautar í lendingarátt (sjá 4. tölul. b-liðar AMC OPS 1.550).
c) Ef senda á flugvél í flug í samræmi við a-lið hér að framan þarf að gera ráð fyrir:
   1) að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni, í logni; og
   2) að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð til lendingar með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar, og stjórnunareiginleika flug-

vélarinnar á jörðu niðri og með hliðsjón af öðrum aðstæðum, svo sem lendingartækjum og landslagi. (Sjá c-lið IEM OPS 1.550).

d) Ef flugrekandi getur ekki uppfyllt skilyrði 2. tölul. c-liðar hér að framan um ákvörðunarflugvöll má senda flugvél af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur sem er í fullu samræmi við ákvæði a-, b- og c-liðar hér að framan.

JAR-OPS 1.555 Lending – blautar og spilltar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd sé jafnlöng eða lengri en tilskilin lendingarvegalengd, ákvörðuð í samræmi við JAR-OPS 1.550, margfölduð með stuðlinum 1,15. (Sjá a-lið IEM OPS 1.555.)

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef veðurlýsingar eða veðurspár, eða sambland af þessu tvennu, gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera spillt á áætluðum komutíma, að lendingarvegalengdin, sem er ákvörðuð út frá gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, fyrir þær aðstæður, sé ekki lengri en tiltæk lendingarvegalengd.

c) Heimilt er að nota lendingarvegalengd á blautri flugbraut, sem er styttri en krafist er í a-lið hér að framan en ekki styttri en krafist er í a-lið JAR-OPS 1.550, ef sérstakar viðbótarupplýsingar um lendingarvegalengdir á blautum flugbrautum er að finna í flughandbók flugvélarinnar.

1. viðbætir við b-lið JAR-OPS 1.525 Almenn ákvæði – klifur í flugtaki og við lendingu

Ákvæði þessa viðbætis eru byggð á 1. og 2. tölul. c-liðar JAR-23.63 sem komu til framkvæmda 11. mars 1994.

a) *Flugtaksklifur.*
   1) *Báðir hreyflar virkir.*
      i) Eftir flugtak skal stöðugur klifurhalli vera að minnsta kosti 4% með:
         A) flugtaksafl á báðum hreyflum;
         B) lendingarbúnað niðri, nema ef unnt er að draga hann upp á innan við 7 sekúndum en þá gildir það eins og hann sé uppdreginn;
         C) flapa í flugtaksstöðu; og
         D) klifurhraða sem er ekki minni en hærri talan af 1,1 lágmarksstjórnunarhraða (V_{MC}) og 1,2 ofrishraða (V_{S1}).
   2) *Einn hreyfill óvirkur.*
      i) Stöðugur klifurhalli í 400 feta hæð yfir flugtaksbraut verður að vera mælanlega jákvæður með:
         A) óvirkan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu;
         B) hreyfilinn, sem enn er virkur, með flugtaksafli;
         C) lendingarbúnað uppdreginn;
         D) flapa í flugtaksstöðu; og
         E) klifurhraða sem jafngildir klifurhraðanum sem næst í 50 fetum.
      ii) Stöðugur klifurhalli má ekki vera undir 0,75% í 1.500 feta hæð yfir flugtaksbraut með:
         A) markhreyfil óvirkan og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu;
         B) ekki meira en samfellt hámarksafl á hreyflinum sem enn er virkur;
         C) lendingarbúnað uppdreginn;

D) flapa uppdregna; og
E) klifurhraða sem er ekki undir 1,2 ofrishraða (V_{S1}).

b) *Klifur við lendingu.*
1) *Allir hreyflar virkir.*
i) Stöðugur klifurhalli skal vera að minnsta kosti 2,5% með:
A) ekki meira afli eða kný en tiltækur er 8 sekúndum eftir að aflgjafar eru fyrst færðir úr lægstu gangstöðu á flugi;
B) lendingarbúnað niðri;
C) flapa í lendingarstöðu; og
D) klifurhraða sem jafngildir viðmiðunarhraða (V_{REF}) í aðflugi til lendingar.
2) *Einn hreyfill óvirkur.*
i) Stöðugur klifurhalli má ekki vera minni en 0,75% í 1.500 feta hæð yfir yfirborði sem lent er á með:
A) óvirkan markhreyfil og skrúfu hans í lágmarksviðnámsstöðu;
B) ekki meira en samfellt hámarksafl á hreyflinum sem enn er virkur;
C) lendingarbúnað uppdreginn;
D) flapa uppdregna; og
E) klifurhraða sem er ekki undir 1,2 ofrishraða (V_{S1}).

1. viðbætir við 1. tölul. b-liðar og c-liðar JAR-OPS 1.535 Flugtaksflugslóð – ferli fylgt eftir kennileitum

Til þess að flugrekandi geti leyft að ferli sé fylgt eftir kennileitum skal hann sjá til þess að ríkjandi veðurskilyrði á starfrækslutímanum, þar með talið skýjaþekjuhæð og skyggni, séu slík að unnt sé að sjá og þekkja hindranir og/eða kennileiti á jörðu niðri. Til að bil yfir hindrunum og landi sé öruggt skal tilgreina lágmarksveðurskilyrði fyrir viðkomandi flugvöll í flugrekstrarhandbókinni svo að flugáhöfnin geti allan tímann ákvarðað og fylgt réttri flugslóð með hliðsjón af kennileitum, sem hér segir:

a) verklag skal vera vel skilgreint að því er varðar viðmiðanir við kennileiti á jörðu niðri svo að unnt sé að greina flugferilinn með tilliti til krafna um hindranabil;
b) verklag skal vera innan getumarka flugvélarinnar að því er varðar framhraða, beygjuhalla og vindáhrif;
c) áhöfnin skal hafa skriflega og/eða myndræna lýsingu af verklaginu til að styðjast við; og
d) tilgreina skal takmarkandi umhverfisaðstæður (t. d. vind, ský, skyggni, dag/nótt, umhverfislýsingu, hindranalýsingu).

1. viðbætir við a-lið JAR-OPS 1.550 Verklag í bröttu aðflugi

a) Flugmálayfirvöld geta samþykkt verklag í bröttu aðflugi þar sem notað er 4,5° aðflugshallahorn eða stærra með lágmarkshæð yfir ímynduðum hindrunum, sem eru undir 50 fetum en ekki undir 35 fetum, að því tilskildu að eftirfarandi viðmiðanir séu virtar:
1) í flughandbók flugvélarinnar verður að gefa upp samþykkt hámarkshorn aðflugshalla, allar aðrar takmarkanir, venjulegt eða óvenjulegt verklag eða neyðarverklag í bröttu aðflugi svo og breytingar á gögnum um vallarlengd þegar viðmiðanir um bratt aðflug eru notaðar;
2) á öllum flugvöllum þar sem gera þarf bratt aðflug skal vera viðeigandi viðmiðunarkerfi fyrir aðflugshalla, sem felst að minnsta kosti í leiðsögukerfi sem gefur sjónrænar upplýsingar um aðflugshalla; og

3) tilgreina þarf og samþykkja lágmarksveðurskilyrði fyrir hverja flugbraut sem á að nota í bröttu aðflugi. Taka skal mið af eftirfarandi atriðum:
   i) hindrunum;
   ii) tegund aðflugshallaviðmiðana og flugbrautarleiðsögu, svo sem sýnilegum leiðsögutækjum, örbylgjulendingarkerfi (MLS), þrívíddarleiðsögukerfi (3D-NAV), blindlendingarkerfi (ILS), miðlínusendi (LLZ), fjölstefnuvita (VOR) og hringvita (NDB);
   iii) lágmarkssýn til kennileita sem krafist er úr ákvörðunarhæð (DH) og lágmarkslækkunarflughæð (MDA);
   iv) tiltækum tækjabúnaði flugvélar;
   v) starfsréttindum flugmanns og þekkingu hans á staðháttum við flugvöllinn;
   vi) takmörkunum og verklagsreglum í flughandbók flugvélarinnar; og
   vii) viðmiðunum fyrir fráflug.

2. viðbætir við a-lið JAR-OPS 1.550 Skammbrautarlendingar

(a) Að því er varðar 2. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.550 getur fjarlægðin sem notuð er til þess að reikna út leyfilegan lendingarmassa verið nothæf vegalengd á yfirlýstu öryggissvæði auk tiltækrar, yfirlýstrar lendingarvegalengdar. Flugmálayfirvöld geta samþykkt slíka starfrækslu í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:
   (1) Notkun yfirlýsts öryggissvæðis skal vera samþykkt af flugvallaryfirvöldum.
   (2) Yfirlýst öryggissvæði skal vera laust við hindranir eða lægðir/dældir sem myndu stofna í hættu flugvél sem nær ekki inn á flugbrautina og enginn hreyfanlegur hlutur má vera á yfirlýstu öryggissvæði á meðan brautin er notuð til skammbrautarlendinga.
   (3) Á yfirlýstu öryggissvæði má hvorki vera yfir 5% halli upp á við í flugtaksátt né 2% halli niður á við í lendingarátt.
   (4) Nothæf lengd yfirlýsts öryggissvæðis skv. ákvæðum þessa viðbætis skal ekki vera yfir 90 metrum.
   (5) Breidd yfirlýsts öryggissvæðis skal ekki vera minni en tvöföld breidd flugbrautarinnar, frá framlengdri miðlínu flugbrautarinnar að telja.
   (6) Gert er ráð fyrir því að hæð yfir byrjun nothæfrar lengdar yfirlýsts öryggissvæðis sé ekki undir 50 fetum í aðfluginu.
   (7) Að því er varðar þessa starfrækslu er ekki nauðsynlegt að burðarþolskröfur 5. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.480 gildi um yfirlýst öryggissvæði.
   (8) Veðurlágmörk skulu vera tilgreind og samþykkt fyrir hverja flugbraut sem nota á og skulu þau ekki vera undir mörkum sjónflugs lágmarka eða lágmörkum grunnaðflugs hvort sem hærra er.
   (9) Kröfurnar sem gerðar eru til flugmannsins skulu vera tilgreindar (sbr. a-lið JAR-OPS 1.975).
   (10) Flugmálayfirvöld geta sett öll þau viðbótarskilyrði sem nauðsynleg eru af flugöryggisástæðum, að teknu tilliti til tegundareinkenna flugvélarinnar, aðflugstækja og fráflugs eða ef hætt er við lendingu.

I-KAFLI – AFKASTAGETA – C-FLOKKUR

JAR-OPS 1.560 Almenn ákvæði

Til þess að unnt sé að ákvarða hvort farið sé að ákvæðum þessa kafla skal flugrekandi sjá til þess að til viðbótar samþykktum gögnum um afköst í flughandbókinni sé öðrum gögnum, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, bætt við eftir þörfum ef samþykkt gögn um afkastagetu í flughandbók eru ófullnægjandi.

JAR-OPS 1.565 Flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugtaksmassi fari ekki yfir þann hámarksflugtaksmassa sem er tilgreindur í flughandbók flugvélarinnar fyrir málþrýstingshæð og umhverfishita á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar með flughandbók þar sem tilgreind eru gögn varðandi lengd flugtaksbrautar en hreyfilbilun er ekki tekin með í reikninginn, að fjarlægð frá byrjun flugtaksbruns sem flugvélin þarf til að ná 50 feta hæð yfir yfirborði með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksflugtaksafl þegar margfaldað er annaðhvort með stuðlinum:
   1) 1,33, fyrir tveggja hreyfla flugvélar; eða
   2) 1,25, fyrir þriggja hreyfla flugvélar; eða
   3) 1,18, fyrir fjögurra hreyfla flugvélar,
   sé ekki lengri en tiltækt flugtaksbrun á flugvellinum þar sem flugvélin á að hefja sig til flugs.

c) Flugrekandi skal sjá til þess, að því er varðar flugvélar með flughandbók þar sem tilgreind eru gögn varðandi lengd flugtaksbrautar og hreyfilbilun er tekin með í reikninginn, að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt í samræmi við forskriftir í flughandbók flugvélarinnar:
   1) hemlunarvegalengdin við flugtak má ekki vera lengri en tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak;
   2) flugtaksvegalengdin má ekki vera lengri en tiltæk flugtaksvegalengd með hindrunarlaust klifursvæði sem er ekki lengra en helmingur tiltæks flugtaksbruns;
   3) flugtaksbrun má ekki vera lengra en tiltækt flugtaksbrun;
   4) sýna verður fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar með því að nota eitt gildi ákvörðunarhraða (V_1) fyrir flugtak sem hætt er við eða haldið áfram; og
   5) á blautri eða spilltri flugbraut má flugtaksmassinn ekki vera meiri en leyfilegt er í flugtaki á þurri flugbraut við sömu aðstæður.

d) Flugrekandi skal taka mið af eftirfarandi atriðum þegar hann sýnir fram á að hann standist kröfur b- og c-liðar hér að framan:
   1) málþrýstingshæð á flugvelli;
   2) umhverfishita á flugvelli; og
   3) ástandi og gerð yfirborðs brautar (sjá 3. tölul. d-liðar IEM OPS 1.565);
   4) halla brautar í flugtaksátt (sjá 4. tölul. d-liðar AMC OPS 1.565);
   5) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli; og
   6) að flugbraut kann að styttast vegna þess hvernig flugvélinni er stillt upp fyrir flugtak. (Sjá 6. tölul. d-liðar IEM OPS 1.565.)

JAR-OPS 1.570 Hindranabil við flugtak

a) Flugrekandi skal sjá til þess, þegar einn hreyfill er óvirkur, að á flugtaksflugslóð sé að minnsta kosti 50 feta lóðrétt hindranabil plús 0,01 x D sem er innan láréttrar fjarlægðar frá hindrun, sem er að minnsta kosti 90 m plús 0,125 x D, þar sem D er lárétt vegalengd sem flugvélin leggur að baki eftir að tiltækri flugtaksvegalengd lýkur. Fyrir flugvélar með minna en 60 m vænghaf er heimilt að nota lárétt hindranabil sem samsvarar hálfu vænghafi flugvélarinnar, plús 60 m plús 0,125 x D.

b) Flugtaksflugslóð verður að byrja í 50 feta hæð yfir yfirborði í lok flugtaksvegalengdarinnar sem krafist er í b- eða c-lið JAR-OPS 1.565, eftir því sem við á, og enda í 1.500 fetum yfir yfirborði.

c) Þegar flugrekandi sýnir fram á að hann uppfylli ákvæði a-liðar hér að framan skal hann taka mið af eftirfarandi atriðum:
   1) massa flugvélarinnar við upphaf flugtaksbruns;
   2) málþrýstingshæð á flugvelli;
   3) umhverfishita á flugvelli; og
   4) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli.

d) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan skulu ferilbreytingar ekki leyfðar fyrr en flugtaksflugslóð er komin í 50 feta hæð yfir yfirborði. Þaðan og upp í 400 feta hæð er gert ráð fyrir að flugvélinni sé ekki hallað meira en 15°. Fyrir ofan 400 feta hæð má áætla beygjuhalla á bilinu 15 til 25°. Taka skal nægilegt tillit til áhrifa beygjuhalla á hraða og flugslóð, svo sem meiri vegalengda vegna aukins flughraða. (Sjá d-lið AMC OPS 1.570.)

e) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í þeim tilvikum þegar ekki er þörf á að breyta ferli meira en 15° þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana í láréttri fjarlægð sem er meiri en:
   1) 300 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á svæði þar sem þarf að taka tillit til hindrana. (Sjá 1. tölul. e-liðar & 1. tölul. f-liðar AMC OPS 1.570.); eða
   2) 600 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

f) Þegar sýnt er fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar hér að framan í þeim tilvikum þegar þörf er á að breyta ferli meira en 15° þarf flugrekandi ekki að taka tillit til hindrana sem eru lengra til hliðar en:
   1) 600 m, ef flugmaðurinn getur haldið tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu á svæði þar sem þarf að taka tillit til hindrana. (Sjá 1. tölul. e-liðar & 1. tölul. f-liðar AMC OPS 1.570.); eða
   2) 900 m, í flugi við allar aðrar aðstæður.

g) Flugrekandi skal setja reglur um verklag í viðlögum til að standast kröfur JAR-OPS 1.570 og til að tryggja örugga leið og sneiða hjá hindrunum þannig að flugvélin standist annaðhvort kröfur JAR-OPS 1.570 á flugleið eða lendi á brottfararflugvelli eða á varaflugvelli fyrir flugtak.

JAR-OPS 1.575 Á flugleið – allir hreyflar virkir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði sem búist var við fyrir flugið, geti stighraði flugvélarinnar, á hvaða stað sem er á leiðinni eða ráðgerðum frávikum frá henni, verið að minnsta kosti 300 fet á mínútu með alla hreyfla virka innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl:

1) í lágmarksflughæð fyrir öruggt flug alls staðar á leiðinni sem á að fljúga eða ráðgerðum frávikum frá henni sem tilgreind eru eða reiknuð út frá upplýsingum um flugvélina í flugrekstrarhandbókinni; og
2) í þeim lágmarksflughæðum sem nauðsynlegar eru til að fara að skilyrðum sem kveðið er á um í JAR-OPS 1.580 og 1.585, eftir því sem við á.

JAR-OPS 1.580 Á flugleið – einn hreyfill óvirkur
(Sjá AMC OPS 1.580)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að við þau veðurskilyrði sem búist er við fyrir flugið geti flugvélin, ef hreyfill verður óvirkur einhvers staðar á leiðinni eða ráðgerðu fráviki frá henni og hinn eða hinir hreyflarnir sem enn eru virkir starfa innan tilgreindra marka fyrir samfellt hámarksafl, haldið fluginu áfram úr farflugshæð til flugvallar þar sem unnt er að lenda í samræmi við ákvæði JAR-OPS 1.595 eða JAR-OPS 1.600, eftir því sem við á, og flogið yfir hindranir á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril með lóðréttu bili sem er minnst:
   1) 1.000 fet, þegar stighraðinn er núll eða meiri; eða
   2) 2.000 fet, þegar stighraðinn er neikvæður (þ.e. flugvélin heldur ekki hæð).
b) Flugslóðin verður að geta haft jákvæðan halla í 450 m (1.500 feta) hæð yfir flugvellinum þar sem gert er ráð fyrir að lenda eftir að einn hreyfill bilar.
c) Að því er varðar þessa grein er gert ráð fyrir að tiltækur stighraði flugvélarinnar sé 150 fetum minni á mínútu en mesti stighraði sem er tilgreindur.
d) Flugrekandi verður að breikka beltið, sem um getur í a-lið hér að framan í 18,5 km (10 sjómílur) þegar hann sýnir fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar, ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu.
e) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallarins með tilskildar eldsneytisbirgðir.

JAR-OPS 1.585 Á flugleið – flugvélar með þrjá hreyfla eða fleiri, tveir hreyflar óvirkir

a) Flugrekandi skal sjá til þess að á fyrirhuguðum flugferli sé flugvél með þrjá hreyfla eða fleiri, á öllum hreyflum á farflugshraða fyrir langdrægi, aldrei fjær en svo frá flugvelli, sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa, að ekki sé unnt að ná þangað á 90 mínútum í logni við staðalaðstæður, nema farið sé eftir b- til e-liðum hér á eftir.
b) Flugslóð, sem gefin er upp fyrir flugvél með tvo hreyfla óvirka, verður að gera flugvélinni kleift að halda fluginu áfram við þau veðurskilyrði sem búist var við og fljúga yfir allar hindranir á 9,3 km (5 sjómílna) breiðu belti á hvorn veg við áætlaðan feril með að minnsta kosti 2.000 feta lóðrétt hindranabil til flugvallar sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.
c) Gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili á versta stað á leiðinni þar sem flugvélin á eftir meira en 90 mínútna flug á farflugshraða fyrir langdrægi á öllum hreyflum við staðalaðstæður í logni til flugvallar sem stenst gildandi kröfur um afköst miðað við áætlaðan lendingarmassa.
d) Áætlaður massi flugvélarinnar á þeim stað þar sem gert er ráð fyrir að tveir hreyflar bili má ekki vera minni en svo að nægilegt eldsneyti sé eftir til að halda áfram til flugvallar þar sem gert er ráð fyrir að lenda, koma í að minnsta kosti 450 m (1.500 fetum) beint yfir lendingarsvæðið og fljúga í þeirri hæð í 15 mínútur eftir það.

e) Að því er varðar þessa grein er gert ráð fyrir að tiltækur stighraði flugvélarinnar sé 150 fetum minni á mínútu en tilgreindur stighraði.
f) Flugrekandi verður að breikka beltið, sem um getur í a-lið hér að framan, í 18,5 km (10 sjómílur) þegar hann sýnir fram á að farið sé að ákvæðum þessarar greinar, ef nákvæmni í flugleiðsögu nær ekki 95% markinu.
g) Ef öruggt verklag er viðhaft er snögglosun eldsneytis leyfileg, svo framarlega sem komið er til flugvallar með tilskildar eldsneytisbirgðir.

JAR-OPS 1.590 Lending – ákvörðunarflugvellir og varaflugvellir
(Sjá AMC OPS 1.590 og 1.595)

Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið JAR-OPS 1.475, fari ekki yfir hámarkslendingarmassann sem tilgreindur er í flughandbók flugvélarinnar fyrir hæð og væntanlegan umhverfishita, ef hann er tiltekinn í flughandbók flugvélarinnar, á fyrirhuguðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og varaflugvelli.

JAR-OPS 1.595 Lending – þurrar flugbrautir
(Sjá AMC OPS 1.590 og 1.595)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að lendingarmassi flugvélarinnar, sem er ákvarðaður í samræmi við a-lið JAR-OPS 1.475 miðað við áætlaðan lendingartíma, leyfi lendingu og algera stöðvun úr 50 fetum yfir þröskuldi á innan við 70% af tiltækri lendingarvegalengd á ákvörðunarflugvelli og varaflugvöllum.
b) Þegar flugrekandi sýnir fram á að hann standist kröfur a-liðar hér að framan skal hann taka mið af eftirfarandi atriðum:
   1) hæð flugvallarins;
   2) að ekki sé reiknað með meira en 50% af tilkynntum mótvindsstuðli eða ekki minna en 150% af tilkynntum meðvindsstuðli;
   3) gerð flugbrautaryfirborðs (sjá 3. tölul. b-liðar AMC OPS 1.595); og
   4) halla flugbrautarinnar í lendingarátt (sjá 4. tölul. b-liðar AMC OPS 1.595).
c) Ef senda á flugvél af stað í samræmi við a-lið hér að framan þarf að gera ráð fyrir því:
   1) að flugvélin lendi á hagstæðustu flugbrautinni, í logni; og
   2) að flugvélin lendi á þeirri flugbraut, sem líklegast er að henni verði ætluð með tilliti til líklegs vindhraða og -áttar og stjórnunareiginleika flugvélarinnar á jörðu niðri, og með hliðsjón af öðrum aðstæðum svo sem lendingartækjum og landslagi. (Sjá c-lið IEM OPS 1.595.)
d) Ef flugrekandi getur ekki fullnægt skilyrðum 2. tölul. c-liðar hér að framan um ákvörðunarflugvöll má senda flugvélina af stað ef tilgreindur er varaflugvöllur, sem uppfyllir að öllu leyti skilyrði a-, b- og c-liða.

JAR-OPS 1.600 Lending – blautar og spilltar flugbrautir

a) Flugrekandi skal sjá til þess, ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár eða sambland af þessu tvennu gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera blaut á áætluðum komutíma, að tiltæk lendingarvegalengd sé jafnlöng eða lengri en tilskilin lendingarvegalengd ákvörðuð í samræmi við JAR-OPS 1.595 og margfölduð með stuðlinum 1,15.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef viðeigandi veðurlýsingar eða veðurspár eða sambland af þessu tvennu gefa til kynna að flugbrautin kunni að vera spillt á áætluðum komutíma, að lendingarvegalengdin, sem ákvörðuð er út frá gögnum sem flugmálayfirvöld geta fallist á fyrir þessar aðstæður, verði ekki lengri en tiltæk lendingarvegalengd.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 J-kafli

J-KAFLI – MASSI OG JAFNVÆGI

JAR-OPS 1.605 Almenn ákvæði
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.605)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að í öllum flugrekstri sé hleðsla, massi og þyngdarmiðja flugvéla jafnan í samræmi við þær takmarkanir sem tilgreindar eru í samþykktri flughandbók flugvélarinnar, eða flugrekstrarhandbók ef hún er meira takmarkandi.
b) Flugrekandi skal ákvarða massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar með því að vigta hana áður en hún er tekin fyrst í notkun og síðan á 4 ára fresti ef stuðst er við massa hverrar flugvélar, en á 9 ára fresti ef stuðst er við massa flugvélaflota. Gera skal grein fyrir samanlögðum áhrifum breytinga og viðgerða á massa og jafnvægi og skrásetja á tilskilinn hátt. Enn fremur skal endurvigta flugvélar ef ekki er vitað nákvæmlega um áhrif breytinganna á massa og jafnvægi.
c) Flugrekandi skal ákvarða massa allra hluta sem notaðir eru við starfrækslu, svo og flugverja sem reiknað er með í þurrarekstrarmassa flugvélarinnar, með vigtun eða notkun staðalmassa. Ákvarða skal áhrif staðsetningar þeirra á þyngdarmiðju flugvélarinnar.
d) Flugrekandi skal ákvarða massa flutningshleðslu, að meðtalinni kjölfestu, með því að vigta hana eða ákvarða massa flutningshleðslunnar í samræmi við staðalmassa farþega og farangurs samkvæmt JAR-OPS 1.620.
e) Flugrekandi skal ákvarða massa eldsneytis á flugvél út frá raunverulegum eðlismassa eldsneytisins eða, ef eðlismassi eldsneytisins er ekki þekktur, með aðferð sem tilgreind er í flugrekstrarhandbókinni. (Sjá e-lið IEM OPS 1.605.)

JAR-OPS 1.607 Orðskýringar

a) *Þurrarekstrarmassi* (Dry Operating Mass): Heildarmassi flugvélar sem er tilbúin til tiltekinnar tegundar flugs, að frádreginni heildarþyngd nýtanlegs eldsneytis og flutningshleðslu. Í þessum massa eru eftirtaldir þættir:
   1) áhöfn og áhafnarfarangur;
   2) vistir og lausabúnaður fyrir þjónustu við farþega; og
   3) drykkjarvatn og kemísk efni í salerni.
b) *Hámarksþurramassi* (Maximum Zero Fuel Mass): Mesti leyfilegi massi flugvélar án nýtanlegs eldsneytis. Massi eldsneytis í tilteknum geymum skal reiknaður með í þurramassanum ef það er tekið sérstaklega fram í ákvæðum um takmarkanir í flughandbók flugvélarinnar.
c) *Hámarkslendingarmassi miðað við burðarþol* (Maximum Structural Landing Mass): Mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar í lendingu við eðlilegar aðstæður.
d) *Hámarksflugtaksmassi miðað við burðarþol* (Maximum Structural Take Off Mass): Mesti leyfilegi heildarmassi flugvélar við upphaf flugtaksbruns.

e) *Flokkun farþega* (Passenger Classification):
   1) Fullorðnir, konur og karlar, eru skilgreindir sem einstaklingar tólf ára og eldri.
   2) Börn eru skilgreind sem einstaklingar tveggja ára og eldri en undir tólf ára aldri.
   3) Ungbörn eru skilgreind sem einstaklingar undir tveggja ára aldri.

f) *Flutningshleðsla* (Traffic Load): Heildarmassi farþega, farangurs og fraktar, að meðtalinni óarðbærri hleðslu.

JAR-OPS 1.610 Hleðsla, massi og jafnvægi

Í flugrekstrarhandbók skal flugrekandi tilgreina þær meginreglur og aðferðir viðvíkjandi hleðslu og massa- og jafnvægiskerfinu er uppfylla kröfur JAR-OPS 1.605. Það kerfi skal ná til alls fyrirhugaðs rekstrar.

JAR-OPS 1.615 Massagildi fyrir áhöfn

a) Flugrekandi skal nota eftirfarandi massagildi til að ákvarða þurrarekstrarmassa:
   1) raunmassa, þar með talinn allan áhafnarfarangur; eða
   2) staðalmassa, þar með talinn handfarangur, sem er 85 kg fyrir flugliða og 75 kg fyrir þjónustuliða; eða
   3) aðra staðalmassa sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

b) Flugrekandi skal leiðrétta þurrarekstrarmassann með hliðsjón af viðbótarfarangri, ef einhver er. Taka skal tillit til staðsetningar þessa viðbótarfarangurs þegar þyngdarmiðja flugvélar er ákvörðuð.

JAR-OPS 1.620 Massagildi fyrir farþega og farangur

a) Flugrekandi skal reikna út massa farþega og skráðs farangurs, annaðhvort með því að nota raunverulega þyngd hvers einstaklings samkvæmt vigt og raunverulega þyngd farangurs samkvæmt vigt eða staðalmassagildi, sem tilgreind eru í töflu 1 til 3 hér á eftir, nema farþegasæti séu færri en 10. Þá er heimilt að ákvarða massa farþega með því að láta hvern farþega, eða einhvern fyrir hans hönd, gefa upp þyngd sína munnlega með því að áætla hana og bæta við hann fyrirfram reiknuðum stuðli fyrir handfarangur og fatnað. (Sjá a-lið AMC OPS 1.620.) Í flugrekstrarhandbókinni skulu vera reglur um hvenær skuli nota raunmassa, hvenær staðalmassa og hvaða verklag skal viðhaft þegar þyngd er gefin upp munnlega.

b) Ef raunmassi er ákvarðaður með vigtun skal flugrekandi sjá til þess að persónulegir munir og handfarangur sé reiknaður með. Skal þá vigtun fara fram sem næst flugvélinni, strax áður en farið er um borð.

c) Ef massi farþega er ákvarðaður með staðalmassagildum skal nota staðalmassagildin í töflu 1 til 2 hér á eftir. Í staðalmassa er innifalinn handfarangur og massi allra ungbarna undir tveggja ára aldri sem fullorðinn farþegi situr með í einu farþegasæti. Ungbörn sem sitja ein í farþegasæti teljast börn, að því er þennan lið varðar.

d) *Massagildi fyrir farþega – 20 sæti eða fleiri.*
   1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 20 eða fleiri skal nota staðalmassagildin fyrir karla og fyrir konur í töflu 1. Ef heildarfjöldi farþegasæta er 30 eða fleiri má nota massagildin fyrir „alla fullorðna“ í töflu 1.
   2) Í töflu 1 merkir orlofsleiguflug leiguflug sem er einungis ætlað sem hluti af orlofsferðatilboði. Massagildi orlofsleiguflugs gilda að því tilskildu að ekki séu notuð meira en 5% farþegasætanna, sem hafa verið sett í flugvélina, til óarðbærs flutnings sérstakra flokka farþega (Sjá 2. tölul. d-liðar IEM OPS 1.620).

Tafla 1

Farþegasæti	20 og fleiri		30 og fleiri
	Karlar	Konur	Allir fullorðnir
Allt flug nema orlofsleiguflug	88 kg	70 kg	84 kg
Orlofsleiguflug	83 kg	69 kg	76 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

e) *Massagildi fyrir farþega – 19 sæti eða færri.*

Tafla 2

Farþegasæti	1 – 5	6 – 9	10 – 19
Karlar	104 kg	96 kg	92 kg
Konur	86 kg	78 kg	74 kg
Börn	35 kg	35 kg	35 kg

1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 19 eða færri skal nota staðalmassagildin í töflu 2.
2) Ef enginn handfarangur er í farþegaklefa í flugi eða ef handfarangur er reiknaður sér er heimilt að draga 6 kg frá massagildum fyrir karla og fyrir konur hér að framan. Hlutir eins og yfirhafnir, regnhlífar, litlar handtöskur eða veski, lesefni eða litlar myndavélar teljast ekki handfarangur að því er þennan lið varðar.

f) *Massagildi fyrir farangur.*
1) Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 20 eða fleiri skal nota staðalmassagildin í töflu 3 fyrir hvern hlut í skráðum farangri. Ef farþegasæti í flugvél eru samtals 19 eða færri skal nota raunmassa skráðs farangurs samkvæmt vigt.
2) Að því er töflu 3 varðar:
   i) innanlandsflug er flug sem hefst og lýkur innan landamæra eins og sama ríkis;
   ii) flug á evrópska svæðinu er flug, annað en innanlandsflug, sem hefst og lýkur á svæði sem tilgreint er í 1. viðbæti við f-lið JAR-OPS 1.620; og
   iii) alþjóðaflug er flug, annað en flug á evrópska svæðinu, sem hefst á brottfararstað og lýkur á ákvörðunarstað sem eru í mismunandi heimsálfum.

Tafla 3 – 20 sæti eða fleiri

Tegund flugs	Staðalmassi farangurs
Innanlandsflug	11 kg
Flug á evrópska svæðinu	13 kg
Alþjóðaflug	15 kg
Annað flug	13 kg

g) Óski flugrekandi eftir að nota önnur staðalmassagildi en gefin eru upp í töflu 1 til 3 hér að framan skal hann greina flugmálayfirvöldum frá ástæðunum og fá samþykki þeirra fyrirfram. Hann skal einnig leggja fram ítarlega vigtunaráætlun til samþykkis og beita þeirri aðferð við tölfræðilega greiningu sem gefin er upp í 1. viðbæti við g-lið JAR-OPS 1.620. Þegar flugmálayfirvöld hafa sannprófað og samþykkt niðurstöður vigtananna gilda endurskoðuðu staðalmassagildin aðeins fyrir þann flugrekanda. Ekki

er unnt að nota endurskoðuðu staðalmassagildin nema við sams konar aðstæður og vigtað var við. Í þeim tilvikum sem endurskoðuðu staðalmassagildin eru hærri en gildin í töflu 1 til 3 skal nota hærri gildin. (Sjá g-lið IEM OPS 1.620.)

h) Í öllu flugi þar sem ljóst er að reikna verður með því að verulegur fjöldi farþega ásamt handfarangri sé þyngri en staðalmassi farþega skal flugrekandi ákvarða raunmassa farþeganna með því að vigta þá eða auka massagildin nægilega. (Sjá h- og i-lið IEM OPS 1.620.)

i) Ef notuð eru staðalmassagildi fyrir skráðan farangur og verulegur fjöldi farþega lætur skrá farangur sem gert er ráð fyrir að fari yfir staðalmassa farangurs skal flugrekandi ákvarða raunmassa þessa farangurs með því að vigta hann eða auka massagildin nægilega. (Sjá h- og i-lið IEM OPS 1.620.)

j) Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjóri sé látinn vita ef notuð hefur verið óstöðluð aðferð til að ákvarða massa hleðslunnar og að sú aðferð sé tilgreind í massa- og jafnvægisskrá.

JAR-OPS 1.625 Massa- og jafnvægisskrár
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.625)

a) Fyrir hvert flug skal flugrekandi gera massa- og jafnvægisskrá þar sem hleðsla og dreifing hennar er tilgreind. Massa- og jafnvægisskrá skal gera flugstjóra kleift að ákvarða að hleðslu og dreifingu sé þannig háttað að ekki sé farið yfir massa- og jafnvægismörk fyrir flugvélina. Nafn þess sem fyllir út massa- og jafnvægisskrána skal koma fram í skránni. Sá sem hefur yfirumsjón með hleðslu flugvélarinnar skal staðfesta með undirskrift sinni að hleðsla og dreifing hennar séu í samræmi við massa- og jafnvægisskrána. Flugstjórinn verður að geta fallist á það skjal og skal hann samþykkja það með áritun eða á annan sambærilegan hátt. (Sjá einnig 12. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.1055.)

b) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um breytingar á hleðslu á síðustu stundu.

c) Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda heimilt að nota aðrar aðferðir en kveðið er á um í a- og b-lið hér að framan.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.605 Massi og jafnvægi – Almenn ákvæði
(Sjá JAR-OPS 1.605)

a) *Ákvörðun þurrarekstrarmassa flugvélar.*

1) *Vigtun flugvélar.*

i) Nýjar flugvélar eru venjulega vigtaðar í verksmiðjunni og því tilbúnar til starfrækslu án endurvigtunar ef massa- og jafnvægisskrár hafa verið leiðréttar með tilliti til breytinga eða lagfæringa á flugvélinni. Ekki þarf að vigta flugvél, sem einn JAA-flugrekandi með samþykkta áætlun um massaeftirlit afhendir öðrum JAA-flugrekanda með samþykkta áætlun um massaeftirlit, áður en flugrekandinn sem tekur við henni tekur hana í notkun nema 4 ár séu liðin frá því að hún var vigtuð síðast.

ii) Massa og staðsetningu þyngdarmiðju skal endurákvarða reglubundið fyrir hverja flugvél. Flugrekandi ákveður hámarkstímann sem líða má milli tveggja vigtana og skal hann vera í samræmi við ákvæði b-liðar JAR-OPS 1.605. Auk þess skal endurákvarða massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar, annaðhvort með:

A) vigtun; eða
B) útreikningi, ef flugrekandi getur lagt fram nægileg rök fyrir gildi þeirrar reikningsaðferðar sem notuð er,

ef breytingar á þurrarekstrarmassa eru samtals meiri en 0,5% af hámarkslendingarmassa eða ef breytingar á staðsetningu þyngdarmiðju eru samtals meiri en 0,5% af meðalvænglínu.

2) *Massi og staðsetning þyngdarmiðju fyrir flugvélaflota.*

i) Þegar um er að ræða flota eða hóp flugvéla af sömu tegund í sömu útfærslu er heimilt að nota meðalgildi þurrarekstrarmassa og meðalstaðsetningu þyngdarmiðju sem massagildi og staðsetningu þyngdarmiðju fyrir flugvélaflotann, að því tilskildu að þurrarekstrarmassi og staðsetning þyngdarmiðju í hverri flugvél uppfylli ákvæðin um leyfileg frávik í ii-lið hér á eftir. Enn fremur gilda viðmið sem kveðið er á um í iii- og iv-lið og í 3. tölul. a-liðar hér á eftir.

ii) *Leyfileg frávik.*

A) Ef þurrarekstrarmassi flugvélar sem hefur verið vigtuð eða útreiknaður þurrarekstrarmassi flugvélar í flugvélaflota víkur meira en 0,5% frá hámarkslendingarmassa miðað við burðarþol frá ákvörðuðum þurrarekstrarmassa flugvélaflotans eða staðsetning þyngdarmiðja víkur meira en 0,5% af meðalvænglínu frá þyngdarmiðju flugvélaflotans skal ekki telja flugvélina með í flugvélaflotanum. Heimilt er að ákvarða aðra flugvélaflota sem hver um sig er með mismunandi meðalmassa flugvélaflota.

B) Þegar massi flugvélar er innan marka þurrarekstrarmassa flugvélaflota en staðsetning þyngdarmiðju flugvélarinnar er utan leyfilegra marka fyrir flotann er þó heimilt að starfrækja flugvélina samkvæmt gildandi þurrarekstrarmassa flugvélaflotans með staðsetningu þyngdarmiðju fyrir þá flugvél.

C) Sé unnt að benda á verulegan útlitsmun á tiltekinni flugvél og öðrum flugvélum í flotanum sem gera má nákvæma grein fyrir (t.d. eldhús- eða sætafyrirkomulag) og það veldur því að hún fer yfir mörk flugvélaflotans er heimilt að hafa flugvélina áfram í flotanum, að því tilskildu að leiðrétt sé á viðeigandi hátt fyrir massa og/eða staðsetningu þyngdarmiðju fyrir þá flugvél.

D) Hafi meðalvænglína flugvéla ekki verið gefin upp skal starfrækja flugvélarnar samkvæmt gildum fyrir massa og þyngdarmiðju hverrar flugvélar eða láta athuga þær og samþykkja sérstaklega.

iii) *Gildi flotans notuð.*

A) Þegar flugvél hefur verið vigtuð, eða hafi breytingar orðið á búnaði flugvélarinnar eða útfærslu, skal flugrekandi ganga úr skugga um að flugvélin sé innan fráviksmarkanna sem kveðið er á um í ii-lið 2. tölul. hér að framan.

B) Flugvélar sem hafa ekki verið vigtaðar frá síðustu úttekt á flotamassa má hafa áfram í flota sem starfræktur er með flotagildum, að því tilskildu að gildi fyrir hverja flugvél séu endurmetin með útreikningi og haldist innan fráviksmarkanna sem skilgreind eru í ii-lið 2. tölul. hér að framan. Ef gildi einstakra flugvéla eru ekki lengur innan leyfilegra fráviksmarka skal flugrekandi annaðhvort ákvarða ný flotagildi sem uppfylla skilyrði samkvæmt i- og ii-liðum 2. tölul. hér að framan eða starfrækja flugvélar sem eru ekki innan markanna samkvæmt þeirra eigin gildum.

C) Til að bæta flugvél í flota, sem starfræktur er samkvæmt flotagildum, skal

flugrekandi sannprófa með vigtun eða útreikningum að raunveruleg gildi séu innan fráviksmarkanna sem kveðið er á um í ii-lið 2. tölul. hér að framan.

iv) Til að uppfylla ákvæði i-liðar 2. tölul. hér að framan skal uppfæra flotagildin eigi sjaldnar en í lok hverrar úttektar á flotamassa.

3) *Fjöldi flugvéla sem þarf að vigta til að finna flotagildi.*

i) Ef „n“ er fjöldi flugvéla í flota þar sem flotagildi eru notuð skal flugrekandi, á tímabilinu milli tveggja úttekta á flotamassa, vigta að minnsta kosti ákveðinn fjölda flugvéla eins og tilgreint er í töflunni hér á eftir.

Fjöldi flugvéla í flota	**Lágmarksfjöldi vigtana**
2 eða 3	n
4 til 9	$\frac{n + 3}{2}$
10 eða fleira	$\frac{n + 51}{10}$

ii) Þegar flugvélar eru valdar til vigtunar ber að velja þær flugvélar í flotanum sem lengst er síðan að voru vigtaðar.

iii) Ekki mega líða meira en 48 mánuðir milli tveggja úttekta á flotamassa.

4) *Vigtunaraðferð.*

i) Framleiðandi eða samþykkt viðhaldsstöð skal annast vigtun.

ii) Gera skal eðlilegar varúðarráðstafanir í samræmi við reglur um góðar starfsvenjur, svo sem:

A) kanna hvort flugvél og búnaður er fullfrágenginn;

B) ganga úr skugga um að tekið hafi verið tillit til allra vökva;

C) sjá til þess að flugvélin sé hrein; og

D) sjá til þess að vigtun fari fram í lokaðri byggingu.

iii) Búnaður sem notaður er til vigtunar skal kvarðaður og núllstilltur á réttan hátt og notaður í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Framleiðandi, mælifræðistofnun eða önnur löggilt stofnun skal annast kvörðun allra voga innan tveggja ára eða innan tímamarka sem framleiðandi vigtunarbúnaðarins tiltekur, hvort heldur skemmra er. Búnaðurinn verður að gera kleift að finna nákvæmlega massa flugvélarinnar. (Sjá AMC með iii-lið 4. tölul. a-liðar 1. viðbætis við JAR–OPS 1.605.)

b) *Sérstök staðalmassagildi fyrir flutningshleðslu.* Til viðbótar við staðalmassa fyrir farþega og skráðan farangur getur flugrekandi farið fram á samþykki flugmálayfirvalda fyrir staðalmössum annarrar hleðslu.

c) *Hleðsla flugvéla.*

1) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar hans séu hlaðnar undir umsjón hæfra starfsmanna.

2) Flugrekandi skal sjá til þess að hleðsla á fragt sé í samræmi við gögn sem notuð eru við útreikning á massa og jafnvægi flugvélarinnar.

3) Flugrekandi skal virða viðbótartakmarkanir vegna burðarþols, svo sem burðartakmarkanir gólfs, hámarkshleðslu á lengdarmetra, hámarksmassa í fragtrými og/eða hámarkshleðslumörk vegna sæta.

d) *Þyngdarmiðjumörk.*

1) *Þyngdarmiðjusvið í rekstri.*

Ef ekki er raðað í sæti og tekið nákvæmlega tillit til fjölda farþega í hverri sætaröð,

farms í hverju lestarhólfi og eldsneytis í hverjum geymi við útreikning á jafnvægi verður að þrengja samþykkt þyngdarmiðjusvið með rekstrartakmörkunum. Þegar mörk þyngdarmiðjusviðs eru ákvörðuð skal hafa í huga hugsanleg frávik frá áætlaðri dreifingu hleðslunnar. Sé sætaval frjálst skal flugrekandi setja verklagsreglur til að tryggja að velji farþegar sér of einhliða sæti eftir flugvélinni endilangri þá bregðist flugáhöfn eða þjónustuáhöfn við og leiðrétti það. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þrengingu þyngdarmiðjusviðsins og starfsreglur þar að lútandi, þar með talið áætlaða skipan farþega í sæti. (Sjá IEM með 1. viðbæti við d-lið JAR-OPS 1.605.)


2) *Þyngdarmiðja á flugi.*
Auk 1. tölul. d-liðar hér að framan skal flugrekandi sýna fram á að í reglunum sé tekið fullt tillit til mestu frávika í færslu þyngdarmiðju sem orðið geta á flugi og stafa af því að áhöfn/farþegar er(u) á ferli svo og eyðslu og tilfærslu eldsneytis.

1. viðbætir við f-lið JAR-OPS 1.620 Skilgreining á evrópska flugsvæðinu

Að því er varðar f-lið JAR-OPS 1.620 merkir flug á evrópska svæðinu, að innanlandsflugi undanskildu, flug á svæði sem markað er með kompáslínu milli eftirfarandi punkta:

N7200	E04500	N2700	W00900
N4000	E04500	N2700	W03000
N3500	E03700	N6700	W03000
N3000	E03700	N7200	W01000
N3000	W00600	N7200	E04500

eins og sýnt er á mynd 1 hér fyrir neðan:



Mynd 1 – Evrópska svæðið

1. viðbætir við g-lið JAR-OPS 1.620 Verklagsreglur um setningu endurskoðaðra staðla um massagildi fyrir farþega og farangur
(Sjá IEM með 1. viðbæti við g-lið JAR-OPS 1.620)

a) *Farþegar.*
1) *Úrtaksaðferð við vigtun.* Ákvarða skal meðalmassa farþega og handfarangurs þeirra með vigtun þar sem notuð eru slembiúrtök. Tilhögun og umfang slembiúrtöku skal vera dæmigert fyrir massa farþega með hliðsjón af tegund flugs og tíðni á mismunandi leiðum, innleið/útleið, árstíð og sætaframboði í flugvélinni.
2) *Fjöldi í úrtaki.* Vigtunaráætlunin skal að minnsta kosti taka til þess fjölda sem mestur er:
i) fjölda farþega sem reiknaður er út frá tilraunaúrtaki með venjulegum tölfræðilegum aðferðum og byggist á hlutfallslegum vikmörkum (nákvæmni) sem eru 1% fyrir alla fullorðna og 2% fyrir meðalmassa fyrir karla annars vegar og konur hins vegar (tölfræðiaðferðina er að finna í g-lið IEM OPS 1.620, ásamt útreiknuðu dæmi til ákvörðunar á tilskildum lágmarksfjölda úrtaka og á meðalmassa); og
ii) fyrir flugvélar:
A) þar sem framboð farþegasæta er 40 eða meira, alls 2000 farþega; eða
B) þar sem framboð farþegasæta er minna en 40, alls 50 x sætaframboðið.
3) *Farþegamassi.* Farþegamassi verður að innihalda massa þess farangurs sem farþegi hefur með sér þegar hann gengur um borð í flugvélina. Þegar tekin eru slembiúrtök af farþegamassa skal vigta ungbörn með þeim fullorðna sem er með þau. (Sjá einnig c-, d- og e-lið JAR-OPS 1.620.)
4) *Vigtunarstaður.* Vigtun skal fara fram eins nálægt flugvélinni og unnt er, á stað þar sem ólíklegt er að breyting verði á farþegamassa með því að farþegar losi sig við eða bæti á sig persónulegum munum áður en þeir fara um borð í flugvélina.
5) *Vog.* Vogin sem notuð er til að vigta farþegana skal geta vigtað að minnsta kosti 150 kg. Minnsta kvarðaskipting má ekki vera stærri en 500 g. Nákvæmni vogarinnar skal vera innan 0,5% eða 200 g skekkjumarka, eftir því hvort er meira.
6) *Skráning massagilda.* Í hverju flugi skal skrá massa farþeganna, í hvaða farþegaflokki þeir eru (þ. e. karl/ kona/ barn) og flugnúmer.

b) *Skráður farangur.* Tölfræðiaðferðin til að ákvarða endurskoðuð staðalmassagildi fyrir farangur, sem byggjast á meðalmassa farangurs í tilskildum lágmarksfjölda úrtaka, er í grundvallaratriðum sú sama og fyrir farþega og eins og greint er frá í 1. tölul. a-liðar (sjá einnig g-lið IEM OPS 1.620). Hlutfallsleg vikmörk (nákvæmni) fyrir farangur eru 1%. Vigta skal minnst 2000 stykki af skráðum farangri.

c) *Útreikningur endurskoðaðra staðalmassagilda fyrir farþega og skráðan farangur.*
1) Til að tryggja að það hafi ekki óhagstæð áhrif á öryggi í starfrækslu að nota endurskoðuð staðalmassagildi fyrir farþega og skráðan farangur fremur en raunveruleg massagildi sem ákvörðuð eru með vigtun skal framkvæma tölfræðilega greiningu (sjá g-lið IEM OPS 1.620). Úr slíkri greiningu fást meðalmassagildi fyrir farþega og farangur og sömuleiðis önnur gögn.
2) Í flugvélum með 20 farþegasæti eða fleiri gilda þessar meðaltalstölur sem endurskoðuð staðalmassagildi fyrir karla og fyrir konur.
3) Í minni flugvélum skal bæta við eftirfarandi gildisaukum fyrir meðalfarþegamassa til að fá fram endurskoðuð staðalmassagildi:

Fjöldi farþegasæta	Tilskilinn gildisauki fyrir massa
1 til og með 5	16 kg
6 til og með 9	8 kg
10 til og með 19	4 kg

Annar möguleiki er að nota endurskoðuðu (meðal) staðalmassagildin fyrir alla fullorðna í flugvélum með 30 eða fleiri farþegasæti. Endurskoðuð (meðal) staðalmassagildi fyrir skráðan farangur gilda í flugvélum með 20 farþegasæti eða fleiri.

4) Flugrekendur eiga þess kost að leggja ítarlega vigtunaráætlun fyrir flugmálayfirvöld til samþykkis til að fá síðan að víkja frá endurskoðuðu staðalmassagildi, að því tilskildu að fráviksgildið sé ákvarðað með aðferðinni sem gerð er grein fyrir í þessum viðbæti. Slík frávik skal endurskoða með minnst 5 ára millibili. (Sjá 4. tölul. c-liðar AMC með g-lið 1. viðbætis við JAR-OPS 1.620.)
5) Endurskoðuð staðalmassagildi fyrir alla fullorðna skulu byggjast á hlutfalli karla/kvenna sem er 80/20 í öllu flugi nema orlofsleiguflugi þar sem hlutfallið er 50/50. Óski flugrekandi eftir samþykki fyrir öðru hlutfalli á tilteknum leiðum eða í tilteknu flugi skal hann afhenda flugmálayfirvöldum gögn sem sýna að hið nýja hlutfall karla/kvenna er varlega áætlað og að það tekur til að minnsta kosti 84% af mældu hlutfalli karla/kvenna í úrtaki úr að minnsta kosti 100 dæmigerðum flugferðum.
6) Meðalmassagildin sem fást skulu hækkuð eða lækkuð í næstu heilu kílóatölu. Massagildi skráðs farangurs skulu hækkuð eða lækkuð í næstu 0,5 kg tölu, eftir því sem við á.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.625 **Massa- og jafnvægisskrár**
(Sjá IEM með 1. viðbæti við JAR-OPS 1.625)

a) *Massa- og jafnvægisskrár.*
1) *Inntak.*
i) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í massa- og jafnvægisskrám:
A) skrásetning og tegund flugvélar;
B) flugnúmer og dagsetning flugs;
C) nafn flugstjórans;
D) nafn þess sem fyllti út skrána;
E) þurrarekstrarmassi og samsvarandi þyngdarmiðja flugvélarinnar;
F) massi eldsneytis við flugtak og massi eldsneytiseyðslu í fluginu;
G) massi annarrar eyðslu en eldsneytis í fluginu;
H) einingar hleðslunnar, að meðtöldum farþegum, farangri, fragt og kjölfestu;
I) flugtaksmassi, lendingarmassi og þurramassi;
J) dreifing hleðslu;
K) viðeigandi staðsetning þyngdarmiðju flugvélarinnar; og
L) takmarkandi massa- og þyngdarmiðjugildi.
ii) Með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda er flugrekanda heimilt að sleppa sumum þessara upplýsinga úr massa- og jafnvægisskrám.
2) *Breytingar á síðustu stundu.* Verði breytingar á síðustu stundu eftir að gengið hefur verið frá massa- og jafnvægisskrá skal athygli flugstjórans vakin á því og verður að færa þær breytingar inn í massa- og jafnvægisskrána. Í flugrekstrarhandbókinni skal tilgreina mestu leyfilega breytingu á fjölda farþega eða á farmi í lest sem unnt

er að fallast á sem breytingu á síðustu stundu. Ef farið er yfir þá tölu skal gera nýja massa- og jafnvægisskrá.

b) *Tölvuvædd kerfi.* Ef massa- og jafnvægisskrárnar eru unnar í tölvuvæddu massa- og jafnvægiskerfi skal flugrekandi ganga úr skugga um áreiðanleika frálagsgagna. Hann skal koma á kerfi til að hafa eftirlit með því að breytingar á ílagsgögnum hans séu teknar á réttan hátt inn í kerfið og að kerfið starfi rétt og óslitið; hann gerir þetta með því að sannprófa frálagsgögnin með í mesta lagi 6 mánaða millibili.

c) *Massa- og jafnvægiskerfi í flugvélinni.* Óski flugrekandi eftir því að fá að nota massa- og jafnvægistölvukerfi í flugvél sem aðalgagnagrunn fyrir flugið þarf hann að fá samþykki flugmálayfirvalda fyrir því.

d) *Gagnatenging.* Ef massa- og jafnvægisskrá er send flugvélum um gagnatengingu skal afrit af endanlegu massa- og jafnvægisskránni, sem flugstjórinn hefur samþykkt, vera tiltækt á jörðu niðri.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 K-kafli

K-KAFLI – MÆLITÆKI OG BÚNAÐUR

JAR-OPS 1.630 Almennur inngangur
(Sjá IEM OPS 1.630)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flug sé ekki hafið nema mælitæki og búnaður sem krafist er samkvæmt þessum kafla:
   1) hafi verið samþykktur, nema sá sem tilgreindur er í c-lið, og settur upp í samræmi við kröfur sem um hann gilda, þar með taldir staðlar um lágmarksafkastagetu og kröfur er lúta að starfrækslu og lofthæfi; og
   2) séu í starfhæfu ástandi fyrir þá tegund flugs sem fram á að fara, að undanskildu því sem kveðið er á um í lista yfir lágmarksbúnað (MEL) (sbr. JAR-OPS 1.030).

b) Staðlar um lágmarksafköst mælitækja og búnaðar eru hinir sömu og í gildandi tækniforskriftum JAR (JTSO – Joint Technical Standard Orders) eins og þeir eru skráðir í JAR-TSO nema mælt sé fyrir um aðra staðla um afkastagetu í starfrækslu- eða lofthæfireglum. Þegar JAR-OPS-reglurnar koma til framkvæmda má halda áfram að nota eða setja upp mælitæki og búnað, sem samrýmist öðrum forskriftum en JTSO fyrir hönnun og afkastagetu nema gerðar séu viðbótarkröfur í þessum kafla. Mælitæki og búnaður, sem hefur þegar hlotið samþykki, þarf ekki að samrýmast endurskoðuðum JTSO eða öðrum endurskoðuðum forskriftum en JTSO, nema gerðar séu kröfur um afturvirkni þar að lútandi.

c) Ekki þarf sérstakt samþykki fyrir eftirfarandi búnaði:
   1) bræðivörum sem um getur í JAR-OPS 1.635;
   2) vasaljósum sem um getur í 4. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.640;
   3) nákvæmri klukku sem um getur í b-liðum JAR-OPS 1.650 og 1.652;
   4) kortahaldara sem um getur í n-lið JAR-OPS 1.652;
   5) sjúkrakössum sem um getur í JAR-OPS 1.745;
   6) læknatösku sem um getur í JAR-OPS 1.755;
   7) gjallarhornum sem um getur í JAR-OPS 1.810;
   8) búnaði til að lifa af og neyðarblysum sem um getur í a- og c-lið JAR-OPS 1.835; og
   9) rekakkerum og búnaði til að liggja við legufæri, akkeri eða stýra lagarflugvélum og láðs- og lagarflugvélum á vatni eins og um getur í JAR-OPS 1.840.

d) Ef flugliði þarf að nota búnað í vinnureit sínum á flugi er nauðsynlegt að flugliðinn eigi auðvelt með að nota búnaðinn frá vinnureitnum. Ef tveir eða fleiri flugliðar þurfa að nota einn og sama búnað skal honum komið þannig fyrir að auðvelt sé að starfrækja hann frá öllum vinnureitum þar sem á að nota hann.
e) Mælitækjum, sem einn flugliði þarf að nota, skal komið þannig fyrir að hann geti hæglega lesið af þeim úr sæti sínu með því að víkja sem minnst frá þeirri stöðu og sjónlínu sem hann venjulega hefur þegar hann horfir fram flugslóðina. Þegar krafist er einungis eins mælitækis um borð í flugvél, sem tveir eða fleiri flugliðar nota, skal koma því þannig fyrir að mælitækið sjáist frá öllum vinnureitum flugliða sem þetta gildir um.

JAR-OPS 1.635 Öryggi rafrása

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél þar sem bræðivör eru notuð nema tiltæk séu til vara í hverju flugi að minnsta kosti 10% af þeim fjölda bræðivara sem þarf af hverjum styrkleika, eða þrjú af hverjum styrkleika, og gildir sú tala sem hærri er.

JAR-OPS 1.640 Ljós á flugvélum

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún hafi eftirfarandi búnað:

a) Til flugs að degi til:
   1) blikljósakerfi;
   2) ljós sem fá rafmagn frá rafkerfi flugvélarinnar og gefa næga lýsingu fyrir öll mælitæki og búnað sem nauðsynlegt er fyrir örugga stjórn flugvélarinnar;
   3) ljós sem fá rafmagn frá rafkerfi flugvélarinnar og lýsa upp alla farþegaklefa; og
   4) vasaljós handa hverjum flugverja sem skylt er að hafa um borð og skulu flugverjar eiga hægt með að grípa til þeirra úr sæti sínu í vinnureit.
b) Til flugs að nóttu til, auk búnaðarins sem tilgreindur er í a-lið hér að framan:
   1) siglingaljós; og
   2) tvö lendingarljós eða eitt ljós með tveimur glóðarþráðum sem fá orku hvor frá sínum aflgjafa; og
   3) ljós samkvæmt alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, ef um er að ræða lagarflugvél eða láðs- og lagarflugvél.

JAR-OPS 1.645 Rúðuþurrkur

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með yfir 5.700 kg samþykktan hámarksflugtaksmassa nema rúðuþurrka sé í vinnureit hvers flugmanns eða sambærilegur búnaður til að halda hluta rúðunnar auðum í úrkomu.

JAR-OPS 1.650 Sjónflug að degi til (VFR) – flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður
(Sjá AMC OPS 1.650/1.652) (Sjá IEM OPS 1.650/1.652)

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél að degi til í samræmi við reglur um sjónflug (VFR) nema í henni séu eftirfarandi flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður sem uppfylla, þar sem það á við, kröfur í eftirfarandi liðum um:
a) seguláttavita;

b) nákvæma klukku sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur;
c) næman þrýstingshæðarmæli sem er kvarðaður í fetum með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting sem líklegt er að stilla þurfi á í flugi;
d) hraðamæli sem er kvarðaður í hnútum;
e) stig- og fallmæli;
f) beygju- og skriðmæli eða beygju- og hallamæli með innbyggðum skriðmæli;
g) sjónbaug;
h) nefstefnuvísi með stefnustöðugleika; og
i) mæli inni í stjórnklefa sem sýnir hitastig utan flugvélarinnar og er kvarðaður í Celsíusgráðum (sjá i-lið AMC OPS 1.650 og 1.652).
j) Í flugi sem tekur skemmri tíma en 60 mínútur, þar sem lagt er í flug og lent á einum og sama flugvellinum og flogið í innan við 50 sjómílna fjarlægð frá flugvellinum, er heimilt að nota annaðhvort beygju- og skriðmæli eða beygju- og hallamæli með innbyggðum skriðmæli, eða bæði sjónbaug og skriðmæli í stað mælitækjanna sem mælt er fyrir um í f-, g- og h-lið hér að framan og 4., 5. og 6. tölul. k-liðar hér á eftir.
k) Ef krafist er tveggja flugmanna skulu eftirfarandi tæki einnig vera í vinnureit aðstoðarflugmanns:
   1) næmur þrýstingshæðarmælir, kvarðaður í fetum, með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting sem líklegt er að stilla þurfi á í flugi;
   2) hraðamælir, kvarðaður í hnútum;
   3) stig- og fallmælir;
   4) beygju- og skriðmælir eða beygju- og hallamælir með innbyggðum skriðmæli;
   5) sjónbaug; og
   6) nefstefnuvísi með stefnustöðugleika.
l) Öll hraðamælakerfi skulu vera búin hituðum stemmurörum eða sambærilegum búnaði til að koma í veg fyrir truflanir vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar:
   1) í flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9;
   2) í flugvélum sem fengu fyrst útgefið lofthæfiskírteini í JAA-aðildarríki eða annars staðar 1. apríl 1999 eða síðar.
m) Þegar krafist er tveggja samstæðra mælitækja felst í þeirri kröfu að báðir flugmennirnir skuli hafa sérskjá og sérveljara eða annan fylgibúnað, eftir því sem við á.
n) Í öllum flugvélum skal vera búnaður sem gefur það til kynna þegar ekki er nægileg orka á tilskildum flugmælum; og
o) allar flugvélar með þéttnitakmarkanir, sem ekki eru á annan hátt sýndar á tilskildum flughraðamælum, skulu hafa Machtöluvísi í vinnureit beggja flugmannanna.

JAR-OPS 1.652 Blindflug (IFR) eða flug að nóttu til – flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður
(Sjá AMC OPS 1.650/1.652) (Sjá IEM OPS 1.650/1.652)

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til í samræmi við sjónflugsreglur nema í henni séu flugmælar, flugleiðsögutæki og fylgibúnaður sem uppfylla, þar sem það á við, kröfur í eftirfarandi liðum um:
a) seguláttavita;
b) nákvæma klukku sem sýnir klukkustundir, mínútur og sekúndur;

c) tvo næma þrýstingshæðarmæla sem eru kvarðaðir í fetum með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting sem líklegt er að stilla þurfi á í flugi;
d) hraðamælakerfi með hituðu stemmuröri eða sambærilegum búnaði til að koma í veg fyrir truflun vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar, þar með talinn búnaður sem gefur viðvörun þegar stemmurörshitari bilar. Ákvæði um viðvörunarbúnað vegna bilunar í stemmurörshitara gilda ekki um flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 9 eða færri eða skráðan hámarksflugtaksmassa 5.700 kg eða minna og með lofthæfiskírteini sem gefið var út fyrir 1. apríl 1998 (sjá d-lið og 2. tölul. k-liðar AMC OPS 1.652);
   Aths. Gildistökudagur er 1. apríl 1999 (fyrir viðvörunarbúnað vegna bilunar í stemmurörshitara).
e) stig- og fallmæli;
f) beygju- og skriðmæli;
g) sjónbaug;
h) nefstefnuvísi með stefnustöðugleika;
i) mæli inni í stjórnklefa sem sýnir hitastig utan flugvélarinnar og er kvarðaður í Celsíusgráðum (sjá i-lið AMC OPS 1.650 og 1.652).
j) tveimur sjálfstæðum kyrruþrýstingskerfum, nema í skrúfuflugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5.700 kg eða minni er heimilt að nota eitt kyrruþrýstingskerfi ásamt einu varakerfi sem gengur fyrir öðrum kyrruþrýstingsgjafa.
k) þegar krafist er tveggja flugmanna skulu eftirfarandi mælitæki einnig vera í vinnureit aðstoðarflugmanns:
   1) næmur þrýstingshæðarmælir, kvarðaður í fetum, með undirkvarða sem er kvarðaður í hektópaskölum/millíbörum og hægt er að stilla á allan loftþrýsting sem líklegt er að stillt sé á í flugi og má mælirinn vera annar af hæðarmælunum tveimur sem gerð er krafa um í c-lið hér að framan;
   2) hraðamælakerfi með hituðu stemmuröri eða sambærilegum búnaði til að koma í veg fyrir truflun vegna vatnsþéttingar eða ísmyndunar, þar með talinn viðvörunarbúnaður vegna bilunar í stemmurörshitara. Krafa um viðvörunarbúnað vegna bilunar í stemmurörshitara gildir ekki um flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 9 eða færri eða skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5.700 kg eða minni og með lofthæfiskírteini sem gefið var út fyrir 1. apríl 1998 (sjá d-lið og 2. tölul. k-liðar AMC OPS 1.652);
      Aths. Gildistökudagur er 1. apríl 1999 (fyrir viðvörunarbúnað vegna bilunar í stemmurörshitara).
   3) stig- og fallmælir;
   4) beygju- og skriðmælir;
   5) sjónbaugur; og
   6) nefstefnuvísir með stefnustöðugleika.
l) flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9 verða auk þess að vera búnar einum varasjónbaugi (gervisjónbaugi) sem unnt er að nota frá vinnureit hvors flugmannsins sem er og
   1) fær stöðugt afl við eðlilegar aðstæður í flugi en verði allsherjarbilun í aðalrafkerfi flugvélarinnar fær hann rafmagn frá öðrum sjálfstæðum aflgjafa;
   2) starfar á öruggan hátt í minnst 30 mínútur eftir að allsherjarbilun hefur orðið í aðalrafkerfi flugvélarinnar, með hliðsjón af öðru álagi á neyðaraflgjafa og verklagsreglum;

3) starfar óháð öllum öðrum sjónbaugskerfum;
4) fer í gang sjálfkrafa þegar allsherjarbilun verður í aðalrafkerfinu; og
5) er nægilega vel lýstur á öllum stigum flugsins, nema þegar um er að ræða flugvélar, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5.700 kg eða minni, sem höfðu þegar verið skráðar í JAA-ríki 1. apríl 1995 og eru búnar varasjónbaugi vinstra megin í mælaborði.

m) Samkvæmt ákvæðum l-liðar hér að framan verður flugáhöfnin að fá greinilegt merki um það hvenær sjónbaugurinn, sem gerð er krafa um í þeim lið, gengur fyrir neyðarafli. Ef sjónbaugurinn hefur eigin aflgjafa skal það sjást annaðhvort á tækinu sjálfu eða í mælaborðinu hvenær sá aflgjafi er í notkun. Þessi krafa skal uppfyllt eigi síðar en 1. apríl 2000.

n) Kortahaldari sem er staðsettur þannig að auðvelt sé að lesa á kortin og hægt sé að lýsa hann upp þegar flogið er að nóttu til.

o) Ef varasjónbaugskerfi, sem er nothæft við flughorfsbreytingar, sem nema 360° í kinki og veltu, er sett í flugvélina er heimilt að nota hallamæla í stað beygju- og hallamæla. Nothæfur merkir hér að kerfið heldur áfram að starfa í 360° kinki og veltu án þess að kollveltast.

p) Þegar krafist er samstæðra mælitækja felst í þeirri kröfu að báðir flugmennirnir skuli hafa skjá og sérstillibúnað eða annan fylgibúnað eftir því sem við á.

q) Í öllum flugvélum skal vera búnaður sem gefur til kynna þegar afl til tilskilinna flugmæla, sem krafist er, er ekki nægjanlegt.

r) Í öllum flugvélum með þéttnitakmarkanir, sem eru ekki á annan hátt gefnar til kynna á tilskildum hraðamælum, skal vera Machtöluvísir í vinnureit hvers flugmanns.

s) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í blindflugi eða að nóttu til nema hún sé búin heyrnartólum með hljóðnema eða jafngildum búnaði og sendihnappi á stýrishjóli fyrir hvern flugmann sem krafist er í áhöfn. (Sjá s-lið IEM OPS 1.652.)

JAR-OPS 1.655 Viðbótarbúnaður fyrir flug með einum flugmanni samkvæmt blindflugsreglum

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í blindflugi með einum flugmanni nema hún sé búin sjálfstýringu með að minnsta kosti hæðarhafti og nefstefnustýringu.

JAR-OPS 1.660 Hæðarviðvörunarkerfi

a) Flugrekandi skal hvorki starfrækja flugvél búna skrúfuhverfihreyflum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9 né flugvélar knúnar þotuhreyflum nema þær hafi hæðarviðvörunarkerfi sem getur:
   1) varað flugáhöfnina við þegar flugvélin nálgast fyrirfram valda flughæð, hvort sem verið er að hækka eða lækka flugið; og
   2) varað flugáhöfn við, að minnsta kosti með hljóðmerki, ef flugvélin fer yfir eða undir fyrirfram valda flughæð,

   nema um sé að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5.700 kg eða minni og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9 og með lofthæfiskírteini sem gefið var út í fyrsta sinn í JAA-ríki eða annars staðar fyrir 1. apríl 1972 og höfðu þegar verið skráðar í JAA-ríki 1. apríl 1995.

JAR-OPS 1.665 Jarðvarakerfi

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél knúna hverfihreyflum nema hún sé búin jarðvarakerfi ef flugvélin:
   1) hefur skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 15.000 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 30; eða
   2) hefur skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9 eftir 1. janúar 1999, nema hún sé búin jarðvarakerfi.

b) Jarðvarinn, sem skylt er að hafa samkvæmt þessari grein, skal gefa flugáhöfn greinileg hljóðmerki sem geta auk þess verið með sjónmerkjum og fara sjálfkrafa í gang nógu tímanlega og greinilega til að vara við hnighraða, jarðnánd, hæðarmissi eftir flugtak eða eftir að hætt er við lendingu, röngum lendingarhami eða fráviki niður fyrir hallageisla.

JAR-OPS 1.668 Árekstrarvarakerfi flugvélar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél knúna hverfihreyflum:
   1) sem hefur skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 15.000 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 30 eftir 1. janúar 2000; eða
   2) hefur skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg en ekki yfir 15.000 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 en ekki fleiri en 30, eftir 1. janúar 2005,

   nema hún sé búin árekstrarvarakerfi með lágmarksafkastagetu ACAS II.

JAR-OPS 1.670 Veðurratsjá flugvélar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél:
   1) með jafnþrýstibúnaði; eða
   2) án jafnþrýstibúnaðar sem er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg; eða
   3) án jafnþrýstibúnaðar sem er með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9 eftir 1. apríl 1999,

   nema hún sé búin veðurratsjá þegar flugvélinni er flogið að nóttu til eða við blindflugsskilyrði á svæðum þar sem búast má við þrumuveðri á leiðinni eða öðrum veðurskilyrðum sem teljast sjáanleg í veðurratsjá og geta orðið hættuleg.

b) Þegar um er að ræða skrúfuflugvélar með jafnþrýstibúnaði og skráðan hámarksflugtaksmassa 5.700 kg eða þar undir og með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir 9 eða færri er heimilt að nota í stað veðurratsjár annan búnað, sem getur greint þrumuveður eða önnur veðurskilyrði sem geta orðið hættuleg og teljast sjáanleg í veðurratsjá, með fyrirvara um samþykki flugmálayfirvalda.

JAR-OPS 1.675 Búnaður fyrir flug í ísingu

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í ísingu eða þar sem búist er við ísingu nema flugvélin sé skráð og búin tækjum til flugs í ísingu.

b) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél að nóttu til, í ísingu eða ef búast má við ísingu, nema flugvélin hafi búnað til að lýsa upp eða greina ísmyndun. Nota verður lýsingu sem veldur ekki glampa eða endurspeglun sem truflar flugverja við störf.

JAR-OPS 1.680 Geimgeislunarmælir

Flugrekandi skal sjá til þess að í öllum flugvélum sem ætlað er að fljúga ofar en 15.000 m (49.000 fet) sé búnaður til að mæla stöðugt og gefa til kynna styrkleika allrar geimgeislunar sem flugvélin verður fyrir (þ.e. heildarmagn jónandi geislunar og nifteinda geislunar frá vetrarbraut eða sólu) og heildarmagn geimgeislunar sem flugvélin verður fyrir í hverju flugi.

JAR-OPS 1.685 Talkerfi flugáhafnar

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél þar sem skylt er að hafa fleiri en einn flugliða í flugáhöfn nema hún sé búin talkerfi fyrir flugliðana með heyrnartólum og hljóðnemum, þó ekki handtækjum, sem öllum flugliðum er ætlað að nota. Fyrir flugvélar sem þegar voru skráðar í JAA-ríki 1. apríl 1995 og með lofthæfiskírteini sem gefið var út í fyrsta sinn í JAA-ríki eða annars staðar fyrir 1. apríl 1975 tekur þessi krafa ekki gildi fyrr en 1. apríl 2002.

JAR-OPS 1.690 Talkerfi flugverja

a) Flugverji skal ekki starfrækja flugvél með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 15.000 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 nema hún sé búin talkerfi fyrir flugverja, að því frátöldu að um sé að ræða flugvélar með lofthæfiskírteini, sem gefið var út í fyrsta sinn í JAA-ríki eða annars staðar fyrir 1. apríl 1965, og sem höfðu þegar verið skráðar í JAA-ríki 1. apríl 1995.

b) Talkerfi flugverja, sem skylt er að hafa samkvæmt þessari grein, skal:
   1) geta starfað óháð hinu almenna hátalarakerfi nema að því er varðar handtól, heyrnartól, hljóðnema, stillirofa og merkjabúnað;
   2) gefa færi á gagnkvæmum fjarskiptum milli stjórnklefa og:
      i) hvers farþegaklefa;
      ii) hvers eldhúss sem er annars staðar en á farþegaþilfari;
      iii) hvers áhafnarklefa sem er fjarliggjandi og utan farþegaþilfars og ekki er greiður aðgangur að úr farþegaklefa;
   3) vera þar sem auðvelt er að ná til þess frá öllum vinnureitum tilskilinnar flugáhafnar í stjórnklefa;
   4) vera þar sem auðvelt er að ná til þess frá öllum tilskildum vinnureitum þjónustuliða næst hverjum stökum neyðarútgangi í gólfhæð eða tveimur samstæðum;
   5) hafa viðvörunarkerfi með hljóð- eða sjónmerkjum sem flugliðar geta notað til að gera þjónustuliðum, og þjónustuliðar flugliðum, viðvart um hættu;
   6) gera þeim sem kallað er á kleift að greina á milli hvort um venjulegt kall eða neyðarkall er að ræða (sjá 6. tölul. b-liðar AMC OPS 1.690); og
   7) sjá til þess að á jörðu niðri sé búnaður til gagnkvæmra fjarskipta milli starfsfólks á jörðu og að minnsta kosti tveggja flugliða. (Sjá 7. tölul. b-liðar IEM OPS 1.690.)

JAR-OPS 1.695 Almennt hátalarakerfi

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 nema almennt hátalarakerfi sé í flugvélinni.

b) Hátalarakerfið, sem krafist er í þessari grein, skal:
   1) geta starfað óháð hinum talkerfunum, að undanskildum handtólum, heyrnartólum, hljóðnemum, stillirofum og merkjabúnaði;

2) vera þar sem tafarlaust má ná til notkunar frá öllum vinnureitum tilskilinna flugliða;
3) vera við hvern tilskilinn neyðarútgang farþega í gólfhæð þar sem næst er sæti þjónustuliða, vera búið hljóðnema sem þjónustuliðinn á auðvelt með að ná til úr sæti sínu, þó þannig að nota má einn hljóðnema fyrir fleiri en einn neyðarútgang, að því tilskildu að svo skammt sé á milli neyðarútganga að þjónustuliðar geti án tækjabúnaðar talast við úr sætum sínum;
4) vera þannig að þjónustuliði geti notað það innan tíu sekúndna í hverjum vinnureit í farþegaklefanum þar sem unnt er að ná til hátalarakerfisins;
5) vera þannig að unnt sé að heyra og skilja það sem sagt er í því í öllum farþegasætum, salernum og sætum þjónustuliða og vinnureitum.

JAR-OPS 1.700 Hljóðritar í stjórnklefa – 1
(Sjá IEM OPS 1.700)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfiskírteini, sem gefið var út í fyrsta sinn 1. apríl 1998 eða síðar, annaðhvort í JAA-ríki eða annars staðar, ef flugvélin
   1) er fjölhreyflaflugvél knúin hverfihreyflum með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9; eða
   2) er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg,
   nema hún sé búin hljóðrita sem tímasetur og skráir:
      i) töluð og móttekin fjarskipti um talstöð í stjórnklefa;
      ii) öll hljóð í stjórnklefa, auk órofinna hljóðmerkja frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum sem eru í notkun;
      iii) talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um talkerfi flugvélarinnar;
      iv) radd- eða hljóðmerki frá leiðsöguvirkjum eða aðflugstækjum sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara; og
      v) talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp.
b) Hljóðritinn skal að minnsta kosti geta geymt upplýsingar sem hann skráði tvo síðustu klukkutímana sem hann var í gangi en þó má stytta þennan tíma í 30 mínútur þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni.
c) Hljóðritinn skal fara sjálfkrafa í gang áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli. Að auki skal hljóðritinn byrja skráningu eins fljótt og unnt er ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa strax eftir að hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs.
d) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.
e) Til að uppfylla ákvæði þessa hluta er heimilt að hafa hljóðrita með sambyggðan flugrita um borð í flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5.700 kg eða minni.
f) Heimilt er að senda flugvél af stað þótt hljóðriti, sem skylt er að hafa samkvæmt þessum hluta, sé óstarfhæfur, svo fremi:
   1) ekki sé með góðu móti unnt að gera við eða skipta um hljóðrita áður en lagt er í flug;
   2) flugvélin fari ekki í fleiri en 8 flugferðir í röð til viðbótar með bilaðan hljóðrita;
   3) ekki séu liðnar meira en 72 stundir frá því að í ljós kom að hljóðritinn var ónothæfur; og
   4) allir flugritar, sem skylt er að hafa um borð, séu starfhæfir, nema um sé að ræða flugrita með sambyggðan hljóðrita.

JAR-OPS 1.705 Hljóðritar í stjórnklefa – 2
(Sjá IEM OPS 1.705/1.710)

a) Eftir 1. apríl 2000 skal flugrekandi ekki starfrækja fjölhreyfla flugvél sem knúin er hverfihreyflum, með lofthæfiskírteini sem gefið var út í fyrsta sinn í JAA-ríki eða annars staðar á tímabilinu 1. janúar 1990 til 31. mars 1998, að báðum dögum meðtöldum, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5.700 kg eða minni og hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9, nema þær séu búnar hljóðrita sem skráir:
   1) töluð og móttekin fjarskipti um talstöð í stjórnklefa;
   2) öll hljóð í stjórnklefa, auk órofinna hljóðmerkja, ef unnt er, frá öllum hljóðnemum á heyrnartólum og í grímum sem eru í notkun;
   3) talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um talkerfi flugvélarinnar;
   4) radd- eða einkennishljóðmerki frá leiðsöguvirkjum eða aðflugstækjum sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara; og
   5) talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp.

b) Hljóðritinn skal að minnsta kosti geta geymt upplýsingar sem hann skráði síðustu 30 mínúturnar sem hann var í gangi.

c) Hljóðritinn skal fara sjálfkrafa í gang áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda áfram að skrá þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli. Að auki skal hljóðritinn byrja skráningu eins fljótt og unnt er ef rafafl er tiltækt, á meðan gátun fer fram í stjórnklefa, áður en hreyflar eru ræstir í upphafi flugs, fram að gátun í stjórnklefa strax eftir að hreyflar hafa verið stöðvaðir í lok flugs.

d) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

e) Heimilt er að senda flugvél af stað þótt hljóðriti, sem skylt er að hafa samkvæmt þessum hluta, sé óstarfhæfur, svo fremi:
   1) ekki sé með góðu móti unnt að gera við eða skipta um hljóðrita áður en lagt er í flug;
   2) flugvélin fari ekki í fleiri en 8 flugferðir í röð til viðbótar með óstarfhæfan hljóðrita;
   3) ekki séu liðnar meira en 72 stundir frá því að í ljós kom að hljóðritinn var óstarfhæfur; og
   4) allir flugritar sem skylt er að hafa um borð séu starfhæfir, nema um sé að ræða flugrita með sambyggðan hljóðrita.

JAR-OPS 1.710 Hljóðritar í stjórnklefa – 3
(Sjá IEM OPS 1.705/1.710)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg og lofthæfiskírteini sem gefið var út í fyrsta sinn í JAA-ríki eða annars staðar fyrir 1. apríl 1998 nema hún sé búin hljóðrita sem skráir:
   1) töluð og móttekin fjarskipti um talstöð í stjórnklefa;
   2) öll hljóð í stjórnklefa;
   3) talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um talkerfi flugvélarinnar;
   4) radd- eða einkennishljóðmerki frá leiðsöguvirkjum eða aðflugstækjum sem heyrast í heyrnartólum eða hátalara; og
   5) talfjarskipti flugliða í stjórnklefa um almenna hátalarakerfið, ef slíkt kerfi hefur verið sett upp.

b) Hljóðriti skal að minnsta kosti geta geymt hljóðritaðar upplýsingar 30 síðustu mínútnanna sem þeir voru í gangi.
c) Hljóðritinn skal fara í gang áður en flugvélin hreyfist fyrir eigin afli og halda skráningu áfram þar til flugi lýkur og flugvélin hreyfist ekki lengur fyrir eigin afli.
d) Í hljóðritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.
e) Heimilt er að senda flugvél af stað þótt hljóðriti, sem skylt er að hafa samkvæmt þessum hluta, sé óstarfhæfur, svo fremi:
   1) ekki sé með góðu móti unnt að gera við eða skipta um hljóðrita áður en lagt er í flug;
   2) flugvélin fari ekki í fleiri en 8 flugferðir í röð til viðbótar með óstarfhæfan hljóðrita;
   3) ekki séu liðnar meira en 72 stundir frá því að í ljós kom að hljóðritinn var óstarfhæfur; og
   4) allir flugritar sem skylt er að hafa um borð séu starfhæfir.

JAR-OPS 1.715 Flugritar – 1
(Sjá IEM OPS 1.715)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfiskírteini sem gefið var út í fyrsta sinn, annaðhvort í JAA-ríki eða annars staðar, 1. apríl 1998 eða síðar, ef flugvélin:
   1) er fjölhreyflaflugvél knúin hverfihreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9; eða
   2) er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg,
   nema hún sé búin stafrænum flugrita sem skráir og varðveitir gögn og skal vera auðvelt að sækja gögnin í geymslumiðilinn.
b) Flugritinn skal að minnsta kosti geta geymt gögnin sem hann skráði 25 síðustu tímana sem hann var í gangi, en þó má stytta tímann í 10 klukkustundir þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5.700 kg eða minni.
c) flugriti skal skrá og tímasetja (sjá c-lið AMC OPS 1.715):
   1) þær breytur sem nauðsynlegar eru til að ákvarða hæð, flughraða, nefstefnu, hröðun, kink- og veltuhorf, lyklun fjarskiptasendinga, kný eða afl hvers hreyfils, stöðu búnaðar sem eykur lyftikraft og búnaðar sem eykur viðnám, lofthita, notkun sjálfstýrikerfa og áfallshorn; og
   2) þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 27.000 kg, þær breytur til viðbótar sem nauðsynlegar eru til að ákvarða stöðu aðalstýra og kinkstillis, upplýsinga sem birtast flugáhöfn um ratsjárhæð og grunnleiðsögu, viðvaranir í stjórnklefa og stöðu lendingarbúnaðar; og
   3) þegar um er að ræða flugvélar sem tilgreindar eru í a-lið hér að framan verður flugriti að skrá allar sérsniðnar breytur sem tengjast nýjum eða sérstökum hönnunareða rekstrareiginleikum flugvélarinnar.
d) Gögn skulu fengin beint úr tækjum flugvélarinnar til að unnt sé að bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugáhöfninni.
e) Flugritinn verður sjálfkrafa að hefja skráningu gagna áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og stöðvast sjálfkrafa eftir að vélin hættir að hreyfast fyrir eigin afli.
f) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.
g) Flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5.700 kg eða minni mega hafa flugrita með sambyggðum hljóðrita.
h) Heimilt er að senda flugvél af stað þótt flugriti, sem skylt er að hafa samkvæmt þessum hluta, sé óstarfhæfur, svo fremi (sjá h-lið IEM OPS 1.715):

1) ekki sé með góðu móti unnt að gera við eða skipta um flugrita áður en lagt er í flug;
2) flugvélin fari ekki í fleiri en 8 flugferðir í röð til viðbótar með óstarfhæfan flugrita;
3) ekki séu liðnar meira en 72 stundir frá því að í ljós kom að flugritinn var óstarfhæfur; og
4) allir hljóðritar, sem skylt er að hafa um borð, séu nothæfir, nema um sé að ræða hljóðrita með sambyggðan flugrita.

JAR-OPS 1.720 Flugritar – 2
(Sjá IEM OPS 1.720/1.725)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með lofthæfiskírteini sem gefið var út í fyrsta sinn í JAA-ríki eða annars staðar á tímabilinu 1. janúar 1989 til 31. mars 1998, að báðum dögum meðtöldum, með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 5.700 kg nema flugvélin sé búin stafrænum flugrita sem skráir og varðveitir gögn og skal vera auðvelt að sækja gögnin í geymslumiðilinn.
b) Flugritinn skal að minnsta kosti geta geymt gögnin sem hann skráði síðustu 25 tímana sem hann var í gangi.
c) Flugritinn skal skrá og tímasetja:
   1) þær breytur sem nauðsynlegar eru til að ákvarða flughæð, hraða, nefstefnu, hröðun, kink- og veltuhorf, lyklun fjarskiptasendinga nema notuð sé önnur aðferð til að stilla saman skráningu flugrita og hljóðrita, kný eða afl hvers hreyfils, stöðu búnaðar sem eykur lyftikraft og búnaðar sem eykur viðnám, lofthita, notkun sjálfstýrikerfa og áfallshorn; og
   2) þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er yfir 27.000 kg, þær breytur til viðbótar sem nauðsynlegar eru til að ákvarða stöðu aðalstýra og kinkstillis, upplýsingar sem birtast flugáhöfn um ratsjárhæð og grunnleiðsögu, viðvaranir í stjórnklefa og stöðu lendingarbúnaðar. (Sjá c-liði AMC OPS 1.720 og 1.725.)
d) Gögn skulu fengin beint úr tækjum flugvélarinnar þannig að unnt sé að bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugáhöfninni.
e) Flugritinn skal hefja skráningu gagna áður en flugvélin getur hreyfst fyrir eigin afli og stöðvast þegar vélin getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.
f) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.
g) Heimilt er að senda flugvél af stað þótt flugriti, sem skylt er að hafa samkvæmt þessum hluta, sé óstarfhæfur svo fremi:
   1) ekki sé með góðu móti unnt að gera við eða skipta um flugrita áður en lagt er í flug;
   2) flugvélin fari ekki í fleiri en 8 flugferðir í röð til viðbótar með óstarfhæfan flugrita;
   3) ekki séu liðnar meira en 72 stundir frá því að í ljós kom að flugritinn var óstarfhæfur; og
   4) allir hljóðritar sem skylt er að hafa um borð séu starfhæfir, nema um sé að ræða hljóðrita sem er sambyggður flugritanum. (Sjá g-liði IEM OPS 1.720 og 1.725).

JAR-OPS 1.725 Flugritar – 3
(Sjá IEM OPS 1.720/1.725)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hverfihreyflum sem fellur ekki undir JAR-OPS 1.715 eða JAR-OPS 1.720 og er með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg nema hún sé búin stafrænum flugrita sem skráir og varðveitir gögn og skal vera auðvelt að sækja gögnin í geymslumiðilinn, með þeirri undantekningu þó að um sé að ræða flugvélar sem voru þegar skráðar í JAA-ríki 1. apríl 1995 og fengu lofthæfiskírteini í fyrsta sinn í JAA-ríki eða annars staðar fyrir 1. apríl 1975, en þá er heimilt að halda áfram að nota flugrita sem eru ekki stafrænir fram til 1. apríl 2000.

b) Flugritar skulu að minnsta kosti geta geymt gögnin sem þeir skráðu síðustu 25 tímana sem þeir voru í gangi.

c) Flugriti skal skrá og tímasetja:
   1) Þegar um er að ræða flugvélar með lofthæfiskírteini sem gefið var út í fyrsta sinn í JAA-ríki eða annars staðar fyrir 1. janúar 1987:
      i) þær breytur sem nauðsynlegar eru til að ákvarða hæð, flughraða, nefstefnu og eðlilega hröðun; og
      ii) þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksmassa yfir 27.000 kg af tegund sem fékk fyrst tegundarskírteini í JAA-ríki eða annars staðar eftir 30. september 1969, þær breytur til viðbótar sem nauðsynlegar eru til að ákvarða:
         A) lyklun fjarskiptasendinga nema notuð sé önnur aðferð til að samstilla skráningu flugrita og hljóðrita;
         B) flughorf flugvélarinnar til að halda flugslóð; og
         C) grunnkraftana sem orka á flugvélina og koma henni á flugslóð og uppruna þeirra krafta.
   2) Þegar um er að ræða flugvélar með lofthæfiskírteini, sem gefið var út í fyrsta sinn, annaðhvort í JAA-ríki eða annars staðar, 1. janúar 1987 eða síðar, en fyrir 1. janúar 1989:
      i) þær breytur sem nauðsynlegar eru til að ákvarða hæð, flughraða, nefstefnu og eðlilega hröðun; og
      ii) þegar um er að ræða flugvélar með skráðan hámarksmassa yfir 27.000 kg af tegund sem fékk fyrst tegundarskírteini í JAA-ríki eða annars staðar eftir 30. september 1969, þær breytur til viðbótar sem nauðsynlegar eru til að ákvarða:
         A) lyklun fjarskiptasendinga nema notuð sé önnur aðferð til að stilla saman skráningu flugrita og hljóðrita; og
         B) kink- og veltuhorf, kný eða afl hvers hreyfils, stöðu búnaðar sem eykur lyftikraft og búnaðar sem eykur viðnám, lofthita, notkun sjálfstýrikerfa, stöðu aðalstýra og kinkstillis, sýnilegra upplýsinga til áhafnar um ratsjárhæð og grunnleiðsögu, viðvaranir í stjórnklefa og stöðu lendingarbúnaðar. (Sjá c-liði AMC OPS 1.720 og 1.725.)

d) Gögn skulu fengin úr tækjum flugvélarinnar þannig að unnt sé að bera þau nákvæmlega saman við þær upplýsingar sem birtast flugáhöfninni.

e) Flugritinn skal hefja skráningu gagna áður en flugvélin getur hreyfst af stað fyrir eigin afli og stöðvast þegar vélin getur ekki lengur hreyfst fyrir eigin afli.

f) Í flugritanum skal vera búnaður sem auðveldar leit að honum í vatni.

g) Heimilt er að senda flugvél af stað þótt flugriti, sem skylt er að hafa samkvæmt þessum hluta, sé óstarfhæfur, svo fremi:
   1) ekki sé með góðu móti unnt að gera við eða skipta um flugrita áður en lagt er í flug;

2) flugvélin fari ekki í fleiri en 8 flugferðir í röð til viðbótar með óstarfhæfan flugrita;
3) ekki séu liðnar meira en 72 stundir frá því að í ljós kom að flugritinn var óstarfhæfur; og
4) allir hljóðritar sem skylt er að hafa um borð séu starfhæfir, nema þeir séu sambyggðir flugritanum. (Sjá g-liði IEM OPS 1.720 og 1.725.)

JAR-OPS 1.730 Sæti, sætisbelti, öryggistygi og festibúnaður fyrir börn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún sé búin:
1) sæti eða legurúmi fyrir hvern farþega sem náð hefur tveggja ára aldri;
2) sætisbelti, með eða án skáliggjandi axlaróla, eða öryggistygjum í hverju farþegasæti fyrir hvern farþega sem náð hefur tveggja ára aldri;
3) viðbótarlykkjubelti eða annars konar festibúnað fyrir hvert ungbarn;
4) að undanskildum þeim tilvikun sem kveðið er á um í b-lið hér á eftir, sætisbelti með axlatygjum fyrir hvert sæti flugliða og sæti hjá flugmannssætinu ásamt búnaði sem sjálfkrafa heldur bol þess sem situr í sætinu við snögga hraðalækkun;
5) að undanskildum þeim tilvikun sem kveðið er á um í b-lið hér á eftir, sætisbelti með axlatygjum fyrir hvert sæti þjónustuliða og áhorfenda (observers). Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að þjónustuliðar, sem eru umfram tilskilinn fjölda í þjónustuáhöfn, noti farþegasæti; og
6) sætum fyrir þjónustuliða nálægt tilskildum neyðarútgöngum í gólfhæð, nema ef það auðveldar neyðarrýmingu farþegaklefa að þjónustuliðar sitji annars staðar, þá má hafa þau annars staðar. Sætin skulu snúa fram eða aftur og vera innan 15° frá langási flugvélarinnar.

b) Öll sætisbelti með axlatygjum skal vera hægt að losa með einu átaki.

c) Sætisbelti með skáliggjandi axlarólum í flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er ekki yfir 5.700 kg eða sætisbelti í flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er ekki yfir 2.730 kg mega koma í stað sætisbelta með axlatygjum ef mjög erfitt er að koma þeim síðarnefndu fyrir.

JAR-OPS 1.731 Skiltin „SPENNIÐ BELTIN“ og „REYKINGAR BANNAÐAR“

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél þar sem ekki sést til allra farþegasæta úr stjórnklefanum nema í flugvélinni sé búnaður sem gefur öllum farþegum og þjónustuáhöfn til kynna hvenær spenna skuli sætisbelti og reykingar eru bannaðar.

JAR-OPS 1.735 Innihurðir og dyratjöld

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema eftirfarandi búnaði hafi verið komið fyrir:

a) Í flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 skal vera hurð milli farþegaklefa og stjórnklefa með skilti sem á stendur „AÐEINS FYRIR ÁHÖFN“ og læsingu svo að hægt sé að koma í veg fyrir að farþegar opni dyrnar án leyfis áhafnar;

b) Búnaði til að opna allar dyr sem skilja farþegaklefa frá öðru rými með neyðarútgangi. Auðvelt skal vera að komast að opnunarbúnaðinum;

c) Liggi leiðin frá farþegasæti að tilskildum neyðarútgangi í gegnum dyr eða dyratjöld sem skilja farþegaklefa frá öðru rými skal vera unnt að festa hurðina eða dyratjöldin í opinni stöðu;

d) Skilti á hverri hurð inni í flugvél eða næst dyratjaldi sem er á leið farþega að neyðarútgangi, þar sem segir að festa verði hurðina eða tjaldið í opinni stöðu í flugtaki og lendingu; og
e) Búnaði fyrir hvern flugverja til að opna allar dyr sem farþegar eiga venjulega aðgang að og þeir geta læst.

JAR-OPS 1.740 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.745 Sjúkrakassar
(Sjá AMC OPS 1.745)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún sé búin þeim fjölda sjúkrakassa sem hér segir og þeir séu geymdir þar sem auðvelt er að ná til þeirra:

Fjöldi farþegasæta um borð	Tilskilinn fjöldi sjúkrakassa
0 til 99	1
100 til 199	2
200 til 299	3
300 og fleiri	4

b) Flugrekandi skal sjá til þess:
1) að sjúkrakassar séu skoðaðir reglubundið til að staðfesta, að því marki sem unnt er, að innihaldið sé í nógu góðu ástandi fyrir fyrirhugaða notkun; og
2) að bætt sé í sjúkrakassana með reglulegu millibili, í samræmi við fyrirmæli á merkimiðum á þeim eða eftir aðstæðum.

JAR-OPS 1.750 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.755 Læknataska
(Sjá AMC OPS 1.755)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 30 nema í henni sé læknataska til notkunar í neyðartilvikum ef einhvers staðar á áætlaðri flugleið er flogið fjær en svo frá flugvelli þar sem vænta má læknishjálpar að ná megi til flugvallarins á 60 mínútum eða skemmri tíma (á eðlilegum farflugshraða).
b) Flugstjórinn skal sjá til þess að einungis læknar, hjúkrunarfræðingar eða aðrir með réttindi á þessu sviði gefi lyf.
c) *Kröfur er lúta að læknatöskum.*
1) Læknatöskur skulu vera ryk- og rakaþéttar og vera í öruggri geymslu, ef unnt er, í stjórnklefa; og
2) flugrekandi skal sjá til þess:
i) að læknatöskur séu skoðaðar reglubundið til að fá staðfest, að því marki sem unnt er, að innihaldið sé í nógu góðu ástandi fyrir fyrirhugaða notkun; og
ii) að bætt sé í læknatöskur með reglulegu millibili, í samræmi við fyrirmæli á merkimiðum á þeim eða eftir aðstæðum.

JAR-OPS 1.760 Súrefni til skyndihjálpar
(Sjá IEM OPS 1.760)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með jafnþrýstibúnaði í meira en 25.000 feta hæð þegar skylt er að hafa þjónustuliða um borð nema birgðir óblandaðs súrefnis séu tiltækar fyrir farþega sem gætu, af lífeðlisfræðilegum ástæðum, þurft á súrefni að halda ef loftþrýstingur fellur í farþegaklefa. Streymi súrefnis skal reiknað þannig að það svari til 3 lítra á mínútu af þurru súrefni fyrir hvern farþega, reiknað við staðalhita og staðalþrýsting (STPD – Standard Pressure Temperature Dry), og vera til ráðstöfunar fyrir minnst 2% fluttra farþega allt til lendingar frá því að þrýstingur tapast af farþegaklefa í meira en 8.000 feta inniþrýstingshæð, en það má aldrei fara undir þarfir eins farþega. Hafa verður nægilega mörg tæki til að gefa súrefni, þó aldrei færri en tvö, og skulu þjónustuliðar eiga möguleika á að nota súrefnið.

b) Reikna skal nauðsynlegt magn viðbótarsúrefnis til skyndihjálpar fyrir tiltekið flug út frá inniþrýstingshæð og flugtíma og í samræmi við verklagsreglur fyrir hvert flug og hverja flugleið.

c) Súrefnisbúnaðurinn skal geta gefið hverjum notanda minnst fjóra lítra á mínútu miðað við staðalhita og staðalþrýsting (STPD). Gera má ráðstafanir til að hægt sé að minnka flæðið í hvaða flughæð sem er niður í allt að tvo lítra á mínútu, miðað við staðalhita og staðalþrýsting.

JAR-OPS 1.765 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.770 Viðbótarsúrefni – flugvélar með jafnþrýstibúnaði
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.770) (Sjá IEM OPS 1.770)

a) *Almennar kröfur.*

1) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með jafnþrýstibúnaði í meira en 10.000 feta málþrýstingshæð nema um borð sé búnaður til að geyma og gefa af þeim birgðum viðbótarsúrefnis sem gerð er krafa um í þessari grein.

2) Magn tilskilins viðbótarsúrefnis skal miða við inniþrýstingshæð, flugtíma og gera skal ráð fyrir að jafnþrýstikerfið bili í þeirri flughæð eða þar á flugleiðinni sem súrefnisþörfin er mest og einnig er gert ráð fyrir að eftir að bilun hefur komið fram lækki flugvélin flugið, í samræmi við neyðarráðstafanir sem tilgreindar eru í flughandbók flugvélarinnar, niður í örugga flughæð á fyrirhugaðri flugleið sem gerir kleift að halda fluginu áfram og lenda örugglega.

3) Eftir að bilun verður í jafnþrýstibúnaði skal gera ráð fyrir að inniþrýstingshæð sé sú sama og flughæð flugvélarinnar nema flugmálayfirvöldum sé sýnt fram á að engin sennileg bilun í farþegaklefa eða í jafnþrýstikerfi leiði til þess að inniþrýstingshæð verði sú sama og flughæð flugvélar. Við þær aðstæður er heimilt að nota þá mestu inniþrýstingshæð, sem sýnt hefur verið fram á að hægt sé að halda, sem grundvöll til að ákvarða súrefnisbirgðir.

b) *Kröfur um súrefnistæki og súrefnisbirgðir.*

1) *Flugliðar.*

i) Allir flugliðar, sem eru á flugvakt í stjórnklefa, skulu vera birgir af viðbótarsúrefni í samræmi við ákvæði 1. viðbætis. Ef allir, sem sitja í stjórnklefa, fá súrefni úr súrefnisgjöfum flugáhafnar skulu þeir, að því er súrefnisbirgðir varðar, teljast vera flugliðar á flugvakt í stjórnklefa. Þeir sem sitja í stjórnklefa en fá ekki súrefni úr súrefnisgjöfum flugáhafnar teljast farþegar að því er

súrefnisbirgðir varðar.

ii) Flugliðar, sem falla ekki undir ákvæði i-liðar 1. tölul. b-liðar hér að framan, teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

iii) Súrefnisgrímur skulu geymdar þar sem flugliðar geta umsvifalaust náð til þeirra frá starfsstöð sinni.

iv) Súrefnisgrímur handa flugliðum í flugvélum með jafnþrýstibúnaði sem starfræktar eru í yfir 25.000 feta hæð skulu vera af gerð sem unnt er að setja á sig í skyndingu.

2) *Þjónustuliðar, viðbótaráhöfn og farþegar.*

i) Þjónustuliðar og farþegar skulu fá viðbótarsúrefni í samræmi við ákvæði 1. viðbætis nema þegar v-liður 1. viðbætis á við. Þjónustuliðar, sem eru umfram þann lágmarksfjölda þjónustuliða sem skylt er að hafa um borð, svo og viðbótaráhöfn teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

ii) Í flugvélum ætluðum til starfrækslu í málþrýstingshæð fyrir ofan 25.000 fet skulu vera tiltæk nógu mörg aukaúttök og -grímur og/eða nægilega mörg handsúrefnistæki með grímum handa öllum þjónustuliðum sem skylt er að hafa um borð. Jöfn dreifing skal vera á aukaúttökum og/eða handsúrefnistækjum um farþegaklefann til að tryggja að allir þjónustuliðar, sem skylt er að hafa um borð, geti strax fengið súrefni, án tillits til þess hvar þeir eru staddir ef jafnþrýstikerfið í klefanum bilar.

iii) Í flugvélum ætluðum til starfrækslu í málþrýstingshæð fyrir ofan 25.000 fet skulu vera öndunartæki til skömmtunar súrefnis sem eru tengd súrefnisgjafa og tilbúin til tafarlausrar notkunar við hvert sæti, hvar sem setið er. Heildarfjöldi öndunartækja og úttaka skal vera að minnsta kosti 10% meiri en fjöldi sæta. Umframtækjum skal dreift jafnt í farþegaklefanum.

iv) Í flugvélum ætluðum til starfrækslu í málþrýstingshæð fyrir ofan 25.000 fet, eða ef þær eru starfræktar í eða undir 25.000 fetum en geta ekki lækkað sig örugglega niður í 13.000 fet á innan við 4 mínútum, og fengu útgefið sérstakt lofthæfiskírteini í aðildarríki eða annarsstaðar 9. nóvember 1998 eða síðar skulu vera til taks nógu mörg súrefnistæki sem fella má niður umsvifalaust við hvert sæti, hvar sem setið er. Heildarfjöldi öndunartækja og úttaka skal vera að minnsta kosti 10% meiri en fjöldi sæta. Umframtækjum skal dreift jafnt í farþegaklefanum.

v) Fyrir flugvélar sem hafa ekki skírteini til að fljúga í meira en 25.000 feta hæð má slaka á kröfunum um súrefnisbirgðir, sem tilgreindar eru í 1. viðbæti, þannig að birgðirnar dugi allan þann tíma sem flogið er í hæð sem samsvarar 10.000 til 13.000 feta inniþrýstingshæðar handa öllum þjónustuliðum sem skylt er að hafa um borð og handa að minnsta kosti 10% farþeganna, ef flugvélin getur hvenær sem er á fyrirhugaðri flugleið lækkað flugið örugglega á innan við 4 mínútum niður í hæð þar sem inniþrýstingshæð samsvarar 13.000 fetum.

JAR-OPS 1.775 Viðbótarsúrefni – flugvélar án jafnþrýstibúnaðar
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.775)

a) *Almennar kröfur.*

1) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél án jafnþrýstibúnaðar í meira en 10.000 feta hæð nema um borð sé búnaður til að geyma og gefa af þeim birgðum viðbótarsúrefnis, sem gerð er krafa um í þessari grein.

2) Reikna skal nauðsynlegt magn viðbótarsúrefnis til notkunar fyrir tiltekið flug út frá flughæðum og flugtíma, í samræmi við verklagsreglur fyrir hvert flug í flugrekstrarhandbókinni og í samræmi við fyrirhugaða flugleið og neyðarráðstafanir sem tilgreindar eru í flugrekstrarhandbókinni.
3) Flugvél, sem á að fljúga í meira en 10.000 feta hæð, skal hafa búnað til að geyma og gefa súrefni í nauðsynlegu magni.

b) *Kröfur um súrefnistæki og súrefnisbirgðir.*
1) *Flugliðar.* Allir flugliðar sem eru á flugvakt í stjórnklefa skulu hafa aðgang að viðbótarsúrefni í samræmi við ákvæði 1. viðbætis. Ef allir, sem sitja í stjórnklefa, fá súrefni úr súrefnisgjöfum flugáhafnar skulu þeir, að því er súrefnisbirgðir varðar, teljast vera flugliðar á flugvakt í stjórnklefa. Þeir sem sitja í stjórnklefa en fá ekki súrefni úr súrefnisgjöfum flugáhafnar teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.
2) *Þjónustuliðar, viðbótaráhöfn og farþegar.* Þjónustuliðar og farþegar skulu fá viðbótarsúrefni í samræmi við ákvæði 1. viðbætis. Þjónustuliðar, sem eru umfram þann lágmarksfjölda þjónustuliða sem skylt er að hafa um borð, og viðbótaráhöfn teljast farþegar að því er súrefnisbirgðir varðar.

JAR-OPS 1.780 Öndunarhlífar (PBE) handa áhöfn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með jafnþrýstibúnaði eða, eftir 1. apríl 2000, flugvél án jafnþrýstibúnaðar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 nema:
1) í henni sé búnaður til að verja augu, nef og munn allra flugliða sem eru á flugvakt í stjórnklefa og gefa súrefni í að minnsta kosti 15 mínútur. Nota má viðbótarsúrefnið, sem krafist er í 1. tölul. b-liðar JAR-OPS 1.770 eða 1.775, sem súrefni fyrir öndunarhlífarnar (PBE). Ef fleiri en einn eru í flugáhöfn og enginn þjónustuliði um borð skal vera um borð öndunarhlíf sem handtæki til að unnt sé að verja augu, nef og munn eins úr flugáhöfn og sjá honum fyrir viðbótarsúrefni í að minnsta kosti 15 mínútur; og
2) um borð séu nægilega margar öndunarhlífar sem handtæki til að verja augu, nef og munn allra þjónustuliða sem skylt er að séu um borð og sjá þeim fyrir viðbótarsúrefni í að minnsta kosti 15 mínútur.

b) Öndunarhlífar handa flugáhöfn skulu geymdar á hentugum stað í stjórnklefa þannig að hver flugliði sem skylt er að hafa um borð geti strax náð í öndunarhlíf frá starfsstöð sinni.

c) Öndunarhlífar fyrir þjónustuliða skulu geymdar næst starfsstöð hvers þjónustuliða.

d) Til viðbótar skulu öndunarhlífar sem handtæki, sem auðvelt er að ná til, geymast hjá eða nálægt handslökkvitækjunum sem gerð er krafa um í c- og d-lið JAR-OPS 1.790, nema ef slökkvitækið er geymt inni í fragtrými, en þá skal geyma öndunarhlífarnar utan við dyrnar á fragtrýminu.

e) Notkun öndunarhlífa má ekki koma í veg fyrir fjarskipti sem krafist er samkvæmt JAR-OPS 1.685, JAR-OPS 1.690, JAR-OPS 1.810 og JAR-OPS 1.850.

JAR-OPS 1.785 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.790 Handslökkvitæki
(Sjá AMC OPS 1.790)

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún sé búin handslökkvitækjum sem nota á í stjórnklefa og farþegaklefum og, eftir því sem við á, í fragtrými og eldhúsum, í samræmi við eftirfarandi:

a) Tegund og magn slökkviefnis skal henta fyrir þá elda sem líklegir eru til að koma upp í klefanum þar sem nota á slökkvitækið og, að því er varðar klefa starfsfólks, draga sem mest úr líkum á að eiturgas safnist fyrir.
b) Minnst eitt handslökkvitæki sem inniheldur halon 1211 (brómóklóródíflúormetan, $CBrClF_2$), eða jafngildi þess sem slökkviefni, skal geymt á hentugum stað í stjórnklefa til afnota fyrir flugáhöfnina.
c) Minnst eitt handslökkvitæki skal vera staðsett eða auðvelt að ná til þess í öllum eldhúsum sem eru ekki á aðalfarþegaþilfari.
d) Minnst eitt handslökkvitæki, sem auðvelt er að ná til, skal geymt og vera tiltækt til notkunar í fragtrými eða farangursgeymslu í A- eða B-flokki og í öllum fragtrýmum í E-flokki sem eru flugverjum aðgengileg á flugi; og
e) að minnsta kosti eftirfarandi fjöldi handslökkvitækja skal vera á hentugum stöðum í farþegaklefum:

Hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi	Fjöldi slökkvitækja
7 til 30	1
31 til 60	2
61 til 200	3
201 til 300	4
301 til 400	5
401 til 500	6
501 til 600	7
601 eða fleiri	8

Ef krafist er tveggja eða fleiri slökkvitækja skal dreifing þeirra vera jöfn í farþegaklefanum.


f) Minnst eitt handslökkvitækjanna, sem skylt er að hafa í farþegaklefa flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir minnst 31 og mest 60, og minnst tvö slökkvitækjanna sem geymd eru í farþegaklefa flugvélar með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulag fyrir 61 eða fleiri skulu innihalda halon 1211 (brómóklóródíflúormetan, $CBrClF_2$), eða jafngildi þess sem slökkviefni.

JAR-OPS 1.795 Neyðaraxir og kúbein

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5.700 kg eða hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9 sæti nema hún sé búin að minnsta kosti einni neyðarexi eða kúbeini sem er geymt í stjórnklefa. Ef hámarksfjöldi sæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er yfir 200 skal vera önnur öxi eða kúbein til viðbótar um borð, geymt í eða nálægt aftasta eldhúsinu.
b) Neyðaraxir og kúbein sem geymd eru í farþegaklefa mega ekki vera sýnileg farþegum.

JAR-OPS 1.800 Merking rofstaða á bol

Ef á bol flugvélar eru sérstakir staðir sem heppilegt er fyrir björgunarmenn að rjúfa gat á í neyðartilvikum skal flugrekandi sjá til þess að þeir staðir séu merktir eins og sýnt er hér á eftir.
Merkingarnar skulu vera í rauðum eða gulum lit og ef nauðsyn krefur skulu útlínurnar dregnar með hvítum lit til að þær skeri sig frá bakgrunninum. Ef meira en 2 metrar eru milli hornamerkinganna skal mála millilínur, sem eru 9 cm x 3 cm, svo að hvergi sé meira en tveggja metra bil milli merkjanna.



JAR-OPS 1.805 Búnaður til neyðarrýmingar

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél ef hæð þröskulda á neyðarútgöngum fyrir farþega:
   1) er meiri en 1,83 metra (6 fet) yfir jörðu þegar flugvélin er á jörðinni og lendingarbúnaður niðri; eða
   2) væri meiri en 1,83 metra (6 fet) yfir jörðu ef einn eða fleiri hjólaleggir lendingarbúnaðar féllu saman eða færu ekki niður og var fyrst sótt um tegundarskírteini fyrir flugvélina fyrir 1. apríl 2000 eða síðar,

   nema búnaður eða tæki séu við hvern útgang, sem fellur undir 1. eða 2. tölul., til að gera farþegum og áhöfn kleift að komast klakklaust niður á jörð í neyðartilvikum.

b) Þennan búnað eða tæki þarf ekki að hafa við útganga yfir vængjum ef tilgreindur staður, þar sem flóttaleiðin endar, er minna en 1,83 metra (6 fet) yfir jörðu þegar flugvélin er á jörðu, lendingarbúnaður niðri og flapar í flugtaks- eða lendingarstöðu, eftir því hvor flapstaðan er lengra frá jörðu.

c) Í flugvélum þar sem skylt er að hafa sérstakan neyðarútgang fyrir flugáhöfn og:
   1) neðri brún neyðarútgangs er meira en 1,83 metra (6 fet) yfir jörðu þegar lendingarbúnaður er niðri; eða
   2) ef ekki var sótt um tegundarskírteini fyrir flugvélina fyrr en 1. apríl árið 2000 eða síðar, og neðri brún neyðarútgangs væri meira en 1,83 metra (6 fet) yfir jörðu ef einn eða fleiri hjólaleggir lendingarbúnaðar falla saman eða fara ekki niður,

   skal vera búnaður til að gera öllum flugliðum kleift að komast klakklaust niður á jörðina í neyðartilvikum.

JAR-OPS 1.810 Gjallarhorn
(Sjá AMC OPS 1.810)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 60 sem flytur að minnsta kosti einn farþega, nema hún sé búin jafnmörgum handgjallarhornum, sem ganga fyrir rafhlöðum, og flugverjar geta auðveldlega gripið til við neyðarrýmingu, sem hér segir:

1) Á hverju farþegaþilfari:

Samþykkt sætafyrirkomulag	Tilskilinn fjöldi gjallarhorna
61 til 99	1
100 eða fleiri	2

2) Í flugvélum með fleiri en eitt farþegaþilfar, og jafnan þegar heildarfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er yfir 60, er skylt að hafa að minnsta kosti 1 gjallarhorn.

JAR-OPS 1.815 Neyðarlýsing

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja farþegaflugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 9, nema hún hafi búnað til neyðarlýsingar, sem fær afl frá sérstökum aflgjafa, til að auðvelda rýmingu flugvélarinnar. Í neyðarlýsingarbúnaðinum skulu vera:
   1) í flugvélum þar sem hámarksfjöldi sæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19:
      i) ljósgjafar til almennrar lýsingar í öllu farþegarými;
      ii) inniljós við neyðarútganga í gólfhæð; og
      iii) upplýst skilti og merki við neyðarútganga;
      iv) í flugvélum, sem hafði verið sótt um tegundarskírteini eða jafngildi þess í JAA-ríki eða annars staðar fyrir 1. maí 1972, og þegar flogið er að nóttu til, skal vera útilýsing við alla neyðarútganga yfir vængjum og við útganga þar sem þörf er á hjálparbúnaði til að komast niður úr flugvélinni.
      v) í flugvélum, sem hafði verið sótt um tegundarskírteini eða jafngildi þess í JAA-ríki eða annars staðar 1. maí 1972 eða síðar, og þegar flogið er að nóttu til, skal vera útilýsing við alla neyðarútganga fyrir farþega;
      vi) í flugvélum, sem fyrst fengu tegundarskírteini eða jafngildi þess í JAA-ríki eða annars staðar 1. janúar 1958 eða síðar, skulu vera ratmerki í gólfi til neyðarútganga í öllu farþegarými;
   2) í flugvélum þar sem hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er 19 eða færri og sem hafa skírteini samkvæmt JAR-23 eða JAR-25 skulu vera:
      i) ljósgjafar til almennrar lýsingar í farþegarými;
      ii) inniljós við neyðarútganga; og
      iii) upplýst skilti og merki við neyðarútganga;
   3) í flugvélum þar sem hámarksfjöldi sæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er 19 eða færri og sem hafa ekki skírteini samkvæmt JAR-23 eða JAR-25, ljósgjafar til almennrar lýsingar í farþegarými.

b) Eftir 1. apríl 1998 skal flugrekandi ekki starfrækja farþegaflugvél að nóttu til ef hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi hennar er 9 eða færri, nema í henni séu ljósgjafar til almennrar lýsingar í farþegarými til að greiða fyrir rýmingu

flugvélarinnar. Í þessu kerfi er heimilt að nota loftlýsingu eða aðra ljósgjafa sem eru fyrir hendi í flugvélinni og geta haldið áfram að lýsa eftir að slökkt hefur verið á rafhlöðum flugvélarinnar.

JAR-OPS 1.820 Sjálfvirkur neyðarsendir
(Sjá IEM OPS 1.820)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún sé búin sjálfvirkum neyðarsendi (ELT) sem er festur í flugvélina þannig að sem mestar líkur séu á að neyðarsendirinn gefi frá sér greinanleg merki við brotlendingu og sem minnstar líkur á að hann sendi við önnur tækifæri.
b) Flugrekandi skal sjá til þess að neyðarsendirinn geti sent á neyðartíðnum sem kveðið er á um í 10. viðauka við Chicagosamninginn.[4]

JAR-OPS 1.825 Björgunarvesti
(Sjá IEM OPS 1.825)

a) *Landflugvélar.* Flugrekandi skal ekki starfrækja landflugvél:
   1) yfir hafi eða vatni fjær landi en 50 sjómílur; eða
   2) ef hún hefur sig á loft eða lendir á flugvelli þar sem flugtaks- eða aðflugsslóð liggur yfir vatni þannig að flugvélin geti þurft að nauðlenda á vatni ef óhapp verður, nema hún sé búin björgunarvestum, með ljósi til að auðvelda leit, handa öllum í flugvélinni. Björgunarvestin skulu geymd þar sem auðveldlega má ná til þeirra úr sætum eða legurúmum þeirra sem þau eru ætluð. Í stað björgunarvesta fyrir ungbörn er heimilt að nota annan viðurkenndan flotbúnað með ljósi til að auðvelda leit.
b) *Lagarflugvélar og láðs- og lagarflugvélar.* Flugrekandi skal ekki starfrækja lagarflugvél eða láðs- og lagarflugvél á sjó eða vatni nema hún sé búin björgunarvestum, með ljósi til að auðvelda leit, handa öllum í flugvélinni. Björgunarvestin skulu geymd þar sem auðveldlega má ná til þeirra úr sætum eða legurúmum þeirra sem þau eru ætluð. Í stað björgunarvesta fyrir ungbörn er heimilt að nota annan viðurkenndan flotbúnað með ljósi til að auðvelda leit.

JAR-OPS 1.830 Björgunarbátar og beranlegir neyðarsendar (Survival ELT) til að auðvelda leit og björgun til nota í langflugi yfir haf eða vatn

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél yfir sjó eða vatni lengra frá landi sem hentar til nauðlendingar en sem nemur:
   1) 120 mínútna flugi á farflugshraða eða 400 sjómílur, eftir því hvort skemmra er, þegar um er að ræða flugvélar sem geta haldið áfram flugi til flugvallar þótt markhreyfill eða -hreyflar verði óstarfhæfir einhvers staðar á leiðinni eða á áætlaðri breyttri flugleið; eða
   2) 30 mínútna flugi á farflugshraða eða 100 sjómílur, eftir því hvort skemmra er, þegar um allar aðrar flugvélar er að ræða,

   nema búnaðurinn, sem tilgreindur er í b- og c-lið hér á eftir, sé í flugvélinni.
b) Í flugvélinni skulu vera nægilega margir björgunarbátar til að rúma alla um borð. Ef flugvélin er ekki búin varabjörgunarbátum með nægilegu rými skal flotkraftur og sætarými umfram skráð rými björgunarbátanna nægja til að rúma alla í flugvélinni ef björgunarbáturinn sem rúmar flesta týnist. Í björgunarbátunum skal vera:

---

[4] Fram til 1. janúar 2005 skulu neyðarsendar senda út annaðhvort á tíðninni 121.5 MHz og 406 MHz eða á 121.5 MHz eingöngu. Frá 1. janúar 2005 skulu neyðarsendar senda út á neyðartíðninni 406 MHz og 121.5 MHz. Allir neyðarsendar sem settir eru í flugvélar eftir 1. janúar 2002 skulu senda út samtímis á neyðartíðninni 406 MHz og 121.5 MHz. Frekar vísast til viðauka 10 við Chicagosamninginn um kröfur samkvæmt þessari grein.

1) ljós til að auðvelda leit; og
2) björgunarbúnaður, þar með talinn búnaður til að lifa af og miðast sá búnaður við það flug sem fyrirhugað er hverju sinni (sjá 2. tölul. b-liðar AMC OPS 1.830); og

c) að minnsta kosti tveir beranlegir neyðarsendar (ELT), sem geta sent á þeirri neyðartíðni sem kveðið er á um í 2. kafla, V. bindi 10. viðauka við Chicagosamninginn. (Sjá c-lið AMC OPS 1.830.)

JAR-OPS 1.835 Búnaður til að lifa af
(Sjá IEM OPS 1.835)

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél yfir svæðum sem eru mjög erfið til leitar og björgunar, nema í henni sé:

a) búnaður til að senda upp neyðarblys svo sem lýst er í 2. viðauka við Chicagosamninginn;

b) að minnsta kosti einn neyðarsendir (ELT), sem getur sent á þeirri neyðartíðni sem kveðið er á um í 2. kafla V. bindis 10. viðauka við Chicagosamninginn. (Sjá c-lið AMC OPS 1.830.); og

c) annar búnaður til að lifa af slys miðað við fyrirhugaða flugleið og með hliðsjón af fjölda manna um borð (sjá c-lið AMC OPS 1.835),
að því undanskildu að ekki þarf að hafa búnaðinn, sem er tilgreindur í c-lið, um borð ef flugvélin heldur sig annaðhvort:
1) í fjarlægð sem er ekki meiri en svo til svæðis, sem er ekki mjög erfitt til leitar og björgunar, að svari til:
i) 120 mínútna flugs á farflugshraða með einn hreyfil óvirkan, ef um er að ræða flugvél sem getur haldið flugi áfram til flugvallar þótt markhreyfill eða -hreyflar verði óstarfhæfur einhvers staðar á leiðinni eða á áætlaðri breyttri flugleið; eða
ii) 30 mínútna flugs á farflugshraða þegar um allar aðrar flugvélar er að ræða,
eða,
2) ef um er að ræða flugvélar með skírteini samkvæmt JAR-25 eða samsvarandi kröfum, ekki fjær en svarar til 90 mínútna flugs á farflugshraða til svæðis sem hentar til nauðlendingar.

JAR-OPS 1.840 Lagarflugvélar og láðs- og lagarflugvélar – ýmis búnaður

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja lagarflugvél eða láðs- og lagarflugvél á sjó eða vatni nema hún sé búin:
1) rekakkeri og öðrum búnaði til að auðveldara sé að leggjast við legufæri eða akkeri eða stýra flugvélinni á vatni, með hliðsjón af stærð, þyngd og stjórnunareiginleikum hennar;
2) tæki til að gefa frá sér hljóðmerki, sem kveðið er á um í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, þegar það á við.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.770

Súrefni – Lágmarkskröfur um viðbótarsúrefni í flugvélum með jafnþrýstibúnað (Aths. 1)

Tafla 1

(a) **BIRGÐIR HANDA:**	(b) **TÍMALENGD OG INNIÞRÝSTINGSHÆÐ**
1. Öllum sem eru á flugvakt í sætum sínum í stjórnklefa	Allur flugtíminn ef inniþrýstingshæð fer yfir 13.000 fet og allur flugtíminn ef inniþrýstingshæð fer yfir 10.000 fet en fer ekki yfir 13.000 fet, að undanskildum fyrstu 30 mínútunum í þessum flughæðum, og aldrei skemur en: i) 30 mínútur ef um er að ræða flugvélar með skírteini til að fljúga í 25.000 feta flughæð og neðar (Aths. 2). ii) 2 klukkutímar ef um er að ræða flugvélar með skírteini til að fljúga í meira en 25.000 feta flughæð (Aths. 3).
2. Öllum þjónustuliðum sem skylt er að hafa í áhöfn	Allur flugtíminn ef inniþrýstingshæð fer yfir 13.000 fet en ekki skemur en 30 mínútur (Aths. 2) og allur flugtíminn ef inniþrýstingshæð fer yfir 10.000 fet en ekki yfir 13.000 fet að undanskildum fyrstu 30 mínútunum í þessum flughæðum.
3. 100% farþega (Aths. 5)	10 mínútur eða allur flugtíminn ef inniþrýstingshæð fer yfir 15.000 fet, eða sá tími sem lengri er (Aths. 4)
4. 30% farþega (Aths. 5)	Allur flugtíminn ef inniþrýstingshæð er yfir 14.000 fetum en ekki yfir 15.000 fetum
5. 10% farþega (Aths. 5)	Allur flugtíminn ef inniþrýstingshæð er yfir 10.000 fetum en ekki yfir 14.000 fetum að undanskildum fyrstu 30 mínútunum í þessum flughæðum.

Aths. 1. Súrefnisbirgðirnar skulu miðaðar við inniþrýstingshæð og lækkunarsnið á viðkomandi flugleiðum.

Aths. 2. Tilskildar lágmarksbirgðir eru það magn súrefnis sem nauðsynlegt er í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 10.000 fet á 10 mínútum og, í næstu 20 mínúturnar eftir það, í 10.000 feta flughæð.

Aths. 3. Tilskildar lágmarksbirgðir eru það magn súrefnis sem þarf í stöðugri lækkun úr skráðri hámarksflughæð niður í 10.000 fet á 10 mínútum og, í næstu 110 mínútur eftir það, í 10.000 fetum. Heimilt er að reikna súrefnið, sem krafist er samkvæmt 1. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.780, með í súrefnisbirgðunum sem gerð er krafa um.

Aths. 4. Tilskildar lágmarksbirgðir eru það súrefnismagn sem þarf í lækkun með jöfnum hraða úr skráðri hámarksflughæð niður í 15.000 fet á 10 mínútum.

Aths. 5. Í þessari töflu merkir orðið „farþegar“ farþega, sem eru um borð í flugvélinni, að ungbörnum meðtöldum.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.775 Viðbótarsúrefni fyrir flugvélar án jafnþrýstibúnaðar

Tafla 1

(a) **BIRGÐIR HANDA:**	(b) **TÍMALENGD OG MÁLÞRÝSTINGSHÆÐ**
1. Öllum sem eru á flugvakt í stjórnklefa	Allur flugtíminn þegar málþrýstingshæð er meiri en 10.000 fet
2. Öllum þjónustuliðum sem skylt er að hafa í áhöfn	Allur flugtíminn þegar málþrýstingshæð er meiri en 13.000 fet og allur tími sem er umfram 30 mínútur þegar málþrýstingshæð er yfir 10.000 fetum en fer ekki yfir 13.000 fet.
3. 100% farþega (Sjá Aths.)	Allur flugtíminn þegar málþrýstingshæð er meiri en 13.000 fet.
4. 10% farþega (Sjá Aths.)	Allur flugtími sem er umfram 30 mínútur þegar málþrýstingshæð er yfir 10.000 fetum en fer ekki yfir 13.000 fet.

Aths. Í þessari töflu merkir orðið „farþegar" alla farþega sem eru um borð í flugvélinni, að ungbörnum meðtöldum.

1. ÞÁTTUR **JAR-OPS 1 L-kafli**

L–KAFLI – FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKJABÚNAÐUR

JAR-OPS 1.845 Almennur inngangur
(Sjá IEM OPS 1.845)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flug sé ekki hafið nema fjarskipta- og leiðsögutæki þau sem krafist er samkvæmt þessum kafla:
   1) hafi verið samþykkt og uppsett í samræmi við ákvæði sem um þau gilda, þar með taldir staðlar um lágmarksafkastagetu og ákvæði er lúta að starfrækslu og lofthæfi;
   2) séu þannig uppsett að bilun í einu tæki af þeim, sem nauðsynleg eru til fjarskipta eða leiðsögu eða hvort tveggja, leiði ekki til bilunar í öðru tæki sem nauðsynlegt er til fjarskipta eða leiðsögu;
   3) séu í starfhæfu ástandi fyrir þá tegund flugs sem fram á að fara, að undanskildum ákvæðum í lista yfir lágmarksbúnað (MEL) (sbr. JAR-OPS 1.030); og
   4) sé þannig komið fyrir að eigi flugliði að nota tækin í vinnureit sínum í flugi er nauðsynlegt að hann geti auðveldlega starfrækt þau frá þeim vinnureit. Ef fleiri en einn flugliði þarf að starfrækja eitt tæki skal því þannig fyrir komið að auðvelt sé að starfrækja það frá öllum vinnureitum sem gert er ráð fyrir að það sé starfrækt frá.

b) Staðlar um lágmarksafköst fjarskipta- og leiðsögutækja eru hinir sömu og í gildandi tækniforskriftum JAR (JTSO), eins og þeir eru skráðir í JAR-TSO, nema mælt sé fyrir um aðra staðla um afkastagetu í starfrækslu- eða lofthæfireglunum. Þegar reglur JAR um flugrekstur (JAR-OPS) koma til framkvæmda má halda áfram að nota eða setja upp fjarskipta- og leiðsögutæki, sem samrýmast öðrum forskriftum en JTSO fyrir hönnun og afkastagetu, nema gerðar séu viðbótarkröfur í þessum kafla. Fjarskipta- og leiðsögutæki, sem hafa þegar hlotið samþykki, þurfa ekki að samrýmast endurskoðuðum JTSO eða öðrum endurskoðuðum forskriftum, nema gerðar séu kröfur um afturvirkni þar að lútandi.

JAR-OPS 1.850 Fjarskiptabúnaður

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema hún hafi tilskilinn fjarskiptabúnað fyrir viðkomandi tegund flugs.
b) Þar sem krafist er tveggja sjálfstæðra fjarskiptakerfa (sem eru aðskilin og fullbúin) samkvæmt þessum kafla skal hvort kerfið um sig hafa sjálfstæðan loftnetsbúnað, nema notuð séu loftnet, sem eru ekki vír eingöngu, svo sem stoðloftnet eða annar loftnetsbúnaður sem er jafnáreiðanlegur og þarf þá aðeins eitt loftnet.
c) Fjarskiptabúnaðurinn, sem krafist er í a-lið hér að framan, skal einnig geta annað fjarskiptum á neyðartíðnisviði í flugi, 121,5 MHz.

JAR-OPS 1.855 Hlustunarvalborð

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél við blindflugsskilyrði nema hún sé búin hlustunarvalborði sem er aðgengilegt öllum flugliðum sem skylt er að hafa í áhöfn.

JAR-OPS 1.860 Fjarskiptabúnaður til flugs samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum sem flognar eru með hliðsjón af kennileitum

Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í flugi samkvæmt sjónflugsreglum á leiðum þar sem unnt er að fljúga eftir kennileitum nema hún hafi fjarskiptabúnað (fjarskipta- og ratsjársvörunarbúnað (SSR)), sem nauðsynlegur er við eðlileg rekstrarskilyrði til að uppfylla eftirfarandi:
a) Vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi jarðstöðvar;
b) Vera í fjarskiptasambandi við viðeigandi flugumferðarstjórnstöð, frá hvaða stað sem er í því flugstjórnarrými sem fyrirhugað er að fljúga í;
c) Taka við veðurupplýsingum; og
d) Svara fyrirspurnum kögunarsvarratsjár (SSR) eins og tilskilið er á leiðinni sem flogin er.

JAR-OPS 1.865 Fjarskipta- og leiðsögutæki fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum sem eru ekki flognar eftir kennileitum
(Sjá AMC OPS 1.865)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél samkvæmt blindflugsreglum eða sjónflugsreglum á leiðum þar sem ekki er unnt að fljúga eftir kennileitum nema flugvélin sé búin fjarskiptabúnaði og ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá (SSR) og leiðsögutækjum í samræmi við kröfur flugumferðarþjónustu á því svæði eða svæðum þar sem flogið er.
b) *Fjarskiptabúnaður.* Flugrekandi skal sjá til þess að fjarskiptabúnaðurinn samanstandi að minnsta kosti af:

1) tveimur sjálfstæðum fjarskiptakerfum sem við eðlileg rekstrarskilyrði eru nauðsynleg til að hafa samband við viðeigandi jarðstöð hvaðan sem er á leiðinni, einnig ef vikið er af leið; og
2) ratsjársvörunarbúnaði fyrir kögunarsvarratsjá eins og krafist er á leiðinni sem flogin er.

c) *Leiðsögutæki:* Flugrekandi skal sjá til þess að leiðsögutækin
1) samanstandi, að lágmarki, af:
i) einu móttökukerfi fyrir fjölstefnuvita (VOR), einu fyrir hringvita (ADF) og einu fyrir fjarlægðarvita (DME);
ii) einu blindlendingarkerfi (ILS) eða örbylgjulendingarkerfi (MLS) þar sem krafist er blindlendingarkerfis eða örbylgjulendingarkerfis til leiðsagnar í aðflugi;
iii) einu móttökukerfi fyrir markvita þar sem krafist er markvita til leiðsagnar í aðflugi;
iv) svæðisleiðsögukerfi ef svæðisleiðsögu er krafist á leiðinni sem flogin er;
v) eitt fjarlægðarvitakerfi til viðbótar á hverri leið eða hluta leiðar þar sem leiðsaga byggist eingöngu á fjarlægðarvita;
vi) einu móttökukerfi til viðbótar fyrir fjölstefnuvita (VOR) á einhverri leið eða hluta leiðar þar sem leiðsaga byggist eingöngu á merkjum fjölstefnuvita, og
vii) einu hringvitakerfi til viðbótar á einhverri leið eða hluta hennar þar sem leiðsaga byggist eingöngu á hringvitamerkjum, eða
2) uppfylli þær kröfur um nákvæmni í svæðisleiðsögu (RNP TYPE) sem krafist er við starfrækslu í viðkomandi loftrými. (Sjá einnig IEM OPS 1.243.)

d) Flugrekanda er heimilt að starfrækja flugvél sem ekki er búin þeim leiðsögutækjum sem tiltekin eru í liðum vi og vii undir 1. tölul. í c-lið s-liðar hér að framan, að því tilskildu að á leiðinni sem flogin er sé hún búin öðrum tækjum sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt. Þau tæki verða að vera nægilega áreiðanleg og nákvæm til að tryggja örugga leiðsögu á fyrirhugaðri leið.

JAR-OPS 1.870 Viðbótarleiðsögutæki til flugs í loftrými þar sem gerðar eru kröfur um lágmarksnákvæmni í flugleiðsögu (MNPS)
(Sjá IEM OPS 1.870)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél í loftrými þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS) nema hún sé búin leiðsögutækjum sem samrýmast forskriftum um lágmarksnákvæmni í leiðsögu sem mælt er fyrir um í ICAO skjali 7030 í formi svæðisbundinna viðbótarreglna (Regional Supplementary Procedures).

b) Báðir flugmennirnir, sitjandi í vinnureit sínum, skulu geta séð á leiðsögutækin sem kveðið er á um í þessari grein og notað þau.

c) Til að heimilt sé að starfrækja flugvél ótakmarkað í loftrými þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS) skal hún vera búin tveimur sjálfstæðum leiðsögukerfum fyrir langflug (LRNS).

d) Til að heimilt sé að starfrækja flugvélar í loftrými þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS) á tilkynntum sérleiðum skal hún vera búin einu leiðsögukerfi fyrir langflug nema annað sé tiltekið.

JAR-OPS 1.872 **Búnaður til starfrækslu í skilgreindu loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM)**
(Sjá AMC 20.xyz (bráðabirgðaútgáfa af þessu AMC) sem verður gefin út sem tímabundnar leiðbeiningar (Temporary Guidance Leaflet) og verður viðeigandi breytt útgáfa af upplýsingablaði JAA nr. 23.)
(Sjá einnig JAR-OPS 1.241.)

(a) flugrekandi skal sjá til þess að flugvélar sem er flogið í loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (RVSM) séu búnar:
1) tveimur sjálfstæðum hæðarmælingakerfum;
2) hæðarviðvörunarkerfi;
3) sjálfvirku hæðarstýringarkerfi; og
4) ratsjársvara fyrir kögunarsvarratsjá (SSR) með hæðartilkynningarkerfi sem tengja má hæðarmælingarkerfinu sem notað er til að halda hæð.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 M-kafli

M-KAFLI – VIÐHALD FLUGVÉLA

JAR-OPS 1.875 **Almenn ákvæði**
(Sjá IEM OPS 1.875)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél nema tilhlýðilega samþykkt viðhaldsstöð annist viðhald og gefi út viðhaldsvottorð fyrir hana í samræmi við JAR-145, að því frátöldu að ekki er nauðsynlegt að fyrirflugsskoðun fari fram hjá JAR-145 viðhaldsstöðinni.
b) Í þessum kafla er mælt fyrir um kröfur, sem þarf að uppfylla, um viðhald flugvéla svo að farið sé að kröfum JAR-OPS 1.180 um flugrekendaskírteini.

JAR-OPS 1.880 **Orðskýringar**

Eftirfarandi skilgreiningar í JAR-145 gilda í þessum kafla:
a) *Fyrirflugsskoðun* (Preflight inspection): Skoðun sem framkvæmd er fyrir flug til að tryggja að flugvélin sé í góðu lagi fyrir fyrirhugað flug. Hún felur ekki í sér lagfæringar.
b) *Samþykktur staðall* (Approved standard): Staðall framleiðslu/hönnunar/viðhalds/gæða sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt.
c) *Samþykkt af flugmálayfirvöldum* (Approved by the Authority): Samþykkt af flugmálayfirvöldum sjálfum eða í samræmi við verklagsreglur sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt.

JAR-OPS 1.885 **Umsókn vegna viðhaldskerfis flugrekanda- og samþykki á því**

a) Umsækjandi sem sækir um flugrekandaskírteini í fyrsta sinn, lætur breyta því eða endurnýjar skal, áður en hann fær skírteinið, leggja fram skjöl sem tilgreind eru í b-lið JAR-OPS 1.185, til þess að fá viðhaldskerfi sitt samþykkt. (Sjá a-lið IEM OPS 1.885.)

b) Umsækjandi, sem sækir um flugrekandaskírteini í fyrsta sinn, lætur breyta því eða endurnýjar það og uppfyllir kröfur þessa kafla samkvæmt viðeigandi lýsingu samþykktrar JAR-145 viðhaldsstöðvar, á rétt á að fá viðhaldskerfi sitt samþykkt hjá flugmálayfirvöldum (sjá b-lið IEM OPS 1.885).

Aths. Nákvæmar upplýsingar um þær kröfur, sem eru gerðar, er að finna í 3. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.180 b-lið 1.180 og í JAR-OPS 1.185.

JAR-OPS 1.890 Ábyrgð á viðhaldi

a) Flugrekandi skal tryggja lofthæfi flugvélarinnar, og að bæði rekstrartæki hennar og neyðarbúnaður séu starfhæf, með því að (sjá a-lið AMC OPS 1.890):
   1) láta fara fram fyrirflugsskoðun (sjá 1. tölul. a-liðar AMC OPS 1.890);
   2) láta gera við, samkvæmt samþykktum staðli, hvers kyns bilanir eða skemmdir sem hafa áhrif á rekstraröryggið með hliðsjón af listanum yfir lágmarksbúnað (MEL) ásamt listanum yfir leyfð frávik frá búnaði (CDL), ef hann er tiltækur fyrir þá gerð flugvéla;
   3) láta vinna allt viðhald samkvæmt samþykktri viðhaldsáætlun flugrekanda flugvélarinnar eins og tilgreint er í JAR-OPS 1.910;
   4) gera úttekt á skilvirkni samþykktrar viðhaldsáætlunar flugrekanda (sjá 4. tölul. a-liðar AMC OPS 1.890);
   5) fylgja öllum rekstrarfyrirmælum og fyrirmælum um lofthæfi og uppfylla allar aðrar kröfur um áframhaldandi lofthæfi sem flugmálayfirvöld hafa skyldubundið. Þar til JAR-39 hefur verið formlega samþykkt skal flugrekandi fara eftir innlendum flugreglugerðum sem í gildi eru; og
   6) láta gera breytingar í samræmi við samþykktan staðal og, að því er varðar breytingar sem ekki eru skyldubundnar, marka stefnu um hvernig þeim skuli komið í framkvæmd. (Sjá 6. tölul. a-liðar AMC OPS 1.890).

b) Flugrekandi skal tryggja að lofthæfisskírteini allra flugvéla, sem hann rekur, séu ávallt í gildi að því er varðar:
   1) kröfur a-liðar hér að framan;
   2) lok gildistíma sem eru tilgreindir í skírteininu; og
   3) önnur skilyrði um viðhald sem eru tilgreind í skírteininu.

c) Kröfurnar, sem tilgreindar eru í a-lið hér að framan, þarf að uppfylla í samræmi við verklagsreglur sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

JAR-OPS 1.895 Stjórn viðhalds

a) Flugrekandi skal vera tilhlýðilega samþykktur í samræmi við JAR-145 til að annast viðhaldið, sem tiltekið er í 2., 3., 5. og. 6. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.890, nema flugmálayfirvöld hafi fullvissu fyrir því að semja megi við samþykkta JAR-145 viðhaldsstöð um að hún sjái um viðhaldið (sjá a-lið AMC OPS 1.895).

b) Flugrekandi skal hafa í þjónustu sinni starfsmann eða hóp starfsmanna, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, til að tryggja að allt viðhald fari fram á réttum tíma og samkvæmt samþykktum staðli þannig að kröfur um ábyrgð á viðhaldi, sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.890, séu uppfylltar og að gæðakerfið, sem kveðið er á um í JAR-OPS 1.900, virki. Sá starfsmaður eða sá sem er elstur í starfi, eftir því sem við á, er hinn tilnefndi yfirmaður sem um getur í 2. tölul. i-liðar JAR-OPS 1.175. (Sjá b-lið AMC OPS 1.895.)

c) Ef flugrekandi er ekki tilhlýðilega samþykktur í samræmi við JAR-145, verður að semja við slíka viðhaldsstöð um að hún annist viðhaldið sem tilgreint er í 2., 3., 5. og 6. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.890. Gera verður skriflegan viðhaldssamning milli flugrekanda og samþykktrar/viðurkenndrar viðhaldsstöðvar samkvæmt JAR-145 þar sem eru nákvæmlega taldir upp starfsþættir, sem tilgreindir eru í 2., 3., 5. og 6. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.890, og skilgreint hvernig styrkja skuli starfsþætti gæðakerfisins sem um getur í JAR-OPS 1.900. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þann samning og allar breytingar á honum. Hins vegar þurfa flugmálayfirvöld ekki að fá neinar upplýsingar um viðskiptahliðar viðhaldssamningsins. (Sjá c-lið AMC OPS 1.895.)

d) Flugrekandi þarf að sjá þeim starfsmönnum, sem um getur í b-lið hér að framan, fyrir viðeigandi skrifstofuhúsnæði á hentugum stað. (Sjá d-lið AMC OPS 1.895.)

JAR-OPS 1.900 Gæðakerfi

(Sjá AMC OPS 1.900)
(Sjá IEM OPS 1.900)

a) Að því er varðar viðhald skal gæðakerfi flugrekanda, auk þess sem krafist er í JAR-OPS 1.035, fela í sér að minnsta kosti eftirfarandi starfsþætti:
   1) eftirlit með því að starfsemin, sem lýst er í JAR-OPS 1.890, fari fram í samræmi við viðurkenndar verklagsreglur;
   2) eftirlit með því að allt samningsbundið viðhald sé innt af hendi eins og samningurinn kveður á um; og
   3) eftirlit með því að áfram sé farið að kröfum þessa kafla.

b) Hafi flugrekandi verið samþykktur í samræmi við JAR-145, má sameina gæðakerfið því gæðakerfi sem kveðið er á um í JAR-145.

JAR-OPS 1.905 Lýsing flugrekanda á stjórnun viðhalds

a) Flugrekandi skal leggja fram lýsingu á stjórnun viðhalds þar sem kemur nákvæmlega fram hvernig starfsemin er byggð upp (sjá a-lið AMC OPS 1.905), þar á meðal:
   1) hver er tilnefndur yfirmaður og er ábyrgur fyrir viðhaldskerfinu, sem krafist er í 2. tölul. i-liðar JAR-OPS 1.175, og hver eða hverjir þeir starfsmenn eru sem vísað er til í b-lið JAR-OPS 1.895;
   2) hvaða verklagsreglum skal fylgt til að uppfylla kröfur um ábyrgð á viðhaldi samkvæmt JAR-OPS 1.890 og starfsþáttum gæðakerfisins samkvæmt JAR-OPS 1.900, nema flugrekandi hafi fengið tilhlýðilegt samþykki sem viðhaldsstöð í samræmi við JAR-145, og má þá tilgreina þessi atriði í starfsemislýsingu samkvæmt JAR-145.

b) Lýsing flugrekanda á stjórnun viðhalds og síðari breytingar á henni verða að hljóta samþykki flugmálayfirvalda.

JAR-OPS 1.910 Viðhaldsáætlun flugrekanda fyrir flugvélarnar

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugvél sé haldið við í samræmi við viðhaldsáætlun flugrekanda fyrir flugvélina. Í áætluninni skal tilgreina nákvæmlega allt viðhald sem þarf að fara fram og hversu oft. Gerð er krafa um að í áætluninni sé áætlun um áreiðanleika (reliability programme) ef flugmálayfirvöld ákvarða að slík áætlun sé nauðsynleg. (Sjá a-lið AMC OPS 1.910).

b) Viðhaldsáætlun flugrekanda fyrir flugvélarnar og allar síðari breytingar á henni verða að hljóta samþykki flugmálayfirvalda. (Sjá b-lið AMC OPS 1.910.)

JAR-OPS 1.915 Tækniflugbók flugvélar flugrekanda
(Sjá AMC OPS 1.915)

a) Flugrekandi skal kerfisbundið láta færa í tækniflugbók flugvélar eftirfarandi upplýsingar um hverja flugvél:
   1) upplýsingar sem nauðsynlegar eru um hvert flug til að tryggja áframhaldandi flugöryggi;
   2) gildandi viðhaldsvottorð flugvélarinnar;
   3) gildandi yfirlýsingu um stöðuna í viðhaldi flugvélarinnar, hvað sé næst á áætlun að gera í viðhaldi, bæði reglubundnu og óreglubundnu, en þó geta flugmálayfirvöld samþykkt að viðhaldsyfirlýsingin sé geymd annars staðar;
   4) allar bilanir eða skemmdir sem hefur verið slegið á frest að gera við og geta haft áhrif á starfrækslu flugvélarinnar; og
   5) nauðsynlegar leiðbeiningar um fyrirkomulag stuðningsviðhalds.
b) Það kerfi sem notað er fyrir tækniflugbók flugvélar og allar breytingar sem eru gerðar á því verða að hljóta samþykki flugmálayfirvalda.

JAR-OPS 1.920 Viðhaldsskrár
(Sjá AMC OPS 1.920)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að tækniflugbók flugvélar sé geymd í 24 mánuði eftir að síðast var fært inn í hana.
b) Flugrekandi skal sjá um að koma upp sérstöku kerfi, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, þar sem eftirfarandi er skráð og geymt svo lengi sem hér segir:
   1) allar sundurliðaðar viðhaldsskrár yfir flugvélina og flugvélaríhluta, sem settir voru í hana, – í 24 mánuði eftir að flugvélin eða flugvélaíhlutarnir fengu viðhaldsvottorð;
   2) heildartími og notkunarskipti í flugi, eftir því sem við á, á flugvélunum og öllum flugvélaíhlutum, sem hafa tiltekinn endingartíma, – í 12 mánuði eftir að flugvélin er endanlega tekin úr umferð;
   3) tími og notkunarskipti í flugi, eftir því sem við á, frá síðustu grannskoðun flugvélarinnar eða flugvélaíhlutans, háð grannskoðunartíma flugvélarinnar eða íhlutans (overhaul life) – þar til önnur grannskoðun á flugvélinni eða flugvélaíhlutunum, jafnumfangsmikil og nákvæm og sú fyrri, hefur farið fram;
   4) gildandi staða skoðunar á flugvélinni þannig að staðfesting fáist á því að viðhaldsáætlun samþykkts flugrekanda flugvélarinnar hafi verið framfylgt – þar til skoðun á flugvélinni eða flugvélaíhlutunum, jafn umfangsmikil og nákvæm og hin fyrri, hefur farið fram;
   5) gildandi staða lofthæfifyrirmæla er varða flugvélina og flugvélaíhlutana – í 12 mánuði eftir að flugvélin er endanlega tekin úr umferð; og
   6) ítarleg lýsing á nýjustu breytingum og viðgerðum sem hafa farið fram á flugvél, hreyflum, skrúfum og öllum flugvélaíhlutum sem eru nauðsynlegir vegna flugöryggis – í 12 mánuði eftir að flugvélin er endanlega tekin úr umferð.
c) Flugrekandi skal sjá til þess að þegar flugvél er endanlega afhent öðrum flugrekanda séu einnig afhentar allar skrár sem tilgreindar eru í a- og b-lið og að fyrirskipaðar tímaáætlanir gildi áfram hjá nýja flugrekandanum.

JAR-OPS 1.925 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.930 Áframhaldandi gildi flugrekandaskírteinis (AOC) að því er varðar viðhaldskerfið
(Sjá IEM OPS 1.930)

Flugrekandi skal fara eftir JAR-OPS 1.175 og 1.180 til að tryggja að flugrekandaskírteini hans gildi áfram að því er lýtur að viðhaldskerfinu.

JAR-OPS 1.935 Sambærilegt dæmi um öryggi
(Sjá IEM OPS 1.935)

Flugrekandi skal ekki taka upp aðrar verklagsreglur en þær sem mælt er fyrir um í þessum kafla nema þörf krefji og flugmálayfirvöld hafi áður staðfest að þar sé um að ræða sambærilegt dæmi um öryggi og hafi það hlotið stuðning flugmálayfirvalda annarra JAA-aðildarríkja.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 N-kafli

N-KAFLI – FLUGÁHÖFN

Um tilvísanir í þessum kafla varðandi JAR-FCL vísast til reglugerðar um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands, nr. 419/1999 ásamt síðari breytingum varðandi tilvísanir í JAR-FCL.

JAR-OPS 1.940 Samsetning flugáhafnar
(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR-OPS 1.940)

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að samsetning flugáhafnar og fjöldi flugliða á tilteknum starfsstöðvum sé bæði í samræmi við fyrirmæli í flughandbók flugvélarinnar og ekki undir því lágmarki sem þar er tilgreint;
   2) að aukaflugliðar teljist til flugáhafnar þegar þeirra er þörf vegna eðlis starfrækslunnar og að ekki séu færri í flugáhöfn en tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni;
   2) að allir flugliðar séu handhafar viðeigandi og fullgildra skírteina sem flugmálayfirvöld geta fallist á og hafi tilskilin starfsréttindi og hæfni til að rækja þau störf sem þeim eru falin;
   3) að settar séu verklagsreglur, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, til að koma í veg fyrir að óreyndir flugliðar verði saman í áhöfn (Sjá 4. tölul. a-liðar AMC OPS 1.940);
   5) að einn flugmannanna í flugáhöfn, sem hefur starfsréttindi sem flugstjóri samkvæmt skírteinareglugerð (JAR-FCL), sé tilnefndur flugstjóri sem getur falið öðrum flugmanni með tilskilin réttindi að stjórna fluginu; og
   6) að sé þess krafist í flughandbók flugvélar að sérstakur flugkerfastjóri sé í áhöfn þá hafi einn í flugáhöfninni flugvélstjóraskírteini eða tilskilin starfsréttindi sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

7) Þegar flugrekandi ræður í þjónustu sína flugliða, sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur og/eða vinna í lausamennsku eða hlutastarfi, skal hann sjá til þess að kröfur N-kafla séu uppfylltar. Einkum skal í þessu sambandi taka sérstakt tillit til heildarfjölda þeirra flugvélategunda og – afbrigða sem flugliðinn má fljúga í flutningaflugi, sem ekki má vera yfir þeim kröfum sem mælt er fyrir um í JAR OPS 1.980 og 1.981, að meðtöldum þeim sem hann flýgur í þjónustu annars flugrekanda.

b) *Lágmarksfjöldi flugliða til starfrækslu samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til.* Við starfrækslu samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til skal flugrekandi sjá til þess:
1) að í öllum skrúfuþotum, þar sem hámarksfjöldi farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi er meiri en 9, og í öllum flugvélum sem knúðar eru þotuhreyflum séu ekki færri en 2 flugmenn í áhöfn; eða
2) að einn flugmaður starfræki aðrar flugvélar en þær sem heyra undir 1. tölul. b-liðar hér að framan, að því tilskildu að kröfum sem settar eru fram í 2. viðbæti við JAR-OPS 1.940 sé fullnægt. Sé kröfunum í 2. viðbæti ekki fullnægt skulu ekki vera færri en 2 flugmenn í áhöfn.

JAR-OPS 1.945 Þjálfun og próf vegna flugvélaskipta
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.945)
(Sjá AMC OPS 1.945)
(Sjá IEM OPS 1.945)

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
1) að flugliði ljúki námskeiði til tegundarréttinda, sem uppfyllir viðeigandi kröfur í skírteinareglugerð (JAR-FCL), þegar hann skiptir yfir á aðra tegund eða flokk flugvéla þar sem krafist er nýrrar tegundaráritunar eða flokksáritunar;
2) að flugliði ljúki námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta áður en hann hefur flug á flugleið án umsjónar;
i) ef hann skiptir yfir á flugvél þar sem krafist er nýrrar tegundaráritunar eða flokksáritunar; eða
ii) ef hann skiptir um flugrekanda;
3) að þjálfun vegna flugvélaskipta sé í höndum manna sem hafa tilskilin starfsréttindi og fari fram í samræmi við nákvæma námsskrá í flugrekstrarhandbókinni sem flugmálayfirvöld geta fallist á;
4) að við ákvörðun um hversu mikla þjálfun flugliði þurfi að fá á námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta sé tekið mið af fyrri þjálfun flugliðans samkvæmt þjálfunarskrám hans sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.985;
5) að í flugrekstrarhandbókinni séu tilgreind þau lágmarksskilyrði um starfsréttindi og reynslu sem flugliðar þurfa að uppfylla áður en þeir fá þjálfun vegna flugvélaskipta;
6) að allir flugliðar fari í prófin, sem krafist er í b-lið JAR-OPS 1.965, og í þá þjálfun og próf, sem krafist er í d-lið JAR-OPS 1.965, áður en þeir hefja flug á flugleið undir umsjón;
7) að þegar flugliði hefur lokið flugi á flugleið undir umsjón fari hann í prófið sem krafist er í c-lið 1.965 JAR-OPS;
8) að eftir að námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta er hafið taki flugliði ekki að sér flugvaktir á annarri tegund eða flokki flugvéla fyrr en að námskeiði loknu eða eftir að því hefur verið hætt; og
9) að þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM) sé felld inn í námskeið vegna flugvélaskipta. (Sjá AMC OPS: 9. tölul. a-liðar 1945/6. tölul. b-liðar 1.955/e-lið 1.965 og IEM OPS: 9. tölul. a-liðar 1.945/6. tölul. b-liðar 1.955/e-lið 1.965.)

b) Þegar skipt er um flugvélategund eða -flokk má sameina prófið sem krafist er í 1.965 og prófið til tegundar- eða flokksréttinda sem krafist er í skírteinareglugerð (JAR-FCL).
c) Heimilt er að sameina námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta og námskeið til tegundar- eða flokksréttinda sem krafist er í skírteinareglugerð (JAR-FCL).

JAR-OPS 1.950 Mismunarþjálfun og kynningarþjálfun

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði ljúki:
   1) mismunarþjálfun sem krefst viðbótarþekkingar og þjálfunar í viðeigandi þjálfunartæki eða í flugvélinni;
      i) ef hann starfrækir annað afbrigði flugvélar sömu tegundar eða aðra tegund í sama flokki og flugvélin sem er starfrækt; eða
      ii) ef búnaði og/eða verklagi er breytt á afbrigði flugvélar sem er starfrækt;
   2) Kynningarþjálfun sem útheimtir meiri kunnáttu,
      i) ef hann starfrækir aðra flugvél sömu tegundar; eða
      ii) ef búnaði og/eða verklagi er breytt á tegund eða afbrigði flugvélar sem er starfrækt.
b) Í flugrekstrarhandbókinni skal flugrekandi tilgreina hvenær mismunarþjálfunar eða kynningarþjálfunar er krafist.

JAR-OPS 1.955 Tilnefning flugstjóra

a) Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi gildi um þá sem hækka úr stöðu aðstoðarflugmanns í stöðu flugstjóra og þá sem koma til starfa sem flugstjórar:
   1) að þeir hafi lágmarksreynslu, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, og skal hún tilgreind í flugrekstrarhandbókinni; og
   2) þegar um er að ræða flug þar sem fleiri en einn flugmaður er í áhöfn, að flugmaður ljúki tilheyrandi flugstjóranámskeiði.
b) Flugstjóranámskeiðið, sem krafist er í 2. tölul. a-liðar hér að framan, skal tilgreint í flugrekstrarhandbókinni og fela að minnsta kosti í sér:
   1) þjálfun í flughermi, þ.m.t. þjálfun í flugi á flugleið og/eða flugþjálfun;
   2) hæfnipróf flugrekanda við stjórn sem flugstjóri;
   3) ábyrgð flugstjóra;
   4) þjálfun á flugleið sem flugstjóri undir umsjón. Fyrir flugmenn, sem hafa þegar öðlast tilskilin starfsréttindi á flugvélategundina, er lágmarkskrafan 10 flug;
   5) fullnægjandi próf flugstjóra á flugleið eins og mælt er fyrir um í c-lið JAR-OPS 1.965 og þekking og hæfni til að fljúga á tilteknum leiðum og inn á flugvelli eins og mælt er fyrir um í JAR–OPS 1.975; og
   6) þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM). (Sjá AMC OPS: 9. tölul. a-liðar 1.945/ 6. tölul. b-liðar 1.955/ e-lið 1.965 svo og IEM OPS: 9. tölul. a-liðar 1.945/ 6. tölul. b-liðar 1.955/e-lið 1.965.)

JAR-OPS 1.960 Flugstjórar með atvinnuflugmannsskírteini

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að handhafi atvinnuflugmannsskírteinis (CPL) starfi ekki sem flugstjóri flugvélar, sem er skráð til starfrækslu með einum flugmanni í flughandbók flugvélarinnar, nema:

i) þegar um er að ræða farþegaflug samkvæmt sjónflugsreglum utan 50 sjómílna radíusar frá brottfararflugvelli, þá hafi flugmaðurinn að baki minnst 500 fartíma samanlagt á flugvél eða fullgild blindflugsréttindi; eða

ii) þegar um er að ræða fjölhreyflaflugvél og flogið er samkvæmt blindflugsreglum, þá hafi flugmaðurinn að baki minnst 700 fartíma samanlagt á flugvél og af þeim hafi hann flogið 400 fartíma sem flugstjóri samkvæmt skírteinareglugerð (JAR-FCL) og 100 þessara fartíma samkvæmt blindflugsreglum og þar af séu 40 fartímar við stjórn fjölhreyflaflugvéla. Í stað 400 fartíma sem flugstjóri geta komið fartímar sem aðstoðarflugmaður, þar sem reglan er að tveir fartímar sem aðstoðarflugmaður jafngildi einum fartíma sem flugstjóri, að því tilskildu að þessum tímum hafi verið safnað eftir föstu fyrirkomulagi með fleiri en einum flugmanni í áhöfn eins og mælt er fyrir um í flugrekstrarhandbókinni;

2) að til viðbótar við ii-lið 1. tölul. a-liðar hér að framan sé kröfum 2. viðbætis við JAR-OPS 1.940 fullnægt þegar flugmaður flýgur blindflug sem eini flugmaður í áhöfn; og

3) að, ef um er að ræða flug með fleiri en einum flugmanni í áhöfn, ljúki flugmaðurinn flugstjóranámskeiðinu, sem mælt er fyrir um í 2. tölul. a-liðar JAR-OPS 1.955, til viðbótar ákvæði 1. tölul. a-liðar hér að framan áður en hann tekur til starfa sem flugstjóri.

JAR-OPS 1.965 **Reglubundin þjálfun og próf**
(Sjá 1. og 2. viðbæti við JAR-OPS 1.965)
(Sjá AMC OPS 1.965)
(Sjá IEM OPS 1.965)

a) *Almenn ákvæði.* Flugrekandi skal sjá til þess:

1) að hver flugliði gangist undir reglubundna þjálfun og próf og að hvort tveggja miðist við þá tegund eða afbrigði flugvélar sem flugliðinn starfrækir;

2) að áætlun um reglubundna þjálfun og próf sé skráð í flugrekstrarhandbókina og samþykkt af flugmálayfirvöldum;

3) að reglubundin þjálfun sé í höndum eftirfarandi starfsliðs:

i) *þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun* – í höndum starfsliðs sem er til þess hæft;

ii) *þjálfun í flugvél/flughermi* – í höndum tegundarkennara (TRI) eða flugþjálfakennara (SFI) þegar um kennslu í flugþjálfa er að ræða og hann uppfyllir nógu vel kröfur flugrekandans um reynslu og kunnáttu til að kenna þau atriði sem tilgreind eru í i-lið 1. tölul. a-liðar A og B í 1. viðbæti við JAR-OPS 1.965);

iii) *þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar* – í höndum starfsliðs sem telst til þess hæft; og

iv) *þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM)* – í höndum starfsliðs sem telst til þess hæft;

4) að reglubundin próf séu í höndum eftirfarandi starfsliðs:

i) *hæfnipróf flugrekanda* – í höndum til tegundarprófdómara, eða ef prófið er tekið í tilskildum flughermi, samþykktum í þessum tilgangi í samræmi við JAR – STD 1A, í höndum flugþjálfaprófdómara;

ii) *flugleiðapróf* – í höndum flugstjóra sem flugrekandi tilnefnir og flugmálayfirvöld geta fallist á; og

iii) *prófun neyðar- og öryggisbúnaðar* – í höndum starfsliðs sem er til þess hæft.

b) *Hæfnipróf flugrekanda.*
   1) Flugrekandi skal sjá til þess:
      i) að hver flugliði gangist undir hæfnipróf flugrekanda til að sýna kunnáttu sína í verklagi við venjulegar og afbrigðilegar aðstæður og við neyðaraðstæður; og
      ii) að hæfniprófið fari fram án útsýnis ef krafist er að flugliðar starfi samkvæmt blindflugsreglum;
      iii) að hver flugliði gangist undir hæfnipróf flugrekanda í eðlilega fullskipaðri flugáhöfn.
   2) Gildistími hæfniprófs flugrekanda skal vera 6 almanaksmánuðir auk þess sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu 3 almanaksmánuðunum sem fyrra hæfnipróf flugrekanda er í gildi skal gildistíminn vera frá útgáfudegi og fram til loka 6 almanaksmánaða frá því að gildistími fyrra hæfniprófsins rann út.

c) *Flugleiðapróf.* Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði gangist undir flugleiðapróf í flugvélinni til að sýna hæfni sína í venjulegu flugi á flugleið eins og lýst er í flugrekstrarhandbók. Gildistími flugleiðaprófs skal vera 12 almanaksmánuðir, auk þess sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef prófið er gefið út á síðustu 3 almanaksmánuðunum sem fyrra flugleiðapróf er í gildi skal gildistíminn vera frá útgáfudegi fram til loka 12. almanaksmánaðar frá því að fyrra flugleiðaprófið rann út.

d) *Þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar.* Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði gangist undir þjálfun og próf í því sem lýtur að staðsetningu og notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð. Gildistími prófs í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar skal vera 12 almanaksmánuðir, auk þess sem eftir er af útgáfumánuðinum. Ef áritun er gefin út á síðustu 3 almanaksmánuðunum sem fyrra prófið í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar er í gildi skal gildistíminn vera frá útgáfudegi og fram til loka 12. almanaksmánaðar frá því að fyrra prófið í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar rann út.

e) *Stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM).* Flugrekandi skal sjá til þess að allir flugliðar fái þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu og að það sé liður í reglubundinni þjálfun. (Sjá AMC OPS: 9. tölul. a-liðar 1.945/6. tölul. b-liðar 1.955/e-lið 1.965 og IEM OPS: 9. tölul. a-liðar 1.945/6. tölul. b-liðar 1.955/e-lið 1.965.)

f) *Þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun.* Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fari í þjálfun á jörðu niðri og upprifjun a.m.k. á 12 almanaksmánaða fresti. Ef þjálfunin fer fram innan þriggja síðustu almanaksmánaða áður en 12 mánaða tímabilinu lýkur þarf þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun að vera lokið innan tólf almanaksmánaða frá lokum gildistíma fyrra námskeiðs.

g) *Þjálfun í flugvél/flughermi.* Flugrekandi skal sjá til þess að hver flugliði fari í þjálfun í flugvél/flughermi a.m.k. á 12 almanaksmánaða fresti. Ef þjálfunin fer fram innan þriggja síðustu almanaksmánaða áður en 12 mánaða tímabilinu lýkur þarf þjálfun í flugvél/flughermi að vera lokið innan tólf almanaksmánaða frá lokum gildistíma fyrra námskeiðs.

JAR-OPS 1.968 Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.968)

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að flugmaður, sem kann að vera settur til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er, ljúki tilheyrandi þjálfun og prófi; og
   2) að áætlun um þjálfunina og prófið sé skráð í flugrekstrarhandbókina og að flugmálayfirvöld geti fallist á hana.

JAR-OPS 1.970 Nýleg reynsla

a) Flugrekandi skal tryggja:
   1) *Flugstjóri.* Að flugmaður fljúgi ekki flugvél sem flugstjóri nema hann hafi framkvæmt að minnsta kosti þrjú flugtök og þrjár lendingar næstliðna 90 daga sem flugmaður við stjórn flugvélar sömu tegundar og þeirra sem nota á eða í flughermi fyrir viðkomandi tegund sem er viðurkenndur og samþykktur til þess í samræmi við JAR STD 1 A.
   2) *Aðstoðarflugmaður.* Að aðstoðarflugmaður sé ekki settur til starfa við stjórntækin í flugtaki og lendingu nema hann hafi starfað næstliðna 90 daga sem flugmaður við stjórn í flugtaki og lendingu flugvélar sömu tegundar og þeirrar sem nota á eða í flughermi fyrir viðkomandi tegund sem er viðurkenndur og samþykktur til þess í samræmi við JAR STD 1 A.

b) Heimilt er að lengja 90 daga tímabilið, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. tölul. a-liðar hér að framan, í allt að 120 daga ef flogið er á flugleið undir umsjón tegundarkennara eða tegundarprófdómara. Fyrir tímabil sem er umfram 120 daga er kröfunni um nýlega reynslu fullnægt með þjálfunarflugi eða með notkun viðurkennds flughermis.

JAR-OPS 1.975 Starfsréttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli
(Sjá AMC OPS 1.975)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að maður sé ekki settur til starfa sem flugstjóri eða flugmaður, sem flugstjórinn felur stjórn flugsins, fyrr en hann hefur öðlast næga þekkingu á flugleiðinni sem á að fljúga, flugvöllum þeim (að varaflugvöllum meðtöldum) sem fyrirhugað er að nota og búnaði og verklagi á þeim flugvöllum.

b) Gildistími starfsréttinda á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli er 12 almanaksmánuðir, auk þess sem eftir er af:
   1) mánuðinum þegar starfsréttindin fengust; eða
   2) mánuðinum þegar síðast var flogið á umræddum leiðum eða á viðkomandi flugvelli.

c) Endurnýja skal starfsréttindi og hæfni til flugs á tilteknum leiðum og inn á tiltekna flugvelli með því að fljúga á leiðunum eða inn á flugvellina innan gildistímans sem mælt er fyrir um í b-lið hér að framan.

d) Ef starfsréttindi eru endurnýjuð á síðustu þremur almanaksmánuðunum sem fyrri starfsréttindin á tilteknum leiðum og tilteknum flugvöllum eru í gildi skal gildistíminn framlengdur frá endurnýjunardegi til loka 12. almanaksmánaðar frá því að fyrri réttindin á leiðum og flugvöllum runnu út.

JAR-OPS 1.978 Áætlun um réttindaþjálfun með þróaðri tækni

a) Heimilt er að framlengja gildistíma sem um getur í JAR-OPS 1.965 og 1.970 ef flugmálayfirvöld hafa samþykkt áætlun flugrekanda um réttindaþjálfun með þróaðri tækni.

b) Í áætlunum um réttindaþjálfun með þróaðri tækni skal gert ráð fyrir þjálfun og prófi til að ná og viðhalda hæfni sem er ekki minni en krafist er í ákvæðum JAR-OPS 1.945, 1.965 og 1.970.

JAR-OPS 1.980 Starfræksla fleiri en einnar tegundar eða afbrigðis flugvélar
(Sjá 1. viðbæti við JAR OPS 1.980)
(Sjá AMC OPS 1.980)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði starfi ekki á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar nema flugliðinn sé til þess hæfur.

b) Þegar flugrekandi hyggur á starfrækslu fleiri en einnar tegundar eða afbrigðis flugvéla skal hann tryggja að slík starfræksla sé réttlætanleg, með hliðsjón af eftirfarandi atriðum:
   1) tæknistigi;
   2) verklagi í rekstri;
   3) stjórnunareiginleikum (sjá b-lið AMC OPS 1.980 og b-lið IEM OPS 1.980).

c) Flugrekandi skal sjá til þess að flugliði sem starfar á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar uppfylli allar kröfur N-kafla fyrir hverja tegund eða afbrigði nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt að telja honum til tekna atriði svo sem þjálfun, próf og nýlega reynslu.

d) Flugrekandi skal skilgreina í flugrekstrarhandbókinni viðeigandi verklagsreglur og/eða starfrækslutakmarkanir, samþykktar af flugmálayfirvöldum, fyrir alla starfrækslu á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar og skulu þær taka til:
   1) lágmarksflugreynslu flugliðans;
   2) lágmarksreynslu á einni tegund eða afbrigði flugvélar áður en þjálfun og starfræksla á annarri tegund eða afbrigði flugvélar hefst;
   3) þjálfunarferlis flugliða með réttindi á eina tegund eða afbrigði flugvélar til að fá að starfa á annarri tegund eða afbrigði flugvélar; og
   4) allra krafna sem gerðar eru um nýlega reynslu á hverrri tegund eða afbrigði flugvélar.

JAR-OPS 1.981 Starfræksla þyrlna og flugvéla

a) Þegar flugliði starfrækir bæði þyrlur og flugvélar:
   1) Flugrekanda er skylt að sjá til þess að starfræksla þyrlna og flugvéla sé takmörkuð við eina tegund af hvoru.
   2) Flugrekanda er skylt að skilgreina í flugrekstrarhandbókinni viðeigandi verklag og/eða starfrækslutakmarkanir sem samþykktar eru af flugmálayfirvöldum.

JAR-OPS 1.985 Þjálfunarskrár
(Sjá IEM OPS 1.985)

a) Flugrekandi skal:
1) halda skrár yfir alla þjálfun, próf og starfsréttindi, sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.945, 1.955, 1.965, 1.968 og 1.975 fyrir hvern flugliða; og
2) veita viðkomandi flugliða aðgang að öllum skrám um námskeið vegna flugvélaskipta og um reglubundna þjálfun og próf, ef hann óskar þess.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.940 Afleysingar flugliða í flugi

a) Heimilt er að flugliði með tilskilin starfsréttindi leysi annan flugliða af við stjórntækin á flugi.
b) *Flugstjóri leystur af*
1) Flugstjóri getur falið öðrum að sjá um framkvæmd flugsins sem hér segir:
i) öðrum flugstjóra með tilskilin starfsréttindi; eða
ii) í flugi yfir fluglagi 200 eingöngu, flugmanni með starfsréttindi sem eru nánar tilgreind í c-lið hér á eftir.
c) *Lágmarkskröfur, sem gerðar eru til flugmanns sem leysir flugstjóra af, eru sem hér segir:*
1) hafa gilt 1. flokks atvinnuflugmannsskírteini;
2) hann skal hafa lokið þjálfun og prófi vegna flugvélaskipta (að meðtalinni þjálfun til tegundarréttinda) eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.945;
3) hann skal hafa lokið allri reglubundinni þjálfun og prófum eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.965 og 1.968; og
4) hann skal hafa starfsréttindi til flugs á tilteknum leiðum sem mælt er fyrir um í JAR–OPS 1.975
d) *Aðstoðarflugmaður leystur af*
1) Heimilt er að eftirfarandi menn leysi aðstoðarflugmanninn af:
i) annar flugmaður með tilskilin starfsréttindi; eða
ii) aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi og hefur starfsréttindi eins og nánar er tiltekið í e-lið hér á eftir.
e) *Lágmarkskröfur, sem gerðar eru til aðstoðarflugmanns sem leysir af í farflugi, eru sem hér segir:*
1) hann skal hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun;
2) hann skal hafa lokið þjálfun og prófi vegna flugvélaskipta (að meðtalinni þjálfun til tegundarréttinda) eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.945, að undanskildum kröfum um þjálfun í flugtaki og lendingu;
3) hann skal hafa lokið allri reglubundinni þjálfun og prófum eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.965, að undanskildum kröfum um þjálfun í flugtaki og lendingu; og
4) hann má einungis starfa sem aðstoðarflugmaður í farflugi og ekki undir fluglagi 200.
5) Ekki er krafist nýlegrar reynslu eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.970. Þó skal flugmaður fá æfingu í flughermi til að uppfylla skilyrði um nýlega reynslu og flugþjálfun til upprifjunar á minnst 90 daga fresti. Upprifjunina má sameina þjálfuninni sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.965.
f) *Flugkerfastjóri leystur af.* Flugverja með flugvélstjóraskírteini eða flugliða með tilskilin starfsréttindi, sem flugmálayfirvöld geta fallist á, er heimilt að leysa flugkerfastjóra af.

2. viðbætir við JAR-OPS 1.940 **Starfræksla með einum flugmanni samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til**

a) Heimilt er að einn flugmaður starfræki flugvélar, sem um getur í 2. tölul. b-liðar JAR-OPS 1.940, samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
   1) flugrekandi skal birta áætlun um þjálfun vegna flugvélaskipta og reglubundna þjálfun flugmannanna í flugrekstrarhandbókinni ásamt frekari kröfum sem gerðar eru til starfrækslu með einum flugmanni;
   2) verklagsreglur í stjórnklefa skulu meðal annars taka til:
      i) stjórnunar á hreyflum og neyðarmeðferðar;
      ii) notkunar gátlista fyrir venjulegar og afbrigðilegar aðstæður og neyðaraðstæður;
      iii) fjarskipta við flugumferðarstjórn (ATC);
      iv) verklags við brottflug og aðflug;
      v) meðhöndlun sjálfstýringar; og
      vi) einfaldrar gagnafærslu í flugi;
   3) reglubundnu prófin, sem krafist er í JAR-OPS 1.965, skulu fara fram þannig að flugmaðurinn sé í hlutverki eins flugmanns í áhöfn á þeirri tegund eða flokki flugvéla og í því umhverfi sem er dæmigert fyrir flugið;
   4) flugmaðurinn skal hafa flogið þeirri tilteknu tegund eða flokki flugvéla, sem um ræðir, samkvæmt blindflugsreglum í minnst 50 fartíma, þar af 10 fartíma sem flugstjóri; og
   5) lágmarkskröfur, sem gerðar eru um nýlega reynslu flugmanns sem eini flugmaðurinn í áhöfn, þar sem flogið er eftir blindflugsreglum eða að nóttu til, skulu vera 5 flug samkvæmt blindflugsreglum, þar af 3 blindaðflug næstliðna 90 daga sem eini flugmaðurinn á sömu tegund eða flokk flugvéla. Í stað þessarar kröfu getur komið próf í blindaðflugi samkvæmt blindflugsreglum á viðkomandi flugvélategund eða -flokk.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.945 **Námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta**
(Sjá AMC OPS 1.945)
(Sjá IEM OPS 1.945)

a) Námskeið flugrekanda vegna flugvélaskipta skal ná yfir:
   1) þjálfun á jörðu niðri og próf, þar með talið í flugvélakerfum og verklagi við venjulegar og afbrigðilegar aðstæður og neyðaraðstæður;
   2) þjálfun og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar, sem skal lokið áður en þjálfun í flugvél hefst;
   3) þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM);
   4) þjálfun og próf í flugvél/flughermi; og
   5) flug á flugleið undir umsjón og flugleiðapróf.

b) Námskeið vegna flugvélaskipta skulu fara fram í þeirri röð sem kemur fram í a-lið hér að framan.

c) Hafi flugliði ekki áður lokið námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta skal flugrekandi sjá til þess að til viðbótar við a-lið hér að framan fái flugliðinn almenna þjálfun í skyndihjálp og, ef við á, þjálfun í verklagi við nauðlendingu á vatni og notkun viðeigandi búnaðar í vatni.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.965 **Reglubundin þjálfun og próf – flugmenn**
(Sjá AMC OPS 1.965)
(Sjá IEM OPS 1.965)

a) *Reglubundin þjálfun* – Reglubundin þjálfun skal ná yfir:
1) *Þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun*
i) Áætlun um þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun skal ná yfir:
A) flugvélakerfi;
B) verklag við starfrækslu og rekstrarkröfur, sem gerðar eru, þar með talið vegna íseyðingar og ísingarvarna á jörðu niðri (Sjá a-lið AMC OPS 1.345) og óstarfhæfni flugmanns; og
C) umfjöllun um slys/óhöpp og atvik.
ii) Að lokinni þjálfun á jörðu niðri og upprifjunarþjálfun skal sannreyna kunnáttu með spurningalista eða öðrum heppilegum aðferðum.
2) *Þjálfun í flugvél/flughermi*
i) Áætlun um þjálfun í flugvél/flughermi skal hagað þannig að á næstliðnum þremur árum hafi verið fjallað um allar helstu bilanir í flugvélakerfum og verklagsreglur í tengslum við þær.
ii) Þegar æft er flug með hreyfilbilun í flugvél skal líkt eftir hreyfilbilun.
iii) Heimilt er að sameina þjálfun í flugvél/flughermi og hæfnipróf flugrekanda.
3) *Þjálfun í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar*
i) Heimilt er að sameina þjálfun í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar og próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar og skal hvort tveggja fara fram um borð í flugvél eða öðru hentugu þjálfunartæki.
ii) Í áætlun um þjálfun í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar skal á hverju ári gera ráð fyrir:
A) að þátttakendur fari í björgunarvesti ef þau eru hluti af búnaðinum;
B) að þátttakendur setji á sig öndunarhlífar;
C) að þátttakendur meðhöndli slökkvitæki;
D) kennslu um staðsetningu og í notkun alls neyðar- og öryggisbúnaðar um borð í flugvélinni;
E) kennslu um staðsetningu og í notkun útganga af öllum gerðum; og
F) æfingum í verklagi við flugvernd.
iii) Í þjálfunaráætlun skal á þriggja ára fresti gera ráð fyrir:
A) raunverulegri notkun útganga af öllum gerðum;
B) sýnikennslu í notkun neyðarrennu ef hún er hluti af búnaðinum;
C) að barist sé gegn raunverulegum eldi eða eftirlíkingu af eldi með sams konar búnaði og er í flugvélinni, nema ef um halon-slökkvitæki er að ræða, en þá er heimilt að nota aðra aðferð sem flugmálayfirvöld geta fallist á;
D) umfjöllun um áhrif reyks í lokuðu rými, og raunverulegri notkun alls búnaðar þar að lútandi, þar sem líkt er eftir reykmettun;
E) meðhöndlun neyðarblysa, raunverulegra eða eftirlíkinga, ef þau eru hluti af búnaðinum; og
F) sýnikennslu í notkun björgunarbáta ef þeir eru hluti af búnaðinum.
4) *Þjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM)*

b) *Reglubundin próf.* Reglubundin próf eru sem hér segir:
1) *Hæfnipróf flugrekanda.*
i) Þar sem við á skulu hæfnipróf flugrekanda felast í eftirfarandi æfingum:
A) flugtaki sem hætt er við, ef flughermir er tiltækur, annars aðeins snerti-æfingum;

B) flugtaki með hreyfilbilun milli ákvörðunarhraða V_1 og öryggishraða V_2 eða eins fljótt og öryggi leyfir;
C) nákvæmnisblindaðflugi niður í aðflugslágmark og, ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, með einn hreyfil óvirkan;
D) grunnaðflugi niður í aðflugslágmark;
E) blindfráflugi úr aðflugslágmarki og, ef um er að ræða fjölhreyflaflugvélar, með einn hreyfil óvirkan;
F) lendingu með einn hreyfil óvirkan. Ef um er að ræða eins hreyfils vélar er þess krafist að nauðlending sé æfð.

ii) Þegar æft er flug í flugvél með hreyfilinn óvirkan skal líkja eftir hreyfilbilun.
iii) Til viðbótar við prófin, sem mælt er fyrir í A- til F-lið í i-lið hér að framan, verður að standast kröfur skírteinareglugerðar á 12 mánaða fresti en það má sameina hæfniprófi flugrekanda.
iv) Ef um er að ræða flugmann sem flýgur einungis samkvæmt sjónflugsreglum er heimilt að sleppa prófunum sem mælt er fyrir um í C- til E-lið í i-lið hér að framan nema að fljúga þarf aðflug og hætta við lendingu í fjölhreyflaflugvél með einn hreyfil óvirkan.
v) Hæfnipróf flugrekanda skulu vera í höndum tegundarprófdómara.

2) *Próf í notkun neyðar- og öryggisbúnaðar.* Atriðin, sem prófa á, skulu vera þau sömu og farið var yfir í þjálfuninni samkvæmt 3. tölul. a-liðar hér að framan.

3) *Flugleiðapróf*
i) Í flugleiðaprófi verður að fást fullnægjandi staðfesting á kunnáttu í flugi á flugleið frá byrjun til enda, að meðtöldu verklagi fyrir og eftir flug og notkun þess búnaðar sem tiltækur er, og eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni.
ii) Meta verður færni flugliða í stjórnun áhafnarsamvinnu (CRM).
iii) Þegar flugmanni eru falin störf sem flugmaður við stjórn og flugmaður sem aðstoðar verður að prófa hann í báðum störfunum.
iv) Flugleiðapróf skulu fara fram í flugvél.
v) Flugleiðapróf skulu vera í höndum flugstjóra sem flugrekandi hefur tilnefnt og flugmálayfirvöld geta fallist á.

2. viðbætir við JAR-OPS 1.965 Reglubundin þjálfun og próf – flugkerfastjórar

a) Í reglubundinni þjálfun og prófum fyrir flugkerfastjóra (System Panel Operators) skulu þeir uppfylla kröfur sem gerðar eru til flugmanna, og um viðbótarstörf ef um það er að ræða, að undanskildum þeim atriðum sem eiga ekki við um flugkerfastjóra.
b) Reglubundin þjálfun og prófun flugkerfastjóra skal, ef unnt er, fara fram um leið og flugmaður gengst undir reglubundna þjálfun og próf.
c) Flugleiðapróf skulu vera í höndum flugstjóra, sem flugrekandi hefur tilnefnt og flugmálayfirvöld geta fallist á, eða í höndum tegundarkennara eða tegundarprófdómara fyrir flugkerfastjóra.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.968 Starfsréttindi flugmanns til starfa í hvoru flugmannssætinu sem er

a) Ef starf flugstjóra felst einnig í því að starfa í hægra sætinu og inna af hendi störf aðstoðarflugmanns, eða annast þjálfun eða prófstörf úr hægra sætinu, skal hann ljúka frekari þjálfun og prófum eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið JAR-OPS 1.965. Þessi viðbótarþjálfun skal að minnsta kosti taka til:

1) hreyfilbilunar í flugtaki;
2) aðflugs með óvirkan hreyfil og að hætt sé við lendingu með einn hreyfil óvirkan; og
3) lendingar með einn hreyfil óvirkan.

b) Þegar æft er flug í flugvél með óvirkan hreyfil skal líkt eftir hreyfilbilun.

c) Ef starfað er í hægra sætinu skulu prófin, sem krafist er í JAR-OPS til starfa í vinstra sætinu, einnig vera í gildi.

d) Flugmaður, sem leysir flugstjóra af við framkvæmd flugsins, skal sýna kunnáttu sína í æfingum og verklagi við störf, sem venjulega væru ekki í verkahring afleysingamanns, um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið JAR-OPS 1.965. Ef munurinn á vinstra og hægra sæti er óverulegur (til dæmis vegna sjálfstýringar) má þjálfun fara fram í hvoru sætinu sem er.

e) Flugmaður, annar en flugstjóri, sem situr í vinstra sæti skal sýna kunnáttu sína í æfingum og verklagi við störf, sem annars væru í verkahring flugstjóra sem flugmanns sem aðstoðar, um leið og hann tekur hæfnipróf flugrekanda sem mælt er fyrir um í b-lið JAR – OPS 1.965. Ef munurinn á vinstra og hægra sæti er óverulegur (til dæmis vegna sjálfstýringar) má þjálfun fara fram í hvoru sætinu sem er.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.980 Starfræksla á fleiri en einni tegund eða afbrigði
(Sjá AMC OPS 1.980)

a) Þegar flugliði starfrækir fleiri en einn flokk, tegund eða afbrigði flugvéla sem talin eru upp í AMC FCL 1.215 A (flokkur-einstjórnarflugvél) og/eða AMC FCL 1.220 (tegund-einstjórnarflugvél), en ekki með sömu skírteinisáritun, skal flugrekandi fara að eftirfarandi reglum:
1) flugliði skal ekki starfrækja fleiri en:
i) þrjár tegundir eða afbrigði flugvéla með bulluhreyflum; eða
ii) þrjár tegundir eða afbrigði flugvéla með skrúfuhverfihreyflum; eða
iii) eina tegund eða afbrigði flugvéla með skrúfuhverfihreyflum og eina tegund eða afbrigði flugvéla með bulluhreyflum; eða
iv) eina tegund eða afbrigði flugvéla með skrúfuhverfihreyflum og flugvél í sérstökum flokki.
2) JAR-OPS 1.965 fyrir hverja tegund eða afbrigði sem starfrækt er nema flugrekandinn hafi sýnt fram á að hann hafi sett um það sérstakar verklagsreglur og/eða rekstrartakmarkanir sem flugmálayfirvöld geta fallist á.

b) Þegar flugliði starfrækir fleiri en einn flokk, tegund eða afbrigði flugvéla með einni eða fleiri skírteinisáritunum eins og skilgreint er í AMC FCL 1.220 B (flokkur-fjölstjórnarflugvél), skal flugrekandinn sjá til þess að:
1) lágmarksfjöldi flugliða í áhöfn sem tilgreindur er í flugrekstrarhandbókinni sé hinn sami fyrir hverja tegund eða afbrigði sem á að starfrækja;
2) flugliði skal ekki starfrækja fleiri en tvær tegundir eða afbrigði sem krefjast séráritunar í skírteini; og
3) að einungis flugvélar sem þarf að hafa eina skírteinisáritun fyrir séu starfræktar á sömu flugvakt nema flugrekandinn hafi sett verklagsreglur til að tryggja nægan tíma til undirbúnings.

Aths. Sjá c- og d-lið hér að neðan þegar um er að ræða fleiri en eina áritun í skírteini.

c) Þegar flugliði starfrækir fleiri en eina tegund eða afbrigði flugvéla sem talin eru upp í AMC FCL 1.220 A og B (flokkur-einstjórnarflugvél og flokkur-fjölstjórnarflugvél), en ekki með sömur skírteinisáritun, skal flugrekandi fara að:

1) 1., 2. og 3. tölul. b-liðar hér að framan; og
2) d-lið hér að neðan.

d) Þegar flugliði starfrækir fleiri en eina tegund eða afbrigði flugvéla, sem talin eru upp í AMC FCL 1.220 B (flokkur-einstjórnarflugvél), en ekki með sömu skírteinisáritun, skal flugrekandi fara að:
1) 1., 2. og 3. tölul. b-liðar hér að framan; og
2) áður en réttinda tveggja skírteinisáritana er neytt:
i) þurfa flugliðar að hafa lokið tveimur hæfniprófum flugrekanda í röð og hafa að baki 500 fartíma í viðeigandi stöðu áhafnar í flutningaflugi hjá sama flugrekanda;
ii) ef flugmaður hefur reynslu hjá flugrekanda og nýtur réttinda tveggja skírteinisáritana og er síðan hækkaður í tign og verður flugstjóri á einum af þessum tegundum hjá sama flugrekanda er þess krafist að hann hafi að lágmarki reynslu sem flugstjóri í sex mánuði og 300 fartíma og skal hann hafa lokið tveimur hæfniprófum flugrekanda í röð áður en hann á aftur rétt á að neyta réttinda tveggja skírteinisáritana.
3) Áður en flugmenn fá þjálfun og hefja starfrækslu annarrar tegundar eða afbrigðis skulu þeir hafa lokið þriggja mánaða og 300 fartíma flugi á grunnflugvélina, þar á meðal að minnsta kosti einu hæfniprófi flugrekanda.
4) Eftir að hafa lokið fyrsta flugleiðaprófinu á nýju tegundina skal ljúka 50 fartíma flugi eða 20 flugum eingöngu á flugvélategundum þar sem nýja áritunin gildir.
5) JAR-OPS 1.970 fyrir hverja tegund sem starfrækt er, nema flugmálayfirvöld hafi fallist á undanþágu frá viðurkenningu í samræmi við 7. tölul. hér að neðan.
6) Tilgreina skal í flugrekstrarhandbók hversu langrar reynslu af flugi á flugleið er krafist á hverri tegund.
7) Ef leitað er eftir leyfi til að draga úr kröfum um þjálfun og próf og nýlega reynslu á flugvélategundir skal flugrekandinn geta bent flugmálayfirvöldum á þau atriði sem ekki er þörf á að endurtaka á hverri tegund eða afbrigði vegna þess hve líkar þær eru (Sjá c-lið AMC OPS 1.980 og c-lið IEM OPS 1.980).
i) Í b-lið JAR OPS 1.965 er krafist tveggja hæfniprófa flugrekanda á ári. Þegar undanþága er veitt í samræmi við 7. tölul. hér að framan til að eitt hæfnipróf flugrekanda gildi fyrir tvær tegundir þannig að þegar tekið er hæfnipróf á aðra tegundina endurnýjast hæfniprófið sjálfkrafa á hina tegundina. Kröfum skírteinareglugerðar (JAR FCL) er þannig fullnægt svo framarlega sem tímabilið milli hæfniprófa vegna áritana í skírteini er innan þeirra marka sem skírteinareglugerðin kveður á um fyrir hvora tegund. Auk þess verður að tilgreina viðeigandi og samþykkta reglubundna þjálfun í flugrekstrarhandbókinni.
ii) Í c-lið JAR OPS 1.965 er krafist eins flugleiðaprófs á ári. Þegar undanþága í samræmi við 7. tölul. hér að framan er veitt, þannig að flugleiðapróf er tekið til skiptis á tegund eða afbrigði, endurnýjast flugleiðaprófið fyrir hina tegundina eða afbrigðið sjálfkrafa.
iii) Árleg þjálfun og próf á neyðar- og öryggisbúnað verður að ná til allra krafna fyrir báðar tegundir.
8) JAR OPS 1.965 fyrir hverja tegund eða afbrigði sem starfrækt er, nema flugmálayfirvöld hafi veitt undanþágu í samræmi við 7. tölul. hér að framan.

e) Þegar flugliði starfrækir sambland af flugvélategundum eða -afbrigðum eins og skilgreint er í AMC FCL 1.215 (flokkur-einstjórnarflugvél) og 2. viðbæti AMC FCL 1.220 (flokkur-fjölstjórnarflugvél), skal flugrekandi geta sýnt fram á að viðeigandi verklagsreglur og/eða starfrækslutakmarkanir hafi verið samþykktar í samræmi við d-lið JAR-OPS 1.980.

O-KAFLI – ÞJÓNUSTUÁHÖFN

JAR-OPS 1.988 Gildissvið
(Sjá IEM OPS 1.988)

Flugrekandi skal sjá til þess að allir flugverjar sem flugrekandi hefur sett til starfa í farþegarými flugvélar, aðrir en flugliðar, uppfylli kröfur í þessum kafla, að undanskildum aukaflugverjum sem eru eingöngu falin störf sem þarfnast sérþekkingar.

JAR-OPS 1.990 Fjöldi í þjónustuáhöfn og samsetning hennar
(Sjá IEM OPS 1.990)

a) Flugrekandi skal ekki starfrækja flugvél með hámarksfjölda farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19, sem flytur einn eða fleiri farþega, nema í áhöfn sé að minnsta kosti einn þjónustuliði til að gegna störfum sem tilgreind eru í flugrekstrarhandbókinni og varða öryggi farþega.

b) Til að fylgja ákvæðum a-liðar hér á undan skal flugrekandi sjá til þess að lágmarksfjöldi þjónustuliða sé hærri talan af því sem hér segir:
   1) einn þjónustuliði á hver 50 farþegasæti, eða brot af þeirri tölu, sem eru á sama þilfari í flugvélinni; eða
   2) sá fjöldi þjónustuliða, sem var þátttakandi í farþegarými flugvélarinnar við sannprófun á tilheyrandi neyðarrýmingu, eða sem í tilheyrandi greiningu var reiknað með að hefði tekið þátt í sannprófuninni, nema hámarkstala farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi sé að minnsta kosti 50 lægri en sá fjöldi sem tók þátt í neyðarrýmingunni, en heimilt er að fækka um einn í þjónustuáhöfn fyrir hver 50 sæti sem hámarkstala farþegasæta í samþykktu sætafyrirkomulagi lækkar niður fyrir skráðan hámarkssætafjölda.

c) Við sérstakar aðstæður geta flugmálayfirvöld krafist þess að flugrekandi bæti þjónustuliðum við í áhöfn.

d) Við ófyrirséðar aðstæður er heimilt að fara niður fyrir lágmarksfjölda þjónustuliða í áhöfn, að því tilskildu:
   1) að farþegunum sé fækkað í samræmi við verklagsreglur í flugrekstrarhandbókinni; og
   2) að flugmálayfirvöld fái skýrslu um málið að fluginu loknu.

e) Þegar flugrekandi ræður til sín þjónustuliða, sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur og/eða vinna í lausamennsku eða hlutastarfi, skal hann sjá til þess að kröfur O-kafla séu uppfylltar. Einkum skal í þessu sambandi taka sérstakt tillit til heildarfjölda þeirra flugvélategunda og – afbrigða sem þjónustuliðinn má fljúga á í flutningaflugi, sem ekki má vera yfir þeim kröfum sem mælt er fyrir um í JAR OPS 1.1030, að meðtöldum þeim sem hann flýgur á í starfi hjá öðrum flugrekanda.

JAR-OPS 1.995 Lágmarkskröfur

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir þjónustuliðar:
   1) séu að minnsta kosti 18 ára gamlir;
   2) hafi gengist undir fyrstu skoðun eða mat læknis og teljist hafa góða heilsu til þess að inna af hendi þau störf sem tilgreind eru í flugrekstrarhandbókinni (sjá 2. tölul. a-liðar AMC OPS 1.995); og

3) séu áfram við góða heilsu til að inna af hendi þau störf sem tilgreind eru í flugrekstrarhandbókinni.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að hver þjónustuliði sé hæfur til að gegna störfum sínum í samræmi við verklagsreglur í flugrekstrarhandbókinni.

JAR-OPS 1.1000 Fyrstu þjónustuliðar

a) Flugrekandi skal tilnefna einn þjónustuliða sem fyrsta þjónustuliða ef fleiri en einn er að störfum.

b) Fyrsti þjónustuliði ber ábyrgð gagnvart flugstjóra á stjórnun og samræmingu öryggismála í farþegarými og verklagi í neyðartilvikum eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni.

c) Ef skylt er samkvæmt JAR-OPS 1.990 að hafa fleiri en einn þjónustuliða um borð skal flugrekandi einungis skipa í stöðu fyrsta þjónustuliða einstakling sem hefur að minnsta kosti eins árs reynslu sem starfandi þjónustuliði og hefur lokið tilskildu námskeiði. (Sjá c-lið IEM OPS 1.1000.)

d) Flugrekandi skal setja verklagsreglur um hvernig velja skuli næsthæfasta þjónustuliðann til að gegna starfi fyrsta þjónustuliða ef sá sem skipaður er verður ófær til starfa. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þessar reglur og skal í þeim tekið mið af starfsreynslu þjónustuliðans.

JAR-OPS 1.1005 Grunnþjálfun
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005)
(Sjá IEM OPS 1.1005/1.1010/1.1015/1.1020)

Flugrekandi skal sjá til þess að áður en þjónustuliði fer í þjálfun vegna flugvélaskipta ljúki hann með fullnægjandi árangri grunnþjálfun, sem flugmálayfirvöld hafa viðurkennt, í samræmi við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005, og prófi sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.1025.

JAR-OPS 1.1010 Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1010)
(Sjá IEM OPS 1.1005/1.1010/1.1015/1.1020)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að áður en þjónustuliði tekur við störfum fái hann viðeigandi þjálfun, eins og tilgreint er í flugrekstrarhandbókinni, sem hér segir:
   1) *Þjálfun vegna flugvélaskipta.* Þjónustuliði verður að hafa lokið námskeiði vegna flugvélaskipta:
      i) áður en flugrekandi setur hann fyrst til starfa sem þjónustuliða; eða
      ii) áður en hann er settur til starfa í annarri flugvélategund; og
   2) *Mismunarþjálfun.* Þjónustuliði verður að hafa lokið mismunarþjálfun áður en hann tekur til starfa:
      i) um borð í afbrigði af flugvélategund sem starfrækt er; eða
      ii) þar sem öryggisbúnaður, staðsetning öryggisbúnaðar eða verklag við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum er öðruvísi en í flugvélategundinni sem starfrækt er eða afbrigðum hennar.

b) Flugrekandi skal ákvarða kennsluefni þjálfunar vegna flugvélaskipta eða mismunarþjálfunar með hliðsjón af fyrri þjálfun þjónustuliða eins og hún er skráð í þjálfunarskrá þjónustuliðans, sem krafist er í JAR-OPS 1.1035.

c) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að þjálfun vegna flugvélaskipta fari fram á skipulegan og raunsannan hátt í samræmi við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1010;
   2) að mismunarþjálfun fari fram á skipulegan hátt; og
   3) að þjálfun vegna flugvélaskipta og, ef þörf krefur, mismunarþjálfun, taki til notkunar alls öryggisbúnaðar og verklags við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum sem við á um flugvélategundina eða afbrigði hennar og felur í sér þjálfun og æfingu, annaðhvort í viðeigandi þjálfunartæki eða um borð í flugvélinni sjálfri.

JAR-OPS 1.1012 Kynningarflug
(Sjá AMC OPS 1.1012)

Flugrekandi skal sjá til þess að eftir þjálfun vegna flugvélaskipta fari hver þjónustuliði í kynningarflug (fleiri en eitt) áður en hann tekur til starfa sem einn af þeim lágmarksfjölda þjónustuliða sem kveðið er á um í b-lið JAR-OPS 1.990.

JAR-OPS 1.1015 Reglubundin þjálfun
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1015)
(Sjá IEM OPS 1.1015)
(Sjá IEM OPS 1.1005/1.1010/1.1015/1.1020)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að hver þjónustuliði fái reglubundna þjálfun í þeim störfum, sem honum er ætlað að sinna, viðeigandi verklagi bæði við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, og fái æfingu í þeim tegundum og/eða afbrigðum flugvéla sem þeir starfa í, í samræmi við 1. viðbæti JAR-OPS 1.1015.
b) Flugrekandi skal sjá til þess að áætlun um reglubundna þjálfun og próf, sem flugmálayfirvöld hafa viðurkennt, feli í sér bóklegt og verklegt nám ásamt einstaklingsbundnum æfingum eins og mælt er fyrir um í 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1015.
c) Gildistími reglubundinnar þjálfunar og tilheyrandi prófa, sem gerð er krafa um í JAR-OPS 1.1025, skal vera 12 almanaksmánuðir til viðbótar því sem eftir er af prófmánuðinum. Ef prófið er tekið innan þriggja síðustu almanaksmánaða af gildistíma fyrra prófs skal gildistími prófsins vera frá útgáfudegi og þar til 12 almanaksmánuðir eru liðnir frá því að gildistími fyrra prófsins rann út.

JAR-OPS 1.1020 Upprifjunarþjálfun
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1020)
(Sjá AMC OPS 1.1020)
(Sjá IEM OPS 1.1005/1.1010/1.1015/1.1020)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að þjónustuliði, sem hefur ekki verið á flugvakt í meira en 6 mánuði en er enn innan gildistíma fyrra prófs, sem krafist er samkvæmt 3. tölul. b-liðar JAR-OPS 1.1025, fái upprifjunarþjálfun sem tilgreind er í flugrekstrarhandbókinni og mælt er fyrir um í 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1020 (Sjá a-lið IEM OPS 1.1020).
b) Flugrekandi skal sjá til þess, hafi þjónustuliði verið á flugvakt en ekki starfað sem þjónustuliði samkvæmt b-lið JAR-OPS 1.990 síðastliðna 6 mánuði á tiltekinni flugvélategund, að áður en hann er settur til starfa á þeirri flugvélategund ljúki hann annaðhvort:
   1) upprifjunarþjálfun á tegundinni; eða
2) að hann fari í tvö kynningarflug eins og þau eru skilgreind í 3. tölul. AMC OPS 1.1012.

JAR-OPS 1.1025 Próf
(Sjá AMC OPS 1.1025)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að í þjálfun sem krafist er í JAR-OPS 1.1005, 1.1010 og 1.1015 eða að henni lokinni skuli hver þjónustuliði gangast undir próf í þeim efnisatriðum, sem þjálfunin tók til, til að sanna hæfni sína í störfum er varða öryggi við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum. Flugmálayfirvöld verða að geta fallist á þá sem annast prófin.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að hver þjónustuliði gangist undir próf sem hér segir:
   1) *Grunnþjálfun.* Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005.
   2) *Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun.* Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1010.
   3) *Reglubundin þjálfun.* Efnisatriðin eru talin upp í 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1015, eftir því sem við á.

JAR-OPS 1.1030 Starfað á fleiri en einni tegund eða afbrigði

a) Flugrekandi skal sjá til þess að þjónustuliði starfi ekki um borð í fleiri en þremur tegundum flugvéla, þó með þeirri undantekningu að viðurkenni flugmálayfirvöld það, er þjónustuliða heimilt að starfa á fjórum tegundum flugvéla að því tilskildu að öryggisbúnaður og verklag í neyðartilvikum sé svipað á að minnsta kosti tveimur tegundanna.

b) Að því er varðar a-lið hér að framan teljast afbrigði flugvélategunda vera mismunandi tegundir ef þær eru ekki svipaðar að því er varðar öll eftirtalin atriði:
   1) notkun neyðarútganga;
   2) staðsetningu og tegund öryggisbúnaðar; og
   3) verklag í neyðartilvikum.

JAR-OPS 1.1035 Þjálfunarskrár
(Sjá IEM OPS 1.1035)

a) Flugrekandi skal:
   1) halda skrár um þjálfun og próf sem kveðið er á um í JAR-OPS 1.1005, 1.1010, 1.1015, 1.1020 og 1.1025; og
   2) veita þjónustuliðum aðgang að skrám um grunnþjálfun, þjálfun vegna flugvélaskipta og reglubundna þjálfun og próf, sem þeir hafa gengist undir, ef þeir óska þess.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.1005 Grunnþjálfun
(Sjá AMC við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005 og 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1015)
(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005/1.1015)
(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005/1.1015/1.1020)
(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005/ 1.1010/1.1015/1.1020)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að allir þættir grunnþjálfunar séu í höndum manna sem eru til þess hæfir.

b) *Þjálfun í eld- og reykvörnum.* Flugrekandi skal sjá til þess að í þjálfun í eld- og reykvörnum sé fjallað um:

1) og lögð áhersla á að það sé í verkahring þjónustuáhafnar að bregðast umsvifalaust við í neyðartilvikum þegar eldur og reykur koma upp og skal ekki síst leggja áherslu á hve mikilvægt er að finna eldsupptökin;

2) mikilvægi þess að láta flugáhöfn þegar í stað vita ef elds eða reyks verður vart og einnig hvaða sérráðstafanir eru nauðsynlegar til samræmingar og aðstoðar;
3) nauðsyn þess að fylgjast vel með hugsanlegum eldhættusvæðum, svo sem salernum og einnig tilheyrandi reykskynjurum;
4) flokkun elds og viðeigandi tegundir slökkviefna og verklag við tilteknar aðstæður við bruna, aðferðir við notkun slökkviefna og afleiðingar rangrar notkunar, svo og notkun í lokuðu rými; og
5) almennt verklag neyðarþjónustunnar á jörðu niðri á flugvöllum.

c) *Þjálfun í að lifa af í vatni.* Flugrekandi skal sjá til þess að við þjálfun í að lifa af í vatni skuli hver þjónustuliði fara í og nota flotbúnað í vatni. Áður en þjónustuliði er fyrst settur til starfa í flugvél með björgunarbátum eða ámóta búnaði skal hann fá þjálfun í að nota búnaðinn og skal einnig æft í vatni.

d) *Þjálfun í að lifa af.* Flugrekandi skal sjá til þess að þjálfun í að lifa af sé miðuð við viðkomandi starfrækslusvæði (svo sem heimsskautin, eyðimerkur, frumskóga eða sjó).

e) *Læknisfræðileg atriði og skyndihjálp.* Flugrekandi skal sjá til þess að þjálfun í sjúkrahjálp og hjálp í viðlögum felist í:
1) kennslu í hjálp í viðlögum og notkun sjúkrakassa;
2) hjálp í viðlögum sem tengist því að lifa af og hreinlætismálum; og
3) kennslu um lífeðlisfræðileg áhrif flugs, með sérstaka áherslu á vefildisskort (hypoxia).

f) *Umönnun farþega.* Flugrekandi skal sjá til þess að í þjálfun í umönnun farþega sé fjallað um:
1) hvernig megi þekkja úr og hafa stjórn á þeim farþegum sem eru, eða verða, ofdrukknir af áfengi, eru undir áhrifum lyfja eða sýna ofstopa;
2) aðferðir við hópstjórn og hvernig hvetja megi farþega til að flýta fyrir neyðarrýmingu flugvélar;
3) reglugerðir um örugga geymslu farangurs í farþegarými (þar með talið hlutir til þjónustu í farþegarými) og líkur á að farangurinn geti orðið hættulegur þeim sem eru í farþegarýminu eða lokað aðgangi að eða skemmt neyðarbúnað eða útganga flugvélarinnar;
4) mikilvægi þess að skipa rétt í sæti með tilliti til massa og jafnvægis flugvélar. Sérstaklega skal leggja áherslu á skipan fatlaðra farþega í sæti og nauðsyn þess að skipa fullfærum farþegum í sæti hjá útgöngum sem ekki eru nálægt sætum þjónustuliða;
5) hvað gera þarf þegar ókyrrt er í lofti, þar með talið að ganga tryggilega frá farþegarýminu;
6) varúðarráðstafanir sem gera þarf þegar lifandi dýr eru flutt í farþegarými;
7) verklagsreglur vegna hættulegra efna, eins og mælt er fyrir um í R-kafla; og
8) verklagsreglur um flugvernd, þar með talin ákvæði S-kafla.

g) *Samskipti.* Flugrekandi skal sjá til þess að í þjálfuninni sé lögð áhersla á mikilvægi góðra samskipta milli þjónustu- og flugáhafnar, þ.m.t. tækni, sameiginlegt tungumál og orðaforði.

h) *Hegðunarreglur og ábyrgð.* Flugrekandi skal sjá til þess að í þjálfun hvers þjónustuliða sé m.a. fjallað um:
1) mikilvægi þess að þjónustuáhöfn ræki skyldustörf sín í samræmi við flugrekstrarhandbókina;
2) áframhaldandi hæfni og getu til að starfa sem þjónustuliði, með sérstakri hliðsjón af flug- og vinnutímamörkum og reglum um hvíldartíma;
3) flugreglugerðir sem varða þjónustuáhafnir og hlutverk flugmálayfirvalda;

4) almenna þekkingu á viðeigandi orðaforða á sviði flugmála, á flugfræði, dreifingu farþega í sæti, veðurfræði og á þeim svæðum sem flogið er yfir;
5) upplýsingar til þjónustuliða fyrir flug og nauðsynlegar upplýsingar um öryggi með hliðsjón af störfum hvers og eins;
6) mikilvægi þess að tryggja að nýjustu breytingar flugrekanda séu jafnóðum færðar inn í viðeigandi skjöl og handbækur;
7) mikilvægi þess að gera sér grein fyrir því hvenær þjónustuliði hefur vald og ber skylda til að hafa frumkvæði að því að hefja rýmingu og annað neyðarverklag; og
8) mikilvægi starfa sem tengjast öryggismálum og ábyrgð á þeim og nauðsyn þess að bregðast umsvifalaust og af festu við neyðarástandi.

i) *Stjórnun áhafnarsamvinnu.* Flugrekandi skal sjá til þess að fjallað sé um allar viðeigandi kröfur reglna um flugrekstur (JAR-OPS) í þjálfun þjónustuliða.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.1010 Þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun
(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1010/1.1015)
(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005/1.1010/ 1.1015/1.1020)

a) *Almenn ákvæði.* Flugrekandi skal sjá til þess:
1) að þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun sé í höndum manna með tilskilin starfsréttindi; og
2) að við þjálfun vegna flugvélaskipta og í mismunarþjálfun sé kennt um staðsetningu, losun og notkun alls öryggis- og björgunarbúnaðar um borð í flugvélinni sem og allt verklag við eðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum sem tengjast tegund eða afbrigði svo og hami flugvélarinnar sem á að starfrækja.

b) *Þjálfun í eld- og reykvörnum.* Flugrekandi skal annaðhvort sjá til þess:
1) að allir þjónustuliðar fái raunsanna og verklega þjálfun í að nota allan eldvarnarbúnað, þar með talið sams konar hlífðarfatnað og er um borð í flugvélinni. Hver þjónustuliði skal látinn æfa eftirfarandi aðstæður:
i) að slökkva sams konar elda og geta komið upp inni í flugvél, nema ef nota ætti halonslökkvitæki er heimilt að æfa það með öðru slökkviefni; og
ii) að setja á sig og nota öndunarhlífar í lokuðu rými þar sem líkt er eftir reykfylltu umhverfi; eða
2) að hver þjónustuliði uppfylli kröfur um reglubundna þjálfun samkvæmt 1. viðbæti við 3. tölul. c-liðar JAR-OPS 1.1015.

c) *Notkun dyra og útganga.* Flugrekandi skal sjá til þess:
1) að hver þjónustuliði fái æfingu í að opna og nota alla venjulega útganga og neyðarútganga sem eru ætlaðir til neyðarrýmingar í flugvél eða í dæmigerðu þjálfunartæki; og
2) að hverjum þjónustuliða sé kennt að nota alla aðra útganga svo sem glugga í stjórnklefa.

d) *Þjálfun í notkun neyðarrennu.* Flugrekandi skal sjá til þess:
1) að hver þjónustuliði fari niður neyðarrennu úr hæð sem er dæmigerð fyrir hæð á þröskuldum útganga á aðalþilfari flugvélarinnar;
2) að neyðarrennan sé fest á flugvél eða viðeigandi þjálfunartæki.

e) *Verklag við neyðarrýmingu og önnur neyðartilvik.* Flugrekandi skal sjá til þess:
1) að við æfingar í neyðarrýmingu sé þjónustuliða kennt að greina hvort neyðarrýming á landi eða sjó er undirbúin eða óundirbúin. Þá verður einnig að kenna honum að

greina hvenær útgangar eru ónothæfir eða búnaður til neyðarrýmingar er bilaður; og

2) að hver þjónustuliði fái æfingu í að bregðast við eftirfarandi aðstæðum:
   i) eldi í flugvél á flugi, og lögð sérstök áhersla á að finna eldsupptökin;
   ii) mikilli ókyrrð í lofti;
   iii) skyndilegri þrýstingsminnkun, meðal annars skal hver þjónustuliði setja á sig handsúrefnistæki; og
   iv) öðrum neyðartilvikum á flugi. (Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1010/ 1.1015).

f) *Hópstjórn.* Flugrekandi skal sjá til þess að þjónustuliði fái þjálfun í verklegum þætti hópstjórnar við ýmiss konar neyðaraðstæður með hliðsjón af viðkomandi flugvélategund.

g) *Óstarfhæfni flugmanns.* Flugrekandi skal sjá til þess að hver þjónustuliði fái þjálfun í að veita aðstoð ef flugmaður verður óstarfhæfur, nema lágmarksfjöldi í flugáhöfn sé meiri en tveir. Í þessari þjálfun skal sýna:
   1) búnað flugmannssætis;
   2) hvernig sætisólar flugmanna eru festar og losaðar;
   3) notkun súrefnistækja flugmanna; og
   4) notkun gátlista flugmanna.

h) *Öryggisbúnaður.* Flugrekandi skal sjá til þess að hver þjónustuliði fá verklega þjálfun í notkun öryggisbúnaðar og sé sýnt hvar hann er geymdur, þar á meðal:
   1) neyðarrennur og, ef rennurnar í flugvélinni eru ekki með sjálfvirkum búnaði, hvernig nota skuli kaðla með þeim;
   2) björgunarbáta og rennubáta, þar með talið notkun búnaðar sem er festur á bátinn og/eða er í honum;
   3) björgunarvesti, björgunarvesti fyrir ungbörn og flotbjörgunarvöggur;
   4) súrefniskerfi sem fellir grímur sjálfkrafa niður;
   5) súrefni til skyndihjálpar;
   6) slökkvitæki;
   7) neyðarexi eða kúbein;
   8) neyðarljós, að meðtöldum blysum;
   9) fjarskiptabúnað, þar með talin gjallarhorn;
   10) viðlagaböggla ásamt innihaldi þeirra;
   11) flugelda (raunverulegan búnað eða sýnishorn);
   12) sjúkrakassa, innihald þeirra og sjúkrabúnað fyrir neyðartilvik; og
   13) annan öryggisbúnað eða öryggiskerfi í farþegarými, eftir því sem við á.

i) *Upplýsingar og sýning á öryggisbúnaði fyrir farþega.* Flugrekandi skal sjá til þess að þjónustuliðar fái þjálfun í að búa farþega undir eðlilegar aðstæður og neyðarástand á flugi í samræmi við JAR-OPS 1.285.

j) Flugrekandi skal sjá til þess að allar viðeigandi kröfur í reglum um flugrekstur (JAR-OPS) séu hluti af þjálfun þjónustuliða.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.1015 Reglubundin þjálfun

(Sjá AMC við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005 og 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1015)
(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005/1.1015)
(Sjá IEM við 1. viðbæti JAR-OPS 1.1010/1.1015)
(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005/1.1015/1.1020)
(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005/1.1010/1.1015/1.1020)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að reglubundin þjálfun sé í höndum manna sem eru til þess hæfir.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að í áætlun um verklega þjálfun sé á 12 almanaksmánaða fresti gert ráð fyrir kennslu að því er varðar:
   1) verklag í neyðartilvikum, þar með talið þegar flugmaður verður óstarfhæfur;
   2) verklagi við neyðarrýmingu, þar með talið aðferðir við hópstjórn;
   3) snertiæfingar þar sem hver þjónustuliði æfir að opna venjulega útganga og neyðarútganga sem eru notaðir þegar farþegarými eru rýmd;
   4) staðsetningu og meðferð neyðarbúnaðar, að súrefniskerfum meðtöldum, og að hver þjónustuliði fari í björgunarvesti og setji á sig handsúrefnistæki og öndunarhlíf (PBE);
   5) hjálp í viðlögum og notkun á innihaldi sjúkrakassa;
   6) frágang lauslegra hluta í farþegarými;
   7) verklagsreglur vegna hættulegra efna, eins og kveðið er á um í R-kafla;
   8) verklagsreglur um flugvernd;
   9) mat á óhöppum og slysum; og
   10) stjórnun áhafnarsamvinnu.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að í reglubundinni þjálfun sé á þriggja ára fresti:
   1) kennt að nota og opna í reynd alla venjulega útganga og neyðarútganga fyrir neyðarrýmingu farþega úr flugvél eða úr viðeigandi þjálfunartæki;
   2) sýnt hvernig nota eigi alla aðra útganga, þar með talið glugga í stjórnklefa;
   3) séð til þess að allir þjónustuliðar fái verklega þjálfun í að nota allan eldvarnarbúnað, þar með talið sams konar hlífðarfatnað og er um borð í flugvélinni. Í þessari þjálfun felst:
      i) að hver þjónustuliði slekkur eld sem líkist eldi inni í flugvél, nema þegar um er að ræða halonslökkvitæki, en þá er heimilt að nota annað slökkviefni; og
      ii) að hann setji á sig og noti öndunarhlíf í lokuðu rými þar sem líkt er eftir reykfylltu umhverfi;
   4) að flugeldar séu notaðir (raunverulegur búnaður eða sýnishorn); og
   5) að notkun björgunarbáta og rennubáta, ef þeir eru til staðar, sé sýnd.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að fjallað sé um allar viðeigandi kröfur reglna um flugrekstur (JAR-OPS) í þjálfun þjónustuliða.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.1020 Upprifjunarþjálfun

(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005/1.1015/1.1020)
(Sjá IEM við 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1005/1.1010/1.1015/1.1020)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að upprifjunarþjálfun sé í höndum manna sem eru til þess hæfir og taki að minnsta kosti til eftirfarandi atriða fyrir alla þjónustuliða:
   1) verklags í neyðartilvikum, þar með talið þegar flugmaður verður óstarfhæfur;
   2) verklags við neyðarrýmingu, þar með talið aðferðir við hópstjórn;

3) að nota og opna í reynd alla venjulega útganga og neyðarútganga fyrir neyðarrýmingu farþega úr flugvél eða úr viðeigandi þjálfunartæki;
4) sýnd notkun allra annarra útganga, þar með talið glugga í stjórnklefa; og
5) staðsetningar og meðferðar neyðarbúnaðar, að súrefniskerfum meðtöldum, og að hver þjónustuliði fari í björgunarvesti og setji á sig handsúrefnistæki og öndunarhlíf.

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 P-kafli

P-KAFLI – HANDBÆKUR, LEIÐARBÆKUR OG SKRÁR

JAR-OPS 1.1040 Almennar reglur um flugrekstrarhandbækur

Ath. íslenskt sérákvæði.

a) Flugrekandi skal sjá til þess að flugrekstrarhandbókin hafi að geyma öll fyrirmæli og allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að starfslið flugrekstrarsviðs geti sinnt skyldustörfum sínum.
b) Flugrekandi skal sjá til þess að efni flugrekstrarhandbókarinnar, þar með taldar allar breytingar og leiðréttingar, fari ekki í bága við skilyrði flugrekandaskírteinisins (AOC) eða gildandi reglugerðir og að flugmálayfirvöld geti fallist á efni hennar eða, eftir því sem við á, samþykkt það (Sjá b-lið IEM OPS 1.1040).
c) Flugrekandi skal útbúa flugrekstrarhandbókina á ensku nema flugmálayfirvöld samþykki annað eða öðruvísi sé mælt fyrir í landslögum. Að auki er flugrekanda heimilt að þýða flugrekstrarhandbókina, eða hluta hennar, á annað tungumál og nota þá útgáfu (Sjá c-lið IEM OPS 1.1040).[5]
d) Ef flugrekanda reynist nauðsynlegt að semja nýjar flugrekstrarhandbækur eða stóran hluta/mörg bindi flugrekstrarhandbóka, skal hann fara að ákvæðum c-liðar hér að framan. Í öllum öðrum tilvikum skal flugrekandi fara að ákvæðum c-liðar hér að framan eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 1. desember 2000.
e) Flugrekanda er heimilt að gefa flugrekstrarhandbók út í fleiri en einu bindi.
f) Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfslið hans á flugrekstrarsviði hafi greiðan aðgang að eintaki af öllum þeim hlutum flugrekstrarhandbókarinnar sem lúta að skyldustörfum þess. Að auki skal flugrekandi fá öllum flugverjum eigið eintak af A- og B-hluta flugrekstrarhandbókarinnar eða útdrætti úr þessum hlutum hennar til að kynna sér eftir því sem við á fyrir hvern og einn.
g) Flugrekandi skal sjá til þess að flugrekstrarhandbókinni sé breytt eða hún leiðrétt svo að fyrirmæli og upplýsingar í henni séu jafnan í gildi. Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfslið flugrekstrarsviðs fái vitneskju um þær breytingar sem lúta að skyldustörfum þess.
h) Allir handhafar flugrekstrarhandbókarinnar, eða viðeigandi hluta hennar, skulu bæta inn í hana jafnóðum öllum breytingum eða leiðréttingum sem flugrekandi lætur þeim í té.
i) Flugrekandi skal afhenda flugmálayfirvöldum fyrirhugaðar breytingar og leiðréttingar áður en þær öðlast gildi. Ef breytingar eru gerðar á einhverjum hluta flugrekstrarhandbókarinnar sem samþykkja verður í samræmi við reglur JAR um flugrekstur (JAR-

[5] Gr. 7.7 (sérístenskt ákvæði) í I. hluta reglugerðar þessarar hljóðar svo: Með hliðsjón af grein JAR-OPS 1.025 og JAR-OPS 3.025 skal Flugmálastjórn heimilt að samþykkja flugrekstrarhandbók skv. JAR 1.1040 og JAR 3.1040, sem rituð er eingöngu á íslensku og að hún sé notuð þannig að hluta eða að öllu leyti. (Sjá IEM OPS 1.1040 (c) og IEM OPS 3.1040 (c)). Allt að einu skal flugrekandi sjá til þess að efni flugrekstrarhandbóka sé einnig til á ensku.

OPS) skal samþykkið fengið áður en breytingarnar öðlast gildi. Reynist nauðsynlegt að láta tafarlaust gera breytingar eða leiðréttingar af öryggisástæðum er heimilt að birta þær og beita þeim tafarlaust, að því tilskildu að sótt hafi verið um tilskilið samþykki.

j) Flugrekandi skal bæta inn öllum breytingum og leiðréttingum sem flugmálayfirvöld gera kröfu um.

k) Flugrekandi skal sjá til þess að upplýsingar sem fengnar eru úr samþykktum skjölum og allar breytingar á slíkum samþykktum skjölum komi rétt fram í flugrekstrarhandbókinni og að í henni séu engar upplýsingar sem fara í bága við samþykkt skjöl. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að flugrekandi geti gert strangari kröfur um gögn og verklagsreglur.

l) Flugrekandi skal sjá til þess að efni flugrekstrarhandbókarinnar sé sett fram á þann hátt að vandalaust sé að nota hana.

m) Flugmálayfirvöld geta heimilað flugrekanda að setja flugrekstrarhandbókina eða hluta hennar fram í öðru formi en á prenti. Ef það er gert skal flugrekandi tryggja að efnið sé aðgengilegt, nothæft og áreiðanlegt.

n) Þótt flugrekandi noti stytta útgáfu af flugrekstrarhandbókinni er hann ekki undanþeginn ákvæðum JAR-OPS 1.130.

JAR-OPS 1.1045 Flugrekstrarhandbók – efnisskipan og efni
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1045)
(Sjá AMC OPS 1.1045)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að meginefnisskipan flugrekstrarhandbókarinnar sé þessi:
A-hluti. *Almenn ákvæði/Grunnákvæði.*
Í þessum hluta skal koma fram öll stefnumótun, sem ekki er tengd tilteknum tegundum flugvéla, fyrirmæli og verklagsreglur sem nauðsynlegar eru vegna rekstraröryggis.
B-hluti. *Starfræksla flugvéla.*
Í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli og verklagsreglur sem tengjast tilteknum flugvélategundum og eru nauðsynleg vegna rekstraröryggis. Þar skal tekið tillit til mismunandi tegunda flugvéla, flugvélaafbrigða eða einstakra flugvéla sem flugrekandi notar.
C-hluti. *Fyrirmæli og upplýsingar er varða flugleiðir og flugvelli.*
Í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli og upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir flugrekstrarsvæðið.
D-hluti. *Þjálfun.*
Í þessum hluta skulu vera öll fyrirmæli um þjálfun starfsliðs sem krafist er vegna rekstraröryggis.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að efnisatriði flugrekstrarhandbókarinnar séu í samræmi við 1. viðbæti við JAR–OPS 1.1045 og fjalli um viðkomandi flugsvæði og tegund eða tegundir flugs.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að nákvæm efnisskipan flugrekstrarhandbókarinnar sé með þeim hætti að flugmálayfirvöld geti fallist á hana. (Sjá c-lið IEM OPS 1.1045.)

JAR-OPS 1.1050 Flughandbók flugvélar (AFM)

Flugrekandi skal hafa gildandi, samþykkta flughandbók flugvélar eða jafngilt skjal fyrir hverja flugvél sem hann starfrækir.

JAR-OPS 1.1055 Leiðarflugbók

a) Flugrekandi skal geyma eftirfarandi upplýsingar um hvert flug í formi leiðarflugbókar:
   1) skrásetningu flugvélar;
   2) dagsetningu;
   3) nöfn flugverja;
   4) starfssvið hvers flugverja;
   5) brottfararstað;
   6) komustað;
   7) brottfarartíma (hlaðfarartíma);
   8) komutíma (hlaðkomutíma);
   9) flugstundir;
   10) tegund flugs;
   11) óhöpp og athugasemdir (ef einhverjar eru); og
   12) undirskrift flugstjóra (eða jafngildi hennar). (Sjá 12. tölul. a-liðar IEM OPS 1.1055.)

b) Flugmálayfirvöld geta heimilað flugrekanda að halda ekki leiðarflugbók, eða hluta hennar, ef viðkomandi upplýsingar eru tiltækar í öðrum skjölum. (Sjá b-lið IEM OPS 1.1055.)

c) Flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugbók sé færð jafnóðum og að færslurnar séu varanlegar.

JAR-OPS 1.1060 Leiðarflugáætlun

a) Flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugáætlunin, sem notuð er, og færslur í hana á flugi nái yfir eftirfarandi atriði:
   1) skrásetningu flugvélarinnar;
   2) tegund flugvélar og afbrigði;
   3) dagsetningu flugs;
   4) auðkenni flugs;
   5) nöfn flugliða;
   6) starfssvið hvers flugliða;
   7) brottfararstað;
   8) brottfarartíma (raunverulegan hlaðfarartíma og flugtakstíma);
   9) komustað (áætlaðan og í raun);
   10) komutíma (raunverulegan lendingartíma og hlaðkomutíma);
   11) tegund flugs (fjarflug (ETOPS), sjónflug (VFR), ferjuflug, o.s.frv.);
   12) flugleið og leiðarleggi, ásamt gátstöðum/vörðum, fjarlægðir, tíma og ferla;
   13) áætlaðan farflugshraða og flugtíma milli gátstaða/varða. Áætlaðan og raunverulegan tíma yfir þeim stöðum;
   14) öruggar flughæðir og lægstu farflugslög;
   15) áætlaðar flughæðir og fluglög;
   16) útreikning á eldsneyti (skráning athugunar eldsneytisstöðu á flugi);
   17) eldsneyti um borð við gangsetningu hreyfla;
   18) varaflugvelli ákvörðunarstaðar og, eftir því sem við á, fyrir flugtak og á flugleið, ásamt upplýsingum sem krafist er í 12., 13., 14. og 15. tölul. hér að framan;
   19) upphafleg flugheimild flugumferðarþjónustu og síðari heimildir;
   20) útreikningar þegar leiðarflugáætlun er endurgerð á flugi; og
   21) viðeigandi veðurupplýsingar.

b) Heimilt er að sleppa úr leiðarflugáætlun atriðum, sem tiltæk eru í öðrum skjölum eða fáanleg frá heimildum sem unnt er að fallast á eða eru óviðkomandi þessari tegund flugs.
c) Flugrekandi skal sjá til þess að leiðarflugáætlun og notkun hennar sé lýst í flugrekstrarhandbókinni.
d) Flugrekandi skal sjá til þess að allar færslur um leiðarflugáætlun séu gerðar jafnóðum og að færslurnar séu varanlegar.

JAR-OPS 1.1065 Geymslutími skjala

Flugrekandi skal sjá til þess að allar skrár og viðeigandi rekstrar- og tækniupplýsingar um hvert einstakt flug séu geymdar eins lengi og mælt er fyrir um í 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1065.

JAR-OPS 1.1070 Lýsing flugrekanda á stjórnun viðhalds

Flugrekandi skal jafnan hafa gildandi, samþykkta lýsingu á stjórnun viðhalds eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.905.

JAR-OPS 1.1071 Tækniflugbók flugvélar

Flugrekandi skal halda tækniflugbók flugvélar eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.915.

1. viðbætir við JAR-OPS 1.1045 Efni flugrekstrarhandbókar
(Sjá IEM með 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1045)

Flugrekandi skal sjá til þess að í flugrekstrarhandbók séu:

A. ALMENN ÁKVÆÐI/GRUNNÁKVÆÐI

0 UMSJÓN OG EFTIRLIT MEÐ FLUGREKSTRARHANDBÓKINNI

0.1 *Inngangur.*
a) Yfirlýsing um að handbókin uppfylli ákvæði allra viðeigandi reglugerða svo og skilmála og skilyrði gildandi flugrekandaskírteinis (AOC).
b) Yfirlýsing um að handbókin hafi að geyma rekstrarfyrirmæli sem hlutaðeigandi starfslið eigi að fylgja.
c) Skrá og stutt lýsing á hlutum handbókarinnar, efni þeirra, gildissviðum og notkun.
d) Skýringar og skilgreiningar á hugtökum og orðum sem nauðsynlegt er að kunna skil á við notkun handbókarinnar.
0.2 *Fyrirkomulag við breytingar og leiðréttingar.*
a) Hver ber ábyrgð á útgáfu breytinga og leiðréttinga og að þeim sé bætt inn í handbókina.
b) Skrá yfir breytingar og leiðréttingar, þar sem færslur þeirra í handbókina og gildistaka eru dagsettar.
c) Yfirlýsing um að handskrifaðar breytingar og leiðréttingar séu ekki leyfðar nema þörf sé á tafarlausri breytingu eða leiðréttingu af öryggisástæðum.
d) Lýsing á hvaða kerfi er notað til að merkja við breytingar á blaðsíðum og dagsetningu gildistöku.

e) Skrá yfir blaðsíður í gildi.
f) Skýringar á breytingum á textasíðum og, eftir því sem unnt er, á kortum og uppdráttum.
g) Bráðabirgðaleiðréttingar.
h) Lýsing á því eftir hvaða kerfi handbókum, breytingum á þeim og leiðréttingum er dreift.

1 SKIPULAG OG ÁBYRGÐ

1.1 *Stjórnskipulag.* Lýsing á stjórnskipulagi, þar með talið almennt skipurit fyrirtækisins og skipurit flugrekstrarsviðs. Í skipuritinu skal lýsa tengslum flugrekstrarsviðs við önnur svið fyrirtækisins. Einkum ber að sýna niðurröðun og boðleiðir allra sviða og deilda o.s.frv., sem varða öryggi í flugrekstri.
1.2 *Tilnefndir yfirmenn.* Nöfn allra sem tilnefndir eru yfirmenn flugrekstrar, viðhaldskerfis, þjálfun áhafna og rekstrar á jörðu niðri, eins og mælt er fyrir um í C-kafla JAR-OPS 1. Einnig ber að lýsa starfi þeirra og ábyrgð.
1.3 *Ábyrgð og skyldustörf starfsliðs í stjórnunarstöðum á flugrekstrarsviði.* Lýsing á skyldum, ábyrgð og valdsviði starfsliðs í stjórnunarstöðum sem varðar öryggi í flugrekstri og fylgni við gildandi reglugerðir.
1.4 *Valdsvið, skyldustörf og ábyrgð flugstjóra.* Lýsing á valdsviði, skyldustörfum og ábyrgð flugstjóra.
1.5. *Skyldustörf og ábyrgð annarra flugverja en flugstjóra.*

2 FLUGREKSTRARSTJÓRN OG EFTIRLIT

2.1 *Eftirlit flugrekanda með rekstrinum.* Lýsing á fyrirkomulagi á eftirliti flugrekanda með rekstrinum (sjá g-lið JAR-OPS 1.175). Þar skal koma fram hvernig staðið er að eftirliti með öryggi í flugrekstri og starfsréttindum starfsliðs. Einkum skal lýsa í hverju eftirlit með eftirfarandi atriðum er fólgið:
a) gildistíma skírteina og réttinda;
b) hæfni starfsliðs flugrekstrardeildar; og
c) umsjón, greiningu og geymslu skráa, flugskjala, frekari upplýsinga og gagna.
2.2 *Kerfi til dreifingar frekari rekstrarfyrirmæla og upplýsinga.* Lýsing á kerfum til dreifingar upplýsinga sem geta tengst rekstri en koma til viðbótar upplýsingum í flugrekstrarhandbókinni. Einnig skal tilgreina gildissvið þessara upplýsinga og hverjir bera ábyrgð á dreifingu.
2.3 *Slysavarna- og flugöryggiskerfi.* Lýsing á meginþáttum áætlunar um flugöryggi.
2.4 *Flugrekstrarstjórn.* Lýsing á verklagi og ábyrgð við flugrekstrarstjórn með tilliti til flugöryggis.
2.5 *Valdheimildir flugmálayfirvalds.* Lýsing á valdheimildum flugmálayfirvalda.

3 GÆÐAKERFI

A Lýsing á því gæðakerfi sem notað er og í því skal felast að lágmarki:
a) gæðastefna;
b) lýsing á skipulagi gæðastefnunnar; og
c) úthlutun skyldustarfa og ábyrgðar.

4 SAMSETNING ÁHAFNAR

4.1 *Samsetning áhafnar.* Útskýring á aðferðinni við að ákvarða samsetningu áhafnar, þar sem tekið er mið af eftirfarandi þáttum:
- a) tegund flugvélar sem notuð er;
- b) flugrekstrarsvæði og tegund flugsins sem verður flogið;
- c) stig flugsins;
- d) lágmarkskröfum um áhöfn og áætlaður flugvakttími;
- e) reynslu (samtals og á flugvélategund), nýlegri reynslu og starfsréttindum flugverja; og
- f) tilnefningu flugstjóra og, ef þörf krefur vegna þess hve langur flugtíminn er, reglum um afleysingar flugstjóra eða annarra flugliða.
- g) tilnefning yfirþjónustuliða, og hvernig verklag skuli viðhaft við afleysingar ef flugtíminn er svo langur að nauðsynlegt er að leysa yfirþjónustuliðann, eða annan þjónustuliða, af.

4.2. *Tilnefning flugstjóra.* Reglur sem gilda um tilnefningu flugstjóra.
(Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.940.)

4.3. *Flugliði verður óstarfhæfur.* Ákvæði um í hvaða röð flugliðar taka við stjórn flugvélarinnar ef einhver þeirra verður óstarfhæfur.

4.4 *Starfræksla á fleiri en einni tegund.* Yfirlýsing um hvaða flugvélar teljast vera ein og sama tegund að því er varðar:
- a) áhafnarskrár flugliða;
- b) áhafnaskrár þjónustuliða.

5 HÆFNIKRÖFUR

5.1 Lýsing á nauðsynlegum skírteinum, áritunum, réttindum/hæfni (t.d. á leiðum og flugvöllum), reynslu, þjálfun, eftirliti og nýlegri reynslu sem krafist er af starfsliði flugrekstrarsviðs til að það geti sinnt störfum sínum. Taka ber tillit til flugvélategundar, tegundar flugs og samsetningar áhafnar.

5.2 *Flugáhöfn.*
- a) Flugstjóri.
- b) Flugmaður sem leysir flugstjórann af.
- c) Aðstoðarflugmaður.
- d) Flugmaður undir umsjón.
- e) Flugkerfastjóri.
- f) Flug á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar.

5.3 *Þjónustuáhöfn.*
- a) Fyrsti þjónustuliði.
- b) Þjónustuliði.
  - i) Þjónustuliði sem skylt er að hafa um borð.
  - ii) Viðbótarþjónustuliði og þjónustuliði í kynningarflugi.
- c) Flug á fleiri en einni tegund eða afbrigði flugvélar.

5.4 *Starfslið við þjálfun, eftirlit og umsjón.*
- a) Fyrir flugáhöfn.
- b) Fyrir þjónustuáhöfn.

5.5 *Annað starfslið flugrekstrarsviðs.*

6 VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VEGNA HEILSU ÁHAFNAR

6.1 *Varúðarráðstafanir vegna heilsu áhafnar.* Viðkomandi reglur og leiðbeiningar til flugverja að því er heilsuna varðar, þar með talið um:
a) alkóhól og aðra áfenga drykki;
b) fíkniefni;
c) lyf;
d) svefntöflur;
e) lyfjablöndur;
f) ónæmisaðgerðir;
g) djúpköfun;
h) blóðgjöf;
i) varúðarráðstafanir vegna máltíða fyrir flug og meðan á flugi stendur;
j) svefn og hvíld; og
k) skurðaðgerðir.

7 FLUGTÍMAMÖRK

7.1 *Flug- og vinnutímamörk og reglur um hvíldartíma.* Kerfið sem flugrekandi hefur þróað í samræmi við Q-kafla (eða gildandi innlendar reglur þangað til Q-kafli hefur verið samþykktur).

7.2 *Farið út fyrir flug- og vinnutímamörk og/eða hvíldartími styttur.* Tilgreina skal við hvaða skilyrði er heimilt að fara út fyrir flug- og vinnutímamörk eða stytta hvíldartíma og hvernig beri að tilkynna breytingar þar að lútandi.

8 VERKLAG Í FLUGI

8.1 *Fyrirmæli um undirbúning flugs.* Eftirfarandi gildir í flugrekstri, eftir því sem við á:

8.1.1 *Lágmarksflughæðir.* Lýsing á aðferð við ákvörðun og notkun lágmarksflughæða, þar með talið:
a) verklag við ákvörðun lágmarksflughæða/lágmarksfluglaga í sjónflugi; og
b) verklag við ákvörðun lágmarksflughæða/lágmarksfluglaga í blindflugi.

8.1.2 *Viðmiðanir við ákvörðun á því hvort flugvellir eru nothæfir.*

8.1.3 *Aðferðir við að ákvarða flugvallarlágmörk.* Aðferð við að ákvarða flugvallarlágmörk í blindflugi í samræmi við E-kafla JAR-OPS 1. Vísa skal í verklagsreglur um ákvörðun skyggnis og/eða flugbrautarskyggnis og um gildi raunverulegs skyggnis eins og flugmenn meta það, tilkynnts skyggnis og tilkynnts flugbrautarskyggnis.

8.1.4 Veðurlágmörk á flugleið í sjónflugi eða sjónflugshluta flugs og, ef um er að ræða eins hreyfils flugvélar, fyrirmæli um val á flugleið með hliðsjón af yfirborði þar sem unnt er að nauðlenda á öruggan hátt.

8.1.5 *Framsetning og notkun flugvallarlágmarka og starfrækslulágmarka á flugleið.*

8.1.6 *Túlkun veðurupplýsinga.* Skýringarefni um úrlestur veðurspáa og veðurlýsinga frá veðurstofu (MET) fyrir viðkomandi flugrekstrarsvæði, þar með talið túlkun á skilyrtum orðasamböndum.

8.1.7 *Ákvörðun á magni eldsneytis, olíu og vatnsmetanóls um borð.* Aðferðir við að ákvarða magn eldsneytis, olíu og vatnsmetanóls sem skal vera um borð og eftirlit með því á flugi. Í þessum kafla ber einnig að gefa fyrirmæli um mælingar og dreifingu vökva um borð. Í fyrirmælunum ber að taka tillit til allra aðstæðna sem upp kunna að koma á flugi, þar með talið möguleika á endurskoðun flugáætlunar á flugi og bilun í einum eða fleiri hreyflum flugvélarinnar. Einnig ber að lýsa því eftir hvaða kerfi eldsneytis- og olíuskrár eru haldnar.

8.1.8 *Massi og þyngdarmiðja.* Almennar grundvallarreglur um massa og þyngdarmiðju, þar með talið:
a) skilgreiningar;
b) aðferðir, verklag og ábyrgð við undirbúning og samþykki á útreikningum á massa og þyngdarmiðju;
c) viðmiðunarreglur við notkun annaðhvort staðal- og/eða raunmassa;
d) aðferð við ákvörðun massa farþega, farangurs og fraktar, eins og við á;
e) farþega- og farangursmassi í mismunandi tegundum flugs og flugvéla, eins og við á;
f) almenn fyrirmæli og upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að sannprófa mismunandi tegundir massa- og jafnvægisskráa sem eru í notkun;
g) verklagsreglur um breytingar á síðustu stundu;
h) eðlisþyngd eldsneytis, olíu og vatnsmetanóls; og
i) verklagsreglur um skipan í sæti.

8.1.9 *Flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu.* Verklagsreglur og ábyrgð vegna undirbúnings og afhendingar flugáætlunar til flugumferðarþjónustu. Þættir sem hafa þarf í huga, þar með talið aðferðir við afhendingu bæði einstakra og fastra flugáætlana.

8.1.10 *Leiðarflugáætlun.* Verklagsreglur og ábyrgð á undirbúningi og samþykkt leiðarflugáætlunar. Lýsa skal notkun leiðarflugáætlunar, þar með talið eyðublöðunum sem notuð eru fyrir þær.

8.1.11 *Tækniflugbók flugrekanda.* Lýsa skal tækniflugbók flugrekanda hvað varðar ábyrgð og notkun, þar með talið eyðublöðunum sem notuð eru.

8.1.12 Skrá yfir skjöl, eyðublöð og viðbótarupplýsingar sem skulu vera um borð.

8.2 *Fyrirmæli um flugafgreiðslu.*

8.2.1 *Verklag við eldsneytistöku og -losun.* Lýsing á verklagi við eldsneytistöku eða -losun, þar með talið:
a) öryggisráðstafanir við eldsneytistöku eða -losun, þar með talið þegar aukastöð (APU) eða hverfihreyfill er í gangi og skrúfuhemlarnir eru á;
b) eldsneytistaka eða -losun þegar farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði; og
c) varúðarráðstafanir sem gera þarf til að koma í veg fyrir blöndun mismunandi eldsneytis.

8.2.2 *Reglur um afgreiðslu flugvélar, farþega og fragtar með tilliti til öryggis.* Lýsing á verklagsreglum um afgreiðslu við úthlutun sæta og þegar farþegum er hleypt um borð og frá borði og við hleðslu og affermingu flugvélarinnar. Einnig ber að setja verklagsreglur sem miða að því að tryggja öryggi á meðan flugvélin er á hlaði. Eftirfarandi fellur undir verklagsreglur um afgreiðslu:
a) börn/ungbörn, veikir farþegar og hreyfihamlaðir;
b) flutningur óæskilegra farþega, manna sem er vísað úr landi eða gæslufanga;
c) leyfileg stærð og þyngd handfarangurs;
d) hleðsla og festing hluta í flugvélinni;
e) sérstakur farmur og flokkun fragtrýmis;
f) staðsetning búnaðar á jörðu;
g) opnun og lokun flugvéladyra;
h) öryggi á hlaði, þar með talið eldvarnir og svæði þar sem reikna má með útblæstri og sogi;
i) verklag við ræsingu, brottför af hlaði og við komu;
j) afgreiðslu flugvéla; og
k) skjöl og eyðublöð fyrir afgreiðslu flugvélar;
l) fleiri en einn eru um sama flugvélarsæti.

8.2.3 *Verklagsreglur um synjun borðgöngu.* Reglur til að tryggja að mönnum, sem virðast drukknir eða af hátterni þeirra og útliti má ráða að þeir séu undir áhrifum lyfja, sé synjað um borðgöngu, að undanskildum sjúklingum sem fá tilhlýðilega umönnun.

8.2.4 *Íseyðing og ísingarvörn á jörðu niðri.* Lýsing á viðmiðunar- og verklagsreglum um íseyðingu og ísingarvarnir þegar flugvélar eru á jörðu niðri. Í þeim skal lýsa tegundum og áhrifum ísingar og annarra aðskotaefna sem setjast á flugvélar á meðan þær eru í kyrrstöðu eða er ekið á jörðu niðri og í flugtaki. Að auki skal lýsa vökvategundum sem eru notaðar og tilgreina meðal annars eftirfarandi:

a) vöruheiti eða viðskiptaheiti;
b) eiginleika;
c) áhrif á afköst flugvélarinnar;
d) endingartíma; og
e) varúðarráðstafanir við notkun.

8.3 *Verklag á flugi.*

8.3.1 *Viðmiðunarreglur um sjónflug/blindflug.* Lýsing á viðmiðunarreglum þeim sem fylgt er og lúta að því við hvaða aðstæður sjónflug er leyft eða hvenær krafist er að flogið sé samkvæmt blindflugsreglum eða leyft að skipta úr einu í annað.

8.3.2 *Verklag við leiðsögu.* Lýsing á öllu verklagi við leiðsögu sem lýtur að flugvélategund og flugrekstrarsvæði. Taka ber tillit til:

a) staðlaðs verklags í leiðsögu, þar með talið viðmiðunarreglna um tvöfalda gátun færslna á hnappaborði ef þær hafa áhrif á flugslóðina sem flugvélin á að fylgja;
b) leiðsögu um svæði þar sem gerðar eru kröfur um mikla nákvæmni í flugleiðsögu (MNPS) og leiðsögu um heimskautssvæði (POLAR) svo og leiðsögu á öðrum tilteknum svæðum;
c) svæðisleiðsögu (RNAV);
d) endurgerðar flugáætlunar á flugi;
e) verklagi sem er viðhaft ef leiðsögukerfi tapa nákvæmni; og
f) minnkaður lágmarkshæðaraðskilnaður (RSVM).

8.3.3 *Verklagsreglur um stillingu hæðarmæla.*

8.3.4 *Verklagsreglur um viðvörunarkerfi vegna frávika frá flughæð.*

8.3.5 *Verklagsreglur um jarðvarakerfi (GPWS).*

8.3.6 *Viðmiðunar- og verklagsreglur um notkun árekstrarvara (TCAS/ACAS).*

8.3.7 *Viðmiðunar- og verklagsreglur um stjórnun eldsneytis á flugi.*

8.3.8 *Erfiðar aðstæður og aðstæður sem geta verið hættulegar í lofthjúpinum.* Verklagsreglur um flug og/eða hvernig megi forðast aðstæður í lofthjúpinum, sem geta verið hættulegar, þar á meðal:

a) þrumuveður;
b) ísingu;
c) ókyrrð í lofti;
d) vindhvörf;
e) skotvinda;
f) gosöskuský;
g) mikla úrkomu;
h) sandrok;
i) fjallabylgjur; og
j) skörp hitahvörf.

8.3.9 *Flugröst.* Viðmiðanir um aðskilnað loftfara vegna flugrastar, með hliðsjón af flugvélategundum, vindi og staðsetningu flugbrautar.

8.3.10 *Flugverjar í vinnureit sínum.* Krafist er að flugverjar séu í vinnureit sínum eða í sætum sínum á mismunandi stigum flugs eða þegar talið er nauðsynlegt af öryggisástæðum.

8.3.11 *Notkun sætisbelta fyrir áhöfn og farþega.* Krafist er að flugverjar og farþegar noti sætisbelti og/eða öryggistygi á mismunandi stigum flugs eða þegar talið er nauðsynlegt af öryggisástæðum.

8.3.12 *Aðgangur að stjórnklefa.* Skilyrði fyrir því að veita öðrum en flugáhöfn aðgang að stjórnklefa. Undir þessum lið skulu einnig vera viðmiðunarreglur um aðgang eftirlitsmanna flugmálayfirvalda.

8.3.13 *Notkun lausra sæta sem ætluð eru áhöfn.* Skilyrði og reglur um notkun lausra sæta sem ætluð eru áhöfn.

8.3.14 *Óstarfhæfni flugverja.* Reglur sem fara skal eftir ef flugverji verður óstarfhæfur á flugi. Með þeim skulu fylgja dæmi um mismunandi tegundir óstarfhæfni og hvernig bera megi kennsl á þær.

8.3.15 *Öryggiskröfur í farþegarými.* Reglur sem taka til:

a) undirbúnings farþegarýmis fyrir flug, krafna sem gerðar eru á flugi og undirbúnings undir lendingu, að meðtöldum reglum um frágang í farþegarými og eldhúsum;
b) verklagsreglna til að tryggja að farþegar sitji þar sem þeir eiga auðveldast með að veita aðstoð og eru ekki til trafala við rýmingu flugvélar, komi til neyðarrýmingar;
c) verklagsreglna sem fylgja skal þegar farþegar fara um borð og frá borði; og
d) verklagsreglna sem fylgja skal ef farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði meðan á eldsneytistöku eða -losun stendur.;
e) reykinga um borð.

8.3.16 *Upplýsingar til farþega.* Efni og upplýsingar sem farþegum eru veittar og hvenær það er gert, í samræmi við JAR–OPS 1.285.

8.3.17 *Verklagsreglur í flugvélum þegar tilskilið er að geislunarmælar til að mæla geimgeislun eða sólargeislun séu um borð.* Verklagsreglur um notkun geislunarmæla og um skráningu mælinganna, að meðtöldum aðgerðum sem gripið skal til ef geislun fer yfir mörkin sem tilgreind eru í flugrekstrarhandbókinni. Auk þess reglur sem fylgja skal, þar með talið reglur um flugumferðarþjónustu, ef tekin er ákvörðun um að lækka flug eða breyta flugleiðinni.

8.4 *Starfræksla í skertu skyggni (AWO).* Lýsing á verklagsreglum starfrækslu í skertu skyggni. (Sjá einnig D- og E-kafla JAR-OPS).

8.5 *Fjarflug (ETOPS).* Lýsing á verklagsreglum í fjarflugi.

8.6 Notkun lista yfir lágmarksbúnað (MEL) og lista yfir leyfð frávik frá búnaði (CDL).

8.7 *Óarðbært (Non revenue) flug.* Verklagsreglur og takmarkanir er gilda um:

a) æfingaflug;
b) reynsluflug;
c) afhendingarflug;
d) ferjuflug;
e) sannprófun á flugi; og
f) staðsetningarflug,

ásamt reglum um hverjir megi vera um borð í slíku flugi.

8.8 *Kröfur um súrefni.*

8.8.1 Útskýringar á því við hvaða aðstæður skuli séð fyrir súrefni og það notað um borð.

8.8.2 Sérstakar kröfur um súrefni handa:

a) flugáhöfn;

b) þjónustuáhöfn; og
c) farþegum.

9 HÆTTULEGUR VARNINGUR OG VOPN

9.1 Upplýsingar, fyrirmæli og almennar leiðbeiningar um flutning hættulegs varnings, þar með talið:
a) viðmiðunarreglur flugrekanda í málum er varða flutning hættulegs varnings;
b) fyrirmæli er varða kröfur um móttöku, merkingar og meðferð hættulegs varnings, svo og geymslu og aðgreiningu frá öðrum farmi;
c) verklagsreglur um viðbrögð í neyðartilvikum vegna hættulegs varnings;
d) skyldustörf alls starfsliðs sem hlut á að máli, sbr. JAR-OPS 1.1215; og
e) leiðbeiningar um flutning starfsmanna flugrekanda.

9.2 Skilyrði fyrir flutningi vopna, skotfæra til hernaðar og sportvopna.

10 FLUGVERND

10.1 Fyrirmæli og leiðbeiningar um flugvernd sem ekki eru bundnar trúnaði og fjalla um valdsvið og ábyrgð starfsmanna flugrekstrarsviðs. Viðmiðunar- og verklagsreglur um hvernig skuli taka á og skýra frá lögbrotum um borð, svo sem ólögmætum afskiptum, skemmdarverkum, sprengjuhótunum og flugráni.

10.2 Lýsing á forvörnum og þjálfun í flugvernd.

Aths. Heimilt er að flokka hluta fyrirmæla og leiðbeininga um flugvernd sem trúnaðarmál.

11 MEÐFERÐ SLYSA OG ÓHAPPA

Verklagsreglur um meðferð, tilkynningu og skýrslugerð vegna slysa og óhappa. Í þessum hluta skulu vera:

a) skilgreiningar á slysum og óhöppum og ábyrgð allra sem hlut eiga að máli;
b) lýsingar á því hvaða deildum fyrirtækisins, flugmálayfirvöldum eða öðrum stofnunum beri að tilkynna um slys, hvernig það skuli gert og í hvaða röð;
c) sérstök tilkynningaskylda um slys eða óhöpp við flutning hættulegs varnings;
d) lýsing á kröfum um skýrslugerð vegna sérstakra óhappa og slysa;
e) einnig skulu vera til eyðublöð sem notuð eru við skýrslugerð og verklagsreglur um afhendingu þeirra til flugmálayfirvalda; og
f) ef flugrekandi hefur til viðbótar sett eigin reglur til innanhússnota um öryggisatriði, sem ber að tilkynna, skal lýsa gildissviði reglnanna og tilheyrandi eyðublöðum.

12 FLUGREGLUR

Flugreglur, þar með talið:

a) sjónflugs- og blindflugsreglur;
b) beiting flugreglna eftir því yfir hvaða svæði er flogið;
c) verklagsreglur um fjarskipti, þar með talið reglur um viðbrögð þegar fjarskipti bregðast;
d) upplýsingar og fyrirmæli um einelti almennra flugvéla;
e) við hvaða aðstæður skal hafa hlustvörð í fjarskiptum;

f) merkjagjöf;
g) tímakerfið sem notað er í flugi;
h) heimildir flugumferðarþjónustu, fylgni við flugáætlun og stöðutilkynningar;
i) sjónmerki sem notuð eru til að gera flugvél, sem er án heimildar, viðvart um að hún sé í heimildarleysi á, eða um það bil að fljúga inn, á svæði þar sem umferð er takmörkuð eða á bann- eða hættusvæði;
j) verklagsreglur fyrir flugmenn sem verða vitni að slysi eða heyra neyðarsendingu;
k) sýnilegt merkjamál notað á jörðu niðri til að sjást úr lofti, sem þeir sem lifa af slys geta notað, lýsing og notkun búnaðar til merkjagjafar; og
l) neyðar- og hættumerki.

B ATRIÐI ER VARÐA STARFRÆKSLU FLUGVÉLA – FLOKKAÐ EFTIR TEGUNDUM

Taka skal tillit til munar á tegundum og afbrigðum tegunda undir eftirfarandi fyrirsögnum:

0 ALMENNAR UPPLÝSINGAR OG MÆLIEININGAR

0.1 Almennar upplýsingar (t.d. um mál flugvélar) ásamt lýsingu á mælieiningum sem notaðar eru við starfrækslu viðkomandi flugvélategundar og umreikningstöflum.

1 TAKMARKANIR

1.1 Lýsing á takmörkunum samkvæmt tegundarvottorði og gildandi takmörkunum á starfrækslu, þar með talið:
a) skilmálar lofthæfiskírteinis (svo sem JAR-23, JAR-25, 16. viðauki við Chicago-samninginn (JAR-36 og JAR-34) o.fl.);
b) fyrirkomulag farþegasæta í hverri flugvélategund ásamt lýsingu í myndum;
c) tegundir samþykkts flugs (svo sem sjónflug/blindflug, aðflug samkvæmt II./III. fl. (CAT II/III), nákvæmni svæðisleiðsögu (RNP TYPE), flug við þekkt ísingarskilyrði o.fl.);
d) samsetning áhafnar;
e) massi og þyngdarmiðja;
f) hraðatakmarkanir;
g) flugrammar;
h) vindmörk, ásamt starfrækslu á spilltum flugbrautum;
i) takmarkanir afkastagetu fyrir viðeigandi flughami;
j) halli flugbrautar;
k) takmarkanir á blautum eða spilltum flugbrautum;
l) aðskotaefni á flugskrokki; og
m) kerfistakmarkanir.

2 VERKLAG VIÐ EÐLILEGAR AÐSTÆÐUR

2.1 Verklag og skyldustörf áhafnar við eðlilegar aðstæður, tilheyrandi gátlistar, fyrirkomulag á notkun gátlista og lýsing á nauðsynlegri samræmingu á störfum flug- og

þjónustuáhafnar. Fjalla skal um eftirfarandi verklagsreglur og skyldustörf við eðlilegar aðstæður:
a) undirbúning fyrir flug;
b) undirbúning fyrir brottför;
c) stillingu og athugun hæðarmæla;
d) akstur, flugtak og klifur;
e) hávaðamildun;
f) farflug og lækkun;
g) aðflug, undirbúning lendingar og lendingarkynningu;
h) aðflug samkvæmt sjónflugsreglum (VFR);
i) aðflug samkvæmt blindflugsreglum (IFR);
j) sjónaðflug og hringaðflug;
k) fráflug;
l) eðlilega lendingu;
m) störf að lokinni lendingu; og
n) starfrækslu á blautum og spilltum flugbrautum.

3 VERKLAG VIÐ AFBRIGÐILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM

3.1 Verklag og skyldustörf áhafnar við afbrigðilegar aðstæður og í neyðartilvikum, tilheyrandi gátlistar, fyrirkomulag á notkun gátlista og lýsing á nauðsynlegri samræmingu á störfum flug- og þjónustuáhafnar. Fjalla skal um verklagsreglur og skyldustörf við eftirfarandi afbrigðilegar aðstæður og neyðaraðstæður:
a) óstarfhæfni flugverja;
b) æfingar í eld- og reykvörnum;
c) flug án jafnþrýstibúnaðar og flug með jafnþrýstibúnaði bilaðan að hluta;
d) þegar farið er yfir burðarþolsmörk, svo sem í lendingu með yfirþyngd;
e) þegar farið er yfir geimgeislunarmörk;
f) þegar eldingu slær niður;
g) neyðarfjarskipti og þegar flugumferðarstjórn er gert viðvart um neyðartilvik;
h) hreyfilbilun;
i) kerfisbilun;
j) leiðbeiningar þegar vikið er af leið vegna alvarlegrar bilunar í tæknibúnaði;
k) viðvörun frá jarðvara (GPWS);
l) viðvörun frá árekstrarvara (TCAS);
m) vindhvörf; og
n) nauðlendingu á landi/vatni.

4 AFKASTAGETA

4.0 Upplýsingar um afkastagetu skulu settar þannig fram að vandalaust sé að nota þær.

4.1 *Gögn um afkastagetu.* Gögn um afkastagetu þar sem fram koma upplýsingar, sem eru nauðsynlegar til að fullnægja kröfum um afkastagetu í F-, G-, H- og I-köflum JAR-OPS 1, skulu fylgja með til að ákvarða megi:
a) klifurgetumörk í flugtaki – massa, hæð, hitastig;
b) lengd flugtaksbrautar (þurr, blaut, spillt flugtaksbraut);

c) upplýsingar um raunflugslóð til að reikna út hindranabil eða, þegar það á við, flugtaksslóð;
d) minnkun á klifurhalla vegna brottflugs með beygjum;
e) klifurgetumörk á flugleið;
f) klifurgetumörk í aðflugi;
g) klifurgetumörk í lendingu;
h) lengd lendingarbrautar (þurr, blaut, spillt lendingarbraut), þar með talið áhrif kerfis- eða tækjabilunar á flugi ef bilunin hefur áhrif á lendingarvegalengd;
i) hemlunarorkumörk; og
j) hraða á mismunandi stigum flugs (einnig með tilliti til blautra eða spilltra flugbrauta).

4.1.1 *Viðbótarupplýsingar um flug við ísingarskilyrði.* Tilgreina skal alla skráða afkastagetu sem tengist leyfilegum flugham, eða fráviki frá flugham, svo sem óvirkri skriðvörn.

4.1.2 Ef upplýsingar, sem krafist er fyrir viðkomandi afkastagetuflokk, eru ekki tiltækar í samþykktri flughandbók (AFM) skal tilgreina önnur gögn sem flugmálayfirvöld geta fallist á. Annar kostur er að í flugrekstrarhandbókinni sé tilvísun í samþykktar upplýsingar í flughandbókinni ef ekki er líklegt að þær upplýsingar verði notaðar oft eða í neyðartilvikum.

4.2 *Frekari upplýsingar um afkastagetu.* Frekari upplýsingar um afkastagetu þegar við á, svo sem:
a) klifurhalla með alla hreyfla í gangi;
b) upplýsingar um siglækkun;
c) áhrif íseyðingarvökva/ísvarnarvökva;
d) flug með lendingarbúnað niðri;
e) á flugvélum með 3 eða fleiri hreyfla, flug með einn hreyfil óvirkan í ferjuflugi; og
f) flug samkvæmt ákvæðum lista um leyfð frávik frá búnaði (CDL).

5 GERÐ FLUGÁÆTLUNAR

5.1 Upplýsingar og fyrirmæli sem eru nauðsynleg fyrir gerð flugáætlunar áður en flug er hafið og endurskoðun flugáætlunar á flugi, þar með talið þættir eins og áætlun um flughraða og aflstillingar. Einnig skal, ef við á, gera grein fyrir verklagsreglum þegar einn eða fleiri hreyflar bila, fjarflugi (ETOPS) og flugi til afskekktra flugvalla.

5.2 Aðferð til að reikna út hve mikil eldsneytisþörfin er á mismunandi stigum flugs, í samræmi við JAR-OPS 1.255.

6 MASSI OG JAFNVÆGI.

Fyrirmæli og upplýsingar um útreikning á massa og jafnvægi, þar með talið:
a) útreikningskerfi (t.d. stuðulkerfi);
b) upplýsingar og fyrirmæli um gerð massa- og jafnvægisskjala, bæði handvirkt og í tölvu;
c) takmarkandi massar og þyngdarmiðja fyrir mismunandi tegundir, afbrigði eða einstaka flugvélar sem flugrekandinn notar; og
d) þurrarekstrarmassi og tilheyrandi þyngdarmiðja eða stuðull.

7 HLEÐSLA

Verklagsreglur og ákvæði um hvernig hlaða skuli farmi og festa hann tryggilega í flugvélinni.

8 LISTI YFIR LEYFÐ FRÁVIK FRÁ BÚNAÐI (CDL)

Listar yfir leyfð frávik frá búnaði (CDL) ef framleiðandi hefur látið þá í té með hliðsjón af tegundum og afbrigðum flugvéla, þar með talið verklagsreglur sem fylgja skal þegar flugvél er send í flug samkvæmt skilmálum listans.

9 LISTI YFIR LÁGMARKSBÚNAÐ (MEL)

Listi yfir lágmarksbúnað, með hliðsjón af tegundum og afbrigðum flugvéla og tegundum flugs og flugrekstrarsvæða. Leiðsögubúnaður verður að vera á listanum ásamt tilskilinni nákvæmni í leiðsögu á leiðinni og því svæði sem flogið er yfir.

10 LISTI YFIR BÚNAÐ TIL AÐ LIFA AF OG NEYÐARBÚNAÐ, AÐ SÚREFNI MEÐTÖLDU

10.1 Listi yfir búnað, til að lifa af, sem skal vera um borð í flugvélum á þeim leiðum sem fyrirhugað er að fljúga og reglur um athugun á því hvort búnaðurinn sé nothæfur áður en flug er hafið. Hér skal einnig gera grein fyrir fyrirmælum um staðsetningu, aðgengi og notkun búnaðar til að lifa af og neyðarbúnaðar og tilheyrandi gátlista eða gátlistum.

10.2 Aðferð við að reikna út nauðsynlegt magn súrefnis og tiltækt magn. Hafa ber hliðsjón af flugsniði, fjölda manna um borð og hugsanlegri þrýstingsminnkun. Upplýsingar sem veittar eru skulu settar þannig fram að vandalaust sé að nota þær.

11 REGLUR UM NEYÐARRÝMINGU

11.1 *Fyrirmæli um undirbúning neyðarrýmingar, þar með talið samhæfing á viðbrögðum áhafnar og skipan í vinnureiti í neyðartilvikum.*

11.2 *Verklag við neyðarrýmingu.* Lýsing á skyldustörfum allra flugverja til að tryggja skjóta neyðarrýmingu flugvélar og stjórn á farþegum ef kemur til nauðlendingar á landi eða vatni eða annars neyðarástands.

12 FLUGVÉLAKERFI

Lýsing á kerfum flugvélarinnar og tilheyrandi stjórntækjum, vísibúnaði svo og notkunarreglur. (Sjá IEM með 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1045.)

C FYRIRMÆLI OG UPPLÝSINGAR UM FLUGLEIÐIR OG FLUGVELLI

1 Fyrirmæli og upplýsingar um fjarskipti, leiðsögu og flugvelli, að meðtöldum lágmarksfluglögum og lágmarksflughæðum á öllum flugleiðum sem fyrirhugað er að fljúga á og flugvallarlágmörk fyrir alla flugvelli sem áætlað er að nota, þar á meðal:

a) lágmarksfluglag/-hæð;

b) flugvallarlágmörk fyrir brottfarar-, ákvörðunar- og varaflugvelli;

c) fjarskiptavirki og leiðsögutæki;

d) upplýsingar um flugbrautir og flugvallarvirki;
e) verklag við aðflug, fráflug og brottflug, ásamt verklagi við hávaðamildun;
f) verklag þegar fjarskipti bregðast;
g) leitar- og björgunarþjónusta á svæðinu sem fljúga á yfir;
h) lýsing á flugkortum sem skylt er að hafa um borð með tilliti til tegundar flugs og flugleiðar sem fljúga á, að meðtalinni aðferð til að kanna hvort kortin séu í gildi;
i) tiltækar flugmálaupplýsingar og veðurþjónusta;
j) verklagsreglur um fjarskipti/leiðsögu (COM/NAV) á flugleið;
k) flokkun flugvalla með tilliti til krafna sem gerðar eru um hæfni flugáhafnar (sjá AMC OPS 1.975);
l) sérstakar takmarkanir á flugvöllum (takmarkanir á afkastagetu og verklagsreglur o.s.frv.).

D ÞJÁLFUN

1 Áætlun um námsefni til þjálfunar og prófs fyrir allt starfslið flugrekstrarsviðs sem tekst á hendur störf í tengslum við undirbúning flugs og/eða flugið sjálft.
2 Áætlun um námsefni til þjálfunar og prófs skal ná yfir:
2.1 *Fyrir flugáhöfn.* Öll atriði sem við eiga og mælt er fyrir um í E- og N-kafla;
2.2 *Fyrir þjónustuáhöfn.* Öll atriði sem við eiga og mælt er fyrir um í O-kafla;
2.3 Fyrir hlutaðeigandi starfslið flugrekstrarsviðs, að flugverjum meðtöldum:
a) öll atriði sem við eiga og mælt er fyrir um í R-kafla (Flutningur hættulegs varnings flugleiðis); og
b) öll atriði sem við eiga og mælt er fyrir um í S-kafla (Flugvernd).
2.4 *Fyrir starfslið flugrekstrarsviðs, að flugverjum undanskildum (t.d. flugumsjónarmann, starfsfólk í flugafgreiðslu o.fl.).* Öll önnur atriði er við eiga og lúta að skyldustörfum þess og mælt er fyrir um í JAR-OPS.
3 *Verklagsreglur.*
3.1 Verklag við þjálfun og próf.
3.2 Verklagsreglur sem fara skal eftir ef starfsfólk nær ekki í upphafi eða til lengdar að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þess.
3.3 Verklagsreglur til að tryggja að í flutningaflugi sé ekki hermt eftir afbrigðilegum aðstæðum eða neyðarástandi, sem gerir það að verkum að nota þarf að hluta eða öllu leyti verklagsreglur fyrir slíkar aðstæður, né heldur hermt eftir blindflugsskilyrðum (IMC) með gerviblindflugi.
4 Lýsing á skjölum sem ber að geyma og geymslutími þeirra. (Sjá 1. viðbæti við JAR-OPS 1.1065.)

1. viðbætir við JAR-OPS 1.1065 Geymslutími skjala

Flugrekandi skal sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar/skjöl séu geymd í formi sem unnt er að fallast á og séu aðgengileg flugmálayfirvöldum eins lengi og tiltekið er í töflunum hér á eftir.
Aths. Í M-kafla eru frekari upplýsingar um viðhaldsskrár.

Tafla 1 – Upplýsingar sem notaðar eru við undirbúning og framkvæmd flugs

Upplýsingar sem eru notaðar við undirbúning og framkvæmd flugs eins og lýst er í JAR-OPS 1.135	
Leiðarflugáætlun	3 mánuðir
Tækniflugbók flugvélar	24 mánuðir eftir dagsetningu síðustu færslu
Sérstakt upplýsingabréf (NOTAM/AIS) um flugleiðina, ef flugrekandi gefur það út	3 mánuðir
Massa- og jafnvægisskrár	3 mánuðir
Tilkynning um sérstakan farm, þ.m.t. hættulegan varning	3 mánuðir

Tafla 2 – Skýrslur

Skýrslur	
Leiðarflugbók	3 mánuðir
Flugskýrslur þar sem óhöpp eru skráð nákvæmlega, eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.420, eða hver sá atburður sem flugstjóri telur þörf á að skýra frá eða skrá	3 mánuðir
Skýrslur um þegar farið er yfir vinnutímamörk og/eða hvíldartími er styttur	3 mánuðir

Tafla 3 – Skrár yfir flugáhöfn

Skrár yfir flugáhöfn	
Flug-, vinnu- og hvíldartími	15 mánuðir
Skírteini	Svo lengi sem flugliðinn nýtir skírteinisréttindin í þágu flugrekanda
Þjálfun og próf vegna flugvélaskipta	3 ár
Flugstjórnanámskeið (próf innifalið)	3 ár
Reglubundin þjálfun og próf	3 ár
Þjálfun og próf til að fá réttindi til að starfa í hvoru flugmannssætinu sem er	3 ár
Nýleg reynsla (sbr. JAR-OPS 1.970)	15 mánuðir
Starfsréttindi á tilteknum flugleiðum og á tiltekna flugvelli (sbr. JAR-OPS 1.975)	3 ár
Þjálfun og öflun starfsréttinda fyrir tiltekna tegund flugs ef gerð er krafa um það í reglum um flugrekstur (JAR-OPS) t.d. fjarflug (ETOPS) eða aðflug samkvæmt II./III. fl. (CAT II/III)	3 ár
Þjálfun í meðferð hættulegs varnings, eftir því sem við á	3 ár

Tafla 4 – Skrár yfir þjónustuáhöfn

Skrár yfir þjónustuáhöfn	
Flug-, vinnu- og hvíldartími	15 mánuðir
Grunnþjálfun, þjálfun vegna flugvélaskipta og mismunarþjálfun (þar með talið próf)	Svo lengi sem þjónustuliðinn starfar hjá flugrekanda
Reglubundin þjálfun og upprifjunarþjálfun (þar með talið próf)	Í 12 mánuði eftir að þjónustuliðinn hættir störfum hjá flugrekanda
Þjálfun í meðferð hættulegs varnings, eftir því sem við á	3 ár

Tafla 5 – Skrár yfir annað starfslið flugrekstrarsviðs

Skrá yfir annað starfslið flugrekstrarsviðs	
Skrár yfir þjálfun/starfsréttindi annars starfsfólks á flugrekstrarsviði sem skylt er að ljúka þjálfunarnámskeiði samkvæmt ákvæðum reglna um flugrekstur (JAR-OPS)	Síðustu 2 þjálfunarskrárnar

Tafla 6 – Aðrar skrár

Aðrar skrár	
Skrár yfir geim- og sólargeislun	Í 12 mánuði eftir að flugverjinn hættir störfum hjá flugrekanda
Skrár yfir gæðakerfið	5 ár

1. ÞÁTTUR JAR-OPS 1 R-kafli

R-KAFLI – REGLUR UM FLUTNING Á HÆTTULEGUM VARNINGI FLUGLEIÐIS

JAR-OPS 1.1150 Orðskýringar

a) Hugtök sem notuð eru í þessum kafla hafa þá merkingu sem hér segir:
1) *Gátlisti við móttöku* (Acceptance Check List): Skjal sem notað er við skoðun á ytra útliti pakka með hættulegum varningi, ásamt tilheyrandi skjölum, til að staðfesta að allar viðkomandi kröfur hafi verið uppfylltar.
2) *Vöruloftfar* (Cargo Aircraft): Loftfar sem flytur vörur og eigur en ekki farþega. Í þessu samhengi eru eftirfarandi ekki taldir til farþega:
i) flugverjar;
ii) starfsmenn flugrekanda sem leyfilegt er að flytja í samræmi við fyrirmæli í flugrekstrarhandbókinni;
iii) samþykktir fulltrúar flugmálayfirvalda; eða
iv) menn sem hafa störfum að gegna vegna sérstakra sendinga um borð.

3) *Slys í tengslum við hættulegan varning* (Dangerous Goods Accident): Atvik, tengt flutningum á hættulegum varningi, sem hefur í för með sér alvarleg meiðsl, dauðsfall eða mikið eignatjón. (Sjá 3. og 4. tölul. a-liðar IEM OPS. 1.1150)
4) *Óhapp í tengslum við hættulegan varning* (Dangerous Goods Incident): Atvik, annað en slys í tengslum við hættulegan varning, tengt flutningum á hættulegum varningi, sem gerist ekki endilega um borð í loftfari en hefur í för með sér meiðsl á mönnum, eignatjón, eldsvoða, brot, leka eða að vökvi hellist niður, geislavirkni eða önnur ummerki þess að umbúðir hafi gefið sig. Öll atvik tengd flutningi á hættulegum varningi, sem stofna loftfari eða þeim sem um borð eru í hættu, teljast einnig vera óhöpp í tengslum við hættulegan varning. (Sjá 3. og 4. tölul. a-liðar IEM OPS 1.1150.)
5) *Flutningsskjal fyrir hættulegan varning* (Dangerous Goods Transport Document): Skjal sem er tilgreint í tæknilegu fyrirmælunum. Það er fyllt út af þeim sem afhendir hættulegan varning til flutnings flugleiðis og í því eru upplýsingar um hættulega varninginn. Í skjalinu er undirrituð yfirlýsing um að varningnum sé vel og nákvæmlega lýst með réttu sendingarheiti og UN-númeri (ef til er) og að hann sé rétt flokkaður, pakkaður, merktur og með merkimiðum og í flutningshæfu ástandi.
6) *Vörugámur* (Freight Container): Vörugámur, sérstaklega búinn til flutnings á geislavirkum efnum, sem á að auðvelda flutninga á slíkum efnum, hvort heldur er innpökkuðum eða óinnpökkuðum, með einni eða fleiri flutningsaðferðum. (Ath. Sjá „Hleðslueiningabúnaður“ hér á eftir, ef hættulegi varningurinn er ekki geislavirk efni.)
7) *Umboðsaðili* (Handling Agent): Umboðsskrifstofa sem hefur með höndum suma eða alla starfsemi flugrekanda fyrir hans hönd, þar á meðal að taka á móti, ferma, afferma, flytja eða á annan hátt sjá um farþega eða farm.
8) *Safnumbúðir* (Overpack): Umbúðir utan um einn eða fleiri pakka sem saman mynda eina afgreiðsluheild og einstakur sendandi notar til hagræðingar við afgreiðslu og geymslu. (Ath. Hugtakið „Hleðslueiningabúnaður“ fellur ekki undir þessa skilgreiningu.)
9) *Pakki* (Package): Frágengin vörusending, þ.e. umbúðir og innihald, tilbúinn til flutnings.
10) *Umbúðir* (Packaging): Ílát ásamt hlutum eða efnum sem nauðsynleg eru til þess að ílátið gegni hlutverki sínu og tryggir að kröfum um pökkun sé fylgt.
11) *Rétt sendingarheiti* (Proper Shipping Name): Heiti sem nota skal um tiltekinn hlut eða efni í öllum flutningsskírteinum og tilkynningum, svo og á umbúðunum þar sem við á.
12) *Alvarleg meiðsl* (Serious Injury): Meiðsl sem maður verður fyrir í slysi og:
    i) hafa í för með sér meira en 48 klukkustunda sjúkrahúsvist er hefst innan 7 daga frá þeim degi að maðurinn slasast; eða
    ii) eru fólgin í beinbroti (að frátöldu minni háttar broti á fingrum, tám eða nefi); eða
    iii) eru fólgin í skurðsári sem hefur í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum; eða
    iv) eru fólgin í áverka á innra líffæri; eða
    v) eru fólgin í annars eða þriðja stigs bruna, eða brunasárum sem þekja meira en 5% af yfirborði líkamans; eða
    vi) eru fólgin í því að maður hefur orðið fyrir smiti eða skaðlegri geislun.
13) *Upprunaríki* (State of Origin): Flugmálayfirvöld í ríkinu þar sem hættulegur varningur er fyrst settur um borð í loftfar.

14) *Tæknileg fyrirmæli* (Technical Instructions): Nýjasta gildandi útgáfa af „Tæknileg fyrirmæli um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis“ (skjal ICAO 9284-AN/905), ásamt viðbæti og hvers kyns viðbótum, samþykkt og birt að ákvörðun ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).
15) *UN-númer* (UN Number): Fjögurra stafa einkennistala sem sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum varningi hefur gefið efnum og tilteknum flokkum efna til þess að unnt sé að bera kennsl á þau.
16) *Hleðslueiningabúnaður* (Unit Load Device): Gámur eða netvörupallur, með eða án hvolfþaks, sem er sérstaklega gerður fyrir loftför. (Ath. Þessi skilgreining nær ekki til safnumbúða; sjá skilgreiningu á vörugámi að því er varðar gáma sem í eru geislavirk efni.)

JAR-OPS 1.1155 Samþykki fyrir flutningi á hættulegum varningi
(Sjá IEM OPS 1.1155)

Flugrekandi skal ekki flytja hættulegan varning nema að fengnu samþykki flugmálayfirvalda.

JAR-OPS 1.1160 Gildissvið

a) Flugrekandi skal ávallt fullnægja ákvæðum tæknilegu fyrirmælanna þegar hættulegur varningur er fluttur, hvort sem flogið er að hluta til eða eingöngu innan yfirráðasvæðis ríkis eða algjörlega utan þess.
b) Hlutir og efni, sem annars væru flokkuð sem hættulegur varningur samkvæmt tæknilegu fyrirmælunum, eru undanþegin ákvæðum þessa kafla að því marki sem um getur í tæknilegu fyrirmælunum, að því tilskildu:
   1) að krafist sé að þau séu um borð í flugvél í samræmi við viðkomandi JAR-reglur, eða af ástæðum er lúta að rekstri (sjá 1. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1160);
   2) að þau séu um borð í flugvél sem hluti af vistum eða birgðum til nota fyrir flugverja eða farþega;
   3) að þau séu ætluð til nota í fluginu í dýralækningaskyni eða til að aflífa skepnur á mannúðlegan hátt (sjá 3. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1160);
   4) að þau séu ætluð sem lyf handa sjúklingi í fluginu, að því tilskildu (sjá 4. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1160):
      i) að gashylkin hafi verið framleidd sérstaklega undir gasið sem í þeim er og til flutnings á því;
      ii) að lyf og önnur lækninga- og hjúkrunargögn séu undir eftirliti þjálfaðs starfsfólks á meðan þau eru í notkun í flugvélinni;
      iii) að búnaði með vökvarafhlöðum sé haldið uppréttum og hann festur tryggilega, ef þörf krefur, til að koma í veg fyrir að rafvökvinn hellist niður; og
      iv) að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að ganga frá og festa tryggilega allan búnað í flugtaki og lendingu og þess utan ávallt þegar flugstjórinn telur þess þörf í öryggisskyni; eða
   5) að farþegar eða áhöfn hafi þau meðferðis. (Sjá 5. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1160.)
c) Hlutir og efni, sem eiga að koma í stað þess sem um getur í 1. tölul. b-liðar, skulu flutt í flugvél eins og tilgreint er í tæknilegu fyrirmælunum.

JAR-OPS 1.1165 Takmarkanir á flutningi á hættulegum varningi

a) Flugrekandi skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að hlutir og efni, sem eru sérstaklega tilgreind með heiti eða með almennri lýsingu í tæknilegu fyrirmælunum og bannað er að flytja samkvæmt þeim, séu aldrei flutt með flugvél.
b) Flugrekandi skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að hlutir og efni eða annar varningur, sem tilgreindur er í tæknilegu fyrirmælunum og bannað er að flytja við venjulegar aðstæður samkvæmt þeim, sé einungis fluttur ef:
   1) viðkomandi ríki veitir undanþágu fyrir þessa hluti í samræmi við ákvæði tæknilegu fyrirmælanna (sjá 1. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1165); eða
   2) fram kemur í tæknilegu fyrirmælunum að flytja megi þessa hluti að fengnu samþykki upprunaríkisins.

JAR-OPS 1.1170 Flokkun

Flugrekandi skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að hlutir og efni séu flokkuð sem hættulegur varningur eins og tilgreint er í tæknilegu fyrirmælunum.

JAR-OPS 1.1175 Pökkun

Flugrekandi skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að hættulegum varningi sé pakkað eins og tilgreint er í tæknilegu fyrirmælunum.

JAR-OPS 1.1180 Merkimiðar og merkingar

a) Flugrekandi skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að pakkar, safnumbúðir og vörugámar séu merktir og með merkimiðum eins og tilgreint er í tæknilegu fyrirmælunum.
b) Þegar hættulegur varningur er fluttur með flugi sem fer fram algjörlega eða að hluta til utan yfirráðasvæðis ríkis skal hann vera merktur og með merkimiðum á ensku auk annarra tungumála sem kann að vera krafist.

JAR-OPS 1.1185 Flutningsskjal fyrir hættulegan varning

a) Flugrekandi skal sjá til þess að hættulegum varningi fylgi flutningsskjal, nema kveðið sé á um annað í tæknilegu fyrirmælunum.
b) Þegar hættulegur varningur er fluttur með flugi algjörlega eða að hluta til utan yfirráðasvæðis ríkis, skal nota ensku á meðfylgjandi flutningsskjali, auk annarra tungumála sem kann að vera krafist.

JAR-OPS 1.1190 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.1195 Móttaka á hættulegum varningi

a) Flugrekandi skal ekki taka á móti hættulegum varningi til flutnings fyrr en pakkinn, safnumbúðirnar eða vörugámurinn hefur verið skoðaður í samræmi við verklagsreglur um móttöku þeirra í tæknilegu fyrirmælunum.
b) Flugrekandi eða umboðsaðili hans skulu nota gátlista við móttöku hættulegs varnings. Á gátlistanum skal vera rúm til að merkja við öll atriði sem skipta máli og skal hann

vera í því formi að unnt sé að færa þar inn niðurstöður skoðunar við móttöku, hvort heldur er handskrifað, vélrænt eða í tölvu.

JAR-OPS 1.1200 Skoðun til að leita að skemmdum, leka eða mengun

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að pakkar, safnumbúðir og vörugámar séu skoðaðir og leitað að ummerkjum um skemmdir eða leka rétt áður en þeim er hlaðið í flugvél eða í hleðslueiningabúnað eins og tilgreint er í tæknilegu fyrirmælunum;
   2) að hleðslueiningabúnaði sé ekki hlaðið í flugvél nema skoðun á honum, í samræmi við tæknilegu fyrirmælin, hafi leitt í ljós að engin merki sé að finna á honum um leka úr hættulegum varningi né skemmdir;
   3) að pökkum, safnumbúðum og vörugámum, sem leka eða eru skemmdir, sé ekki hlaðið í flugvél;
   4) að allir pakkar með hættulegum varningi, sem eru í flugvél og sýnast vera skemmdir eða leka, séu fjarlægðir eða að viðeigandi yfirvöld eða stofnun sjái til þess að það sé gert. Í slíkum tilvikum skal skoða það sem eftir er af sendingunni til að fá fullvissu um að hún sé í flutningshæfu ástandi og að flugvélin og farmur hennar hafi hvorki skemmst né mengast;
   5) að pakkar, safnumbúðir og vörugámar séu skoðaðir og leitað að ummerkjum um skemmdir eða leka þegar flugvél eða hleðslueiningabúnaður er affermdur og, ef merki sjást um skemmdir eða leka, skal skoða þann stað í flugvélinni þar sem hinn hættulegi varningur var geymdur, með tilliti til skemmda eða mengunar.

JAR-OPS 1.1205 Mengun fjarlægð

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að mengun af völdum leka eða skemmda, sem finnst á hættulegum varningi, sé tafarlaust fjarlægð; og
   2) að flugvél, sem hefur mengast af geislavirkum efnum, sé þegar í stað tekin úr notkun og ekki tekin aftur í notkun fyrr en geislavirkni á öllum aðgengilegum stöðum og geislamengun, sem ekki situr föst, sé ekki yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í tæknilegum fyrirmælunum.

JAR-OPS 1.1210 Hleðslutakmarkanir

a) *Farþegarými og stjórnklefi:* Flugrekandi skal sjá til þess að hættulegur varningur sé ekki fluttur í rými flugvélar þar sem eru farþegar eða í stjórnklefa nema kveðið sé á um annað í tæknilegu fyrirmælunum.
b) *Fragtrými:* Flugrekandi skal sjá til þess að hættulegum varningi sé hlaðið í flugvél og að hann sé aðskilinn frá öðru, frágenginn og tryggilega festur um borð í flugvélinni eins og tilgreint er í tæknilegu fyrirmælunum.
c) *Hættulegur varningur sem einungis má flytja með vöruloftförum:* Flugrekandi skal sjá til þess að pakkar með hættulegum varningi, sem merktir eru, „Aðeins vöruloftför“, séu fluttir með vöruloftförum og að þeim sé hlaðið eins og tilgreint er í tæknilegu fyrirmælunum.

JAR-OPS 1.1215 Ákvæði um miðlun upplýsinga

a) *Upplýsingar til starfsmanna á jörðu niðri*:
Flugrekandi skal sjá til þess:
1) að starfsmenn á jörðu niðri fái afhentar upplýsingar til að geta sinnt störfum sínum við flutning á hættulegum varningi, svo sem hvað skuli gera ef verður slys eða óhapp sem tengist hættulegum varningi; og
2) að umboðsaðili fái einnig upplýsingarnar, sem um getur í 1. tölul. a-liðar hér að framan, ef við á.

b) *Upplýsingar til farþega og annarra hlutaðeigandi aðila.* (Sjá b-lið AMC OPS 1.1215.)
1) Flugrekandi skal sjá til þess að upplýsingum sé komið á framfæri við farþega eins og krafist er í tæknilegu fyrirmælunum, þannig að þeir fái viðvörun um hvers konar varning þeim er bannað að hafa meðferðis í flugvélum; og
2) að flugrekandi og, eftir atvikum, umboðsaðili hans skulu sjá til þess að á stöðum, þar sem tekið er á móti fragt, séu veittar upplýsingar um flutning á hættulegum varningi.

c) *Upplýsingar til flugverja.* Flugrekanda ber skylda til að hafa upplýsingar í flugrekstrarhandbókinni, sem gera flugverjum kleift að rækja skyldur sínar við flutning á hættulegum varningi, þar með talið fyrirmæli um hvernig bregðast skuli við ef neyðarástand skapast af völdum hins hættulega varnings.

d) *Upplýsingar til flugstjóra.* Flugrekandi skal sjá til þess að flugstjórinn fái skriflegar upplýsingar eins og tilgreint er í tæknilegu fyrirmælunum.

e) *Miðlun upplýsinga ef verður flugslys eða óhapp.* (Sjá e-lið AMC OPS 1.1215.)
1) Flugrekandi flugvélar sem verður fyrir óhappi skal, ef þess er krafist, láta í té allar upplýsingar sem þarf til þess að draga eins mikið og unnt er úr þeirri hættu sem skapast vegna flutnings á hættulegum varningi.
2) Verði slys þar sem flugvél flugrekanda á hlut að máli skal hann láta flugmálastjórn ríkisins þar sem slysið varð vita eins fljótt og unnt er að hættulegur varningur sé um borð.

JAR-OPS 1.1220 Þjálfunaráætlanir
(Sjá AMC OPS 1.1220) (Sjá IEM OPS 1.1220)

a) Flugrekandi skal setja saman og viðhalda þjálfunaráætlunum fyrir starfsmenn sína eins og krafist er í tæknilegu fyrirmælunum og þurfa þær að vera samþykktar af flugmálayfirvöldum.

b) *Flugrekendur sem hafa ekki varanlegt leyfi til að flytja hættulegan varning.* Flugrekandi skal sjá til þess:
1) að starfsmenn, sem vinna við almenna afgreiðslu á farmi, hafi fengið þjálfun og séu hæfir til starfa sem tengjast hættulegum varningi. Að lágmarki skal þjálfunin ná til þeirra sviða sem tilgreind eru í 1. dálki í töflu 1 og vera í þeim mæli að hún nægi til að tryggja að menn séu meðvitaðir um þá hættu sem tengist hættulegum varningi og hvernig þekkja megi slíkan varning; og
2) að eftirfarandi starfsfólk:
i) flugverjar;
ii) starfsfólk við farþegaafgreiðslu; og
iii) öryggisverðir, sem flugrekandi ræður til vopnaleitar á fólki og í farangri, hafi fengið þjálfun sem að lágmarki nær til þeirra sviða sem tilgreind eru í 2.

dálki í töflu 1 og sé í þeim mæli að það nægi til að tryggja að menn séu meðvitaðir um þá hættu sem tengist hættulegum varningi, hvernig þekkja megi slíkan varning og hvaða ákvæði gildi fyrir farþega um flutning á slíkum varningi.

Tafla 1

Þjálfunarsvið	1	2
Almennar grundvallarreglur	X	X
Takmarkanir á flutningum á hættulegum varningi flugleiðis	X	X
Merkingar og merkimiðar á pökkum	X	X
Hættulegur varningur í farþegafarangri		X
Verklagsreglur í neyðartilvikum		X

Aths. Merkt er með bókstafnum X við það svið sem þjálfunin skal ná til.

c) *Flugrekendur sem hafa varanlegt leyfi til að flytja hættulegan varning.* Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að starfsmenn, sem ráðnir eru til þess að taka á móti hættulegum varningi, hafi fengið þjálfun og séu hæfir til starfans. Að lágmarki skal þjálfunin ná til þeirra sviða sem tilgreind eru í 1. dálki í töflu 2 og vera í þeim mæli að það nægi til að tryggja að starfsmenn geti tekið ákvörðun um hvort beri að taka við eða vísa frá hættulegum varningi sem afhentur er til flutnings flugleiðis;
   2) að starfsmenn, sem vinna á jörðu niðri við afgreiðslu, geymslu og hleðslu á hættulegum varningi, hafi fengið þjálfun til starfa í sambandi við hættulegan varning. Að lágmarki skal þjálfunin ná til þeirra sviða sem tilgreind eru í 2. dálki í töflu 2 og vera í þeim mæli að það nægi til að tryggja að starfsmenn séu meðvitaðir um þá hættu sem tengist hættulegum varningi, hvernig þekkja megi slíkan varning og hvernig beri að meðhöndla hann og hlaða;
   3) að starfsmenn, sem vinna við almenna afgreiðslu á farmi, hafi fengið þjálfun til starfa við hættulegan varning. Að lágmarki skal þjálfunin ná til þeirra sviða sem tilgreind eru í 3. dálki í töflu 2 og vera í þeim mæli að það nægi til að tryggja að starfsmenn séu meðvitaðir um þá hættu, sem tengist hættulegum varningi, hvernig þekkja megi slíkan varning og hvernig beri að meðhöndla hann og hlaða;
   4) að flugliðar hafi fengið þjálfun sem að lágmarki nær til þeirra sviða sem tilgreind eru í 4. dálki í töflu 2. Þjálfunin skal vera í þeim mæli að það nægi til að tryggja að þeir séu meðvitaðir um þá hættu sem tengist hættulegum varningi og hvernig hann skuli fluttur í flugvél; og
   5) að eftirfarandi starfsfólk:
      i) starfsfólk við farþegaafgreiðslu;
      ii) öryggisverðir sem flugrekandi ræður til vopnaleitar á fólki og í farangri; og
      iii) flugverjar aðrir en flugliðar,
      hafi fengið þjálfun sem að lágmarki nær til þeirra sviða sem tilgreind eru í 5. dálki í töflu 2. Þjálfunin skal vera í þeim mæli að það nægi til að tryggja að starfsmenn séu meðvitaðir um þá hættu sem tengist hættulegum varningi og hvaða ákvæði gilda fyrir farþega um flutning á slíkum varningi eða almennt um flutning á honum í flugvél.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að allir starfsmenn, sem þurfa á þjálfun að halda vegna hættulegs varnings, fái reglubundna þjálfun að minnsta kosti á tveggja ára fresti.
e) Flugrekandi skal sjá til þess að færðar séu skrár yfir þjálfun alls starfsfólks vegna hættulegs varnings, í samræmi við d-lið hér að framan.
f) Flugrekandi skal sjá til þess að starfsmenn umboðsaðila hans fái þjálfun í samræmi við viðeigandi dálk í töflu 1 eða 2.

Tafla 2

Þjálfunarsvið	1	2	3	4	5
Almennar grundvallarreglur	X	X	X	X	X
Takmarkanir á flutningum hættulegs varnings flugleiðis	X	X	X	X	X
Flokkun og skrá yfir hættulegan varning	X	X		X	
Almennar kröfur og fyrirmæli um pökkun	X				
Umbúðir, forskriftir og merkingar	X				
Merkingar og merkimiðar á pökkum	X	X	X	X	X
Skjöl frá sendanda	X				
Móttaka hættulegs varnings og notkun gátlista	X				
Hleðsla, takmarkanir á hleðslu og aðgreining	X	X	X	X	
Skoðun til að leita að skemmdum eða leka og verklag við að fjarlægja mengun	X	X			
Upplýsingar til flugstjórans	X	X		X	
Hættulegur varningur í farþegafarangri	X			X	X
Verklagsreglur í neyðartilvikum	X	X		X	X

Aths. Merkt er með bókstafnum X við það svið sem þjálfunin skal ná til.

JAR-OPS 1.1225 Skýrslur um óhöpp eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning
(Sjá AMC OPS 1.1225)

Flugrekandi skal tilkynna flugmálayfirvöldum um öll óhöpp eða slys sem verða í tengslum við hættulegan varning. Frumskýrsla skal send innan 72 klukkustunda eftir að atburðurinn átti sér stað nema sérstakar aðstæður hamli því.

JAR-OPS 1.1230 Hér á að vera eyða

S-KAFLI – FLUGVERND

JAR-OPS 1.1235 Flugverndarákvæði

Flugrekandi skal sjá til þess að allt hlutaðeigandi starfsfólk sé vel heima í ákvæðum viðeigandi innlendra áætlana um flugvernd í ríki flugrekandans og fari eftir þeim.

JAR-OPS 1.1240 Þjálfunaráætlanir

Flugrekandi skal koma á, viðhalda og stjórna viðurkenndum þjálfunaráætlunum svo að starfsmenn hans geti brugðist rétt við til að koma í veg fyrir ólögmæt afskipti, svo sem hermdarverk eða flugrán, og draga úr afleiðingunum ef slíkt gerist.

JAR-OPS 1.1245 Tilkynningar um ólögmæt afskipti

Þegar ólögmæt afskipti hafa átt sér stað um borð í flugvél skal flugstjórinn, eða flugrekandinn ef flugstjórinn er fjarverandi, án tafar senda þar til bæru yfirvaldi á staðnum og flugmálayfirvöldum í ríki flugrekandans skýrslu um atburðinn.

JAR-OPS 1.1250 Gátlistar fyrir verklag við leit í flugvél

Ath. íslenskt sérákvæði.

Flugrekandi skal sjá til þess að í öllum flugvélum hans sé gátlisti, fyrir viðkomandi flugvélartegund, sem fara skal eftir við leit að földum vopnum, sprengiefnum eða öðrum hættulegum búnaði.[6]

JAR-OPS 1.1255 Flugvernd í stjórnklefa

Ef hurð er á stjórnklefa flugvéla, sem ætlaðar eru til farþegaflutninga, skal í þeim öllum vera hægt að læsa hurðinni að innan til að koma í veg fyrir að farið sé þangað inn án leyfis.

III. HLUTI FLUTNINGAFLUG MEÐ ÞYRLUM

JAR-OPS 3, CHANGE 1 (1. þáttur)

Í III. hluta reglugerðar þessarar er fyrirhugaður kafli um flugrekstur með þyrlum. Þangað til að hann verður birtur gildir ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000 um gildistöku reglna um flutningaflug með þyrlu, JAR-OPS 3, Change 1 (Helicopters), sbr. auglýsingu þess efnis í B-deild Stjórnartíðinda nr. 753/2000 sbr. breytingu nr. 987/2000.
JAR-OPS 3, Change 1 var gefinn út þann 1. febrúar 1999 af Flugöryggissamtökum Evrópu og voru reglurnar unnar á vettvangi þeirra. Gildistaka þeirra samkvæmt tilgreindri ákvörðun Flugmálastjórnar tekur til reglnanna í heild sinni, að Q-kafla um vinnu- og hvíldartíma, undanskildum.

---

[6] Í gr. 7.9 (sérislenskt ákvæði) í I. hluta reglugerðar þessarar er þjóðarregla til viðbótar við ákvæði JAR-OPS 1.1250 sem hljóðar svo: Með gátlistanum sem um getur í JAR-OPS 1.1250 skulu fylgja leiðbeiningar um viðbrögð ef sprengja eða grunsamlegur hlutur finnst og sá staður um borð í flugvélinni skal tilgreindur þar sem sprengja eða annað sprengiefni myndi valda minnstum skaða ef þau skyldu springa.

IV. HLUTI ÝMIS ÁKVÆÐI

1.0 Flugmálastjórn Íslands getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa og flugöryggi verður ekki stefnt í hættu.

2.0 Séu lendingargjöld, skoðunargjöld eða önnur gjöld, sem leyfishafa ber að greiða fyrir starfsemi sína, ekki greidd á réttum tíma má afturkalla flugrekstrarleyfi um stundarsakir. Sama gildir ef leyfishafi dregur að senda skýrslur og reikninga sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Að öðru leyti varða brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar refsingu samkvæmt 141. gr. laga nr. 60/1998 með síðari breytingum.

3.0 Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 145. gr. og ákvæða IX. kafla laga um loftferðir nr. 60/1998 ásamt síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þegar úr gildi eftirtaldar auglýsingar að f-lið undanskildum sem fellur úr gildi 1. júní 2002:

a) Auglýsing um heimild til handa íslenskum flugrekendum að hefja aðlögun að nýjum reglum Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) um flugrekstur nr. 199/1997.
b) Auglýsing um gildistöku reglna um flugrekstur sem byggjast á JAR-OPS 1, nr. 171/1998.
c) Reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991 ásamt síðari breytingum.
d) Auglýsing um gildistöku reglna um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna, nr. 650/1997.
e) Auglýsing um gildistöku reglna um útreikning massa og jafnvægi í flugrekstri, nr. 651/1997 ásamt síðari breytingum.
f) Auglýsing um gildistöku reglna um flugrekstur sem byggjast á JAR-OPS 1, nr. 271/2001.

4.0 Ákvæði til bráðabirgða.

4.1 Flugrekstrarleyfi útgefin til handa flugrekendum sem reka flugvélar í atvinnuskyni með minni heildarflugtaksþunga en 10 tonn og/eða eru ætlaðar til flutnings á 19 farþegum eða færri skulu falla úr gildi þann 28. nóvember 2001. Heimilt skal að gefa út flugrekstrarleyfi til sömu aðila samkvæmt 1. málslið þessarar greinar að uppfylltum skilyrðum I. kafla með fyrsta gildistíma til 31. maí 2002.

4.2 Flugrekendur sem hafa haft með höndum þyrlurekstur í flutningaflugi í sjónflugi skulu fyrir 31. desember 2001 hafa lagt inn umsókn sína um flugrekendaskírteini og flugrekstrarleyfi samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Samgönguráðuneytinu, 16. október 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um útleigu loftfara.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til útleigu skráðra loftfara í atvinnuskyni án flugliða. Hún tekur þó ekki til starfsemi kaupleigu- og fjármögnunarfyrirtækja né leigusamninga handhafa rekstrarleyfa til flutningaflugs og verkflugs, enda gilda sérreglur þar um.

2. gr.
Umsókn.

Hver sá sem reka vill útleigu á loftförum án flugmanns, þarf til þess leyfi Flugmálastjórnar Íslands og skal beina umsókn um slíkt leyfi til stofnunarinnar, með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara. Í umsókn skulu a.m.k. eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) Nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer umsækjanda. Gera skal jafnframt grein fyrir starfsstöð umsækjanda með sama hætti.
b) Ef um félag er að ræða skal tilgreina félagsform og skiptingu eignaraðildar. Ef eignaraðild er erlend skal sérstök grein gerð fyrir því. Hlutafé skal greina sé um slíkt félag að ræða og hver hluti þess sé innborgaður svo og nöfn stjórnarmanna. Einnig skal koma fram hvort umsækjandi hefur annan atvinnurekstur með höndum og þá hvaða.
c) Lýsing á fyrirhuguðum rekstri, stjórn og fyrirkomulagi á viðhaldi loftfara.
d) Nafn tilnefnds ábyrgðarmanns, rekstrarstjóra og tæknistjóra, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar.
e) Hversu mikið fjármagn er handbært til reksturs loftfaraleigu, ásamt gagngerum upplýsingum og útreikningum um rekstrargrundvöll næstu tvö ár bæði með starfsáætlunum og fjárhagsáætlunum svo sem kveðið er á um í 4. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar.
f) Gera skal grein fyrir þeim loftförum sem umsækjandi hyggst leigja út og færa sönnur á umráðarétt yfir þeim ef umsækjandi er ekki skráður eigandi þeirra.

3. gr.
Skilyrði leyfis.

Hjá umsækjanda skulu starfa einstaklingar sem Flugmálastjórn hefur viðurkennt sem:

a) ábyrgðarmann fyrir rekstri,
b) rekstrarstjóra og
c) tæknistjóra.

Sé umfang rekstrar takmarkað má sami einstaklingur gegna öllum þessum trúnaðarstöðum gagnvart stofnuninni. Um hæfni, starfssvið og ábyrgð fer skv. almennum reglum um flutningaflug, að teknu tilliti til umfangs. Rekstrarstjóra og tæknistjóra er óheimilt að hefja störf fyrr en viðurkenning Flugmálastjórnar er fengin. Sama gildir um staðgengla þeirra. Flugmálastjórn Íslands skal heimilt að áskilja að ofangreindir aðilar undirgangist sérstakt próf hjá stofnuninni til að sanna hæfni sína.

Loftförum skal viðhaldið skv. sömu reglum og gilda um viðhald kennsluloftfara og er leigusali ábyrgur fyrir lofthæfi þeirra.

Fjárhagur umsækjanda skal vera í samræmi við almennar reglur um flugkennsluleyfi.

Leigusala skal skylt að kaupa og halda í gildi vátryggingum þeim sem mælt er fyrir um í loftferðalögum og reglugerð um skylduvátryggingu vegna loftferða.

4. gr.

Starfsaðstaða.

Leigusali skal hafa flugumsjónarþjónustu sem Flugmálastjórn hefur viðurkennt. Flugumsjónarþjónusta skal hafa aðstöðu til handa leigutökum til að afla veðurupplýsinga og til gerðar leiðarflugáætlana að öllu leyti. Nauðsynlegar handbækur s.s. flugmálahandbók (allar deildir, þ.m.t. AIP) og upplýsingabréf um flugmál (AIC) skulu vera þar til staðar. Þar skulu og tiltækar upplýsingar um eldsneytisáfyllingu og eldsneytiseyðslu leiguloftfara. Um borð í loftförum skulu auk skráningarbóka, handbóka og gátlista sem þeim tilheyra, vera framangreindar eldsneytisupplýsingar og handbók með kortum til sjónflugs.

5. gr.

Sérstakar skyldur leigusala.

Leigusala ber að ganga úr skugga um að loftfarið sé í lofthæfu ástandi við útleigu.

Leigusali skal halda eftir skriflegri staðfestingu leigutaka þess efnis að hann þekki og virði flugreglur og hann þekki að- og fráflugsleiðir þeirra flugvalla sem nota þarf.

Leigusamningur skal gerður skriflega á fyrirfram tölusett eyðublöð, a.m.k. í tvíriti og er leigusala skylt að varðveita annað eintakið í tölusettri röð og framvísa við Flugmálastjórn fari stofnunin fram á það. Í leigusamningi skal skrásetningarmerki og númer hins leigða loftfars koma fram og að framleiga þess sé bönnuð sem og að fela öðrum stjórn þess, en þeim sem skráður er flugmaður skv. leigusamningi. Í leigusamningi skal jafnframt koma fram upphaf og lok leigutíma miðað við dag og klukkustund. Sérstaklega skal tekið fram í leigusamningi það sem máli skiptir um vátryggingu loftfarsins gagnvart leigutaka og þriðja manni. Leigusali skal varðveita leigusamning í að minnsta kosti tvö ár frá undirritun hans.

Leigusala ber að sjá til þess að fartímar og ferðir séu réttilega skráðar í bækur loftfarsins. Leigusamningur skal ávallt vera í loftfarinu meðan á leigutíma stendur.

Loks skulu skyldur leigutaka koma fram í leigusamningi bresti lofthæfi loftfarsins á leigutímanum.

6. gr.

Leigutaki.

Þeim einum sem hefur tilskilin réttindi til að stjórna loftfari því sem leigt er skal heimilt að taka það á leigu. Leigusala skal þó heimilt að gera leigusamning við einstakling sem ekki hefur tilskilin réttindi til að stjórna loftfarinu, enda tilnefni hann flugmann í leigusamningi sem hefur tilskilin réttindi. Sama gildir sé leigutaki félag eða annar lögaðili. Númer og gildistími skírteinis auk áritana flugmanns skal koma fram í leigusamningi. Skírteini skal útgefið eða viðurkennt af Flugmálastjórn Íslands fyrir hlutaðeigandi loftfar.

Leigutaki skal á meðan á leigutíma stendur sjá til þess að loftfar hafi ferðbundið lofthæfi og flug undirbúið og framkvæmt samkvæmt gildandi reglum.

Leigutaka er óheimilt að nota loftfarið til flutnings farþega gegn greiðslu, lána það eða framleigja.

7. gr.

Gildistími leyfis o.fl.

Fyrsta leyfi til þessarar starfsemi skal ekki gefið út til lengri tíma en eins árs, en eftir það er heimilt að gefa það út til allt að fimm ára. Óski leyfishafi endurnýjunar skal hann leggja inn umsókn a.m.k. mánuði áður en fyrra leyfi rennur út.

Bresti forsendur leyfisveitingar, vegna athafna eða athafnaleysis af hálfu leigusala, skal Flugmálastjórn stöðva starfsemi hans þar til úrbætur hafa verið ráðnar. Er stofnuninni heimilt að fella leyfi tímabundið úr gildi til bráðabirgða, þar til í ljós er leitt hvort stofnun telur efni til að fella leyfi endanlega úr gildi.

8. gr.
Refsiákvæði.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

9. gr.
Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 145. gr. sbr. IX. kafla laga um loftferðir nr. 60/1998, öðlast þegar gildi. Þeir aðilar sem annast útleigu loftfara í atvinnuskyni við gildistöku reglugerðar þessarar á grundvelli útgefinna flugkennsluleyfa skulu uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar og afla sér starfsleyfis fyrir 1. desember 2001.

Samgönguráðuneytinu, 16. október 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 782 16. október 2001

REGLUGERÐ

um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt atvinnuflug á vegum aðila sem hafa leyfi til reksturs loftfara í atvinnuskyni, útgefið af Flugmálastjórn Íslands.

Reglugerð þessi gildir um flug á vegum íslenskra fyrirtækja og stofnana sem starfrækja loftför í þágu eigin starfsemi.

Reglugerð þessi gildir um kennsluflug.

2. gr.
Viðauki og skýringargögn.

Viðauki við reglugerð þessa, sem telst hluti hennar, hefur að geyma ákvæði Q-kafla JAR-OPS 1 um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna í flutningaflugi með flugvélum ásamt sérákvæðum um flugáhafnir í flutninga- og verkflugi með þyrlum. JAR-OPS 1 reglurnar sem unnar eru af Flugöryggissamtökum Evrópu, JAA eru gefnar út í tveimur þáttum. Viðauki við reglugerð þessa er 1. þáttur Q-kaflans við JAR-OPS 1. 2. þáttur hefur að geyma viðeigandi og tækar leiðir til að fullnægja skilyrðum 1. þáttar (iðulega nefnt „Acceptable Means of Compliance, AMC“) ásamt leiðbeinandi skýringarefni („Interpretative/Explanatory Material, IEM“). Víða í texta 1. þáttar er vísað til þessa skýringarefnis, en öðrum þætti Q-kafla JAR-OPS 1 og JAR-OPS 3 er ekki að fullu lokið af hendi JAA.

3. gr.
Undanþágur.

Flugmálastjórn Íslands getur veitt heimild til frávika frá ákvæðum þessarar reglugerðar, enda sé sérstökum ástæðum til að dreifa sem réttlæti slíkt og flugöryggi ekki stefnt í hættu að mati stofnunarinnar.

4. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 141. gr. laga nr. 60/1998, um lofferðir.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 4. mgr. 37. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnhliða fellur þá úr gildi auglýsing nr. 650/1997 um gildistöku reglna um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 16. október 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI I

1. þáttur **JAR-OPS 1**

Q-KAFLI FLUG- OG VINNUTÍMAMÖRK OG REGLUR UM HVÍLDARTÍMA

JAR-OPS 1.1075 Almenn ákvæði
(Sjá IEM OPS 1.1075)

a) Flugrekandi skal setja flug- og vinnutímamörk og leggja fram áætlanir um hvíldartíma fyrir flugverja.
b) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að flug- og vinnutímamörk og áætlanir um hvíldartíma séu í samræmi við ákvæði þessa kafla;
   2) að flug sé skipulagt þannig að því ljúki innan leyfilegrar flugvaktar og sé þá reiknað með þeim tíma sem þarf til undirbúnings undir flugið, fartíma og við dvalartíma og eðli flugrekstrarins. (Sjá 2. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1075); og
   3) að vaktaskrár séu samdar og birtar (sjá 3. tölul. b-liðar IEM OPS 1.1075).
c) Hér á að vera eyða.
d) Flugverji skal ekki starfa um borð í flugvél ef hann veit eða grunar að hann sé haldinn þreytu eða telur líklegt að hann verði það eða finnst hann vera þannig á sig kominn að hann geti stofnað fluginu í hættu.
e) Flugrekandi skal tilnefna heimahöfn fyrir hvern flugverja.

JAR-OPS 1.1080 Orðskýringar

Ennfrekar vísast um orðskýringar til JAR 1, skilgreiningar og orðskýringar og reglugerðar um flutningaflug JAR-OPS 1 (flugvélar) og JAR-OPS 3 (þyrlur).

a) *Flugstarfið sjálft* (Actual flight operation): Flugstarfið sjálft hefst þegar áhöfnin kemur á flugvakt og lýkur þegar hún fer af vakt.
b) *Viðunandi aðstaða* (Adequate facilities): Rólegur og þægilegur staður sem almenningur hefur ekki aðgang að.

c) *Aukin flugáhöfn* (Augmented flight crew): Flugáhöfn þar sem flugliðar eru fleiri en sá lágmarksfjöldi sem þarf til að starfrækja flugvélina og hver flugliði getur yfirgefið starfsstöð sína og annar flugliði með viðeigandi menntun og hæfni tekið við af honum.

d) *Fartími* (Flight time): Tíminn frá því að flugvél hreyfist af flugvélastæði sínu til að hefja flug og þar til hún stöðvast að því loknu á flugvélastæði sem henni hefur verið úthlutað eða þar til allir hreyflar hafa verið stöðvaðir.

e) *Vinnuhlé* (Break): Tímabil án vinnuskyldu, sem telst þó til vinnu þar eð það er styttra en hvíldartími.

f) *Dagur* (Day): 24 stunda tímabil (sólarhringur) sem hefst klukkan 0000 að máltíma (UTC).

g) *Vinna* (Duty): Öll störf sem flugverja ber að inna af hendi í tengslum við starfsemi handhafa flugrekandaskírteinis (AOC).

h) *Vakt* (Duty period): Tímabil sem hefst þegar flugverja ber að mæta til vinnu samkvæmt fyrirmælum flugrekanda og lýkur þegar flugverjinn er laus við alla vinnuskyldu.

i) *Flugvakt* (Flight duty period, FDP): Tímabil sem hefst þegar starfandi flugverja ber að mæta til vinnu sem felur í sér flug og endar í lok fartíma í lokafluginu þar sem flugverjinn er starfandi flugverji.

j) *Heimahöfn* (Home base): Staður sem flugrekandi tilnefnir fyrir flugliða og þar sem flugliði alla jafna hefur og lýkur vakt eða röð vakta, en við venjulegar aðstæður er flugrekanda ekki skylt að sjá viðkomandi flugliða fyrir gistiaðstöðu þar.

k) *Staðardagur* (Local day): 24 stunda tímabil (sólarhringur) sem hefst klukkan 0000 að staðartíma.

l) *Boðunartími* (Notification time): Tímabil frá því að flugliði á bakvakt fær boð flugrekanda um að mæta til vinnu og þar til hann á að vera mættur í vinnuna.

m) *Starfandi flugverji* (Operating crew member): Flugverji sem starfar um borð í flugvél á flugi eða einhverjum hluta flugsins.

n) *Val flugmálayfirvalda*: Réttur flugmálayfirvalda til að velja annan kost sem mælt er fyrir um í kröfunum, á almennum grundvelli sem nær til landsins alls eða á jafnræðisgrundvelli fyrir einstaka flugrekendur.

o) *Flutningur á flugverjum* (Positioning): Flutningur á flugverjum frá einum stað til annars samkvæmt fyrirmælum flugrekanda, að undanskildum „ferðatíma til/frá hvíldarstað" samkvæmt skilgreiningu í v-lið hér á eftir.

p) *Mætingartími* (Reporting time): Sá tími þegar flugverja er skylt að mæta til vinnu samkvæmt fyrirmælum flugrekanda.

q) *Hvíldartími* (Rest period): Órofið og afmarkað tímabil þar sem flugverji er laus við alla vinnuskyldu og/eða bakvaktir.

r) *Skipt vakt* (Split duty): Flugvakt sem skiptist í tvær vaktir með vinnuhléi á milli.

s) *Bakvakt* (Standby): Afmarkað tímabil þar sem flugverji er ekki að störfum en verður að vera til taks fái hann fyrirmæli frá flugrekanda um að mæta til vinnu án undanfarandi hvíldartíma.

t) *Viðeigandi gistiaðstaða* (Suitable accomodation): Svefnherbergi búið viðeigandi húsgögnum, ætlað einum manni ef flugverji æskir þess, þar sem hávaði er í lágmarki, loftræsting er góð og búnaður til að stjórna lýsingu og hitastigi.

u) *Tímamunur* (Time difference): Munurinn á staðartíma tveggja staða (án tillits til „sumartíma").

v) *Ferðatími til/frá hvíldarstað* (Travelling): Allur tími sem telja má eðlilegt að áætla í ferðir flugverja milli hvíldarstaðar sem flugrekandi sér honum fyrir og vinnustaðar og öfugt.

JAR-OPS 1.1085 Takmarkanir - flugáhöfn

a) Fartímar.
1) Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðir fartímar sem hverjum flugverja eru ætlaðir sem starfandi flugverja í flugi fari ekki yfir:
i) 900 klukkustundir á hverju samfelldu 12 mánaða tímabili; og
ii) 100 klukkustundir á hverju samfelldu 28 daga tímabili.
2) Flugrekandi skal sjá til þess að lengsti órofni fartími sem tveggja manna flugáhöfn er ætlaður á sömu flugvakt fari ekki yfir eftirfarandi:

Tafla 1 Lengsti órofni fartími – tveir menn í flugáhöfn

Mætingartími milli	Lengsti órofni fartími
0700–1359	11 klukkustundir
1400–1759	10 klukkustundir
1800–0459	9 klukkustundir
0500–0659	10 klukkustundir

b) Vaktir.
1) Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðar vaktir sem flugliða eru ætlaðar fari ekki yfir:
i) 2000 klukkustundir á hverju samfelldu 12 mánaða tímabili;
ii) 190 klukkustundir á hverju samfelldu 28 daga tímabili; og
iii) 55 klukkustundir á hverju samfelldu 7 daga tímabili. Þessa tölu má þó hækka í 58 klukkustundir ef ófyrirséð seinkun verður á vakt sem hafin er samkvæmt vaktaskrá og felst í röð vakta.
2) Flugverjar sem starfa ekki fyrst og fremst á flugvöktum eru undanþegnir þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í 1. tölul. b-liðar hér að framan nema 7 daga takmörkunum fyrir og á meðan á flugvakt eða röð flugvakta stendur.

c) Flugvaktir.
1) Leyfilegar flugvaktir, sem fara eftir mætingartíma og fjölda lendinga, eru gefnar upp í töflunum hér á eftir. Mætingartími er gefinn upp sem staðartími á mætingarstað.

Tafla 2 – Leyfilegar flugvaktir – fleiri en einn flugmaður í áhöfn

Mætingartími	Fjöldi lendinga sem starfandi flugliði							
	1-2	3	4	5	6	7	8	>=9
	(a)	(b)	(c)	(d)	(e)	(f)	(g)	(h)
0700-1159	1400	1315	1230	1145	1100	1015	0930	0900
1200–1359	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900
1400–1559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
1600–1759	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
1800–0359	1200	1115	1030	0945	0900	0900	0900	0900
0400–0459	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
0500–0559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
0600–0659	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900

Tafla 3 – Leyfilegar flugvaktir – einn flugmaður í áhöfn

Mætingartími	Fjöldi lendinga sem starfandi flugliði			
	1–4	5	6	>=7
	(a)	(b)	(c)	(d)
0700–1159	1000	0915	0830	0800
1200–1359	0930	0845	0800	0800
1400–1559	0930	0815	0800	0800
1600–1759	0830	0800	0800	0800
1800–0359	0800	0800	0800	0800
0400–0459	0830	0800	0800	0800
0500–0559	0900	0815	0800	0800
0600–0659	0930	0845	0800	0800

2) Mætingartímana í töflu 2 og 3 má færa í heild fram eða aftur um eina klukkustund að vali flugmálayfirvalda.
3) Að vali flugmálayfirvalda er heimilt að leyfa þriðju lendingu á flugvakt sem reiknuð er út í samræmi við a-dálk í töflu 2, með fyrirvara um að slíkt gerist ekki oftar en tvisvar á 7 daga samfelldu tímabili.
4) Hækka má tölurnar sem fást úr töflu 2 annaðhvort með því að:
   i) skipta vakt eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.1105; eða
   ii) fjölga í flugáhöfn eins og mælt er fyrir um í e-lið hér á eftir.
5) Hækka má tölurnar sem fást úr töflu 3 með því að skipta vakt.
6) Þegar um er að ræða flug sem einn flugmaður stjórnar og fer að öllu leyti fram samkvæmt sjónflugsreglum skal miða leyfilega flugvakt við a-dálk í töflu 3 enda þótt lendingafjöldi sé ekki takmarkaður í þessu tilviki. Ef lendingafjöldi fer hins vegar yfir meðaltöluna 4 á klukkustund skal taka að minnsta kosti 30 mínútna vinnuhlé á hverjum samfelldum 3 tímum.

d) Blandað flug/tegund flugrekstrar.
1) Flugvélar og þyrlur – Ef flugliði starfar bæði í flugvélum og þyrlum skal flugrekandi fá samþykki flugmálayfirvalda fyrir flug- og vinnutímamörkum og áætlunum um hvíldartíma sem byggjast á Q-kafla JAR-OPS 1 og JAR-OPS 3.
2) Flughermis- og æfingaflug vegna flugvélaskipta/reglubundinnar flugþjálfunar - Flugrekandi skal sjá til þess að fari flugliði annaðhvort í flughermis- eða æfingaflug áður en hann fer í flutningaflug á sömu flugvakt sé sá tími tvöfaldaður þegar tímamörk flugvaktar í samræmi við c-lið hér að framan eru reiknuð út. Ekki þarf að taka tillit til fjölda lendinga í flughermis- og æfingaflugi.
3) Einn/fleiri en einn flugmaður í áhöfn – Ef einn flugmaður flýgur ýmist sem eini flugmaðurinn í áhöfn eða í áhöfn með öðrum flugmanni eða fleiri á einni og sömu flugvakt gilda þrengri mörkin í töflu 2 og 3 hér að framan.

e) Aukin flugáhöfn – Flugrekandi skal sjá til þess:
1) án tillits til mætingartíma:
   i) ef fjölgað er í flugáhöfn þar sem fyrir eru að minnsta kosti tveir flugmenn til að lengja flugvakt, sem er í samræmi við töflu 2 hér að framan, þannig að hver flugliði geti farið af starfsstöð sinni í að minnsta kosti 50% af samanlögðum fartíma í öllu flugi á flugvaktinni, að flugvaktin fari ekki yfir 18 klukkustundir (Sjá 1. tölul. e-liðar IEM OPS 1.1085); eða
   ii) ef fjölgun í flugáhöfn er minni en í 1. tölul. hér að framan, að flugvaktin fari ekki yfir 16 klukkustundir;

2) að á áætlun aukinnar flugáhafnar séu ekki fleiri en 2 lendingar á sömu flugvakt, eða 3 lendingar að vali flugmálayfirvalda, að því tilskildu að a. m. k. eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
   i) fartíminn fyrir einn legg skal vera 2 klukkustundir eða skemmri; og
   ii) hvíldartíminn strax á eftir þeirri flugvakt sem var upprunalega reiknuð út í samræmi við JAR-OPS 1.1110 skal lengdur um 6 klukkustundir; og
3) að um borð sé hvíldaraðstaða fyrir flugliða í hvíld. (Sjá 3. tölul. e-liðar AMC & IEM OPS 1.1085/ i-lið 1. tölul. c-liðar AMC & IEM OPS 1.1090.)

JAR-OPS 1.1090 Takmarkanir – þjónustuáhöfn

a) Vaktir.
   1) Flugrekandi skal sjá til þess að samanlagðar vaktir sem þjónustuáhöfn eru ætlaðar fari ekki yfir:
      i) 2000 klukkustundir á hverju samfelldu 12 mánaða tímabili;
      ii) 190 klukkustundir á hverju samfelldu 28 daga tímabili; og
      iii) 60 klukkustundir á hverju samfelldu 7 daga tímabili. Þessa tölu má þó hækka í 63 klukkustundir ef ófyrirséð seinkun verður á vakt sem hafin er samkvæmt skrá og felst í röð vakta.
   2) Flugverjar sem starfa ekki fyrst og fremst á flugvöktum eru undanþegnir þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í 1. tölul. hér að framan nema 7 daga takmörkunum áður en og meðan á flugvakt eða röð flugvakta stendur.
b) Flugvaktir.
   1) Leyfilegar flugvaktir, sem fara eftir mætingartíma og fjölda lendinga, eru gefnar upp í töflunum hér á eftir. Mætingartími er gefinn upp sem staðartími á mætingarstað.

Tafla 4 – Leyfilegar flugvaktir – þjónustuáhöfn

Mætingartími	Fjöldi lendinga sem starfandi þjónustuliði							
	1–2	3	4	5	6	7	8	>=9
	(a)	(b)	(c)	(d)	(e)	(f)	(g)	(h)
0700–1159	1400	1315	1230	1145	1100	1015	0930	0900
1200–1359	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900
1400–1559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
1600–1795	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
1800–0359	1200	1115	1030	0945	0900	0900	0900	0900
0400–0459	1230	1145	1100	1015	0930	0900	0900	0900
0500–0559	1300	1215	1130	1045	1000	0915	0900	0900
0600–0659	1330	1245	1200	1115	1030	0945	0900	0900

2) Mætingartímana í töflu 4 má færa í heild fram eða aftur um eina klukkustund að vali flugmálayfirvalda.
3) Að vali flugmálayfirvalda er heimilt að leyfa þriðju lendingu á flugvakt sem reiknuð er út í samræmi við a-dálk í töflu 4, með fyrirvara um að slíkt gerist ekki oftar en tvisvar á samfelldu 7 daga tímabili.
4) Hækka má tölurnar sem fást úr töflu 4 annaðhvort með því að:
   i) skipta vakt eins og mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.1105; eða
   ii) lengja leyfilegar flugvaktir eins og mælt er fyrir um í c-lið hér á eftir.

5) Ef mætingartími þjónustuáhafnar er allt að einni klukkustund á undan mætingartíma flugliða í sama flugi eða röð fluga á sömu flugvakt er flugrekanda heimilt að miða leyfilega flugvakt og eftirfylgjandi hvíldartíma við mætingartíma flugáhafnarinnar.
6) Ef munurinn á mætingartíma þjónustuliða og flugliða sem eru að byrja flugvakt í sama flugi er meiri en ein klukkustund skal miða flugvaktina við mætingartíma þjónustuliðanna og reikna hana út í samræmi við töflu 4 hér að framan.

c) Lenging leyfilegra flugvakta - Ef flugrekandi lengir leyfilega flugvakt þjónustuliða skal hann sjá til þess:
1) að flugvaktin fari ekki yfir 18 klukkustundir, án tillits til mætingartíma, að því tilskildu:
i) að um borð sé hvíldaraðstaða fyrir þjónustuliða í hvíld (Sjá 3. tölul. e-liðar IEM OPS 1.1085/ i-lið 1. tölul. c-liðar IEM OPS 1.1090); og
ii) að hver þjónustuliði sé leystur undan öllum störfum á hluta af fluginu (Sjá ii-lið 1. tölul. c-liðar AMC OPS 1.1090); og
2) að ekki séu nema 2 lendingar á sömu flugvakt, eða 3 að vali flugmálayfirvalda.

JAR-OPS 1.1095 Flutningur á flugverjum

Flugrekandi skal sjá til þess að allur tími sem fer í flutning á flugverjum teljist til vinnu.

JAR-OPS 1.1100 Mætingartími

Flugrekandi skal tilgreina mætingartíma sem eru raunhæfir miðað við þann tíma sem þarf til undirbúnings fyrir flugið, þó eigi síðar en 60 mínútum fyrir upphaf áætlaðs fartíma nema flugmálayfirvöld hafi samþykkt annað.

JAR-OPS 1.1105 Skipt vakt
(Sjá IEM OPS 1.1105)

a) Ef flugvakt er skipt í tvær vaktir og á milli er afmarkað vinnuhlé sem flugverjum hefur fyrirfram verið tilkynnt um er flugrekanda heimilt að lengja áætlaða leyfilega flugvakt, sem mælt er fyrir um í töflum 2 og 3 í JAR-OPS 1.1085 eða töflu 4 í JAR-OPS 1.1090 eftir því sem við á, í samræmi við töflu 5 hér á eftir, að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið hér á eftir séu uppfyllt.

Tafla 5 – Lenging vaktar vegna skiptrar vaktar

Samfellt vinnuhlé í klukkustundum (a)	Lenging flugvaktar (b)
0 – 2 klst. 59 mín.	Engin
3 klst. – 6 klst. 59 mín.	$^1/_2$ lengd vinnuhlés
7 klst. – 10 klst. 59 mín.	$^2/_3$ lengdar vinnuhlés eða 1 $^1/_2$ lengd vinnuhlés ef að minnsta kosti sjö klukkustundir vinnuhlésins falla milli 2000–0800 að staðartíma þar sem vinnuhléið er tekið.

b) Flugrekandi skal sjá til þess að hvor hluti flugvaktar fyrir og eftir vinnuhlé fari ekki yfir 10 klukkustundir og að samanlagður tími flugvaktar, sem er lengd í samræmi við töflu 5 hér að framan, fari ekki yfir 20 klukkustundir.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að skipt vakt sé ekki tengd aukinni flugáhöfn eða, þegar um þjónustuáhöfn er að ræða, lengingu leyfilegrar flugvaktar.

d) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) ef vinnuhlé er 6 klukkustundir eða lengra, eða 3 klukkustundir eða lengra á tímabilinu milli 2200 – 0600 að staðartíma þar sem vinnuhléið er tekið, að viðeigandi gistiaðstaða sé fyrir hendi. Í öllum öðrum tilvikum skal séð fyrir viðunandi aðstöðu;
   2) ef vinnuhlé er styttra en 8 klukkustundir, að allt hléið sé talið með að því er varðar uppsafnaða vaktatíma eins og mælt er fyrir um í b-lið JAR-OPS 1.1085 og a-lið JAR-OPS 1.1090. Ef hléið er 8 stundir eða lengra eru 50% hlésins talin með;
   3) að ekki sé nema eitt vinnuhlé á flugvakt;
   4) ef samanlagður ferðatími báðar leiðir milli vinnustaðar og viðunandi aðstöðu eða viðeigandi gistiaðstöðu er lengri en ein klukkustund, að allur ferðatími til/frá hvíldarstað sem er umfram þá klukkustund sé dreginn frá vinnuhléinu til að reikna út lengda flugvakt; og
   5) að tímamunurinn milli staðarins þar sem vinnan hefst og staðarins þar sem vinnuhlé er tekið sé ekki meiri en 2 klukkustundir.

JAR-OPS 1.1110 Ákvæði um hvíld

a) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) að áður en flugvakt hefst hafi flugverji fengið að minnsta kosti jafnlangan hvíldartíma og undanfarandi vakt hans stóð eða 11 klukkustundir eftir því hvort er lengra (Sjá a-lið IEM OPS 1.1110); og
   2) að lágmarkshvíldartími eftir flugvakt þar sem notuð var áunnin lenging vaktar vegna skiptrar vaktar sé að minnsta kosti jafnlangur og samanlagður tími flugvaktar, að vinnuhléi meðtöldu, en þó þannig að við útreikning á hvíldartíma þurfi ekki að taka tillit til lengdar vinnuhlés ef séð var fyrir viðeigandi gistiaðstöðu.

b) Flugrekanda er heimilt að stytta hvíldartíma, sem er reiknaður út í samræmi við 1. tölul. a-liðar hér að framan, um 3 klukkustundir hið mesta en þó má hann ekki verða skemmri en 11 klukkustundir nema í tilvikum sem kveðið er á um í f-lið hér á eftir, með þeim fyrirvara:
   1) að undanfarandi hvíldartíma samkvæmt 1. tölul. a-liðar hér að framan sé lokið;
   2) að tímanum sem hvíldartíminn er styttur um sé bætt við næsta hvíldartíma sem ekki má stytta;
   3) að tíminn sem hvíldartíminn er styttur um sé dreginn frá næstu leyfilegu flugvakt; og
   4) ekki má stytta hvíldartímann næst á undan eða eftir skiptri vakt.

c) Flugrekandi skal sjá til þess að lámarkshvíldartímunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið hér að framan sé fjölgað í að minnsta kosti:
   1) 36 stundir á 7 daga samfelldu tímabili; eða
   2) 60 stundir á 10 daga samfelldu tímabili (Sjá c-lið IEM OPS 1.1110).

d) Flugrekandi skal sjá til þess að flugverjar fái frídaga þar sem þeir eru lausir við alla vinnuskyldu og bakvaktir og að tilkynnt sé fyrirfram um frídagana, sem hér segir (Sjá d-lið IEM OPS 1.1110):
   1) 7 staðardaga í hverjum almanaksmánuði, sem geta innifalið tilskilin hvíldartímabil; og
   2) að minnsta kosti 24 staðardaga á hverjum almanaksársfjórðungi, sem geta innifalið tilskilin hvíldartímabil.

e) Flugrekandi skal sjá áhöfn fyrir viðeigandi gistiaðstöðu þegar taka þarf hvíldartíma fjarri heimahöfn.

f) Flugrekandi skal sjá til þess:
   1) ef samanlagður ferðatími báðar leiðir milli vinnustaðar og viðeigandi gistiaðstöðu

sem flugrekandi sér fyrir er lengri en 2 klukkustundir, að öllum ferðatíma til/frá hvíldarstað umfram það sé bætt við lágmarkshvíldartímann; eða

2) ef samanlagður ferðatími báðar leiðir milli vinnustaðar og viðeigandi gistiaðstöðu sem flugrekandi sér fyrir er skemmri en 1 $^{1}/_{2}$ klukkustund, að draga megi mismuninn frá lágmarkshvíldartímanum en tíminn í gistiaðstöðunni skal þó ekki vera skemmri en 10 klukkustundir.

g) Flugrekandi skal sjá til þess að ef, einhvern tíma á samfelldu 7 daga tímabili:
1) einhver hluti þriggja eða fleiri vakta á áætlun fellur innan tímabilsins 01:00 – 06:59 að staðartíma á mætingarstað, en þær má að vali flugmálayfirvalda færa fram um eina heila klukkustund; og
2) tímamunurinn milli hverra tveggja staða þar sem áhöfnin tók sér hvíld er minni en 4 klukkustundir, þá sé 36 stunda samfelldur hvíldartími sem gefinn er kostur á og mælt er fyrir um í 1. tölul. c-liðar hér að framan lengdur í 48 stundir, en viðbótarstundirnar 12 sem lengja hvíldartímann í 48 stundir þurfa ekki að falla innan 7 daga tímabilsins.

h) Ef g-liður hér að framan gildir skal flugrekandi ekki velja þann kostinn að nota 60 stunda hvíldartíma sem mælt er fyrir um í 2. tölul. c-liðar hér að framan.

JAR-OPS 1.1115 Hér á að vera eyða

JAR-OPS 1.1120 Tímamunur
(Sjá AMC OPS 1.1120)

Ef tímamunur milli tveggja staða þar sem vakt hefst og endar er 4 klukkustundir eða meiri skal flugrekandi taka tillit til áhrifanna sem þetta getur haft á flugverja með því að tiltaka lengri hvíld.

JAR-OPS 1.1125 Bakvakt

a) Kjósi flugrekandi að hafa áhafnir á bakvakt skal hann:
1) setja eftirfarandi tímamörk á bakvaktir flugverja;

Tafla 6 – Tímamörk fyrir bakvakt

Boðunartími (a)	Lengsta bakvakt (b)
0 – 5 klst. 59 mín.	12 klst.
6 klst. eða meira	18 klst.

2) sjá til þess að viðeigandi gistiaðstaða sé fyrir hendi ef:
i) flugverji er settur á bakvakt fjarri heimahöfn; eða
ii) bakvakt er tekin á flugvelli;
3) tilkynna flugverja hvenær bakvakt hefst, hvenær henni lýkur og hver lágmarks-boðunartími er;
4) sjá til þess að eftirfarandi sé talið með í heildartíma vaktanna sem mælt er fyrir um í b-lið JAR-OPS 1.1085 eða a-lið JAR-OPS 1.1090, eftir því sem við á:
i) 50% af bakvaktartíma hvers flugverja (að frátöldum fyrstu 4 klukkustundum bakvaktar sem er tekin heima); og
ii) ef flugverji er boðaður til vinnu, 50% alls boðunartíma sem er undir 10 klukkustundum;

5) sjá til þess, ef flugverji er settur á bakvakt í beinu framhaldi af vakt og án hvíldar þar á milli, að vaktar- og bakvaktartímarnir séu lagðir saman og bætt við:
   i) flugvakt sem kemur í beinu framhaldi þar á eftir; eða
   ii) vakt sem kemur í beinu framhaldi þar á eftir;
6) sjá til þess að flugverji sem lýkur bakvakt án þess að vera kallaður á vakt fái að minnsta kosti 10 klukkustunda hvíldartíma áður en næsta vakt eða bakvakt hans hefst.

b) Flugrekandi skal sjá til þess, ef seinkun verður á flugi áður en flugverji fer af hvíldarstað þann dag sem flug er áætlað, að flugverjinn teljist vera á bakvakt sem hefst á upphaflega áætluðum mætingartíma. Þegar svo er skal flugrekandi tilgreina boðunartíma.

JAR-OPS 1.1130 Ófyrirséðar aðstæður í flugstarfinu sjálfu

a) Í flugstarfinu sjálfu, sem hefst á mætingartíma, er heimilt að breyta takmörkunum um flugvaktir, vinnu- og hvíldartíma, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, ef ófyrirséðar aðstæður koma upp. Flugstjórinn þarf að geta fallist á breytingarnar, að höfðu samráði við alla hina flugverjana, og þær verða jafnan að vera í samræmi við eftirfarandi:
   1) ekki er heimilt að lengja leyfilega flugvakt um meira en 2 klukkustundir nema:
      i) fjölgað hafi verið í flugáhöfn og er þá heimilt að lengja leyfilega flugvakt um 3 klukkustundir hið mesta; eða
      ii) þegar um þjónustuáhöfn er að ræða, leyfileg flugvakt hafi verið lengd í samræmi við c-lið JAR-OPS 1.1090 og er þá heimilt að lengja leyfilega flugvakt um 3 klukkustundir hið mesta;
   2) skapist ófyrirséðar aðstæður eftir flugtak í lokaflugi flugvaktar, sem leiða til þess að farið er fram yfir leyfilega lengingu, er heimilt að halda fluginu áfram til ákvörðunarflugvallar eða varaflugvallar á áætlun; og
   3) heimilt er að stytta hvíldartímann um 2 klukkustundir hið mesta en þó má hann ekki verða skemmri en 10 $^{1}/_{2}$ klukkustund, að því tilskildu að fyrri hvíldartími sama flugverja hafi ekki verið styttur. Bæta verður tímanum sem hvíldartíminn er styttur um við næsta hvíldartíma sem ekki er leyfilegt að stytta.

b) Komi upp ófyrirséð staða, eftir að flugvakt hefst, sem leiðir til þess að flugrekandi lætur flugverja taka sér vinnuhlé skal viðkomandi flugverja/flugverjum tilkynnt um það áður en vinnuhléið hefst og gilda þá ákvæðin um skipta vakt sem mælt er fyrir um í JAR-OPS 1.1105.

c) Ef ófyrirséðar aðstæður valda því að vakt sem samkvæmt áætlun lá utan tímabilsins 01:00 - 06:59 að staðartíma á mætingarstað fellur meira en eina klukkustund innan þess tímabils skal flugrekandi sjá til þess að farið sé að ákvæðum g- og h-liðar JAR-OPS 1.1110.

d) Flugrekandi skal sjá til þess að:
   1) flugstjórinn gefi flugrekanda jafnan skýrslu ef flugvakt er lengd eða hvíldartími styttur í flugstarfinu sjálfu; og
   2) ef flugvakt er lengd eða hvíldartími styttur um meira en eina klukkustund, þá sé afrit af skýrslunni ásamt tilskilinni umsögn flugrekanda um skýrsluna sent flugmálayfirvöldum eigi síðar en 28 dögum eftir atburðinn.

JAR-OPS 1.1135 Flugvaktaskrár, vinnu- og hvíldartímaskrár
(Sjá AMC OPS 1.1135)

a) Flugrekandi skal sjá til þess að haldnar séu nógu nákvæmar skrár fyrir hvern flugverja um:

1) fartíma hans;
2) flugvaktir;
3) vaktir; og
4) hvíldartíma og staðardaga þar sem hann er laus við alla vinnuskyldu, til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessa kafla.

b) Flugverji sem starfar sjálfstætt og/eða er í lausamennsku eða á eigin vegum skal halda sérstaka skrá, eftir því sem við á, um:
1) fartíma sína;
2) flugvaktir;
3) vaktir; og
4) hvíldartíma og staðardaga þar sem hann er laus við alla vinnuskyldu, sem hann skal framvísa, áður en hann byrjar á flugvakt, hjá öllum flugrekendum sem nýta sér þjónustu hans (sjá b-lið AMC OPS 1.1135).

Sérákvæði um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna í flutninga- og verkflugi með þyrlum.

JAR-OPS 3.1080 Orðskýringar

(1) Fartími þyrlu (Helecopter flight time): Tíminn frá því að þyrla hefst af stæði sínu eða hleðslustað hvort sem er síðar til að hefja flug þar til hún stöðvast á stæði sínu eða afhleðslustað hvort sem er fyrr. Loftakstur þyrlu og sá tími sem þyrlar eru í gangi teljast til fartíma þyrlu.

JAR-OPS 3.- - - - Sérákvæði um takmarkanir á vinnu- og flugtíma í þyrlurekstri

a) Fartímar á þyrlu.
1) Flugrekandi skal sjá til þess, að samanlagðir fartímar, sem hverjum flugverja eru ætlaðir sem starfandi flugverja í flugi fari ekki yfir:
i) 800 klst. á hverju samfelldu 12 mánaða tímabili; og
ii) 90 klst. á hverju samfelldu 28 daga tímabili; og
iii) 35 klst. á hverju samfelldu 7 daga tímabili.
2) Flugrekandi skal sjá til þess að að á hverju samfelldu 28 daga tímabili séu flugvaktstundir ekki fleiri en 170 og ekki fleiri en 60 á hverju samfelldu 7 daga tímabili.
3) Leyfileg lengd flugvaktar og lengd fartíma á hverri vakt, skal taka mið af upphafstíma sem hér segir:
i) 06:00-06:59 Vaktin má vara 9 klst. þ.a. fartími 6 klst.
ii) 07:00-13:59 Vaktin má vara 10 klst. þ.a. fartími 7 klst.
iii) 14:00-21:59 Vaktin má vara 9 klst. þ.a. fartími 6 klst.
iv) 22:00-05:59 Vaktin má vara 8 klst. þ.a. fartími 5 klst.

b) Sérregla um stutt síendurtekin flug með þyrlu.
Flugrekandi skal sjá til þess, að þegar flogin eru stutt síendurtekin flug með þyrlu, þar sem lent er 5 sinnum á hverri klst. eða oftar, þá fái áhöfnin a.m.k 30 mínútna hvíldarhlé á hverjum þremur klst. af flugvaktinni.
Hámarksfjöldi lendinga má ekki fara fram úr 60 á hverri flugvakt að degi til, og ekki fram úr 30 á hverri flugvakt að nóttu, þannig að hver lending eftir að dimmir eða áður en birtir, telur sem tvær í þessu tilliti.

c) Heimilt skal að útfæra ákvæði þessarar greinar nánar í flugrekstrarhandbók hlutaðeigandi flugrekanda, en gætt skal í því sambandi reglna JAR-OPS 3.

STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 2001

16. október 2001 2455 Nr. 783

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinnar um þóknun orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við rekstur aðfangaeftirlitsins skv. reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 2,5% af innflutningsverði (c.i.f.) vöru sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 2,5% af söluverði innlendrar vöru (án vsk) sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins. Gjalddagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember árið á undan og 1. september fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní viðkomandi ár, ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati aðfangaeftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaeftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan tuttugu daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að aðfangaeftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaeftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu aðfangaeftirlitsins til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan þriggja mánaða frá móttöku bréfs aðfangaeftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu aðfangaeftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

Landbúnaðarráðherra gefur út gjaldskrá fyrir aðfangaeftirlitið þar sem m.a. er kveðið á um gjöld vegna sértæks eftirlits.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast gildi 1. janúar 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 784 18. október 2001

REGLUGERÐ

um fljótandi eldsneyti.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr hugsanlegum skaðlegum áhrifum eldsneytis, sem notað er í ökutæki, fyrir iðnað, húshitun, skip, vélar og tæki, á heilsu fólks og umhverfi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eldsneyti til notkunar í ökutæki, vinnuvélar, skip og önnur tæki sem búin eru rafkveikju- eða þrýstikveikjuhreyflum, auk eldsneytis til nota í iðnaði og til hitunar.

Reglugerð þessi gildir einnig um metanól sem eldsneyti fyrir flugför og flugmódel.

Reglugerð þessi gildir ekki um eldsneyti sem ætlað er til nota í siglingum milli landa, á flugvélar og í hernaði.

3. gr.

Skilgreiningar.

Bensín: Allar rokgjarnar olíur sem ætlaðar eru til þess að knýja rafkveikjuhreyfla sem notaðir eru í hvers konar tæki og búnað annan en flugvélar.

Gasolía: Eldsneyti sem unnið er úr jarðolíu og sem tilheyrir millieimingarsviði þar sem a.m.k. 85% af rúmmáli eimast við 350°C skv. ASTM D86. Gasolía skiptist í:

a. Bílagasolíu (díselolíu): Gasolía, sem einkum er ætluð fyrir sjálfknúin ökutæki sem um getur í tilskipunum 70/220/EBE og 88/77/EBE, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Gasolía sem er ætluð til nota á færanlegar vinnuvélar sem ætlaðar eru til nota utan vegar.
b. Skipagasolíu: Gasolía, sem einkum er ætluð fyrir skip og báta.
c. Aðra gasolíu: Gasolía, sem ætluð er til annarra nota en í a. og b., s.s. til hitunar eða í iðnaði.

Svartolía: Eldsneyti sem er ætlað til nota í skipum og föstum brennslustöðvum á landi. Eldsneyti sem unnið er úr jarðolíu, annað en gasolía, og sem flokkast sem þungar olíur á grundvelli eimingarsviðis og þar sem minna en 65% af rúmmáli eimast við 250°C skv. ASTM D86. Ef ekki er mögulegt að ákvarða eimingarhlutfall fellur eldsneytið einnig undir þennan flokk.

4. gr.
Kröfur til eldsneytis.

Einungis er heimilt að flytja inn og selja eldsneyti sem uppfyllir kröfur sem settar eru fram í I.-IV. viðauka.

Frá 1. janúar 2005 er einungis heimilt að flytja inn og selja bensín og bílagasolíu sem uppfyllir einnig strangari kröfur sem settar eru fram í I.-II. viðauka, aftasta dálki.

Frá 1. janúar 2008 má ekki nota gasolíu með meiri brennisteini en 0,1% á svæðum þar sem hætta er á að loftgæði með tilliti til brennisteins fari yfir umhverfismörk fyrir brennisteinsdíoxíð, sbr. reglugerðir sem um þau gilda.

Frá 1. janúar 2013 má ekki nota gasolíu með meiri brennisteini en 0,1%, sbr. IV. viðauka, aftasta dálk.

Frá 1. janúar 2003 má ekki nota svartolíu með meiri brennisteini en 1%, sbr ákvæði í III. viðauka, aftasta dálk, á svæðum, þar sem hætta er á að loftgæði með tilliti til brennisteins fari yfir umhverfismörk fyrir brennisteinsdíoxíð sbr. reglugerðir sem um þau gilda, nema annað sé sérstaklega tilgreint í starfsleyfi viðkomandi brennslustöðvar með viðeigandi mótvægisaðgerðum.

Um skipagasolíu gilda ákvæði í III. viðauka.

5. gr.
Eftirlit.

Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

6. gr.
Skýrslugjöf.

Innflytjendur eldsneytis skulu senda Hollustuvernd ríkisins mælingar viðurkenndra rannsóknastofa á þeim prófunarþáttum sem tilgreindir eru í I.-IV. viðauka. Allir eldsneytisfarmar sem fluttir eru til landsins skulu prófaðir samkvæmt þeim prófunaraðferðum sem tilgreindar eru í I.-IV. viðauka. Skila skal skýrslum fyrir 1. mars ár hvert fyrir síðastliðið ár, í fyrsta skipti árið 2002.

7. gr.
Íblöndunarefni.

Óheimilt er að selja eða setja íblöndunarefni í eldsneyti, sem raskað getur efnasamsetningu eldsneytisins þannig að það uppfylli ekki ákvæði I.-IV. viðauka. Önnur íblöndunarefni má ekki selja eða setja í eldsneytið nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins.

8. gr.
Metanól.

Olíuinnflytjendum er heimilt að selja vatnsblöndur metanóls til eldsneytis á flugför án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, sbr. ákvæði reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa. Heimildin er bundin því skilyrði að metanólblöndurnar séu tryggilega geymdar og afgreiddar beint á sérstaka geyma í flugförum.

Seljandi skal færa upplýsingar um selt magn metanóls í þar til gerða sölubók sem Hollustuvernd ríkisins leggur til.

Verslunum er fengið hafa til þess leyfi ráðherra er heimilt, að fengnum meðmælum Hollustuverndar ríkisins, að flytja inn eða selja til eldsneytis á módelmótora blöndur rísínusolíu (laxerolíu), tilbúinnar olíu og metanóls án þess að til kaupanna þurfi sérstök leyfi. Magn rísínusolíu skal vera minnst 2% í blöndum þessum.

Sölu- og innflutningsleyfi þessi skulu bundin nánari skilyrðum um ílát, merkingar, færslur í sölubækur, varðveislu o.fl. í samræmi við leyfi viðkomandi verslana sbr. 1. mgr.

Módeleldsneyti sem inniheldur yfir 10% metanól má aðeins selja eða afhenda þeim sem eru 18 ára eða eldri.

9. gr.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit þegar við á. Að öðru leyti gilda um valdsvið og þvingunarúrræði ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Viðurlög.

Mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

11. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 29. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, með síðari breytingum og 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum tl. 6 og 6.a í XVII. kafla, II. viðauka og XX. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 93/12/EBE um gæði bensín- og dísileldsneytis, ásamt breytingum í tilskipunum 98/70/EB og tilskipun 99/32/EB, ásamt tilskipun 2000/71 um aðlögun mæliaðferða að tækniþróun.

Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð um brennisteinsmagn í gasolíu, nr. 22/1995. Frá sama tíma falla úr gildi 8., 14. og 15. gr. reglugerðar um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, nr. 137/1987, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2002.

Umhverfisráðuneytinu, 18. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Kröfur til eldsneytis sem notað er í tæki sem búin eru rafkveikjuhreyflum.

Gerð: **Bensín**

Færibreyta	Mæliein.	Markgildi nú (1)		Prófun		Markgildi 2005 (1)	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfudagur	Lágmark	Hámark
Prófunaroktantala		95	–	EN 25164	1993	95	
Hreyfilsoktantala		85	–	EN 25163	1993	85	
Gufuþrýstingur sumar (2)	kPa	–	70,0	Pr.EN-13016-1 (DVPE)	1997	–	
Eiming:							
– uppgufun v. 100 °C	% v/v	46,0	–	EN-ISO 3405	1988	–	–
– uppgufun v. 150 °C	% v/v	75,0	–	EN-ISO 3405	1988	–	–
Vetniskolefnisgreining:							
– alkenar (ólefín) (3)(4)(5)	% v/v	–	18,0 (6)	ASTM D1319	1995	–	
– arómatísk efni (3)(4)(5)	% v/v	–	42,0	ASTM D1319	1995	–	35,0
– bensen (7)	% v/v	–	1,0	EN 12177 EN 238	1068 1996	–	
Súrefnisinnihald	% m/m	–	2,7	EN 1601 Pr. EN 13132	1997 1998	–	
Oxuð efni: (8)				EN 1601 Pr. EN 13132	1997 1998		
– metanól, bæta þarf við bindiefnum	% v/v	–	3			–	
– etanól, bindiefni kunna að vera nauðsynleg	% v/v	–	5			–	
– ísóprópanól	% v/v	–	10			–	
– tert-bútýlalkóhól	% v/v	–	7			–	
– ísóbútýlalkóhól	% v/v	–	10			–	
– eterar með 5 eða fleiri kolefnisatóm í sameind	% v/v	–	15			–	
Önnur oxuð efni (9)	% v/v	–	10			–	
Brennisteinsinnihald (10)	mg/kg	–	150	EN-ISO 14596 EN-ISO 8754 EN-ISO 24260	1998 1995 1994	–	50
Blý	g/l	–	0,005	EN 237	1996	–	

(1) Gildin, sem vísað er til í forskriftinni, eru „raungildi". Við ákvörðun á markgildum þeirra hafa verið notuð heiti úr staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 *„Petroleum products – Determination and application of precision data in relation to methods of test"* og við ákvörðun lágmarksgildis hefur verið tekið tillit til lágmarksmunar sem nemur 2R yfir núlli (R = samanburðarnákvæmni). Túlka skal niðurstöður úr einstökum mælingum á grundvelli viðmiðana sem lýst er í staðli Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO) 4259 (gefinn út 1995).

(2) Sumartímabilið hefst 1. júní og lýkur 31. ágúst.

(3) Magn súrefnissambanda skal ákvarðað til að unnt sé að koma við leiðréttingum samkvæmt ákvæði 13.2 í ASTM D 1319:1995.

(4) Þegar etýl-tertbútýletri er í sýninu skal ákvarða arómatíska svæðið út frá bleikbrúna hringnum sem er neðan við rauða hringinn sem venjulega er stuðst við þegar etýl-tertbútýletri er ekki í sýninu Unnt er að ákvarða hvort etýl-tertbútýletri er í sýninu með greiningunni sem lýst er í 3. neðanmálsgrein.

(5) Í þessu skyni er notaður staðallinn ASTM D 1319:1995 án valfrjálsa þrepsins þar sem pentansvipting fer fram. Af þeim sökum gilda ekki ákvæði 6.1, 10.1 og 14.1.1.

(6) Að undanskildu venjulegu blýlausu bensíni (hreyfilsoktantala að lágmarki 81 og prófunaroktantala að lágmarki 91) þar sem ólefínmagnið er að hámarki 21% miðað við rúmmál. Þessi mörk skulu ekki koma í veg fyrir að annars konar blýlaust bensín með lægri oktantölu en sett er fram í þessum viðauka sé innleitt á markað í aðildarríki.

(7) Komi ágreiningur upp skal nota EN 12177:1998.

(8) Komi ágreiningur upp skal nota EN 1601:1997.

(9) Önnur eingild alkóhól með lokaeimingarmark ekki hærra en lokaeimingarmarkið sem mælt er fyrir um í innlendum forskriftum eða, þar sem þær eru ekki til, í iðnaðarforskriftum fyrir vélaeldsneyti.

(10) Komi ágreiningur upp skal nota EN 12177:1998.

II. VIÐAUKI

Kröfur til eldsneytis sem notað er í ökutæki sem búin eru þrýstikveikjuhreyflum.

Gerð: **Bílagasolía (dísileldsneyti)**

Færibreyta	Mæliein.	Markgildi nú (1)		Prófun		Markgildi 2005 (1)	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfudagur	Lágmark	Hámark
Setantala		51,0	–	EN-ISO 5165	1998		–
Eðlismassi við 15 °C (2)	kg/m	–	845	EN-ISO 3675 EN-ISO 12185	1998 1996	–	
Eiming: 95% mark	°C	–	360	EN-ISO 3405	1988	–	
Fjölhringja arómatísk vetniskolefni (3)	% m/m	–	11	IP 391	1995	–	
Brennisteinsinnihald (4)	mg/kg	–	350	EN-ISO 14596 EN-ISO 8754 EN-ISO 24260	1998 1995 1994	–	50

(1) Sjá I. viðauka.
(2) Þegar upp koma deilur skal nota EN ISO 3675:1998.
(3) Fjölhringja arómatísk vetniskolefni eru skilgreind sem heildar arómatísk vetniskolefni án einhringja arómatískra vetniskolefna.
(4) Þegar upp koma deilur skal nota EN ISO 14596:1998.

III. VIÐAUKI

Kröfur varðandi brennistein í eldsneyti.

Gerð: **Svartolía og skipagasolía**

Færibreyta	Mæliein.	Markgildi (1)		Prófun		Markgildi vegna loftgæða 2003 (1)	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfudagur	Lágmark	Hámark
Brennisteinn í svartolíu	m/m%	–	2%	EN-ISO 14596 ISO 8754	1998 1992	–	1%(2)
Brennisteinn í skipagasolíu	m/m%	–	0,2%	EN-ISO 14596 ISO 8754	1998 1992	–	0,2%

(1) Sjá I. viðauka.
(2) Sbr. 5. mgr. 4. gr. í reglugerð þessari.

IV. VIÐAUKI

Kröfur varðandi brennistein í eldsneyti.

Gerð: **Önnur gasolía**

Færibreyta	Mæliein.	Markgildi (1)		Prófun		Markgildi vegna loftgæða 2008 og 2013 (1)	
		Lágmark	Hámark	Aðferð	Útgáfudagur	Lágmark	Hámark
Brennisteinn	m/m%	–	0,2%	EN-ISO 14596 EN 24260 ISO 8754	1998 1987 1992	–	0,1%(2)

(1) Sjá I. viðauka.
(2) Sbr. 3. og 4. mgr. 4. gr. í reglugerð þessari.

16. október 2001 Nr. 785

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.

1. gr.

30. gr. reglugerðarinnar um þóknun orðist svo:

Til að standa straum af kostnaði við rekstur aðfangaeftirlitsins skv. reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,2% af innflutningsverði (c.i.f.) vöru sem reglugerðin gildir um, sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,2% af söluverði innlendrar vöru (án vsk) sem reglugerðin gildir um. Gjaldið skal innheimt tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins. Gjalddagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember árið á undan og 1. september fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní viðkomandi ár, ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati aðfangaeftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaeftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan tuttugu daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að aðfangaeftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaeftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu aðfangaeftirlitsins til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan þriggja mánaða frá móttöku bréfs aðfangaeftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu aðfangaeftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

Landbúnaðarráðherra gefur út gjaldskrá fyrir aðfangaeftirlitið þar sem m.a. er kveðið á um gjöld vegna sértæks eftirlits.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast gildi 1. nóvember 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 786 18. október 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða.

1. gr.

A-liður 1. gr. viðauka I orðist svo:

Skrokkar af gimbrarlömbum að tólf mánaða aldri og skrokkar af hrútlömbum sem slátrað er fyrir 27. október og eftir 1. mars, svo og skrokkar af geltum hrútlömbum, að 12 mánaða aldri, enda hafi þau verið gelt í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir slátrun. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum D.

E-liður 1. gr. viðauka I orðist svo:

Skrokkar af fullorðnum og veturgömlum hrútum sem slátrað er eftir 10. október og lambhrútum sem slátrað er eftir 26. október til og með 1. mars. Þeir skulu auðkenndir með bókstafnum H.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. október 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir

STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 2001

22. október 2001 2463 Nr. 787

REGLUGERÐ

um bann við humarveiðum við Surtsey.

1. gr.

Frá og með 23. október 2001 eru alla veiðar með humarvörpu óheimilar við Surtsey, á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1. 63° 20'00 N – 21° 00'00 V
2. 63° 16'00 N – 20° 30'00 V
3. 63° 21'00 N – 20° 15'00 V
4. 63° 21'00 N – 20° 04'00 V
5. 63° 10'00 N – 20° 11'00 V
6. 63° 10'00 N – 21° 00'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. október 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 439/2001 um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á grænmeti í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:	Innflutningur á tímabilinu 1. nóv. til 15. mars				
0705.1111	Jöklasalat	01.11.01 – 15.03.02	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað	01.11.01 – 15.03.02	ótilgr.	0	0
0707.0012	Reitagúrkur	01.11.01 – 15.03.02	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 22. október 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 2001

8. október 2001 2465 Nr. 789

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr.	5.722
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr.	4.725

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef starfsemi tekur þátt í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) eða ISO 14001, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:	
Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
Auk auglýsingakostnaðar ef við á	
Ný starfsemi:	
Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
Auk eftirlitsgjalds viðkomandi fyrirtækjaflokks	
Auk auglýsingakostnaðar ef við á	
Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:	
Starfsleyfisgjald	eitt tímagjald
Skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs.	
Auk auglýsingakostnaðar ef við á	

Gutenberg

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6.gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarðasvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar, viðauka A, og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 781/1999 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vestfjarðasvæðis frá 1999.

F.h. heilbrigðisnefndar Vestfjarða, 8. október 2001,

Anton Helgason framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

ÍSAT nr.	*Heiti atvinnugreinar*	*Áætluð tíðni eftirlits/ár*	*Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.*
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru	0,5	12.159
90.00.0.3	Aðrar skólphreinsistöðvar		-
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	1	30.041
01.24.0.2	Alifuglarækt > 40.000 stæði	2	60.081
63.23.0.1	Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5	25.034
52.31.0.0	Apótek	0,5	13.590
26.82.9.1	Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest	0,5	-
85.11.5.0	Áfengismeðferð	0,25	5.364
52.25.0.0	Áfengisverslun	0,5	8.583
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	12.159
93.02.0.3	Baðhús	0,5	9.298
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	28.610
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	39.057
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2	84.833
50.50.0.1	Bensínstöðvar án matvæla	1	20.027
50.50.0.2	Bensínstöðvar með matvöru	1	45.776
50.50.0.3	Bensínstöðvar með veitingasölu	1	61.945
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	17.166
60.21.0.1	Bið- og endastöðvar strætisvagna	0,25	3.576
60.22.0.1	Biðstöðvar leigubifreiða	0,25	3.576
50.20.0.4	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	0,5	13.590
50.20.0.5	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	0,5	15.020
50.20.0.6	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	0,5	16.451
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	9.298
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	0,5	10.729
50.20.0.3	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	12.159
50.20.0.8	Bifreiðaréttingar	0,25	4.649
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	0,5	15.020
50.30.0.1	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	0,5	13.590
50.30.0.2	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	0,5	22.173
50.30.0.3	Bílapartasölur	0,5	15.736
15.96.0.0	Bjórgerð	1	40.054
28.52.0.1	Blikksmiði	0,25	4.292
01.12.2.0	Blómarækt	0,25	7.868
50.20.0.10	Bón- og bílaþvottur, handvirkt	0,5	7.153
50.20.0.9	Bón- og bílaþvottur, sjálfvirkt	0,5	15.020
55.30.1.8	Brauðstofur	1	31.471
15.81.0.1	Brauðverksmiðjur	1	52.365
52.46.1.2	Byggingavöruverslanir, litlar	0,25	11.086
52.46.1.1	Byggingavöruverslanir, stórar	0,5	33.617
55.23.0.2	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	0,5	8.583
55.23.0.1	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	0,5	11.444
85.32.1.1	Dagmömmur með > 6 börn	0,25	4.649
92.34.0.1	Dansskólar	0,25	4.649
85.11.1.1	Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mötuneytis	0,5	15.736
85.11.1.2	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	40.054
85.11.1.3	Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	1	51.932
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis	0,5	12.159
85.11.4.2	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	32.902
85.11.4.3	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1	43.349
85.20.0.1	Dýralæknastofur án röntgen	0,25	4.292
85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen	0,5	9.298
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	12.875

ÍSAT nr.	*Heiti atvinnugreinar*	*Áætluð tíðni eftirlits/ár*	*Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.*
93.01.0.2	Efnalaugar	0,5	10.729
85.11.3.0	Endurhæfing	0,5	10.014
37.20.0.1	Endurvinnsla úrgangs	0,25	1.431
75.23.0.1	Fangelsi, lítið	0,5	11.444
75.23.0.2	Fangelsi, miðlungs	1	34.332
75.23.0.3	Fangelsi, stórt	1	40.054
55.21.0.1	Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	0,25	4.292
55.21.0.2	Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	0,25	4.292
85.32.6.2	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	1	37.627
85.32.6.1	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	1	27.180
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,5	12.159
52.23.0.4	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1	18.597
52.23.0.5	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	1	21.458
52.23.0.6	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	1	30.474
52.23.0.1	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	1	22.888
52.23.0.2	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	1	33.335
52.23.0.3	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	1	36.196
51.17.2.0	Fiskmarkaðir	1	20.027
15.20.7.2	Fiskmjölsvinnsla	0	-
15.42.0.1	Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	1	31.471
63.23.0.2	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	0,25	2.503
63.23.0.1	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5	10.014
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	9.298
74.81.0.2	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	0,5	11.444
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,25	4.649
15.61.0.2	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	1	43.782
26.11.0.0	Framleiðsla á glerplötum	0,25	1.431
24.11.0.0	Framleiðsla á iðnaðargasi	2	37.193
15.31.0.3	Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	1	30.474
20.20.0.0	Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	0,25	1.074
15.41.0.1	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	1	25.749
15.41.0.2	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	2	51.498
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasti	0,25	4.292
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	14.305
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	1	40.054
15.71.2.0	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	0,25	4.292
26.13.0.0	Framleiðsla gleríláta	0,25	3.934
15.98.0.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil	1	34.332
15.98.0.2	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	1	44.779
15.98.0.3	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	2	110.582
15.42.0.0	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	1	25.749
15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs	0,25	4.292
15.88.0.0	Framleiðsla mjólkurdufts	1	44.779
26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	0,25	6.080
21.22.0.0	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	0,25	5.007
80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis	0,5	15.736
80.21.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	1	47.207
80.21.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	1	40.054
80.22.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis	0,5	15.736
80.22.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	1	51.932
80.22.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	1	40.054
80.22.0.4	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	1	65.673
80.30.0.1	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	0,5	15.736

ÍSAT nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
80.30.0.3	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	1	51.932
80.30.0.2	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	1	40.054
20.10.0.1	Fúavörn á viði	0,25	1.788
63.12.0.4	Fyrirtæki sem geyma klórgas	0,25	1.431
24.20.0.1	Garðaúðun	0,5	12.875
63.12.0.7	Gasbirgðastöðvar með < 100 m^3 geymslurými (STP)	1	5.722
63.12.0.6	Gasbirgðastöðvar með > 100 m^3 geymslurými (STP)	1	5.722
90.00.0.5	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,5	12.159
90.00.0.4	Gámastöð	0,25	6.080
80.10.0.1	Grunnskólar án mötuneytis	0,5	9.298
80.10.0.3	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	1	51.932
80.10.0.2	Grunnskólar með móttökueldhúsi	1	40.054
25.13.0.1	Gúmmívinnsla	0,25	4.649
52.49.1.0	Gæludýraverslun	0,25	3.576
85.32.2.3	Gæsluvellir	0,5	13.590
15.20.5.0	Harðfiskverkun	0,25	5.364
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5	10.729
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur	0,5	9.298
51.44.2.0	Heildverslun með hreingerningarefni	1	67.234
51.31.0.1	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	1	22.888
51.31.0.2	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	1	28.610
51.31.0.3	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	1	41.918
51.55.0.1	Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	1	44.346
51.45.0.0	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	1	67.234
51.45.0.1	Heildverslun með snyrtivöru	1	67.234
51.36.0.0	Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	1	31.471
51.39.0.1	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	1	22.888
51.39.0.2	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	1	28.610
51.39.0.3	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	1	39.057
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,25	5.364
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglinga	0,25	4.649
15.20.4.1	Heitloftsþurrkun fiskafurða	1	18.597
92.62.0.1	Hestahald	0,25	4.649
55.11.0.1	Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir)	1	37.193
55.11.0.2	Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir)	1	50.068
55.11.0.3	Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 gestir)	1	67.667
55.12.0.1	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)	0,25	4.649
55.12.0.2	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir)	0,5	11.444
55.12.0.3	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt (>100 gestir)	0,5	12.875
24.51.0.1	Hreinlætisvöruverksmiðjur	0,5	22.173
01.42.0.1	Hundahótel	0,25	3.934
85.14.9.4	Húðflúrstofur	1	21.458
85.14.9.5	Húðgötun	1	21.458
92.53.0.1	Húsdýragarðar	0,25	4.649
36.12.0.1	Húsgagnaiðnaður með lökkun	0,5	2.861
15.52.0.0	Ísgerð	2	104.730
92.61.0.4	Íþróttahús, lítil	0,5	10.729
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	13.590
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	0,5	16.451
92.61.0.7	Íþróttavellir	0,25	4.649
52.46.1.3	Járnvöruverslanir	0,5	22.173
15.42.0.3	Kaldhreinsun lýsis	1	25.749
01.25.9.0	Kanínurækt	0,25	3.934
15.31.0.1	Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	1	30.474

ÍSAT nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
15.31.0.2	Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	2	56.223
15.31.0.0	Kartöfluvinnsla - pökkun	0,25	4.292
01.42.0.2	Kattahótel	0,25	3.934
15.82.0.1	Kexverksmiðjur	2	79.111
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	4.649
91.31.1.2	Kirkjur með safnaðarheimili m/móttökueldhúsi	0,5	9.298
85.14.9.2	Kírópraktor	0,25	4.649
15.13.0.7	Kjötpökkunarstöð	2	87.564
15.13.0.4	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	1	43.782
15.13.0.5	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	2	110.452
15.13.0.6	Kjötvinnsla með reykingu, stór	3	183.711
15.13.0.1	Kjötvinnsla, lítil	1	32.338
15.13.0.2	Kjötvinnsla, miðlungs	2	87.564
15.13.0.3	Kjötvinnsla, stór	3	149.379
55.40.0.2	Krár, kaffihús án matsölu (lítil starfsemi >50 gestir)	0,5	10.014
55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu	1	27.180
15.87.0.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	1	20.027
15.87.0.2	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	1	33.335
15.87.0.3	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	1	41.918
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	13.590
63.12.0.5	Kæli- og frystigeymslur	0,25	2.503
29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	0,25	8.225
15.82.0.2	Kökugerð, lítil	1	18.597
15.82.0.3	Kökugerð, miðlungs	1	29.044
15.82.0.4	Kökugerð, stór	1	31.905
15.20.8.0	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	1	30.474
15.20.8.1	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	1	43.782
15.20.8.2	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	1	54.229
05.02.2.0	Land- og kvíaeldi	0,5	14.305
15.33.0.3	Lauksteikingarverksmiðjur	1	25.749
19.10.0.1	Leðurvinnsla	0,25	2.503
92.31.0.1	Leikhús án eldhúss eða eingöngu upphvottur	0,25	4.649
92.31.0.3	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	1	32.902
92.31.0.2	Leikhús með móttökueldhúsi	0,5	13.590
85.32.2.2	Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	1	35.763
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	1	28.610
26.21.0.1	Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m^3	0,25	1.431
17.30.0.1	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	1	12.875
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	9.298
93.04.0.4	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	1	23.322
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	1	21.458
93.04.0.5	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	1	26.183
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	22.888
93.04.0.6	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	1	27.613
93.03.0.1	Líkbrennslur	0,25	4.649
74.81.0.3	Ljósmyndastofur með framköllun	0,5	10.014
01.25.2.0	Loðdýrabú	1	28.610
24.42.0.0	Lyfjagerð	0,25	11.086
85.12.2.2	Læknahús með aðgerðarstofum	0,25	4.649
85.12.2.1	Læknastofur	0,25	4.649
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám	0,25	6.080
52.62.0.0	Markaðir	1	42.915
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir)	1	27.180
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir)	1	44.779
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir (>100 gestir)	1	50.501

ÍSAT nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
55.30.1.7	Matsöluvagnar	1	24.319
52.11.2.4	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1	22.888
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	1	39.057
52.11.2.6	Matvöruverslun án vinnslu, stór	1	50.501
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	1	34.766
52.11.2.2	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs (t.d. kjötsögun, grillun á kjúklingum)	1	56.657
52.11.2.3	Matvöruverslun með vinnslu, stór	1	72.826
27.50.0.1	Málmsteypa < 20 tonn á dag	0,5	2.861
52.46.2.0	Málningar- og veggfóðurverslun	0,5	22.173
24.30.0.1	Málningarverksmiðjur	1	75.817
52.46.2.1	Málningarvöruverslanir	0,25	11.086
28.51.0.0	Meðferð og húðun málma	0,5	12.159
15.61.0.1	Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag	0,25	1.431
15.51.0.1	Mjólkurbú	1	71.265
15.51.0.0	Mjólkurbú og ostagerð	3	178.553
15.20.7.1	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	0	-
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	10.014
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	2	111.579
15.42.0.2	Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	1	25.749
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	1	28.610
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	1	34.332
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (>100 gestir)	1	47.640
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	1	24.752
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	1	27.180
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt (>100 gestir)	1	32.902
14.50.0.0	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu		-
14.30.0.0	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	0,25	6.080
51.57.0.1	Niðurrif bifreiða	1	17.166
93.04.0.9	Nuddstofur	0,25	4.649
22.22.1.0	Offsett- og hæðarprentun	1	24.319
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	1	45.776
15.51.0.2	Ostagerð	2	85.830
21.21.0.1	Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	0,25	3.934
25.21.0.1	Plastiðnaður	0,5	10.729
22.22.9.4	Prentiðnaður með framköllun	0,5	14.305
22.22.9.1	Prentiðnaður, lítill	0,5	11.444
22.22.9.2	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	14.305
22.22.9.3	Prentiðnaður, stór	1	41.485
22.24.0.0	Prentsmið	0,5	12.159
22.21.0.0	Prentun dagblaða	1	45.776
31.40.0.1	Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	0,25	-
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði	0,25	4.649
85.14.3.0	Rannsóknarstofur í læknisfræði	0,25	4.649
50.20.0.11	Ryðvarnarverkstæði	0,5	22.888
85.14.3.1	Röntgenstofur	0,5	9.298
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	22.888
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	33.335
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	1	44.779
52.49.9.4	Sala eiturefna	1	55.790
15.33.0.2	Salatgerð	1	38.060
15.20.2.0	Saltfiskverkun	0,5	9.298
14.40.0.0	Saltvinnsla	1	24.319
55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25	4.649
55.40.0.5	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	1	32.902
55.40.0.4	Samkomusalir með móttökueldhúsi	0,5	13.590

ÍSAT nr.	*Heiti atvinnugreinar*	*Áætluð tíðni eftirlits/ár*	*Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.*
22.22.2.0	Sáldprentun	1	24.319
05.02.1.1	Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	1	28.610
05.02.1.2	Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	0,5	12.875
05.02.1.3	Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	0,25	6.437
85.11.2.0	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	0,5	15.736
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,25	4.649
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	0,5	9.298
55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu	1	25.749
92.61.0.8	Skíðaskálar, skíðasvæði	0,25	6.080
92.72.0.1	Skotvellir	0,25	4.649
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe	1	5.722
90.00.0.1	Skólphreinsistöðvar fyrir meira en 150.000 pe	2	11.444
28.74.0.1	Skrúfuframleiðsla	0,25	1.431
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,25	1.431
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)	1	30.474
55.30.1.5	Skyndibitastaðir, miðlungs (allt að 51-100 gestir)	1	41.918
55.30.1.6	Skyndibitastaðir, stórir (>100 gestir)	1	44.779
15.11.0.1	Sláturhús < 50 t/dag	1	37.193
15.11.0.2	Sláturhús > 50 t/dag	2	74.386
52.24.0.1	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	1	18.597
52.24.0.2	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	1	33.335
52.24.0.3	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	1	36.196
52.49.9.3	Smásala efna í flokkum X, A og B	0,5	22.173
52.50.0.0	Smásala með notaða muni í verslunum	0,5	22.173
15.43.0.0	Smjörlíkisgerð	1	30.474
50.20.0.12	Smurstöðvar	0,5	10.729
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,25	4.649
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla	0,25	11.086
52.33.0.1	Snyrtivöruverslun	0,25	6.795
90.00.0.8	Sorpeyðingastöð, sorphaugar	0	-
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	0,25	6.795
93.04.0.7	Sólbaðstofur án heitra potta	0,25	4.649
93.04.0.8	Sólbaðstofur með heitum pottum	1	24.752
40.10.0.2	Spennaviðgerðir	1	24.319
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,25	3.934
35.11.0.1	Stálsmíði og stálskipagerð	1	45.776
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	0,25	1.431
26.70.0.0	Steinsmíði	0,25	3.934
52.11.1.2	Stórmarkaðir > 400 m^2, án matvælavinnslu	1	95.280
52.11.1.1	Stórmarkaðir > 400 m^2, með matvælavinnslu	1	105.727
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	1	38.060
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	1	30.908
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengdir íþróttahúsum)	2	67.537
92.61.0.3	Sundstaðir, stórir	3	105.164
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	44.779
01.23.0.1	Svínarækt < 2000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	34.332
01.23.0.2	Svínarækt > 2000 stæði fyrir alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	2	68.664
02.01.0.1	Sögunarmyllur	0,25	1.431
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla	1	12.875
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæla, litlir	1	17.166
52.11.3.3	Söluturnar með óvarin matvæla, miðlungs	1	28.610
52.11.3.4	Söluturnar með óvarin matvæla, stórir	1	39.057
85.13.1.1	Tannlæknastofur	0,25	4.649
85.13.2.0	Tannsmíðar		-
15.86.0.0	Te- og kaffiframleiðsla	1	15.736

ÍSAT nr.	*Heiti atvinnugreinar*	*Áætluð tíðni eftirlits/ár*	*Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.*
55.22.0.1	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	0,5	8.583
55.22.0.2	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	0,5	10.014
55.22.0.3	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	0,5	11.444
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,25	5.007
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5	10.014
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5	11.444
17.10.0.1	Ullarþvottastöðvar	1	18.597
51.17.1.0	Umboðsverslun með fisk	1	20.027
52.49.9.2	Varahlutaverslanir, ekki bíla	0,5	22.173
41.00.0.6	Vatnsveitur < 1.000 íbúa	4	87.564
41.00.0.1	Vatnsveitur > 100.000 íbúa		-
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	12	262.692
41.00.0.3	Vatnsveitur 10.000 - 50.000 íbúa		-
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa		-
41.00.0.2	Vatnsveitur 50.000 - 100.000 íbúa		-
41.00.0.7	Vatnsveitur, einka	1	17.166
17.10.0.2	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	0,25	3.934
52.49.9.1	Véla- og tækjasölur	0,5	22.173
29.11.0.0	Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	0,5	9.298
50.20.0.13	Viðgerðaraðstaða	0,5	8.583
35.11.0.2	Viðhald og niðurrif skipa	1	5.722
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	0,5	11.444
15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	1	28.610
15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski, stór	1	45.776
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	0,25	1.431
85.11.4.4	Vistheimili	0,5	10.729
28.73.0.1	Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	0,25	1.431
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	34.332
63.12.0.1	Vörugeymslur, litlar	1	20.027
63.12.0.2	Vörugeymslur, miðlungs	1	28.610
63.12.0.3	Vörugeymslur, stórar	1	34.332
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.	0,25	4.649
93.01.0.1	Þvottahús	0,25	4.649
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	10.729
75.25.0.1	Æfingasvæði slökkviliðs	0,25	4.649
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	0,25	5.007
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25	5.007
15.20.9.0	Önnur ótalin fiskvinnsla	0,5	8.583
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	1	33.335
97.00.0.0	Engin starfsemi		
98.00.0.0	Ótilgreind starfsemi		

AUGLÝSING

um reikningsskil sveitarfélaga.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Reikningsskilaaðferðir.

Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, og reglugerðum, sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, gilda ákvæði laga um bókhald, nr. 145/1994, laga um ársreikninga, nr. 144/1994, reglugerð nr. 696/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur hjá sveitarfélögum. Í auglýsingu þessari er að finna frávik frá almennum reikningsskilavenjum í reikningsskilum sveitarfélaga þar sem það er talið gefa gleggri mynd af afkomu sveitarsjóðs.

2. gr.

Skipting í A- og B-hluta.

Samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, skal skipta starfsemi sveitarfélaga í tvo flokka, sbr. einnig auglýsingu nr. 414/2001. Annars vegar er um að ræða sveitarsjóð, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins, auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð af skatttekjum sveitarfélagsins. Hins vegar er um að ræða fyrirtæki sveitarfélagsins og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Skilgreiningar á hugtökum er tengjast bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga:

Skilgreiningar samkvæmt reglugerð nr. 944/2000:

Rekstrareining: Bókhaldslega aðskilinn starfsemisþáttur í sveitarfélagi, hvort sem um er að ræða fjárhagslega sjálfstæða einingu eða ekki.

Þjónustueining: Rekstrareining sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með þjónustugjöldum.

Stofnanir sveitarfélaga: Rekstrareiningar sem að öllu jöfnu falla undir a-lið 13. gr. reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 944/2000.

Fyrirtæki sveitarfélaga: Fjárhagslega sjálfstæðar rekstrareiningar sem falla undir b-lið 13. gr. reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 944/2000.

Aðrar skilgreiningar:

Aðalsjóður: Hefðbundin starfsemi sveitarfélags er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir beint undir sveitarstjórn, en án annarra sjóða og stofnana sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.

Sveitarsjóður: Sá hluti starfsemi sveitarfélags sem flokkast undir a-lið 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, þ.e. aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.

Peningaleg staða: Samtala peningalegra eigna að frádregnum skuldum. Peningaleg staða er jákvæð ef peningalegar eignir eru umfram skuldir, en neikvæð ef skuldir eru hærri en peningalegar eignir.

Samstæða: Samanlagðir ársreikningar sveitarsjóðs og fyrirtækja hans þar sem innbyrðis staða og millivelta hefur verið nettuð út.

Stofnverð: Framreiknað kostnaðarverð mannvirkja og annarra varanlegra rekstrarfjármuna.

II. KAFLI
A-hluta stofnanir.

4. gr.

A-hluti í reikningsskilum sveitarfélaga skal sýna starfsemi sveitarsjóðs, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins, auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð af skatttekjum sveitarfélagsins. Í 5. og 6. grein er gerð grein fyrir þeim reglum sem sérstaklega gilda um tilteknar A-hluta stofnanir utan aðalsjóðs.

5. gr.

Eignasjóður.

Eignasjóður er A-hluta stofnun sem hefur með höndum umsýslu fastafjármuna sem nýttir eru fyrst og fremst af aðalsjóði sveitarfélagsins.

Fasteignir.

Eignasjóðnum er ætlað að sjá um rekstur, nýbyggingar og kaup og sölu fasteigna í umboði sveitarstjórnar. Eignasjóður leigir út fasteignir til rekstrareininga aðalsjóðs, og í einstaka tilvikum til þriðja aðila. Eignasjóður getur einnig haft eignarhald á og leigt fasteignir sem nýttar eru af öðrum stofnunum og fyrirtækjum sveitarsjóðs, að undanskildum félagslegum íbúðum.

Eignasjóður leigir út fasteignir til stofnana sveitarfélags samkvæmt óskum þeirra og þörfum og innheimtir leigu (svokallaða innri leigu) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér, þ.e. fjármagnskostnað vegna viðkomandi fasteignar, afskriftir, skatta og tryggingar, viðhaldskostnað fasteignar og lóðar, auk eðlilegrar þóknunar eignasjóðs fyrir umsýslu. Leigutekjur eignasjóðs skulu standa undir rekstri einstakra eigna.

Allar fasteignir aðalsjóðs skulu færðar til eignasjóðs á framreiknuðu afskrifuðu kostnaðarverði. Séu upplýsingar um kostnaðarverð ekki fyrirliggjandi þarf að styðjast við viðmiðunarverð á byggingarkostnaði á fermetra án búnaðar í hverri eignategund og afskrifa það með tilliti til aldurs bygginga. Jafnframt skal taka tillit til kostnaðarþátttöku ríkissjóðs við fasteignir sem byggðar eru fyrir 1990 og stofnkostnaðarframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 1990. Með þessu móti fæst svokallað yfirfærsluverð sem eignasjóður greiðir aðalsjóði fyrir fasteignirnar.

Hafi sveitarfélag tekið þátt í byggingarkostnaði stofnana, svo sem framhaldsskóla, færist sú eign til eignasjóðs með sambærilegum hætti og aðrar fasteignir. Eignasjóður leigir aðalsjóði eignarhlutann í viðkomandi stofnun þar sem leigan samanstendur af afskriftum, fjármagnskostnaði og umsýslukostnaði.

Miðað er við að eignasjóður greiði aðalsjóði fyrir yfirfærðar eignir með skuldaviðurkenningu til jafnlangs tíma og meðallíftími eignasafnsins er. Miða skal við að skuldaviðurkenningin beri sömu vexti og lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga á hverjum tíma, gjalddagi sé einn á ári og skulu afborganir reiknast eins og um jafngreiðslulán (annuitet) væri að ræða.

Eins og að framan greinir sér eignasjóður um nýbyggingar fyrir aðalsjóð. Miðað

er við að fjármagnskostnaður verði eignfærður á byggingartíma. Eignasjóður innheimtir leigu frá þeim tíma sem viðkomandi rekstrareining fær eignina til afnota. Fái sveitarfélag byggingarkostnað endurgreiddan með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, eða frá öðrum aðila, dregst endurgreiðslan frá innri leigu allra eigna í viðkomandi flokki, þ.e. skólum, leikskólum o.s.frv.

Viðmiðunarverð og viðmiðunarlíftími fasteigna er eftirfarandi:

Fasteignaflokkur	Viðmiðunar verð	Viðmiðunar-líftími
Skólar	140.000 kr./m^2	40 ár
Leikskólar	140.000 kr./m^2	40 ár
Íþróttamiðstöðvar	140.000 kr./m^2	40 ár
Hjúkrunar- og dvalarheimili	150.000 kr./m^2	40 ár
Skrifstofuhúsnæði	120.000 kr./m^2	40 ár
Sérhæft húsnæði	200.000 kr./m^2	40 ár
Íbúðir í fjölbýlishúsum	90.000 kr./m^2	40 ár
Einbýlishús	140.000 kr./m^2	40 ár
Sambýli	110.000 kr./m^2	40 ár
Hrátt húsnæði, svo sem iðnaðarhúsnæði	65.000 kr./m^2	25 ár

Ofangreind viðmiðunarverð eru miðuð við verðlag í janúar 2001.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum viðmiðunarverðum telji sveitarfélag það réttara.

Eignasjóði er ætlað að láta leigutekjur vegna einstakra eigna standa undir rekstrarkostnaði þeirra, þar með töldum afskriftum og fjármagnskostnaði. Leigureikningar skulu gerðir með reglubundnum hætti og færðir á viðkomandi rekstrareiningar í A- eða B-hluta eða hugsanlega til aðila utan sveitarfélagsins. Miðað er við að leigufjárhæðir séu endurskoðaðar árlega með tilliti til breyttra vaxtakjara hjá Lánasjóði sveitarfélaga og annarra atriða sem skipt geta máli.

Viðmiðunarleiga samanstendur af eftirfarandi liðum:

Fjármagnskostnaður	Vaxtakjör Lánasjóðs sveitarfélaga.
Afskriftir	Sjá að framan.
Skattar og tryggingar	1,2% af stofnverði (taka þarf tillit til undanþágu frá fasteignaskatti).
Viðhald húsa og lóða	2,0% af stofnverði; 3,0% í leikskólum.
Umsýslukostnaður	0,5% af stofnverði.

Hægt er að gera sérstaka samninga um frekari þjónustu eignasjóðs, svo sem vegna húsvörslu, ræstinga, snjómoksturs o.þ.h. Jafnframt getur eignasjóður leigt út húsnæði með rafmagni og hita.

Lóðir og lendur.

Kaup á byggingarlandi skulu eignfærð og skal miða við að kostnaðurinn sé gjaldfærður á 25 árum. Gjaldfærslan skal færast meðal afskrifta í eignasjóði. Eignarhald skal vera í eignasjóði eða annarri A-hluta stofnun sem leigir landið til aðalsjóðs. Leigan samanstendur

af ofangreindri gjaldfærslu og fjármagnskostnaði auk umsýslukostnaðar. Heimilt verður að færa til eignar í eignasjóðum land það sem hefur verið keypt undanfarin ár sem byggingarland og skal fara með það eins og aðrar eignir sem færast til eignasjóðs. Annað land sem er í eigu sveitarfélags skal ekki eignfært.

Gatnakerfi.

Fjárfesting í nýjum gatnakerfum (götur, gangstéttar og stígar, göngubrýr og mislæg gatnamót, götuvitar, gatnalýsing o.fl.) skal eignfærð, að frádregnum gatnagerðagjöldum, og afskrifuð í samræmi við almenna reikningsskilavenju. Eignarhald verður í eignasjóði eða annarri A-hluta stofnun sem leigir gatnakerfið til aðalsjóðs. Leigan samanstendur af afskriftum, fjármagnskostnaði og umsýslukostnaði. Viðhald og annar rekstrarkostnaður verður gjaldfærður í aðalsjóði. Eldri mannvirki verða ekki eignfærð. Undir gatnakerfi fellur kostnaður vegna jarðvatnskerfis (regnvatnskerfis). Viðmiðunarlíftími gatnakerfis er 25 ár.

Lausafjármunir – eignfærsla á áhöldum og tækjum og leiga.

Kaup á smááhöldum skulu gjaldfærð á viðkomandi rekstrareiningar í samræmi við almenna reikningsskilavenju. Þeir lausafjármunir (sem nýttir eru af aðalsjóði) sem ekki eru gjaldfærðir hjá viðkomandi rekstrareiningum verða eignfærðir hjá eignasjóði eða annarri A-hluta stofnun sem leigir þá til viðkomandi rekstrareininga. Leigan samanstendur af afskriftum, fjármagnskostnaði og umsýslukostnaði en viðhald, tryggingar og annar rekstrarkostnaður verður greiddur af leigutaka nema um annað verði samið í samningi milli leigusala og leigutaka. Þeir lausafjármunir sem sveitarfélagið eignaðist fyrir árslok 2001 verða ekki eignfærðir. Viðhald þeirra verður gjaldfært á viðkomandi rekstrareiningar. Gjaldfæra skal kostnaðarþátttöku sveitarfélaga í búnaði heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

Afskriftatími lausafjármuna skal taka mið af almennum reikningsskilavenjum.

6. gr.

Innri þjónustumiðstöð.

Innri þjónustumiðstöð er A-hluta stofnun sem nær yfir hefðbundna starfsemi áhaldahúss og vélamiðstöðvar. Sveitarfélagið getur áfram haft þennan rekstur aðskilinn í tveimur A-hluta stofnunum.

Fjárfesting í fastafjármunum skal eignfærð og afskrifuð í samræmi við almenna reikningsskilavenju. Eldri tæki og húseignir verða keyptar frá aðalsjóði samkvæmt framreiknuðu, afskrifuðu kostnaðarverði eða markaðsverði sé það lægra. Fasteignir þjónustumiðstöðvar geta verið hvort heldur sem er í eigu hennar eða eignasjóðs.

Miðað er við að eignasjóður greiði aðalsjóði fyrir yfirfærðar eignir með skuldaviðurkenningu til jafnlangs tíma og meðallíftími eignasafnsins er. Miða skal við að skuldaviðurkenningin beri sömu vexti og lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga á hverjum tíma, gjalddagi sé einn á ári og skulu afborganir reiknast eins og um jafngreiðslulán (annuitet) væri að ræða.

III. KAFLI
B-hluta fyrirtæki.

7. gr.

Almennt.

Um staðsetningu rekstrareininga í B-hluta sveitarfélaga skal fara eftir þeirri meginreglu að þar flokkist fjárhagslega sjálfstæðar einingar er hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum. Sem dæmi um

slíkar rekstrareiningar eru vatnsveitur, hafnarsjóðir, rafveitur, hitaveitur og sorphirðing og sorpeyðing.

Í undantekningartilvikum getur verið rétt að færa rekstrareiningar milli b- og a-hluta þegar um óverulega starfsemi og litla fjárbindingu í rekstrareiningunni er að ræða.

8. gr.

Fráveita.

Stofna skal sérstakt fyrirtæki sveitarsjóðs um rekstur og efnahag fráveitu sveitarfélagsins. Þar verða fráveituframkvæmdir eignfærðar og afskrifaðar um 4% á ári. Með fráveitu er átt við holræsakerfi sveitarfélagsins frá húsvegg/lóðarmörkum notenda annars vegar og endastöð hins vegar, þar með taldar dælustöðvar og þess háttar. Fráveita er fjármögnuð annars vegar með hluta gatnagerðagjalda og hins vegar með fráveitugjaldi (holræsagjaldi).

Eldri fráveituframkvæmdir skulu færðar úr aðalsjóði á framreiknuðu, afskrifuðu kostnaðarverði liggi það fyrir en annars samkvæmt afskrifuðu viðmiðunarverði. Viðmiðunarverð verði ákvarðað út frá kostnaðarverði sambærilegra mannvirkja, t.d. ákveðið verð á hvern lengdarmetra holræsa.

Fráveita greiðir aðalsjóði fyrir mannvirkin með skuldaviðurkenningu, sem beri sambærilega vexti og lán Lánasjóðs sveitarfélaga, hún verði með einum gjalddaga og afborganir reiknaðar eins og um jafngreiðslulán væri að ræða.

Nauðsynlegt er að færa eldri fráveituframkvæmdir yfir til fráveitufyrirtækisins þar sem kostnaður við þær er m.a. grundvöllur að gjaldskrá (holræsagjaldi).

IV. KAFLI
Ársreikningur sveitarfélags.

9. gr.

Ýmsar reglur.

Ársreikningur sveitarfélags skal gerður í meginatriðum í samræmi við almenna reikningsskilavenju, sbr. þó neðangreindar reglur í grein þessari.

Samstæða – samanlagður ársreikningur.

Sem B-hluta fyrirtæki í samstæðu skal tilgreina félög þar sem eignarhlutur sveitarfélagsins er hærri en 50% og um skyldan rekstur við starfsemi sveitarfélagsins er að ræða. Hlutdeild minnihluta í rekstri og eigin fé skal tilgreina sérstaklega nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða.

Hafi sveitarfélag stofnað félög um verkefni sín þá eiga slík fyrirtæki að flokkast sem B-hluta fyrirtæki í samstæðu. Sama gildir um byggðasamlög. Gjaldfæri aðalsjóður framlag til byggðasamlags er ekki nauðsynlegt að taka slík samlög inn í samstæðu nema um verulegar skuldbindingar sé að ræða. Skuldbindingar skulu alltaf vera tilgreindar í skýringum.

Eignarhlutir.

Eignarhlutir sveitarsjóðs.

Í aðalsjóði skal færa hlutabréfaeign á framreiknuðu kostnaðarverði, en ekki er færð hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga þar sem í reikningsskilum aðalsjóðs og annarra A-hluta stofnana er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna.

Eignarhlutir B-hluta fyrirtækja.

Í aðalsjóð færist ekki hlutdeild í afkomu B-hluta fyrirtækja enda sé eignarhlutur í þeim ekki eignfærður hjá aðalsjóði.

Um dóttur- og hlutdeildarfélög B-hluta fyrirtækja fari eftir almennum reikningsskilavenjum.

Rekstrarframlög til stofnana og fyrirtækja sveitarfélaga.

Hafi sveitarfélög falið stofnunum sínum eða fyrirtækjum að sjá um lögbundin verkefni og önnur verkefni sem sveitarfélög hafa alla jafna sinnt ber aðalsjóði að reikna og færa árlega framlag til viðkomandi stofnana og fyrirtækja til þess að mæta rekstrarhalla þeirra. Framlagið færist til gjalda á viðkomandi málaflokk í aðalsjóði og til tekna sem rekstrarframlag hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

Dæmi um stofnanir og fyrirtæki eru:

Félagslegar íbúðir.
Almenningssamgöngur.
Félagsheimili.

Hafi sveitarfélag ekki reiknað framlag til framangreindra stofnana hingað til skal leiðrétta framlög fyrri ára, með færslu á eigið fé hjá aðalsjóði annars vegar og viðkomandi stofnun eða fyrirtæki hins vegar.

Óvenjulegir liðir.

Útgjöld eða tekjur sveitarfélaga sem ekki falla undir venjulegan rekstur þeirra skal sýna sem óvenjulega liði, enda hafi þau veruleg áhrif á afkomu sveitarfélags og skekki samanburð milli ára og milli sveitarfélaga. Dæmi um óvenjulega liði má nefna verulegan hagnað/tap af sölu hlutabréfa í fyrirtækjum sem ekki tengjast beint starfsemi sveitarfélags og verulegan hagnað/tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna, enda sé um að ræða varanlega rekstrarfjármuni sem óvenjulegt er að sveitarfélagið selji.

10. gr.

Form ársreiknings.

Ársreikningur skal vera á því formi sem sýnt er í viðaukum 1 – 4.

11. gr.

Sundurliðunarbók.

Samhliða gerð ársreiknings skulu sveitarfélög sundurliða rekstur sinn í sérstakri sundurliðunarbók, sbr. viðauka 5 – 6E.

12. gr.

Fjárhagsáætlun.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings, sbr. reglugerð nr. 944/2000. Fjárhagsáætlun sveitarfélags skal sett fram á því formi sem sýnt er í viðaukum 1 – 4, án samanburðar.

Samhliða gerð fjárhagsáætlunar skulu sveitarfélög sundurliða áætlaðan rekstur sinn í sérstakri sundurliðunarbók, sbr. viðauka 5 – 6E.

V. KAFLI
Gildistökuákvæði.
13. gr.
Gildistaka.

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. október 2001.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.

VIÐAUKI 1.

Rekstrarreikningur ársins 2002

		Sveitarsjóður		Samstæða	
	Skýr.	2002	Fjárhagsáætlun	2002	Fjárhagsáætlun
Tekjur:					
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs					
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga					
		0	0	0	0
Aðrar tekjur					
		0	0	0	0
Gjöld:					
Laun og launatengd gjöld					
Annar rekstrarkostnaður					
		0	0	0	0
Afskriftir					
		0	0	0	0
Aðrar tekjur og gjöld:					
Óvenjulegir liðir					
		0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		0			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld					
Rekstrarniðurstaða		**0**	**0**	**0**	**0**

VIÐAUKI 2.

Efnahagsreikningur
E i g n i r

	Skýr.	Sveitarsjóður 2002	Sveitarsjóður 2001	Samstæða 2002	Samstæða 2001
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir					
Veitukerfi					
Vélar, áhöld og tæki					
		0	0	0	0
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignahlutir í félögum					
Langtímakröfur					
		0	0	0	0
Fastafjármunir		0		0	
Veltufjármunir:					
Birgðir					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur					
Næsta árs afborganir langtímakrafna					
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki					
Aðrar skammtímakröfur					
Skammtímakröfur samtals		0	0	0	0
Verðbréf					
Handbært fé					
Veltufjármunir		0	0	0	0
Eignir samtals		0	0	0	0

VIÐAUKI 3.

31. desember 2002
S k u l d i r

		Sveitarsjóður		Samstæða	
	Skýr.	2002	2001	2002	2001
Eigið fé					
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbindingar					
Aðrar skuldbindingar					
		0			
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir					
Aðrar langtímaskuldir					
		0			
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir					
Viðskiptaskuldir					
Næsta árs afborganir langtímaskulda					
Skuldir við eigin fyrirtæki					
Aðrar skammtímaskuldir					
		0	0	0	0
Skuldir og skuldbindingar samtals		0	0	0	0
Skuldir og eigið fé samtals		0	0	0	0

VIÐAUKI 4.

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2002

		Sveitarsjóður		Samstæða	
	Skýr.	2002	Fjárhagsáætlun	2002	Fjárhagsáætlun
Rekstrarhreyfingar:					
Niðurstaða ársins					
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Söluhagnaður eigna					
Reiknaðar afskriftir					
Verðbætur og gengismunur					
Breyting lífeyrisskuldbindinga					
Veltufé frá rekstri		0	0	0	0
Breytingar á skammtímaliðum:					
Birgðir, lækkun					
Óinnheimtar tekjur, (hækkun)					
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun)					
Skammtímaskuldir, hækkun					
Breytingar		0	0	0	0
Handbært fé frá (til) rekstrar		0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar:					
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum					
Söluverð seldra rekstrarfjármuna					
Fjárfesting í eignarhlutum					
Framlög eigin stofnana					
Önnur framlög					
Verðbréf, breyting					
Fjárfestingarhreyfingar		0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar:					
Tekin ný langtímalán					
Afborganir langtímalána					
Eigin fyrirtæki, breyting					
Fjármögnunarhreyfingar		0	0	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun		0	0	0	0
Handbært fé í árslok		0	0	0	0

VIÐAUKI 5.

REKSTRARYFIRLIT SVEITARSJÓÐS

	0 Heildar-tekjur	*02* *Þar af þjónustu-tekjur*	*03* *Þar af eigna-tekjur*	*081* *Þar af endurgr. annarra sveitarf.*	1 Laun og launat. gjöld	2 + 4 Vöru- og þjónustu-kaup	5 Skattar og önnur opinb. gj.	7 Fjármunat. og fjármagnsgj.	8 Afskriftir	9 Styrkir og framlög	Samtals gjöld	Niður-staða	Fjárhags-áætlun
Í þús. kr.													
Aðalsjóður													
00 Skatttekjur													
02 Félagsþjónusta													
03 Heilbrigðismál													
04 Fræðslu- og uppeldismál													
05 Menningarmál													
06 Æskulýðs- og íþróttamál													
07 Brunamál og almannavarnir													
08 Hreinlætismál													
09 Skipulags- og byggingarmál													
10 Umferðar- og samgöngumál													
11 Umhverfismál													
13 Atvinnumál													
21 Sameiginlegur kostnaður													
28 Fjármagnsliðir													
Aðalsjóður samtals													
Aðrir sjóðir og stofnanir													
31 Eignasjóður													
33 Þjónustustöð													
35 Vélamiðstöð													
37 Trésmiðja													
39 Innkaupastofnun													
Aðrir sjóðir og stofnanir samtals													
Rekstur sveitarsjóðs samtals													

VIÐAUKI 6A.

SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT AÐALSJÓÐS

Í þús. kr.	00 Heildar-tekjur	*02 Þar af þjónustu-tekjur*	*03 Þar af eigna-tekjur*	*81 Þar af endurgr. annarra sveitarf.*	1 Laun og launat. gjöld	2 + 4 Vöru- og þjónustu-kaup	5 Skattar og önnur opinb. gj.	7 Fjármunat. og fjármagnsgj.	8 Afskriftir	9 Styrkir og framlög	Samtals gjöld	Niður-staða	Fjárhags-áætlun
00 Skatttekjur													
0 Skattar													
01 Útsvör													
06 Fasteignaskattur													
1 Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga													
3 Aðrar tekjur með skattaígildi													
33 Framleiðslugjald													
35 Lóðarleiga													
02 Félagsþjónusta													
0 Sameiginlegir liðir													
1 Félagsleg aðstoð													
11 Fjárhagsaðstoð													
15 Félagsleg heimaþjónusta													
16 Niðurgreiðsla dvalargjalda													
17 Niðurgreiðsla húsaleigu													
18 Húsaleigubætur													
19 Önnur félagsleg hjálp													
3 Þjónusta við börn og unglinga													
4 Þjónusta við aldraða													
5 Þjónusta við fatlaða													
6 Ýmis félagsþjónusta													
7 Ýmis lögbundin framlög													
73 Bjargráðasjóður													
74 Orlofssjóður húsmæðra													
75 Varasjóður viðbótarlána													
8 Ýmsir styrkir og framlög													
03 Heilbrigðismál													
2 Heilsuvernd													

VIÐAUKI 6B.

SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT AÐALSJÓÐS FRH.

Í þús. kr.	00 Heildar-tekjur	*02 Þar af þjónustu-tekjur*	*03 Þar af eigna-tekjur*	*81 Þar af endurgr. annarra sveitarf.*	1 Laun og launat. gjöld	2 + 4 Vöru- og þjónustu-kaup	5 Skattar og önnur opinb. gj.	7 Fjármunat. og fjármagnsgj.	8 Afskriftir	9 Styrkir og framlög	Samtals gjöld	Niður-staða	Fjárhags-áætlun
04 Fræðslu- og uppeldismál													
0 Sameiginlegir liðir													
01 Skólaskrifstofa													
09 Aðrir sameiginlegir liðir													
1 Leikskólar og dagvistun													
10 Sameiginlegir liðir													
11 Leikskólar													
11.01 Leikskóli 1													
11.02 Leikskóli 2													
11.03 Leikskóli 3													
11.04 Leikskóli 4 o.s.frv.													
17 Dagvistun í heimahúsum													
18 Gæsluvellir													
19 Annar leikskóla- og dagvistunarkostnaður													
2 Grunnskólar													
20 Sameiginlegir liðir													
21 Grunnskólar													
21.01 Grunnskóli 1													
21.02 Grunnskóli 2													
21.03 Grunnskóli 3													
21.04 Grunnskóli 4 o.s.frv.													
28 Vistun utan skólatíma													
29 Annar grunnskólakostnaður													
4 Framhaldsskólar													
5 Önnur fræðslustarfsemi													
51 Tónlistarskóli													
51.01 Tónlistarskóli 1													
51.02 Tónlistarskóli 2													
51.03 Tónlistarskóli 3 o.s.frv.													
52 Umferðarskólinn „Ungir vegfarendur"													
59 Aðrir skólar og fræðslustarfsemi													
8 Ýmsir styrkir og framlög													
05 Menningarmál													
0 Sameiginlegir liðir													
2 Bókasöfn													
3 Önnur söfn													
4 Byggðasaga													
5 Listir													
6 Menningarhús - félagsheimili													
7 Hátíðahöld													
8 Ýmsir styrkir og framlög													

VIÐAUKI 6C.

SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT AÐALSJÓÐS FRH.

Í þús. kr.	00 Heildar-tekjur	*02 Þar af þjónustu-tekjur*	*03 Þar af eigna-tekjur*	*81 Þar af endurgr. annarra sveitarf.*	1 Laun og launat. gjöld	2 + 4 Vöru- og þjónustu-kaup	5 Skattar og önnur opinb. gj.	7 Fjármunat. og fjármagnsgj.	8 Afskriftir	9 Styrkir og framlög	Samtals gjöld	Niður-staða	Fjárhags-áætlun
06 Æskulýðs- og íþróttamál													
0 Sameiginlegir liðir													
1 Leikvellir													
2 Æskulýðsmál													
27 Vinnuskóli													
29 Önnur æskulýðsmál													
3 Félagsmiðstöðvar													
5 Íþróttahús og sundlaugar													
51 Íþróttahús													
51.01 Íþróttahús 1													
51.02 Íþróttahús 2													
51.03 Íþróttahús 3 o.s.frv.													
55 Sundlaugar													
55.01 Sundlaug 1													
55.02 Sundlaug 2													
55.03 Sundlaug 3 o.s.frv.													
59 Önnur íþróttamannvirki													
6 Íþróttasvæði													
8 Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála													
07 Brunamál og almannavarnir													
0 Sameiginlegir liðir													
2 Brunavarnir													
4 Almannavarnir og öryggismál													
40 Sameiginlegir liðir													
42 Náttúruhamfarir													
43 Snjóflóðavarnir - skriðufallavarnir													
44 Sjóflóðavarnir - sjóvarnagarðar													
45 Jarðskjálftavarnir													
8 Ýmsir styrkir og framlög													
08 Hreinlætismál													
0 Sameiginlegir liðir													
1 Heilbrigðiseftirlit													
2 Sorphreinsun og sorpeyðing													
21 Sorphreinsun og gámastöðvar													
23 Sorpeyðing - urðunarstaðir													
5 Meindýraeyðing og dýraeftirlit													
51 Meindýraeyðing													
57 Eftirlit með hunda- og kattahaldi													
8 Ýmsir styrkir og framlög													

VIÐAUKI 6D.

SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT AÐALSJÓÐS FRH.

Í þús. kr.	00 Heildar-tekjur	*02 Þar af þjónustu-tekjur*	*03 Þar af eigna-tekjur*	*81 Þar af endurgr. annarra sveitarf.*	1 Laun og launat. gjöld	2 + 4 Vöru- og þjónustu-kaup	5 Skattar og önnur opinb. gj.	7 Fjármunat. og fjármagnsgj.	8 Afskriftir	9 Styrkir og framlög	Samtals gjöld	Niður-staða	Fjárhags-áætlun
09 Skipulags- og byggingarmál													
0 Sameiginlegir liðir													
1 Mælingar, skráning og kortagerð													
2 Skipulagsmál													
20 Sameiginlegir liðir													
22 Aðalskipulag													
23 Deiliskipulag													
24 Svæðisskipulag													
29 Annar skipulagskostnaður													
5 Byggingareftirlit													
7 Lóðir og lendur													
8 Ýmsir styrkir og framlög													
10 Umferðar- og samgöngumál													
0 Sameiginlegir liðir													
2 Gatnakerfi													
3 Viðhald og rekstur gatnakerfis													
4 Gangbrautir, hjólreiðastígar og reiðvegir													
5 Umferðaröryggismál													
6 Snjómokstur og hálkuvarnir													
7 Samgöngumál													
8 Ýmsir styrkir og framlög													
11 Umhverfismál													
0 Sameiginlegir liðir													
2 Almenningsgarðar													
3 Útivistarsvæði													
4 Opin svæði													
5 Umhverfi gatna og torg													
6 Skreytingar													
7 Minka- og refaeyðing													
8 Ýmsir styrkir og framlög													
13 Atvinnumál													
0 Sameiginlegir liðir													
2 Landbúnaður													
4 Iðnaður													
5 Fiskeldi og útgerð													
6 Ferðamál													
8 Ýmsir styrkir og framlög													

VIÐAUKI 6E.

SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT AÐALSJÓÐS FRH.

Í þús. kr.	00 Heildar-tekjur	*02 Þar af þjónustu-tekjur*	*03 Þar af eigna-tekjur*	*81 Þar af endurgr. annarra sveitarf.*	1 Laun og launat. gjöld	2 + 4 Vöru- og þjónustu-kaup	5 Skattar og önnur opinb. gj.	7 Fjármunat. og fjármagnsgj.	8 Afskriftir	9 Styrkir og framlög	Samtals gjöld	Niður-staða	Fjárhags-áætlun
21 Sameiginlegur kostnaður													
0 Meðferð sveitarstjórnarmála													
01 Sveitarstjórn													
07 Endurskoðun													
1 Kosningar													
11 Sveitarstjórnarkosningar													
15 Alþingis- og forsetakosningar													
19 Aðrar atkvæðagreiðslur													
2 Sameining sveitarfélaga													
4 Skrifstofur sveitarfélagsins													
5 Risna, móttökur og kynningarmál													
6 Starfsmannakostnaður													
7 Samstarf sveitarfélaga													
8 Ýmsir styrkir og framlög													
27 Óvenjulegir liðir													
28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld													
0 Fjármunatekjur													
01 Vaxta- og verðbótatekjur af veltufjármunum													
02 Tekjur af eignarhlutum													
03 Vaxta- og verðbótatekjur af langtímakröfum													
1 Fjármagnsgjöld													
11 Vaxta- og verðbótagjöld af skammtímaskuldum													
13 Vaxta- og verðbótagjöld af langtímaskuldum													
Samtals rekstur aðalsjóðs													

REGLUGERÐ

um þjónustuhóp aldraðra og vistunarmat aldraðra.

I. KAFLI
Þjónusthópur aldraðra.

1. gr.

Starfssvæði þjónustuhóps aldraðra.

Í hverju heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skal starfa þjónustuhópur aldraðra. Sveitarfélög geta sameinast um þjónustuhóp aldraðra sé það talið hagkvæmt. Kostnaður af starfi þjónustuhóps aldraðra greiðist af sveitarfélögum á starfssvæði hans í hlutfalli við fjölda íbúa í hverju sveitarfélaganna.

2. gr.

Skipan þjónustuhóps aldraðra.

Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum. Héraðslæknir tilnefnir lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu. Sveitarstjórnir skipa tvo fulltrúa án tilnefningar sem hafa þekkingu á félagslegri þjónustu við aldraða. Skal annar þeirra vera félagsráðgjafi eða hafa hliðstæða menntun. Samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum sem sinnir öðrum verkefnum þjónustuhóps aldraðra en þeim sem kveðið er á um í 4. tölulið 1. mgr. 3. gr.

Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Verkefni þjónustuhóps aldraðra.

Þjónustuhópur aldraðra skal hafa eftirtalin verkefni á starfssvæði sínu:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
4. Að meta vistunarþörf aldraðra, sbr. II. kafla.

Þjónustuhópurinn skal í störfum sínum hafa að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra sbr. 1. gr. þeirra, sem kveður á um að aldraðir skuli eiga völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem hæfir best miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að öldruðum sé gert kleift að búa við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er en að þeim sé jafnframt tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf. Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.

II. KAFLI
Vistunarmat aldraðra.

4. gr.

Mat á vistunarþörf.

Áður en einstaklingur er vistaður til langdvalar í dvalarrými fyrir aldraða eða í hjúkrunarrými, sbr. 14. gr. laga um málefni aldraðra, skal fara fram vistunarmat samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Með *dvalarrými* er í reglugerð þessari átt við rými á

stofnunum aldraðra, þ.e. dvalarheimili, sambýli og íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra sem ekki eru færir um að annast eigið heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu, sbr. 1. tölul. 14. gr. laga um málefni aldraðra. Með *vistunarmati* er átt við upplýsingar sem fram koma á *yfirlits- og matsblaði,* sbr. fylgiskjöl með reglugerð þessari.

5. gr.

Framkvæmd vistunarmats.

Þjónustuhópur aldraðra, sbr. I. kafla, annast mat á vistunarþörf. Í Reykjavík annast sérstakur *matshópur,* sbr. 6. gr., vistunarmat aldraðra samkvæmt reglugerð þessari.

6. gr.

Matshópur í Reykjavík skal tilnefndur af þjónustuhópi aldraðra. Tilnefna skal fjóra fulltrúa; lækni með sérmenntun á sviði öldrunarlækninga, hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu og tvo úr hópi starfsmanna Félagsþjónustunnar í Reykjavík og skal annar þeirra vera félagsráðgjafi. Allur kostnaður vegna starfsemi hópsins greiðist af Reykjavíkurborg.

7. gr.

Beiðni um vistunarmat.

Nú telur aldraður einstaklingur að hann þurfi að vistast til langdvalar á öldrunarstofnun, sbr. 14. gr. laga um málefni aldraðra, og sendir hann þá beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra þar sem hann býr, í Reykjavík til matshóps.

Beiðni um vistunarmat skal vísa til öldrunarlækningadeilda sjúkrahúsa í öllum tilvikum sem þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, telur þörf á. Þetta á t.d. við hafi félagsleg og heilsufarsleg úrræði, þ.m.t. endurhæfing, ekki verið fullreynd eða ef sá aldraði reynist ófær um að taka sjálfstæða ákvörðun.

Vegna einstaklinga sem flytjast úr dvalarrými fyrir aldraða í hjúkrunarrými innan sömu stofnunar skal gera vistunarmat af þjónustuhópi aldraðra á starfssvæðinu, í Reykjavík matshópi.

8. gr.

Flutningur af sjúkrahúsi í varanlega vistun.

Nú hefur aldraður einstaklingur dvalið á sjúkrahúsi lengur en 6 vikur og allt bendir til að viðkomandi þurfi á sérstökum úrræðum að halda, þ.e. stofnanavist eða annarri þjónustu. Skulu þá stjórnendur deildarinnar, sem hlutaðeigandi dvelst á, í samráði við viðkomandi og nánustu aðstandendur hans, senda beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, sbr. 7. gr.

Ef öldrunarlækningadeild er rekin í tengslum við sjúkrahús sem aldraður einstaklingur dvelur á má fela þeirri deild mat á vistunarþörf. Þegar mat öldrunarlækningadeildar á vistunarþörf liggur fyrir skal það tilkynnt þjónustuhópi aldraðra þar sem viðkomandi á lögheimili, í Reykjavík matshópi, með því að senda afrit vistunarmatsblaðs, þannig að viðkomandi verði skráður á vistunarskrá, sbr. 12. gr.

9. gr.

Forsendur vistunarmats.

Forsendur vistunarmats eru að fyrir liggi skrifleg beiðni um vistunarmat sbr. 7. gr. og að hlutaðeigandi einstaklingur sé þegar tilbúinn til vistunar ef vistrými er til reiðu. Þá skal liggja fyrir að öll félagsleg og heilsufarsleg úrræði til dvalar í heimahúsi, sbr. leiðbeiningar

í fylgiskjali með reglugerð þessari, hafi verið reynd áður en vistunarmat fer fram. Hafi það ekki verið gert skal beiðni um vistunarmat vísað til öldrunarlækningadeilda sjúkrahúsa.

Ef hlutaðeigandi einstaklingur, eða sá sem undirritar beiðni um vistunarmat vegna hans, sættir sig ekki við framgang vistunarmatsins eða niðurstöður þess, getur viðkomandi vísað málinu til faghóps heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til umsagnar, sbr. 15. gr.

10. gr.

Framkvæmd vistunarmats.

Þegar þjónustuhópi aldraðra, í Reykjavík matshópi, berst beiðni um vistunarmat skal hópurinn kanna gaumgæfilega að öll félagsleg og heilsufarsleg úrræði til dvalar í heimahúsi skv. leiðbeiningum í fylgiskjali, hafi verið reynd. Við könnunina skal fylgja þeim leiðbeiningum sem fram koma í fylgiskjali með reglugerð þessari. Niðurstöðurnar skulu flokkaðar, sbr. 12. gr., og skráðar á sérstakt *matsblað*.

Á matsblað skal jafnframt skrá hvenær mat er gert og fari endurmat ekki fram innan 18 mánaða fellur vistunarmatið úr gildi.

Þeir sem koma að framkvæmd vistunarmats skulu gæta fyllsta trúnaðar við meðferð upplýsinga.

11. gr.

Kynning vistunarmats.

Þegar mat á vistunarþörf liggur fyrir skal niðurstaða þess kynnt hinum aldraða og/eða aðstandendum hans. Frumrit matsblaðs og afrit skulu afhent þeirri stofnun sem viðkomandi óskar eftir að vistast á. Komi fleiri stofnanir til greina skal jafnframt sótt um vist þar og þeim afhent ljósrit af matsblaði ásamt upplýsingum um það hvar frumgögn er að finna. Loks ber að senda heimilislækni ljósrit af vistunarmati.

12. gr.

Vistunarskrá.

Þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, skal á starfssvæði sínu halda sérstaka *vistunarskrá* yfir þá einstaklinga sem að loknu vistunarmati eru taldir hafa þörf fyrir vistun á stofnun.

Fari vistunarmat fram í öðru sveitarfélagi en því sem hinn aldraði á lögheimili í ber þeim er vistunarmatið gerir að tilkynna niðurstöður þess með því að senda afrit yfirlits- og matsblaðs, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari, til þjónustuhóps aldraðra þar sem hinn aldraði á lögheimili, í Reykjavík til matshóps.

Vistunarskrá byggir á eftirfarandi flokkun:

1. Einstaklingur þarfnast vistar í dvalarrými (sbr. 1. tölul. 14. gr. laga um málefni aldraðra).
2. Einstaklingur þarfnast vistar í hjúkrunarrými (sbr. 2. tölul. 14. gr. laga um málefni aldraðra).
3. Einstaklingur þarfnast sérstakra úrræða vegna heilabilunar.
4. Einstaklingur þarfnast annarra úrræða en vistunar.

Jafnframt skal metið og tekið fram í vistunarskrá hvort um sé að ræða *þörf, brýna þörf* eða *mjög brýna þörf*. Að mati loknu skal þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, færa nafn hins aldraða á vistunarskrá.

Þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, skal ársþriðjungslega senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti upplýsingar um fjölda einstaklinga á vistunarskrá og flokkun þeirra.

13. gr.

Ákvörðun um vistun.

Nú losnar vistrými á öldrunarstofnun og ákveður stjórn viðkomandi stofnunar þá hvaða einstaklingi verður boðið rýmið, nema sérstakur þjónustusamningur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins við viðkomandi stofnun kveði á um annað. Óheimilt er að bjóða það öðrum en þeim sem sótt hafa um dvöl á viðkomandi stofnun og eiga þar gilt vistunarmat. Viðkomandi stofnun skal gæta þess að mat sé enn í gildi við innritun, sbr. 2. mgr. 10. gr.

Stofnanir skulu við veitingu vistrýma sjá til þess að þeir gangi fyrir sem lengst hafa beðið með mjög brýna eða brýna þörf samkvæmt vistunarmati.

Aldraðir, sem eru með mjög brýna eða brýna þörf fyrir vistun samkvæmt vistunarmati og dveljast á öldrunarlækningadeildum sjúkrahúsa, skulu til jafns við aðra eiga aðgang að vistrýmum.

14. gr.

Tilkynning um vistun.

Þegar vistun hefur verið ákveðin sendir stofnunin frumrit yfirlits- og matsblað til Tryggingastofnunar ríkisins ásamt tilkynningu um nýjan vistmann. Stofnun ber að senda afrit til þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, þar sem vistmaðurinn á lögheimili og fellur hann þá af vistunarskrá.

Fylgi vistunarmat ekki tilkynningu stofnunar til Tryggingastofnunar ríkisins um vistun einstaklings getur Tryggingastofnun, að fenginni umsögn viðkomandi þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, neitað að greiða dvalarkostnað vegna hlutaðeigandi einstaklings. Á það bæði við um stofnanir sem eru á föstum fjárlögum og daggjöldum.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Faghópur, skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, skal hafa eftirlit með framkvæmd vistunarmats skv. II. kafla. Hópurinn skal skipaður tveimur öldrunarlæknum, hjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa, starfsmanni vistunarmats og starfsmanni öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, sem jafnframt er formaður.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15. gr., sbr. 26. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 660/1995 um vistunarmat aldraðra með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. október 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

Vistunarmat aldraðra

Nafn

Kennitala

Leiðbeiningar:

FLUTNINGUR MILLI ÞJÓNUSTUSTIGA

Hér er átt við að vistmaður á stofnun flytjist á milli þjónustustiga, oftast úr þjónustuhúsnæði í hjúkrunarrými. Þegar þetta á við er merkt í reitinn við „flutningur milli þjónustustiga" á yfirlitsblaði og sleppt mati á félagslegum aðstæðum.

FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR

1.1.

Eigin athafnageta	0. *Góð*	Hlutaðeigandi býr við góðar og tryggar heimilisaðstæður. Getur séð um aðdrætti, annast matargerð, þrif og þvotta. Er fær um að taka þátt í félagsstarfi og njóta félagsskapar.
	3. *Ábótavant*	Þarf aðstoð við aðdrætti, matargerð, þrif og þvotta, a.m.k. einu sinni í viku.
	5. *Léleg*	Þarf verulega aðstoð, a.m.k. þrisvar í viku og skortir félagsskap vegna einangrunar. Dagvistun einu sinni eða tvisvar í viku æskileg.
	7. *Slæm*	Þarf daglega aðstoð, býr við félagslega einangrun. Dagvistun æskileg.
	10. *Neyðarástand*	Þarf meiri aðstoð en að ofan getur. Getur alls ekki verið einn.

1.2.

Skipulögð aðstoð	0. *Fáanleg/aðgengileg*	Skipulögð öldrunarþjónusta (t.d. heimahjúkrun, heimilisþjónusta, matarsendingar, dagvist og hvíldarinnlagnir) auðfengin og í engu ábótavant.
	3. *Viðunandi*	Öldrunarþjónusta nokkuð góð.
	5. *Takmörkuð*	Skipulagi eða framboði öldrunarþjónustu ábótavant eða erfitt að njóta hennar vegna fjarlægðar.
	7. *Óáreiðanleg*	Þjónusta stopul eða verulega ábótavant.
	10. *Neyðarástand*	Lítil eða engin skipulögð öldrunarþjónusta eða fullnægir alls ekki þörfinni, e.t.v. vegna fjarlægðar.

1.3.

Aðstæður aðstandenda	0. *Góðar*	Aðstandendur vilja veita hjálp og hafa góðar aðstæður til aðstoðar. Fjarlægðir eru ekki vandamál.
	3. *Lélegar*	Aðstoð aðstandenda takmörkuð vegna heimilisaðstæðna, atvinnu, fjarlægðar eða af öðrum ástæðum.
	5. *Erfiðar*	Lítil hjálp frá aðstandendum.
	7. *Afar erfiðar*	Óveruleg aðstoð fáanleg frá aðstandendum.
	10. *Neyðarástand*	Aðstandendur engir eða veita hvorki félagslega aðstoð né hjálp við heimilishald eða komnir í þrot eftir langa og dygga þjónustu við gamalmennið.

LÍKAMLEGT ATGERVI

2.1.

Líkamlegt heilsufar	Skali skýrir sig sjálfur. 0. *Engin þörf á reglulegu eftirliti.* 1. *Eftirlit þarf, en þó ekki vikulega.* 3. *Vikulegt eftirlit.* 7. *Daglegt eftirlit.* 10. *Eftirlit oft á dag, t.d. vegna alblindu.*	Hér er átt við eftirlit eða sérmeðferð vegna líkamlegra sjúkdóma að lyfjameðferð undanskilinni. Þjónustan er að jafnaði veitt af hjúkrunarfræðingi eða sjúkraliða. Eftirlit með sjónskertum, heyrnardaufum, mállausum, háöldruðum o.fl. Dæmi: Eftirlit með lífsmörkum (blóðþrýstingi, púlsi, öndun), t.d. hjá lokastigs hjarta- og lungnasjúklingum. Súrefnisgjöf. Sárameðferð (legusár, skurðsár). Umbúðir, sérstök húðmeðferð og sjúklingi snúið reglulega til að varna legusárum. Skol og eftirlit með slöngum.

2.2.

Lyfjagjöf	0 *Þarf ekki eftirlit*	Sjúklingur annast eigin lyf sjálfur án eftirlits.
	1. *Vikulegt eftirlit*	Skammtað í vikubox.
	5. *Daglegt eftirlit*	Líta þarf eftir lyfjum en ekki oftar en einu sinni á dag.
	7. *Eftirlit oft á dag*	Líta þarf eftir allri lyfjagjöf sem er oft á dag.
	10. *Sérhæft eftirlit*	Tryggja þarf að sjúklingur taki lyf, oft með fortölum og tryggja þarf að honum svelgist ekki á. Sérhæfð lyfjagjöf, svo sem lyf í æð.

ANDLEGT ATGERVI

3.1.

Heilabilun	0. *Engin*	Einstaklingur áttar sig á stað, stund og eigin persónu (hefur skammtíma- og langtímaminni) og er fær um að rökræða og skipuleggja daglegar athafnir án aðstoðar.
	3. *Væg*	Nokkurt minnistap er lítillega truflar daglegar athafnir.
	5. *Þó nokkur*	Minnistap truflar athafnir í daglegu lífi en viðkomandi tekur tilsögn. Þarf daglegt eftirlit og hvatningu, þarf t.d. tíma til að aðlagast nýju umhverfi, getur ef til vill ekki notfært sér öryggistæki (hnappur, sími). Þarf að minna á matmálstíma.
	7. *Mikil*	Verulegt minnistap og truflun á athöfnum daglegs lífs. Tekur ekki tilsögn, getur týnst.
	10. *Afar mikil*	Lítill eða enginn skilningur t.d. lítil eða engin hæfni til að láta í ljós eigin þarfir. Kann að þekkja kunnugleg andlit en getur ekki viðhaldið mannlegu sambandi. Skilur fátt af því sem sagt er.

3.2.
Óróleiki – afbrigðileg hegðun (Hér er átt við óróleika og afbrigðilega hegðun af ýmsu tagi).

Hávaði	T.d. talar hátt við sjálfan sig. Hrópar, ber í hluti, myndar torkennileg hljóð.
Ósæmileg framkoma	T.d. háttar á almanna færi, óviðeigandi kynlíf, hendir eða smyr út fæðu, hrækir á gólf, borðar sápu.
Líkamleg misnotkun	T.d. slær til annarra eða klórar sjálfan sig eða aðra. Hrindir öðrum eða losar um öryggisbúnað annarra.
Andleg misnotkun	T.d. notar hlutaðeigandi ógnandi, meiðandi eða ósæmilegt orðbragð, við viðstadda.
Ráp	Einstaklingurinn ráfar um og reynir að jafnaði að sleppa þaðan sem hann er. Ratar ekki til baka ef hann sleppur út.
Breyting á svefnvenjum	Dægravilla. Sefur á daginn og vakir um nætur.
0. *Enginn.*	Skali skýrir sig sjálfur.
3. *Vandamál.*	
7. *Tíð og erfið köst.*	
10. *Viðvarandi neyð.*	

3.3.
Andleg líðan (Hér er átt við vanlíðan eða þjáningar vegna þunglyndis, öryggisleysis, kvíða, ranghugmynda, svefnleysis eða einsemdar).

0. *Góð*	Engin vandamál af þessu tagi.
3. *Ábótavant*	Viðkomandi hefur sögu um eða fær tímabundin köst, sem þó svara læknismeðferð, andlegum eða félagslegum stuðningi.
5. *Slæm*	Vandamál sem þó léttir tímabundið við meðferð eða stuðning.
7. *Afar slæm*	Varanlegt vandamál sem lítið lagast við meðferð og stuðning.
10. *Viðvarandi neyð*	Sjúklingur svarar ekki læknismeðferð eða stuðningi og þessi vandamál lita alla tilveru hans.

FÆRNI

4.1.
Hreyfigeta

0. *Góð*	Getur gengið hjálparlaust og af öryggi innan dyra sem utan, bæði að nóttu sem degi. Notar þó e.t.v. staf á gönguferðum úti.
3. *Létt hjálp eða hjálpartæki*	Reiðir sig á hjálpartæki (staf, hækju, göngugrind). Þarf þó aðstoð við lengri ferðir svo sem á mannamót eða í fjölmenni og mikilli umferð.
5. *Bundin(n) hjólastól eða göngugrind*	Kemst ferða sinna innan húss með göngugrind eða hjólastól. Getur þurft annarra hjálp, t.d. þegar hann er þreyttur síðdegis og til að ferðast utan dyra.
7. *Þarf mikla hjálp aðst. fólks*	Þarf reglulega takmarkaða hjálp. Getur ekki nýtt öryggistæki. *Dæmi:* Þarf alltaf eftirlit eða einhverja hjálp við að flytja sig, hreyfa sig í rúmi eða hreyfa sig úr stað.
10. *Hreyfigeta nær engin*	Hreyfir sig ekki án hjálpar. Þarf stöðugan mannlegan stuðning og leiðsögn í öllum flutningum og/eða við hreyfingu. *Dæmi:* Sjúklingi er lyft frá rúmi í stól. Nota þarf lyftara til að hreyfa hann. Snúa þarf honum. Hann getur gengið en þarf aðstoð fleiri en eins.

4.2.
Hæfni til að matast

0. *Sjálfbjarga*	Kemst alltaf til málsverðar og hjálpar sér sjálf(ur) í öll þrjú mál.
1. *Matarskömmtun*	Kemst til málsverðar og borðar sjálfur en þarf að láta skammta sér. Ekki þörf á frekari eftirliti.
3. *Brytja þarf matinn (eða minna á matmálstíma)*	Sama og 1, nema til viðbótar þarf að brytja matinn. Ekki þarf að hvetja eða fylgjast með því er viðkomandi borðar.
5. *Þarfnast hvatningar eða eftirlits*	Auk þess sem getur um undir 3, þarf viðkomandi reglulega hvatningu en getur borðað sjálfur án hættu á því að svelgjast á.
7. *Mötun*	Mata þarf viðkomandi en ekki hætta á því að honum svelgist á.
10. *Sérhæft eftirlit*	Mötun og sérhæft eftirlit með næringarástandi.

4.3.
Hæfni til að klæðast og annast dagleg persónuleg þrif

0. *Sjálfbjarga, klæðist þvær sér og greiðir án hjálpar*	*Dæmi:* Nær í föt og gengur frá þeim án hjálpar. Getur notað allar tegundir fatnaðar og ræður við rennilása, tölur og smellur.
1. *Þarf nokkurt eftirlit og aðstoð*	Þarf hjálp sjaldnar en daglega. Dæmi: Þarf nokkra hjálp við vikulegt bað.
3. *Þarf dagl. eftirlit*	Dagleg hjálp. *Dæmi:* Taka þarf til föt daglega. Hjálp við að fara í sokka og skó. Hjálp við rakstur.
7. *Þarf hjálp oft á dag*	Þarf algera hjálp í sumum atriðum oft á dag, t.d. við að klæðast, en getur þvegið sér sjálfur að hluta.
10. *Ósjálfbjarga*	Sjúklingur þarf alla hjálp við persónuleg þrif og klæðnað, enda þótt hann geti hreyft líkamshluta.

4.4.
Stjórn á þvaglátum og hægðum

0. *Sjálfbjarga*	Algerlega einfær um að annast þvaglát og hægðir, þar með talin notkun hjálpartækja og annast aðgerðir vegna lausheldni.
1. *Hjálp, þó ekki daglega*	Þarf hjálp vegna þvags eða hægða, þó ekki daglega.
3. *Þarf hjálp daglega*	Þarf daglegt eftirlit, t.d. reglulega minnt á salerni. Lausheldni ekki oftar en einu sinni á dag. Hjálp við að komast á salerni.
7. *Þarf hjálp oft á dag*	Lausheldni oft á dag, en ekki alltaf. Þarf hjálp oft á dag við að komast á salerni.
10. *Ósjálfbjarga*	Lausheldni daga og nætur, þar sem engin sjálfstjórn er möguleg. Stomia eða þvagleggur að staðaldri.

ÁBENDINGAR

Ef niðurstaða á matsblaði verður að annarra úrræða sé þörf en vistunar á stofnun (þ.e. kross við C), getur verið gagnlegt að geta hvaða úrræða sé þörf, t.d. heimaþjónustu eða meiri heimahjúkrunar eða heimilisþjónustu, matarsendinga, betra húsnæðis, dagvistar, endurhæfingar, hvíldarinnlagnar eða innlagnar á öldrunarlækningadeild.

Æskilegt væri að hafa reglubundið samband við alla sem metnir eru en ekki komnir á stofnun, t.d. á 6 mánaða fresti og framkvæma endurmat eftir þörfum.

Fylgiskjal II.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

VISTUNARMAT ALDRAÐRA
YFIRLIT

Matsaðili: ..... (Þjónustuhópur aldraðra, matsaðili/stofnun)

Nafn | Kennitala:

Flutningur milli þjónustustiga ☐ | Hjúskaparstétt: ☐ Gift(ur) ☐ Ógift(ur) ☐ Skilin(n) ☐ Ekkill/ekkja ☐ Sambúð

FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR

Dags.: ....

1.1. Eigin athafnageta
- 0. Góð ☐ ☐ ☐
- 3. Ábótavant ☐ ☐ ☐
- 5. Léleg ☐ ☐ ☐
- 7. Slæm ☐ ☐ ☐
- 10. Neyðarástand ☐ ☐ ☐

1.2. Skipulögð aðstoð
- 0. Fáanleg/aðgengileg ☐ ☐ ☐
- 3. Viðunandi ☐ ☐ ☐
- 5. Takmörkuð ☐ ☐ ☐
- 7. Óáreiðanleg ☐ ☐ ☐
- 10. Neyðarástand ☐ ☐ ☐

1.3. Aðstæður aðstandenda
- 0. Góðar ☐ ☐ ☐
- 3. Lélegar ☐ ☐ ☐
- 5. Erfiðar ☐ ☐ ☐
- 7. Afar erfiðar ☐ ☐ ☐
- 10. Neyðarástand ☐ ☐ ☐

LÍKAMLEGT ATGERVI

2.1. Líkamlegt heilsufar:
- 0. Engin þörf á reglulegu eftirliti ☐ ☐ ☐
- 1. Eftirlit þarf, þó ekki vikulega ☐ ☐ ☐
- 3. Vikulegt eftirlit ☐ ☐ ☐
- 7. Daglegt eftirlit ☐ ☐ ☐
- 10. Eftirlit oft á dag ☐ ☐ ☐

2.2. Lyfjagjöf:
- 0. Þarf ekki eftirlit ☐ ☐ ☐
- 1. Vikulegt eftirlit ☐ ☐ ☐
- 5. Daglegt eftirlit ☐ ☐ ☐
- 7. Eftirlit oft á dag ☐ ☐ ☐
- 10. Sérhæft eftirlit ☐ ☐ ☐

ANDLEGT ATGERVI

3.1. Heilabilun:
- 0. Engin ☐ ☐ ☐
- 3. Væg ☐ ☐ ☐
- 5. Þó nokkur ☐ ☐ ☐
- 7. Mikil ☐ ☐ ☐
- 10. Afar mikil ☐ ☐ ☐

Dags.: ....

3.2. Óróleiki – Afbrigðileg hegðun:
- 0. Engin ☐ ☐ ☐
- 3. Vandamál ☐ ☐ ☐
- 7. Tíð og erfið köst ☐ ☐ ☐
- 10. Viðvarandi neyð ☐ ☐ ☐

3.3. Andleg líðan:
- 0. Góð ☐ ☐ ☐
- 3. Ábótavant ☐ ☐ ☐
- 5. Slæm ☐ ☐ ☐
- 7. Afar slæm ☐ ☐ ☐
- 10. Viðvarandi neyð ☐ ☐ ☐

FÆRNI

4.1. Hreyfigeta:
- 0. Góð ☐ ☐ ☐
- 3. Létt hjálp eða hjálpartæki ☐ ☐ ☐
- 5. Bundin(n) hjólastól eða göngugrind ☐ ☐ ☐
- 7. Þarf mikla hjálp aðstoðarfólks ☐ ☐ ☐
- 10. Hreyfigeta nær engin ☐ ☐ ☐

4.2. Hæfni til að matast:
- 0. Sjálfbjarga ☐ ☐ ☐
- 1. Matarskömmtun ☐ ☐ ☐
- 3. Brytja þarf matinn eða – minna á matmálstíma ☐ ☐ ☐
- 5. Þarfnast hvatningar eða eftirlits ☐ ☐ ☐
- 7. Mötun ☐ ☐ ☐
- 10. Sérhæft eftirlit ☐ ☐ ☐

4.3. Hæfni til að klæðast og annast persónulegt þrif:
- 0. Sjálfbjarga ☐ ☐ ☐
- 1. Þarf nokkurt eftirlit og aðstoð ☐ ☐ ☐
- 3. Þarf daglegt eftirlit ☐ ☐ ☐
- 7. Þarf hjálp oft á dag ☐ ☐ ☐
- 10. Ósjálfbjarga ☐ ☐ ☐

4.4. Stjórn á þvaglátum og hægðum:
- 0. Sjálfbjarga ☐ ☐ ☐
- 1. Hjálp sjaldnar en daglega ☐ ☐ ☐
- 3. Hjálp daglega ☐ ☐ ☐
- 7. Þarf hjálp oft á dag ☐ ☐ ☐
- 10. Ósjálfbjarga ☐ ☐ ☐

Fylgiskjal III.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

VISTUNARMAT ALDRAÐRA
MATSBLAÐ

Vistunarmat sent: a) frumrit _____
b) ljósrit 1._____
2._____
3._____
4._____

Nafn		Kennitala:	
Heimilisfang	Sími:	Núv. dvalarstaður	Sími:
Nánasti aðstandandi:		Sími v.:	Sími h.:

Félagslegar aðstæður:

Dags.: | | | Stig: | | |

Líkamlegt atgervi, getið helstu sjúkdóma:

Stig: | | |

Andlegt atgervi:

Stig: | | |

Færni

Stig: | | |

Annað:

Horfur:

Athugasemdir:

Úrræði:

	Já	Nei
1. Hafa félagslegar úrbætur verið reyndar?	.....	.....
2. Hefur sjúklingur verið rannsakaður og endurhæfður á öldrunarlækningadeild?	.....	.....
3. Ef grunur leikur á heilabilun, hefur þá farið fram sérfræðileg greining?	.....	.....
4. Hæfir úrræði fyrir heilabilaða?	.....	.....

Niðurstöður:

Stig alls: | | |
Endurmat /

A. Þjónustuhúsnæði
- ☐ Þörf
- ☐ Brýn þörf
- ☐ Mjög brýn þörf

B. Hjúkrunarrými
- ☐ Þörf
- ☐ Brýn þörf
- ☐ Mjög brýn þörf

C. Annað
- ☐ Þörf fyrir önnur úrræði en vistun

Hver? .....

Dagsetning mats .....

Matsaðili: .....
(Undirskrift)

Staður: .....

Fyllist út af stofnun:

Vistaður á ..... Dags.: .....
(Nafn stofnunar)

REGLUGERÐ

um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til starfsemi Brunamálaskólans, menntunar, löggildingar svo og réttinda og skyldna slökkviliðsmanna.

2. gr.

Slökkviliðsmenn samkvæmt reglugerð þessari eru:

1. Þeir sem gegna slökkvistarfi eða starfa við brunavarnir í aðalstarfi hjá slökkviliðum.
2. Þeir sem gegna slökkvistarfi eða starfa við brunavarnir í hlutastarfi, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2000, um brunavarnir.

II. KAFLI
Stjórn og skipulag Brunamálaskólans.

3. gr.

Innan Brunamálastofnunar skal starfrækja Brunamálaskólann sem ætlaður er slökkviliðsmönnum, þ.m.t. slökkviliðsstjórum og eldvarnaeftirlitsmönnum. Starfsemi Brunamálaskólans fer m.a. fram á grundvelli þjónustusamninga, sbr. 1. tölul. 5. gr.

Brunamálaskólinn skal veita slökkviliðsmönnum að lágmarki þá menntun og starfsþjálfun sem krafa er gerð um í reglugerð þessari og lýtur m.a. að skyldubundnu námi þeirra og endurmenntun.

Brunamálaskólanum er heimilt að standa fyrir annarri fræðslu. Slík fræðslustarfsemi má ekki koma niður á meginstarfsemi skólans. Brunamálaskólinn hefur heimild til að innheimta sérstakt gjald til að standa m.a. straum af þeim kostnaði sem hlýst þar af.

Brunamálaskólinn skal starfrækja fjar- og farkennslu Markmiðið með farkennslu er að þjálfa slökkviliðsmenn í starfi með því að heimsækja slökkvilið landsins reglulega.

4. gr.

Við Brunamálaskólann skal starfa skólaráð sem er Brunamálastofnun til ráðgjafar um fagleg og rekstrarleg málefni skólans og ber það ábyrgð gagnvart brunamálastjóra á framkvæmd og starfsemi Brunamálaskólans. Skólaráð skal í upphafi árs leggja fyrir brunamálastjóra til samþykktar starfsáætlun fyrir skólann.

5. gr.

Verkefni skólaráðs eru að:

1. leggja fram tillögu um fyrirkomulag Brunamálaskólans, farkennslunnar og þjónustusamninga,
2. semja starfs- og fjárhagsáætlun skólans og leggja fyrir brunamálastjóra til samþykktar,
3. gefa út námsvísi og kennsluefni fyrir nemendur og kennara og gera þegar við á tillögu um fjölda kennslustunda í hverju námskeiði umfram lágmarksfjölda sem tilgreindur er í 10.-12. gr.,
4. setja reglur um námsárangur, framkvæmd prófa og viðurkenna og meta hæfni kennara til að starfa við skólann,
5. gefa út prófskírteini og skilríki um námsferil,
6. úrskurða í ágreiningsmálum varðandi skólanámið og próf,

7. veita umsagnir til brunamálastjóra vegna mála er varða verkefni og starfsemi Brunamálaskólans,
8. hafa umsjón með öllu námi sem og framhaldsnámi á vegum skólans,
9. skipuleggja framhaldsnám og vekja athygli slökkviliða á áhugaverðum námskeiðum og fræðslufundum innanlands sem og erlendis,
10. veita brunamálastjóra umsögn vegna ráðningar skólastjóra Brunamálaskólans.

6. gr.

Brunamálastjóri ræður skólastjóra Brunamálaskólans til fjögurra ára í senn. Við ráðningu skólastjóra skal brunamálastjóri leita umsagnar skólaráðs. Skólastjóri skal hafa víðtæka menntun og þekkingu á sviði brunamála svo og starfsreynslu sem nýst getur í starfi skólastjóra. Skólaráð skal leita eftir því að sveitarfélög gefi þeim sem ráðnir eru til skólans launalaust leyfi til allt að fjögurra ára í senn á grundvelli sérstaks samkomulags ef við á.

Skólastjóri fer með daglegan rekstur skólans í umboði skólaráðs og annast nauðsynlega kynningarstarfsemi vegna skólans. Skólastjóri gerir tillögur að námsvísi og stundaskrá til skólaráðs, vinnur að samningu og endurskoðun á námsefni, hefur kennsluskyldu við skólann og vinnur að gerð þjónustusamninga og starfsáætlunar. Skólastjóri situr fundi skólaráðs með málfrelsi og tillögurétt, undirritar fyrir þess hönd gögn sem um getur í 5. tölul. 5. gr. og sér að öðru leyti um að framkvæma ákvarðanir skólaráðs.

7. gr.

Kostnaður við rekstur Brunamálaskólans greiðist af tekjum Brunamálastofnunar samkvæmt fjárveitingum sem skólanum eru ákveðnar í fjárlögum hverju sinni. Fjárveitingar til skólans skulu m.a. standa undir kostnaði við skólastjórn, kennara, farkennslu, námskeiðahald, útgáfu námsefnis, efniskostnað við kennsluna og rekstur og viðhald kennslutækja skólans. Viðkomandi sveitarfélag greiðir launa-, ferða- og uppihaldskostnað þeirra sem sækja skólann frá því sveitarfélagi. Jafnframt skal sveitarfélag standa straum af kostnaði vegna fornáms nema þeim er lýtur að námsgögnum.

Heimilt er að að nota tæki og búnað slökkviliða sveitarfélaganna við skólastarfið með samþykki viðkomandi slökkviliðsstjóra án sérstakrar greiðslu.

III. KAFLI
Nám slökkviliðsmanna.

8. gr.

Þeir sem ráðnir eru til starfa sem slökkviliðsmenn skulu fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og vera ekki haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennd.
2. Hafa að lokinni reynsluráðningu aukin ökuréttindi til að stjórna: a) vörubifreið og b) leigubifreið.
3. Hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu.

Víkja má tímabundið frá einu eða fleiri skilyrðum í 1. mgr. vegna þeirra sem gegna slökkvistarfi eða starfa við brunavarnir samkvæmt 2. tölul. 2. gr. reynist ekki unnt að fá menn til starfa sem uppfylla framangreind skilyrði.

Endurráðning í starf slökkviliðsmanna miðast við það að þeir standist þær kröfur sem fram koma í þessum kafla.

9. gr.

Menntun slökkviliðsmanna samkvæmt reglugerð þessari er fólgin í bóklegu námi og verklegri starfsþjálfun.

Nám slökkviliðsmanna skiptist í eftirfarandi þætti:

1. Nám atvinnuslökkviliðsmanna.
2. Nám hlutastarfandi slökkviliðsmanna.
3. Nám eldvarnaeftirlitsmanna.
4. Endurmenntun.

Námið mælist í kennslustundum og er hver kennslustund 40 mínútur. Sá fjöldi kennslustunda sem tilgreindur er í 10.-12. gr. er lágmarksfjöldi kennslustunda.

10. gr.

Nám fyrir slökkviliðsmenn að aðalstarfi, sbr. 1. tölul. 2. gr., skiptist í eftirfarandi þrjá hluta auk endurmenntunar. Skulu þeir a.m.k. hafa lokið námi skv. 1. og 2. tölul. þessarar greinar.

1. **Fornám:** Nýliði skal ljúka 80 kennslustunda fornámi áður en hann hefur störf sem atvinnuslökkviliðsmaður. Fornámið er í umsjón og á ábyrgð viðkomandi slökkviliðs en Brunamálaskólinn lætur slökkviliði í hendur gögn vegna fornáms svo sem námslýsingu, kennsluefni og próf. Að loknu námi skal nemandinn vera hæfur til starfa sem byrjandi í atvinnuslökkviliði.
2. **Atvinnuslökkviliðsmaður:** Námið fyrir atvinnuslökkviliðsmenn er 540 kennslustundir. Þátttakendur skulu hafa lokið fornámi fyrir slökkviliðsmenn og miðað skal við að þeir hafi starfað í atvinnuslökkviliði í sex mánuði. Námi skal lokið innan þriggja ára frá upphafi starfs. Að loknu námi skal nemandinn vera hæfur til almennra slökkvistarfa, reykköfunar, björgunarstarfa og viðbragða við mengunar- og eiturefnaslysum.
3. **Stjórnandi:** Nám fyrir stjórnendur innan slökkviliðanna er 120 kennslustundir. Þátttakendur skulu hafa lokið námi sem atvinnuslökkviliðsmenn. Námið er ætlað þeim sem vinna við stjórnun innan atvinnuslökkviliða, svo sem slökkviliðsstjórar og vaktstjórar. Að loknu námi skal nemandi vera hæfur til stjórnunar m.a. á útkallsstað og í starfsstöð, annast skýrslugerð, kennslu og þjálfun og hafa þekkingu á lögum er varða starfssvið hans. Nám fyrir slökkviliðsstjóra skal auk framangreinds fela í sér að lokið hafi verið við nám sem eldvarnaeftirlitsmaður I og II.

Atvinnuslökkviliðsmenn skulu jafnframt sækja a.m.k. eitt endumenntunarnámskeið viðurkennt af skólaráði á þriggja ára tímabili. Hafi slökkviliðsmaður sótt önnur námskeið getur hann sótt um til skólaráðs að fá það metið sem endurmenntunarnámskeið.

11. gr.

Slökkviliðsmenn, sem gegna hlutastarfi, sbr. 2. tölul. 2. gr., skulu hljóta menntun í samræmi við þá þjónustu sem slökkvilið skulu veita samkvæmt brunavarnaráætlun viðkomandi sveitarfélags. Námið skiptist í eftirfarandi fjóra hluta auk endurmenntunar. Slökkviliðsmenn, sem gegna hlutastarfi, skulu a.m.k. hafa lokið námi skv. 1. tölul. og námskeiði 1 og 2 skv. 2. tölul. þessarar greinar.

1. **Fornám:** Nýliðar skulu ljúka að lágmarki 20 kennslustunda fornámi áður en þeir hefja störf sem hlutastarfandi slökkviliðsmenn. Fornámið er í umsjón og á ábyrgð viðkomandi slökkviliðs en Brunamálaskólinn lætur slökkviliði í hendur gögn vegna fornáms, svo sem námslýsingu, kennsluefni og próf. Að loknu námi skal nemandinn vera hæfur til starfa sem byrjandi í hlutastarfandi slökkviliði.
2. **Hlutastarfandi slökkviliðsmaður:** Brunamálaskólinn veitir kennslu í fjórum hlutanámskeiðum og skulu hlutastarfandi slökkviliðsmenn sækja þau námskeið sem falla að því

þjónustustigi sem sveitarfélagið hefur ákveðið að veita samkvæmt brunavarnaráætlun.

Námskeið 1: Námskeiðið er 30 kennslustundir og að því loknu skal nemandi m.a. vera hæfur til slökkvistarfa utanhúss, til að annast vatnsöflun, reyklosun og dælingu.

Námskeið 2: Námskeiðið er tvö 30 kennslustunda námskeið og að því loknu skal nemandi m.a. vera hæfur til reykköfunar, hafa þekkingu á þróun innanhússbruna og yfirtendrun.

Námskeið 3: Námskeiðið er 30 kennslustundir og að því loknu skal nemandi m.a. vera hæfur til björgunar fólks úr bílflökum, klippuvinnu og skyndihjálpar við slasaða.

Námskeið 4: Námskeiðið er 30 kennslustundir og að því loknu skal nemandi m.a. vera hæfur til að beita réttum viðbrögðum við mengunarslysum og eiturefnaslysum. Áður en nám er hafið skal viðkomandi hafa lokið námskeiði 2.

Séu fleiri en eitt námskeið haldin samfleytt þá styttist heildartími námskeiðsins um 5 kennslustundir fyrir hvert hlutanámskeið.

3. **Stjórnandi hlutastarfs:** Námið er fyrir stjórnendur innan hlutastarfandi slökkviliða. Námið er 30 kennslustundir. Stjórnendur hjá hlutastarfandi liðum geta sótt nám sem stjórnendur fyrir atvinnumenn, enda hafi þeir lokið fullu námi sem hlutastarfandi slökkviliðsmenn.
4. **Slökkviliðsstjóri:** Nám fyrir slökkviliðsstjóra hlutastarfandi slökkviliða. Námið er 30 kennslustundir.

Hlutastarfandi slökkviliðsmenn skulu jafnframt sækja a.m.k. eitt viðurkennt endurmenntunarnámskeið viðurkennt af skólaráði, á hverju sex ára tímabili. Hafi slökkviliðsmaður sótt önnur námskeið getur hann sótt um til skólaráðs að fá það metið sem endurmenntunarnámskeið. Sæki hlutastarfandi slökkviliðsmaður nám fyrir atvinnuslökkviliðsmenn sbr. 2. tölulið 10. gr. telst hann hafa lokið námi fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn sbr. 2. tölulið 11. gr.

12. gr.

Allir þeir slökkviliðsmenn sem sinna eldvarnaeftirliti skulu hafa lokið námi sem eldvarnaeftirlitsmaður I eða lokið sambærilegu námi. Menntun starfsmanna eldvarnaeftirlits skal vera í samræmi við þá þjónustu sem slökkvilið skal veita samkvæmt brunavarnaráætlun viðkomandi sveitarfélags.

Námið skiptist í eftirfarandi þrjá hluta:

1. **Eldvarnaeftirlitsmaður I:** Grunnnám fyrir eldvarnaeftirlitsmenn þannig að þeir geti unnið við almennt eldvarnareftirlit. Námið er 70 kennslustundir.
2. **Eldvarnaeftirlitsmaður II:** Framhaldsnám fyrir eldvarnaeftirlitsmenn þannig að þeir geti starfað sjálfstætt að sérhæfðu eldvarnareftirliti svo sem að annast lokaúttektir. Námið er 30 kennslustundir .
3. **Eldvarnaeftirlitsmaður III:** Framhaldsnám fyrir þá sem stjórna og bera ábyrgð á eldvarnareftirliti sveitarfélaganna. Námið er 30 kennslustundir.

Eldvarnaeftirlitsmenn skulu sækja a.m.k. eitt viðurkennt endurmenntunarnámskeið á hverju fimm ára tímabili. Hafi slökkviliðsmaður sótt önnur námskeið getur hann sótt um til skólaráðs að fá það metið sem endurmenntun.

IV. KAFLI.
Löggilding.

13. gr.

Slökkviliðsmenn, sem sækja um löggildingu til að starfa sem slökkviliðsmenn, skulu hafa lokið lágmarksnámi fyrir slökkviliðsmenn við Brunamálaskólann eða hlotið sambærilega menntun sem skólaráð Brunamálaskólans metur jafngilda. Jafnframt skulu þeir

hafa gegnt slökkvistarfi eða starfað við brunavarnir að aðalstarfi a.m.k. í eitt ár samfellt eða starfað í hlutastarfi a.m.k. í fjögur ár.

Slökkviliðsstjóri skal hafa hlotið löggildingu sem slökkviliðsmaður, sbr. 1. mgr. og starfað að lágmarki í eitt ár í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður, eða hafa háskólamenntun með sérmenntun í brunamálum.

14. gr.

Umsókn um löggildingu sem slökkviliðsmaður skal send til umhverfisráðherra. Með umsókn skal fylgja skírteini frá Brunamálaskólanum því til staðfestingar að umsækjandi hafi lokið tilskyldu námi. Einnig skal fylgja með yfirlýsing slökkviliðsstjóra eða annars yfirmanns, eftir því sem við á, um að umsækjandinn uppfylli skilyrði um lágmarksstarfstíma. Telji umsækjandi að hann hafi lokið öðru námi sem teljist sambærilegt námi úr Brunamálaskólanum, skal hann leggja fram vottorð eða prófskírteini um að hann hafi lokið því námi. Auk þess skal fylgja lýsing á náminu.

Þegar við á skal leita umsagnar skólaráðs Brunamálaskólans um hvort menntun umsækjanda geti talist sambærileg námi í Brunamálaskólanum.

V. KAFLI
Réttindi og skyldur.

15. gr.

Slökkviliðsmönnum ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið, m.a. með námskeiðum og verklegri þjálfun þar sem henni verður við komið.

16. gr.

Slökkviliðsmenn skulu að jafnaði ganga í einkennisfatnaði við störf sín. Einnig skulu þeir fá nauðsynlegan hlífðarfatnað. Brunamálastofnun setur nánari reglur um hlífðarbúnað.

17. gr.

Slökkviliðsmenn og aðrir sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra skulu vera tryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna eða vegna mengunaróhappa á landi í samræmi við áhættu starfsins. Lágmarkstrygging skal vera í samræmi við skilmála slysatryggingar starfsmanna sveitarfélaga samkvæmt kjarasamningum.

18. gr.

Við lífshættuleg skilyrði skal slökkviliðsmaður ávallt gæta þess að stofna hvorki eigin lífi né annarra í tvísýnu.

Ekki má á nokkurn hátt tálma því að slökkviliðsmenn geti sinnt starfi sínu.

19. gr.

Slökkviliðsmönnum er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt þeir láti af störfum.

20. gr.

Um réttindi og skyldur slökkviliðsmanna fer að öðru leyti eftir IV. og V. kafla laga nr. 75/2000, um brunavarnir, og samþykktum um slökkvilið á hverjum stað, eftir því sem við á. Leita skal umsagnar hagsmunasamtaka slökkviliðsmanna um samþykktir er varðað geta hagsmuni slökkviliðsmanna.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

22. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. og 17. gr. laga um brunavarnir, nr. 75/2000, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 195/1994, um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Slökkviliðsmenn sem hlotið hafa réttindi og viðurkenningar samkvæmt eldri reglugerð nr. 195/1994 um réttindi og skyldur slökkviliðsmanna halda þeim.

Umhverfisráðuneytinu, 9. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

11. október 2001 Nr. 793

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson hjá Þjóðminjasafni Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson hjá Þjóðminjasafni Íslands og er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Ingibjörg var fædd að Laugarbökkum í Ölfusi 2. júní 1901 og lést 29. nóvember 1997 í Vacaville í Kaliforníu og ánafnaði Þjóðminjasafni Íslands hluta eigna sinna. Stofnandi sjóðsins er Þjóðminjasafn Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er kaup á safngripum handa Þjóðminjasafni Íslands og viðhald og aðhlynning gripa.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er dánargjöf Ingibjargar, sem nam við afhendingu 28. september 1998 kr. 10.749.619 – tíu milljónum og sjö hundruð fjörtíu og níu þúsund og sex hundruð og nítján íslenskum krónum.

5. gr.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands, þjóðminjavörður, deildarstjóri munadeildar og fjármálastjóri.

7. gr.

Þjóðminjavörður ákveður úthlutanir úr sjóðnum að tillögu stjórnar.

8. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Vextir af stofnfé.
b) Verðbætur af stofnfé.
c) Fé, sem sérstaklega er gefið eða veitt til sjóðsins og samræmist tilgangi hans.
d) Aðrar tekjur en þær sem að framan greinir.

9. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast í íslenskum banka. Heimilt er að verja úr sjóðnum að jafnaði 75% af tekjum ársins skv. 8. grein a-, c- og d-lið. Ekki má skerða stofnfé nema sérstakar ástæður þyki til við meiri háttar úthlutanir. Þó má aldrei skerða kr. 525.000 af stofnfé að raungildi.

10. gr.

Úthlutunum úr sjóðnum skal varið til kaupa á safngripum handa Þjóðminjasafni Íslands, til viðgerðar safngripa eða sérstakrar aðhlynningar gripa. Skal ávallt getið við skráningu þeirra gripa, svo og við sýningar þeirra, að þeirra sé aflað fyrir fé úr sjóðnum. Gæta skal þess að verja fé úr sjóðnum eftir því sem vitað er að gefandi hafði hug til.

11. gr.

Heimilt er að auka við sjóðinn með gjöfum eða á annan hátt, enda breytist tilgangur hans ekki, en gæta skal þess að nafn upphaflegs gefanda fylgi sjóðnum ávallt.

12. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

13. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna óskiptar til Þjóðminjasafns Íslands.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala í Reykjavíkurapóteki 1918 – 1962.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala. Hann er stofnaður af Bent Scheving Thorsteinsson 25. maí 2001, með framlagi hlutafjár að verðgildi kr. 10.300.000 sem hann gefur til minningar um hjónin Bergþóru Paturson fædda 26. febrúar 1898 í Kirkjubæ í Færeyjum dána 22. október 1970 í Reykjavík og Þorstein Scheving Thorsteinsson fæddan 11. febrúar 1890 á Brjánslæk, V.-Barðastrandarsýslu, dáinn 23. apríl 1971 í Reykjavík. Var hlutaféð innleyst strax og eru kr. 10.300.000 stofnfé sjóðsins.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Háskóla Íslands og ávaxtaður á hagkvæmasta hátt á hverjum tíma og reikningar sjóðsins endurskoðaðir með reikningum Háskólasjóða.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og stofnfé, svo og gjafir er sjóðnum kunna að berast og leggjast við stofnfé.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að veita verðlaun fyrir vísindaleg afrek og styrkja rannsóknir og framhaldsnám í lyfjafræði.

5. gr.

Rektor ákveður úthlutun úr sjóðnum hverju sinni og hefur um það frjálsar hendur. Skal hann leita samráðs við forseta lyfjafræðideildar.

6. gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem rektor finnst tilefni til, en ekki má úthluta meira en $^3/_4$ af vaxtatekjum hverju sinni. Óúthlutaðir vextir leggjast við stofnfé.

7. gr.

Það er ósk gefanda að verðlaunum sé úthlutað við hátíðlega opinbera athöfn og þess þá getið í hverra minningu þau eru veitt, og fram tekið hverjum veitt, upphæð verðlauna og framlag verðlaunahafa. Jafnframt væri æskilegt að greint væri frá verðlaunaafhendingunni í fjölmiðlum og Árbók Háskóla Íslands.

8. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef rektor telur það nauðsynlegt.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til málefna tengdra markmiðum sjóðsins.

10. gr.

Skipulagsskrá Verðlaunasjóðs Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala skal staðfest af dómsmálaráðuneyti samkvæmt lögum nr. 19/1988.

Reykjavík, 25. maí 2001.

Bent Scheving Thorsteinsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. október 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 795 19. október 2001

REGLUGERÐ

um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til innheimtu krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu við nauðungarsölu, heimilda til samninga og skilyrða fyrir afskriftum slíkra krafna.

Reglugerð þessi tekur eingöngu til skulda einstaklinga gagnvart Íbúðalánasjóði.

2. gr.

Kröfur Íbúðalánasjóðs teljast hafa glatað veðtryggingu annars vegar þegar sjóðurinn kaupir fasteign við nauðungarsölu og kröfur sjóðsins eru hærri en matsverð hennar við uppboð, sbr. 57. gr. laga nr. 90/1991 og hins vegar þegar aðrir kaupa fasteign við nauðungarsölu og kröfur sjóðsins sem hvíla á fasteign fást ekki að fullu greiddar af söluverði hennar.

3. gr.

Íbúðalánasjóður skal tilkynna skuldara bréflega um niðurstöðu uppgjörs á nauðungarsölunni um leið og frumvarp um úthlutun á söluverði og verðmat íbúðar liggur fyrir.

Í tilkynningu skal m.a. gera grein fyrir heimildum til að semja um uppgjör kröfunnar samkvæmt 4. gr.

4. gr.

Skuldari getur samið um greiðslu skuldar með mánaðarlegum greiðslum til allt að 8 ára eða gefið út skuldabréf samkvæmt 6. gr. Enn fremur er Íbúðalánasjóði heimilt að afskrifa eftirstöðvar skuldar ef skuldari greiðir 60% kröfunnar með eingreiðslu.

Stjórn Íbúðalánasjóðs skal setja nánari reglur um heimildir til samninga við skuldara.

5. gr.

Náist ekki samningar, sbr. 3. og 4. gr., skal þegar hefja innheimtuaðgerðir vegna krafna Íbúðalánasjóðs sem glata veðtryggingu við nauðungarsölu.

Innheimta skal reynd hjá skuldara allt þar til eignaleysi hans hefur verið sannað með árangurslausri aðfarargerð eða á annan tryggilegan hátt.

6. gr.

Íbúðalánasjóði er heimilt að skuldbreyta kröfu sem glatað hefur veðtryggingu með því að taka við nýju skuldabréfi til 5-10 ára. Skuldabréfið skal vera vísitölutryggt og bera sömu vexti og fasteignaveðbréf Íbúðalánasjóðs á hverjum tíma. Skuldabréfið skal tryggt með veði í fasteign skuldara innan markaðsverðs hennar.

Íbúðalánasjóður getur heimilað skuldara veðbreytingu (flutning) á lánum samkvæmt þessari grein. Veðkröfur sjóðsins eru þær sömu og í 1. mgr.

Hafi skuldari ekki samið um greiðslu kröfunnar við Íbúðalánasjóð sendir sjóðurinn honum árlega yfirlit yfir skuldastöðu hans.

7. gr.

Skuldarar fá ekki fyrirgreiðslu að nýju hjá Íbúðalánasjóði fyrr en kröfur sjóðsins á hendur þeim hafa verið greiddar, eða þeir gefið út skuldabréf til skuldbreytingar kröfunni skv. 6. gr. eða þær afskrifaðar skv. 8. gr.

Þegar skuldari hefur gefið út skuldabréf til greiðslu á kröfu getur hann sótt um fyrirgreiðslu hjá Íbúðalánasjóði að nýju. Skuld samkvæmt slíku skuldabréfi skal tilgreind í greiðslumati ásamt öðrum skuldum og tekið tillit til hennar við mat á greiðslugetu skuldara.

8. gr.

Að liðnum 5 árum frá nauðungarsölu er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að afskrifa kröfur sem glatað hafa veðtryggingu enda sýnt að skuldari hafi ekki haft og hafi ekki fjárhagsgetu til að greiða kröfuna vegna ófyrirséðra eða óviðráðanlegra atvika.

Íbúðalánasjóði er einnig heimilt að afskrifa eftirstöðvar skuldar, sem áður hefur verið samið um, greiði skuldari með eingreiðslu 60% kröfunnar eins og hún stendur við greiðslu.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 47. og 50. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 550/1999, um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. október 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

17. október 2001 Nr. 796

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 1980-2000, neðan Búðavegar frá hafskipabryggju að smábátahöfn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 1980-2000 frá 17. ágúst 1981.

Breytingin varðar svæðið neðan Búðavegar frá hafskipabryggju að smábátahöfn og felst í því að komið er á nýrri vegtengingu á fyllingu við fjöruborðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Búðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007, lega þjóðvegar nr. 85 frá Bangastöðum að Víkingavatni.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007 frá 1. september 2000.

Breytingin felst í að legu þjóðvegar nr. 85 á milli Bangastaða og Víkingavatns verði breytt í samræmi við úrskurð Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum dags. 22. desember 2000 og úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 27. júní 2001.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kelduneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 798 16. október 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundalóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundalóða í Grímsnesi skv. eftirfarandi:

a) Deiliskipulag frístundabyggðar undir 56 hús í landi Ásgarðs (Búgarður ehf.).
b) Deiliskipulag í landi Búrfells II, götuheiti: Grensás og Þrengslaás.
c) Deiliskipulag í landi Reykjaness.
d) Deiliskipulag fyrir byggðahverfið að Sólheimum.

Ofangreint öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 16. október 2001.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um gjald vegna námskeiðs til undirbúnings prófi til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 774/2000 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður eru gjöld vegna fyrri hluta námskeiðs sem haldið verður í byrjun árs 2002 og fyrir verklega prófraun ákveðin þessi:

Gjald fyrir þátttöku í fyrri hluta námskeiðs	kr. 100.000
Gjald fyrir verklega prófraun	kr. 20.000

Gjald fyrir þátttöku í seinni hluta námskeiðs verður ákveðið síðar.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. október 2001.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009, suðurhluti byggðar í Þorlákshöfn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009 frá 18. október 1999.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Stækkun og færslu íbúðarsvæða til notkunar á skipulagstímabilinu.
Stækkun óbyggðs beltis á milli núverandi og fyrirhugaðrar byggðar.
Færslu íþróttasvæðis.
Færslu og minnkun skólagarða.
Færslu og stækkun leiksvæða.
Breyttri legu tengibrautar vestan og sunnan við byggðina.
Breyttri legu Hafnarbergs til suðurs.
Breyttri legu aðkomuvegar að hesthúsabyggð.
Breyttu göngustígakerfi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015, frístundabyggð í landi Ásgarðs og Búrfells.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin varðar breytta landnotkun á tveimur stöðum í landi Ásgarðs þar sem útivistarsvæði og landbúnaðarsvæði breytist í „hugsanlegt sumarbústaðasvæði“ og einnig syðst í landi Búrfells þar sem spilda af landbúnaðarlandi breytist í „hugsanlegt sumarbústaðasvæði“.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 801 11. október 2001

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Seljalandssvæði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 frá 31. október 1990.

Breytingingin varðar eftirfarandi:

Afmarkað er svæði fyrir snjóflóðavarnarvirki: leiðigarð, keilur og farvegi.

Vegur upp á skíðasvæðið á Seljalandsdal breytir um legu og nær lengra inn á svæðið.

Fyrirhuguð íbúðarbyggð og opinberar stofnanir milli Tunguár og Úlfsár eru felldar út og í staðinn kemur útivistarsvæði (opið svæði til sérstakra nota).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999, iðnaðar- og hafnarsvæði sunnan Norðfjarðarvegar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Neskaupstaðar 1979-1999 frá 9. janúar 1981.

Breytingingin varðar eftirfarandi:

Tengingum við Norðfjarðarveg er fækkað úr 6 í 2.
Nausthvammur er styttur og fellur út vestan Hafnarnausts.
Ný gata Naustvegur, komi norðan Nausthvamms.
Legu Leiruvegar er breytt og verður hann stofnvegur að flugvelli.
Gata vestast á svæðinu fellur út.
Svæði fyrir opinberar stofnanir er stækkað til vesturs.
Nýr sjóvarnargarður verði gerður norðan við innsiglingarleið að höfninni. (Framkvæmd þessi er tilkynningarskyld sbr. lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, viðauki 2).
Hafnarlaug verði rýmkuð og sjóvarnargarður sunnan innsiglingar mjókkaður.
Bæjarmörk falla út vegna sameiningar sveitarfélaga.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

11. október 2001 Nr. 804

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012, Akursbraut 9.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012 frá 2. júní 1995.

Breytingin varðar landnotkun lóðarinnar Akursbraut 9 sem breytist úr iðnaði í blandaða landnotkun verslunar og íbúða.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, norðan Sjávargrundar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin varðar svæði merkt Ú1, miðbæjarstarfsemi og opið svæði til sérstakra nota – útivistarsvæði, sem er stækkað til norðvesturs og landnotkun verður fjölbreyttari þ.e. blönduð landnotkun fyrir stofnanir, miðbæjarstarfsemi og opið svæði til sérstakra nota, útivistarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 806 11. október 2001

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, Skriðufell.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013 frá 2. júní 1995.

Breytingin varðar landnotkun í landi Skriðufells þar sem útivistarsvæði til sérstakra nota breytist í svæði fyrir orlofs- og sumarbústaðasvæði/frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðasvæði við Lindasíðu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin er að landnotkunarskilgreiningin miðsvæði á reit sem afmarkast af Hlíðarbraut, Austursíðu og Bugðusíðu er felld niður og verður þess í stað íbúðarsvæði á austurhluta reitsins og stofnanasvæði á vesturhluta hans. Við breytinguna færist ennfremur göngustígur milli Bugðusíðu og Hlíðarbrautar suður fyrir íbúðarsvæðið.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

17. október 2001 Nr. 808

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, við Hraungerði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að reitur á horni Hraungerðis og Dalgerðis sem er skilgreindur sem óbyggt svæði og almennt útivistarsvæði verður íbúðasvæði. Auk þess er Dalsgerði breytt í safngötu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

11. október 2001 Nr. 809

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, norðurhluti hafnarsvæðis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005 frá 6. mars 1987.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir hafnargarði vestan núverandi hafnar. Jafnframt er vegur meðfram ströndinni færður nær sjó.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 810 11. október 2001

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, námusvæði í Kötlum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005 frá 6. mars 1987.

Breytingin varðar landnotkun í Kötlum sunnan byggðar þar sem opið óbyggt svæði verður svæði til efnistöku.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 811 11. október 2001

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017, frístundabyggð í landi Birkihlíðar, Borgarfjarðarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin varðar breytta landnotkun í landi Birkihlíðar í Reykholtsdal þar sem 39,7 ha landbúnaðarsvæði breytist í frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Eskiholts II, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 5. október 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

10. október 2001 Nr. 813

AUGLÝSING

um skipulag í Hrunamannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps deiliskipulag í land Auðsholts.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Flúðum, 10. október 2001.

Loftur Þorsteinsson oddviti.

12. október 2001 Nr. 814

AUGLÝSING

um deiliskipulag veiðihúsa í landi Stórólfshvols, Hvolhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hvolhrepps, þann 4. október 2001, deiliskipulag veiðihúsa í landi Stórólfshvols, Hvolhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu sjö húsa m.a. svefnskála, eldhúss, starfsmannaskála og aðstöðuhúss auk 30 bílastæða.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 12. október 2001.

F.h. sveitarstjórnar Hvolhrepps,

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um námskrá fyrir bifhjólaréttindi.

Með vísun til 3. mgr. 26. gr. reglugerðar um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997, hefur ráðuneytið staðfest námskrá fyrir bifhjólaréttindi (ökuréttindaflokk A).

Ákvæði námskrárinnar skulu taka gildi 1. janúar 2002, þó þannig að ökupróf skulu fara fram á grundvelli námskrárinnar frá 1. apríl 2002.

Frá sama tíma fellur úr gildi námskrá fyrir bifhjólakennslu sem Umferðarráð gaf út í júní 1993.

Ökunemar sem hefja ökunám hjá ökukennara fyrir 1. janúar 2002 mega ljúka ökunámi og gangast undir ökupróf samkvæmt núgildandi reglum til loka maímánaðar 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um námskrá fyrir ökukennaranám til aukinna ökuréttinda.

Með vísun til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, nr. 327/1999, hefur ráðuneytið staðfest námskrá fyrir ökukennaranám til aukinna ökuréttinda (viðbótarökukennaranám vegna flokkanna C, D og E) sem samþykkt hefur verið af stjórn Umferðarráðs, sbr. bréf Umferðarráðs, dags. 4. júlí sl.

Ákvæði námskrárinnar taka þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 113 – 2001

26. október 2001 2519 Nr. 817

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 714/2001 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á spergilkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0704.9004	Spergilkál	29.10.01 – 15.03.02	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. október 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

15. október 2001 Nr. 818

REGLUR

um breytingu á reglum, nr. 619/1994, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

1. gr.

Við reglurnar bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

a. Með óskertu tekjujöfnunar- og þjónustuframlagi, skv. 12. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, á því ári er sameiningin tekur gildi.

b. Með sérstöku framlagi í fjögur ár, frá sameiningarári að telja, sem nemi skerðingu þeirri sem kann að hafa orðið á tekjujöfnunar- og þjónustuframlagi í kjölfar sameiningar, sbr. 5. tölulið.

2. gr.

Við reglurnar bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Sérstakt framlag skv. 6. tölulið greiðist aðeins til þeirra sveitarfélaga þar sem sameiningin hefur tekið gildi 1. janúar 2001 og síðar.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 2001.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 819 19. október 2001

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur er taki gildi 1. nóvember 2001.

Frá og með 1. nóvember 2001 verður gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 555 18. október 1996, með áorðnum breytingum, sem hér segir:

		kr.	
1.	**Notendagjöld:**		
	Orkugjald Dalvík	36,38	pr. m^3
	Orkugjald Árskógsströnd	53,85	pr. m^3
	Mælagjald	13,07	pr. dag
	Lokunargjald	2.500,00	
2.	**Tengigjöld:**		
	Lágmarksgjald að 400 m^3	129.535,00	
	Gjald fyrir hús umfram 400 m^3	163,00	

Umhverfisráð samþykkir að þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m^3 af heitu vatni verði veittur 30% afsláttur af því magni sem er umfram 25.000 m^3 á hvern mæli.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. október 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á eftirfarandi stöðum:

Suðurhluta Fákafens á mótum Fákafens og Folafens,
Dragavegi á mótum Kambsvegar og Dragavegar,
Traðarholti á mótum Brautarholts og Traðarholts,
Stúfholti á mótum Brautarholts og Stúfholts,
Ásholti á mótum Brautarholts og Ásholts,
Mjölnisholti á mótum Brautarholts og Mjölnisholts,
Traðarholti á mótum Skipholts og Traðarholts,
Stangarholti á mótum Skipholts og Stangarholts,
Brautarholti á mótum Stórholts og Brautarholts,
Þverholti á mótum Stórholts og Þverholts,
Sölvhólsgötu á mótum Ingólfsstrætis og Sölvhólsgötu,
Skothúsvegi á mótum Laufásvegar og Skothúsvegar,
Seljavegi á mótum Holtsgötu og Seljavegar,
Vínlandsleið verði aðalbraut milli hringtorgs á Grafarholtsvegi og Þúsaldar,
Þúsöld verði aðalbraut milli Reynisvatnsvegar og Sóltorgs,
Kristnibraut (safngata) verði aðalbraut milli Sóltorgs og Krosstorgs,
Jónsgeisli (safngata) verði aðalbraut milli Reynisvatnsvegar og Krosstorgs,
Þorláksgeisli (safngata) verði aðalbraut frá Krosstorgi og
Gvendargeisli (safngata) verði aðalbraut frá Krosstorgi.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. nóvember nk.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. október 2001.

Böðvar Bragason.

15. október 2001 Nr. 821

REGLUR

um ráðstöfun 700 millj. kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

1. gr.

Varið skal 280 millj. kr. til þjónustuframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 12. greinar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 44/1999.

2. gr.

Varið skal 350 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði á árunum 1999, 2000 og 2001. Við úthlutunina verði byggt á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um endanlegan íbúafjölda 1. desember 1998, 1999 og 2000, og bráðabirgðatölur 1. desember 2001.

Við úthlutunina skal sveitarfélögum raðað í viðmiðunarflokka eftir íbúafjölda með sama

hætti og með sama vægi og við úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2001, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 44/1999 með síðari breytingum.

Skerðing verður á úthlutun til hvers sveitarfélags þegar meðaltekjur á íbúa miðað við fullnýtingu tekjustofna eru 15% yfir viðmiðunartekjum hvers flokks og fellur niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 30% yfir viðmiðunartekjum. Skerðing innan þessara marka skal vera hlutfallsleg.

Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi fækkun í sveitarfélagi verið umfram 3 íbúa á tímabilinu.

3. gr.

Varið skal 70 millj. kr. til þess að auka tekjujöfnun sveitarfélaga á árinu 2001 á grundvelli 11. greinar reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 44/1999 með síðari breytingum. Jöfnunarhlutfall tekjujöfnunarframlaga skal hækka sem nemur fjárhæðinni.

4. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001 – liður 8.17 og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 2001.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 114 – 2001

1. nóvember 2001 2523 Nr. 822

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Rifsbanka.

1. gr.

Frá og með 5. nóvember 2001 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á Rifsbanka, á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1. 67° 07'00 N — 15° 42'00 V
2. 66° 54'00 N — 15° 31'00 V
3. 66° 54'00 N — 15° 45'00 V
4. 67° 06'00 N — 15° 54'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. nóvember 2001.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 114, nr. 822. Útgáfudagur 2. nóvember 2001.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 115 – 2001

Nr. 823 2524 25. október 2001

REGLUR

um Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands er starfrækt af Háskóla Íslands á sviði sjávarútvegs og skyldra fræða.

Stofnunin heyrir undir háskólaráð, og hefur að markmiði að vera vettvangur þverfaglegs samstarfs á fræðasviðum sjávarútvegs og skyldra greina. Til sjávarútvegsfræða í þessari merkingu teljast allar þær greinar sem tengjast sjávarútvegi, fiskveiðum og eldi lagardýra með einum eða öðrum hætti.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Sjávarútvegsstofnunar er:

a. að efla og samhæfa rannsóknir í sjávarútvegsfræðum sem unnið er að við Háskóla Íslands,
b. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda aðila á sviði sjávarútvegsfræða,
c. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í sjávarútvegsfræðum,
d. að veita upplýsingar og ráðgjöf í málefnum sjávarútvegsins,
e. að skipuleggja og hafa umsjón með þverfaglegu námi í sjávarútvegsfræðum við Háskóla Íslands, sbr. 8. gr.,
f. að treysta samvinnu milli deilda í þágu þverfaglegs náms í sjávarútvegsfræðum og efla skilning á þeim hagsmunum sem náminu tengjast,
g. að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum í sjávarútvegsfræðum.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað, eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Stjórn.

Háskólaráð skipar Sjávarútvegsstofnun fimm manna stjórn og tvo til vara, til þriggja ára í senn, að fengnum tilnefningum frá raunvísindadeild, félagsvísindadeild, verkfræðideild og viðskipta- og hagfræðideild. Þá skipar háskólaráð einn stjórnarmann án tilnefningar. Þeir sem tilnefndir eru skulu vera fastir kennarar við viðkomandi deildir. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forsetum þeirra deilda sem aðild eiga að stjórn.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart háskólaráði. Stjórnin samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 27. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf að fenginni tillögu stjórnar.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer forstöðumaður með ráðningarmálið.

8. gr.

Þverfaglegt nám.

Þverfaglegt nám í sjávarútvegsfræðum, hvort heldur er grunn- eða framhaldsnám, byggist á skriflegum samningum Sjávarútvegsstofnunar við þær háskóladeildir sem taka þátt í hinu þverfaglega námi. Deildir skulu taka tillit til sérstöðu hins þverfaglega náms við inntöku nemenda og framkvæmd samnings að öðru leyti.

Miðað skal við að um inntöku í námið fari eftir reglum þeirrar deildar þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) viðkomandi nemanda er unnið eða meginhluti náms hans fer fram, enda skal nemandinn skráður í þá deild og brautskrást þaðan.

Sjávarútvegsstofnun skipuleggur og hefur umsjón með hinu þverfaglega námi en heimilt er að skipa sérstaka stjórnarnefnd í þessum tilgangi. Fari stjórnarnefnd með skipulag námsins skulu í henni sitja fulltrúar þeirra deilda sem koma að náminu, og skulu þeir vera fastir kennarar við viðkomandi deildir.

Í skipulagningu og umsjón með náminu felst:

a. að semja námsskrá hins þverfaglega náms,
b. að halda utan um framboð námskeiða sem nýst geta í hinu þverfaglega námi og reglur deildanna um inntöku nemenda og hafa yfirsýn yfir inntöku nemenda í námið,

c. að gera skriflega samninga við deildir um framkvæmd hins þverfaglega náms sem tryggja kennslu nauðsynlegra námskeiða og að nemendur fái leiðbeinendur með lokaverkefni eftir því sem kostur er á hverjum tíma,
d. að taka á móti umsóknum um þverfaglega námið, fjalla um umsóknirnar og senda þær áfram til viðkomandi deilda til samþykktar,
e. að fylgjast með námsframvindu nemenda og veita þeim almenna þjónustu varðandi námið.

9. gr.

Fjármál.

Tekjur Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:
a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
b. framlag frá viðkomandi deildum sem aðild eiga að stofnuninni vegna umsjónar með meistaranámi í sjávarútvegsfræðum,
c. styrkir til einstakra verkefna,
d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
e. tekjur af útgáfustarfsemi,
f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 296/1989 um Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 824 25. október 2001

REGLUR

um Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir viðskipta- og hagfræðideild og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs í viðskiptafræðum og skyldum greinum.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk Viðskiptafræðistofnunar er:

a. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í viðskiptafræðum og skyldum greinum sem unnið er að við Háskóla Íslands,
b. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
c. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði viðskiptafræða og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
d. að sinna þjónustuverkefnum á sviði viðskiptafræða,
e. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í viðskiptafræðum og skyldum greinum,
f. að veita fræðslu og ráðgjöf varðandi viðskiptafræði,
g. að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum í viðskiptafræði.

3. gr.
Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.
Stjórn.

Deildarfundur í viðskipta- og hagfræðideild skipar Viðskiptafræðistofnun fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal stjórnin skipuð fjórum kennurum í fullu starfi við viðskiptafræðiskor og sem jafnframt starfa við stofnunina auk eins fulltrúa stúdenta sem tilnefndur er af félagi framhaldsnema í viðskiptafræði.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar.

5. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti viðskipta- og hagfræðideildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta viðskipta- og hagfræðideildar.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.
Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Ennfremur gerir stjórn tillögu til deildar um langtímastefnu í rannsóknum. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum Viðskiptafræðistofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjárhagsáætlun næsta árs ef því er að skipta. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi Viðskiptafræðistofnunar, nýjungar í viðskiptafræði og skyldum greinum og rannsóknastefnu. Ársfund skal að jafnaði halda á haustmánuðum.

7. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar og með samþykki deildar. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

a. framlag frá viðskipta- og hagfræðideild,
b. styrkir til einstakra verkefna,
c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
d. tekjur af útgáfustarfsemi,
e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundi.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 211/1992 um Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.
Almennt.

Hugvísindastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir heimspekideild og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á fræðasviðum deildarinnar.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk Hugvísindastofnunar er:

a. að vera samstarfsvettvangur rannsóknastofnana heimspekideildar (sjá 4. gr.), annast sameiginlegt skrifstofuhald þeirra og þjónustu við þær,
b. að standa fyrir þverfaglegum rannsóknaverkefnum, oft tímabundnum, sem vinna má að í sérstökum rannsóknastofum sem heyra undir stofnunina (sjá 4. gr.),
c. að hafa umsjón með framhaldsnámi í deildinni í samvinnu við deildarskrifstofu og skorarformenn.
d. að veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsókna,
e. að veita stúdentum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að stunda rannsóknir,
f. að skapa rannsóknaraðstöðu fyrir gistiprófessora, sérfræðinga og unga vísindamenn eftir því sem unnt er.
g. að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum, málstofum og hvers kyns annarri starfsemi á fræðasviði deildarinnar,
h. að sinna þjónustuverkefnum á fræðasviði deildarinnar,
i. að veita aðstoð og þjónustu við bókaútgáfu, t.d. í samvinnu við Háskólaútgáfuna.

Öllum þessum verkefnum skal stofnunin sinna í samvinnu við hlutaðeigandi rannsóknastofnanir og stofur, eftir því sem við á.

3. gr.
Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir þeim kennurum deildar sem þess óska svo og öðru starfsliði skv. 9. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er. Slík þjónusta er háð samþykki stjórnar hverju sinni. Stofnunin skal leitast við að uppfylla þær kröfur um gæði og afköst sem heimspekideild setur henni.

4. gr.
Skipulag stofnunarinnar.

Innan Hugvísindastofnunar starfa:

1. Bókmenntafræðistofnun.
2. Heimspekistofnun.
3. Málvísindastofnun.
4. Sagnfræðistofnun.
5. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Þessar stofnanir eru faglega sjálfstæðar og starfa samkvæmt reglum sem stjórn Hugvísindastofnunar samþykkir.

Til viðbótar þessum stofnunum getur stjórn Hugvísindastofnunar ákveðið að koma á fót rannsóknastofum til að sinna þverfaglegum rannsóknaverkefnum, samkvæmt starfsreglum sem stjórnin setur þeim. Með sama hætti getur stjórnin ákveðið að leggja niður rannsóknastofu, t.d. þegar því rannsóknaverkefni er lokið sem stofunni var ætlað að sinna eða ef fé fæst ekki lengur til starfsemi hennar. Slíkar ákvarðanir eru háðar staðfestingu deildarráðs. Ef deildarráð staðfestir ekki ákvarðanir stjórnar um að stofna eða leggja niður stofu, skal málinu vísað til deildarfundar.

Forstöðumaður rannsóknastofu skal vera úr hópi fastra kennara eða stundakennara á ótímabundnum samningi við Háskóla Íslands.

Hugvísindastofnun rekur sameiginlega skrifstofu fyrir rannsóknastofnanir og rannsóknastofur innan heimspekideildar. Skrifstofunni er stjórnað af forstöðumanni.

5. gr.

Aðild.

Aðild að Hugvísindastofnun, og einhverri þeirra stofnana sem um getur í 4. gr., eiga: Prófessorar, dósentar, lektorar (þ.m.t. erlendir sendikennarar) við heimspekideild sem og stundakennarar á föstum samningi við deildina, ásamt forstöðumanni og skrifstofufólki. Einnig aðrir sem stjórn veitir starfsaðstöðu, svo sem gistikennarar, sérfræðingar, nýdoktorar og framhaldsnemar.

Allir þeir sem aðild eiga að Hugvísindastofnun taka þátt í hugmyndavinnu um starfsemina og akademíska stefnumörkun með stjórn og forstöðumanni. Þeir sérfræðingar, nýdoktorar og doktorsnemar sem fá aðstöðu hjá Hugvísindastofnun til eigin rannsókna teljast styrkþegar stofnunarinnar. Forstöðumaður getur falið styrkþegum stjórnunarstörf á vegum stofnunarinnar. Þeir sitja húsfundi sem forstöðumaður stjórnar. Húsfundur er stjórninni til ráðgjafar í einstökum málum.

Auk þeirra sem greinir í 1. mgr. geta aðrir fræðimenn, innan eða utan Háskólans, tengst einstökum rannsóknastofum stofnunarinnar. Slík tengsl við rannsóknastofu fela ekki í sér sjálfkrafa aðild að Hugvísindastofnun.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn Hugvísindastofnunar er skipuð sjö mönnum eins og hér segir:

a. forstöðumönnum þeirra fimm rannsóknastofnana heimspekideildar sem taldar eru upp í 1. mgr. 4. gr., og skulu þeir kosnir á fundi hlutaðeigandi stofnunar.
b. einum fulltrúa stúdenta úr hópi nemenda í doktorsnámi í heimspekideild, kosnum á deildarfundi til eins árs,
c. formanni sem deildarfundur kýs til þriggja ára.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti heimspekideildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta heimspekideildar.

Sé ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar situr hann stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

8. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingu þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórn efnir til ársfundar með starfsmönnum og styrkþegum stofnunar. Fundinn skal að jafnaði halda á fyrsta ársfjórðungi, og leggja þar fram ársskýrslu, fjárhagsáætlun ársins og fjárhagsyfirlit síðasta árs. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi stofnunarinnar og um rannsóknastefnu deildarinnar.

Ársfundinn sitja þeir sem aðild eiga að stofnuninni, sbr. 1. mgr. 5. gr., sem og gestir.

9. gr.

Forstöðumaður og starfslið.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu deildar og á grundvelli umsagnar stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 27. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Forstöðumaður skal hafa meistara- eða doktorsgráðu eða annað sambærilegt háskólapróf.

Rektor setur forstöðumanni erindisbréf að tillögu stjórnar stofnunarinnar.

Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

10. gr.

Fjármál o.fl.

Tekjur Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

a. framlag frá heimspekideild,
b. styrkir til einstakra verkefna,
c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
d. tekjur af útgáfustarfsemi,
e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundi.

Afli starfsmenn rannsóknastyrkja til að vinna að verkefnum á vegum Hugvísindastofnunar eða einhverrar af þeim rannsóknastofnunum sem heyra undir hana, skal gera samning við stjórnanda verkefnisins um hlutdeild Hugvísindastofnunar og hlutaðeigandi rann-

sóknastofnunar í styrknum vegna kostnaðar við stjórnun og þjónustu. Sama gildir um þjónustuverkefni sem eru unnin á vegum Hugvísindastofnunar eða rannsóknastofnana innan hennar.

Hugvísindastofnun, stofum hennar og stofnunum sem innan hennar starfa, er heimilt að taka að sér þjónustuverkefni gegn gjaldi. Þjónustuverkefni skulu að jafnaði tengjast rannsóknum, kennslu eða endurmenntun við heimspekideild. Þjónustuverkefnum Hugvísindastofnunar geta kennarar og sérfræðingar heimspekideildar sinnt eða starfsmenn sem ráðnir eru sérstaklega til slíkra verkefna. Hugvísindastofnun greiðir í Rannsóknasjóð Háskólans ákveðið hlutfall af öllum tekjum af þjónustuverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs. Að öðru leyti fer um þjónusturannsóknir samkvæmt samþykkt stjórnar stofnunarinnar sbr. 3. mgr. 8. gr.

Veiti Hugvísindastofnun þjónustu í frjálsri samkeppni við atvinnustarfsemi annarra aðila skal sú starfsemi stofnunarinnar afmörkuð frá öðrum rekstri. Gæta ber að þeim ákvæðum samkeppnislaga sem banna niðurgreiðslu samkeppnisrekstrar með opinberu fé.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

11. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. sameiginlegra reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 89/1983 um rannsóknastofnanir við heimspekideild Háskóla Íslands og reglugerð nr. 897/1999 um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 826 25. október 2001

REGLUR

um Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands er vísindaleg rannsókna- og fræðslustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir háskólaráð og hefur að markmiði að vera þverfaglegur vettvangur fyrir rannsóknir og miðlun þekkingar á sviði kvenna- og kynjafræða og jafnréttisrannsókna.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Rannsóknastofu í kvennafræðum er:

a. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í kvenna- og kynjafræðum og jafnréttisrannsóknir sem unnið er að við Háskólann,

b. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði kvenna- og kynjafræða og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
c. að skapa rannsóknaaðstöðu fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn og unga vísindamenn sem vinna verkefni á vegum stofunnar,
d. að veita nemum í rannsóknanámi aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa og veita nemum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknastörf á vegum stofunnar eftir því sem unnt er,
e. að sinna þjónustuverkefnum á sviði kvenna- og kynjafræða svo sem ráðgjöf fyrir aðila utan Háskólans,
f. að koma á fót gagnabanka um kvenna- og kynja- og jafnréttisrannsóknir,
g. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna, gangast fyrir námskeiðum, fyrirlestrum, ráðstefnum auk endurmenntunar og veita upplýsingar og ráðgjöf um kvenna- og kynjarannsóknir,
h. að leita samstarfs við deildir háskólans um að auka þátt kvenna- og kynjafræða í kennslu fræðigreina.

3. gr.
Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 5. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.
Stjórn.

Háskólaráð skipar Rannsóknastofu í kvennafræðum sex manna stjórn og tvo varamenn til tveggja ára. Hvert eftirtalinna fræðasviða tilnefnir einn fulltrúa: samfélagsvísindasvið, hugvísindasvið, verk- og raunvísindasvið og heilbrigðisvísindasvið.

Háskólaráð skipar tvo fulltrúa og tvo varamenn án tilnefningar.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

5. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forsetum þeirra deilda sem tilnefna menn í stjórn, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Sama gildir um formann námsnefndar í kynjafræðum við Háskóla Íslands.

6. gr.
Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart háskólaráði. Stjórnin sér um að hlutverki stofnunarinnar sé fram-

fylgt, ákveður rannsóknastefnu stofnunarinnar, veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Forstöðumaður og starfslið.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 27. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf. Skal sá sem ráðinn er forstöðumaður hafa meistara- eða doktorsgráðu eða annað sambærilegt háskólapróf.

Forstöðumaður vinnur að rannsóknum á sviði kvenna- og kynjafræða:

a. með eigin rannsóknum,
b. með umsóknum og þátttöku í norrænum og evrópskum rannsóknaráætlunum,
c. með því að hvetja til rannsókna á ofangreindu sviði.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar, sér um áætlanagerð og fjáröflun og samræmir fjáröflunarleiðir. Forstöðumaður sér ennfremur um framkvæmd á öðrum þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
b. framlög vegna samstarfs við aðila innan og utan Háskóla Íslands,
c. styrkir til einstakra verkefna,
d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
e. tekjur af útgáfustarfsemi,
f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 125/1990 um Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um Umhverfisstofnun Háskóla Íslands.

1. gr.
Almennt.

Umhverfistofnun er starfrækt af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir háskólaráð og hefur að markmiði að vera vettvangur þverfaglegs samstarfs í umhverfisfræðum. Til umhverfisfræða í þessari merkingu teljast allar þær greinar sem stundaðar eru innan Háskóla Íslands og tengjast umhverfi eða náttúru með einum eða öðrum hætti.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er:

a. að efla og samhæfa rannsóknir í umhverfisfræðum sem unnið er að við Háskóla Íslands,
b. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda aðila á sviði umhverfisfræða,
c. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í umhverfisfræðum,
d. að veita upplýsingar og ráðgjöf í umhverfismálum,
e. að skipuleggja og hafa umsjón með þverfaglegu námi í umhverfisfræðum við Háskóla Íslands, sbr. 8. gr.,
f. að treysta samvinnu milli deilda í þágu þverfaglegs náms í umhverfisfræðum og efla skilning á þeim hagsmunum sem náminu tengjast,
g. að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum í umhverfisfræðum.

3. gr.
Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað, eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.
Stjórn.

Háskólaráð skipar Umhverfisstofnun fimm manna stjórn og tvo til vara, til þriggja ára í senn, að fengnum tilnefningum frá raunvísindadeild, félagsvísindadeild, verkfræðideild og viðskipta- og hagfræðideild. Heimilt er þó að taka við tilnefningum frá öðrum deildum. Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

5. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forsetum þeirra deilda sem aðild eiga að stjórn.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart háskólaráði. Stjórnin samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til háskólaráðs um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 27. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf að fenginni tillögu stjórnar.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer forstöðumaður með ráðningarmálið.

8. gr.

Þverfaglegt nám.

Þverfaglegt nám í umhverfisfræðum, hvort heldur er grunn- eða framhaldsnám, byggist á skriflegum samningum Umhverfisstofnunar við þær háskóladeildir sem taka þátt í hinu þverfaglega námi. Deildir skulu taka tillit til sérstöðu hins þverfaglega náms við inntöku nemenda og framkvæmd samnings að öðru leyti.

Miðað skal við að um inntöku í námið fari eftir reglum þeirrar deildar þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) viðkomandi nemanda er unnið eða meginhluti náms hans fer fram, enda skal nemandinn skráður í þá deild og brautskrást þaðan.

Umhverfisstofnun skipuleggur og hefur umsjón með hinu þverfaglega námi en heimilt er að skipa sérstaka stjórnarnefnd í þessum tilgangi. Fari stjórnarnefnd með skipulag námsins skulu í henni sitja fulltrúar þeirra deilda sem koma að náminu, og skulu þeir vera fastir kennarar við viðkomandi deildir.

Í skipulagningu og umsjón með náminu felst:

a. að semja námsskrá hins þverfaglega náms,
b. að halda utan um framboð námskeiða sem nýst geta í hinu þverfaglega námi og reglur deildanna um inntöku nemenda og hafa yfirsýn yfir inntöku nemenda í námið,
c. að gera skriflega samninga við deildir um framkvæmd hins þverfaglega náms sem tryggja kennslu nauðsynlegra námskeiða og að nemendur fái leiðbeinendur með lokaverkefni eftir því sem kostur er á hverjum tíma,
d. að taka á móti umsóknum um þverfaglega námið, fjalla um umsóknirnar og senda þær áfram til viðkomandi deilda til samþykktar,
e. að fylgjast með námsframvindu nemenda og veita þeim almenna þjónustu varðandi námið.

9. gr.
Fjármál.

Tekjur Umhverfisstofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
b. framlag frá viðkomandi deildum sem aðild eiga að stofnuninni vegna umsjónar með meistaranámi í umhverfisfræðum,
c. styrkir til einstakra verkefna,
d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
e. tekjur af útgáfustarfsemi,
f. aðrar tekjur, t.d. gjafir eða framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 122/1997 um Umhverfisstofnun Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

25. október 2001 Nr. 828

REGLUR

um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.
Almennt.

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir verkfræðideild, og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á fræðasviðum verkfræðinnar.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk Verkfræðistofnunar er:

a. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í verkfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,

b. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
c. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði verkfræði og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
d. að sinna þjónustuverkefnum á sviði verkfræði,
e. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í verkfræði,
f. að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi verkfræði,
g. að gangast fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum, sem geta stuðlað að aukinni tækniþekkingu í landinu og þjálfun vísindalegra starfskrafta og rannsóknamanna.

3. gr.
Skipulag.

Verkfræðistofnun skiptist í rannsóknarsvið sem eru hliðstæð hinum fjórum skorum verkfræðideildar, sbr. lokamálsgrein 107. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands.

Að tillögu sviðsstjóra rannsóknarsviðs er stjórn stofnunarinnar heimilt með samþykki deildarráðs að skipta sviðinu í rannsóknarstofur. Skal þá liggja fyrir skilgreining á rannsóknarsviði og rannsóknarmarkmiðum hverrar rannsóknarstofu ásamt rannsóknar- og fjárhagsáætlun. Ekki skal setja á fót nýja rannsóknarstofu nema sýnt þyki að rannsóknarumsvif haldist.

4. gr.
Aðild.

Aðild að hverju rannsóknarsviði eiga fastráðnir kennarar viðkomandi skorar í verkfræðideild og sérfræðingar í fullu starfi. Fastir starfsmenn rannsóknarsviðs eiga sæti á sviðsfundum sem fer með stjórn hvers rannsóknarsviðs og skal slíkur fundur haldinn einu sinni á ári hið minnsta. Um sviðsfundi gilda annars hliðstæðar reglur og um stjórnarfund skorar.

5. gr.
Sviðsstjórar og stofustjórar.

Fyrir hverju rannsóknarsviði skal vera sviðsstjóri og skal fræðasvið hans vera innan rannsóknarsviðsins. Sviðsfundur rannsóknarsviðs velur sviðsstjóra til þriggja ára í senn, úr hópi háskólamenntaðra starfsmanna rannsóknarsviðsins.

Sviðsstjóri annast daglegan rekstur sviðsins, þar með talið eftirlit með fjármálum þess og gerir fjárhagsáætlun. Hann getur skipað verkefnisstjóra yfir einstök rannsóknarverkefni sem annast daglegan rekstur verkefnisins í umboði sviðsstjóra, þar með talið eftirlit með fjármálum. Sviðsstjóri tilnefnir með samþykki stjórnarfundar rannsóknarsviðsins staðgengil sinn úr hópi háskólamenntaðra starfsmanna rannsóknarsviðsins.

Sé rannsóknarsviði skipt í rannsóknarstofur skal sviðsfundur rannsóknarsviðs kjósa stofustjóra til þriggja ára í senn. Milli sviðsfunda er stofustjóri ábyrgur gagnvart sviðsstjóra.

6. gr.
Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað svo sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem þörf er á.

7. gr.
Stjórn.

Stjórn Verkfræðistofnunar skal skipuð fimm mönnum. Hvert rannsóknarsvið gerir tillögu um einn stjórnarmann fyrir deildarfund í verkfræðideild sem skipar stjórn til tveggja ára í senn.

Stjórnin kýs formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum.

8. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar. Á stjórnarfundum skal ræða fjárhagsáætlanir og fjárhagsstöðu rannsóknarstofanna.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti verkfræðideildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta verkfræðideildar.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

9. gr.
Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum Verkfræðistofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjallað um önnur mál svo sem kveðið er á um í sameiginlegum reglum fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.
Forstöðumaður og starfslið.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu deildar og á grundvelli umsagnar stjórnar stofnunarinnar. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

11. gr.
Fjármál.

Tekjur Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

a. framlag frá verkfræðideild,
b. styrkir til einstakra verkefna,
c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,

d. tekjur af útgáfustarfsemi,
e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundi.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

12. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 105/1993 um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 829 25. október 2001

REGLUR

um endurmenntun á vegum deilda Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt um endurmenntun á vegum deilda.

Reglur þessar gilda um menntun og fræðslu sem veitt er samhliða hefðbundnu námsframboði af deildum Háskóla Íslands, með þeim hætti sem greinir í 2.-5. gr.

Háskóladeildir bera ábyrgð á faglegum atriðum varðandi endurmenntun á þeirra vegum, þar á meðal vali á kennurum, skipulagi námsins, ákvörðun námsefnis o.fl.

Reglurnar gilda hvorki um fræðslu fyrir almenning skv. 15. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands, né um námskeið og annað nám sem fram fer á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, skv. reglum þar að lútandi.

2. gr.

Símenntun sem ekki er sérstaklega skipulögð af deild.

Háskóladeild getur heimilað þeim er uppfylla inntökuskilyrði 46. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands að sækja námskeið, sem boðin eru sem hluti af reglulegu námi á vegum deildar, enda greiði viðkomandi skrásetningargjald skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands.

3. gr.

Skipulögð námskeið fyrir þá sem lokið hafa háskólanámi.

Háskóladeild getur boðið upp á tiltekin námskeið, sem sérstaklega eru skipulögð til að sinna þörf fyrir viðbótarmenntun meðal þeirra sem lokið hafa háskólanámi.

4. gr.

Skipulögð námskeið fyrir alla þá sem áhuga hafa.

Ennfremur getur háskóladeild ákveðið að bjóða upp á námskeið eða námskeiðshluta, sem skipulögð eru til þess að svara almennum áhuga á viðfangsefnum á fræðasviði deildar.

5. gr.

Heimild til þess að sameina kennslu.

Háskóladeild er heimilt að ákveða, á grundvelli samþykktar sem staðfest hefur verið af háskólaráði, að kennsla í námskeiði skv. 4. gr., sé í heild eða að hluta sameiginleg með námskeiði sem er hluti af reglulegu námi á vegum deildar, sbr. 2. gr. eða kennt sérstaklega, sbr. 3. gr. Kemur slíkt fyrirkomulag einkum til álita þegar námskeið er kennt fyrsta sinni og ekki er ljóst hver áhugi er fyrir efni námskeiðsins.

6. gr.

Samþykktir deilda.

Áður en deild tekur ákvarðanir skv. 2.-5. gr. skal liggja fyrir samþykkt deildarfundar um eftirfarandi atriði:

a) Hvaða sérstök skilyrði eru sett fyrir þátttöku í náminu, m.a. um hert inntökuskilyrði í námskeið skv. 2. gr.
b) Hvort og þá með hvaða hætti námskeið skv. 3. gr. skuli metið til eininga og sé hluti af námi til háskólaprófs.
c) Hver er viðmiðunarfjöldi þátttakenda í námskeiði, ef við á.
d) Hvort kennsla á námskeiði fari fram sameiginlega með reglulegu námi á vegum deildar.
e) Hvernig gjaldtöku vegna námsins skuli háttað, sbr. 9. gr.

7. gr.

Ákvarðanir deilda.

Viðkomandi deild tekur allar ákvarðanir um framboð endurmenntunarnámskeiða, í samræmi við samþykktir sem gerðar hafa verið þar um og að höfðu samráði við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Þá tekur viðkomandi deild allar ákvarðanir um heimild til setu í námskeiðum skv. 2. - 5. gr.

Deildir halda í samvinnu við Endurmenntunarstofnun skrár um námskeið sem boðið er upp á og hverjir sækja þau.

8. gr.

Framkvæmd.

Háskóladeild gefur út skilríki til staðfestingar á þátttöku í endurmenntun á vegum deildarinnar skv. reglum þessum.

Háskóladeild er heimilt að semja við þriðja aðila um tiltekin framkvæmdaatriði varðandi námskeiðshald skv. 3. og 4. gr., svo sem skráningu nemenda, fjárreiður, reikningshald, húsnæði, kynningu o.fl.

9. gr.

Kostnaður, gjaldtaka o.fl.

Deild ber sjálf, innan ramma fjárheimilda, kostnað vegna námskeiða skv. 3. gr., enda skal skráðum nemendum sem stunda nám í fræðigrein innan deildarinnar heimilt að sækja námskeiðið og eftir atvikum fá það metið sem hluta af háskólaprófi á viðkomandi fræða-

sviði. Þó er heimilt að innheimta gjöld af þeim námskeiðum skv. 3. gr. sem eru liður í skipulögðu endurmenntunarnámi.

Kostnaður vegna námskeiðs skv. 4. gr. greiðist af þeim sem taka þátt í því. Hið sama á við um námskeið skv. 3. gr. sem eru liður í skipulögðu endurmenntunarnámi sem myndar sjálfstæða heild.

Þess skal sérstaklega gætt að innheimta þátttökugjalda sé í samræmi við 70. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

Ef deild nýtir sér heimild 5. gr. til sameiginlegrar kennslu, þarf í samþykkt að taka afstöðu til skiptingar kostnaðar milli deildar og þeirra sem námið sækja.

Endurmenntunarnám skv. 4. gr. gefur deild ekki þreyttar einingar skv. reglum þar um. Hið sama á við um námskeið skv. 3. gr. sem eru liður í skipulögðu endurmenntunarnámi.

10. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. einnig 14. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 830 25. október 2001

REGLUR

læknadeildar Háskóla Íslands um valnefndir.

1. gr.

Hlutverk og umboð valnefndar.

Hlutverk valnefndar í læknadeild Háskóla Íslands, er að gera tillögu til háskólarektors um veitingu starfa sem auglýst hafa verið við deildina og þar sem krafist er hæfnisdóms. Það er skilyrði fyrir því að valnefnd fjalli um umsækjendur um starf, að þess hafi verið getið í auglýsingu um starfið.

Valnefnd starfar í umboði deildarfundar og deildarráðs.

2. gr.

Skipun og hæfi valnefndarmanna.

Í valnefnd vegna auglýstra starfa prófessora og forstöðumanna háskólastofnana sitja sjö menn, sbr. 3. gr. Í valnefnd vegna auglýstra starfa dósenta, lektora, sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna sitja fimm menn sbr. 4. gr. Í valnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Um sérstakt hæfi valnefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Deildarráð gengur frá skipun valnefndar til meðferðar hvers einstaks máls, staðfestir hverjir eru fastafulltrúar og skipar fulltrúa „ad hoc“. Sömu menn fara með hvert mál við alla meðferð þess fyrir nefndinni.

3. gr.

Samsetning sjö manna valnefndar.

Deildarforseti eða varadeildarforseti og kennslustjóri læknadeildar eiga föst sæti í sjö manna valnefnd.

Þá á framkvæmdastjóri kennslu og fræða á Landspítala-háskólasjúkrahúsi fast sæti í nefndinni ef um er að ræða tengt starf samkvæmt lögum og samstarfssamningi Háskólans og sjúkrahússins. Honum er heimilt að fela aðstoðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa sínum meðferð einstakra mála.

Ef ekki er um tengt starf að ræða, á skorarformaður viðkomandi skorar fast sæti í nefndinni þegar kennarastarf á í hlut, en forstöðumaður stofnunar þegar sérfræðingsstarf á í hlut.

Til viðbótar þessum þremur fastafulltrúum skipar deildarráð hverju sinni fjóra aðra meðlimi valnefndar til meðferðar fyrirliggjandi máls. Tveir þeirra skulu valdir úr hópi akademískra kennara á viðkomandi fræðasviði eða skyldu sviði, einn skal valinn af öðru fræðasviði innan eða utan deildar og einn skal valinn af sviðsstjórum viðkomandi sviðs á háskólasjúkrahúsinu ef um tengt starf er að ræða, en annars skal sá fulltrúi valinn af skor þegar kennarastarf á í hlut en af stofnun þegar sérfræðingsstarf á í hlut.

4. gr.

Samsetning fimm manna valnefndar.

Tveir fastafulltrúar sitja í fimm manna valnefnd. Annar er deildarforseti, varadeildarforseti eða kennslustjóri læknadeildar.

Þá á framkvæmdastjóri kennslu og fræða á háskólasjúkrahúsinu fast sæti í nefndinni ef um er að ræða tengt starf samkvæmt lögum og samstarfssamningi Háskólans og sjúkrahússins. Honum er heimilt að fela aðstoðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa sínum meðferð einstakra mála.

Ef ekki er um tengt starf að ræða, á skorarformaður viðkomandi skorar fast sæti í nefndinni þegar kennarastarf á í hlut, en forstöðumaður stofnunar þegar sérfræðingsstarf á í hlut.

Til viðbótar þessum tveimur fastafulltrúum skipar deildarráð hverju sinni þrjá aðra meðlimi valnefndar til meðferðar fyrirliggjandi máls. Einn þeirra skal valinn úr hópi akademískra kennara á viðkomandi fræðasviði eða skyldu sviði, einn skal valinn af öðru fræðasviði innan eða utan deildar og einn skal valinn af sviðsstjórum viðkomandi sviðs á háskólasjúkrahúsinu ef um tengt starf er að ræða, en annars skal sá fulltrúi valinn af skor þegar kennarastarf á í hlut en af stofnun þegar sérfræðingsstarf á í hlut.

5. gr.

Störf valnefndar.

Valnefnd skal hafa ritara frá skrifstofu læknadeildar sem sér um gögn og frágang á niðurstöðum nefndarinnar.

Öllum valnefndarmönnum skulu send gögn umsækjanda og niðurstöður dómnefndar. Skal þess getið í auglýsingu um starfið hversu mörg eintök af umsóknargögnum beri að senda inn, en miða skal við að eintök umsókna, curriculum vitae og ritaskráa séu jafnmörg og valnefndarmenn. Frekari fylgigögn mega hins vegar vera í tvíriti.

Valnefnd fundar undir forsæti deildarforseta, varadeildarforseta eða kennslustjóra læknadeildar, í þessari röð eftir því hver þeirra situr í nefndinni.

Nefndin fer á fyrsta fundi yfir öll innsend gögn. Ef talin er þörf á viðtali boðar valnefnd til annars fundar þá umsækjendur sem að mati dómnefndar teljast hæfir til þess að gegna hinu auglýsta starfi. Allir valnefndarmenn skulu taka þátt í viðtalinu.

Á öðrum fundi eða á fundi í beinu framhaldi af viðtölum ákveður valnefnd hvaða tillaga er gerð um veitingu starfsins. Valnefnd er óheimilt að gera þá tillögu að ekki skuli ráðið í starfið.

Valnefnd skilar tillögu sinni skriflega til deildarforseta innan viku frá síðari eða seinasta fundi sínum. Einstaka valnefndarmenn mega gera fyrirvara við undirritun sína eða gera grein fyrir afstöðu sinni í séráliti.

Tillögu valnefndar til deildarforseta skal fylgja rökstuðningur. Valnefnd er einungis skylt að rökstyðja val sitt á hæfasta umsækjandanum en þarf ekki að rökstyðja af hverju öðrum umsækjendum er hafnað. Hafi dómnefnd verið beðin um að forgangsraða umsækjendum og valnefnd gerir tillögu um annan umsækjanda sem metinn hefur verið hæfastur af dómnefnd, skal það sérstaklega rökstutt.

6. gr.

Meðferð deildar á tillögu valnefndar.

Deildarforseti kynnir niðurstöðu valnefndar í deildarráði. Deildarráð getur gert athugasemdir við málsmeðferð valnefndar og farið fram á að valnefnd taki málið fyrir að nýju sé rökstudd ástæða til að ætla, að réttra málsmeðferðarreglna hafi ekki verið gætt. Tekur þá valnefnd að nýju við málinu skv. 5. gr.

Að fengnum athugasemdum deildarráðs sendir deildarforseti endanlega og rökstudda tillögu deildar um ráðningu í starfið til rektors, sbr. 45. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Jafnframt og um leið skal deildarforseti kynna atkvæðisbærum fulltrúum á deildarfundi niðurstöðu valnefndar.

7. gr.

Meðferð rektors á tillögu valnefndar.

Rektor getur óskað eftir frekari upplýsingum frá læknadeild um störf valnefndar. Sé rökstudd ástæða til þess að ætla að réttra málsmeðferðarreglna eða lögbundinna sjónarmiða hafi ekki verið gætt við tillögugerð valnefndar, getur rektor vísað málinu á ný til deildar.

8. gr.

Ýmis atriði.

Atkvæðisbærir fulltrúar á deildarfundi geta óskað eftir aðgangi að eða framsendingu dómnefndarálits við skrifstofu læknadeildar og skal þá orðið við þeirri beiðni án tafar.

Störf í dómnefnd skulu launuð eins og venja er um dómnefndarstörf en störf í valnefnd teljast hluti af vinnuskyldu starfsmanna deildarinnar og háskólasjúkrahússins.

9. gr.

Reglur þessar sem staðfestar hafa verið af háskólaráði í samráði við Landspítala – háskólasjúkrahús, á grundvelli heimildar í 5. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 915 29. nóvember 2000.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:
Við lið 01.30 (1) bætist:
Dráttarvél I (T_1):
Dráttarvél sem óhlaðin er með 1.150 mm sporvídd eða meira, eigin þyngd meiri en 525 kg og 1.000 mm hæð undir lægsta punkt eða minna.
Dráttarvél II (T_2):
Dráttarvél sem óhlaðin er með minni sporvídd en 1.150 mm, eigin þyngd meiri en 525 kg og 600 mm hæð undir lægsta punkt eða minna. Ef hlutfall milli hæðar undir þyngdarpunkt og minnstu sporvíddar er meira en 0,9 má dráttarvél eigi vera hönnuð til hraðari aksturs en 30 km/klst.
Dráttarvél III (T_3):
Dráttarvél með eigin þyngd 525 kg eða minna.
Dráttarvél IV (T_4):
Önnur dráttarvél en dráttarvél I, II eða III.

2. gr.

3. gr. breytist þannig:
Við lið 03.01 (3), sbr. reglugerð nr. 772/2001, bætist: Frá 1. júní 2002 vísar liðurinn til tilskipunar 2001/3/EB um breytingu á tilskipun 74/150/EBE.

3. gr.

7. gr. breytist þannig:
a. 8. mgr. í lið 07.01 (1) orðist svo:
Auka háljósker: Ljósker skulu tengd öðrum háljóskerum og kvikna skal á þeim samtímis áskildum háljóskerum eða um sérstakan rofa. Þegar um er að ræða tvö pör aukaháljósa mega þau ekki loga samtímis. Þegar skipt er af háljósum á lágljós skulu öll háljósin slokkna samtímis. Aukaháljós skulu staðsett framar en ökumaður. Að öðru leyti gilda sömu ákvæði og um áskilin háljósker.
b. Fyrsta þankastrik í lið 07.10 (2) orðist svo:
aðalljósker; tvö eða fjögur aukaljósker fyrir háljós.

4. gr.

12. gr. breytist þannig:
a. Liður 12.14 (2) orðist svo:
Vörubifreið II skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði geti ekki orðið meiri en 90 km/klst.
Ákvæðið telst uppfyllt ef stilling er samkvæmt eftirfarandi:
a. hraðatakmarkarinn er stilltur samkvæmt fyrirmælum framleiðanda um mesta frávik, þannig að stillt er á 90 km/klst. að frádregnu uppgefnu fráviki.
b. hraðatakmarkarinn er stilltur með hraðahermi, þannig að hámarkshraði fer ekki yfir 90 km.
c. ef ekki liggja fyrir upplýsingar framleiðanda um mesta frávik og ekki er til staðar hraðahermir, þá skal stilla hraðatakmarkara á 85 km/klst.

b. Nýr liður, 12.14 (3), orðist svo:
(3) Gildistaka: Ákvæði liðar 12.14 (2) gildir frá 31. desember 2002.

5. gr.

19. gr. breytist þannig:
Nýr liður, 19.30 (4), orðist svo:
(4) Gildistaka: Liður 19.30 (2) vísar frá 1. júní 2002 til tilskipunar 2001/3/EB.

6. gr.

22. gr. breytist þannig:
a. Í stað „2,50 m“ í lið 22.11 (4) komi 2,55 m.
b. Í stað „2,50 m“ í lið 22.30 (6) komi 2,55 m.

7. gr.

Viðauki III breytist þannig:
Undir Dráttarvélar:
a. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 74/150/EBE bætist: 2001/3/EB.
b. Í reitinn „Síðari viðbætur“ við tilskipun 75/322/EBE bætist: 2001/3/EB.

8. gr.

Viðauki IV breytist þannig:
Undir Dráttarvélar:
Við 1. tölul. (tilskipun 74/150/EBE) bætist ný lína:

2001/3/EB	L028	30.01.01	*** 104/2001

Við 7. tölul. (tilskipun 75/322/EBE) bætist ný lína:

2001/3/EB	L028	30.01.01	*** 104/2001

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES-samninginn, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 832 25. október 2001

REGLUR

um Rannsóknaþjónustu Háskólans.

1. gr.

Almennt.

Rannsóknaþjónusta Háskólans er þjónustustofnun starfrækt af Háskóla Íslands og heyrir beint undir háskólaráð.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að rækta tengsl Háskóla Íslands og atvinnulífs á vettvangi rannsókna, nýsköpunar og starfsmenntunar og styðja þannig við rannsóknir og kennslu við Háskóla Íslands,
b. að kynna rannsóknaáætlanir og möguleika kennara og sérfræðinga Háskólans á rannsóknastyrkjum,
c. að aðstoða kennara og sérfræðinga við gerð umsókna, fylgjast með framgangi þeirra og sjá um umsýslu fjármuna, sé þess óskað,
d. að veita háskólamönnum upplýsingar um þá stoðþjónustu sem veitt er nýsköpunarfyrirtækjum og frumkvöðlum á Íslandi varðandi einkaleyfi, þróunarstyrki og áhættufé,
e. að reka þjónustuverkefni sem styrkja aðra starfsemi Rannsóknaþjónustunnar.

Ennfremur að sinna eftirfarandi verkefnum fyrir aðila utan Háskóla Íslands, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar og í samráði við rannsóknasvið Háskólans:

f. að veita íslenskum fyrirtækjum upplýsingar um hagnýtar rannsóknir innan Háskóla Íslands og aðstoða íslensk fyrirtæki við að komast í samstarf við starfsmenn Háskólans um sameiginleg rannsóknaverkefni og styrkjaumsóknir,
g. að reka Tæknigarð, sem aðstöðu fyrir sprotafyrirtæki úr Háskóla Íslands eða annars staðar frá,
h. að reka Tækniþróunarsjóð, sem hefur það verkefni að fjárfesta í sprotafyrirtækjum sem eiga uppruna sinn í Háskóla Íslands,
i. að reka þjónustuskrifstofur og einstök verkefni fyrir innlenda og erlenda aðila sem styrkja samstarf Háskólans við íslenskt atvinnulíf og alþjóðlegt rannsókna- og þróunarumhverfi.

3. gr.
Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem nánar er kveðið á um í þjónustusamningi um verkefni Rannsóknaþjónustunnar sem unnin eru í þágu Háskóla Íslands.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til starfseminnar eftir því sem unnt er.

4. gr.
Stjórn.

Háskólaráð skipar Rannsóknaþjónustunni sex manna stjórn til tveggja ára í senn að fengnum tilnefningum frá háskólarektor og Samtökum atvinnulífsins. Rektor tilnefnir þrjá stjórnarmanna og skal framkvæmdastjóri rannsóknasviðs Háskólans vera einn þeirra. Samtök atvinnulífsins tilnefnir þrjá stjórnarmanna og skulu tilnefningarnar eftir því sem kostur er tengjast iðnaði, sjávarútvegi og þjónustu.

Stjórnin kýs sér formann úr hópi þeirra sem tilnefndir eru af háskólarektor og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

5. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, og með hæfilegum fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef

rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fundinn í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin markar stefnu og fjallar um öll meiriháttar mál, samþykkir rekstraráætlanir og gjaldskrá fyrir selda þjónustu. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf að tillögu stjórnar. Skal sá sem ráðinn er forstöðumaður hafa meistarapróf eða annað sambærilegt háskólapróf.

Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri stofnunarinnar, annast áætlanagerð, fjármál og starfsmannamál og sér að öðru leyti um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur stofnunarinnar eru:

a. tekjur af þjónustu sem seld er utan og innan skólans,
b. tekjur af rekstri tæknigarða,
c. framlög fyrirtækja og stofnana í atvinnulífi,
d. styrkir sem stofnunin og starfsmenn hennar afla úr rannsóknasjóðum til rannsóknaverkefna,
e. aðrar tekjur svo sem gjafir og framlög eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Búðahreppi.

Sveitarstjórn Búðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. september 2001 deiliskipulag neðan Búðavegar frá smábátahöfn að hafskipabryggju. Komið er á tengingu frá smábátahöfn að hafskipabryggju á nýrri fyllingu í fjöruborðinu, númerum og lóðamörkum við Hafnargötu og Búðaveg breytt.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Búðum, 26. október 2001.

Sveitarstjóri Búðahrepps,

Steinþór Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528 4. september 1998.

1. gr.

Í stað „I og II“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. komi: I, II, III og IV.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Breidd bifreiðar og eftirvagns má mest vera 2,55 m. Breidd yfirbyggingar jafnhitavagns má mest vera 2,60 m.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Skráningarstofan hf. getur veitt undanþágu frá ákvæðum um mestu lengd vagnlesta, allt að 25,25 metrum , þar sem hagkvæmt þykir vegna almennra flutninga.

Skilyrði fyrir útgáfu undanþágu er:

a. Vagnlestinni skal vera hægt að aka innan snúningsboga með 12,50 m radíus í ytri hring og 2,00 m radíus í innri hring. Ákvæði þetta telst vera uppfyllt fyrir bifreið og tengivagn ef fjarlægð frá framenda bifreiðar að miðju aftasta áss tengivagns er ekki meiri en 22,50 m og mál frá miðju snúningskrans tengivagns til miðju fræðilegs afturáss er ekki meiri en 8,15 m.
b. Lengd farmrýmis eftirvagns má ekki vera meiri en 13,60 m.
c. Bifreið og eftirvagn skulu búin hemlum með læsivörn.
d. Bifreið skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði geti ekki orðið meiri en 90 km/klst.
e. Aftan á eftirvagni skal vera merki með áletruninni „UNDANÞÁGA VEGNA LENGDAR“ og merki sem sýnir leyfðan hámarkshraða vagnlestar, sbr. viðauka III.

Leyfi skal vera skriflegt og haft meðferðis meðan á flutningi stendur.

Leyfi skal bundið við þá vegi og þann tíma sem greinir í viðauka IV. Lögreglustjóri getur takmarkað umferð vagnlesta umfram það sem þar greinir ef sérstaklega stendur á. Um aðra vegi og tíma gilda ákvæði 10. gr. a um undanþágu vegna sérstakra flutninga.

Brot á skilyrðum fyrir undanþágu getur varðað afturköllun leyfis.

Undanþágu má gefa lengst út til 15. nóvember 2003. Undanþágur samkvæmt greininni má afturkalla ef ástæða þykir til vegna umferðaröryggis.

4. gr.

10. gr. verður 10. gr. a.

Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot á skilyrðum fyrir undanþágu getur varðað afturköllun leyfis.

5. gr.

Viðauki III breytist eins og segir í viðauka I.

6. gr.

Við bætist nýr viðauki, viðauki IV, eins og segir í viðauka II.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 15. nóvember 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

VIÐAUKI I.

Viðauki III orðist svo:

Merki.

a. Skiltið „LANGT ÖKUTÆKI“ skal vera ferhyrnt. Grunnur skiltis skal vera gulur, jaðar rauður og stafir svartir. Lengd skiltisins skal að lágmarki vera 900 mm með a.m.k. 25 mm jaðri. Hæð stafa skal vera a.m.k. 70 mm og breidd stafleggja a.m.k. 11 mm. Leturgerðin skal vera blokkskrift.

b. Skiltið „UNDANÞÁGA VEGNA LENGDAR“ skal vera ferhyrnt. Grunnur skiltis skal vera gulur, jaðar rauður og stafir svartir. Lengd skiltisins skal að lágmarki vera 900 mm með a.m.k. 25 mm jaðri. Hæð stafa skal vera a.m.k. 70 mm og breidd stafleggja a.m.k. 11 mm. Leturgerðin skal vera blokkskrift.

c. Skilti um leyfðan hámarkshraða skal vera hringlaga, 200 mm að þvermáli og með svörtum jaðri. Tölustafirnir skulu vera svartir og hæð þeirra 120 mm. Leturgerðin skal vera blokkskrift. Áletrun skal vera „80“.

VIÐAUKI II.

Nýr viðauki, viðauki IV, orðist svo:

VIÐAUKI IV.

Undanþága fyrir vagnlestir (vegir og tími) samkvæmt 10. gr.

A. Akstur vagnlesta sem undanþágu hafa samkvæmt 10. gr. er óheimill:

a. Um helgar frá kl. 18.00 á föstudegi til kl. 24.00 á sunnudegi og á almennum frídögum frá kl. 00.00 til kl. 24.00.

b. Um páska frá kl. 00.00 á miðvikudegi fyrir páska til kl. 08.00 á þriðjudegi eftir páska, um hvítasunnu og verslunarmannahelgi frá kl. 00.00 á föstudegi til kl. 08.00 á þriðjudegi og um jól frá kl. 00.00 á aðfangadegi til kl. 08.00 þriðja í jólum.

B. Undanþága samkvæmt 10. gr. gildir á eftirtöldum þjóðvegum:

1 Hringvegi, þó ekki frá Mývatnsvegi (848) hjá Arnarvatni að Kísilvegi (87) hjá Reykjahlíð og frá Egilsstöðum að Suðurfjarðavegi (96) við Breiðdalsvík
38 Þorlákshafnarvegi, frá Þorlákshöfn að Þrengslavegi (39)
39 Þrengslavegi
40 Hafnarfjarðarvegi
41 Reykjanesbraut
43 Grindavíkurvegi
44 Hafnavegi
45 Garðskagavegi
46 Víknavegi
49 Nesbraut, frá Hringvegi (1) að Reykjanesbraut (41) við Ánanaust
413 Breiðholtsbraut
419 Höfðabakka, frá Nesbraut (49) að Reykjanesbraut (41)
421 Vogavegi
425 Nesvegi
453 Sundagörðum
454 Holtagörðum
470 Fjarðarbraut, þó ekki frá Norðurbakka að Fornubúðum
4540 Víðinesvegi, frá Hringvegi (1) að Sorpu
51 Akrafjallsvegi
54 Snæfellsnesvegi, frá Hringvegi (1) að Vatnaleið (56) við Vegamót og frá Útnesvegi (574) við Fróðá að Stykkishólmsvegi (58)
56 Vatnaleið
58 Stykkishólmsvegi
574 Útnesvegi, frá Rifi að Snæfellsnesvegi (54) við Fróðá
72 Hvammstangavegi
74 Skagastrandarvegi
75 Sauðárkróksbraut
76 Siglufjarðarvegi, frá Sauðárkróksbraut (75) til Siglufjarðar
82 Ólafsfjarðarvegi, frá Hringvegi (1) til Ólafsfjarðar
83 Grenivíkurvegi
85 Norðausturvegi, frá Hringvegi (1) til Húsavíkur
845 Aðaldalsvegi
848 Mývatnsvegi
87 Kísilvegi

93 Seyðisfjarðarvegi
92 Norðfjarðarvegi
96 Suðurfjarðavegi.

Auk þess gildir undanþágan á eftirtöldum götum í *Reykjavík:*
Sægörðum, Kleppsmýrarvegi, Skútuvogi, Grandagarði og Faxagötu.

Nr. 835 30. október 2001

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við lagningu ökutækja austanmegin Skólabæjar.
Auglýsing þessi tekur gildi 2. nóvember 2001.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. október 2001.

Böðvar Bragason.

Nr. 836 16. ágúst 2001

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Breiðdalshrepp, kt. 480169-0779 til að reka *sorpurðunarstað á Heydalamelum, Breiðdalshreppi.* Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 27. júlí 2004.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ingólf Sveinsson, kt. 090447-2629 til að reka *sorpurðunarstað í landi Syðri-Kárastaða, Húnaþingi vestra.* Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. desember 2003.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Sementverksmiðjuna hf. á Akranesi.* Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. ágúst 2008.

Hollustuvernd ríkisins, 16. ágúst 2001.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 148 1. mars 2000, með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr., sbr. reglugerð nr. 268 21. mars 2001, orðist svo:

Í happdrættinu eru 80.000 hlutanúmer *(hlutamiðar)*. Af hverju númeri eru gefnar út tvær flokkaraðir, sem greinast að með bókstöfunum A og B. Sama verð gildir um hvora flokkaröð. Draga skal úr öllum útgefnum númerum í báðum flokkaröðunum.

Við kaup á hlutanúmeri í happdrættinu er gerð skráning í tölvuskrá happdrættisins um seld númer. Kaupanda númers er afhent skjal til staðfestingar á keyptu númeri. Skjalið ber áritað keypt númer, svo og verð hlutanúmers (miðans) og þá útdrætti sem greitt er fyrir. Á hvert skjal skal prenta nafn og merki happdrættisins, svo og eiginhandarundirskrift stjórnarformanns og forstjóra happdrættisins. Ef númer er selt annars staðar en hjá aðalumboði skal stimpla á skjalið umboðsnúmer og sölustað.

Draga skal vikulega og eigi sjaldnar en fjórum sinnum í mánuði í hverjum flokki.

2. gr.

B-liður 11. gr. orðist svo:

Dráttarforrit og annan hugbúnað sem stýrir tölvunni við útdráttinn.

3. gr.

2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Dráttarforritið og annar hugbúnaður skal varðveittur í þar til gerðri tölvu sem innsigluð er með innsigli happdrættisráðs.

4. gr.

13. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga í happdrættinu fer fram með eftirfarandi hætti:

a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti að stokknum er snúið en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
b. Tölvan með útdráttarforriti er tekin undan innsigli af fulltrúum happdrættisráðsins.
c. Tölvan ræst, sett í upphafsstöðu og afritunardisklingur settur í hana.
d. Upplýsingar um útdráttinn og vinninga eru færðar í tölvuna og að því búnu lykiltalan.
e. Tölvan dregur og færir útdrátt á diskling, en síðan er prentuð vinningaskrá sem happdrættisráðið staðfestir með undirskrift sinni.
f. Afritunardisklingur tekinn úr útdráttartölvu og honum læst.
g. Útdráttartölvan innsigluð með innsigli happdrættisráðsins og varðveitt í aðalumboði happdrættisins. Happdrættisráðið færir skýrslu um framkvæmd útdráttarins.
h. Gögn um útdráttinn eru flutt í tölvukerfi happdrættisins af útdráttardisklingi.

5. gr.

Í stað „20 raðnúmer“ í 2. mgr. 20. gr. komi: 10 raðnúmer.

6. gr.

21. gr. orðist svo:

Gjald fyrir hverja hringingu, þar sem þátttaka í happdrættinu er staðfest, er 300 kr. og gjaldfærist á símareikning rétthafa símanúmers. Á reikningsyfirliti rétthafa símanúmers

kemur fram að um þátttöku í Happdrætti D.A.S. sé að ræða. Landssíminn sér um að innheimta þátttökugjald í gegnum innheimtukerfi fyrirtækisins.

7. gr.

24. gr. orðist svo:

Til vinninga í happdrættinu skal verja a.m.k. 20% af heildarsöluverði hverrar happdrættisviku.

Vinningsverðmæti skiptist þannig:

a. Einn aðalvinningur af þeirri tegund sem lög um happdrættið heimila og skal hann vera að lágmarki 70% af vinningsverðmæti.
   Verðmæti aðalvinnings ákvarðast við að hjóli með 32 reitum er snúið í sjónvarpsþætti á vegum happdrættis D.A.S. og skal meðalverðmæti vinninga á hjólinu ekki vera undir 500.000 kr.
b. 100 húsbúnaðarvinningar og skal varið til þeirra að lágmarki 30% af vinningsverðmæti sem skiptist jafnt á þá.

Í þeim tilvikum sem aðalvinningur nær ekki 70% af vinningsverðmæti hækkar vinningsverðmæti vinninga samkvæmt þessum lið þannig að 20% vinningshlutfall náist.

Vinningsnúmer skal birta í fjölmiðlum eftir hvern útdrátt.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 53 25. maí 1976, lög nr. 24 26. mars 1987 og lög nr. 21 17. apríl 1997, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. október 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

Nr. 838 26. október 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í Kerhrauni í landi Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Kerhrauni í landi Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 26. október 2001.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðabyggðar við Baughól, Garðarsbraut, Hjarðarhól og Stórhól, Húsavíkurkaupstað.

Húsavíkurbær hefur samþykkt deiliskipulag af íbúðarhúsabyggð við Baughól, Garðarsbraut, Hjarðarhól og Stórhól. Tillagan og uppdráttur voru til kynningar á bæjarskrifstofu Húsavíkur frá og með 2. febrúar til 2. mars 2001. Frestur til að bera fram athugasemdir var til 19. mars 2001. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Húsavík, 24. október 2001.

Gaukur Hjartarson, byggingarfulltrúi Þingeyinga.

15. október 2001 Nr. 840

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning.

1. gr.

15. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Númeraflutningur skv. 3. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 15. september 2000. Númeraflutningur skv. 4. og 6. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 15. febrúar 2001. Númeraflutningur skv. 5. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2003.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 33. gr laga nr. 107/1999 um fjarskipti og 3. gr. laga nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun, og öðlast þegar gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 15. október 2001.

Gústav Arnar.

Friðrik Pétursson.

19. október 2001 Nr. 841

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Skolp frá húsum í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi skal leiða í gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar Austurlands.

2. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsahreinsunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina.

3. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Rotþróargjald skal lagt á og innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til Borgarfjarðarhrepps.

4. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Borgarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og tekur gildi1. janúar 2002.

Umhverfisráðuneytinu, 19. október 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 842 29. október 2001

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag Gerðahverfis á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingar á deiliskipulagi Gerðahverfis. Breytingarnar felast í því að á reit sunnan Hraungerðis þar sem áður var gæsluvöllur komi 2 einbýlishúsalóðir. Ennfremur verða nokkrar breytingar á legu gatna, sem leiða af tengingu Stóragerðis við Dalsbraut skv. gildandi aðalskipulagi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 29. október 2001.

F.h. Akureyrarbæjar,

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

REGLUR

fyrir Kennaraháskóla Íslands.

I. KAFLI
Hlutverk skólans.

1. gr.

Hlutverk Kennaraháskóla Íslands.

Kennaraháskóli Íslands er miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi. Kennaraháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun er veitir nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna störfum á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar.

Kennaraháskóli Íslands veitir grunnmenntun, framhaldsmenntun og símenntun á starfssviði sínu, miðlar fræðslu til almennings og þjónar samfélaginu öllu í krafti þekkingar starfsmanna sinna.

II. KAFLI
Stjórnskipulag.

2. gr.

Yfirstjórn.

Kennaraháskóli Íslands heyrir undir menntamálaráðuneyti. Samkvæmt lögum um háskóla nr. 136/1997 og lögum um Kennaraháskóla Íslands nr. 137/1997 er yfirstjórn Kennaraháskólans falin háskólaráði, rektor, deildarfundum, deildarráðum og deildarforsetum ef skólanum er skipt í deildir. Skipan háskólaráðs er í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Í háskólaráði eiga sæti:

- rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess,
- fjórir fulltrúar ótímabundið ráðinna kennara og fjórir til vara kjörnir á almennum fundi þeirra hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn,
- tveir fulltrúar nemenda og tveir til vara kjörnir hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans,
- tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

Háskólaráð kýs varaforseta og ritara úr hópi þeirra háskólaráðsfulltrúa sem eru ráðnir kennarar ótímabundið við skólann.

Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans, og yfirumsjón málefna er varða háskólann í heild, stuðlar að, skipuleggur og hefur umsjón með samvinnu deilda og samskiptum við aðila utan skólans, þar með talið samstarf við aðra skóla og rannsóknastofnanir.

Háskólaráð setur reglur um skipan deildarráða og val á deildarforsetum. Háskólaráð setur reglur um deildarfundi, hverjir hafa rétt til setu á deildarfundum og hvert skuli vera verksvið þeirra, vald og ábyrgð. Háskólaráð setur deildarráðum starfsreglur. Háskólaráð setur jafnframt reglur um skipan annarra stjórnunareininga.

Rektor setur deildarforsetum og öðrum stjórnendum erindisbréf með starfslýsingum að fengnu samþykki háskólaráðs. Deildarfundir og deildarráð stjórna, í umboði háskólaráðs og rektors, málefnum deilda og námsbrauta. Deildarforsetar og forstöðumenn námsbrauta fara með framkvæmdavald í málefnum deilda og námsbrauta.

Rektor boðar til funda í háskólaráði eftir þörfum og þó að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Óski tveir háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Varamenn sitja fundi ráðsins í forföllum aðalfulltrúa. Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra fulltrúa sækja fund hið fæsta. Fjöldi atkvæða

ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors úrslitum. Færa skal til bókar ákvarðanir háskólaráðs.

Háskólaráð tekur ákvörðun um tilnefningu rektors.

Háskólaráð tilnefnir tvo fulltrúa í dómnefnd sem hefur það hlutverk að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna starfi prófessors, dósents eða lektors.

Háskólaráð kveður á um skipulagningu nýrra deilda og námsbrauta innan deilda og staðfestir náms- og kennsluskrá skólans.

Háskólaráð staðfestir inntökureglur deildarráða er varða inntöku nemenda í deildir.

Háskólaráð staðfestir, með nauðsynlegum fyrirvara og ekki síðar en í febrúar ár hvert, almanak, náms- og kennsluskrá fyrir komandi skólaár.

Háskólaráð skipar gæðaráð sem vinnur að mati á starfsemi skólans í samræmi við reglur sem menntamálaráðherra setur.

Háskólaráð skipar þriggja manna kjörnefnd til tveggja ára í senn. Kjörnefnd annast framkvæmd kosninga á fulltrúum kennara í háskólaráð og deildarráð og annarra þeirra kosninga sem háskólaráð felur nefndinni. Skipunartími kjörnefndar miðast við áramót.

Háskólaráð heldur árlega opinn fund þar sem starfsemi og fjárhagsmálefni háskólans eru kynnt.

3. gr.

Kjör fulltrúa kennara í háskólaráð.

Kjörgengi og kosningarétt við kjör á fulltrúum í háskólaráð hafa allir kennarar sem ráðnir eru ótímabundið við skólann.

Kjósa skal fjóra fulltrúa í háskólaráð og fjóra til vara. Þeir fjórir sem flest atkvæði hljóta teljast aðalmenn og næstu fjórir verða varamenn í samræmi við atkvæðafjölda.

Fulltrúar í háskólaráð eru kosnir til tveggja ára í senn. Kjörtímabil háskólaráðs miðast við 1. ágúst. Kjör fulltrúa í háskólaráð fer fram í aprílmánuði.

Fulltrúar í háskólaráði geta ekki gegnt störfum deildarforseta eða setið í deildarráðum.

Kjósa skal fulltrúa í háskólaráð á almennum fundi kennara sem ráðnir eru ótímabundið við skólann. Eina málið á dagskrá fundarins eru kosningar. Kjörnefnd skólans auglýsir fundinn með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara.

Kjörnefnd auglýsir eftir framboðum í háskólaráð með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara. Framboðsfrestur miðast við tvær vikur fyrir fund þar sem kjör fer fram. Að loknum þeim fresti skal kjörnefnd auglýsa hverjir eru í framboði og boða til kynningarfundar.

Kosningar skulu vera leynilegar. Á kjörseðli eru einungis nöfn þeirra sem tilkynnt hafa framboð sitt með fyrrnefndum fyrirvara. Kjörseðill er ógildur ef merkt er við fleiri eða færri en sem nemur þeim aðalmönnum sem kjósa á hverju sinni.

Kjörnefnd skólans leggur fram kjörskrá eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjörfund. Kjörnefnd útbýr kjörgögn, stýrir kjöri og birtir niðurstöður kosninganna.

4. gr.

Starfsvið rektors.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára eftir tilnefningu háskólaráðs. Staða rektors skal auglýst laus til umsóknar.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu Kennaraháskólans og æðsti fulltrúi hans. Hann vinnur að mörkun heildarstefnu í málefnum háskólans og hefur ásamt háskólaráði eftirlit með rekstri hans, kennslu, rannsóknum, þjónustu og annarri starfsemi, í samræmi við lög nr. 136/1997 og lög nr. 137/1997.

Rektor ræður alla starfsmenn háskólans. Rektor skal, í umboði háskólaráðs, sjá til þess að til séu starfslýsingar fyrir allt starfsfólk skólans, að svo miklu leyti sem þær koma ekki fram í lögum og kjarasamningum.

Rektor hefur yfirumsjón með sjóðum skólans og öðrum eignum. Um stjórnir sjóða fer að öðru leyti eftir því sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

5. gr.

Skipan og tilnefning rektors.

Háskólaráð auglýsir lausa til umsóknar stöðu rektors með þriggja vikna umsóknarfresti. Umsóknir skulu berast rektor fyrir hönd háskólaráðs. Í auglýsingu skal fjalla um hæfniskröfur skv. ákvæðum 14. greinar laga um háskóla og geta um sérstakar áherslur sem háskólaráðið leggur á um starfið. Þar skal einnig tekið fram hvenær stefnt er að því að nýr rektor hefji störf.

Háskólaráð úrskurðar hvort umsækjendur uppfylla hæfniskröfur og hverjir hafa lagt fram gildar umsóknir.

Háskólaráð tilnefnir rektor að undangenginni könnun á menntun, stjórnunarreynslu og starfsferli umsækjenda og viðtölum við þá og að undangenginni skoðanakönnun meðal starfsmanna og nemenda.

Kjörnefnd Kennaraháskóla Íslands annast undirbúning og framkvæmd skoðanakönnunar.

Rétt til þátttöku í könnuninni eiga:

a) Prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og aðrir starfsmenn Kennaraháskóla Íslands, sem ráðnir eru í a.m.k. 50% starf þar sem krafist er háskólaprófs.
b) Starfsmenn aðrir en þeir sem tilgreindir eru í a-lið og ráðnir eru í a.m.k. 50% starf við skólann.
c) Allir nemendur sem skráðir eru í grunn- og framhaldsdeild skólans þegar kosning fer fram.

Kjörnefnd skal tryggja að umsækjendum gefist kostur á að kynna sig og stefnumál sín fyrir þátttakendum skoðanakönnunarinnar.

Séu umsækjendur þrír eða fleiri skulu þátttakendur í skoðanakönnun velja þrjá og forgangsraða þeim. Atkvæðaseðill þar sem fleiri eða færri einstaklingum er greitt atkvæði en áskilið er telst ógildur. Hliðstæðar reglur gilda séu umsækjendur tveir.

Kjörnefnd lætur háskólaráði í té niðurstöður skoðanakönnunar hvers hóps um sig. Háskólaráð birtir í fundargerð nöfn þeirra þriggja sem flest atkvæði hljóta hjá hverjum hópi án atkvæðatalna.

Ef aðeins skipaður rektor sækir um starfið er háskólaráði skylt að tilnefna hann án mats eða skoðanakönnunar.

Falli rektor frá eða láti af störfum áður en embættistími hans er liðinn er varaforseti háskólaráðs staðgengill hans þangað til nýr rektor hefur verið skipaður samkvæmt lögum.

6. gr.

Stjórnsýsla Kennaraháskóla Íslands.

Stjórnsýslu Kennaraháskóla Íslands er skipað á eftirtalin svið: Kennslusvið, rannsóknarsvið, rekstrarsvið og þjónustusvið.

Kennslusvið nær til málefna er lúta að kennslu sem tekur til grunnmenntunar, símenntunar og framhaldsmenntunar, inntöku nemenda og skráningu þeirra, prófahalds, námsráðgjafar, vettvangsnáms og alþjóðamála sem snerta nám og kennslu. Deildarforsetar grunn- og framhaldsdeildar eru framkvæmdastjórar kennslusviðs, sbr. 9. gr.

Rannsóknarsvið nær til málefna sem lúta að rannsóknum innan háskólans, rannsóknarsjóðum, mati á rannsóknarstarfsemi, alþjóðlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum, þjónusturannsóknum, starfi Rannsóknarstofnunar skólans og miðstöðva tengdra ákveðnum verkefnum og fagsviðum. Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs er jafnframt forstöðumaður Rannsóknarstofnunar, sbr. 14. gr.

Rekstrarsvið nær til málefna er lúta að fjármálastjórn, fjárhagsáætlunum, reikningshaldi, rekstri og viðhaldi bygginga, tölvu- og kerfisþjónustu og almennum starfsmannamálum, þar með töldum launamálum. Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri skólans.

Þjónustusvið nær til málefna sem lúta að Menntasmiðju Kennaraháskólans, þ.e. þjónustu til stuðnings námi, kennslu og rannsóknum í Kennaraháskólanum. Menntasmiðjan er jafnframt opin öðrum sem sérhæfð þjónustumiðstöð á sviði kennslu, uppeldis, umönnunar og þjálfunar.

Framkvæmdastjóri þjónustusviðs er jafnframt framkvæmdastjóri Menntasmiðju, sbr. 13. gr.

Rektor og háskólaráði er heimilt að fela framkvæmdastjóra rekstrarsviðs vald til að skuldbinda háskólann og stofnanir hans fjárhagslega. Hann hefur ásamt rektor og háskólaráði yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum. Hann hefur einnig umsjón með sjóðum hans.

Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skal háskólaráð láta fara fram úttekt á stjórnsýslu háskólans.

7. gr.

Gæðamat.

Í deildum og öðrum starfseiningum Kennaraháskólans skal reglulega fara fram sjálfsmat og safnað upplýsingum vegna reglubundinna úttekta á starfi skólans, m.a. í samræmi við reglur sem menntamálaráðherra setur um gæðaeftirlit með háskólakennslu. Gæðaráð hefur yfirumsjón með þessum málaflokki.

8. gr.

Deildir háskólans, nám og kennsla.

Kennsludeildir við Kennaraháskóla Íslands eru tvær: grunndeild og framhaldsdeild. Í grunndeild skólans eru námsbrautir á afmörkuðum starfs- og fræðasviðum sem leiða til diplómu (15–45 einingar) og námsbrautir sem leiða til baccalaureus-gráðu (90 einingar). Í framhaldsdeild eru námsbrautir sem leiða til diplómu eftir framhaldsnám á afmörkuðum starfs- og fræðasviðum (15 og 30 einingar) og rannsóknartengt framhaldsnám til meistaragráðu (60 einingar) og til doktorsgráðu (90 einingar).

Námsbrautir eru skilgreindar námsleiðir innan hvorrar deildar að tilteknum lokaáföngum. Nemendur eru skráðir á námsbrautir.

Grunndeild og framhaldsdeild reka sameiginlega símenntunarstofnun sem annast símenntun þeirra starfstétta er hljóta grunnmenntun sína við Kennaraháskólann. Forstöðumaður Símenntunarstofnunar er ráðinn með sama hætti og forstöðumenn námsbrauta og störf hans heyra undir deildarforseta.

Háskólaráð ákveður, að fengnum tillögum frá viðkomandi deildarráði, hvaða námsbrautir eru boðnar við grunn- og framhaldsdeild skólans. Í grunndeild eru a.m.k. eftirfarandi námsbrautir: Námsbrautir í kennarafræðum fyrir leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara, námsbraut í íþróttafræðum og námsbraut í þroskaþjálfafræðum. Í framhaldsdeild háskólans eru námsbrautir á afmörkuðum starfs- og fræðasviðum samkvæmt nánari ákvæðum í kennsluskrá hverju sinni.

Fyrir deildir og skilgreindar námsbrautir skal setja náms- og kennsluskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar er með talin starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Í náms- og kennsluskrá skal m.a. gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda eða námsbrauta skal enn fremur kveða á um missera- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

Háskólaráð staðfestir náms- og kennsluskrá en deildarráð bera ábyrgð á gerð hennar.

Deildir háskólans skulu hafa með sér náið samstarf þar sem það á við. Með samnýtingu mannafla, bókasafns, kennslutækja og annarrar aðstöðu skal stefnt að því að efla fjölbreytta menntunarkosti og tryggja hagkvæmni í rekstri.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru ekki ráðnir við deildir skólans eða tilteknar námsbrautir.

9. gr.

Stjórnskipulag deilda.

Deildarráð og deildarforseti hvorrar deildar annast stjórnun hennar. Í deildarráði hvorrar deildar sitja deildarforseti, fjórir fulltrúar sem kosnir eru af kennurum skólans og tveir fulltrúar sem kosnir eru af nemendum. Forstöðumenn námsbrauta í viðkomandi deild hafa seturétt á deildarráðsfundum með málfrelsi og tillögurétt. Starfstími deildarforseta, deildarráða og forstöðumanna námsbrauta eru tvö ár og fylgir skipunartíma háskólaráðs. Háskólaráð skipar deildarforseta að fengnum tillögum rektors. Rektor skipar forstöðumenn námsbrauta að höfðu samráði við deildarforseta.

Deildarráð markar stefnu viðkomandi deildar um tilhögun og framkvæmd náms. Deildarráð metur þörf fyrir nám við deildina, vinnur að undirbúningi námsbrauta og námskeiða, mótar náms- og kennsluskrá og kynnir það nám sem í boði er. Deildarráð mótar reglur um inntöku nema, skráningu og eftirlit með framvindu náms, skilgreinir námskröfur, setur reglur um námsmat og mat á öðru námi. Deildarráð ákvarðar skipan náms á misseri, staðfestir umsjónarmenn námskeiða að fengnum tillögum viðkomandi fagráðs, sjá 11. gr., mótar í samráði við forstöðumenn námsbrauta og fagráð tillögur um nýjar kennarastöður eftir því sem ástæða er til, fylgist með gæðum náms og kennslu í deildinni og ákveður úrbætur eftir því sem þörf gerist og fjallar um álitamál og ágreiningsefni sem upp kunna að koma í deildinni. Eigi sjaldnar en einu sinni á ári heldur deildarráð fundi með forstöðumönnum fagráða.

Deildarráð skipar ár hvert 2–4 kennara í *námsnefnd* fyrir hverja námsbraut undir stjórn forstöðumanns námsbrautarinnar. Nemendur á viðkomandi námsbraut eiga einn til tvo fulltrúa í hverri námsnefnd. Starfstími námsnefnda er almanaksárið. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um fagleg málefni sem tengjast námsbrautum, yfirfara náms- og kennsluskrá fyrir námsbrautir og gera tillögur til deildarráðs um breytingar ef ástæða þykir til. Námsnefndir skulu hafa samráð við þau fagsvið *sem eru ábyrg fyrir kennslu á viðkomandi námsbraut.* Deildarráð grunn- og framhaldsdeildar skipa sameiginlega fjögurra manna ráðgjafanefnd sem er forstöðumanni Símenntunarstofnunar til ráðuneytis um framboð og tilhögun símenntunar.

Deildarfundir skulu haldnir eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Deildarfundi sitja allir kennarar sem ráðnir eru við Kennaraháskóla Íslands í hálft starf eða meira og fulltrúar nemenda í viðkomandi deildarráðum og námsnefndum. Á deildarfundi gera deildarforseti og deildarráð grein fyrir starfsemi liðins árs og kynna áætlanir næsta árs. Heimilt er að halda sameiginlega deildarfundi fyrir báðar deildir.

Deildarforsetar ásamt forstöðumönnum námsbrauta fara með framkvæmdavald í málefnum deilda og námsbrauta. Deildarforsetar undirbúa og stýra deildarfundum og fundum deildarráða og hafa forgöngu um að samþykktir fundanna nái fram að ganga. Þeir sjá um að kennsla sé í samræmi við ákvæði gildandi náms- og kennsluskrár, reglur skólans og fjárveitingar.

Forstöðumenn námsbrauta fylgja eftir stefnu deildarinnar um tilhögun og framkvæmd náms á hverri námsbraut. Þeir kanna þörf fyrir nám á námsbrautinni í samráði við deildarforseta og leggja fram, í samráði við námsnefnd, tillögur um breytingar á námsbrautinni

eftir því sem við á, vinna að tillögum um kennsluskrá í samráði við þau fagráð sem koma að kennslu á námsbrautinni, kynna nám sem er í boði, hafa eftirlit með framvindu námsins, sjá um framkvæmd námsmats, móta, í samráði við viðkomandi deildarráð, tillögur um nýjar kennarastöður eftir því sem ástæða er til. Forstöðumenn námsbrauta fylgjast með gæðum náms og kennslu á námsbrautinni og vinna að úrbótum eftir því sem þörf gerist og stuðla að faglegu samstarfi innan námsbrautarinnar, við aðrar námsbrautir og við Menntasmiðju.

10. gr.

Kjör fulltrúa kennara í deildarráð.

Kjörgengi og kosningarétt við kjör á fulltrúum kennara í deildarráð hafa allir kennarar sem ráðnir eru við skólann í hálft starf eða meira og eiga sæti á viðkomandi deildarfundi samkvæmt reglum um skipan deilda við Kennaraháskóla Íslands.

Kjósa skal aðalfulltrúa kennara og jafnmarga varafulltrúa. Kjósa skal fjóra aðalfulltrúa í hvort deildarráð. Þeir sem flest atkvæði hljóta teljast aðalmenn og þeir sem næstir koma að atkvæðafjölda verða varamenn.

Fulltrúar kennara í deildarráð eru kosnir til tveggja ára í senn. Kjörtímabil deildarráða miðast við 1. ágúst. Kjör fulltrúa í deildarráð fer fram í apríl- eða maímánuði.

Þegar kjör kennara í háskólaráð hefur farið fram auglýsir kjörnefnd eftir framboðum í deildarráð með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Framboðsfrestur miðast við eina viku fyrir fund þar sem kjör fer fram. Að loknum þeim fresti skal kjörnefnd auglýsa hverjir eru í framboði.

Kosningar skulu vera leynilegar. Á kjörseðli eru einungis nöfn þeirra sem tilkynnt hafa framboð sitt með fyrrnefndum fyrirvara. Kjörseðill er ógildur ef merkt er við fleiri eða færri en sem nemur þeim aðalmönnum sem kjósa á hverju sinni.

Kjörnefnd skólans leggur fram kjörskrá eigi síðar en fjórum vikum fyrir fund þar sem kjör fer fram. Kjörnefnd útbýr kjörgögn, stýrir kjöri og birtir niðurstöður kosninganna.

11. gr.

Fagráð.

Háskólaráð ákvarðar fagsvið innan Kennaraháskóla Íslands. Rektor skipar öllum kennurum skólans á fagsvið í samráði við hvern og einn.

Kennarar á hverju fagsviði mynda sameiginlega *fagráð* fyrir viðkomandi svið. Fagráð getur heimilað fulltrúum nemenda að taka þátt í störfum ráðsins að hluta til eða að öllu leyti. Kennarar geta óskað eftir flutningi á annað fagsvið. Fagráð getur heimilað einstökum kennurum af öðru fagsviði að taka þátt í störfum ráðsins að hluta til eða að öllu leyti. Fagráð kýs sér forstöðumann til eins almanaksárs í senn. Hvert fagráð kemur saman eftir þörfum en þó ekki sjaldnar en tvisvar á misseri.

Hlutverk fagráða er að vera til ráðgjafar á viðkomandi fagsviði. Að öðru leyti eru meginviðfangsefnin þessi:

1. Annast undirbúning og kennslu námskeiða á viðkomandi fagsviði í samráði við forstöðumenn námsbrauta innan þeirra marka sem náms- og kennsluskrá gerir ráð fyrir hverju sinni.
2. Móta tillögur um umbætur á kennslu á viðkomandi sviði og þróun náms- og kennsluskrár í samráði við námsnefndir og deildarráð.
3. Efla rannsóknir á viðkomandi sviði í samstarfi við Rannsóknarstofnun skólans.
4. Veita ráðgjöf um innkaup og aðstöðu til kennslu á sviðinu.
5. Leggja fram hugmyndir um verkefni á sviði símenntunar.
6. Fjalla um mál sem beint er til fagráða af háskólaráði, rektor, deildarforsetum, deildarráðum, Rannsóknarstofnun eða aðilum utan skólans.

12. gr.

Mat á námi og kennslu.

Mat á námi og kennslu skal fara fram með reglubundnum hætti í þeim tilgangi að bæta starfið, veita aðhald, örvun og hvatningu og jafnframt að hafa á reiðum höndum upplýsingar til þeirra aðila utan skólans sem þurfa á þeim að halda. Innra mat Kennaraháskólans þjónar einkum þeim tilgangi að bæta kennslu og styrkja nám, bæta skipulag námskeiða, námsbrauta og deilda, bæta þjónustu við nemendur, afla upplýsinga fyrir endurskoðun náms- og kennsluskrár, afla upplýsinga vegna nýráðninga kennara eða framgangs þeirra í starfi.

Mat á einstökum námskeiðum, misserum eða kjörsviðum fer fram á vegum deildarforseta og deildarráða.

Af og til skal gera heildarúttektir af sérfræðingum utan stofnunarinnar, og m.a. stuðst við alþjóðlegar viðmiðanir. Heildarúttekt á námsbrautum eða deildum fer fram á vegum deildarráðs eða rektors.

Niðurstöður mats sem fram fer á vegum Kennaraháskólans skal vera opinbert.

Við mat á námi og kennslu skal beita fjölþættum matsaðferðum og skal matið einnig ná til ytri starfsskilyrða, svo sem húsnæðis og búnaðar.

Deildarráð bera meginábyrgð á að niðurstöðum mats sé fylgt eftir.

13. gr.

Menntasmiðja Kennaraháskóla Íslands.

Meginhlutverk Menntasmiðju Kennaraháskólans er að veita nemendum og starfsfólki þjónustu vegna náms, kennslu og rannsókna. Hún er jafnframt opin öðrum sem sérhæfð þjónustumiðstöð á sviði kennslu, uppeldis, umönnunar og þjálfunar.

Í Menntasmiðju er veittur aðgangur að heimildum, sérhæfðum tækjakosti og hugbúnaði. Þar er einnig veitt leiðsögn og aðstoð á sviði kennslutækni, gagnagerðar og upplýsinga- og samskiptatækni og við heimildaöflun.

14. gr.

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Við Kennaraháskólann starfar Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Hlutverk hennar er að efla og annast rannsóknir og aðra nýsköpun þekkingar við Kennaraháskólann með það að markmiði að auka þekkingu á uppeldi, menntun, þjálfun og umönnun, á störfum þeirra stétta sem Kennaraháskóli Íslands menntar og þeim fræðigreinum sem þeim tengjast.

Rannsóknarstofnun er heimilt að stunda þjónusturannsóknir. Með þjónusturannsóknum er átt við rannsóknir, sem unnar eru fyrir eða í tengslum við aðila utan háskólans gegn endurgjaldi.

Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar.

Háskólaráð skipar fimm manna stjórn stofnunarinnar til tveggja ára í senn. Skipunartími miðast við 1. janúar. Deildarráð grunn- og framhaldsdeildar tilnefna sameiginlega þrjá fulltrúa í stjórn og þar af a.m.k. einn sem starfar utan skólans. Menntasmiðja tilnefnir einn og rektor einn sem jafnframt skal vera formaður stjórnar. Stjórn stofnunarinnar fer í umboði háskólaráðs með stjórn stofnunarinnar.

Rektor ræður forstöðumann stofnunarinnar.

Heimilt er að ráða sérfræðinga til starfa við rannsóknarstofnunina í samráði við rektor og háskólaráð.

Háskólaráð skal setja reglur um skipulag og ráðstöfun á rannsóknarsjóðum sem háskólinn hefur til umráða.

Háskólaráð setur sérstakar starfsreglur um stofnunina sem menntamálaráðherra staðfestir. Í þeim reglum er m.a. fjallað um ráðstöfun tekna af þjónusturannsóknum.

15. gr.
Lestrarmiðstöð.

Við Kennaraháskóla Íslands er starfrækt lestrarmiðstöð sem veitir sérhæfða þjónustu á sviði lesturs og lestrarörðugleika og sinnir rannsóknum á því sviði. Háskólaráð setur lestrarmiðstöð starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar og starfsskyldur. Lestrarmiðstöð heyrir undir rannsóknarsvið Kennaraháskólans.

III. KAFLI
Kennarar.

16. gr.
Kennarar og ráðning þeirra.

Kennarar við Kennaraháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar. Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara. Umsækjendur um prófessorsstöður, dósents- og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir. Sömu reglur gilda um ráðningu sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna og gilda um ráðningu lektora, dósenta og prófessora.

Þá eina má ráða í störf kennara við Kennaraháskólann sem hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu.

Prófessorar, dósentar og lektorar hafa eftirfarandi starfsskyldur: Kennslu, stjórnun og nýsköpun þekkingar. Aðjúnktar geta verið í 33 – 100% starfi við Kennaraháskólann og sinna þeir kennslu og öðrum störfum sem tiltekin eru í ráðningarsamningi. Stundakennarar hafa einungis starfsskyldur tengdar kennslu.

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra, til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors. Dómnefnd fjallar bæði um nýráðningar og stöðuhækkanir. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina, þar af annan formann nefndarinnar. Annar fulltrúanna sem háskólaráð tilnefnir skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa a.m.k. meistaraprófi úr háskóla.

Rektor skal í samráði við deildarforseta tilnefna sérfræðing, hverju sinni, er skal vera dómnefnd til ráðgjafar þegar fræðistörf umsækjenda eru metin. Við sérstakar aðstæður er heimilt að skipa fleiri en einn sérfræðing.

Dómnefnd skal láta uppi ótvírætt og rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna stöðunni. Engum manni má veita prófessorsstöðu, dósentsstöðu eða lektorsstöðu nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur. Dómnefnd skal einungis meta hvort umsækjendur séu hæfir til að gegna því starfi sem um ræðir. Rektor getur ráðið hvern þann sem hann telur hæfastan af þeim sem metnir hafa verið hæfir af dómnefnd og hann getur hafnað þeim öllum.

Rektor hefur heimild til þess að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu. Lektor getur sótt um framgang eftir að hafa gegnt lekt-

orsstöðu í þrjú ár og dósent getur sótt um framgang eftir að hafa gegnt dósentsstöðu í 5 ár. Sömu reglur gilda um beiðni um slíkan framgang og um umsóknir í nýjar stöður. Rektor er heimilt að leyfa hraðari framgang ef sérstakar ástæður liggja til þess.

Umsóknir um nýjar stöður eða framgang skulu berast rektor sem að umsóknarfresti liðnum staðfestir móttöku umsókna með bréfi til umsækjenda. Eftir að umsóknarfresti um starf lýkur eru öll nöfn umsækjenda birt. Háskólaráð setur sérstakar vinnu- og matsreglur fyrir dómnefnd til þess að vinna eftir og skulu þær reglur liggja frammi á skrifstofu rektors.

17. gr.

Um rannsóknarleyfi og rannsóknarstyrki.

Háskólaráði er heimilt að veita kennurum rannsóknarleyfi um allt að eins árs skeið á föstum launum, enda liggi fyrir fullnægjandi greinargerð um hvernig umsækjandi hyggst verja rannsóknarleyfinu til að auka þekkingu sína eða sinna sérstökum rannsóknarverkefnum.

Eftir því sem fjárlög heimila og kjarasamningar gera ráð fyrir getur háskólaráð veitt einstaklingi, sem rannsóknarleyfi hlýtur, styrk til að standa straum af nauðsynlegum ferða- og dvalarkostnaði vegna rannsóknarleyfis.

IV. KAFLI
Nemendur, kennsla og próf.

18. gr.

Skrásetning nemenda.

Þeir einir teljast nemendur við Kennaraháskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms. Tekið er á móti umsóknum um námsvist á aðalskrifstofu Kennaraháskólans.

Háskólaráð tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf skólaárs. Skrásetningargjald skal taka mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum í té og nauðsynleg eru vegna starfsemi háskólans. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem skrá sig til náms eftir að auglýstu skrásetningartímabili lýkur.

19. gr.

Inntaka nemenda.

Rétt til inntöku í grunndeild skólans eiga þeir sem lokið hafa stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati deildarráðs.

Rétt til inntöku í diplómunám í framhaldsdeild eiga þeir sem lokið hafa fullgildu starfsmenntanámi á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar. Gilt er talið nám frá Fósturskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands og öðrum skólum sem veita sambærilega menntun. Til þess að geta sótt um að hefja meistaraprófsnám skal umsækjandi hafa lokið diplómunámi (30 einingum) með fyrstu einkunn að lágmarki. Þeir einir geta sótt um að hefja doktorsnám sem lokið hafa meistaragráðu (M.Ed., M.A. eða M.S.) eða æðri prófgráðu.

Deildarráðum er heimilt að ákveða sérstök viðbótar inntökuskilyrði ef þörf gerist en slíkar ákvarðanir skulu hljóta staðfestingu háskólaráðs. Háskólaráð ákveður ár hvert fjölda nýnema á einstökum námsbrautum og felur deildarráðum ábyrgð á inntöku nemenda. Deildarráð setur inntökureglur þar sem kveðið skal á um verklagsreglur við inntöku og þær viðmiðanir sem notaðar eru við mat á umsækjendum. Inntökureglur skulu hljóta staðfestingu háskólaráðs. Deildarráðum er heimilt að skipa inntökunefndir til að annast inntöku. Vafa- eða ágreiningsatriðum, sem upp kunna að koma í starfi inntökunefnda, skal skotið til við-

komandi deildarráðs. Fullnaðarúrskurðarvald í málum sem varða inntöku nemenda er í höndum háskólaráðs.

Nám við skólann skal auglýst með hæfilegum fyrirvara. Umsóknarfrestur skal eigi vera skemmri en tvær vikur og skal tilgreina umsóknarfrest á umsóknareyðublaði. Með umsóknareyðublaði skulu fylgja leiðbeiningar um hvaða gögn og upplýsingar þurfa að fylgja með umsókn. Þar skulu einnig vera upplýsingar um inntökureglur. Heimilt er að boða umsækjendur í viðtöl.

Þegar inntöku er lokið skulu deildarráð standa háskólaráði skil á inntökuskýrslu og skal hún birt á vef skólans.

20. gr.

Lærdómstitlar og prófskírteini.

Lærdómstitlar sem Kennaraháskóli Íslands veitir eru:

Grunndeild:

- Sérstakt prófskírteini, diploma, fyrir sjálfstætt fullnaðarpróf að loknu grunnnámi sem nemur a.m.k. 45 einingum (styttra grunnnámi, þó eigi skemmra námi en sem nemur 45 einingum).
- B.Ed. í leikskólakennarafræði (Baccalaureus Educationis – Bachelor of Education) 90 einingar.
- B.Ed. í grunnskólakennarafræði (Baccalaureus Educationis – Bachelor of Education) 90 einingar.
- B.A. í þroskaþjálfun (Baccalaureus Artium – Bachelor of Art in Developmental Therapy) 90 einingar.
- B.S. í íþróttafræði (Baccalaureus Scientiarum – Bachelor of Science in Physical Education and Sport Science) 90 einingar.
- Kennsluréttindanám eftir fyrstu háskólagráðu eða annað nám í kennslugrein (Diploma/Certificate) 15 eða 30 einingar.

Framhaldsdeild:

- Dipl.Ed., sérstök viðurkenning í uppeldis- og menntunarfræði (Diploma in Education). Sjálfstætt fullnaðarpróf að loknu 15 eða 30 eininga framhaldsnámi.
- M.Ed. í uppeldis- og menntunarfræði (Magister Educationis – Master of Education) 60 einingar í framhaldsnámi, þar af 15 eininga meistaraprófsverkefni.
- M.A. í uppeldis- og menntunarfræði (Magister Artium Educationis – Master of Arts in Education) 60 einingar í framhaldsnámi, þar af 30 eininga meistaraprófsverkefni.
- M.S. í uppeldis- og menntunarfræði (Magister Scientiarum Educationis – Master of Science in Education) 60 einingar í framhaldsnámi, þar af 30 eininga meistaraprófsverkefni.
- Ph.D. í uppeldis- og menntunarfræði (Doctor Philosophiae Educationis – Doctor of Philosophy in Education). 90 einingar í framhaldsnámi eftir meistarapróf, þar af doktorsverkefni 60 einingar.
- Doktorsnafnbót veitt í heiðursskyni, Doctor Educationis Honoris Causa.

21. gr.

Námskeið.

Nám í Kennaraháskóla Íslands er skilgreint í námskeiðum. Námskeið er námsáfangi sem skipulagður er og metinn sem heild. Námi í hverju námskeiði lýkur með prófi eða annars konar mati.

Í náms- og kennsluskrá er getið um markmið fyrir hvert einstakt námskeið, vinnulag, hvernig námsmati er hagað og hvernig það tengist markmiðum og viðfangsefnum námskeiðsins.

Í hverju námskeiði skal gefin út kennsluáætlun þar sem fram koma upplýsingar um umsjónarmenn, markmið, inntak, skipulag, námsefni, verkefni, skiladaga verkefna og tilhögun námsmats. Ef um forkröfur eða mætingarskyldu er að ræða skal það koma fram í kennsluáætlun. Kennsluáætlanir skal birta á vefsíðum skólans þremur vikum áður en námskeið hefjast.

22. gr.

Námseiningar.

Námið er mælt í einingum. Fullt nám telst að jafnaði 30 einingar á námsári og svarar hver eining til einnar viku vinnu nemenda í fullu námi (um 40–50 stundir), þar af geta 8–30 stundir verið bundnar á stundaskrá í staðbundnu námi. Í staðbundnu námi í grunndeild er miðað við allt að 16 stundir í bóklegum greinum en í einstökum námskeiðum list- og verkgreina, þar sem krafist er verkstæðis eða sérhæfðrar aðstöðu til náms, er heimilt að bjóða fleiri stundir. Þó eru aldrei fleiri en 30 stundir á stundaskrá að baki hverri einingu. Í staðbundnu námi í framhaldsdeild er miðað við að 8–12 stundir geti verið bundnar á stundaskrá að baki hverri einingu.

Vægi verkefna og lesefnis er metið með hliðsjón af umfangi og þeim tíma sem nemandi þarf að verja til þeirra.

23. gr.

Háskólaár, kennslumisseri og brautskráning.

Háskólaárið telst frá 1. ágúst til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár skiptist í haustmisseri, vormisseri og sumarönn. Vor- og haustmisseri mega ekki vera styttri en 15 vikur að meðtöldum prófum (leyfi undanskilin). Haustmisseri lýkur um áramót. Próf skulu að jafnaði ekki taka lengri tíma en tvær vikur. Haustmisseri skal vera lokið í síðasta lagi 21. desember og vormisseri hefst í fyrsta lagi 3. janúar. Um páska skal ekki kennt á miðvikudegi fyrir skírdag og á þriðjudegi eftir annan í páskum. Engin kennsla fer fram 1. desember, á stórhátíðum þjóðkirkjunnar eða á öðrum lögboðnum frídögum. Háskólaráð getur ákveðið að fella niður kennslu á öðrum dögum en hér eru tilgreindir.

Brautskráning fer fram þrisvar á ári; sem næst 15. október, 15. febrúar og 10. júní. Nemendur sem ætla að brautskrást þurfa að sækja um það til nemendaskráningar með mánaðar fyrirvara. Til að fá brautskráningu verða nemendur að vera skuldlausir við skólann.

24. gr.

Náms- og kennsluskrá.

Gefa skal út náms- og kennsluskrá fyrir komandi skólaár ekki síðar en í apríl ár hvert. Þessi kennsluskrá skal að jafnaði gilda fyrir nemendur sem innritast á því námsári og stunda nám með eðlilegri námsframvindu. Í náms- og kennsluskrá skal gera grein fyrir meginmarkmiðum náms á hverri námsbraut, kennsluaðferðum, námskipan, námsmati og námskröfum.

Í náms- og kennsluskrá skulu vera skráð númer og nöfn allra námskeiða og stutt lýsing á hverju námskeiði. Þar skal getið um nöfn umsjónarmanna, markmið, vinnulag, hvernig námsmati er hagað og hvernig það tengist markmiðum og viðfangsefnum námskeiðsins. Gæta skal samræmis milli umfangs, markmiða og námsmats í hverju námskeiði.

Tilgreina ber öll skilyrði um undanfara einstakra námskeiða þegar það á við.

25. gr.

Námslok/lengd náms.

Hámarkslengd náms er mismunandi eftir námsbrautum. Í grunndeild er meginreglan sú að ljúka verður staðbundnu þriggja ára B.Ed.-, B.A.- eða B.S.-námi innan fjögurra og hálfs árs frá innritun. Fjarnámi, þar sem námi er dreift á fjögur ár, verður að ljúka innan sex ára frá innritun. 45 eininga námi á styttri námsbrautum skal lokið innan þriggja ára og 30 eininga viðbótarnámi innan tveggja ára frá innritun. Við sérstakar aðstæður getur deildarforseti veitt undanþágu frá þessum reglum. Nemandi, sem þarf að gera hlé á námi sínu, þarf að tilkynna það formlega til kennsluskrifstofu. Nemandi sem hættir námi skal tilkynna það formlega til forstöðumanns kennsluskrifstofu.

26. gr.

Mat á fyrra námi.

Nemendur sem óska að fá fyrra nám metið sem hluta af því námi sem þeir eru skráðir í þurfa að sækja um það skriflega í tæka tíð til umsjónarmanns viðkomandi námsbrautar. Forstöðumaður námsbrautar gerir tillögu til matsnefndar sem afgreiðir málið. Með umsókn skulu fylgja prófskírteini eða önnur staðfesting á fyrra námi. Nemendur skulu stunda nám í viðkomandi námskeiði þar til niðurstöður mats liggja fyrir. Um mat á fyrra námi gildir sú meginregla að námskeið eldri en tíu ára eru ekki metin.

27. gr.

Námsmat.

Megintilgangur námsmats er að veita nemendum upplýsingar um gengi og árangur í námi og örva þá til dáða. Námsmat er einnig vottun skólans um að nemandi hafi tileinkað sér þekkingu og færni á tilteknu sviði. Mikilvægt er að námsmat byggist á traustum gögnum svo tryggja megi eftir föngum að niðurstöður séu áreiðanlegar og réttmætar.

Námsmat er byggt á markmiðum náms í hverju námskeiði. Því varðar miklu að markmið séu sett fram með skýrum hætti og útskýrt fyrir nemendum hvað í þeim felst.

Námsmat er byggt á viðmiðum. Viðmiðin eru einkum markbundin, þ.e. þau tiltaka þær kröfur um árangur sem gerðar eru. Viðmiðin geta einnig verið hópmiðuð, þ.e. þau vísa til samanburðar við aðra í hópnum.

Námsmat fer fram bæði meðan á námi stendur og við lok hvers skilgreinds námsáfanga. Í fyrra tilvikinu er mikilvægt að námsmati fylgi upplýsingar um hvað tókst vel og leiðbeiningar um hvað má betur fara. Í síðara tilvikinu er nauðsynlegt að nemendum sé ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar niðurstöðum námsmats svo þeir geti gert sér grein fyrir áreiðanleika og réttmæti matsniðurstöðu.

Mikilvægt er að námsmat taki til allra meginþátta námsins, það sé byggt á eins fjölþættum gögnum og kostur er.

28. gr.

Próftímabil, próf og verkefni.

Almenn próf eru að jafnaði haldin í lok missera. Nemendur í B.Ed.-, B.A.- og B.S.-námi skulu hafa lokið öllum prófum og verkefnum af 1. og 2. ári áður en þeir hefja nám á þriðja ári.

Umsjónarmaður námsbrautar getur veitt undanþágu frá þessari reglu ef gildar ástæður eru fyrir hendi.

Líta ber á skiladag verkefnis á sama hátt og um prófdag væri að ræða. Í undantekningartilvikum er kennara heimilt að veita nemanda 2 vikna frest til að skila verkefni ef gildar ástæður eru fyrir því. Hafi nemandi ekki skilað verkefni fyrir tilskilinn tíma skal

færa falleinkunn hjá hlutaðeigandi nemanda í nemendaskrá fyrir viðkomandi námskeið. Nemendur hafa leyfi til að skila einu sinni aftur verkefni, sem fengið hefur falleinkunn án þess að skrá sig aftur í viðkomandi námskeið og gilda þá sömu reglur og dagsetningar og um endurtökupróf væri að ræða.

Nemandi sem lokið hefur prófi í tilteknu námskeiði með fullnægjandi árangri en kýs að þreyta prófið að nýju hefur rétt til að endurtaka prófið næst þegar það er haldið. Ef námskeiði lýkur með verkefni eða ritgerð og nemandi hefur lokið því með fullnægjandi árangri en kýs að endurtaka verkið skal hann fást við nýtt viðfangsefni. Nýti nemandinn þennan rétt gildir sú einkunn sem hann fær í seinna skiptið.

29. gr.

Tilhögun námsmats.

Námsmat getur byggst á skriflegum, munnlegum eða verklegum prófum, ritgerðum og verkefnum. Heimilt er að meta starf í kennslustundum sem hluta af námsmati í einstökum námskeiðum. Ef mat á framlagi nemenda í kennslustundum er hluti af námsmati á móti prófi má gera kröfu um 80% mætingarskyldu í þeim tímum sem slíkt mat nær til. Ekki er heimilt að krefjast mætingarskyldu nema framlag í kennslustund sé metið sem hluti af lokaeinkunn og þarf það að koma skýrt fram í kennsluáætlun.

30. gr.

Skráning í námskeið og próf.

Öllum nemendum er skylt að skrá sig í námskeið fyrir upphaf hvers kennslumisseris. Skráning í námskeið er jafnframt skráning í próf í lok námskeiðs. Skráningu í námskeið skal að jafnaði vera lokið tveimur mánuðum áður en kennsla hefst.

Nýnemar skrá sig í námskeið á haustmisseri um leið og þeir innritast í skólann. Unnt er að endurskoða skráningu í námskeið á haustmisseri fyrir lok september og á vormisseri fyrir miðjan febrúar. Í framhaldsdeild skal skráningu á sumarönn lokið fyrir 1. febrúar.

31. gr.

Úrsögn úr námskeiði.

Þegar nemandi er skráður í námskeið er hann jafnframt skráður í lokapróf í viðkomandi námskeiði eða er bundinn skiladögum fyrir verkefni ef námsmatinu er þannig háttað. Hann getur hins vegar sagt sig úr námskeiði og er þar með leystur undan þeim kröfum sem settar hafa verið um námsmatið. Ef um námskeið á haustmisseri er að ræða þarf nemandi að skrá sig úr því fyrir 15. nóvember, en fyrir 15. apríl ef námskeiðið er á vormisseri. Ef nemandi skráir sig úr námskeiði verður hann að skrá sig aftur í viðkomandi námskeið síðar samkvæmt nýrri kennsluskrá ef námskeiðið er skyldubundið.

32. gr.

Úrsögn úr prófi.

Nemandi getur skráð sig úr prófi án þess að skrá sig úr námskeiði en það verður að gera í síðasta lagi þremur dögum fyrir prófdag. Skráning úr prófi verður að vera skrifleg. Í slíku tilviki þarf nemandi að skrá sig í próf í ágúst. Ef nemandi getur ekki mætt í próf vegna veikinda verður hann að skrá sig úr því í síðasta lagi á prófdegi og skila innan viku læknisvottorði dagsettu á prófdegi. Nemandi í þessum sporum þarf að skrá sig í próf í ágúst. Ef nemandi segir sig ekki úr námskeiði eða prófi í tæka tíð og mætir ekki í prófið eða skilar ekki verkefnum á tilsettum tíma, fær hann sjálfkrafa lægstu einkunn ef um talnaeinkunn er að ræða, þ.e. 0, eða ólokið ef ekki er notuð talnaeinkunn.

33. gr.

Endurtöku- og sjúkrapróf.

Endurtöku- og sjúkrapróf fara fram í ágúst. Nemendur þurfa að skrá sig í próf fyrir 1. júlí. Nemandi sem stenst ekki próf, getur skráð sig í endurtökupróf í ágúst. Nemandi sem mætir ekki í próf sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll, eða yfirgefur prófstað eftir að próf er byrjað, telst hafa þreytt prófið. Hann getur skráð sig í viðkomandi próf í ágúst.

Ef nemandi stenst ekki endurtökupróf eða mætir ekki til prófs fær hann falleinkunn og verður að skrá sig í viðkomandi námskeið að nýju. Nemandi sem hefur skráð sig úr prófi með formlegum hætti á rétt á að endurtaka prófið einu sinni án þess að sitja námskeiðið að nýju.

Námskeið geta breyst frá ári til árs og það er á ábyrgð nemenda að fylgjast með slíkum breytingum í náms- og kennsluskrá.

Í einstaka tilvikum er hægt að sækja um leyfi til að þreyta sjúkrapróf á öðrum tíma en í ágúst. Þetta á einkum við ef sýnt er að nemandi geti lokið námi fyrir næstu brautskráningu. Þá skal nemandi skila gildu læknisvottorði, dagsettu á prófdegi, sem sýnir að hann hafi ekki getað mætt í auglýst próf vegna veikinda. Slíkt sjúkrapróf skal haldið innan tveggja vikna frá auglýstum prófdegi og verður að sækja um það með skriflegri greinargerð til kennsluskrifstofu.

34. gr.

Mat á prófúrlausnum og verkefnum.

Við munnleg og verkleg próf, sem teljast til lokaprófs, er heimilt að kalla til einn prófdómara utan skólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir. Kennari getur óskað eftir prófdómara í einstökum þáttum telji hann til þess sérstaka ástæðu. Þegar prófdómari metur úrlausn ásamt kennara gildir meðaltal beggja einkunna sem lokaeinkunn.

35. gr.

Mat á lokaverkefnum.

Þegar um er að ræða einstaklingsleiðsögn, metur leiðsögukennari lokaverkefni og gefur umsögn. Þegar um hópa er að ræða skipta leiðsögukennarar hvers hóps með sér verkum eða meta lokaverkefni í sameiningu og gefa umsögn um verkefnin. Prófdómarar meta úrtak verkefna og umsagnir kennara um þau. Til prófdómara er einnig vísað ágreiningsmálum sem upp kunna að koma. Einnig getur kennari óskað skipunar prófdómara í einstökum þáttum/tilvikum telji hann til þess sérstaka ástæðu.

Um mat á lokaverkefnum í meistara- og doktorsnámi gilda sérstakar reglur sem deildarráð ákveður og birtar eru í náms- og kennsluskrá.

36. gr.

Lágmarkseinkunnir.

Til að standast hvert einstakt námskeið þarf lágmarkseinkunn 5. Í námskeiðum þar sem námsmat er bæði byggt á prófum og verkefnum þarf lágmarkseinkunn 5 í hvoru tveggja. Í námskeiðum sem skipulögð eru í sjálfstæðum þáttum er heimilt að fara fram á að nemendur standist lágmarkskröfur í hverjum þætti. Geta skal um slíkar kröfur í náms- og kennsluskrá eða í útgefinni kennsluáætlun. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0–10. Í einstökum tilvikum lýkur námskeiði með vitnisburðinum lokið/ólokið.

37. gr.

Réttur nemenda til útskýringa og leiðréttinga.

Nemendur eiga rétt á að skoða prófúrlausnir sínar og fá skýringar á mati ef þeir óska þess innan 15 daga eftir að einkunn hefur verið birt. Sama gildir ef verkefni eða verkleg frammistaða eru grundvöllur að lokamati í námskeiði. Uni nemandi ekki niðurstöðu getur hann farið fram á endurmat enda sendi hann rökstudda, skriflega greinargerð til kennsluskrifstofu sem metur málið í samráði við viðkomandi kennara. Ef nemandi unir ekki þeim málalokum er kallaður til utanaðkomandi prófdómari og gildir úrskurður hans. Kennarar riti ekki einkunnir sínar eða athugasemdir í prófúrlausnir þar eð það kynni að hafa áhrif á einkunnagjöf prófdómara, ef til er kvaddur.

38. gr.

Meðferð og varðveisla einkunna.

Í grunndeild skila umsjónarmenn námskeiða niðurstöðum námsmats til nemendaskrár eigi síðar en þremur vinnuvikum eftir að próf er haldið eða verkefnum skilað. Þegar nemendur vinna verkefni á kennslutímabilinu skal kennari kappkosta að skila þeim aftur til nemenda innan þriggja vikna. Námskeið sem ná yfir tvö misseri þarf að skipuleggja þannig að nemendur geti fengið staðfestingu á því að þeir hafi lokið fyrri hluta þess, þótt lokaeinkunn komi ekki fyrr en eftir að seinna misseri lýkur. Í framhaldsdeild skila kennarar námsmati innan sex vikna frá því próf er haldið eða verkefni skilað.

Merkja skal prófúrlausnir og öll verkefni sem nemendur skila kennurum með nafni og kennitölu eða prófnúmeri.

Prófúrlausnir nemenda og aðalverkefni á námskeiðum sem metin eru til einkunna eru geymd í skólanum meðan viðkomandi nemandi er við nám og í eitt ár eftir að námi lýkur.

Fara skal með einkunnir sem trúnaðarmál. Nemendaskrá skólans sendir hverjum nemanda yfirlit yfir stöðu hans í námi; í grunndeild eigi síðar en fjórum vikum eftir að prófum lýkur og í framhaldsdeild eigi síðar en sjö vikum eftir að prófum lýkur við lok hvers misseris. Einkunnir fást ekki gefnar upp í síma.

39. gr.

Reglur um skrifleg próf.

Prófstjóri annast undirbúning og stjórn prófa í samráði við skrifstofustjóra kennslusviðs.

Próftafla skal gefin út a.m.k. átta vikum fyrir próf en prófstaður er kynntur með auglýsingu á vefsíðu skólans minnst sólarhring fyrir próf.

Kennarar skulu ganga frá prófverkefnum og afhenda þau prófstjóra eða skrifstofustjóra minnst fjórum virkum dögum fyrir prófdag. Á prófverkefni skal koma fram númer og heiti námskeiðs, dagsetning prófs, tímalengd og upplýsingar um hjálpargögn.

Nemendum, sem eru í prófi, er óheimilt að aðstoða aðra við prófúrlausnir eða leita aðstoðar annarra. Skrásettum nemanda, sem ekki er í prófi, er einnig óheimilt að veita slíka aðstoð. Nemendum er óheimilt að tala saman og þeir mega ekki hafa aðrar bækur eða gögn með sér en þau sem umsjónarmaður námskeiðs leyfir.

Nemendur skulu í einu og öllu fara eftir prófreglum. Brot gegn ákvæðum þessum og öðrum prófreglum sem háskólaráð setur varðar vísun úr prófi og eftir atvikum öðrum viðurlögum.

Deildarráði er heimilt að setja sérstakar, nánari reglur um prófahald en hér er kveðið á um.

Nemendur hafa aðgang að eigin námsferli á vefsíðu skólans.

40. gr.

Stúdentaskipti og nám við erlenda háskóla.

Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum gefst nemendum við Kennaraháskólann kostur á að taka þátt í stúdentaskiptaáætlunum sem Kennaraháskólinn á aðild að. Þessar áætlanir hafa það að meginmarkmiði að efla samstarf milli skóla. Einn liður í því samstarfi er að gera nemendum kleift að taka hluta af háskólanámi sínu við erlenda háskóla og fá það metið sem hluta af náminu heima fyrir. Veittir eru styrkir til að mæta ferðakostnaði og viðbótarkostnaði sem fylgir því að skipta um dvalarstað. Nemendur þurfa að hafa lokið með fullnægjandi árangri a.m.k. tveimur fyrstu misserum námsins. Þegar þeir sækja um námsdvöl þurfa þeir að skila staðfestingu á námsárangri með umsókn sinni. Námsdvöl erlendis getur mest staðið í eitt ár.

Ef fleiri sækja um námsdvöl erlendis en unnt er að veita styrk skal tekið tillit til námsárangurs umsækjanda, tungumálakunnáttu og framkomu. Ef nemandi óskar eftir að taka einhver þeirra námskeiða sem kennd eru í Kennaraháskóla Íslands meðan hann er í burtu er heimilt að gera um það samning milli viðkomandi kennara og nemanda. Miðað er við að það nám sem nemandi tekur erlendis sé að öllu jöfnu metið að fullu til eininga við Kennaraháskóla Íslands enda leggi nemandi fram formlega staðfestingu á umfangi og inntaki námskeiða ásamt vottorði um árangur eða frammistöðu.

Nemendur þurfa að gera námsáætlun og velja sér námskeið með hliðsjón af náms- og kennsluskrá Kennaraháskóla Íslands eftir því sem kostur er. Forstöðumenn námsbrauta þurfa að samþykkja að nám erlendis verði að fullu metið sem hluti af náminu heima.

41. gr.

Agaviðurlög.

Rektor getur með heimild í 12. gr. laga nr. 137/1997 veitt nemanda áminningu eða vikið honum úr skóla tímabundið eða að fullu ef nemandi hefur gerst sekur um brot á lögum eða reglum háskólans eða framkoma hans gagnvart starfsmönnum eða öðrum námsmönnum háskólans er ósæmileg eða óhæfileg. Áður en ákvörðun um brottrekstur er tekin skal leita umsagnar viðkomandi háskóladeildar og gefa námsmanninum kost á því að tjá sig um málið. Námsmanni er heimilt að skjóta ákvörðun rektors til sérstakrar áfrýjunarnefndar. Um mál af þessu tagi skal að öðru leyti fara eftir lögum.

V. KAFLI

Gjöld fyrir þjónustu, ráðstöfun þeirra, samningar o.fl.

42. gr.

Gjöld fyrir þjónustu.

Heimilt er að taka gjald fyrir þá þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem Kennaraháskólanum er skylt að veita. Enn fremur er heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun og fræðslu fyrir almenning. Að öðru leyti er óheimilt að innheimta gjöld fyrir þá kennslu, sem fram fer í Kennaraháskóla Íslands, umfram skrásetningargjöld í samræmi við ákvæði laga um Kennaraháskóla Íslands. Reikningshald fyrir þjónustu af þessu tagi skal vera aðgreint frá reikningshaldi skólans.

Háskólaráð setur nánari reglur um fyrir hvaða þjónustu má innheimta gjöld og setur gjaldskrá, sem endurskoða skal árlega.

43. gr.

Sértekjur og samningar.

Afli deild eða stofnun Kennaraháskólans sértekna er henni skylt að gera skriflegan samning um það. Stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 44. gr. í reglugerð þessari. Í samningi skal kveðið á um:

Hvaða þjónustu viðkomandi deild eða stofnun tekur að sér að veita og hvaða kröfur eru gerðar í því sambandi.

Greiðslur fyrir þjónustuna/verkefnið og hvenær beri að inna þær af hendi.

Gildistíma og uppsagnarfrest samnings.

Veiti deild eða stofnun þjónustu sem er í samkeppni við aðra aðila er óheimilt að niðurgreiða þann rekstur með fjárframlagi sem Kennaraháskóli Íslands fær á fjárlögum eða á grundvelli þjónustusamninga við menntamála- og fjármálaráðherra.

Hafi samningur í för með sér veruleg fjárútlát eða skuldbindingu til langs tíma skal rektor staðfesta hann.

44. gr.

Stjórnunar- og aðstöðugjald.

Háskólaráði er heimilt að ákveða að deildir eða stofnanir Kennaraháskólans innheimti stjórnunar- og aðstöðugjald af öllum sértekjum. Ennfremur er heimilt að ákveða að þær innheimti stjórnunar- og aðstöðugjald af styrkjum úr rannsóknarsjóðum framlögum eða styrkjum frá einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum. Við gerð fjárhagsáætlunar deildar skal gera ráð fyrir tekjum af stjórnunar- og aðstöðugjaldi eftir því sem við á. Háskólaráð getur jafnframt ákveðið að hluti tekna af stjórnunar- og aðstöðugjaldi renni í Rannsóknarsjóð Kennaraháskóla Íslands.

45. gr.

Aðild að fyrirtækjum.

Kennaraháskóla Íslands er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög, einkahlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaðri ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu eða þjónustu í því skyni að miðla, hagnýta og þróa niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem skólinn vinnur að hverju sinni.

Háskólaráð fer með eignarhlut háskólans í þeim fyrirtækjum sem að framan greinir.

VI. KAFLI

Sjóðir til styrktar rannsókna, kennslu og stjórnun í Kennaraháskóla Íslands.

46. gr.

Rannsóknarsjóður Kennaraháskóla Íslands.

Tilgangur Rannsóknarsjóðs Kennaraháskóla Íslands er að efla rannsóknir í háskólanum. Háskólaráð ákveður árlega fjárveitingu til sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er í höndum stjórnar Rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans. Stjórnin úthlutar árlega úr sjóðnum. Stjórninni er heimilt að setja sér vinnureglur um úthlutun og skulu þær staðfestar af háskólaráði.

Prófessorar, dósentar, lektorar, vísindamenn, aðjúnktar, fræðimenn og sérfræðingar við Kennaraháskóla Íslands geta sótt um fé úr sjóðnum.

Við mat á verkefnum skal fyrst og fremst fara eftir vísindagildi þeirra, enn fremur skal höfð hliðsjón af rannsóknarvirkni umsækjenda. Stjórn sjóðsins skal sjá til þess að hæfir menn gefi faglega umsögn um allar umsóknir styrkhæfra umsækjenda.

Stjórn sjóðsins skal gefa háskólaráði skýrslu um úthlutun úr sjóðnum að loknu hverju almanaksári.

47. gr.

Vinnumatssjóður Kennaraháskóla Íslands.

Tilgangur Vinnumatssjóðs Kennaraháskóla Íslands er að efla rannsóknir og stjórnun við háskólann. Háskólaráð ákveður árlega fjárveitingu til sjóðsins og hversu stórum hluta hans skuli úthlutað vegna stjórnunarstarfa.

Stjórn sjóðsins er í höndum vinnumatsnefndar og skal hún setja sér vinnureglur sem staðfestar eru af háskólaráði. Vinnumatsnefnd skipa fjórir fulltrúar. Rektor skipar tvo þeirra og tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.

Aðjúnktar, lektorar, dósentar og aðrir sérfræðilega menntaðir starfsmenn, sem gegna a.m.k. hálfu starfi, geta sótt um að fá greiðslur fyrir rannsóknir umfram vinnuskyldu úr sjóðnum samkvæmt vinnumati.

Vinnumat rannsókna skal byggja á rannsóknarmatskerfi, sem er hluti af formlegu gæðakerfi Kennaraháskóla Íslands og háskólaráð setur reglur um.

Rektor úthlutar greiðslum úr sjóðnum vegna stjórnunarstarfa. Honum er heimilt að fela framkvæmdastjóra rekstrarsviðs að annast úthlutunina.

Vinnumatsnefnd skal einu sinni á ári gefa háskólaráði skýrslu um úthlutun úr sjóðnum.

VII. KAFLI
Réttindi og skyldur starfsmanna.

48. gr.
Réttindi og skyldur starfsmanna.

Háskólaráð gefur út starfsmannastefnu Kennaraháskóla Íslands, þar sem kveðið er á um helstu atriði er varða réttindi og skyldur starfsmanna, aðbúnað á vinnustað, jafnréttismál og fleira.

Þegar starfsmaður er ráðinn að Kennaraháskóla Íslands skal veita honum greinargóðar upplýsingar um skipunar- og ráðningarkjör og um réttindi og starfsskyldur. Starfsmaður á rétt á að fá starfslýsingu, sbr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskylda telst enn í gildi þótt starfsmaður láti af starfi.

Ef starfsmaður hyggst taka að sér launað starf ber honum að skýra næsta yfirmanni frá því áður en hann tekur starfið að sér. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans og er honum þá óheimilt að taka starfið að sér.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

49. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 136/1997 um háskóla og laga nr. 137/1997 um Kennaraháskóla Íslands. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Við gildistöku reglnanna falla úr gildi eftirfarandi reglur: Reglur nr. 934/1999 um tilnefningu rektors við Kennaraháskóla Íslands, reglur nr. 935/1999 um inntöku nemenda í framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands, reglur nr. 936/1999 um Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands, reglur nr. 937/1999 um skipan deilda og skora við Kennaraháskóla Íslands, reglur nr. 938/1999 um starfsskyldur kennara við Kennaraháskóla Íslands og reglur nr. 939/1999 um kjör fulltrúa kennara í háskólaráð, deildarráð og skorarstjórnir við Kennaraháskóla Íslands.

Þannig samþykktar af háskólaráði þann 27. júní 2001.

Kennaraháskóla Íslands, 27. júní 2001.

Ólafur Proppé rektor.

Ólafur H. Jóhannsson,
ritari háskólaráðs.

REGLUR

um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

1. gr.
Almennt.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands er fræðslu-, þróunar- og þjónustustofnun starfrækt af Háskóla Íslands og aðildarfélögum undir nafninu „Endurmenntun Háskóla Íslands". Hún lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

Endurmenntunarstofnun veitir prófskírteini sem staðfesta að viðkomandi hafi lokið námi á vegum stofnunarinnar sem og skírteini fyrir þátttöku í námskeiðum. Endurmenntunarstofnun hefur hins vegar ekki heimild til þess að veita lærdómstitla sbr. 54. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

Að fenginni tillögu Endurmenntunarstofnunar getur háskólaráð heimilað að félög háskólamanna og aðrir skólar á háskólastigi taki þátt í stjórn stofnunarinnar samkvæmt sérstökum samstarfssamningi, sem háskólaráð gerir um það efni.

2. gr.
Markmið.

Markmið Endurmenntunarstofnunar er að veita háskólamenntuðu fólki og almenningi fjölbreytt tækifæri til sí- og endurmenntunar. Starfsemi stofnunarinnar nær einnig til opinberra stofnana, félagasamtaka og einkafyrirtækja. Stofnunin ber ábyrgð á faglegu inntaki námskeiða á hennar vegum, þar á meðal vali á kennurum, skipulagi náms, miðlun og námsefni.

3. gr.
Hlutverk.

Hlutverk Endurmenntunarstofnunar er m.a.:

a. að þróa og halda námskeið fyrir háskólamenntað fólk á þeirra fagsviði,
b. að þróa og halda námskeið fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni,
c. að þróa og bjóða lengra nám samhliða starfi,
d. að efna til og viðhalda samstarfi við þá aðila, sem stuðlað geta að auknu og betra framboði námskeiða, þ.m.t. fagfélög, stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki,
e. að eiga samstarf við deildir Háskóla Íslands um þróun og framkvæmd námskeiða,
f. að kynna og markaðssetja námskeiðsframboð stofnunarinnar,
g. að afla, viðhalda og miðla þekkingu á sviði símenntunar m.a. með þátttöku í ráðstefnum, námskeiðum og alþjóðlegu samstarfi.

4. gr.
Stjórn.

Háskólaráð skipar stofnuninni tólf manna stjórn til tveggja ára í senn. Sex þeirra og jafnmargir til vara eru skipaðir beint af háskólaráði án tilnefningar og skulu þeir allir vera úr hópi háskólakennara. Sex stjórnarmanna og jafnmargir til vara eru skipaðir af háskólaráði samkvæmt tilnefningu aðila að samstarfssamningi um stofnunina, sbr. 3. mgr. 1. gr.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann úr þeim hópi sem háskólaráð skipar án tilnefningar. Stjórninni er heimilt að mynda þriggja manna framkvæmdastjórn undir forystu stjórnarformanns. Umboð framkvæmdastjórnar ræðst af ákvörðun stjórnar.

Þeir aðilar að samstarfssamningi, sbr. 3. mgr. 1. gr., sem ekki eiga fulltrúa sinn sem aðalmann í stjórn, mega tilnefna áheyrnarfulltrúa sem hefur seturétt á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, og með hæfilegum fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski þrír eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fundinn í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Endurmenntunarstjóri situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

Um afgreiðslu mála á stjórnarfundum fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir Endurmenntunarstofnun og ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart yfirstjórn háskólans. Meðal verkefna stjórnar er að samþykkja starfs- og rekstraráætlanir og yfirfara ársreikninga. Afrit starfs- og rekstraráætlana skulu lögð fyrir háskólaráð ásamt forsendum verðlagningar á þjónustu stofnunarinnar.

7. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann, endurmenntunarstjóra, samkvæmt tillögu stjórnar og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur Endurmenntunarstofnunar eru:

a. námskeiðsgjöld,
b. greiðslur frá aðilum samstarfssamnings, sbr. 3. mgr. 1. gr.,
c. styrkir og annað sjálfsaflafé.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskóla Íslands.

Verðskrá skal ákvörðuð þannig, að þátttökugjöld í námskeiðum og öðru námi á vegum stofnunarinnar séu ekki hærri en sá kostnaður sem til verður við að veita þjónustuna og skal gjöldunum eingöngu varið til þess að standa straum af þjónustu stofnunarinnar, sbr. 70. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Stofnunin nýtur sjálfstæðis varðandi húsnæðismál og ráðstöfun sjálfsaflafjár innan ramma fjárhagsábyrgðar háskólaráðs, sbr. m.a. 2. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands og skal upplýsa háskólaráð og rektor fyrirfram um allar veigameiri ráðstafanir.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. sameiginlegra reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla

Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 540/1991 um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

30. október 2001 Nr. 845

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 948/2000.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:

a. Á eftir orðunum „A 06 A Hægðalyf“ í 1. mgr. kemur:
   A 07 F A Örverur með stoppandi verkun
   A 08 A Lyf við offitu, önnur en sérfæði
b. Á eftir orðunum „D 11 Önnur húðlyf, þ. á m. lyfjasápur“ í 1. mgr. kemur:
   G 02 B Staðvirk getnaðarvarnalyf
c. Í stað orðanna „J 05 A H Neuroamínidasahemlar“ í 1. mgr. kemur:
   J 05 A H Neuramínidasahemlar.
d. Við 2. mgr. bætist:
   H 01 C A Gónadótrópínleysandi hormón; ábending legslímvilla (ICD-10 flokkur N80)
   L 02 A E 04 Triptórelín, ábending legslímvilla (ICD – 10 flokkur N80) og snemmkominn kynþroski (ICD – 10 flokkur E30.1)
e. 3. mgr. orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í greiðslu lyfja sem fáanleg eru í lausasölu (afgreiðslumerking „L“ í lyfjaskrám), ef undan eru skilin lyf í ATC-flokkum A 02B A, A 12 B A, G 03 C A 04, M 01 A E 01, M 01 A E 02, P 01 B C 01, R 06 A E 07, R 06 A X 13 og S 01 X A, sem greiðast skv. 6. gr. (E-merking) og lyf í ATC-flokki C 01 D A 02, sem greiðast skv. 5. gr. (B-merking). Í undantekningartilvikum tekur Tryggingastofnun ríkisins þó þátt í greiðslu L-merktra lyfja skv. 10. gr. og miðast greiðsluþátttakan þá við greiðsluþátttökuverð, sbr. 4. mgr. 3. gr.

2. gr.

Á eftir 7. gr. kemur ný grein, sem verður 8. gr., er orðast svo:

Reglugerð þessi tekur einnig til lyfja sem skömmtuð eru eftir beiðni læknis. Heimilt er að greiða hlutfallslega fyrir hvert skammtað tímabil miðað við 30/100 daga notkun sbr. 2. gr.

3. gr.

8. grein verður 9. grein.

4. gr.

9. gr., sem verður 10. gr., orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, sbr. 41. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum, að semja við sjúkrastofnanir um að taka að sér þann þátt sjúkratrygginga sem lýtur að greiðslu kostnaðar vegna S-merktra lyfja í gildandi lyfjaskrám, sbr. 8. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr., sem verður 11. gr.:

Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, er verði 3. tölul., sem orðast svo:

Þegar virkri meðferð er hætt og sjúklingur nýtur líknandi sérhæfðrar hjúkrunarmeðferðar í heimahúsi er heimilt að undanþiggja sjúklinga greiðslu allra lyfja, sem hafa markaðsleyfi á Íslandi ásamt lyfjum, sem eru á undanþágulista Lyfjastofnunar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr., sem verður 12. gr.:

a. 1. mgr. orðast svo:

Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í lyfjum, sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi, þ.m.t. staðlaðra forskriftarlyfja lækna, en heimilt er að nota samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, miðast við ákvörðun nefndar samkvæmt 41. gr. þeirra laga.

b. Í 2. mgr. falli niður orðin „3. eða“.

c. Við bætist ný málsgrein, sem verður 4. mgr., er orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja í allt að 90 daga eftir að markaðsleyfi þeirra er útrunnið, sbr. 77. gr. reglugerðar nr. 462/2000 um markaðsleyfi fyrir sérlyf, merkingar þeirra og fylgiseðla.

7. gr.

12. og 13. grein verða 13. og 14. grein.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. október 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 116 – 2001

6. nóvember 2001 2579 Nr. 846

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1343 (2001) um refsiaðgerðir gegn Líberíu.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1343 (2001), dags. 7. mars 2001, um refsiaðgerðir gegn Líberíu og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Líberíu vopn og vopnabúnað, þ.m.t. skotfæri, hervagna og varahluti fyrir vopnabúnað.
2. Óheimilt er að flytja framangreint um íslenskt yfirráðasvæði eða með skipum eða flugvélum sem skráð eru á Íslandi.
3. Óheimilt er að flytja inn til landsins óunna eðalsteina frá Líberíu eða sem upprunnir eru þaðan.
4. Öllum aðilum í ríkisstjórn Líberíu, embættismönnum, hermönnum, mökum þeirra og aðilum sem selja uppreisnarsveitum í nágrannaríkjum Líberíu vopn er óheimilt að koma til Íslands eða fara um íslenskt yfirráðasvæði. Fyrrgreint á ekki við ef um er að ræða embættiserindi á vegum ríkisstjórnar Líberíu til höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna eða ef nefnd öryggisráðsins um málefni Líberíu ákveður annað.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 6. nóvember 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

31. október 2001 Nr. 847

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (IV).

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir ráðsins sem vísað er til í VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000 frá 28. janúar 2000, 8/2000 frá 4. febrúar 2000 og 9/2000 frá 28. janúar 2000 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af VI. viðauka samningsins og öðrum ákvæðum hans:

Gutenberg

1. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 frá 29. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn.

2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 575/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna.

3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/99 frá 29. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

Reglugerðirnar gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000, 8/2000 og 9/2000.

Reglugerðirnar fjalla að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð fjármálaráðuneytisins er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1606/98, 307/1999 og 1399/99 og ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000, 8/2000 og 9/2000, sbr. 1. gr., sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 20, 12. apríl 2001, bls. 95-129, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 31. október 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 7/2000

frá 28. janúar 2000

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/1999 frá 25. júní 1999([1]).

2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 frá 29. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **398 R 1606**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 frá 29. júní 1998 (Stjtíð. EB L 209, 25.7.1998, bls. 1).“;

2. í aðlögunarlið r), yfirskrift „P. ÍSLAND“ komi „Allar umsóknir um grunnlífeyri og viðbótarlífeyri vegna elli og sérstakt bótakerfi vegna lífeyris opinberra starfsmanna“ í stað textans;

3. í aðlögunarlið t), yfirskrift „P. ÍSLAND“ komi eftirfarandi í stað textans:

„1. Hafi launaðri vinnu eða sjálfstæðri atvinnustarfsemi verið lokið á Íslandi, og tilvikið verður þegar launuð vinna eða sjálfstæð atvinnustarfsemi er stunduð í öðru ríki sem reglugerðin tekur til og þar sem örorkulífeyrir, bæði samkvæmt almannatryggingakerfinu og viðbótarlífeyriskerfinu (lífeyrissjóðir), á Íslandi felur ekki lengur í sér tímabilið frá því að tilvik kemur fram og fram að því að lífeyrisaldri er náð (tímabil sem ekki er liðið), skal tekið tillit til tryggingatímabila sem falla undir löggjöf annars ríkis sem reglugerðin tekur til að því er varðar kröfuna um tímabil sem ekki er liðið eins og um væri að ræða tryggingatímabil á Íslandi.

2. Hægt er að krefja einstakling, sem fellur undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn og búsettur er á Íslandi, og

a) sem ákvæði 2. til 7. þáttar í 1. kafla III. bálks eiga ekki við um, og

b) sem ekki á rétt á íslenskum lífeyri,

um greiðslu kostnaðar vegna aðstoðar við hann eða aðstandendur hans á Íslandi, svo fremi að aðstoðin heyri undir sérstaka bótakerfið, sem um ræðir, og/eða einstaklingsbundna tryggingarkerfið, sem kemur því til viðbótar.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn:

1. eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **398 R 1606**: reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 frá 29. júní 1998 (Stjtíð. EB L 209, 25.7.1998, bls. 1).“;

2. eftirfarandi komi í stað textans í aðlögunarlið a), yfirskrift „R. NOREGUR“:

„1. Sosial- og helsedepartementet (Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið), Ósló.

([1]) Stjtíð. EB L 296, 23.11.2000, bls. 37 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 62.

([2]) Stjtíð. EB L 209, 25.7.1998, bls. 1.

2. Arbeids- og administrasjonsdepartementet (Atvinnumála- og stjórnsýsluráðuneytið), Ósló.

3. Barne- og familiedepartementet (Barna- og fjölskyldumálaráðuneytið), Ósló.

4. Justisdepartementet (Dómsmálaráðuneytið), Ósló.

5. Utenriksdepartementet (Utanríkisráðuneytið), Ósló.“;

3. eftirfarandi bætist við í aðlögunarlið b), yfirskrift „R. NOREGUR“:

„7. Bætur samkvæmt lögum nr. 26 frá 28. júlí 1949 um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna í Noregi (lov av 28. juli 1949 nr 26 om Statens Pensjonskasse):

Statens Pensjonskasse (lífeyrissjóður opinberra starfsmanna í Noregi).“;

4. eftirfarandi bætist við, bæði í 2. lið (Elli- og dánarbætur) og 3. lið (Örorkubætur) í aðlögunarlið c), yfirskrift „Q. LIECHTENSTEIN“:

„c) Atvinnutengt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn:

Stiftungsrat der Pensionskasse für das Staatspersonal (Yfirstjórn atvinnutengds bótakerfis fyrir opinbera starfsmenn).“;

5. eftirfarandi bætist við í aðlögunarlið c), yfirskrift „R. NOREGUR“:

„4. Bætur samkvæmt lögum nr. 26 frá 28. júlí 1949 um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna í Noregi (lov av 28. juli 1949 nr 26 om Statens Pensjonskasse):

Statens Pensjonskasse (lífeyrissjóður opinberra starfsmanna í Noregi).“;

6. eftirfarandi bætist við, bæði í 2. lið (Elli- og dánarbætur) og 3. lið (Örorkubætur) í aðlögunarlið f), yfirskrift „Q. LIECHTENSTEIN“:

„c) Atvinnutengt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn:

Geschäftsleitung der Pensionsversicherung für das Staatspersonal (Framkvæmdastjórn atvinnutengds bótakerfis fyrir opinbera starfsmenn).“;

7. eftirfarandi bætist við á eftir 1. lið í aðlögunarlið f), yfirskrift „R. NOREGUR“:

„1a. Bætur samkvæmt lögum nr. 26 frá 28. júlí 1949 um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna í Noregi (lov av 28. juli 1949 nr 26 om Statens Pensjonskasse):

Statens Pensjonskasse (lífeyrissjóður opinberra starfsmanna í Noregi).“;

8. eftirfarandi bætist við í aðlögunarlið m), yfirskrift „R. NOREGUR“:

„13. Bætur samkvæmt lögum nr. 26 frá 28. júlí 1949 um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna í Noregi (lov av 28. juli 1949 nr 26 om Statens Pensjonskasse):

Statens Pensjonskasse (lífeyrissjóður opinberra starfsmanna í Noregi).“

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1606/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1606/98

frá 29. júní 1998

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 51. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]), sem er lögð fram að höfðu samráði við framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilliti til úrskurðar dómstóls Evrópubandalaganna frá nóvember 1995, mál C-443/93 (Ioannis Vougioukas gegn Idryma Koinonikon Asfalisseon — IKA, dómasafn EB 1995, bls. I-4033), ætti að rýmka gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ([4]) og reglugerðar (EBE) nr. 574/72 ([5]) þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn og einstaklinga sem njóta sömu réttinda.

2) Með tilliti til úrskurðarins og við beitingu þessara reglugerða er rétt, með fyrirvara um sérstakt fyrirkomulag í þessari reglugerð, að líta á félaga í sérstökum bótakerfum fyrir opinbera starfsmenn og einstaklinga sem njóta sömu réttinda sem launþega.

3) Þeir sem eru tryggðir í sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn geta verið sjálfstætt starfandi einstaklingar á sama tíma. Í sáttmálanum er ekki að finna þær heimildir sem eru nauðsynlegar til að gera viðeigandi ráðstafanir á sviði almannatrygginga fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga og af þeim sökum er réttlætanlegt að styðjast við 235. gr.

4) Nauðsynlegt er að aðlaga suma viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð (EBE) nr. 574/72 í kjölfar aðlögunar á meginmáli þeirra.

5) Nauðsynlegt er að tilgreina í viðauka skilyrði fyrir samræmingu tiltekinna sérstakra bótakerfa.

6) Nauðsynlegt er að taka tillit til sérkenna tiltekinna sérlífeyriskerfa fyrir opinbera starfsmenn í sumum aðildarríkjum, til að mynda til þess hvort lífeyrisréttur tengist beint löngum þjónustualdri, og þá sérstaklega til þess að í sumum þeirra eru ekki fyrir hendi samræmingarkerfi milli sérstakra bótakerfa og almenna kerfisins, í öðrum aðildarríkjum eru þau fyrir hendi en gildissvið þeirra, fjárveitingar og úthlutunarreglur eru takmörkuð.

7) Engin sameiginleg skilgreining liggur fyrir á hugtakinu „opinber starfsmaður" og mikill munur er á þeim kerfum félagslegrar verndar sem þeir heyra undir, efnissviðunum sem þau taka til og hvaða einstaklingar heyra undir þau.

8) Til að taka tillit til sérkenna þessara sérlífeyriskerfa en varðveita jafnframt jafnvægi í samræmingarkerfinu er réttlætanlegt að heimila takmarkaða undanþágu frá meginreglunni um uppsöfnun þannig að þess sé ekki krafist samkvæmt kerfunum að tekið sé tillit til tímabila sem er lokið samkvæmt sérstöku bótakerfi í öðru

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtíð. EB L 209, 25.7.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000 frá 28. janúar 2000 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

([1]) Stjtíð. EB C 46, 20. 2. 1992, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB C 94, 13. 4. 1992, bls. 4.

([3]) Stjtíð. EB C 98, 21. 4. 1992, bls. 4.

([4]) Stjtíð. EB L 149, 5. 7. 1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1223/98 (Stjtíð. L 168, 13. 6. 1998, bls. 1).

([5]) Stjtíð. EB L 74, 27. 3. 1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1223/98 (Stjtíð. EB L 168, 13. 6. 1998, bls. 1).

aðildarríki en komið er í veg fyrir að tímabilin tapist með því krefjast þess að tekið sé tillit til þeirra í almennu kerfi fyrsta aðildarríkisins, jafnvel þótt hlutaðeigandi einstaklingur hafi ekki lokið tímabili samkvæmt því kerfi.

9) Einnig er nauðsynlegt að taka tillit til sérkenna þessara sérstöku bótakerfa með því að heimila takmarkaða undanþágu frá almennu fyrirkomulagi varðandi ákvörðun viðeigandi löggjafar þannig að við tilteknar aðstæður sé rétt að láta einstaklinga, sem falla undir sérstök bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn, heyra undir löggjöf í fleiru en einu aðildarríki.

10) Það er hagur félaga í sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn og einstaklinga sem njóta sömu réttinda að lífeyrir sem er veittur samkvæmt þessum kerfum börnum, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, sé reiknaður út í samræmi við ákvæði 3. kafla III. bálks, fremur en 8. kafla.

11) Vegna sérstaks eðlis og einkenna viðbótarlífeyriskerfa innan ramma tilskipunar ráðsins 98/49/EB frá 29. júní 1998 um verndun viðbótarlífeyrisréttinda launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem flytjast á milli aðildarríkja ([1]) og vegna fjölbreytileika þessara kerfa innan hvers aðildarríkis og frá einu aðildarríki til annars falla þau ekki, og ættu ekki að falla, undir samræmingarkerfið, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, nema þau kerfi sem falla undir hugtakið „löggjöf" eins og það er skilgreint í fyrstu undirgrein j-liðar 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og kerfi sem aðildarríki hefur gefið yfirlýsingu um samkvæmt þeirri grein.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 1408/71:

1) 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað i-liðar í a-lið:

„i) maður sem er skyldutryggður eða tryggður frjálsri viðvarandi tryggingu fyrir einu eða fleiri tilvikum sem falla undir almannatryggingar launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga eða sérstök bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn;";

b) eftirfarandi liður bætist við á eftir j-lið:

„ja) „sérstök bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn": almannatryggingakerfi, sem er frábrugðið hinu almenna almannatryggingakerfi fyrir launþega í hlutaðeigandi aðildarríkjum, sem allir eða tilteknir hópar opinberra starfsmanna, eða einstaklinga sem njóta sömu réttinda, heyra undir;";

c) eftirfarandi bætist við r-lið:

„tímabil sem er lokið samkvæmt sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn eru einnig talin jafngilda tryggingatímabilum;";

d) eftirfarandi bætist við s-lið:

„tímabil sem er lokið samkvæmt sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn eru einnig talin jafngilda tryggingatímabilum;";

2) 3. mgr. 2. gr. falli niður;

3) orðin „né heldur tekur hún til sérstakra reglna um opinbera starfsmenn og einstaklinga sem njóta sömu réttinda " í 4. mgr. 4. gr. falli niður;

4) eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 13. gr.:

„1. Þeir einstaklingar sem þessi reglugerð nær til skulu, með fyrirvara um 14. gr. c og 14. gr. f, aðeins heyra undir löggjöf eins aðildarríkis. Sú löggjöf skal ákveðin í samræmi við ákvæði þessa bálks;";

([1]) Stjtíð. EB L 209, 25. 7. 1998, bls. 46.

5) eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 14. gr. d:

„1. Við beitingu þeirrar löggjafar, sem er sett í samræmi við þessi ákvæði, skal farið með einstakling þann sem um getur í 14. gr. (2. og 3. mgr.), 14. gr. a (2., 3. og 4. mgr.), 14. gr. c (a-lið) og 14. gr. e sem hann hefði stundað starf sitt eða störf eingöngu á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis.“;

6) eftirfarandi greinar bætist við í II. bálki:

„14. gr. e

Sérreglur er gilda um einstaklinga sem eru tryggðir í sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn og starfa á sama tíma sem launþegar og/eða sjálfstætt í öðru eða öðrum aðildarríkjum

Einstaklingur, sem er ráðinn sem opinber starfsmaður eða einstaklingur sem nýtur sömu réttinda og er tryggður í sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn í einu aðildarríki samtímis því að hann starfar sem launþegi og/eða sjálfstætt á yfirráðasvæði annars eða annarra aðildarríkja, skal heyra undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem hann er tryggður í sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn.

14. gr. f

Sérreglur er gilda um opinbera starfsmenn sem starfa á sama tíma sem launþegar í fleiri en einu aðildarríki og eru tryggðir í sérstöku bótakerfi í einu þessara ríkja

Einstaklingur, sem starfar sem opinber starfsmaður eða einstaklingur sem nýtur sömu réttinda í tveimur aðildarríkjum eða fleirum og er tryggður í að minnsta kosti einu þessara aðildarríkja í sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn, skal heyra undir löggjöf hvers þessara aðildarríkja.“;

7) eftirfarandi þáttur bætist við í 2. kafla III. bálks:

„5. þáttur

Einstaklingar sem heyra undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn

43. gr. a

1. Ákvæði 37. gr., 38. gr. (1. mgr.), 39. gr. og 2., 3. og 4. þáttar gilda á hliðstæðan hátt um einstaklinga sem heyra undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn.

2. Þegar löggjöf aðildarríkis setur hins vegar það skilyrði fyrir því að öðlast, missa, viðhalda eða endurheimta rétt til bóta samkvæmt sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn að öllum tryggingatímabilum sé lokið samkvæmt einu eða fleirum sérstökum bótakerfum fyrir opinbera starfsmenn í aðildarríkinu, eða þau talin jafngilda slíkum tímabilum, skal einungis taka til greina þau tímabil sem unnt er að viðurkenna samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis.

Fullnægi hlutaðeigandi einstaklingur ekki þeim skilyrðum sem eru sett fyrir greiðslu þessara bóta, þó að tillit sé tekið til lokinna tímabila, skulu þessi tímabil talin með þegar bætur eru veittar samkvæmt almenna kerfinu eða að öðrum kosti samkvæmt því kerfi sem gildir um verka- og skrifstofufólk, eftir því sem við á.

3. Ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að bætur séu reiknaðar á grundvelli síðustu launagreiðslu eða launagreiðslna á viðmiðunartímabili skal þar til bær stofnun taka til greina við útreikninginn einungis þær launagreiðslur, endurmetnar með tilhlýðilegum hætti, sem tekið var við á því tímabili eða tímabilum þegar hlutaðeigandi einstaklingur heyrði undir þá löggjöf.“;

8) 3. kafla III. bálks er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 44. gr.:

„3. Þessi kafli gildir hvorki um hækkanir á lífeyri né viðbótargreiðslur á lífeyri barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, sem eru greiddar samkvæmt ákvæðum 8. kafla, nema kveðið sé á um annað í 79. gr. a.“;

b) eftirfarandi grein bætist við:

„51. gr. a

Einstaklingar sem heyra undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn

1. Ákvæði 44. gr., 45. gr. (1., 5. og 6. mgr.) og 46. til 51. gr. gilda á hliðstæðan hátt um einstaklinga sem heyra undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn.

2. Þegar löggjöf aðildarríkis setur hins vegar það skilyrði fyrir því að öðlast, missa, viðhalda eða endurheimta rétt til bóta samkvæmt sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn að öllum tryggingatímabilum sé lokið samkvæmt einu eða fleirum sérstökum bótakerfum fyrir opinbera starfsmenn í aðildarríkinu, eða þau talin jafngilda slíkum tímabilum, skal einungis taka til greina þau tímabil sem unnt er að viðurkenna samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis.

Fullnægi hlutaðeigandi einstaklingur ekki þeim skilyrðum sem eru sett fyrir greiðslu þessara bóta, þó að tillit sé tekið til lokinna tímabila, skulu þessi tímabil talin með þegar bætur eru veittar samkvæmt almenna kerfinu eða að öðrum kosti samkvæmt því kerfi sem gildir um verka- og skrifstofufólk, eftir því sem við á.

3. Ef gert er ráð fyrir því í löggjöf aðildarríkis að bætur séu reiknaðar á grundvelli síðustu launagreiðslu eða launagreiðslna á viðmiðunartímabili skal þar til bær stofnun taka til greina við útreikninginn einungis þær launagreiðslur, endurmetnar með tilhlýðilegum hætti, sem tekið var við á því tímabili eða tímabilum þegar hlutaðeigandi einstaklingur heyrði undir þá löggjöf.“;

9) eftirfarandi þáttur bætist við í 6. kafla III. bálks:

„4. þáttur

Einstaklingar sem heyra undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn

71. gr. a

1. Ákvæði 1. og 2. þáttar gilda á hliðstæðan hátt um einstaklinga sem heyra undir sérstakt atvinnuleysistryggingakerfi fyrir opinbera starfsmenn.

2. Ákvæði 3. þáttar gilda ekki um einstaklinga sem heyra undir sérstakt atvinnuleysistryggingakerfi fyrir opinbera starfsmenn. Atvinnulaus einstaklingur, sem heyrir undir sérstakt atvinnuleysistryggingakerfi fyrir opinbera starfsmenn og er atvinnulaus með öllu eða að hluta til og búsettur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en lögbærs ríkis á meðan hann var síðast í starfi, skal fá bætur í samræmi við ákvæði löggjafar lögbærra ríkisins eins og hann væri búsettur á yfirráðasvæði þess ríkis; þar til bær stofnun skal greiða bæturnar á eigin kostnað.“;

10) eftirfarandi grein bætist við:

„*79. gr. a*

Ákvæði um bætur fyrir börn sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra og eiga rétt á bótum samkvæmt sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn

1. Þrátt fyrir ákvæði 78. gr. skal lífeyrir barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, samkvæmt sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn reiknaður í samræmi við ákvæði 3. kafla.

2. Ef tryggingatímabilum, starfstímabilum launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings eða búsetutímabilum er lokið samkvæmt almennu kerfi í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr. skal greiða bætur samkvæmt almenna kerfinu í samræmi við ákvæði 8. kafla. Taka skal til greina, þar sem við á, tryggingatímabil eða starfstímabil launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings, sem er lokið í samræmi við löggjöf um sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn, eða tímabil sem eru talin jafngilda þeim tímabilum samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis til að öðlast, viðhalda eða endurheimta rétt til bóta í samræmi við löggjöf almenna kerfisins.“;

11) eftirfarandi grein bætist við:

„*95. gr. c*

Bráðabirgðaákvæði vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 1606/98

1. Þessi reglugerð veitir engan rétt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/98 (*) vegna tímabila fyrir 25. október 1998.

2. Við ákvörðun á rétti til bóta í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1606/98 skal taka tillit til allra tryggingatímabila og, eftir því sem við á, starfstímabila, launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga, eða búsetutímabila sem er lokið samkvæmt löggjöf aðildarríkis fyrir 25. október 1998.

3. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. veitir reglugerð (EB) nr. 1606/98 jafnvel rétt til bóta vegna tilviks sem kom fram fyrir 25. október 1998.

4. Allar bætur, sem hafa ekki verið veittar eða sem hafa verið felldar niður um tíma vegna þjóðernis eða búsetustaðar hlutaðeigandi einstaklings, skulu greiddar eða greiðslur teknar upp að nýju frá 25. október 1998, leggi hann fram beiðni um það, að því tilskildu að réttur sem hefur verið viðurkenndur áður hafi ekki þegar verið bættur með eingreiðslu.

5. Heimilt er að endurskoða rétt einstaklinga til lífeyris, sem veittur hefur verið fyrir 25. október 1998, með tilliti til ákvæða reglugerðar (EB) nr. 1606/98, leggi þeir fram beiðni um það. Þetta ákvæði gildir einnig um aðrar bætur sem um getur í 78. og 79. gr. að svo miklu leyti sem það á við um 78. gr. og 79. gr. a.

6. Ef beiðnin, sem um getur í 4. eða 5. mgr., er lögð fram innan tveggja ára frá 25. október 1998 skulu áunnin réttindi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/98 gilda frá þeim degi og skal óheimilt að beita lagaákvæðum aðildarríkis er varða missi eða fyrningu réttinda gagnvart hlutaðeigandi einstaklingum.

7. Ef beiðnin, sem um getur í 4. eða 5. mgr., er lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá 25. október 1998 er liðinn gilda þau réttindi, sem hafa ekki þegar tapast eða fyrnst, frá þeim degi sem beiðnin er lögð fram, nema í þeim tilvikum þar sem lagaákvæði annars aðildarríkis eru hagstæðari.

(*) Stjtíð. EB L 209, 25. 7. 1998, bls. 1.";

12) eftirfarandi komi í stað D-liðar í A-hluta IV. viðauka:

„D. SPÁNN

Löggjöf um örorkutryggingar samkvæmt almenna kerfinu og sérstöku bótakerfunum öðrum en sérstökum bótakerfum fyrir opinbera starfsmenn, herinn og starfsmenn dómsstóla.";

13) VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liður bætist við í hlutanum A. BELGÍA:

„12. Lífeyrisatburðurinn, sem um getur í 1. gr. laga frá 9. mars 1953 þar sem tilteknar breytingar eru gerðar á lífeyri til hermanna og kveðið á um ókeypis læknishjálp og lyf fyrir hermenn sem hljóta örkuml á friðartímum, telst vera vinnuslys eða atvinnusjúkdómur í skilningi 4. kafla III. bálks reglugerðarinnar.";

b) eftirfarandi liður bætist við í hlutanum B. DANMÖRK:

„10. Lögbær yfirvöld geta krafið einstakling sem heyrir undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn, er búsettur í Danmörku og

a) ákvæði 2.–7. þáttar í 1. kafla III. bálks eiga ekki við um, og

b) á ekki rétt á dönskum lífeyri,

um greiðslu vegna kostnaðar við aðstoð í Danmörku að svo miklu leyti sem aðstoðin fellur undir viðkomandi sérstakt bótakerfi og/eða eigið viðbótarlífeyriskerfi. Þetta á einnig við um maka þessa einstaklings og börn hans undir 18 ára aldri.";

c) eftirfarandi liðir bætist við í hlutanum C. ÞÝSKALAND:

„21. a) Ákvæði 2.–7. þáttar í 1. kafla III. bálks taka ekki, að því er aðstoð varðar, til einstaklinga, sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn og einstaklinga sem njóta sömu réttinda, og eru ekki tryggðir samkvæmt lögboðnu sjúkratryggingakerfi.

b) Ef einstaklingur fellur hins vegar undir bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn og er búsettur í aðildarríki þar sem kveðið er á um í löggjöf að:

— réttur til aðstoðar sé ekki háð skilyrðum um tryggingu eða starf, og

— engar lífeyrisgreiðslur skuli inntar af hendi,

skal sjúkrastofnun hans hvetja hann til að tilkynna réttum yfirvöldum í búseturíkinu að hann óski ekki eftir að njóta aðstoðar samkvæmt innlendri löggjöf í búseturíkinu. Vísa má til 17. gr. a í reglugerðinni, ef við á.

22. Þrátt fyrir ákvæði 21. liðar skulu ákvæði 27. gr. reglugerðarinnar taka, að því er aðstoð varðar, til þeirra sem eiga bæði rétt á lífeyri samkvæmt Beamtenversorgungsrecht og lífeyri samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis.

23. Ákvæði 4. kafla taka ekki til þeirra sem eiga rétt á aðstoð frá slysatryggingum fyrir opinbera starfsmenn og einstaklinga sem njóta sömu réttinda.“;

d) í hlutanum D. SPÁNN,

i) komi eftirfarandi í stað 3. liðar:

„3. a) Í öllum spænskum almannatryggingakerfum, nema í bótakerfum fyrir opinbera starfsmenn, herinn og starfsmenn dómsstóla, telst launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem er ekki lengur tryggður samkvæmt spænskri löggjöf, vera tryggður þegar áhættan kemur fram, að því er varðar framkvæmd ákvæða 3. kafla III. bálks reglugerðarinnar, enda sé hann tryggður samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis þegar áhættan kemur fram eða, ef svo er ekki, á rétt á bótum vegna sömu áhættu samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis. Síðara skilyrðinu telst þó fullnægt í því tilviki sem um getur í 1. mgr. 48. gr.

b) Að því er framkvæmd ákvæða 3. kafla III. bálks reglugerðarinnar varðar er tekið tillit til þeirra ára sem starfandi mann vantar upp á til að ná lífeyrisaldri eða lögboðnum eftirlaunaaldri, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 31. gr. í samsteyptum texta laga um þá sem fá lífeyri frá hinu opinbera, sem hluta af þjónustutíma því aðeins að bótaþeginn hafi heyrt undir spænskt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn eða gegni starfi sem veitir sama rétt samkvæmt því bótakerfi, þegar áhættan, sem veitir rétt til lífeyris vegna örorku eða andláts, kemur fram.“;

ii) bætist eftirfarandi liðir við:

„5. Reikna verður tímabil sem er lokið í öðrum aðildarríkjum í sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn, herinn og starfsmenn dómsstóla á sama hátt, að því er varðar 47. gr. reglugerðarinnar, og síðastliðin tímabil opinbers starfsmanns á Spáni.

6. Hugtakið „acto de servicio“ (við störf) vísar í sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn, herinn og starfsmenn dómsstóla til vinnuslysa og atvinnusjúkdóma í skilningi og að því er varðar framkvæmd ákvæða 4. kafla III. bálks reglugerðarinnar.

7. a) Ákvæði 2.–7. þáttar í 1. kafla III. bálks taka ekki, að því er aðstoð varðar, til bótaþega sérstaks bótakerfis fyrir opinbera starfsmenn, herinn og starfsmenn dómsstóla sem heyra undir spænska kerfið „Mutualismo administrativo“.

b) Ef einstaklingur fellur hins vegar undir þessi bótakerfi og er búsettur í aðildarríki þar sem kveðið er á um í löggjöf að:

— réttur til aðstoðar sé ekki háð skilyrðum um tryggingu eða starf, og

— engar lífeyrisgreiðslur skuli inntar af hendi,

skal sjúkrastofnun hans hvetja hann til að tilkynna réttum yfirvöldum í búseturíkinu að hann óski ekki eftir að njóta aðstoðar samkvæmt innlendri löggjöf í búseturíkinu. Vísa má til 17. gr. a í reglugerðinni, ef við á.

8. Þrátt fyrir ákvæði 7. liðar skulu ákvæði 27. gr. reglugerðarinnar taka, að því er aðstoð varðar, til þeirra sem eiga bæði rétt á lífeyri samkvæmt sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn, herinn og starfsmenn dómsstóla og lífeyri samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis.“;

e) eftirfarandi liðir bætist við í hlutanum F. GRIKKLAND:

„7. Ákvæði 2. og 3. kafla í III. bálks reglugerðarinnar skulu gilda á hliðstæðan hátt, að því er varðar opinbera starfsmenn og einstaklinga sem njóta sömu réttinda er hófu störf eigi síðar en 31. desember 1982, ef hlutaðeigandi einstaklingar hafa lokið tryggingatímabilum í öðru aðildarríki innan ramma annaðhvort sérstaks lífeyriskerfis fyrir opinbera starfsmenn eða einstaklinga sem njóta sömu réttinda eða almenns kerfis, að því tilskildu að þeir hafi starfað sem opinberir starfsmenn eða einstaklingar sem njóta sömu réttinda í samræmi við ákvæði grískrar löggjafar.

8. Ef opinberir starfsmenn eða einstaklingar sem njóta sömu réttinda hafa ekki öðlast rétt til lífeyris samkvæmt sérstöku bótakerfi fyrir þá skal beiting ákvæða 2. mgr. 43. gr. a og 2. mgr. 51. gr. a ekki koma í veg fyrir beitingu grískrar löggjafar (lög um lífeyri fyrir almenna borgara og herinn) að því er varðar flutning tryggingatímabila úr sérstöku kerfi fyrir opinbera starfsmenn í almenna tryggingakerfið fyrir launþega gegn greiðslu viðeigandi iðgjalda.“;

f) eftirfarandi liðir bætist við í hlutanum I. LÚXEMBORG:

„5. Grundvöllur útreiknings á lífeyri fyrir opinberan starfsmann, sem heyrir ekki undir löggjöf í Lúxemborg við starfslok, skal vera síðasta launagreiðsla til hans sem opinbers starfsmanns í Lúxemborg og skal hún vera í samræmi við þá löggjöf sem gildir þegar að greiðslu lífeyris kemur.

6. Ef flutningur frá lögboðnu bótakerfi í Lúxemborg til sérstaks bótakerfis fyrir opinbera starfsmenn eða einstaklinga sem njóta sömu réttinda í öðru aðildarríki á sér stað skulu ákvæði löggjafar í Lúxemborg um afturvirkar tryggingar falla niður.

7. Einungis tímabil sem er lokið í Lúxemborg eru viðurkennd samkvæmt lögboðnu bótakerfi í Lúxemborg.“;

g) í hlutanum K. AUSTURRÍKI:

i) komi eftirfarandi í stað 1. liðar:

„1. Að því er beitingu þessarar reglugerðar varðar skal austurrísk löggjöf um flutning tryggingatímabila gegn greiðslu flutningsgjalds gilda áfram þegar breytt er úr almennu kerfi í sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn.“;

ii) bætist eftirfarandi liður við:

„6. Að því er beitingu þessarar reglugerðar varðar skal farið með bætur samkvæmt lögum um vernd hersins (Heeresversorgungsgesetz - HVG) eins og bætur vegna vinnuslyss og atvinnusjúkdóms.“;

h) eftirfarandi komi í stað textans í hlutanum L. PORTÚGAL:

„L. PORTÚGAL

Taka skal tillit til síðustu launagreiðslu frá portúgölskum yfirvöldum við útreikning lífeyris fyrir þá sem heyra undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn og einstaklinga sem njóta sömu réttinda en starfa ekki lengur fyrir þau yfirvöld þegar þeir hætta störfum eða réttur þeirra til lífeyris er ákveðinn.“;

i) eftirfarandi liður bætist við í hlutanum M. FINNLAND:

„5. Hægt er að krefja einstakling sem fellur undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn, er búsettur í Finnlandi og:

a) ákvæði 2.–7. þáttar í 1. kafla III. bálks eiga ekki við um, og

b) á ekki rétt á finnskum lífeyri,

um greiðslu kostnaðar við aðstoð fyrir hann eða aðstandendur hans í Finnlandi ef þau heyra undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn og eigið fyrirkomulag varðandi viðbótarlífeyri.“;

j) eftirfarandi liður bætist við í hlutanum N. SVÍÞJÓÐ:

„5. Hægt er að krefja einstakling sem fellur undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn, er búsettur í Svíþjóð og:

a) ákvæði 2.–7. þáttar í 1. kafla III. bálks eiga ekki við um, og

b) á ekki rétt á sænskum lífeyri,

um greiðslu kostnaðar við læknishjálp í Svíþjóð á þeim kjörum sem útlendingar greiða í samræmi við sænska löggjöf ef læknishjálpin heyrir undir viðkomandi sérstakt bótakerfi og/eða eigið viðbótarlífeyriskerfi. Þetta á einnig við um maka þess einstaklings og börn hans undir 18 ára aldri.“;

2. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 574/72 er breytt sem hér segir:

1) eftirfarandi komi í stað inngangsins í 3. mgr. 8. gr.:

„3. Í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 14. gr. c og 14. gr. f í reglugerðinni, þar sem hlutaðeigandi eða aðstandandi hans á rétt á bótum vegna veikinda eða vegna meðgöngu og fæðingar samkvæmt hvorri tveggja löggjöfinni er um ræðir, skulu eftirfarandi reglur gilda:“;

2) eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 9. gr.:

„3. Þrátt fyrir það sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. um þau tilvik, sem um getur í b-lið 14. gr. c eða 14. gr. f í reglugerðinni, skal réttur til bóta vegna andláts sem áunnist hefur samkvæmt löggjöf viðkomandi aðildarríkja haldast.“;

3) eftirfarandi grein bætist við:

„*12. gr. b*

Reglur sem gilda um einstaklinga sem um getur í 14. gr. e eða 14. gr. f í reglugerðinni

Ákvæði 1., 2., 3. og 4. mgr. 12. gr. a gilda á hliðstæðan hátt um þá sem heyra undir 14. gr. e eða 14. gr. f í reglugerðinni. Í tilvikum sem falla undir 14. gr. f í reglugerðinni skulu stofnanir, sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum tilnefna og hverra löggjöf á við, senda hver annarri tilkynningar um það.“;

4) eftirfarandi komi í stað síðasta málsliðar í a-lið 1. mgr. í 15. gr.:

„Við úthlutun bóta ber framangreindum stofnunum engu að síður, í þeim tilvikum sem um getur í b-lið í 14. gr. c eða 14. gr. f í reglugerðinni, að taka tillit til trygginga- eða búsetutímabila sem skarast og er lokið samkvæmt skyldutryggingakerfi samkvæmt löggjöf viðkomandi aðildarríkja.“;

5) 1. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi bætist við í hlutanum A. BELGÍA:

„3. Ministre des Pensions — Minister van Pensioenen (ráðherra lífeyrismála), Bruxelles.

4. Ministre de la Fonction publique — Minister van Ambtenarenzaken (ráðherra opinberrar þjónustu), Bruxelles.“;

b) eftirfarandi bætist við í hlutanum B. DANMÖRK:

„4. Finansministeren (fjármálaráðherra), København “;

c) eftirfarandi bætist við í hlutanum F. GRIKKLAND:

„6. Υπουργός Οικονομικών, Αθήνα (ráðherra efnahagsmála, Aþenu)“;

d) eftirfarandi bætist við í hlutanum H. ÍTALÍA:

„5. Ministero del tesoro, del bilancio e della programmazione economica (ráðuneyti ríkissjóðs, fjárlaga og fjárhagsáætlana), Roma“;

e) eftirfarandi bætist við í hlutanum I. LÚXEMBORG:

„3. Ministère de la Fonction publique et de la réforme administrative (ráðuneyti opinberrar þjónustu og stjórnsýslulegra umbóta), Luxembourg“;

f) eftirfarandi bætist við í hlutanum K. AUSTURRÍKI:

„3. Að því er varðar sérstök bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn: Bundesminister für Finanzen (fjármálaráðherrann), Wien, eða viðkomandi héraðsstjórn (Landesregierung)“;

g) eftirfarandi bætist við í hlutanum L. PORTÚGAL:

„5. Ministro das Finanças (fjármálaráðherrann), Lisboa

6. Ministro Adjunto e da Administração Interna (ráðherra innanlandsmálefna), Lisboa“;

6) 2. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í hlutanum A. BELGÍA:

i) bætist eftirfarandi við 2. lið:

„f) örorka einstaklinga sem falla undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn:	Administration des pensions du Ministère des Finances ou le service qui gère le régime spécial de pension — Administratie van pensioenen van het Ministerie van Financiën of de dienst die het bijzonder stelsel beheert (stjórn lífeyrismála í fjármálaráðuneytinu eða þjónusta sem annast sérstakt lífeyriskerfi)“;

ii) bætist eftirfarandi við 3. lið:

„e) sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn:	Administration des pensions du Ministère des Finances ou le service qui gère le régime spécial de pension — Administratie van pensioenen van het Ministerie van Financiën of de dienst die het bijzonder stelsel beheert (stjórn lífeyrismála í fjármálaráðuneytinu eða þjónusta sem annast sérstakt lífeyriskerfi)“;

iii) bætist eftirfarandi við 4. lið:

„f) fyrir allan opinbera geirann í Belgíu:	Starfsmannadeild stjórnarinnar sem ræður opinbera starfsmenn
g) fyrir herinn og herþjálfaða lögreglumenn:	Administration des pensions du Ministère des Finances — Administratie van Pensioenen van het Ministerie van Financiën (stjórn lífeyrismála í fjármálaráðuneytinu)“;

iv) bætist eftirfarandi við 5. lið:

„c) fyrir allan opinbera geirann í Belgíu:	Starfsmannadeild stjórnarinnar sem ræður opinbera starfsmenn
d) bótakerfi fyrir herinn og herþjálfaða lögreglumenn:	Administration des pensions du Ministère des Finances — Administratie van Pensioenen van het Ministerie van Financiën (stjórn lífeyrismála í fjármálaráðuneytinu)“;

v) bætist eftirfarandi við b-lið 6. liðar:

„iv) fyrir allan opinbera geirann í Belgíu:	Starfsmannadeild stjórnarinnar sem ræður opinbera starfsmenn
v) fyrir herinn og herþjálfaða lögreglumenn:	Administration des pensions du Ministère des Finances — Administratie van Pensioenen van het Ministerie van Financiën (stjórn lífeyrismála í fjármálaráðuneytinu)“;

vi) bætist eftirfarandi við c-lið 6. liðar:

„iii) fyrir allan opinbera geirann í Belgíu:	Starfsmannadeild stjórnarinnar sem ræður opinbera starfsmenn
iv) fyrir herinn og herþjálfaða lögreglumenn:	Administration des pensions du Ministère des Finances — Administratie van Pensioenen van het Ministerie van Financiën (stjórn lífeyrismála í fjármálaráðuneytinu)“;

vii) bætist eftirfarandi við 6. lið:

„d) til þeirra sem eiga rétt á lífeyri samkvæmt sérstöku bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn:	Administration des pensions du Ministère des Finances ou le service qui gère le régime spécial de pension — Administratie van Pensioenen van het Ministerie van Financiën of de dienst die het bijzonder stelsel beheert (stjórn lífeyrismála í fjármálaráðuneytinu eða þjónusta sem annast sérstakt lífeyriskerfi)“;

b) eftirfarandi breytingar eru gerðar á hlutanum B. DANMÖRK:

i) eftirfarandi bætist við 2. lið **Örorkubætur**:

„c) Lífeyrir sem er veittur samkvæmt löggjöf um lífeyri fyrir opinbera starfsmenn	Finansministeriet, Økonomistyrelsen (fjármálaráðuneytið, fjármála- og stjórnsýsluskrifstofan), København“;

ii) eftirfarandi bætist við 3. lið **Lífeyrir vegna elli og andláts**:

„c) Lífeyrir sem er veittur samkvæmt löggjöf um lífeyri fyrir opinbera starfsmenn	Finansministeriet, Økonomistyrelsen (fjármálaráðuneytið, fjármála- og stjórnsýsluskrifstofan), København“;

c) eftirfarandi breytingar eru gerðar á hlutanum D. SPÁNN:

i) eftirfarandi komi í stað fyrstu línu í 1. lið:

„1. Öll kerfi, önnur en kerfi fyrir sjómenn og kerfi fyrir opinbera starfsmenn, hermenn og starfsmenn dómstóla“

ii) eftirfarandi liðir bætist við:

„4. Sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn

a) Vegna elli, andláts (einnig lífeyris barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra) og örorkulífeyris:	Dirección General de Costes de Personal y Pensiones Públicas – Ministerio de Economía y Hacienda (stjórnardeild vegna starfsmannaútgjalda og lífeyris frá hinu opinbera — efnahags- og fjármálaráðuneytið)
b) Vegna veitingar viðbótarfjárhæða vegna mikillar örorku og fatlaðs barns á framfæri:	Mutualidad General de Funcionarios Civiles del Estado (gagnkvæmur bótatryggingasjóður opinberra starfsmanna), Madrid

5. Sérstakt bótakerfi fyrir hermenn

a) Vegna elli, andláts (einnig lífeyris barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra) og örorkulífeyris:	Dirección General de Personal, Ministerio de Defensa (stjórnardeild vegna starfsmannamála, varnarmálaráðuneytið), Madrid
b) Vegna viðurkenningar lífeyris til hermanna, sem eru ófærir um að gegna herþjónustu, bóta vegna mikillar örorku og fjölskyldubóta vegna fatlaðs barns á framfæri:	Instituto Social de las Fuerzas Armadas (félagsmálastofnun hersins), Madrid
c) Vegna fjölskyldubóta:	Las Delegaciones Provinciales del Ministerio de Defensa (héraðsnefndir varnarmálaráðuneytisins)

6. Sérstakt bótakerfi fyrir starfsmenn dómstóla

Vegna viðurkenningar bóta vegna mikillar örorku og bóta vegna fatlaðs barns á framfæri:	La Mutualidad General Judicial (gagnkvæmur bótatryggingasjóður á vegum dómsstólanna), Madrid“;

d) eftirfarandi breytingar eru gerðar á hlutanum E. FRAKKLAND:

i) eftirfarandi bætist við í lið 3.I.A:

„e) sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn (örorka, elli, vinnuslys og atvinnusjúkdómar)

i) opinberir starfsmenn innan stjórnsýslunnar	Service des pensions du ministère chargé du budget (lífeyrisdeild, ráðuneyti fjárlaga)
ii) opinberir starfsmenn héraðs- og staðaryfirvalda eða sjúkrahúsanna	Caisse de dépôts et consignations (opinberi söfnunarsjóðurinn), Bordeaux centre“;

ii) eftirfarandi bætist við í lið 3.II.A:

„iii) sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn

(örorka, elli, vinnuslys og atvinnusjúkdómar)

aa) opinberir starfsmenn innan stjórnsýslunnar	Service des pensions du ministère chargé du budget (lífeyrisdeild, ráðuneyti fjárlaga)
bb) opinberir starfsmenn héraðs- og staðaryfirvalda eða sjúkrahúsanna	Caisse de dépôts et consignations (opinberi söfnunarsjóðurinn), Bordeaux centre“;

e) eftirfarandi breytingar eru gerðar á hlutanum F. GRIKKLAND:

i) eftirfarandi bætist við í 2. lið:

„iv) Lífeyrisþegar hjá hinu opinbera	Γενικό Λογιστήριο του Κράτους (aðalendurskoðunarskrifstofan, Aþenu)“;

ii) eftirfarandi bætist við í 3 lið:

„iv) Lífeyrisþegar hjá hinu opinbera	Γενικό Λογιστήριο του Κράτους (aðalendurskoðunarskrifstofan, Aþenu)“;

iii) eftirfarandi bætist við í 5. lið:

„iv) Til opinberra starfsmanna og einstaklinga sem njóta sömu réttinda	Γενικό Λογιστήριο του Κράτους (aðalendurskoðunarskrifstofan, Aþenu), eða tryggingastofnun sem hlutaðeigandi einstaklingur er eða var tryggður hjá“;

f) eftirfarandi breytingar eru gerðar á hlutanum H. ÍTALÍA:

„7. **Lífeyrir til opinberra starfsmanna**	INPDAP (Istituto nazionale di previdenza per i dipendenti delle amministrazioni pubbliche) (félagsmálaskrifstofa fyrir starfsmenn í opinberri stjórnsýslu), Roma“;

g) eftirfarandi skal bætt við í 2. lið í hlutanum I. Lúxemborg:

„e) Til sérstakra bótakerfa í opinbera geiranum:	þar til bært yfirvald lífeyrismála“;

h) eftirfarandi breytingar eru gerðar á hlutanum L. PORTÚGAL:

i) eftirfarandi undirtitill bætist við á undan orðunum „**I. Í landinu sjálfu**“:

„A. ALMENNT:“

ii) eftirfarandi texti bætist við:

„B. MEÐ HLIÐSJÓN AF SÉRSTÖKUM BÓTAKERFUM FYRIR OPINBERA STARFSMENN:

1. Veikindi og meðganga og fæðing:

— bætur í peningum	Secretaria-Geral ou equivalente ou o departamento que, em cada organismo, exerça as funções de gestão e administração dos recursos humanos (aðalskrifstofan eða samsvarandi eða deild innan hverrar stofnunar sem hefur umsjón með mannafla)
— aðstoð	Direcção-Geral de Protecção Social dos Funcionários e Agentes da Administracão Publica (ADSE) (stjórnardeild vegna félagslegrar verndar opinberra starfsmanna og annars starfsfólks í opinberri þjónustu), Lisboa

2. Fjölskyldubætur:	Secretaria-Geral ou equivalente ou o departamento que, em cada organismo, exerça as funções de gestão e administração dos recursos humanos (aðalskrifstofan eða samsvarandi eða deild innan hverrar stofnunar sem hefur umsjón með mannafla) eða Caixa Geral de Aposentações (para titulares de pensão), (almenni lífeyrissjóðurinn) (fyrir lífeyrisþega), Lisboa
3. Örorka og elli:	Caixa Geral de Aposentações (almenni lífeyrissjóðurinn), Lisboa
4. Andlát:	
— eftirlifendalífeyrir	Caixa Geral de Aposentações (almenni lífeyrissjóðurinn), Lisboa
— styrkur vegna andláts	Secretaria-Geral ou equivalente ou o departamento que, em cada organismo, exerça as funções de gestão e administração dos recursos humanos (aðalskrifstofan eða samsvarandi eða deild innan hverrar stofnunar sem hefur umsjón með mannafla) eða Caixa Geral de Aposentações (em caso de falecimnto de titulares de pensão), (almenni lífeyrissjóðurinn), (við andlát lífeyrisþega), Lisboa
5. Vinnuslys og atvinnusjúkdómar:	Secretaria-Geral ou equivalente ou o departamento que, em cada organismo, exerça as funções de gestão e administração dos recursos humanos (aðalskrifstofan eða samsvarandi eða deild innan hverrar stofnunar sem hefur umsjón með mannafla) eða Caixa Geral de Aposentações (almenni lífeyrissjóðurinn), Lisboa“;

7) 3. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi breytingar eru gerðar á hlutanum A. BELGÍA:

i) eftirfarandi bætist við í lið I.2:

„f) örorka einstaklinga sem falla undir sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn:	Administration des pensions du Ministère des Finances ou le service qui gère le régime spécial de pension — Administratie van pensioenen van het Ministerie van Financiën of de dienst die het bijzonder stelsel beheert (stjórn lífeyrismála í fjármálaráðuneytinu eða þjónusta sem annast sérstakt lífeyriskerfi)“;

ii) eftirfarandi bætist við í lið I.3:

„e) sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn:	Administration des pensions du Ministère des Finances ou le service qui gère le régime spécial de pension — Administratie van pensioenen van het Ministerie van Financiën of de dienst die het bijzonder stelsel beheert (stjórn lífeyrismála í fjármálaráðuneytinu eða þjónusta sem annast sérstakt lífeyriskerfi)“;

b) eftirfarandi bætist við 2. lið í hlutanum I. LÚXEMBORG:

„e) Til sérstakra bótakerfa í opinbera geiranum:	þar til bært yfirvald lífeyrismála“;

8) 4. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liður bætist við í hlutanum B. DANMÖRK:

„2a. Lífeyrir sem er veittur samkvæmt löggjöf um lífeyri fyrir opinbera starfsmenn	Finansministeriet, Økonomistyrelsen (fjármálaráðuneytið, fjármála- og stjórnsýsluskrifstofan), København ";

b) eftirfarandi breytingar eru gerðar á hlutanum D. SPÁNN:

i) eftirfarandi komi í stað texta í vinstri dálki 1. liðar:

„1. Vegna allra bótakerfa sem tilheyra almannatryggingakerfinu, að bótakerfi sjómanna og bótakerfi opinberra starfsmanna, hersins og starfsmanna dómstóla undanskildum, og vegna allra tilvika að atvinnuleysi undanskildu:";

ii) eftirfarandi liðir bætist við:

„5. **Sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn**	
a) Vegna elli, andláts (einnig lífeyris barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra) og örorkulífeyris:	Dirección General de Costes de Personal y Pensiones Públicas – Ministerio de Economía y Hacienda (stjórnardeild vegna starfsmannaútgjalda og lífeyris frá hinu opinbera)
b) Vegna viðurkenningar viðbótarfjárhæða vegna mikillar örorku og fatlaðs barns á framfæri:	Mutualidad General de Funcionarios Civiles del Estado (gagnkvæmur bótatryggingasjóður opinberra starfsmanna), Madrid
6. **Sérstakt bótakerfi fyrir hermenn**	
a) Vegna elli, andláts (einnig lífeyris barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra) og örorkulífeyris:	Dirección General de Personal, Ministerio de Defensa (almenn starfsmannaskrifstofa, varnarmálaráðuneytið), Madrid
b) Vegna viðurkenningar lífeyris til hermanna, sem eru ófærir um að gegna herþjónustu, bóta vegna mikillar örorku og fjölskyldubóta vegna fatlaðs barns á framfæri:	Instituto Social de las Fuerzas Armadas (félagsmálastofnun hersins), Madrid
c) Vegna fjölskyldubóta:	Dirección General de Personal, Ministerio de Defensa (almenn starfsmannaskrifstofa, varnarmálaráðuneytið), Madrid
7. **Sérstakt bótakerfi fyrir starfsmenn dómsstóla**	
Vegna viðurkenningar bóta vegna mikillar örorku og bóta vegna fatlaðs barns á framfæri:	La Mutualidad General Judicial (gagnkvæmur bótatryggingasjóður á vegum dómsstólanna), Madrid";

c) eftirfarandi liður bætist við í hlutanum F. GRIKKLAND:

„4. Lífeyrisþegar hjá hinu opinbera	Γενικό Λογιστήριο του Κράτους Αοήνα (aðalendurskoðunarskrifstofan, Aþenu)";

d) eftirfarandi liður bætist við í 2. lið I. þáttar í hlutanum I. LÚXEMBORG

„e) Til sérstakra bótakerfa í opinbera geiranum:	þar til bært yfirvald lífeyrismála";

9) 10. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liðir bætist við í hlutanum A. BELGÍA:

„3.b. Við beitingu 14. gr. e og 14. gr. f í reglugerðinni og 12. gr. b í framkvæmdareglugerðinni	Ministère des Affaires Sociales — Ministerie van Sociale Zaken (félagsmálaráðuneytið)
4.a. Við beitingu 17. gr. reglugerðinnar ef um er að ræða sérstakt bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn	Ministère des Affaires Sociales — Ministerie van Sociale Zaken (félagsmálaráðuneytið) og þar til bær stofnun með tilliti til sérstaks bótakerfis fyrir opinbera starfsmenn";

b) eftirfarandi breytingar eru gerðar á hlutanum D. SPÁNN:

i) eftirfarandi komi í stað texta í vinstri dálki 3. liðar:

„3. Við beitingu 38. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.), 85. gr. (2. mgr.) og 86. gr. (2. mgr.) framkvæmdarreglugerðarinnar, nema vegna sjómanna og að því er varðar síðustu tvær greinarnar sem getið er, nema að því er varðar einstaklinga sem heyra undir sérstakt bótakerfi fyrir herinn:";

ii) eftirfarandi liður bætist við:

„7. Við beitingu 2. mgr. 85. gr. og 2. mgr. 86. gr. framkvæmdareglugerðarinnar að því er varðar fjölskyldubætur til einstaklinga í sérstöku bótakerfi fyrir herinn:	La Dirección General de Personal del Ministerio de Defensa (almenn starfsmannaskrifstofa, varnarmálaráðuneytið), Madrid";

c) eftirfarandi bætist við 7. lið a í hlutanum I. LÚXEMBORG:

„v) til sérstakra bótakerfa í opinbera geiranum:	þar til bært yfirvald lífeyrismála";

d) eftirfarandi komi í stað 1. liðar í hlutanum K. AUSTURRÍKI:

„1. Við beitingu 14. gr. (b-liður 1. mgr.), 14. gr. a (b-liður 1. mgr.) og 17. gr. reglugerðarinnar:	Bundesminister für Arbeit, Gesundheit und Soziales (sambandsráðherra atvinnu-, heilbrigðis- og félagsmála), Wien, með samkomulagi við Bundesminister für Umwelt, Jugend und Familie (ráðuneyti umhverfis-, æskulýðs- og fjölskyldumála); einnig verður að vera samkomulag við viðkomandi opinberan vinnuveitanda að því er varðar sérstök bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn.";

e) eftirfarandi breytingar eru gerðar á hlutanum L. PORTÚGAL:

i) eftirfarandi undirtitill bætist við á undan orðunum „**I. Í landinu sjálfu**":

„A. ALMENNT:"

ii) eftirfarandi texti bætist við:

„B. MEÐ HLIÐSJÓN AF SÉRSTÖKUM BÓTAKERFUM FYRIR OPINBERA STARFSMENN:

1. Við beitingu 17. gr. reglugerðarinnar:	Departamento de Relações Internacionais de Seguranca Social (ráðuneyti alþjóðatengsla vegna félagslegs öryggis), Lisboa
2. Við beitingu 1. mgr. 11. gr. og 11. gr. a í framkvæmdareglugerðinni:	Secretaria-Geral ou equivalente ou o departamento que exerça as funções de gestão dos recursos humanos no organismo a que está vinculado o funcionário destacado (aðalskrifstofa eða samsvarandi eða deild innan stofnunar, sem útsendur opinber starfsmaður tengist, er hefur umsjón með mannafla)
3. Við beitingu 12. gr. a í framkvæmdareglugerðinni:	Secretaria-Geral ou equivalente ou o departamento que exerça as funções de gestão dos recursos humanos no organismo a que o funcionário está vinculado (aðalskrifstofa eða samsvarandi eða deild innan stofnunar, sem útsendur opinber starfsmaður tengist, er hefur umsjón með mannafla)

4. Við beitingu 2. og 3. mgr. 13. gr. framkvæmdareglugerðinnar:	Departamento de Relações Internacionais de Seguranca Social (ráðuneyti alþjóðatengsla vegna félagslegs öryggis), Lisboa
5. Við beitingu 3. mgr. 14. gr. framkvæmdareglugerðinnar:	Secretaria-Geral ou equivalente ou o departamento que exerça as funções de gestão dos recursos humanos no organismo a que o funcionário está vinculado (aðalskrifstofa eða samsvarandi eða deild innan stofnunar, sem útsendur opinber starfsmaður tengist, er hefur umsjón með mannafla)
6. Við beitingu 28. gr. (1. mgr.), 29. gr. (2. og 5. mgr.), 30. gr. (1. og 3. mgr.) og 31. gr. (annar málsliður 1. mgr.) framkvæmdareglugerðinnar (að því er varðar afhendingu vottorða):	Direcção-Geral de Protecção social dos Funcionários e Agentes da Administracáo Publica (ADSE) (stjórnardeild vegna félagslegrar verndar opinberra starfsmanna og annars starfsfólks í opinberri þjónustu), Lisboa
7. Við beitingu 25. gr. (2. mgr.), 38. gr. (1. mgr.), 70. gr. (1. mgr.) og 86. gr. (2. mgr.) framkvæmdareglugerðarinnar:	Autoridade administrativa do lugar de residência dos familiares (stjórnvald á búsetustað aðstandenda)
8. Við beitingu 17. gr. (6. og 7. mgr.), 18. gr. (3. og 6. mgr.), 20. gr., 21. gr. (1. mgr.), 22. gr., 31. gr. (fyrsti málsliður 1. mgr.) og 34. gr. (1. og fyrsta undirgrein 2. mgr.) framkvæmdareglugerðarinnar (að því er varðar stofnun á búsetustað eða stofnun á dvalarstað, eftir því sem við á):	Administração Regional de Saúde do lugar de residência ou de estada do interessado (heilbrigðisyfirvald héraðsins á búsetu- eða dvalarstað hlutaðeigandi einstaklings)
9. Við beitingu 2. mgr. 85. gr. framkvæmdareglugerðarinnar:	Secretaria-Geral ou equivalente ou o departamento do último organismo a que o interessado esteve vinculado, que exerça as funções de gestão e administração dos recursos humanos (aðalskrifstofan eða samsvarandi eða deild innan síðustu stofnunar sem hlutaðeigandi einstaklingur tengist, sem hefur umsjón með mannafla)
10. Við beitingu 2. mgr. 102. gr. framkvæmdareglugerðarinnar:	Departamento de Relações Internacionais de Seguranca Social (ráðuneyti alþjóðatengsla vegna félagslegs öryggis), Lisboa“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 25. október 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 29. júní 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

R. COOK

forseti.

2001/EES/20/08

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 8/2000

frá 4. febrúar 2000

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/1999 frá 25. júní 1999(1).

2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna(2) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **399 R 0307**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 (Stjtíð. EB L 38, 12.2.1999, bls. 1)."

2. Eftirfarandi liður bætist við í aðlögunarlið t), yfirskrift „P. ÍSLAND":

„3. Einstaklingar, sem eru tryggðir á Íslandi og eru í þjóðskrá, hafa þar fasta búsetu og hefja nám í öðru ríki, sem reglugerð þessi gildir um, eru tryggðir samkvæmt íslenska almannatryggingakerfinu. Trygging námsmanns er óháð námstíma. Flytji námsmaður fast aðsetur sitt frá Íslandi til annars ríkis, sem reglugerð þessi gildir um, eða stundi þar starf með virkum hætti, er trygging hans afturkölluð."

3. Eftirfarandi liður bætist við í aðlögunarlið t), yfirskrift „R. NOREGUR":

„4. Einstaklingar, sem eru tryggðir í Noregi og reglugerð þessi gildir um, þiggja lán eða námsstyrk úr Menntunarlánasjóði ríkisins (Statens lånekasse for utdanning) og hefja nám í öðru ríki, sem reglugerð þessi gildir um, eru tryggðir samkvæmt norska almannatryggingakerfinu. Að því er varðar nám í Danmörku, Finnlandi, Íslandi og Svíþjóð skal hlutaðeigandi námsmaður einnig vera skráður í norsku þjóðskrána. Trygging námsmanns er óháð námstíma. Stundi námsmaður starf með virkum hætti í öðru ríki, sem reglugerð þessi gildir um, er trygging hans afturkölluð."

(1) Stjtíð. EB L 296, 23.11.2000, bls. 37 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 62.

(2) Stjtíð. EB L 38, 12.2.1999, bls. 1.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) VI. viðauka við samninginn:

„– **399 R 0307**: reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 (Stjtíð. EB L 38, 12.2.1999, bls. 1).“

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 307/1999 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 5. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 4. febrúar 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 307/1999

frá 8. febrúar 1999

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 51. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]), sem er lögð fram að höfðu samráði við framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í c-lið 3. gr. í sáttmálanum er mælt fyrir um að í starfsemi bandalagsins felist, samkvæmt sáttmálanum, afnám hindrana á frjálsum fólksflutningum milli aðildarríkjanna.

2) Í 7. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að innri markaðurinn skuli ná til svæðis án innri landamæra þar sem tryggðir eru, samkvæmt ákvæðum sáttmálans, frjálsir vöruflutningar, frjálsir fólksflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar.

3) Með það að markmiði að tryggja rétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til frjálsrar farar og afnema þær hindranir sem sköpuðust á sviði almannatrygginga ef aðeins innlendum lögum er beitt samþykkti ráðið, á grundvelli 51. og 235. gr. sáttmálans, reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja ([4]) og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ([5]).

4) Enn fremur er rétt að rýmka gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 þannig að hún nái í meginatriðum til sérstakra bótakerfa fyrir námsmenn.

5) Námsmenn, sem flytjast milli aðildarríkja, njóta ekki nægilegrar verndar á sviði almannatrygginga ef aðeins innlendum lögum er beitt. Til að rétturinn til frjálsrar farar komi til framkvæmda að fullu er nauðsynlegt að samræma þau almannatryggingakerfi sem þeir heyra undir.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtíð. EB L 38, 12.2.1999, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2000 frá 4. febrúar 2000 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

([1]) Stjtíð. EB C 46, 20. 2. 1992, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 94, 13. 4. 1992, bls. 326.
([3]) Stjtíð. EB C 98, 21. 4. 1992, bls. 4.
([4]) Stjtíð. EB L 149, 5. 7. 1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1606/98 (Stjtíð. EB L 209, 25. 7. 1998, bls. 1).
([5]) Stjtíð. EB L 74, 27. 3. 1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðasst breytt með reglugerð (EB) nr. 1606/98 (Stjtíð. EB L 209, 25. 7. 1998, bls. 1).

6) Til að gæta sanngirni er rétt að láta sérreglur, er gilda um launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga, einnig taka til námsmanna. Til einföldunar og glöggvunar er rétt að bæta þessum ákvæðum við þau ákvæði sem gilda þegar um launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga og aðstandendur þeirra.

7) Aðlaga ber reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 eftir því sem ástæða er til og láta ákvæði þeirra taka til námsmanna sem flytjast milli aðildarríkja, að teknu tilliti til sérstöðu þeirra, sérkenna þeirra kerfa þar sem þeir njóta tryggingar og þeirra bóta sem þeir eiga rétt á.

8) Þótt ekki hafi verið unnt að setja reglur um hvaða löggjöf skuli gilda um námsmenn vegna sérstöðu þeirra er engu að síður æskilegt að koma, eftir því sem unnt er, í veg fyrir að þeir séu látnir greiða tvöföld iðgjöld eða njóti tvöfalds bótaréttar.

9) Nauðsynlegt er að aðlaga VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 í kjölfar aðlögunar á meginmáli hennar.

10) Á grundvelli þeirrar sérstöðu Lúxemborgar að tryggja öllum námsmönnum við nám erlendis rétt til heilsugæslu er réttlætanlegt að veita þeim sjálfkrafa undanþágu frá aðild að sjúkratryggingakerfum í námslandi sínu.

11) Vegna sérstöðu námsmanna hefur ekki reynst unnt að koma á heildstæðu samræmingarkerfi varðandi rétt námsmanna til almannatrygginga innan bandalagsins, einkum að því er varðar örorkubætur. Almannatryggingabætur, sem standa námsmönnum til boða í aðildarríkjunum, eru afar misjafnar, einkum að því er varðar sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur sem eiga að greiða niður viðbótarkostnað við umönnun og hreyfimál fatlaðra. Dómstóll Evrópubandalaganna hefur viðurkennt að hinar nákvæmu reglur um veitingu tiltekinna bóta tengjast náið tilteknum efnahagslegum og félagslegum aðstæðum. Af þeim sökum er réttlætanlegt að heimila takmarkaðar undanþágur frá reglum um samræmingu tímabila í 2. mgr. 10. gr. a í reglugerð (EBE) nr. 1408/71.

12) Í sáttmálanum er ekki að finna þær heimildir sem eru nauðsynlegar til að gera viðeigandi ráðstafanir á sviði almannatrygginga fyrir námsmenn og af þeim sökum er réttlætanlegt að styðjast við 235. gr. auk 51. gr.

13) Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um skilyrði sem mælt er fyrir um í tilskipun 93/96/EBE ([1]) um búseturétt námsmanna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 1408/71:

1. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liður bætist við á eftir c-lið:

„ca) „námsmaður": einstaklingur, annar en launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur eða aðstandandi hans eða eftirlifandi í skilningi þessarar reglugerðar sem er við almennt nám eða starfsnám er lýkur með útgáfu vottorðs um menntun og hæfi sem yfirvöld aðildarríkis viðurkenna og er tryggður samkvæmt almannatryggingakerfi eða sérstöku tryggingakerfi fyrir námsmenn;"

([1]) Stjtíð. EB L 317, 18. 12. 1993, bls. 59.

b) í stað orðanna „launþeginn eða hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur“ í i-lið f-liðar og orðanna „launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklings“ í ii-lið f-liðar komi „launþeginn, hinn sjálfstætt starfandi einstaklingur eða námsmaður“ og „launþega, sjálfstætt starfandi einstaklings eða námsmanns“;

2. eftirfarandi komi í stað 2. gr.:

„2. gr.

Tryggðir einstaklingar

1. Reglugerð þessi gildir um launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga og um námsmenn sem heyra undir eða hafa heyrt undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja og eru ríkisborgarar eins aðildarríkis eða eru ríkisfangslausir eða flóttamenn búsettir í einhverju aðildarríkjanna auk aðstandenda þeirra og eftirlifenda.

2. Reglugerð þessi gildir um eftirlifendur launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga og eftirlifendur námsmanna sem heyrt hafa undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja, óháð þjóðerni þeirra, þar sem eftirlifendur þeirra eru ríkisborgarar eins aðildarríkis, ríkisfangslausir eða flóttamenn sem búa í einhverju aðildarríkjanna.“;

3. varðar aðeins þýska textann;

4. orðin „launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga“ í 2. mgr. 10. gr. falli niður;

5. ákvæði 22. gr. c falli niður;

6. eftirfarandi þáttur bætist við í 1. kafla III. bálks:

„5. þáttur a“

Einstaklingar við nám eða starfsnám og aðstandendur þeirra

34. gr. a

Sérákvæði um námsmenn og aðstandendur þeirra

Ákvæði 18. gr., 19. gr., 22. gr. (a- og c-liður 1. mgr., önnur undirgrein 2. mgr. og 3. mgr.), 23. gr., 24. gr. og 6. og 7. þáttar gilda á hliðstæðan hátt um námsmenn og aðstandendur þeirra, eftir því sem við á.

34. gr. b

Sameiginleg ákvæði

Einstaklingur sem um getur í 1. og 3. mgr. 22. gr. og 34. gr. a og dvelur í öðru aðildarríki en lögbæru ríki við almennt nám eða starfsnám, er lýkur með útgáfu vottorðs um menntun og hæfi sem yfirvöld aðildarríkis viðurkenna, og þeir aðstandendur hans, sem dvelja hjá honum, skulu falla undir ákvæði a-liðar 1. mgr. 22. gr. ef upp koma tilvik þar sem bóta er þörf við dvöl á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem hann er við almennt nám eða starfsnám.“;

7. í stað orðanna „hvorki gilda gagnvart launþegum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum né aðstandendum þeirra“ í 3. mgr. 35. gr. komi „ekki gilda gagnvart einstaklingum“;

8. eftirfarandi þáttur bætist við í 4. kafla III. bálks:

„5. þáttur

Námsmenn

63. gr. a

Ákvæði 1. til 4. þáttar gilda á hliðstæðan hátt um námsmenn.“;

9. eftirfarandi grein bætist við:

„66. gr. a

Námsmenn

Ákvæði 64. til 66. gr. gilda á hliðstæðan hátt um námsmenn og aðstandendur þeirra.“;

10. eftirfarandi grein bætist við:

„76. gr. a

Námsmenn

Ákvæði 72. gr. gilda á hliðstæðan hátt um námsmenn.“;

11. eftirfarandi grein bætist við:

„95. gr. d

Bráðabirgðaákvæði vegna námsmanna

1. Þessi reglugerð veitir námsmönnum, aðstandendum þeirra eða eftirlifendum engan bótarétt vegna tímabila fyrir 1. maí 1999.

2. Við ákvörðun á rétti til bóta í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar skal taka tillit til allra tryggingatímabila og, eftir því sem við á, starfstímabila launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga eða búsetutímabila sem er lokið samkvæmt löggjöf aðildarríkis fyrir 1. maí 1999.

3. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. veitir þessi reglugerð jafnvel rétt til bóta vegna tilviks sem kom fram fyrir 1. maí 1999.

4. Allar bætur, sem hafa ekki verið veittar eða felldar niður um tíma vegna þjóðernis eða búsetustaðar hlutaðeigandi einstaklings, skulu greiddar eða greiðslur teknar upp að nýju frá 1. maí 1999, leggi hlutaðeigandi einstaklingur fram beiðni um það, að því tilskildu að réttur sem hefur verið viðurkenndur áður hafi ekki þegar verið bættur með eingreiðslu.

5. Ef beiðnin, sem um getur í 4. mgr., er lögð fram innan tveggja ára frá 1. maí 1999 skulu þau réttindi, sem námsmenn, aðstandendur þeirra eða eftirlifendur ávinna sér samkvæmt þessari reglugerð, gilda frá þeim degi og skal óheimilt að beita lagaákvæðum aðildarríkis um missi eða fyrningu réttinda gagnvart hlutaðeigandi einstaklingum.

6. Ef beiðnin, sem um getur í 4. mgr., er lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá 1. maí 1999 er liðinn gilda þau réttindi, sem hafa ekki þegar tapast eða fyrnst, frá þeim degi sem beiðnin er lögð fram, nema í þeim tilvikum þar sem lagaákvæði aðildarríkis eru hagstæðari.“;

12. eftirfarandi breytingar eru gerðar á VI. viðauka:

a) eftirfarandi liður bætist við í þættinum „D. SPÁNN“:

„9. Viðurkenning bóta í sérstöku spænsku bótakerfi fyrir námsmenn („Seguro Escolar“) byggist ekki á því að trygginga-, starfs- og búsetutímabilum sé lokið eins og þau eru skilgreind í r-, s- og sa-lið 1. gr. reglugerðarinnar. Spænsku stofnanirnar geta því ekki gefið út viðeigandi vottorð er varða söfnun tímabila.

Sérstakt spænskt bótakerfi fyrir námsmenn tekur þó til námsmanna sem eiga ríkisfang í öðrum aðildarríkjum og stunda nám á Spáni, með sömu skilyrðum og eiga við um námsmenn með spænskt ríkisfang.“;

b) eftirfarandi liður bætist við í þættinum „I. LÚXEMBORG“:

„8. Einstaklingar, sem falla undir sjúkratryggingakerfi í Stórhertogadæminu Lúxemborg og stunda nám í öðru aðildarríki, eru undanþegnir kröfu um að skrá sig sem námsmenn í námslandi sínu.“;

c) eftirfarandi liður bætist við í þættinum „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“:

„21. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. a í reglugerðinni um bætur, sem eru ætlaðar sem sérstök vernd fyrir fatlaða, skulu ekki gilda að því er varðar námsmenn, aðstandendur þeirra eða eftirlifendur.“

2. gr.

Í stað 120. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 komi eftirfarandi::

„120. gr.

Einstaklingar við almennt nám eða starfsnám

Ákvæði þessarar reglugerðar, að 10. gr og 10. gr. a frátöldum, skulu gilda á hliðstæðan hátt um námsmenn, eftir því sem við á.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 1999.

Fyrir hönd ráðsins
O. LAFONTAINE
forseti

2001/EES/20/09

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 9/2000

frá 28. janúar 2000

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/1999 frá 25. júní 1999([1]).

2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 frá 29. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 er VIII. viðauka bætt við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71. Að því er varðar samninginn er nauðsynlegt að í VIII. viðauka sé einnig vísað til Íslands, Liechtenstein og Noregs.

4) Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/1999 frá 26. mars 1999([3]) voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi á þátttöku EFTA-ríkjanna í framkvæmdaráði um félagslegt öryggi farandlaunþega, sem um getur í VI. viðauka við samninginn, þannig að tekið er mið af þátttöku EFTA-ríkjanna í tækniráðinu sem starfar í tengslum við framkvæmdaráðið. Uppfæra ber aðlögun á tilteknum sviðum, II. lið, með tilliti til VI. viðauka við samninginn til þess að unnt sé að gera ráð fyrir fyrrnefndri þátttöku.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við á undan aðlögunarliðunum:

„– **399 R 1399**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 frá 29. apríl 1999 (Stjtíð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1).“

2. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarlið u):

„v) Eftirfarandi bætist við VIII. viðauka:

P. ÍSLAND

Engin

Q. LIECHTENSTEIN

Engin

R. NOREGUR

Engin.“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn:

„– **399 R 1399**: reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 frá 29. apríl 1999 (Stjtíð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1).“

3. gr.

Í aðlögun á tilteknum sviðum, II. lið, með tilliti til VI. viðauka við samninginn komi „réttindi þau og skyldur sem endurskoðunar-

([1]) Stjtíð. EB L 296, 23.11.2000, bls. 37 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 62.

([2]) Stjtíð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 266, 19.10.2000, bls.20 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 46, 19.10.2000, bls. 95.

nefndinni og tækniráðinu, sem bæði starfa í tengslum við fyrrnefnt framkvæmdaráð, hefur verið falið" í stað „réttindi þau og skyldur sem endurskoðunarnefndinni, sem starfar í tengslum við fyrrnefnt framkvæmdaráð, hefur verið falið."

4. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1399/1999 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1399/1999

frá 29. apríl 1999

um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 51. og 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]), sem er lögð fram að höfðu samráði við framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Rétt er að gera vissar breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja ([4]) og reglugerð (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja ([5]). Þessar breytingar tengjast breytingum sem aðildarríkin hafa gert á almannatryggingalöggjöf sinni.

2) Beiting 8. kafla varðandi lífeyri fyrir börn, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, hefur í för með sér vandamál varðandi túlkun og framkvæmd og það er þessum einstaklingum í hag að reikna lífeyri þeirra út í samræmi við ákvæði 3. kafla III. bálks fremur en á grundvelli ákvæða 8. kafla.

3) Útreikningur í samræmi við 3. kafla á lífeyri vegna barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, hefur ekki áhrif á þá skuldbindingu að greiða, í samræmi við fordæmi dómstólsins, mismunandi háar fjárhæðir til annarra bóta í 8. kafla.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtíð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2000 frá 28. janúar 2000 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

([1]) Stjtíð. EB C 325, 23.10.1998, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB C 150, 28.5.1999.

([3]) Stjtíð. EB C 101, 13.4.1999, bls. 41.

([4]) Stjtíð. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðin var uppfærð með reglugerð (EB) nr. 118/97 (Stjtíð. EB L 28, 30.1.1997) og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 307/99 (Stjtíð. EB L 38, 12.2.1999).

([5]) Stjtíð. EB L 74, 27.3.1972, bls. 2. Reglugerðin var uppfærð með reglugerð (EB) nr. 118/97 (Stjtíð. EB L 28, 30.1.1997) og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 307/99 (Stjtíð. EB L 38, 12.2.1999).

4) Rétt virðist að breyta þættinum „L. PORTÚGAL“ í viðauka II a í því skyni að taka tillit til breytinga á portúgalskri löggjöf.

5) Rétt er að bæta nýjum lið við þáttinn „G. ÍRLAND“ og nýjum lið við þáttinn „O. BRETLAND“ í VI. viðauka í því skyni að taka tillit til sérstakra forgangsreglna varðandi uppsöfnun réttinda til fjölskyldugreiðslna samkvæmt breskri og írskri löggjöf á grundvelli atvinnustarfsemi á yfirráðasvæði annars þessara tveggja aðildarríkja.

6) Ákvæði í viðaukum við reglugerð (EBE) nr. 574/72 hafa ekki bein áhrif á ákvörðun um réttindi einstaklinga.

7) Leggi hlutaðeigandi aðildarríki, eitt eða fleiri, eða lögbær yfirvöld þeirra fram beiðni um það ætti framkvæmdastjórninni að vera unnt, að fengnu áliti framkvæmdaráðsins, að breyta öllum viðaukum við reglugerð (EBE) nr. 574/72 með samþykkt reglugerðar. Ástæðan fyrir breytingu á þessum viðaukum er beinlínis sú að fella saman í einn bandalagsgerning ákvarðanir viðkomandi aðildarríkja eða lögbærra yfirvalda þeirra.

8) Nauðsynlegt er að breyta þættinum „43. SPÁNN – ÍTALÍA“ í 5. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72

9) Rétt er að breyta þættinum „E. FRAKKLAND“ í 10. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 574/72 í kjölfar stjórnsýslulegrar endurskipulagningar í Frakklandi á umfjöllun um umsóknir um framlengingu tímabils sem útsendur starfsmaður gegnir starfi eða um sérstöku starfi.

10) Til að ná markmiðinu um frjálsa för starfandi fólks með tilliti til almannatrygginga er nauðsynlegt og rétt að breyta reglum um samræmingu innlendra almannatryggingakerfa með lagagerningi bandalagsins sem er bindandi og gildir án frekari lögfestingar í hverju aðildarríki.

11) Þetta er í samræmi við ákvæði 3. mgr. 3. gr. b í sáttmálanum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi komi í stað 3. mgr. 44. gr.:

„3. Þessi kafli gildir hvorki um hækkanir né viðbótargreiðslur á lífeyri vegna barna eða lífeyri vegna barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, sem skal greiða samkvæmt ákvæðum 8. kafla.“

2. eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 78. gr.:

„1. Hugtakið „bætur“ merkir í þessari grein fjölskyldugreiðslur og, eftir því sem við á, viðbótar- eða sérgreiðslur vegna barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra.“;

3. eftirfarandi grein bætist við:

„*78. gr. a*

Farið skal með lífeyri vegna barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, annan en lífeyri sem er greiddur samkvæmt tryggingakerfi vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, sem „bætur" í skilningi 1. mgr. 78. gr. ef hinn látni heyrði undir kerfi sem annast einungis fjölskyldugreiðslur eða viðbótar- eða sérgreiðslur til barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra. Þessi kerfi eru tilgreind í VIII. viðauka.";

4. 79. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað „77. og 78. gr." í 1. og 3. mgr. komi „77. gr., 78. gr. og 78. gr. a";

b) í stað „77. og 78. gr." í 2. mgr. komi „77. gr., 78. gr. og 78. gr. a",

5. 79. gr. a er breytt sem hér segir:

a) í stað „*78. gr.* " 1. mgr. komi „*78. gr. a*";

b) orðin „nema kveðið sé á um annað í 3. mgr. 44. gr." komi á eftir orðunum „8. kafla" í 2. mgr.;

6. eftirfarandi grein bætist við:

„*95. gr. e*

Bráðabirgðaákvæði vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 1399/1999 ([1])

1. Reglugerð (EB) nr. 1399/1999 gildir um réttindi barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, ef það foreldri, sem réttindin eru bundin við, féll frá eftir 1. september 1999.

2. Við ákvörðun á rétti til bóta í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1399/1999 skal taka tillit til allra trygginga- eða búsetutímabila sem er lokið samkvæmt löggjöf aðildarríkis fyrir 1. september 1999.

3. Heimilt er að endurmeta réttindi barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, ef það foreldri, sem réttindin eru bundin við, féll frá fyrir 1. september 1999 og leggi þau fram beiðni um það í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1399/1999.

4. Ef beiðnin, sem um getur í 3. mgr., er lögð fram innan tveggja ára frá 1. september 1999 skulu áunnin réttindi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1399/1999 gilda frá þeim degi og skal óheimilt að beita lagaákvæðum aðildarríkis um missi eða fyrningu réttinda gagnvart hlutaðeigandi einstaklingum.

5. Ef beiðnin, sem um getur í 3. mgr., er lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá 1. september 1999 er liðinn gilda þau réttindi, sem hafa ekki þegar tapast eða fyrnst, frá þeim tíma sem beiðnin er lögð fram, nema í þeim tilvikum þar sem lagaákvæði aðildarríkis eru hagstæðari.

([1]) Stjtíð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1."

7. eftirfarandi bætist við í a-lið í þættinum „C. ÞÝSKALAND“ í I. hluta I. viðauka:

„eða opinberan starfsmann sem fær fyrir störf sín greiðslu sem er að minnsta kosti jafnhá þeim greiðslum sem launþegi fengi úr skyldutryggingum vegna atvinnuleysis;“

8. í stað þáttarins „L. PORTÚGAL“ í II. viðauka a komi eftirfarandi:

„L. PORTÚGAL

a) Iðgjaldsfrjálsar fjölskyldugreiðslur vegna barna og ungs fólks og viðbótargreiðslur vegna fötlunar (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 133-C/97 frá 30. maí 1997).

b) Iðgjaldsfrjálsar greiðslur vegna sérskólasóknar (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 133-C/97 frá 30. maí 1997).

c) Iðgjaldsfrjáls lífeyrir til barna sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980, eins og honum var breytt með lagaúrskurði nr. 133-C/97 frá 30. maí 1997).

d) Iðgjaldsfrjáls elli- og örorkulífeyrir frá hinu opinbera (lagaúrskurður nr. 464/80 frá 13. október 1980).

e) Iðgjaldsfrjálsar greiðslur vegna umönnunar frá hendi þriðja aðila (lagaúrskurður nr. 160/80 frá 27. maí 1980, eins og hinum var breytt með lagaúrskurði nr. 133-C/97 frá 30. maí 1997).

f) Iðgjaldsfrjáls ekknalífeyrir (reglugerðarúrskurður nr. 52/81 frá 11. nóvember 1981.)“;

9. III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað 37. liðar í A-hluta komi eftirfarandi:

„Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 28. apríl 1997.“;

b) í stað 37. liðar í B-hluta komi eftirfarandi:

„Ákvæði 4. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 28. apríl 1997.“;

10. IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi texti bætist við í g-lið 1. liðar í D-hluta:

„og viðbót við barnalífeyri í samræmi við lög um eftirlifendalífeyri frá 17. janúar 1969;“

b) eftirfarandi bætist við í 3. lið í D-hluta:

„Samningur um félagslegt öryggi frá 28. apríl 1997 milli Sambandslýðveldisins Þýskalands og Finnlands.“;

11. VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) orðin „að frátöldum þeim sem látið hafa af störfum vegna aldurs“ í 3. lið þáttarins „C. ÞÝSKALAND“ falli niður;

b) önnur málsgrein í 9. lið í þættinum „D. SPÁNN" verði svohljóðandi:

„Sin embargo, el Régimen Especial de Estudiantes español („Seguro Escolar") se aplicará a aquellos estudiantes que sean nacionales de otros Estados miembros y estén estudiando en España, en las mismas condiciones que los estudiantes de nacionalidad española. (Á aðeins við í spænsku útgáfunni);"

c) eftirfarandi liður bætist við í þættinum „G. ÍRLAND":

„11. Ef aðstandandi fær fjölskyldubætur, sem fást einungis samkvæmt breskri löggjöf eða 73., 74., 77., 78. eða 78. gr. a í reglugerðinni, fellur niður réttur til tekjuauka vegna fjölskyldu (family income supplement), sem fæst einungis samkvæmt írskri löggjöf, fyrir sama tímabil.";

d) eftirfarandi liður bætist við í þættinum „J. HOLLAND":

„7. Beiting II. bálks reglugerðarinnar gagnvart „directeur-grootaandeelhouder" (forstjóra/stórum hluthafa) í hlutafélagi:

hver sá sem stundar sjálfstæða atvinnustarfsemi í Hollandi fyrir hönd hlutafélags, þar sem hann/hún hefur „umtalsverðra hagsmuna" að gæta í skilningi hollenskrar löggjafar (þ.e. ræður yfir hlut sem felur í sér að minnsta kosti 50% atkvæðisréttar), telst vera launþegi að því er ákvæði II. bálks reglugerðarinnar varðar.";

e) eftirfarandi liður bætist við í þættinum „O. BRETLAND":

„21. Ef aðstandandi fær fjölskyldubætur, sem fást einungis samkvæmt írskri löggjöf eða 73., 74., 77., 78. eða 78. gr. a í reglugerðinni, fellur niður réttur til fjölskylduuppbótar (family credit), sem fæst einungis samkvæmt breskri löggjöf, fyrir sama tímabil.":

12. Ákvæði 9. liðar í VII. viðauka falli niður.

13. Við bætist nýr VIII. viðauki sem fylgir þessari reglugerð með fyrirsögninni „KERFI SEM ANNAST EINUNGIS FJÖLSKYLDUGREIÐSLUR EÐA VIÐBÓTAR- EÐA SÉRGREIÐSLUR TIL BARNA SEM HAFA MISST ANNAÐ FORELDRI EÐA BÁÐA FORELDRA".

2. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 574/72 er breytt sem hér segir:

1. fyrirsögn 120. gr. verði svohljóðandi:

„Personas que estudian o cursan formación profesional (á aðeins við í spænsku útgáfunni);"

2. í stað 122. gr. komi eftirfarandi:

„*Article 122*

Sérákvæði um breytingar á viðaukunum

Hægt er að breyta viðaukunum við framkvæmdarreglugerðina með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja eða lögbærra yfirvalda þeirra og að fengnu samhljóða áliti framkvæmdaráðsins.";

3. 2. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í þættinum „B. DANMÖRK“:

i) komi eftirfarandi í stað 1. liðar:

„1. **Veikindi og meðganga og fæðing**

a) aðstoð:

1. Almennt:

Þar til bær amtskommune (svæðisstjórn). Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn og Frederiksberg: staðaryfirvöld. Meðferð á sjúkrahúsi í þessum tveimur sveitarfélögum: Hovedstadens Sygehusfælleskab (samtök sjúkrahúsa í höfuðstaðnum).

2. Sjá ákvæði 4. og 5. þáttar í 1. kafla III. bálks í reglugerðinni og 28. til 30. gr. í framkvæmdareglugerðinni að því er varðar umsækjendur um lífeyri og lífeyrisþega og aðstandendur þeirra sem eru búsettir í öðru aðildarríki:

„Den Sociale Sikringsstyrelse (stjórn almannatrygginga), København“

b) bætur í peningum:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins).

ii) komi eftirfarandi í stað 5. liðar:

„5. Styrkir vegna andláts

a) Tryggðir einstaklingar búsettir í Danmörku:

Yfirvöld í því sveitarfélagi þar sem bótaþeginn er búsettur. Í sveitarfélögunum Kaupmannahöfn, Óðinsvéum, Álaborg og Árósum: Magistraten (stjórn sveitarfélagsins)

b) Bótaþegar búsettir í öðru aðildarríki (sjá 5. kafla í III. bálki reglugerðarinnar og 78. og 79. gr. framkvæmdareglugerðarinnar):

Heilbrigðisráðuneytið, København;“

b) þættinum „C. ÞÝSKALAND“ er breytt sem hér segir:

i) eftirfarandi tveir undirliðir komi í stað textans á eftir orðunum „Ef iðgjöld voru síðast greidd til“ í öðrum undirlið i-liðar í a-lið 2. liðar:

„Landesversicherungsanstalt für das Saarland (héraðstryggingastofnunar Saarlands), Saarbrücken og ef viðkomandi er búsettur í Frakklandi, á Ítalíu í Lúxemborg eða er ríkisborgari þessara landa og búsettur í ríki öðru en aðildarríki:	Landesversicherungsanstalt für das Saarland (héraðstryggingastofnunar Saarlands), Saarbrücken

Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnunar járnbrautanna), Frankfurt am Main:	Bahnversicherungsanstalt (tryggingastofnunar járnbrautanna), Frankfurt am Main“

ii) orðin „þó ekki í Saarlandi“ í fyrsta undirlið í b-lið 2. liðar falli niður;

iii) tvípunktur á eftir orðunum „í Saarlandi“ í annarri undirgrein i-liðar í b-lið 2. liðar falli niður og orðin „ef iðgjald samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis var síðast greitt til lífeyristryggingastofnunar í Frakklandi, á Ítalíu eða í Lúxemborg“ bætist við;

4. eftirfarandi liður bætist við í þættinum „H. ÍTALÍA“ í 4. viðauka:

„3a. Öroku-, elli- og eftirlifendabætur — kerfi fyrir opinbera starfsmenn og þá sem njóta sömu réttinda:	Istituto Nazionale di Previdenza per i Dipendenti delle Amministrazioni Pubbliche (INPDAP), (félagsmálastofnun fyrir opinbera starfsmenn), Roma“;

5. eftirfarandi komi í stað orðsins „Engin“ í liðnum „43. SPÁNN — ÍTALÍA“ í 5. viðauka:

„Samningur um nýjar reglur um úrbætur og einföldun á endurgreiðslu kostnaðar við heilsugæslu frá 21. nóvember 1997 með tilliti til 3. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar (endurgreiðslur kostnaðar við aðstoð vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar) og 93. gr, 94. gr., 95. gr., 100. gr. og 102. gr. (5. mgr.) framkvæmdareglugerðarinnar (reglur um endurgreiðslur bóta vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar og vegna síðbúinna krafna).“;

6. 7. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „D. SPÁNN“:

„D. SPÁNN: Banco Santander, Madrid“;

b) eftirfarandi komi í stað núverandi texta í þættinum „M. FINNLAND“:

„M. FINNLAND: Leonia Pankki Oyj, Helsinki/Leonia bank Abp, Helsingfors.“;

7. eftirfarandi komi í stað 5. liðar í þættinum „E. FRAKKLAND“ í 10. viðauka:

„5. Við beitingu 14. gr. (b-liður 1. liðar), 14. gr. a (b-liður 1. liðar) og 17. gr. reglugerðarinnar:

Centre de sécurité sociale des travailleurs migrants (miðstöð almannatrygginga farandlaunþega), Paris“.

3. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1999.

2. Ákvæði 12. liðar 1. gr. gilda frá 1. janúar 2000.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 29. apríl 1999.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MÜLLER

forseti

VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI

(78. gr. a í reglugerðinni)

KERFI SEM ANNAST EINUNGIS FJÖLSKYLDUGREIÐSLUR EÐA VIÐBÓTAR- EÐA SÉRGREIÐSLUR VEGNA BARNA SEM HAFA MISST ANNAÐ FORELDRI EÐA BÁÐA FORELDRA

A. BELGÍA

a) Fjölskyldugreiðslur sem kveðið er á um í samræmdum lögum um fjölskyldugreiðslur fyrir launþega.

b) Fjölskyldubætur sem kveðið er á um í löggjöf um fjölskyldubætur fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga.

c) Fjölskyldubætur sem eru veittar samkvæmt kerfum fyrir fyrrverandi starfsmenn í Belgísku Kongó og Rúanda-Úrúndí.

B. DANMÖRK

„Sérstakar fjölskyldugreiðslur og almennar fjölskyldugreiðslur og viðbótarfjölskyldugreiðslur sem eru veittar ef forsjáraðilinn sér einn um framfærslu.

Einnig eru veittar bætur til framfærslu allra barna undir 18 ára aldri ef þau eru búsett í Danmörku og ef forsjáraðilinn greiðir fulla skatta samkvæmt dönskum lögum."

C. ÞÝSKALAND

Engin

D. SPÁNN

Engin

E. FRAKKLAND

Öll grunnkerfi almannatrygginga, þó ekki sérkerfi fyrir launþega (embættismenn, opinbera starfsmenn, sjómenn, lögbókendur, starfsmenn EDG-GDF, SNCF og RATP, starfsmenn Óperunnar og Comédie française o.s.frv.) nema kerfi fyrir menn í námuvinnu.

F. GRIKKLAND

Engin

G. ÍRLAND

Barnabætur, (iðgjaldsskyldar) greiðslur til barna, sem hafa misst annað foreldri eða báða foreldra, og hækkun (iðgjaldsskylds) ekknalífeyris og (iðgjaldsskylds) ekklalífeyris vegna barna sem uppfylla skilyrði samkvæmt almannatryggingalögunum (Social Welfare (Consolidation) Act) frá 1993 og lögum um breytingu á þeim.

H. ÍTALÍA

Engin

I. LÚXEMBORG

Engin

J. HOLLAND

Engin

K. AUSTURRÍKI

Engin

L. PORTÚGAL

Engin

M. FINNLAND

Engin

N. SVÍÞJÓÐ

Engin

O. BRETLAND

1. Stóra-Bretland og Norður-Írland

Ákvæði samkvæmt lögum um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Social Security Contributions and Benefits Act) frá 1992 og lögum um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Social Security Contributions and Benefits (Northern Ireland) Act) frá 1992 varðandi barnabætur (þar með taldar hærri fjárhæðir til einstæðra foreldra); greiðslur vegna framfærslu barna til lífeyrisþega og greiðsla til forráðamanns.

2. Gíbraltar

Ákvæði samkvæmt reglum um almannatryggingar (opið bótakerfi til lengri tíma) (Social Security (Open Long-Term Benefits Scheme) Ordinance) frá 1997 og reglum um almannatryggingar (lokað bótakerfi til lengri tíma) (Social Security (Closed Long-Term Benefits Scheme) Ordinance) frá 1996 varðandi hækkun á greiðslum vegna framfærslu barna til lífeyrisþega og greiðsla til forráðamanns."

8. nóvember 2001 Nr. 848

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli, svæði A.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins þann 5. nóvember 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi flugstöðvarsvæðis á Keflavíkurflugvelli, dags. 25. mars 1997 með síðari breytingum. Um er að ræða svæði A, vestan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þar sem gert er ráð fyrir að hafa þjónustustarfsemi í tengslum við flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Breytingin er fólgin í aukningu byggðar og breyttu vegakerfi miðað við núgildandi deiliskipulag. Auk skrifstofuhúsa, hótels og bílaleiga samkvæmt núgildandi deiliskipulagi, er lagt til að hafa á svæðinu stjórnsýsluhús og þjónustu- og atvinnuhús.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 25. mars 1997.

Utanríkisráðuneytinu, 8. nóvember 2001.

F. h. r.

Gunnar Gunnarsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Eyja- og Miklaholtshrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Eyja- og Miklaholtshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

II. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 21.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

12. gr.

Oddviti skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Oddviti skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta hreppsnefndarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum

og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um oddvita né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafn-

aði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða oddvita, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Oddviti, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu

leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum. Hreppsnefnd fer með hlutverk annarra lögboðinna nefnda sem ekki eru taldar upp hér að neðan:

1. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
2. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Einn fulltrúi og annar til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 í skipulags- og byggingarnefnd Snæfellsness og Borgarfjarðarumdæmis.
3. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
4. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar).
5. *Skólanefnd Laugargerðisskóla.* Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
6. *Héraðsnefnd Snæfellinga.* Einn fulltrúi og annar til vara.
7. *Vegasamlag Snæfellinga.* Einn fulltrúi og annar til vara.
8. *Byggðasamlag Laugargerðisskóla.* Tveir fulltrúar og tveir til vara.
9. *Rekstrarnefnd Breiðabliks.* Tveir aðalmenn og einn til vara.
10. *Fulltrúi á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.*

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verk-

efni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

53. gr.

Oddviti hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum hreppsins sem oddviti sér um á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu hreppsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

54. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

55. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

56. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

57. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

58. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 57. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

62. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. október 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

REGLUR

um fjárveitingar úr Kísilgúrsjóði.

1. Heiti og tilgangur.

1.1 Heiti sjóðsins er Kísilgúrsjóður.

1.2 Tilgangur sjóðsins er að fjármagna verkefni sem eru til þess fallin að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.

1.3 Markmið sjóðsins er að efla nýsköpun í atvinnulífinu, einkum á sviði þekkingariðnaðar eða annarrar framsækinnar atvinnustarfsemi sem hefur burði til að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

2. Starfshættir.

2.1 Til að ná framangreindu markmiði er Kísilgúrsjóði heimilt að:

1. Eiga minnihluta í sprotafyrirtækjum, þ.e. fyrirtækjum sem eru á frumstigi nýsköpunar. Um getur verið að ræða tvenns konar fjármögnun:
   - Byrjunarfjármagn eða upphafsfé, að aflokinni vöruþróun og könnun markaða.
   - Fjármagn til vaxtar eða vaxtarfé sem er lagt fram til að útvíkka starfsemi sem þegar hefur náð fótfestu á markaði.

   Í báðum tilfellum skulu ákvarðanir byggja á sjálfstæðu mati stjórnarinnar á traustum viðskiptaáætlunum með viðunandi arðsemi.

   Almennt skal miða við fjármögnun minnihlutaaðildar viðkomandi fjármögnunarstigs. Frá þessu er heimilt að víkja þegar um séstaklega álitlega fjárfestingakosti er að ræða eða þar sem mjög ríkir samfélagslegir hagsmunir eru í húfi. Í slíkum tilfellum má miða við minnihlutaaðild í fyrirtækinu öllu. Gera skal grein fyrir öllum frávikum í fundargerð.

   Ganga skal úr skugga um að þeir sem fjármagna meirihluta séu traustir fjárfestar. Ef eignaraðild verður meiri en 33% skal að öðru jöfnu vera kvöð um stjórnarsetu af hálfu Kísilgúrsjóðs.
2. Veita styrki, m.a. til kaupa á utanaðkomandi tæknilegri ráðgjöf, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana, á móti meirihlutaframlagi annarra. Um er að ræða fjármagn til að þróa vörur, þjónustu eða viðskiptahugmyndir, sem tengjast nauðsynlegri forvinnu t.d. vegna síðari aðkomu framtaksfjárfesta. Slíkir styrkir geta verið bundnir skilyrði um eignaraðild í hinni endanlegu afurð.

3. Stjórnun og framkvæmd.

3.1 Sjóðurinn lýtur forræði iðnaðarráðherra.

3.2 Stjórn Kísilgúrsjóðs ákveður úthlutun úr sjóðnum.

3.3 Rekstur sjóðsins er á ábyrgð stjórnar.

3.4 Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

3.5 Auglýsa skal eftir umsóknum. Umsóknarfrestur vegna vorúthlutunar verður til 1. apríl en að hausti til 1. október ár hvert.

3.6 Sótt skal um stuðning á sérstökum umsóknareyðublöðum. Á umsóknareyðublöðum komi fram hvaða kostnaðarliðir geta notið stuðnings, hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar mats umsókna og hvernig eftirfylgni verður háttað, auk annarra gagna og skilyrða sem umsækjandi þarf að uppfylla.

3.7 Ekki er heimilt að veita rekstrarstyrki eða fjárfestingastyrki.

3.8 Meta skal árangur af starfseminni í lok hvers árs.

4. Umsækjendur.

4.1 Fyrirtæki og einstaklingar geta sótt um stuðning til sjóðsins.

5. Form og upphæð styrkja.

5.1 Styrkur skal ekki vera hærri en 49% af styrkhæfum kostnaði.

5.2 Styrkur er að jafnaði greiddur í samræmi við framvindu, í tveimur eða þremur áföngum.

5.3 Í upphafi hvers starfsárs skal stjórnin ákveða skiptingu fjár á milli fjárfestinga og styrkja.

6. Almenn skilyrði fyrir styrkveitingum.

6.1 Í umsókn skulu m.a. koma fram markmið, aðgerða-, tíma- og kostnaðaráætlun, nýnæmi og áætlanir um sölu og markaðssetningu.

6.2 Skila skal framvinduskýrslu samkvæmt áfangaskiptingu umsækjanda.

6.3 Sé framvinduskýrslu ekki skilað og/eða fram komi að ekki hafi verið unnið samkvæmt áætlun, falla frekari greiðslur til verkefnisins niður.

6.4 Breytist forsendur stuðnings verulega á tímabilinu, svo sem vegna slita á samstarfi, er heimilt að fella frekari greiðslur niður.

6.5 Verði umsækjandi uppvís að röngum upplýsingum eða öðrum atriðum sem ekki eru í samræmi við reglur þessar, er heimilt að krefja viðkomandi aðila um endurgreiðslu.

6.6 Við styrkveitingar skal fara að reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um minni háttar aðstoð „de minimis aid". Umsækjendur skulu greina frá öllum styrkjum sem þeir hafa fengið á síðustu þremur árum. Þeir skulu jafnframt lýsa því yfir að þeir hafi ekki á síðustu þremur árum fengið styrki skv. minni háttar reglunni, sem samtals eru hærri en 100.000 evrur (jafngildi um 9,3 m.kr. í september 2001), að meðtöldum þeim styrk sem sótt er um. Við mat á því hvort framangreindu hámarki er náð, skal einnig reikna styrkígildi aðstoðar, sem veitt er í öðru formi en beinum styrkjum (t.d. lán með hagstæðum kjörum), samkvæmt reglum Eftirlitsstofnunar EFTA. Í þessu sambandi eru þó undanskildir sérstakir styrkir sem aðili hefur fengið samkvæmt styrkjareglum sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt eða ekki andmælt (s.s. rannsóknarstyrkir úr Vísindasjóði og Rannsóknasjóði).

7. Gildistími og lagastoð.

7.1 Reglur þessar eru settar í samræmi við heimild í 2. gr. laga nr. 80/1966, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2001 og eftir ákvæðum reglugerðar nr. 476/2001.

7.2 Reglur þessar gilda frá og með birtingu í Stjórnartíðindum.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. nóvember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 13/2001, um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda á einstaklinga er lauk 31. júlí 2001.

Í stað 29. október 2001 skulu skattstjórar hafa lokið við að úrskurða kærur þann 21. desember 2001 vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 2000 og eigna í lok þess árs.

Reykjavík, 29. október 2001.

F.h. ríkisskattstjóra,

Ingvar J. Rögnvaldsson.

1. nóvember 2001 Nr. 852

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Árlegur aksturs- og ferðakostnaður embætta presta og vegna starfa prófasta er greiddur samkvæmt eftirfarandi flokkun:

I. flokkur, kr. 120 þús. á ári.
Eftirtalin embætti á höfuðborgarsvæðinu:
a. Embætti sóknarpresta og presta með eina sókn og íbúa fleiri en 3000.
b. Embætti sérþjónustupresta.
c. Embætti héraðspresta.

II. flokkur kr. 200 þús. á ári.
Eftirtalin embætti:
a. Embætti sóknarpresta og presta á höfuðborgarsvæðinu með fleiri en eina sókn.
b. Embætti sóknarpresta og presta í þéttbýli eða þar sem stærstur hluti íbúa býr í þéttbýli, með eina eða tvær sóknir.
c. Embætti sóknarpresta í dreifbýli með eina sókn.
d. Embætti sérþjónustupresta sem hafa aðallega þjónustuskyldu á höfuðborgarsvæðinu.
e. Embætti héraðspresta í dreifbýli og víðfeðmi.
f. Enn fremur vegna starfa prófasta að frátöldum þeim sem getið er í þriðja flokki.

III. flokkur kr. 300 þús. á ári.
Eftirtalin embætti:
a. Embætti sóknarpresta og presta í dreifbýli með tvær sóknir eða fleiri.
b. Embætti sérþjónustupresta með fasta þjónustuskyldu um land allt.
c. Embætti presta erlendis.
d. Enn fremur vegna starfa prófasta í víðfeðmum prófastsdæmum.
Biskupsstofa annast um flokkun embætta samkvæmt framangreindu í samráði við Prestafélag Íslands.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra nr. 36/1931, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 141/1998, svo og heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2002.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.

F.h. kirkjuráðs,
Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

Nr. 853 1. nóvember 2001

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um
skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
Stofnuð skal ný sókn, Lindasókn, er myndar nýtt prestakall, Lindaprestakall. Mörk sóknarinnar og prestakallsins eru:
Reykjanesbraut að norðvestan frá mörkum Kópavogs og Garðabæjar norðaustur Reykjanesbraut að mörkum Kópavogs og Reykjavíkur norðnorðvestan Seljahverfis, þaðan eftir mörkum Kópavogs og Reykjavíkur til norðausturs og mörkum Kópavogs og Garðabæjar til suðausturs og suðvesturs.

Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi
Hellnasókn sem nú tilheyrir Ingjaldshólsprestakalli tilheyri Staðastaðarprestakalli.

Húnavatnsprófastsdæmi
Árnesprestakall og Hólmavíkurprestakall sameinast. Heiti hins sameinaða prestakalls verður Hólmavíkurprestakall. Prestssetur: Hólmavík.

Skagafjarðarprófastsdæmi
Úlfsstaðir, sem nú tilheyra Miklabæjarsókn, Miklabæjarprestakalli, tilheyri Silfrastaðasókn, Miklabæjarprestakalli.

Þingeyjarprófastsdæmi
Sauðanessókn, sem tilheyrir Þórshafnarprestakalli, nefnist Þórshafnarsókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 50. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lindaprestakall stofnast 1. júlí 2002. Fram að þeim tíma nýtur Lindasókn þjónustu frá Hjallaprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Sameining Árness- og Hólmavíkurprestakalls öðlast gildi við starfslok sóknarprests í Árnessprestakalli.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

9. nóvember 2001 Nr. 854

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands.

1. gr.

		kr.
Sæðingagjald/skýrsluhald		1.200
Sæðingagjald án skýrsluhalds		1.600
Sæðingagjald án mjólkurinnleggs		4.200
Heimsóknargjald		600
Bókhald - grunngjald fyrir $^1/_2$ ár		6.000
Vinna við bókhald	pr. klst.	2.750
Lambaskoðun	pr. klst.	2.000
Árgjald Betri bú		15.000
Sértækar leiðbeiningar	pr. klst.	2.750
Almennar leiðbeiningar		0

2. gr.

Sæðingagjöld verði innheimt mánaðarlega. Þeir sem sæða allar kýr og kvígur fái unna nautavalsáætlun án aukagjalds. Fyrsta búskaparár verði gjaldfrjálst í verkefninu Betri bú.

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, ásamt síðari breytingum og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir nautgripasæðingar á svæði Búnaðarsambands Vesturlands nr. 568/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 855 9. nóvember 2001

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Austur-Skaftfellinga.

1. gr.

	kr.
Sæðingargjald, aurar/ltr. greiðslumarks	5,75
Rekstrargreining	2.500,00
Rekstraráætlun	2.500,00
Önnur áætlanagerð	2.500,00
Lambaskoðun, pr. klst.	2.000,00
Búrekstrartengd ráðgjöf	0,00

2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða.

1. gr.

Ómskoðun og stigun:		kr.
Fyrir fyrstu 25 kindur		2.250
Fyrir 1-25 kindur til viðbótar	pr. kind	75
Fyrir kindur umfram 50	pr. kind	52

2. gr.

Ýmiss konar áætlanagerð, svo sem vegna reksturs, áburðarnotkunar o.fl. svo og fyrir aðra sérhæfða vinnu fyrir einstaklinga samkvæmt ósk þeirra (innifalið matsgerðir, umsóknir og vottorð) er pr. klst. kr. 2.500

Félagar í búnaðarfélögum njóti afsláttar sem nemur árgjaldi þeirra til B.S.V. (af samanlögðum verkefnum ársins).

3. gr.

	kr.
Gjald fyrir venjulegt sæði	2.100
Fyrir sæði úr holdanautum	2.700
Þar sem ekki er mjólkurframleiðsla greiðist:	
Fyrir venjulegt sæði	4.100
Fyrir sæði úr holdanautum	4.700

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða nr. 788/2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

1. nóvember 2001 Nr. 857

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Sóknarnefnd sér til þess að bókhald sé fært í samræmi við lög og noti samræmt reikningsform við uppsetningu ársreiknings, sem kirkjuráð leggur til.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 55. og 57. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003 og skulu gilda um ársreikninga sókna fyrir hvert það reikningsár sem þá hefst.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

Nr. 858 1. nóvember 2001

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

1. gr.

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 732/1998 orðist svo: Eigi að ráðast í miklar fjárfestingar eins og smíði nýrrar kirkju, safnaðarheimilis eða hljóðfærakaup skal sóknarnefnd greina kirkjuráði skriflega frá áformum sínum um framkvæmdir og fjármögnun.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Gjört í Reykjavík, 1. nóvember 2001.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 1. nóvember 2001.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Stöður bifreiða að austan í Þórunnarstræti 10 metra sitt hvoru megin við gatnamótin Þórunnarstræti/Bjarkarstígur eru bannaðar.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 6. nóvember 2001.

Björn Jósef Arnviðarson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

		kr./klst.
1.	Rannsóknamaður	3.571
2.	Sérfræðingur I	4.707
3.	Sérfræðingur II	6.087
4.	Sérfræðingur III	7.335

2. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að nauðsynleg sé vinna utan dagvinnutíma.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að veita afslátt af útseldri þjónustu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast gildi 1. janúar 2002. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast nr. 13. 3. janúar 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um leigubifreiðar nr. 224/1995, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „23“ í 3. tl. 1. mgr. 5. gr. komi „22“.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1995 um leigubifreiðar, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 8. nóvember 2001.

Sturla Böðvarsson.

Kristín Helga Markúsdóttir.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (IV).

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir sem vísað er til í VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000 frá 28. janúar 2000, nr. 8/2000 frá 4. febrúar 2000 og nr. 9/2000 frá 28. janúar 2000 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn skulu öðlast gildi hér á landi að því leyti sem þær lúta að atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af VI. viðauka samningsins og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 frá 29. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn.
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 575/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/99 frá 29. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

Reglugerðirnar gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000, nr. 8/2000 og nr. 9/2000.

Reglugerðirnar fjalla að hluta til um barnabætur, réttindi úr lífeyrissjóðum og réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í reglugerð frá fjármálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1606/98, nr. 307/1999 og nr. 1399/99 og ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000, nr. 8/2000 og nr. 9/2000, sbr. 1. gr., sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 20, 12. apríl 2001, bls. 95–129, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, nr. 847/2001.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 29. gr. laga, nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, og 35. gr. laga, nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. nóvember 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

31. október 2001 Nr. 863

REGLUR

um framgang kennara, sérfræðinga og fræðimanna við Háskóla Íslands.

1. gr.

Markmið.

Reglur þessar eru rammi um framgangskerfi á grundvelli 38. gr. til 41. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Markmið framgangskerfis Háskóla Íslands er að hvetja akademíska starfsmenn til virkni og árangurs í starfi og auka þannig gæði kennslu og rannsókna innan Háskóla Íslands. Framgangur byggir á faglegu mati á frammistöðu og árangri í rannsóknum, kennslu og stjórnun í þágu Háskóla Íslands.

2. gr.

Framgangur kennara, sérfræðinga og fræðimanna.

Lektor, dósent, sérfræðingur eða fræðimaður getur óskað eftir framgangi í starfi. Rektor getur, án auglýsingar, flutt lektor í dósentsstarf, dósent í prófessorsstarf, sérfræðing í starf fræðimanns og fræðimann í starf vísindamanns, enda liggi fyrir hæfnisdómur dómnefndar.

3. gr.

Umsóknir og meðferð þeirra.

Umsækjandi leggur fram umsókn hjá viðkomandi deild. Deildarforseti, eða nefnd í umboði deildar, metur beiðnir um framgang kennara og sérfræðinga. Þar sem talað er um

deildir/deildarforseta í reglum þessum er eftir því sem við á jafnframt átt við stofnanir/forstöðumenn.

Deildarforseti sendir rektor umsókn ásamt greinargerð deildar. Í greinargerð skal taka afstöðu til þess hvort rannsóknavirkni, kennslustörf, stjórnunarstörf og önnur sambærileg störf í þágu Háskólans nægi að mati deildar til þess að dómnefnd sé skipuð. Ef þurfa þykir getur deildarforseti óskað eftir upplýsingum um mat á fyrri störfum umsækjanda frá stjórnsýslu Háskólans.

Umsókn um framgang skal uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til umsókna um laus störf samkvæmt 2. mgr. 37. gr. reglna Háskólans.

Rektor er heimilt að fela nefnd, sem í eiga sæti formenn kennslumálanefndar og vísindanefndar, ásamt einum fulltrúa sem rektor velur, að meta hvort umsækjandi hafi sinnt starfsskyldum sínum með þeim hætti að til greina komi að skipa dómnefnd.

Teljist umsókn uppfylla öll framangreind skilyrði skipar rektor þriggja manna dómnefnd til að meta hæfi umsækjanda til að flytjast milli starfa og skal þess gætt að bæði karlar og konur sitji í dómnefndum eftir því sem kostur er. Háskólaráð tilnefnir einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan og viðkomandi deild hinn þriðja og skal hann jafnframt vera formaður dómnefndar. Um hæfi dómnefndarmanna, málsmeðferð og störf dómnefnda gilda ákvæði III. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 um dómnefndir.

Senda skal umsækjanda og viðkomandi deildarforseta tilkynningu um það hverjir skipaðir hafa verið í dómnefnd.

Ef fyrir liggur innan við tveggja ára gamalt dómnefndarálit um umsækjanda er rektor heimilt að ákveða hvort þörf sé á að skipa nýja dómnefnd vegna umsóknar um framgang. Skal álit deildar liggja fyrir áður en rektor tekur ákvörðun.

Mat dómnefndar á störfum umsækjanda skal fara eftir 43. gr. reglna Háskólans og reglum deilda ef við á, sbr. 12. gr. laga um Háskóla Íslands, sem staðfestar hafa verið af háskólaráði.

Þegar álit dómnefndar liggur fyrir skal deild taka það til meðferðar í samræmi við reglur hverrar deildar. Skal deild senda tillögu til rektors um hvort veita beri umbeðinn framgang m.a. á grundvelli fyrirliggjandi dómnefndarálits. Ef það er niðurstaða deildar að ekki sé rétt að veita umbeðinn framgang ber henni að rökstyðja þá niðurstöðu sína.

4. gr.

Lágmarksstig fyrir hvern starfsþátt kennara.

1. Miðað er við hefðbundna skiptingu starfsþátta milli rannsókna, kennslu og stjórnunar. Stigin í töflu 1 byggja á stigamatskerfi kjaranefndar og Háskóla Íslands. Að jafnaði skal hluta stiga vegna kennslu vera aflað með leiðbeiningu í meistara- eða doktorsnámi, með útgáfu kennslurita eða -bóka, eða með öðrum hætti í samræmi við 5. mgr. 43. gr. reglna Háskólans.

   Dómnefnd getur við sérstakar aðstæður gert meiri eða minni kröfur ef hún telur ástæðu til. Víki mat dómnefndar verulega frá lágmarksstigum fyrir hvern starfsþátt kennara eða sérfræðinga, sem fram koma í reglum þessum, þarf hún að rökstyðja það enda um frávik frá meginreglu að ræða.

   Mat á störfum við framgang skal, auk reglna þessara, byggja á 43. gr. reglna Háskóla Íslands. Dómnefndum ber að gera meiri kröfur til umsókna um framgang í starf prófessors en umsókna í önnur störf. Umsækjendur um framgang í prófessorsstarf skulu vera virkir í rannsóknum og hafa sýnt verulega hæfni og frumkvæði í vísindastörfum, sbr. reglur um mat á einstökum starfsþáttum. Jafnframt skulu þeir hafa náð góðum árangri í kennslu og hafa verið virkir í stjórnun innan Háskólans.

Tafla 1
Lágmarksstig fyrir hvern starfsþátt kennara.

	Rannsóknir	*Kennsla*	*Stjórnun, þjónusta, annað*	*Mismunur*	*Alls*
Lektor	30	-	-	0	30
Dósent	130	20	-	50	200
Prófessor	270	50	-	80	400

2. Lágmarksstig fyrir sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn. Stigin í töflu 2 byggja á stigamatskerfi kjaranefndar og Háskóla Íslands.

Tafla 2
Lágmarksstig fyrir hvern starfsþátt sérfræðinga og fræðimanna.

	Rannsóknir	*Kennsla*	*Stjórnun, þjónusta, annað*	*Mismunur*	*Alls*
Sérfræðingur	30	-	-	0	30
Fræðimaður	150	-	-	50	200
Vísindamaður	320	-	-	80	400

Dómnefnd er heimilt að nota kennslustig sérfræðings eða fræðimanns til lækkunar rannsóknastiga, lækkunin getur þó aldrei orðið meiri en 20 stig við framgang í fræðimann og 50 stig við framgang í vísindamann, sbr. töflu 1.

5. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 41. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, sbr. 6. mgr. 12. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Reglur þessar öðlast þegar gildi og úr gildi fellur 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 31. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

9. nóvember 2001 Nr. 864

SAMÞYKKT

um B-gatnagerðargjald í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í hreppnum í skipulögðu þéttbýli í sveitarfélaginu þar sem ekki hefur þegar verið lagt á B-gatnagerðargjald og eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð.

2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmál húss eins og það er skráð hjá Fasteignamati ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra húss eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands og verður 3% á gjaldskyldu húsnæði í sveitarfélaginu, sbr. 1. gr.

4. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma er lagning bundins slitlags fer fram.

5. gr.

Gatnagerðargjald skv. 3. gr. gjaldfellur þegar lokið er lagningu bundins slitlags og gangstéttar en dreifa má greiðslum án vaxta í allt að 18 mánuði eftir gjalddaga.

6. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir í öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

Nr. 865 6. nóvember 2001

REGLUGERÐ

um ábyrgðir Jöfnunarsjóðs sókna.

1. gr.

Í Jöfnunarsjóði sókna, sbr. lög nr. 91/1987, er starfrækt sérstök ábyrgðardeild. Heimilt er að veita ábyrgðir öllum þeim aðilum sem styrkhæfir eru samkvæmt þeim lögum.

Yfirlýsing um ábyrgð sjóðsins skal vera undirrituð af öllum kirkjuráðsmönnum.

2. gr.

Jöfnunarsjóður sóknar getur veitt ábyrgðir í heild er nema allt að þriðjungi af árlegum tekjum sjóðsins að viðbættum ferföldum varasjóði ábyrgðardeildar, þó aldrei meira en nemur 2,5 földum árstekjum sjóðsins.

3. gr.

Jöfnunarsjóður tekst einungis á hendur ábyrgð á skuldum í íslenskum krónum samkvæmt skuldabréfum sem tekin eru hjá viðurkenndri lánastofnun eða viðurkenndum lánveitanda. Skilmálum má ekki breyta nema með samþykki kirkjuráðs.

4. gr.

Ábyrgð skal því aðeins veita, að sá er ábyrgðar óskar, þarfnist lánsfjár til framkvæmda, endurbóta á mannvirkjum, til kaupa á búnaði í kirkju eða safnaðarheimili, þ.m.t. hljóðfæri.

Ábyrgð má ekki veita nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a. Lánsþörfina er ekki unnt að uppfylla á almennum markaði án ábyrgðar eða lánskjör eru sérlega óhagstæð. Þetta tekur einnig til skuldbreytinga.
b. Greiðslumat liggur fyrir um að lánþegi geti staðið í skilum með lán sem ábyrgst er af sjóðnum.
c. Umsækjandi fer að starfsreglum kirkjuþings í hvívetna við framkvæmd þess verkefnis sem óskað er ábyrgðar fyrir.

5. gr.

Jöfnunarsjóði er heimilt að taka veð í fasteignum, svo og öðrum eignum, ef ástæða þykir til, til tryggingar þeim ábyrgðum sem ábyrgðardeildin veitir. Kirkjur verða þó ekki veðsettar samkvæmt þessu ákvæði.

6. gr.

Ábyrgðarþegi skal við veitingu ábyrgðar greiða ábyrgðargjald í eitt skipti er nemur 0,5% af höfuðstóli ábyrgðarskuldbindingar. Gjaldið rennur í ábyrgðardeild Jöfnunarsjóðs sókna.

7. gr.

Umsókn um ábyrgð Jöfnunarsjóðs skal send til kirkjuráðs. Henni skulu fylgja eftirtalin gögn:

a. Ítarleg greinargerð um það verkefni, sem verja á lánsfénu til, ásamt rekstraráætlun þess aðila er óskar ábyrgðar.
b. Veðbókarvottorð um þær eignir er veðsetja skal, svo og önnur skjöl um eignarheimildir.
c. Gögn um stöðu veðskulda og annarra skulda.
d. Ársreikningar fyrir að minnsta kosti tvö næstliðin ár. Skulu þeir vera í því formi og með þeim skýringum og gögnum er sjóðurinn kann að krefjast.
e. Gögn um vátryggingar eigna umsækjanda.
f. Önnur gögn sem kirkjuráð kann að óska eftir.

8. gr.

Jöfnunarsjóður skal halda afskriftarreikning vegna veittra ábyrgða og skal hann á hverjum tíma gefa raunhæfa mynd af áætluðum afskriftum allra ábyrgða sjóðsins.

Varasjóður ábyrgðardeildar skal hið minnsta nema 1/4 af heildarábyrgðum deildarinnar umfram 1/3 af tekjum sjóðsins, þó eigi minna en nemur áætluðum afskriftum.

9. gr.

Kirkjuráð skal fylgjast með rekstri þeirra aðila sem Jöfnunarsjóður hefur gengist í ábyrgð fyrir. Ábyrgðarþegar skulu láta í té ársreikninga ásamt skýrslum, bókhaldsgögnum og skýringum, er kirkjuráð telur nauðsynlegt vegna eftirlits síns.

10. gr.

Jöfnunarsjóður á þess ætíð kost að greiða gjaldfallnar afborganir og vexti, og getur skuldareigandi þá ekki gjaldfellt alla skuldina.

11. gr.

Nú verða vanskil á láni er Jöfnunarsjóður hefur tekið sjálfskuldarábyrgð á og getur þá skuldareigandi krafið sjóðinn beint um greiðslu skuldarinnar og þarf ekki að ganga að öðrum tryggingum vegna hennar.

12. gr.

Nú fellur ábyrgðargreiðsla á Jöfnunarsjóð og getur þá kirkjuráð haldið eftir af andvirði veittra styrkja úr sjóðnum til skuldara, ef því er að skipta, til greiðslu á gjaldfallinni ábyrgð.

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91 29. desember 1987 öðlast gildi 1. janúar 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. nóvember 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Hjalti Zóphóníasson.

Nr. 866 9. nóvember 2001

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar nr. 55 12. janúar 1999.

Stjórn Minningarsjóðs hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 12. janúar 1999:

5. gr. orðist svo:

Sjóðurinn skal vera í vörslu útibússtjóra Sparisjóðs Vestfirðinga á Patreksfirði, sem skal varðveita hann á verðtryggðum sparireikningi í útibúi sparisjóðsins á Patreksfirði á hæstu mögulegu vöxtum slíks reiknings, í dag Bakhjarl – 60 mánaða binding (5 ár).

6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum. Formaður stjórnar skal vera útibússtjóri Sparisjóðs Vestfirðinga á Patreksfirði. Einnig skulu sitja í stjórninni sóknarpresturinn á Patreksfirði og sýslumaðurinn á Patreksfirði.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

F. h. r.

Jón Thors.

Bryndís Helgadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 117 – 2001

14. nóvember 2001 2643 Nr. 867

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001) um aðgerðir til að hindra fjármögnun hryðjuverka.

Með vísan til 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001) frá 28. september 2001 um aðgerðir til að hindra fjármögnun hryðjuverka og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Óheimilt er íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og þeim er á Íslandi dveljast eða hafa þar starfsemi að afla fjár eða annars konar verðmæta í þeim tilgangi að fjármagna hryðjuverkastarfsemi sem er refsiverð samkvæmt ákvæðum XVIII., XXIII. og XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Óheimilt er bæði einstaklingum og lögaðilum að afhenda fjármuni eða annars konar verðmæti sem þeir hafa í vörslum sínum og eru í eigu manna sem hafa framið eða reynt að fremja brot sem um getur í 1. tl., hlutdeildarmanna í slíkum brotum eða manna sem með öðrum hætti hafa stuðlað að slíkum brotum. Hið sama gildir um fjármuni eða annars konar verðmæti lögaðila sem eru í eigu slíkra manna sem og fjármuni og annars konar verðmæti manna sem starfa á þeirra vegum.

3. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum sem starfa á Íslandi er óheimilt að stofna sjóði, sjá um eignaumsýslu eða veita annars konar beina eða óbeina þjónustu í tengslum við fjármuni og annars konar verðmæti í þágu þeirra sem hafa framið eða reynt að fremja brot sem um getur í 1. tl., hlutdeildarmanna í slíkum brotum eða manna sem með öðrum hætti hafa stuðlað að slíkum brotum.

4. Hafi einstaklingur eða lögaðili sem heimild hefur til að veita almenningi fjármálaþjónustu, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1993 um aðgerðir gegn peningaþvætti, ásamt síðari breytingum, grun um viðskipti samkvæmt ákvæðum 1.–3. tl. auglýsingar þessarar ber að tilkynna það ríkislögreglustjóra í samræmi við ákvæði framangreindra laga.

B 191
Gutenberg

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 14. nóvember 2001.

Davíð Oddsson.

Benedikt Ásgeirsson.

Stjórnartíðindi B 117, nr. 867. Útgáfudagur 16. nóvember 2001.

STJÓRNARTÍÐINDI B 118 – 2001

15. nóvember 2001 2645 Nr. 868

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 388/1995, um Kvikmyndaskoðun, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Einn eða tveir fulltrúar sem skipaðir hafa verið af menntamálaráðherra í Kvikmyndaskoðun skulu skoða hverja kvikmynd. Forstöðumaður Kvikmyndaskoðunar metur það í hverju tilviki hvort einn eða tveir skoðunarmenn skoði kvikmynd. Greini skoðunarmenn á um mat á kvikmynd getur forstöðumaður kvatt hinn þriðja til og ræður þá meirihluti skoðunarmanna.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Fyrir skoðun kvikmynda á myndböndum skulu skoðunarbeiðendur greiða gjald í ríkissjóð, kr. 9.300. Gjald þetta greiðist fyrir hverja skoðun og merkingu allt að 150 eintaka af hverri kvikmynd. Gjaldið hækkar sem nemur kr. 2,50 fyrir hvern merkimiða umfram þann fjölda.

Fyrir skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsi skulu skoðunarbeiðendur greiða gjald í ríkissjóð, kr. 18.500. Fari skoðun fram utan venjulegs dagvinnutíma skal greiða eitt og hálft gjald fyrir skoðun og tvöfalt gjald fari skoðun fram að nóttu til eða um helgi.

Fyrir skoðun kvikmynda sem eingöngu eru til sýningar á kvikmyndahátíðum og falla ekki undir 1. og 2. mgr., skulu skoðunarbeiðendur greiða gjald í ríkissjóð, kr. 8.000. Fari skoðun fram utan venjulegs dagvinnutíma skal greiða eitt og hálft gjald fyrir skoðun og tvöfalt gjald fari skoðun fram að nóttu til eða um helgi.

Fjárhæðir skv. 1., 2. og 3. mgr. eru miðaðar við vísitölu neysluverðs í október 2001 (216,3 stig) og taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs í janúar, apríl, júlí og október ár hvert.

Nú hefur kvikmynd, sem dreifa skal til almennings á myndbandi, áður verið skoðuð í kvikmyndahúsi skv. 2. mgr., og þarf þá skoðunarbeiðandi ekki að greiða fyrir skoðun og skráningu kvikmyndarinnar skv. 1. mgr. Í þessum tilvikum er forstöðumanni Kvikmyndaskoðunar heimilt að meta svo að skoðun á kvikmynd í kvikmyndahúsi sé fullnægjandi og eigi þurfi að skoða kvikmynd síðar á myndbandi.

Fyrir endurmat á sýningarhæfni kvikmyndar skv. 3. mgr. 2. gr. skal ekki greiða skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 4. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 15. nóvember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

Nr. 869 16. nóvember 2001

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Kringlan.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, þann 15. ágúst 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kringluna. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hálsahverfi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 26. september 2000, breytingu á deiliskipulagi fyrir Hálsahverfi varðandi lóðina Lyngháls 4. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Spöngin 3-5/eining G.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 2. október 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Spöngina 3-5/einingu G. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Vínalandsleið og Guðríðarstígur, athafnasvæði í Grafarholti.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 31. júlí 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Vínlandsleið og Guðríðarstíg. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hraunbær, lóð C.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 23. október 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Hraunbæ, lóð C (Hraunbær-Bæjarháls-Bæjarbraut). Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 16. nóvember 2001.

Borgarskipulag Reykjavíkur,

Guðný Aðalsteinsdóttir e.u.

STJÓRNARTÍÐINDI B 119 – 2001

12. nóvember 2001 2647 Nr. 870

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Friðriks E. Sigtryggssonar.

1. gr.

Styrktarsjóður Friðriks E. Sigtryggssonar er stofnaður 21. október 2001 af Friðriki Elíasi Sigtryggssyni sem fæddur er 21. október árið 1916 að Ytri-Brekkum í Sauðaneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar Friðriks voru hjónin Sigtryggur Vilhjálmsson og Valgerður Friðriksdóttir, bændur á Ytri-Brekkum. Friðrik á enga lögerfingja.

2. gr.

Stofnfé Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar er:

1. Gjafafé frá Friðriki Sigtryggssyni á stofndegi sjóðsins kr. 2.500.000.
2. Arfur eftir Friðrik E. Sigtryggsson skv. erfðaskrá hans dags. 21. október 2001 sem mælir fyrir um að Styrktarsjóður Friðriks E. Sigtryggssonar skuli erfa allar eigur hans, fastar og lausar, eftir hans dag.

3. gr.

Tilgangur Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar er að styðja starfsemi Barnaspítala Hringsins með gjöfum til tækjakaupa eða á annan hátt, sem best þjónar velferð skjólstæðinga barnadeildarinnar að mati stjórnar sjóðsins hverju sinni.

4. gr.

Stjórn Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar skal skipuð þremur mönnum, einum úr hópi ættmenna Friðriks og eftir hans tilnefningu í fyrsta sinn og skal sá vera formaður stjórnarinnar, einum fulltrúa Kvenfélagsins Hringsins og yfirlækni Barnaspítala Hringsins. Formaður tilnefnir varamann sinn.

5. gr.

Skoðunarmenn eru tveir, annar úr hópi ættmenna Friðriks og eftir hans tilnefningu í fyrsta sinn og hinn tilnefndur af Kvenfélaginu Hringnum. Skoðunarmaður úr hópi ættmanna Friðriks tilnefnir varamann sinn.

6. gr.

Stjórn Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar ber ábyrgð á eignum sjóðsins og ber að ávaxta fjármuni hans með sem tryggustum hætti hjá viðurkenndum peningastofnunum.

7. gr.

Stjórn Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar er heimilt að taka við gjöfum frá öðrum aðilum til styrktar sjóðnum og skulu þær leggjast við stofnfé.

8. gr.

Styrkir úr Styrktarsjóði Friðriks E. Sigtryggssonar mega nema raunávöxtun sjóðsins að frádregnum óhjákvæmilegum rekstrarkostnaði og skal úthlutað árlega eða sjaldnar eftir

ákvörðun stjórnar á afmælisdegi Friðriks, 21. október. Stofnféð skal þannig ávallt haldast óskert og óheimilt er að veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann.

9. gr.

Leiði skipulagsbreytingar til þess að Barnaspítali Hringsins hætti starfsemi eða taki upp óskylda starfsemi skal Styrktarsjóður Friðriks E. Sigtryggssonar styðja starfsemi sem líkust er starfsemi Barnaspítala Hringsins að mati stjórnar sjóðsins.

10. gr.

Verði Styrktarsjóður Friðriks E. Sigtryggssonar lagður niður skulu eignir hans renna til Barnaspítala Hringsins, sjá ennfremur 9. grein.

11. gr.

Ákvæðum þessarar skipulagsskrár má aðeins breyta með samþykki allra stjórnarmanna. Þó má aldrei breyta nafni hans né höfuðtilgangi.

12. gr.

Heimili og varnarþing Styrktarsjóðs Friðriks E. Sigtryggssonar er í Reykjavík.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. nóvember 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 871 13. nóvember 2001

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Við 12. og 13. lið, ensím og örverur, í D-hluta 3. viðauka II. kafla bætist og/eða breytist eftir því sem við á, eftirfarandi:

Við 12. lið D-hluta 3. viðauka, ensím, bætist og/eða breytist eftirfarandi:

Númer	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði
					Virknieiningar á kílógramm heilfóðurs		
4	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa framleiddur með *Aspergillus aculeatus* (CBS 589.94) með virkni að lágmarki: Húðað: 50 FBG/g [3] Vökvi: 120 FBG/ml	Eldiskjúklingar		Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 10 FBG	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 100 FBG	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 20 FBG 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönum), t.d. þær sem innihalda yfir 60% maís.
7	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,4-beta-glúkanasa framleiddir með *Aspergillus niger* (CBS 600,94) með virkni að lágmarki: Húðað: 36 000 FXU[7]/g 15 000 BGU[8]/g Vökvi: 36 000 FXU/g 15 000 BGU/g	Eldiskjúklingar		Endó-1,4-beta-xýlanasi 3 600 FXU Endó-1,4-beta-glúkanasi 1 500 BGU	Endó-1,4-beta-xýlanasi 12 000 FXU Endó-1,4-beta-glúkanasi 5 000 BGU	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 3 600-6 000 FXU endó-1,4-beta-glúkanasi: 1 500-2 500 BGU. 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönum og beta-glúkönum), t.d. þær sem innihalda yfir 35% bygg og 20% hveiti.

		Mjólkurgrísir	Fjórir mánuðir	Endó-1,4-beta-xýlanasi 6 000 FXU Endó-1,4-beta-glúkanasi 2 500 BGU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslutíma og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 6 000 FXU endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500 BGU. 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönum og beta-glúkönum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% bygg og 30% hveiti.
		Eldiskalkúnar		Endó-1,4-beta-xýlanasi 6 000 FXU Endó-1,4-beta-glúkanasi 2 500 BGU	Endó-1,4-beta-xýlanasi 12 000 FXU Endó-1,4-beta-glúkanasi 5 000 BGU	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslutíma og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 6 000 – 12 000 FXU endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500 – 5 000 BGU. 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönum og beta-glúkönum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% hveiti.
		Varphænur		Endó-1,4-beta-xýlanasi 12 000 FXU Endó-1,4-beta-glúkanasi 5 000 BGU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslutíma og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 12 000 FXU endó-1,4-beta-glúkanasi: 5 000 BGU. 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönum og beta-glúkönum), t.d. þær sem innihalda yfir 20% hveiti, 10% bygg og 20% sólblóm.

8	Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta-glúkanasa og endó-1,4-beta-xýlanasa framleiddir með *Aspergillus niger* (CBS 600.94) með virkni að lágmarki: Húðað: 10 000 BGU[9] /g 4 000 FXU[10] /g Vökvi: 20 000 BGU /g 8 000 FXU/g	Eldiskjúklingar		Endó-1,4-beta-glúkanasi 3 000 BGU Endó-1,4-beta-xýlanasi 1 200 FXU	Endó-1,4-beta-glúkanasi 10 000 BGU Endó-1,4-beta-xýlanasi 4 000 FXU	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-glúkanasi: 3 000-10 000 BGU endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 200-4 000 FXU. 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 60% bygg.
			Mjólkurgrísir	Fjórir mánuðir	Endó-1,4-beta-glúkanasi 3 000 BGU Endó-1,4-beta-xýlanasi 1 200 FXU	Endó-1,4-beta-glúkanasi 5 000 BGU Endó-1,4-beta-xýlanasi 2 000 FXU	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-glúkanasi: 3 000 - 5 000 BGU endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 200 - 2 000 FXU. 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% bygg.
			Varphænur		Endó-1,4-beta-glúkanasi 5 000 BGU Endó-1,4-beta-xýlanasi 2 000 FXU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-glúkanasi: 5 000 BGU endó-1,4-beta-xýlanasi: 2 000 FXU. 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 60% bygg.
9	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 270,95) með virkni að lágmarki: Fast form: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 28 000 EXU[11] /g	Varphænur		Endó-1,4-beta-xýlanasi 2 400 EXU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 2 400 – 7 400 EXU 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% hveiti og 30% rúg.

		Vökvi: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 14 000 EXU/ml	Eldiskalkúnar		Endó-1,4-beta-xýlanasi 2 400 EXU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 2 400 – 5 600 EXU 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% hveiti og 30% rúg.
13	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa og endó-1,4-beta-xýlanasa framleiddir með *Trichoderma longibrachiatum* (CBS 357,94) með virkni að lágmarki: Duft: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 8 000 BGU/g [19] Endó-1,4-beta-xýlanasi 11 000 EXU/g [20] Kornað: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 6 000 BGU/g Endó-1,4-beta-xýlanasi 8 250 EXU/g Vökvi: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 2 000 BGU/ml Endó-1,4-beta-xýlanasi 2 750 EXU/ml	Varphænur		Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 600 BGU Endó-1,4-beta-xýlanasi 800 FXU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 600 BGU endó-1,4-beta-xýlanasi: 800 EXU. 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínóxýlönum), t.d. sem innihalda yfir 40% hveiti og 30% bygg.
			Eldiskalkúnar		Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 600 BGU Endó-1,4-beta-xýlanasi 800 FXU		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 600 BGU endó-1,4-beta-xýlanasi: 800 EXU. 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínóxýlönum), t.d. sem innihalda yfir 30% hveiti og 30% rúg.

43	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8. Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6. Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1.	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (IMI SD 135), endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2106) og alfa-amýlasa, framleiddur með *Bacillus amyloiquefaciens* (DSM 9553) með virkni að lágmarki: Endó-1,4-betaxýlanasi: 3 975 U/g [61] Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 125 U/g [58] Alfa-amýlasi: 1 000 U/g [62]	Mjólkurgrísir	4 mánaða	Endó-1,4-beta-xýlanasi 3 975 U Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 125 U Alfa-amýlasi: 1 000 U		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 3 975 U endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 125 U alfa-amýlasi: 1 000 U 3. Til nota í fóðurblöndur sem innihalda kornvöru auðugar af sterkju og öðrum fjölsykrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% hveiti og 20% bygg og 20% rúg.
44	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6. Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8. Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1.	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2105) og alfa-amýlasa, framleiddur með *Bacillus amyloiquefaciens* (DSM 9553) með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 250 U/g [58] Endó-1,4-betaxýlanasi: 400 U/g [61] Alfa-amýlasi: 1 000 U/g [62]	Mjólkurgrísir	4 mánaða	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 250 U Endó-1,4-betaxýlanasi 400 U Alfa-amýlasi: 1 000 U		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heil-fóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 250 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U alfa-amýlasi: 1 000 U 3. Til nota í fóðurblöndur sem innihalda kornvöru auðugar af sterkju og öðrum fjölsykrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 50% bygg.

45	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6. Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8. Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1.	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (IMI SD.135) og alfa-amýlasa, framleiddur með *Bacillus amyloiquefaciens* (DSM 9553) með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 250 U/g [58] Endó-1,4-betaxýlanasi: 400 U/g [61] Alfa-amýlasi: 1 000 U/g [62]	Mjólkurgrísir	4 mánaða	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 250 U Endó-1,4-betaxýlanasi 400 U Alfa-amýlasi: 1 000 U		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 250 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U alfa-amýlasi: 1 000 U 3. Til nota í fóðurblöndur sem innihalda kornvöru auðugar af sterkju og öðrum fjölsykrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 35% bygg.
46	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6. Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8. Fjöl-galaktúronasi EC 3.2.1.15.	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (IMI SD.135) og fjöl-galaktúronasa, framleiddur með *Aspergillus aculeatus* (CBS 589.94) með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 400 U/g [58] Endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U/g [61] Fjöl-galaktúronasi: 50 U/g [63]	Eldissvín		Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 400 U Endó-1,4-beta-xýlanasi 400 U Fjöl-galaktúro-nasi: 50 U		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 400 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U fjöl-galaktúronasi: 50 U 3. Til nota í fóðurblöndur sem innihalda kornvöru auðugar af sterkju og öðrum fjölsykrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% bygg.

47	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6. Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8. Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1. Fjöl-galaktúronasi EC 3.2.1.15.	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (IMI SD.135) og alfa-amýlasa, framleiddur með *Bacillus amyloiquefaciens* (DSM 9553) og fjöl-galaktúronasa, framleiddur með *Aspergillus aculeatus* (CBS 589.94) með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 150 U/g [58] Endó-1,4-betaxýlanasi: 4 000 U/g [61] Alfa-amýlasi: 1 000 U/g [62] Fjöl-galaktúronasi: 25 U/g [63]	Mjólkurgrísir	4 mánaða	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 150 U Endó-1,4-beta-xýlanasi 4 000 U Alfa-amýlasi: 1 000 U Fjöl-galaktúronasi: 25 U		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 150 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 4 000 U alfa-amýlasi: 1 000 U fjöl-galaktúronasi: 25 U 3. Til nota í fóðurblöndur sem innihalda kornvöru auðugar af sterkju og ekki sterkju fjölsykrum (einkum beta-glúkönum og arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 20% bygg og 35% hveiti.
48	Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1. Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6.	Efnablanda af alfa-amýlasa og endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleidd með *Bacillus amyloiquefaciens* (DSM 9553) með virkni að lágmarki: Húðað: Alfa-amýlasi: 200 KNU/g [64] Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 350 FBG/g [3]	Eldis-kjúklingar		Alfa-amýlasi 10 KNU Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 17 FBG	Alfa-amýlasi 40 KNU Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 70 FBG	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: alfa-amýlasi: 20 KNU endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 35 FBG 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% bygg.

		Vökvi: Alfa-amýlasi: 130 KNU/ml Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 225 FBG/ml	Eldiskalkúnar		Alfa-amýlasi 40 KNU Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 70 FBG	Alfa-amýlasi 80 KNU Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 140 FBG	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur fyrir kílógramm heilfóðurs: alfa-amýlasi: 40 KNU endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 70 FBG 3. Til nota í fóðurblöndur auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönum og arabínoxýlönum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% bygg.

3. 1 FBG er magn þess ensíms sem leysir eitt míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 5,0 og 30°C.
7. 1 FXU er magn þess ensíms sem leysir 0,15 míkrómól xýlósa á mínútu úr asúrín-víxltengdu xýlandi við pH 5,0 og 40°C.
8. 1 BGU er magn þess ensíms sem leysir 0,15 míkrómól glúkósa á mínútu úr asúrín-víxltengdu beta-glúkani við pH 5,0 og 40°C.
9. 1 BGU er magn þess ensíms sem leysir 0,15 míkrómól glúkósa á mínútu úr asúrín-víxltengdu beta-glúkani við pH 5,0 og 40°C.
10. 1 FXU er magn þess ensíms sem leysir 0,15 míkrómól xýlósa á mínútu úr asúrín-víxltengdu xýlandi við pH 5,0 og 40°C.
11. 1 EXU er magn þess ensíms sem leysir eitt míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani við pH 3,5 og 55°C.
19. 1 BGU er magn þess ensíms sem leysir 0,278 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 3,5 og 40°C.
20. 1 EXU er magn þess ensíms sem leysir eitt míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani við pH 3,5 og 55°C.
58. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 5,0 og 30°C.
61. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr hafrahismi við pH 5,3 og 50°C.
62. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól af glúkósíð tengingum á mínútu úr vatns óuppleysanlegri víxltengdri sterkjufjölliðu við pH 6,5 og 37°C.
63. 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól af afoxandi efni (galaktúróníksýrujafngilda) á mínútu úr fjöl D-galaktúrónik hvarfefni við pH 5,0 og 40°C.
64. 1 KNU er magn þess ensíms sem leysir 672 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr uppleysanlegri sterkju við pH 5,6 og 37°C.

Við 13. lið, örverur, í D-hluta 3. viðauka bætist eftirfarandi og/eða breytist eftirfarandi:

Númer	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði
					CFU/kg heilfóðurs		
11	*Enterococcus faecium* DSM 5464	Efnablanda *Enterococcus faecium* sem inniheldur að lágmarki: 5×10^{10} CFU/g aukefnis	Eldiskjúklingar		$0,5 \times 10^{9}$	1×10^{9}	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Má nota í fóðurblöndur sem innihalda hin leyfðu hnísilalyf: amprólíum, díklasúríl, halófúginon, metýlbensókat, natríum-mónensín, níkarbasín.
			Kálfar	Fjórir mánuðir	$0,5 \times 10^{10}$	1×10^{9}	Í notkunarleiðbeiningunum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.
15	*Enterococcus faecium* NCIMB 11181	Efnablanda *Enterococcus faecium* sem inniheldur að lágmarki: Duft: 4×10^{11} CFU/g aukefnis Húðað: 5×10^{10} CFU/g aukefnis	Kálfar	Sex mánuðir	5×10^{8}	2×10^{9}	Í notkunarleiðbeiningunum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.
			Mjólkurgrísir	Fjórir mánuðir	5×10^{8}	2×10^{9}	Í notkunarleiðbeiningunum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.
16	*Enterococcus faecium* DSM 7134 *Lactobacillus rhamnosus* DSM 7133	Blanda af: *Enterococcus faecium* sem inniheldur að lágmarki: 7×10^{9} CFU/g og af: *Lactobacillus rhamnosus* sem inniheldur að lágmarki: 3×10^{9} CFU/g	Kálfar	Sex mánuðir	1×10^{9}	6×10^{9}	Í notkunarleiðbeiningunum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.
			Mjólkurgrísir	Fjórir mánuðir	1×10^{9}	5×10^{9}	Í notkunarleiðbeiningunum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.

17	*Lactobacillus casei* NCIMB 30096 *Enterococcus faecium* NCIMB 30098	Blanda af: *Enterococcus faecium* og *Lactobacillus casei* sem inniheldur að lágmarki: *Lactobacillus casei* 20×10^9 CFU/g og *Enterococcus faecium* 6×10^9 CFU/g	Kálfar	Sex mánuðir	*Lactobacillus casei* $0{,}5 \times 10^9$ *Enterococcus faecium* $1{,}5 \times 10^9$	*Lactobacillus casei* 1×10^9 *Enterococcus faecium* 3×10^9	Í notkunarleiðbeiningunum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.
18	*Enterococcus faecium* CECT 4515	Blanda af: *Enterococcus faecium* sem inniheldur að lágmarki: 1×10^{10} CFU/g	Mjólkurgrísir	Fjórir mánuðir	1×10^9	1×10^9	Í notkunarleiðbeiningunum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.
			Kálfar	Sex mánuðir	1×10^9	1×10^9	Í notkunarleiðbeiningunum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.

2. gr.

Við 2. dálk 4. liðar, hníslalyf, í D-hluta 3. viðauka er bætt nöfnum fyrirtækja sem eru ábyrg fyrir dreifingu viðkomandi aukaefna.

EBE-nr.	Nafn og skráningarnúmer einstaklings sem er ábyrgur fyrir markaðssetningu	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing	Dýrategund- eða flokkur	Hámarksaldur	Lágmarksmagn	Hámarksmagn	Önnur ákvæði
						mg/kg heilfóðurs		
E 758	Roche Vitamins Europe Ltd.	Róbenidín hýdróklóríð 66 g/100 kg (Cycostat 66 G)	**Samsetning aukefnis:** Róbenidín hýdróklóríð: 66g/kg Lignósúlfónat: 40 g/kg Kalsíum súlfat dihýdrat: 894 g/kg **Virk efni:** $C_{13}H_{13}Cl_2N_5.HCl$ 1,3-bis[(p-klórbensýlíden)amínó]guanidín hýdróklóríð, CAS númer: 25875-50-7 Skyld óhreinindi: N,N',N''-Tris[(p-klórbensýlíden)amínó] guanidín: ≤ 1% Bis-[4-klórbensýlíden]hýdrasín: ≤ 1%	Kanínur til undaneldis		50	66	Notkun bönnuð a.m.k. fimm dögum fyrir slátrun

E 763	Produits Roche SA	Lasalósíðnatríum A 15 g/100 g (Avatec 15% cc)	**Samsetning aukefnis:** Lasalósíðnatríum A: 15 g/100 g Maískólfmjöl: 80,95 g/100 g Lesitín: 2 g/100 g Sojaolía: 2 g/100 g Járnoxíð: 0,05 g/100 g **Virk efni:** Lasalósíðnatríum A, $C_{34}H_{53}O_8Na$ CAS númer: 25999-20-6, natríumsalt úr 6-[(3R, 4S, 5S, 7R)-7[(2S, 3S, 5S)-5-etýl-5-[(2R, 5R, 6S)-5-etýl-5-hýdroxý-6-metýltetrahýdró-2H-pýran2-ýl]-tetrahýdró-3-metýl-2-fúrýl]-4-hýdroxý-3,5-dímetýl-6-oxónónýl]-2,3-kresótiksýra, framleidd af *Streptomyces lasaliensis* (ATCC 31180) Skyld óhreinindi: Lasalósíðnatríum B-E: ≤ 10%	Kalkúnar	12 vikur	90	125	Eftirfarandi skal tilgreina í notkunarleiðbeiningum: „Þetta fóður inniheldur aukefni úr jónófór-flokknum. Það getur verið óráðlegt að nota það með tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlíni).“ Aðeins hjá kjúklingum og kalkúnum: Notkun bönnuð síðustu 5 dagana fyrir slátrun.

E 764	Hoechst Roussel Vet GmbH	Halófúgínón hýdróbrómíð 6g/kg (Stenorol)	**Samsetning aukefnis:** Halófúgínón hýdróbrómíð: 6 g/kg Gelatín: 13,2 g/kg Sterkja: 19,2 g/kg Sykur: 21,6 g/kg Kalsíumkarbónat: 940 g/kg **Virk efni:** Halófúgínón hýdróbrómíð, $C_{16}H_{17}BrClN_3O_3 \cdot HBr$ dl-trans-7-brómó-6-klór-3-[3-(3-hýdroxý-2-piperídýl]-asetonýl]-kínasólín-4-(3h)-ón-hýdróbrómíð CAS númer: 64924-67-0 Skyld óhreinindi: Cis-ísómer af halófúgínón: < 1,5%	Varphænur	16 vikur	2	3	Notkun bönnuð síðustu 5 dagana fyrir slátrun.
E 766 „26	Hoechst Roussel Vet GmbH	Natríum-salínómýsín 120 g/kg (Sacox 120)	**Samsetning aukefnis:** Natríum-salínómýsín: ≥ 120 g/kg Kísildíoxíð: 10-100 g/kg Kalsíumkarbónat: 350-700 g/kg **Virk efni:** Natríum-salínómýsín, $C_{42}H_{69}O_{11}Na$, CAS númer: 53003-10-4, natríumsalt af mónókarboxýl-sýrufjöletra, framleitt með *Streptomyces albus* (DSM 12217) Skyld óhreinindi: Elaíófýlíninnihald: innan við 42 mg/kg natríum-salínómýsíns 17-epí-20-desoxý-salínómýsíninnihald: innan við 40 mg/kg salínómýsíni	Varphænur Eldiskanínur	12 vikur	30 20	50 25	Notkun bönnuð síðustu 5 dagana fyrir slátrun. Eftirfarandi skal tilgreina í notkunarleiðbeiningum: - „Hættulegt hrossum“ og - „Þetta fóður inniheldur aukefni úr jónófór-flokknum. Það getur verið óráðlegt að nota það með tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlíni).“

E 769	Solvay Pharmaceuticals BV	Nifursól 50 g/100 g (Salfuride 50DF)	**Samsetning aukefnis:** Nifursól: 50 g/100 g Sojabaunaolía: 34 g/100 g Kornsterkja qs 100 g **Virk efni:** Nifursól, $C_{12}H_7N_5O_9$. 3,5-dínítró-N'-(5-nítrófúrfúrýlíden)-salisýlóhýdrasíð CAS númer: 16915-70-1 Lágmarkshreinleiki: ≥ 98,5% í vatnsfirrtu formi. Skyld óhreinindi: 3,5 dínítrósalisýliksýrahýdrasíð: ≤ 0,5% 5-nítró-2-fúrfúralasín	Kalkúnar		50	75	Notkun bönnuð a.m.k. síðustu fimm dagana fyrir slátrun Hámarksmagn ryks sem þyrlast upp við meðhöndlun, eins og ákvarðað er samkvæmt Stauber Heubach-aðferðinni: 0,1 g nifursól
E 770 „28	Roche Vitamins Europe Ltd	Madúramísín-ammoníum alfa 1 g/100 g (Cygro 1%)	**Samsetning aukefnis:** Madúramísín ammoníum alfa: 1g/100 g Bensýlalkóhól: 5 g/100 g Maískólfshrat qs 100g **Virk efni:** Madúramísín ammoníum alfa, $C_{47}H_{83}O_{17}N$, CAS númer: 84878-61-5, ammóníumsalt af pólýeter-mónókarboxýlsýru framleitt af Actinomadura yumaenisis (ATCC 31585) (NRRL 12515) Skyld óhreinindi: Madúramísín ammóníum beta: < 10%	Holdakjúklingar Kalkúnar	16 vikur	5 5	5 5	Notkun bönnuð síðustu 5 dagana fyrir slátrun. Eftirfarandi skal tilgreina í notkunarleiðbeiningum: „Hættulegt hrossum“ „Þetta fóður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það samtímis tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlíni)“

E 771 „27	Janssen Animal Health B.V.B.A.	Díklasúríl 0,5 g/100 g (Clinacox 0,5% forblanda) Díklasúríl 0,2 g/100 g (Clinacox 0,2% forblanda)	**Samsetning aukefnis:** Díklasúríl: 0,5 g/100 g Sojabaunamjöl: 99,25 g/100 g Pólývídón K 30: 0,2 g/100 g Natríumhýdroxýð: 0,0538 g/100 g Díklasúríl: 0,2 g/100 g Sojabaunamjöl: 39,7 g/100 g Pólývídón K 30: 0,08 g/100 g Natríumhýdroxýð: 0,0215 g/100 g Hveitisáldmjöl: 60 g/100 g **Virk efni:** Díklasúríl, $C_{17}H_9Cl_3N_4O_2$, (±)-4-klórfenýl[2,6-díklór-4-(2,3,4,5,-tetróhýdró-3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl)-fenýl]asetónítríl, CAS númer: 101831-37-2 Skyld óhreinindi: Niðurbrot efnasambands (R064318): ≤ 0,2% Önnur skyld óhreinindi (R066891, R066896, R068610, R070156, R068584, R070016): ≤ 0,5% eitt og sér Óhreinindi samtals: ≤ 1,5%	Holdakjúklingar Kalkúnar	 12 vikur	1 1	1 1	Notkun bönnuð síðustu 5 dagana fyrir slátrun
				Varphænur	16 vikur	1	1	

E 772	Eli Lilly and Company Ltd	Narasín 80g/kg Níkarbasín 80g/kg (Maxíban G160)	**Samsetning aukefnis:** Narasín: 80 g virkni/kg Níkarbasín: 80 g/kg Sojabaunaolía eða jarðolía: 10-30 g/kg Vermikúlít: 0-20 g/kg Örsporefni F-Rauð: 11 g/kg Maískólfshrat eða ríshýði qs 1 kg **Virk efni:** a) Narasín, $C_{43}H_{72}O_{11}$ CAS númer: 55134-13-9, (pólýeter mónókarboxýlsýra framleidd af *Streptomyces aureofaciens*) í kyrnaformi, Narasín A virkni: ≥ 85% b) Níkarbasín, $C_{19}H_{18}N_6O_6$ CAS númer: 330-95-0 Efnasamband 1,3 bis (4-nítrófenýl) úrefnis og 4,6- dímetýl pýrímidín-2-ól með jöfnum mólekúlhlutföllum í kyrnaformi Skyld óhreinindi: p-nítróanilín: ≤ 1%	Holdakjúklingar		80	100	Notkun bönnuð síðustu 5 dagana fyrir slátrun. Eftirfarandi skal tilgreina í notkunarleiðbeiningum: - „ hættulegt hrossum“ og - „Þetta fóður inniheldur aukefni úr jónófór-flokknum. Það getur verið óráðlegt að nota það á sama tíma og önnur lyf.“

3. gr.

Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við í 3. dálk, efnaformúla lýsing, 10. liðar D-hluta 3. viðauka hjá aukefnum nr. E 470, E 516, E 551a, E 551b, E 551c, E 552, E 554, E 558, E 561, E 565, E 566, E 598, E 599 og efni nr. 3:

(1) Sé nauðsynlegt að setja reglur um hámarksinnihald af díoxín, áður en nauðsynleg gögn varðandi díoxín liggja fyrir, skal það vera 500 pg WHO-PCCD/F-TEQ/kg.

Hjá aukefni nr. E 559 bætist við eftirfarandi neðanmálsgrein í 3. dálk:

(2) Díoxín innihald reiknast sem summa fjölklór dóbensó-para-díoxín (PCDD) og fjölklór díbensó-furana (PCDF) ákvarðað sem eiturefnajafngildi WHO, samkvæmt eiturefnaviðmiðun WHO frá 1997 (WHOTEF).

Magnið skal tilgreint sem efri greiningamörk (efri styrkleikamörk) þ.e. gera skal ráð fyrir að öll gildi hinna ýmsu skyldu efna, sem eru undir greiningamörkum, séu jöfn greiningamörkum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum og með hliðsjón af gerðum Evrópusambandsins nr. 2293/1999/EB, 2430/1999/EB, 2439/1999/EB, 2562/1999/EB, 2690/1999/EB, 654/2000/EB og 739/2000/EB og tekur gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

16. nóvember 2001 Nr. 872

AUGLÝSING

um útgáfu skoðunarhandbókar um skráningu og búnað ökutækja sem flytja hættulegan farm.

Með vísun til 2. mgr. 16. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998, og reglugerðar um flutning á hættulegum farmi, nr. 984 27. desember 2000, hefur ráðuneytið gefið út skoðunarhandbók er greinir nánar frá hver skuli vera framkvæmd skoðunar og skráningar ökutækja sem flytja hættulegan farm.

Hinar nýju skoðunarreglur taka gildi 1. desember 2001. Jafnframt fellur úr gildi skoðunarhandbók sem gefin var út á árinu 1999, sbr. auglýsingu nr. 494 14. júlí 1999.

Ráðuneytið hefur falið Skráningarstofunni hf. að annast dreifingu bókarinnar til faggiltra skoðunarstöðva.

Þetta tilkynnist hér með.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. nóvember 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.

1. ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.
I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til lánveitinga Íbúðalánasjóðs skv. VIII. kafla laga, nr. 44/1998, um húsnæðismál sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu, sbr. 3. tölul. 15. gr. sömu laga.

Sveitarfélög, félög og félagasamtök ráðstafa leiguíbúðum skv. 1. mgr. til einstaklinga er búa við erfiðar aðstæður og þurfa aðstoð við öflun íbúðarhúsnæðis.

Um stofnun og starfsemi húsnæðissamvinnufélaga fer eftir lögum um húsnæðissamvinnufélög. Reglugerð þessi tekur einnig til húsnæðissamvinnufélaga eftir því sem við getur átt og nánar er ákveðið í einstökum ákvæðum.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

1. *Leiguíbúð* merkir íbúðarhúsnæði þar sem fyrir hendi er venjuleg og fullnægjandi heimilisaðstaða, eldhús, baðherbergi og salerni, enda séu rými tengd innbyrðis þannig að ekki þurfi að fara um sameign á milli þeirra. Auk þess viðeigandi geymslurými, þvottaherbergi eða aðgangur að því í sameign.
2. *Félög og félagasamtök* eru þeir aðilar nefndir er hafa að markmiði að koma á fót og reka íbúðarhúsnæði og hlotið hafa staðfestingu félagsmálaráðherra á samþykktum sínum.
3. *Framkvæmdaraðilar* eru sveitarfélög, félög og félagasamtök einu nafni nefnd sem byggja eða kaupa og ráðstafa leiguhúsnæði.

2. ÞÁTTUR
Framkvæmdaraðilar.
II. KAFLI
Sveitarfélög.

3. gr.

Umsjón og eftirlit með framkvæmdum.

Sveitarstjórn ákveður í samræmi við ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og sveitarstjórnarlaga, hvernig hagað skuli verkaskiptingu félagsmálanefndar og húsnæðisnefndar við umsjón og eftirlit með framkvæmdum og kaupum á leiguíbúðum, milligöngu um töku lána og ráðstöfun leiguíbúða.

Sveitarstjórn getur falið húsnæðisnefnd eða félagsmálanefnd að annast bókhald, sjóðsgreiðslur og uppgjör byggingarkostnaðar vegna þeirra leiguíbúða, sem nefndirnar hafa með höndum í sveitarfélaginu og skal árlega gera reikningsyfirlit yfir þær íbúðir sem keyptar eru. Halda skal sérstakan reikning um byggingarkostnað og skiptingu hans á einstakar íbúðir í byggingaráfanganum.

4. gr.

Félag í eigu sveitarfélags.

Sveitarstjórn er heimilt, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, að stofna félag til að annast umsýslu skv. 3. gr. og hafa umsjón með og leigja út íbúðir í eigu sveitarfélagsins í stað húsnæðisnefndar eða félagsmálanefndar. Um skilyrði fyrir stofnun slíks félags og starfshætti fer eftir því sem nánar er mælt fyrir um í III. kafla.

5. gr.

Innleystar íbúðir sveitarfélaga sem breytt er í leiguíbúðir.

Sveitarstjórn sem hefur innleyst félagslega íbúð samkvæmt ákvæðum eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins getur ákveðið að leigja hana út, sbr. ákvæði III til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál. Áður skal sveitarstjórn greiða upp áhvílandi lán, sem veitt hafa verið af Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins, eða leita eftir samþykki Íbúðalánasjóðs á yfirtöku lána úr Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins.

Sveitarstjórn sem hefur greitt upp áhvílandi lán skv. 1. mgr. skal eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði. Sveitarstjórn sem yfirtekur lán úr Byggingarsjóði verkamanna og/eða Byggingarsjóði ríkisins skal eiga rétt á nýju láni úr Íbúðalánasjóði sem má nema mismun á áhvílandi lánum og allt að 90% af innlausnarverði íbúðar. Heildarlánveiting Íbúðalánasjóðs getur þó aldrei orðið hærri en 90% af innlausnarverði íbúðar. Um lánskjör fer að öðru leyti eftir 36. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál.

Ákveði sveitarstjórn síðar að selja íbúð, sem lánað hefur verið til, skv. 2. mgr. skal hún áður greiða upp áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði.

Stjórn Íbúðalánasjóðs setur reglur um nánari framkvæmd lánveitinga samkvæmt þessari grein, þ. á m. um kostnaðarverð íbúða og um uppgjör vegna sölu íbúða skv. 3. mgr.

III. KAFLI

Félög og félagasamtök.

6. gr.

Markmið félaga og félagasamtaka.

Markmið félaga og félagasamtaka skal vera að koma á fót, leigja út, halda við og endurnýja íbúðarhúsnæði ásamt sameiginlegri aðstöðu.

Stjórn félags eða félagasamtaka skal í störfum sínum haga rekstri félagsins eða samtakanna með sem hagkvæmustum hætti og við rekstur skal hafa að leiðarljósi hagsmuni íbúa svo og markmið félagsins eða samtakanna.

Hyggist félag eða félagasamtök koma á fót leiguíbúðum og sækja til þess um lán frá Íbúðalánasjóði skal senda samþykktir/lög hlutaðeigandi félags eða félagasamtaka til félagsmálaráðherra til staðfestingar. Staðfesting þessi skal liggja fyrir áður en sótt er um lán hjá Íbúðalánasjóði.

Húsnæðissamvinnufélög er fengið hafa staðfestingu félagsmálaráðherra á samþykktum sínum samkvæmt lögum um húsnæðissamvinnufélög skulu undanþegin sérstakri staðfestingu á samþykktum sínum skv. 3. mgr.

7. gr.

Efni samþykkta.

Skilyrði þess að félög eða félagasamtök hljóti staðfestingu félagsmálaráðherra er að eftirfarandi atriði meðal annarra, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga, nr. 44/1998, um húsnæðismál, komi fram í samþykktum/lögum hlutaðeigandi, auk almennra skilyrða um efni samþykkta slíkra félaga og félagasamtaka:

1. Að tilgangur félagsins eða samtakanna sé að koma á fót og reka leiguíbúðir. Verkefnið sé langtímaverkefni.
2. Hvert sé stofnfé og hver sé fjárhagsleg ábyrgð félagsins eða félagasamtakanna. Uppfylli félög eða samtök í upphafi skilyrði 12. gr. gagnvart hverri húseiningu/framkvæmd er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum um sjálfstætt stofnfé.
3. Að réttur einstaklinga til íbúða fari eftir félagslegum aðstæðum þeirra skv. VI. kafla.
4. Að settar séu reglur um úthlutun íbúða.
5. Hvernig leigufjárhæðin sé ákvörðuð, sbr. VIII. kafla.
6. Hvernig háttað sé endurskoðun reikninga og reikningsskilum.
7. Að reikningar séu áritaðir og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
8. Hvernig fari með eigur félagsins eða samtakanna við slit.
9. Skipulagsskrár félaga og félagasamtaka sem rekin eru að hætti sjálfseignarstofnana skulu hafa hlotið staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. laga, nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, eða verið skráð á sjálfseignarstofnanaskrá Hagstofu Íslands, sbr. 37. gr. laga, nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.
10. Hvernig skuli fara með endurgreiðslu eignarhlutar skv. VII. kafla.

8. gr.

Félög í eigu sveitarfélaga.

Félag í eigu sveitarfélags sem sveitarstjórn kemur á fót, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, skulu auk þeirra atriða er rakin eru í 7. gr. hafa í samþykktum sínum ákvæði um að allt hlutafé sé í eigu sveitarfélags og að sala þess sé óheimil nema með samþykki félagsmálaráðherra.

3. ÞÁTTUR
Lánveitingar o.fl.
IV. KAFLI
Meðferð lánsumsókna og lánskjör.

9. gr.

Áætlanir framkvæmdaraðila og tilkynning til sveitarfélags.

Fyrir 1. október skulu framkvæmdaraðilar senda Íbúðalánasjóði áætlanir sínar um fyrirhugaðar byggingar eða kaup á íbúðum á komandi ári, ásamt umsókn um lánsheimildir á viðkomandi ári. Íbúðalánasjóður getur óskað eftir því að áætlanir miðist við allt að þrjú ár.

Í áætlun skal m.a. koma fram rökstuðningur fyrir íbúða- og lánsþörf svo og með hvaða hætti framkvæmdaraðili hyggst ráðstafa þeim leiguíbúðum sem hann hyggst byggja eða kaupa.

Þegar sótt er um lánsheimild til Íbúðalánasjóðs skulu félög og félagasamtök tilkynna viðkomandi sveitarfélagi um fyrirhugaða byggingu eða kaup á íbúðum.

10. gr.

Ákvörðun lánsheimilda.

Þegar fyrir liggur það fjármagn, sem Íbúðalánasjóður hefur til ráðstöfunar hverju sinni vegna lánveitinga til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu úr þessum lánaflokki, sbr. 1. mgr. 1. gr., og vaxtakjör þeirra, fer stjórn Íbúðalánasjóðs yfir áætlanir framkvæmdaraðila um þörf fyrir leiguhúsnæði og ákveður í desember ár hvert lánsheimildir sem umsækjendum er heimilt að nýta sér á næsta ári.

11. gr.

Lánsumsóknir.

Þegar sveitarfélag hefur tekið ákvörðun um kaup eða byggingu leiguhúsnæðis tilkynnir það þá ákvörðun sína til Íbúðalánasjóðs og sækir jafnframt formlega um lán. Á sama hátt skulu félög og félagasamtök tilkynna ákvörðun sína.

Í lánsumsókn skal koma fram fjöldi, gerð og stærð viðkomandi íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Umsóknir um lán skulu hafa borist Íbúðalánasjóði áður en framkvæmdir hefjast.

12. gr.

Eigið framlag.

Umsækjendur skulu sýna fram á það, við lánsumsókn hjá Íbúðalánasjóði, að þeir hafi fjárhagslegt bolmagn til að greiða 10% af kostnaðarverði íbúða. Því til staðfestingar skal leggja fram ábyrgð af hálfu fjármálastofnunar eða annað sem Íbúðalánasjóður metur gilt.

Fjárhagsstaða félaga og félagasamtaka skal ætíð við það miðuð að staðið verði við skuldbindingar vegna eigin framlags, sbr. 1. mgr., og að það rýrni ekki.

13. gr.

Afgreiðsla umsókna.

Íbúðalánasjóður aðgætir hvort umsókn samræmist heimild stjórnar Íbúðalánasjóðs, ákvæðum reglugerðar þessarar svo og ákvæðum laga, nr. 44/1998, um húsnæðismál.

Íbúðalánasjóður tilkynnir síðan umsækjanda um afgreiðslu sína á umsókn hans.

14. gr.

Lánsfjárhæð.

Lán til leiguíbúða mega nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar, þó aldrei meira en 90% af hámarksverði íbúða samkvæmt reglum Íbúðalánasjóðs.

15. gr.

Lánskjör og útborgun láns.

Lán til leiguíbúða eru veitt til allt að 50 ára og skulu þau tryggð með veði í hlutaðeigandi íbúðarhúsnæði.

Lán sem veitt eru samkvæmt reglugerð þessari koma til útborgunar þegar framkvæmdum er lokið eða samkvæmt kauptilboði. Til staðfestingar á að framkvæmdum sé lokið skal liggja fyrir úttekt byggingarfulltrúa og trúnaðarmanns, sem Íbúðalánasjóður hefur tilnefnt.

Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 36. gr. laga, nr. 44/1998, um húsnæðismál.

V. KAFLI
Byggingarhættir og byggingarkostnaður.

16. gr.

Byggingarkostnaður og kaupverð íbúða.

Framkvæmdaraðilar skulu sjá til þess að íbúðir, byggðar eða keyptar á þeirra vegum, séu svo ódýrar sem frekast er kostur. Þær skulu þannig hannaðar að þær séu einfaldar að allri gerð, stærðir miðaðar við fjölskyldustærðir umsækjenda, búnar nútímaþægindum og nauðsynlegri sameign.

Framkvæmdir skal fela viðurkenndum byggingarverktökum með útboðum, leitað sé tilboða eða annarra leiða sem tryggja hagkvæman byggingarkostnað.

Þess skal gætt að um lóð gildi ekki skipulagsskilmálar sem hafi í för með sér hækkun á byggingarkostnaði.

17. gr.

Grundvöllur byggingarkostnaðar.

Grundvöllur byggingarkostnaðar er kaupverð þegar keyptar eru tilbúnar íbúðir og fjárhæð verksamnings þegar um byggingarframkvæmdir er að ræða.

Heimilt er að telja sem hluta byggingarkostnaðar, kostnað framkvæmdaraðila við eftirlit, skrifstofuhald, bókhald og almenna verkstjórn, sem nemur eftirfarandi hlutföllum af verksamningi, með verðbótum, að viðbættum hönnunarkostnaði:

1. Allt að 2% þegar keypt er fokhelt eða fullbúið húsnæði.
2. Allt að 3% þar sem allt er boðið út og einn aðalverktaki sér um framkvæmdina.
3. Allt að 4% þar sem boðið er út eftir faggreinum þegar er um að ræða verkstjórn að hluta.
4. Allt að 6% þar sem framkvæmdaraðili hefur umsjón með verkefnum undirverktaka, samræmingu milli þeirra og að mestu eða öllu leyti efniskaup.

Gatnagerðargjöld, tengigjöld, kostnaður við veitur og önnur opinber gjöld teljast ekki til byggingarkostnaðar þegar hlutfall skv. 1.–4. tölul. 2. mgr. er ákveðið.

Við uppgjör á byggingarkostnaði/kaupverði leiguíbúða er heimilt að taka tillit til fjármagnskostnaðar framkvæmdaraðila á byggingartímanum auk kostnaðar við lokaúttekt og staðfestingu byggingarkostnaðar af hálfu Íbúðalánasjóðs.

Íbúðalánasjóður getur heimilað að farið verði yfir hámarkskostnaðarverð leiguíbúðar vegna sérstakra aðstæðna sem krefjast hækkunar á byggingarkostnaði, svo sem kostnaðar vegna hljóðvistar, lyftubúnaðar og/eða aðgengi fatlaðra.

18. gr.

Gerð og ástand íbúðarhúsnæðis.

Íbúð telst fullnægjandi uppfylli hún kröfur byggingarreglugerðar til íbúðarhúsnæðis, hafi hlotið samþykki byggingarfulltrúa og fullnægi gæðakröfum sem Íbúðalánasjóður setur.

19. gr.

Stærðir íbúða.

Hámarksstærðir íbúða skulu taka mið af birtu flatarmáli þeirra samkvæmt reiknireglum Fasteignamats ríkisins og reglugerð um eignaskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum.

Hámarksstærðir íbúða eru sem hér segir:

1. Eins herbergja íbúðir, 60 m^2.
2. Tveggja herbergja íbúðir, 70 m^2.
3. Þriggja herbergja íbúðir, 90 m^2.
4. Fjögurra herbergja íbúðir, 105 m^2.
5. Fimm herbergja íbúðir, 120 m^2.
6. Sex herbergja íbúðir, 130 m^2.

Stjórn Íbúðalánasjóðs getur veitt undanþágu frá hámarksstærðum skv. 2. mgr. vegna sérstakra aðstæðna umsækjenda samkvæmt rökstuddri umsókn framkvæmdaraðila.

20. gr.

Reglur um hámarksverð íbúða.

Í reglum er Íbúðalánasjóður setur skal kveðið á um hámarksverð íbúða. Skulu reglurnar lagðar árlega fyrir stjórn Íbúðalánasjóðs og hljóta staðfestingu hennar fyrir 1. janúar ár hvert.

Íbúðalánasjóður annast kynningu á reglum þessum og skulu þær vera aðgengilegar framkvæmdaraðilum.

4. ÞÁTTUR
Réttur til leiguíbúða og ráðstöfun þeirra.
VI. KAFLI
Tekju- og eignamörk.

21. gr.
Réttur til leiguíbúða.

Réttur til íbúðarhúsnæðis sem ráðstafað er til útleigu á vegum framkvæmdaraðila er bundinn skilyrðum um tekju- og eignamörk og félagslegar aðstæður umsækjanda.

Í reglum sveitarfélags um úthlutun leiguíbúða skal gæta ákvæða laga um félagsþjónustu sveitarfélaga svo og ákvæða laga um húsnæðismál. Reglurnar skulu vera aðgengilegar almenningi og birtar með þeim hætti sem almennt tíðkast um tilkynningar sveitarstjórnar.

22. gr.
Mat á félagslegum aðstæðum.

Við mat á félagslegum aðstæðum skal meðal annars líta til eftirfarandi aðstæðna umsækjanda:

1. Núverandi húsnæðisaðstæðna.
2. Fjölskylduaðstæðna, þ. á m. fjölskyldustærðar og fjölda barna.
3. Heilsufars og vinnugetu.

Framkvæmdaraðilar setja reglur um úthlutun leiguíbúða skv. 1. mgr. Í slíkum reglum er heimilt að setja nánari fyrirmæli er líta skal til við mat á þörf umsækjenda fyrir leiguhúsnæði.

Reglur framkvæmdaraðila skulu vera aðgengilegar umsækjendum um leiguhúsnæði.

Við úthlutun íbúða hjá húsnæðissamvinnufélögum skal auk ákvæða 23. og 24. gr. enn fremur gæta ákvæða laga um húsnæðissamvinnufélög um kaup á búseturétti.

23. gr.
Tekjumörk.

Tekjumörk miðast við að meðaltekjur nemi, miðað við heilt ár, eigi hærri fjárhæð en 2.037.000 kr. fyrir hvern einstakling og 340.000 kr. fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu. Viðmiðunartekjur hjóna skulu vera 40% hærri en hjá einstaklingi, þ.e. 2.852.000 kr.

Fjárhæðir skv. 1. mgr. taka breytingum samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs janúarmánaðar ár hvert miðað við grunnvísitölu og skulu vera í heilum þúsundum króna. Félagsmálaráðherra lætur árlega reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

Við mat á því hvort umsækjandi um leiguhúsnæði er undir tekjumörkum skal líta til tekna umsækjanda samkvæmt ljósriti af skattframtali fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra, og launaseðlum þess árs þegar umsókn um leiguhúsnæði er afgreidd. Með tekjum er átt við heildartekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks.

Húsaleigubætur teljast ekki til tekna skv. 3. mgr.

Með sambúðarfólki er átt við skráða sambúð karls og konu er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

24. gr.
Eignamörk.

Eignamörk miðast við heildareign að frádregnum heildarskuldum samkvæmt ljósriti af skattframtali fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra. Eignamörk eru 2.200.000 kr.

Fjárhæð skv. 1. mgr. tekur breytingum samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs janúarmánaðar ár hvert miðað við grunnvísitölu og skulu vera í heilum þúsundum króna. Félagsmálaráðherra lætur árlega reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

25. gr.

Undanþáguheimildir.

Framkvæmdaraðila er heimilt að víkja frá 23. gr. um tekjur þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á stöðu og högum vegna atvinnuleysis, veikinda, fráfalls maka eða af öðrum ástæðum. Með sama hætti er heimilt að víkja frá ákvæðum 24. gr. um eignir þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.

Ósk um undanþágu skv. 1. mgr. skal fylgja umsögn frá félagsmálanefnd í viðkomandi sveitarfélagi. Tilkynna skal Íbúðalánasjóði um undanþágur skv. 1. mgr.

Íbúðalánasjóði er heimilt að víkja frá 23. og 24. gr. um tekjur og eignir samkvæmt rökstuddri ósk framkvæmdaraðila þegar sýnt þykir að leiguíbúðir, er falla undir ákvæði reglugerðar þessarar, standa auðar eða brýn nauðsyn er til að ráða bót á þörf fyrir íbúðarhúsnæði til útleigu.

VII. KAFLI
Ráðstöfun leiguhúsnæðis með afnotarétti.

26. gr.

Sala á afnotarétti.

Framkvæmdaraðilum er heimilt að selja leigjanda eða félagsmanni, sem uppfyllir skilyrði um tekju- og eignamörk, sbr. VI. kafla, eignarhlut í íbúð með þeirri kvöð að hlutur kaupanda standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni. Gjaldið má nema allt að 10% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar.

Ákveði framkvæmdaraðili að selja leigjanda eða félagsmanni eignarhlut í leiguíbúð, sbr. 1. mgr., skal gerður um það samningur þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur samningsaðila.

Við lok samningstímans skal leigjandi eða félagsmaður fá endurgreiddan hlut sinn með fullum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

27. gr.

Ábyrgð framkvæmdaraðila.

Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem á hvílir lán sem veitt hefur verið samkvæmt reglugerð þessari nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs um yfirtökuna.

Framkvæmdaraðili er ráðstafar leiguíbúð með samningi, sbr. 2. mgr. 26. gr., ber eftir sem áður fulla ábyrgð á láninu sem veitt var af Íbúðalánasjóði.

VIII. KAFLI
Um ákvörðun leigufjárhæðar og réttarstöðu leigjenda.

28. gr.

Ákvörðun leigufjárhæðar.

Leiga skal svara til fjárhæðar sem nemur samanlögðum kostnaði af eftirtöldum útgjöldum:

1. Ársvöxtum, afborgunum og verðbótum af áhvílandi láni Íbúðalánasjóðs.
2. Vaxtakostnaði af nauðsynlegu framlagi, þó að hámarki sömu vextir og eru á hverjum tíma af almennum lánum Íbúðalánasjóðs.
3. Fasteigna- og brunabótaiðgjöldum af íbúðinni ef framkvæmdaraðili ákveður að þau gjöld falli undir leigu. Sama gildir um húseigendatryggingu.

4. Kostnaði við viðhald íbúðar og sameiginlegt viðhald fjöleignarhúss.
5. Kostnaði er til fellur við umsjón með daglegum rekstri leiguhúsnæðis, svo sem við sameiginleg þrif, sorphreinsun og húsvörslu, ef framkvæmdaraðili ákveður slíkt fyrirkomulag og að kostnaður vegna slíkra þátta falli undir leigu.

Leigan greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Framkvæmdaraðilum er hafa með rekstur leiguíbúða að gera er heimilt að ákveða að leiga skuli vera tiltekin fjárhæð, sem svarar til áætlaðra rekstrarútgjalda samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, að teknu tilliti til tekna af hinum leigðu íbúðum og annarra tekna, svo sem vaxtatekna og eftir atvikum styrkja frá framkvæmdaraðila eða öðrum aðilum. Við áætlun rekstrarútgjalda skal miða við útgjöld skv. 1. mgr. svo og reglur Íbúðalánasjóðs, sbr. 4. mgr.

Íbúðalánasjóður skal senda framkvæmdaraðilum samræmdar reglur um útreikning húsaleigu. Íbúðalánasjóður skal endurskoða reglur þessar árlega og tilkynna framkvæmdaraðilum um breytingar á þeim.

29. gr.

Upplýsingar og leiðbeiningar.

Framkvæmdaraðilar skulu veita þeim er sækja um íbúðir á þeirra vegum, allar nauðsynlegar upplýsingar um réttindi og skyldur þeirra sem leigjenda, leigukjör húsaleigusamninga svo og um réttindi þeirra og réttarstöðu að öðru leyti.

30. gr.

Réttindi og skyldur.

Um samskipti leigjanda og framkvæmdaraðila gilda ákvæði húsaleigulaga.

Um ákvörðun leigufjárhæðar gildir ákvæði 28. gr.

Um réttindi og skyldur búseturéttarhafa í húsnæðissamvinnufélagi og um ákvörðun búseturéttargjalds fer eftir lögum um húsnæðissamvinnufélög.

5. ÞÁTTUR.
Önnur ákvæði.

IX. KAFLI
Eftirlit Íbúðalánasjóðs.

31. gr.

Eftirlit með félögum og félagasamtökum.

Þau félög og félagasamtök, sem ráðstafa leiguíbúðum samkvæmt þessari reglugerð, skulu senda Íbúðalánasjóði árlega yfirlit yfir úthlutanir á íbúðum samkvæmt verklagsreglum sem Íbúðalánasjóður setur um samskipti þeirra og Íbúðalánasjóðs og kynnir þeim sérstaklega.

Félög og félagasamtök skulu láta Íbúðalánasjóði í té gögn, svo sem bókhaldsgögn, ársskýrslur, rekstraráætlanir sínar og reikninga sína endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda og upplýsingar um framkvæmdir, húsbyggingar, ráðstöfun leiguhúsnæðis, þ. á m. einstaka húsaleigusamninga og um ákvörðun leigufjárhæðar óski Íbúðalánasjóður eftir því.

32. gr.

Úrræði.

Komi í ljós að vikið hefur verið frá skilyrðum lánveitingar, um ráðstöfun leiguhúsnæðis eða ákvörðun leigufjárhæðar er Íbúðalánasjóði heimilt að gjaldfella lán vegna þeirra íbúða sem um er að ræða.

Jafnframt er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að synja framkvæmdaraðila um frekari lánveitingu þar til úr hefur verið bætt.

Áður en úrræðum skv. 1. mgr. er beitt skal stjórn Íbúðalánasjóðs beina tilmælum til framkvæmdaraðila um úrbætur.

X. KAFLI
Meðferð ágreiningsmála.

33. gr.

Telji framkvæmdaraðili á rétt sinn hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs við framkvæmd laga um húsnæðismál eða reglugerðar þessarar getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála.

XI. KAFLI
Gildistaka.

34. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 34. gr., 3. mgr. 35. gr., 1. og 3. mgr. 37. gr., 5. mgr. 38. gr., 39. gr. og 50. gr. laga um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 423/1999 um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. nóvember 2001.

Páll Pétursson.

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir.

Nr. 874 20. nóvember 2001

GJALDSKRÁ

fyrir úttektir og vottorð byggingarfulltrúans í Reykjavík.

1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð og íbúðarskoðanir sem gerð eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Reykjavík, skal byggingarfulltrúinn í Reykjavík í umboði borgarstjórnar innheimta úttekta-, vottorða- og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna áfangaúttekta, sbr. 48. gr., stöðuúttekta, sbr. 55. gr., lokaúttekta, sbr. 53. gr., meistaraskipta, sbr. 47. gr., og byggingarstjóraskipta, sbr. 36. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, skal byggingarfulltrúi innheimta úttektargjöld sem hér segir:

A) Fyrir hverja einstaka úttekt sbr. 48. gr.	kr.	4.500.
B) Fyrir stöðuúttekt sbr. 55. gr.	kr.	9.000.
C) Fyrir lokaúttekt sbr. 53. gr.	kr.	9.000.
D) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta	kr.	4.500.
E) Fyrir úttekt vegna byggingarstjóraskipta	kr.	9.000.

3. gr.

Byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangaúttekta samkvæmt 2. gr. A-lið áður en byggingarleyfi er gefið út.

4. gr.

Vegna útgáfu vottorða um fokheldisstig, verkstöðu og lokaúttekt skal byggingarfulltrúi innheimta vottorðagjöld sem hér segir:

A) Fokheldisvottorð	kr. 14.000.
B) Vottorð um stöðuúttekt	kr. 5.000.
C) Lokaúttektarvottorð	kr. 5.000.

5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir:

Fyrir hverja skoðun kr. 7.000.

6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Gjalddagi úttektargjalda áfangaúttekta er fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Gjalddagi gjalda, sbr. 2. gr., liðir B), C), D), E), er samhliða beiðni um úttekt.

Gjalddagi vottorða er fyrir afhendingu þeirra.

Gjalddagi skoðunargjalds er samhliða beiðni um skoðun.

8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmdar á gildistíma byggingarleyfis.

9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

10. gr.

Gjöld samkvæmt 2., 4. og 5. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert.

Miða skal við grunn í október 2001, grunntala 4678.

Við framreikning skal gjaldaupphæð námunduð, samkvæmt almennri reiknireglu í slétt hundrað króna.

11. gr.

Innheimt úttekta-, vottorða- og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar við úttektir, vottorðagjöf og skoðanir unnar af starfsmönnum byggingarfulltrúa.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 15. nóvember 2001 með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, tekur gildi þann 1. desember 2001.

Reykjavík, 20. nóvember 2001.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi á Norður-Héraði.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar.

Lágmarksgjald skal þó vera kr. 50.000. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

2. Gjalddagi.

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. Innheimta gjalda.

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

4. Gjaldtökuheimild.

Um gjaldtöku samkvæmt A-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

B. Byggingarleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.

1. Fjárhæð og grundvöllur gjalda.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skal greiða grunngjald kr. 5.000. Að auki greiðast kr. 50 pr. rúmmetra íbúðarhúsnæðis og annars einangraðs húsnæðis. Vegna útihúsa greiðast kr. 25 pr. rúmmetra.

Heimilt er að krefja fyrir hverja yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis gjald á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.

Fyrir hverja úttekt skal greiða kr. 4.000. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða hærra gjald fyrir úttekt ef hún telst óvenju umfangsmikil.

Fyrir vottorð skal greiða kr. 6.000.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

2. Gjalddagar.

Byggingarleyfisgjald skal greitt við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við byggingarleyfishafa um annan gjalddaga.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.

Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna.
Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið.
Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. Innheimta gjalda.
Gjöldum samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.
Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. Gjaldtökuheimild.
Um gjöld samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 401/1998.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu

Samþykkt í sveitarstjórn Norður–Héraðs 6. nóvember 2001 eftir tvær umræður.

Brúarási, 8. nóvember 2001.

F.h. sveitarstjórnar Norður–Héraðs,
Jónas Þór Jóhannsson sveitarstjóri.

20. nóvember 2001 Nr. 876

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfisgjöld í Reykjavík.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdrátta og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Reykjavík, skal byggingarfulltrúinn í Reykjavík í umboði borgarstjórnar innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna yfirferðar og samþykkta aðaluppdrátta og fylgiskjala skal byggingarfulltrúi innheimta byggingarleyfisgjöld sem hér segir:

A) Vegna allra byggingarleyfisumsókna skal greiða lágmarksgjald við móttöku umsóknar kr. 4.800.
B) Fyrir hvern rúmmetra í nýbyggingu eða viðbyggingu skal greiða byggingarleyfisgjald er nemi 48 kr./m^3.
C) Við endurnýjun byggingarleyfa skal greiða lágmarksgjald.

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. B-lið skal reikna af brúttórúmmáli, sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma.
Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt 2. grein.

5. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

6. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar.

Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

7. gr.

Byggingarleyfisgjald er ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi. Lágmarksgjald er ekki endurgreitt sé umsókn synjað, byggingarleyfi fellur úr gildi, eða umsókn er dregin til baka.

8. gr.

Byggingarleyfisgjöld samkvæmt 2. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert. Miða skal við grunn í október 2001, grunntala 4678. Lágmarksgjald skal námundað í slétt hundrað króna samkvæmt almennum reiknireglum og rúmmetragjald vera 1% þess.

9. gr.

Innheimt byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna yfirferðar starfsmanna byggingarfulltrúa á aðaluppdráttum og fylgiskjölum þeirra fram að byggingarleyfi.

10. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 15. nóvember 2001 með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, tekur gildi þann 1. desember 2001.

Reykjavík, 20. nóvember 2001.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri.

Nr. 877 14. nóvember 2001

SAMÞYKKT

um gerð og staðsetningu skilta í Akraneskaupstað.

I. KAFLI
Markmið, skilgreiningar og staðsetning.

1. gr.

Að hafa stjórn á stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta.

2. gr.

Skilgreiningar.

Með orðunum auglýsing og skilti og öðrum samsvarandi orðum er í reglum þessum átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk, hreyfanleg eða föst, sem komið er fyrir

til lengri eða skemmri tíma á einkalóðum, opinberum svæðum eða mannvirkjum, hvort sem er á spjöldum, borðum eða máluð á húsveggi eða með öðrum sambærilegum tilfæringum og ætlað er að vekja athygli almennings á vöru, þjónustu eða starfsemi hvers konar, hvort sem er á viðkomandi stað eða annars staðar.

3. gr.

Staðsetning.

Skilti einkaaðila skulu staðsett innan lóðamarka eigandans nema í sérstökum undantekningum, t.d. skilti með upplýsingum um bifreiðastæði. Við staðsetningu skal þess gætt að þau gangi ekki á rétt nágrannans. Gæta skal þess að þau skapi ekki slysahættu. Leyfi lóðarhafa þarf til þess að koma skilti og/eða auglýsingu fyrir. Einnig skulu þau uppfylla kröfur í 72. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

II. KAFLI
Umsóknir og leyfisveitingar.

4. gr.

Umsóknir.

Hver sá sem óskar leyfis til að koma fyrir skilti eða auglýsingu skal skila skriflegri og undirritaðri umsókn til byggingarfulltrúa.

Hverri umsókn skal fylgja:

Nafn, heimilisfang og símanúmer eiganda skiltisins.

Heimilisfang þ.e.a.s. hvar skiltið á að vera.

Málsett afstöðumynd skiltis, útlitsteikningar og sneiðingar ef með þarf (ef skilti skagar fram) auk texta sem á að vera á skiltinu sem og aðrar upplýsingar sem eru taldar nauðsynlegar.

Ljósmynd af þeim vegg sem skiltinu skal komið fyrir á eða því svæði þar sem það skal festast niður.

Greinargerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis (t.d. veltiskilti, ljósaskilti o.s.frv). Nafn og heimilisfang þess sem setur upp skiltið.

Undirritað samþykki annarra lóðareigenda ef fleiri eru en einn.

5. gr.

Leyfisveitingar.

Byggingarfulltrúa ber innan þrjátíu daga frá dagsetningu umsóknar annaðhvort að afgreiða hana eða ef umsóknin er ófullnægjandi vekja athygli umsækjenda á því sem ábótavant er. Vafaatriðum varðandi leyfisveitingar má vísa til byggingarnefndar. Umsækjandi um skilti getur einnig áfrýjað til nefndarinnar ef hann telur úrskurð byggingarfulltrúa ekki réttmætan. Bráðabirgðaskilti er ekki heimilt að setja upp fyrr en 8 vikum fyrir viðburð og þau skal taka niður eigi seinna en viku eftir hann. Leyfisgjald skal fara eftir gr. 27 í byggingarreglugerð. Ef umsækjandi um leyfi fyrir skilti greiðir ekki leyfisgjald eða sækir ekki leyfið innan 12 mánaða frá veitingu þess fellur það úr gildi. Leggja verður fram ný skjöl ef leyfis er óskað á ný.

6. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með skiltum og leyfum fyrir þeim verði í höndum byggingarfulltrúa í umboði byggingarnefndar.

7. gr.
Eldri skilti.

Byggingarfulltrúi getur krafist að eldri skilti sem sett hafa verið upp án leyfis, verði fjarlægð án fyrirvara, ef ætla má að þau hafi verulega truflandi áhrif á umferð eða valdi umhverfisspjöllum.

III. KAFLI
Refsi- og gildistökuákvæði.

8. gr.
Refsiákvæði.

Verði tilmælum byggingarfulltrúa ekki sinnt getur byggingarnefnd beitt ákvæðum II. kafla byggingarreglugerðar.

9. gr.
Gildistökuákvæði.

Samþykkt þessi sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 staðfestist hér með samkvæmt 6. mgr. sömu greinar til þess að gilda innan lögsögu Akraneskaupstaðar. Samþykktin gildir um hvers konar skilti og auglýsingar og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 14. nóvember 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.

Nr. 878 14. nóvember 2001

REGLUGERÐ

um kærunefnd húsaleigumála.

1. gr.
Heiti og hlutverk.

Nefndin heitir kærunefnd húsaleigumála og hefur hún aðsetur á skrifstofu félagsmálaráðuneytis.

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um hvers konar ágreining milli aðila leigusamnings við gerð og/eða framkvæmd samningsins. Nefndin getur einnig tekið fyrir mál að eigin frumkvæði eða eftir tilmælum og ábendingum frá öðrum.

2. gr.
Skipan.

Félagsmálaráðherra skipar nefndarmenn og varamenn þeirra til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír og skulu a.m.k. tveir vera lögfræðingar. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu frá Húseigendafélaginu, annar eftir tilnefningu Leigjendasamtakanna og þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður.

Nefndinni skal heimilt að ráða sér starfsmann að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti.

3. gr.
Þagnarskylda.

Nefndarmönnum ber að gæta þagmælsku um þau atvik sem þeim verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- og einkahagsmuna. Sama gildir um þá sem starfa fyrir nefndina. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

4. gr.
Kostnaður.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.
Málatilbúnaður.

Aðilum leigusamnings, einum eða fleiri, er heimilt en ekki skylt að leita til nefndarinnar með ágreiningsefni sín.

Í álitsbeiðni skal skilmerkilega gera grein fyrir ágreiningi aðila. Gera skal skýrar kröfur um tiltekna niðurstöðu fyrir nefndinni og skal rökstyðja kröfurnar með eins ítarlegum hætti og unnt er.

Nefndin veitir ekki umsagnir um fræðilegar spurningar heldur tekur afstöðu til krafna aðila.

6. gr.
Form og efni álitsbeiðni.

Beiðni um álitsgerð skal vera skrifleg.

Í álitsbeiðni skulu eftirtalin atriði koma fram:

1. Upplýsingar um álitsbeiðanda, svo sem nafn og heimilisfang þess sem leggur fram málið.
2. Upplýsingar um gagnaðila, svo sem nafn og heimilisfang þess sem ágreiningur er við.
3. Ágreiningsefni.
4. Kröfur og rökstuðningur.

Með álitsbeiðni skulu fylgja þau gögn sem varpað geta ljósi á mál, svo sem leigusamningur og bréfaskriftir aðila um málið.

Nefndin skal láta útbúa sérstakt eyðublað fyrir erindi til nefndarinnar. Ekki er skylt að nota eyðublaðið.

7. gr.
Málsmeðferð.

Þegar erindi berst nefndinni skal það lagt fram á næsta fundi nefndarinnar.

Ef málatilbúnaður álitsbeiðanda er fullnægjandi skal gagnaðila sent afrit af erindinu og honum gefinn 10 daga frestur til að koma á framfæri við nefndina sjónarmiðum sínum, kröfum og rökstuðningi fyrir þeim.

Þegar greinargerð gagnaðila berst nefndinni skal hún lögð fram á næsta fundi nefndarinnar og skal afrit af greinargerðinni sent álitsbeiðanda.

Nefndin skal senda aðilum afrit af öllum skjölum sem berast í málinu.

Nefndinni er heimilt að vísa máli frá í upphafi eða á síðar stigum enda fullnægi það ekki að mati nefndarinnar lágmarkskröfum til að unnt sé að taka það til efnismeðferðar. Þó skal nefndinni heimilt, sé málatilbúnaður álitsbeiðanda ófullnægjandi, að veita honum stuttan frest til að bæta þar úr.

8. gr.
Málalyktir.

Nefndin skal skila skriflegri, rökstuddri álitsgerð um málið. Hafi nefndin skilað áliti í sambærilegu máli er henni heimilt að vísa bréflega til þeirrar úrlausnar og skal aðila þá veittur 10 daga frestur til þess að taka til þess afstöðu hvort hann óski allt að einu eftir því hvort málið verði tekið til efnislegrar úrlausnar.

Ágreiningsefnum verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

9. gr.
Málshraði.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og skila áliti svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni.

10. gr.
Útgáfa álitsgerða.

Nefndin skal birta allar álitsgerðir opinberlega. Skulu nöfn einstaklinga og heimilisföng ekki koma fram við opinbera birtingu.

11. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. mgr. 85. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. nóvember 2001.

Páll Pétursson.

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir.

Nr. 879 12. nóvember 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggða í landi Smáratúns í Fljótshlíðarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Fljótshlíðarhrepps, þann 11. júlí 2001, deiliskipulag frístundabyggðanna Vesturtún og Stekkjartún í landi Smáratúns í Fljótshlíðarhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu 8 sumarhúsa og 16 smáhúsa ásamt vegum og bílastæðum.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 12. nóvember 2001.

F.h. sveitarstjórnar Fljótshlíðarhrepps,

Hrafn Jóhannsson byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um lögskráningu sjómanna.

1. gr.

Lögskráningarskylda.

Skylt er að lögskrá alla skipverja, þar með talið skipstjóra, sem ráðnir eru til starfa á skipum sem skráð eru á íslenska skipaskrá og eru 20 brúttótonn eða stærri.

Skipstjóra er skylt að sjá um að skipverjar séu lögskráðir í skiprúm og úr skiprúmi. Hann má eigi leggja skipi úr höfn nema allir skipverjar, sem skylt er að lögskrá skv. 1. mgr., hafi verið lögskráðir í skiprúm.

Heimilt er að lögskrá aðra en skipverja þann tíma sem viðkomandi dvelja um borð í skipi sem er í förum enda leggi þeir fram yfirlýsingu tryggingafélags um líf- og slysatryggingar.

2. gr.

Undanþágur frá lögskráningarskyldu.

Lögskráningarstjórar skv. 3. gr. laga um lögskráningu sjómanna geta veitt undanþágur frá lögskráningarskyldu til útgerða hafnsögubáta, dráttarbáta og björgunarskipa Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Afrit af undanþáguheimildinni skal varðveitt og vera sýnileg um borð í viðkomandi skipi.

Skilyrði fyrir undanþágu frá lögskráningarskyldu eru að útgerðarmaður eða skipstjóri leggi fram:

1. yfirlýsingu um að hann muni manna skipið í samræmi við lög og reglur, þar með talið að einungis lögmætir handhafar tilskilinna skírteina verði í áhöfn, að það verði mannað í samræmi við tilskilinn lágmarksfjölda og að tilskildar líf- og slysatryggingar áhafnar og farþega muni ætíð vera í gildi;
2. lista yfir skipverja sem munu starfa um borð í skipinu, hvaða starfi þeir muni gegna og skulu þeir verða handhafar tilskilinna atvinnuskírteina til þeirra starfa;
3. mælibréf og haffærisskírteini skipsins;
4. yfirlýsingu frá tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og skal lögskráningarstjóri ganga úr skugga um að þær tryggingar séu í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga;
5. staðfestingu á að þeir einstaklingar sem munu starfa um borð hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna í samræmi við lög um lögskráningu sjómanna og reglugerð þessa.

3. gr.

Framkvæmd lögskráningar.

Um framkvæmd lögskráningar fer eftir ákvæðum 7. - 13. gr. laga um lögskráningu sjómanna.

Þegar útgerð rekur eitt eða fleiri farþegaskip til skoðunarferða er lögskráningarstjórum heimilt að ákveða fyrirkomulag lögskráningar á annan hátt en kveðið er á um í 4. og 5. gr. laga um lögskráningu sjómanna. Heimilt er að lögskrá fyrirfram fyrir einn mánuð í senn skv. sérstakri áætlun útgerðarmanns um mönnun hvers farþegaskips fyrir sig. Í slíkum tilvikum skal útgerðarmaður eða skipstjóri skipsins leggja fram:

1. yfirlýsingu um að hann muni manna skipið í samræmi við lög og reglur, þar með talið að einungis lögmætir handhafar tilskilinna skírteina verði í áhöfn, að það verði mannað í samræmi við tilskilinn lágmarksfjölda og að tilskildar líf- og slysatryggingar áhafnar og farþega muni ætíð vera í gildi,

2. lista yfir skipverja sem munu starfa um borð í skipinu, hvaða starfi þeir muni gegna og skulu þeir vera handhafar tilskilinna atvinnuskírteina til þeirra starfa,
3. mælibréf og haffærisskírteini skipsins,
4. yfirlýsingu frá tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og skal lögskráningarstjóri ganga úr skugga um að þær tryggingar séu í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga,
5. staðfestingu á að þeir einstaklingar sem munu starfa um borð hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna í samræmi við lög um lögskráningu sjómanna og reglugerð þessa og námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingastofnun, sbr. lög nr. 76/2001.

Útgerðarmaður farþegaskips sem nýtur heimildar skv. 2. mgr. skal senda lögskráningarstjóra mánaðarlega yfirlit um hvernig skipið eða skipin hafi verið mönnuð og skal lögskráð eftir því yfirliti, þannig að fram komi heildardagafjöldi hvers skipverja í hverri stöðu fyrir sig. Jafnframt skal tilkynna lögskráningarstjóra þegar nýr starfsmaður er ráðinn, lætur af störfum eða fer í leyfi um lengri eða skemmri tíma.

Greiða skal mánaðargjald fyrir lögskráningu sjómanna vegna hverrar stöðu á þeim skipum sem lögskráð er á, nú kr. 500, sbr. 13. tölul. 13. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991.

Skilyrði þessarar framkvæmdar á lögskráningu er að þeir sem þurfa sérstök atvinnuréttindi skipstjórnar- eða vélstjórnarmanns hafi slík réttindi til starfa á skipum útgerðarinnar og að útgerðin hafi tilskilin leyfi til farþegaflutninga í atvinnuskyni frá Siglingastofnun Íslands, sbr. lög nr. 74/1998 og reglugerð um leyfi til farþegaflutninga með skipum nr. 463/1998 og að fjöldi í áhöfn skipanna sé ætíð í samræmi við fyrirmæli Siglingastofnunar Íslands.

4. gr.

Öryggisfræðslunámskeið.

Óheimilt er að ráða mann til starfa á íslenskt skip nema hann hafi hlotið öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum þjálfunaraðila. Óheimilt er að lögskrá skipverja á íslenskt skip nema hann hafi gengist undir námskeið í öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum þjálfunaraðila. Við lögskráningu skipverja skal lögskráningarstjóri krefjast yfirlýsingar um að skipverji hafi gengist undir slíkt námskeið. Ef slíka yfirlýsingu vantar skal ekki lögskráð fyrr en úr því hefur verið bætt. Þó má veita skipverja, sem skráður er í fyrsta sinn, sex mánaða frest til að fullnægja ákvæðinu.

Öryggisfræðslu skipverja skal endurnýja eigi sjaldnar en á fimm ára fresti með námskeiði við Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum þjálfunaraðila. Óheimilt er að ráða mann til starfa á íslenskt skip nema hann hafi endurnýjað öryggisfræðslu við Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum þjálfunaraðila. Við lögskráningu skal lögskráningarstjóri krefjast yfirlýsingar um að skipverji hafi gengist undir öryggisfræðslunámskeið á síðastliðnum fimm árum. Ef slíka yfirlýsingu vantar skal ekki lögskráð fyrr en úr því hefur verið bætt. Skipverjar sem gengust undir námskeið í öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða hjá öðrum viðurkenndum þjálfunaraðila á árinu 1997 eða fyrr hafa frest til að gangast undir slíkt námskeið fyrir 1. janúar 2005.

5. gr.

Brot.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir ákvæðum 17. og 18. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987 með síðari breytingum.

6. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 16. nóvember 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

14. nóvember 2001 Nr. 881

REGLUGERÐ

um kærunefnd fjöleignarhúsamála.

1. gr.
Heiti og hlutverk.

Nefndin heitir kærunefnd fjöleignarhúsamála og hefur hún aðsetur á skrifstofu félagsmálaráðuneytis.

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um hvers konar ágreining milli eigenda fjöleignarhúsa sem varða réttindi þeirra og skyldur samkvæmt lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

2. gr.
Skipan.

Nefndarmenn skulu vera þrír. Félagsmálaráðherra skipar þá og varamenn þeirra til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu frá Húseigendafélaginu en tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður.

Tveir nefndarmenn skulu vera lögfræðingar og einn sérfróður um byggingarmálefni.

Nefndinni skal heimilt að ráða sér starfsmann að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti.

3. gr.
Þagnarskylda.

Nefndarmönnum ber að gæta þagmælsku um þau atvik sem þeim verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- og einkahagsmuna. Sama gildir um þá sem starfa fyrir nefndina. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

4. gr.
Kostnaður.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.
Málatilbúnaður.

Eigendum fjöleignarhúsa, einum eða fleiri, er heimilt en ekki skylt að leita til nefndarinnar með ágreiningsefni sín.

Áður en kærunefnd tekur mál til meðferðar skal það að jafnaði hafa hlotið afgreiðslu innan húsfélags. Sé um að ræða ágreining sem stjórn húsfélagsins ber að veita eigendum

upplýsingar um samkvæmt lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, skal eigandi áður en hann leggur mál fyrir kærunefnd vera búinn að leita eftir skýringum hússtjórnar á málinu.

Í álitsbeiðni skal skilmerkilega gera grein fyrir ágreiningi aðila. Gera skal skýrar kröfur um tiltekna niðurstöðu fyrir nefndinni og skal rökstyðja kröfurnar með eins ítarlegum hætti og unnt er.

Nefndin veitir ekki umsagnir um fræðilegar spurningar heldur tekur afstöðu til krafna aðila.

6. gr.

Form og efni álitsbeiðni.

Beiðni um álitsgerð skal vera skrifleg.

Í álitsbeiðni skulu eftirtalin atriði koma fram:

1. Upplýsingar um álitsbeiðanda, svo sem nafn og heimilisfang þess sem leggur fram málið.
2. Upplýsingar um gagnaðila, svo sem nafn og heimilisfang þess sem ágreiningur er við.
3. Upplýsingar um viðkomandi fjöleignarhús, svo sem aldur húss, fjöldi eignarhluta, stjórnarfyrirkomulag og nafn formanns húsfélagsins.
4. Ágreiningsefni.
5. Kröfur og rökstuðningur.

Með álitsbeiðni skulu fylgja þau gögn sem varpað geta ljósi á mál, svo sem fundargerð húsfundar, eignaskiptayfirlýsing, teikningar og bréfaskriftir aðila um málið.

Nefndin skal láta útbúa sérstakt eyðublað fyrir erindi til nefndarinnar. Ekki er skylt að nota eyðublaðið.

7. gr.

Málsmeðferð.

Þegar erindi berst nefndinni skal það lagt fram á næsta fundi nefndarinnar.

Ef málatilbúnaður álitsbeiðanda er fullnægjandi skal gagnaðila sent afrit af erindinu og honum gefinn 10 daga frestur til að koma á framfæri við nefndina sjónarmiðum sínum, kröfum og rökstuðningi fyrir þeim.

Þegar greinargerð gagnaðila berst nefndinni skal hún lögð fram á næsta fundi hennar og skal afrit af greinargerðinni sent álitsbeiðanda.

Nefndin skal senda aðilum afrit af öllum gögnum sem berast í málinu.

Nefndinni er heimilt að vísa máli frá í upphafi eða á síðar stigum enda fullnægi það ekki að mati nefndarinnar lágmarkskröfum til að unnt sé að taka það til efnismeðferðar. Þó skal nefndinni heimilt, sé málatilbúnaður álitsbeiðanda ófullnægjandi, að veita honum stuttan frest til að bæta þar úr.

8. gr.

Málalyktir.

Nefndin skal skila skriflegri, rökstuddri álitsgerð um málið. Hafi nefndin skilað áliti í sambærilegu máli er henni heimilt að vísa bréflega til þeirrar úrlausnar og skal aðila þá veittur 10 daga frestur til þess að taka til þess afstöðu hvort hann óski allt að einu eftir því hvort málið verði tekið til efnislegrar úrlausnar.

Ágreiningsefnum verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

9. gr.

Málshraði.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og skila áliti svo fljótt sem kostur er og jafnan innan tveggja mánaða frá því að erindi barst henni.

10. gr.
Útgáfa álitsgerða.

Nefndin skal birta allar álitsgerðir sínar opinberlega. Skulu nöfn einstaklinga og heimilisföng ekki koma fram við opinbera birtingu. Frá þessu er gerð sú undantekning að götuheiti og húsnúmer koma fram ef mál fjallar um hugtakið hús, þ.e. hvort sambygging teljist eitt hús eða fleiri í skilningi laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994.

11. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. mgr. 80. gr. laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. nóvember 2001.

Páll Pétursson.

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir.

19. nóvember 2001 Nr. 882

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum) (IV).

1. gr.

Með reglugerð þessari öðlast eftirfarandi reglugerðir ráðsins (EB) gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans, að því leyti sem þær lúta að réttindum úr lífeyrissjóðum og réttindum til barnabóta:

1. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 frá 29. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til sérstakra bótakerfa fyrir opinbera starfsmenn.
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 307/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 575/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, með það í huga að rýmka gildissvið þeirra þannig að þær nái til námsmanna.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/99 frá 29. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

Vísað er til þeirra reglugerða ráðsins sem hér um ræðir í VI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu

EES-nefndarinnar nr. 7/2000 frá 28. janúar 2000, 8/2000 frá 4. febrúar 2000 og 9/2000 frá 28. janúar 2000. Reglugerðir ráðsins gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í nefndum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/98 nær hugtakið: „bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn“ m.a. til Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Reglugerðirnar fjalla að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi og réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1606/98, 307/1999 og 1399/99 og ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2000, 8/2000 og 9/2000, sbr. 1. gr., sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 20, 12. apríl 2001, bls. 95-129, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 847/2001.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. nóvember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Tómas N. Möller.

Nr. 883 9. nóvember 2001

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafa- og minningarsjóður Skjólgarðs. Sjálfseignarstofnunin Skjólgarður er stofnandi sjóðsins.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2.000.000 og má ekki skerða þá fjárhæð. Stofnféð skal árlega taka breytingum miðað við neysluverðsvísitölu og skal miðað við grunnvísitöluna 174.2 stig.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að taka þátt í að fjármagna kaup á tækjum og búnaði fyrir Skjólgarð.

2. Að stuðla að eflingu heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði með fjárframlögum í einstök verkefni, þó ekki til almenns rekstrar.
3. Að veita lán til uppbyggingar heilbrigðis- og öldrunarmála í sveitarfélaginu.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:
1. Gjafir og áheit til sjóðsins.
2. Sala minningarkorta Skjólgarðs.
3. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
4. Vextir af lánum.
5. Aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður framlög úr sjóðnum hverju sinni og eðlileg lánakjör.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og tveir til vara. Þeir eru tilnefndir af heilbrigðis- og öldrunarráði Hornafjarðar í upphafi hvers kjörtímabils nýrrar bæjarstjórnar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Ársreikningur skal undirritaður af stjórn sjóðsins fyrir lok júní ár hvert og sendur Ríkisendurskoðun eins og lög og reglur mæla fyrir um.

9. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður varðveitir eignir sjóðsins og skal leitast við að ávaxta hann á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það er talið nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna eða annarra ríkra ástæðna. Engin breyting á skipulagsskrá fær þó gildi nema til komi samþykki meirihluta kjörinna stjórnarmanna í heilbrigðis- og öldrunarráði Hornafjarðar.

11. gr.

Ef sjóðurinn verður lagður niður þá skulu eignir sjóðsins renna til Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem skal ráðstafa þeim í þágu aldraðra í sveitarfélaginu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um vátryggingafjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að vátryggingafjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 48.500.000 króna vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 28.000 krónur að lágmarki og 280.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að vátryggingafjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 4.850.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar um akstursíþróttir og aksturskeppni nr. 257 18. apríl 2000, gildir fyrir árið 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. nóvember 2001.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Sandra Baldvinsdóttir.

Nr. 885 8. nóvember 2001

REGLUR

um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Ákvörðun um fjöldatakmörkun.

Læknadeild leggur fyrir háskólaráð, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í læknisfræði og sjúkraþjálfun. Skal beiðni frá læknadeild þar að lútandi send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur læknadeildar eigi síðar en í janúar.

Ákvörðun um fjölda nýnema sem teknir eru inn ár hvert, gildir í 3 ár. Heimilt er að endurskoða ákvörðun innan tímabilsins, vegna breyttra aðstæðna.

2. gr.

Inntökupróf.

Inntökupróf er haldið í júní ár hvert, í fyrsta sinn árið 2002, samkvæmt nánari ákvörðun læknadeildar að höfðu samráði við framkvæmdastjóra kennslusviðs Háskóla Íslands. Prófið er haldið á vegum Háskóla Íslands og í húsnæði hans.

Læknadeild auglýsir prófið og liggur sérstök lýsing á framkvæmd þess frammi á skrifstofu deildarinnar.

Nemendur skulu vera skráðir sérstaklega til inntökuprófsins hjá nemendaskrá Háskóla Íslands áður en þeir ganga til prófsins. Tiltekinn fjöldi, ákveðinn skv. 1. gr., þeirra nemenda sem bestum árangri ná í prófinu fá rétt til náms í læknadeild Háskóla Íslands – læknisfræði eða sjúkraþjálfun, sbr. 4. gr. Nemandi sem öðlast rétt til náms í læknadeild að loknu inntökuprófi, skal hefja námið á næsta haustmisseri eftir prófið. Að öðrum kosti hefur hann

fyrirgert rétti sínum til náms í læknadeild á grundvelli þessa inntökuprófs, en þann rétt öðlast þá sá nemandi sem næstur var því að öðlast rétt til náms á grundvelli sama inntökuprófs. Séu tveir eða fleiri nemendur jafnir öðlast báðir eða allir rétt til náms á næsta haustmisseri.

3. gr.

Skráning til inntökuprófs.

Skráningu til inntökuprófsins skal lokið fyrir 5. júní. Skráning getur farið fram enda þótt nemandi hafi þá ekki lokið stúdentsprófi, en þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi.

Heimilt er á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands að innheimta próftökugjald til að kosta gerð, fyrirlögn og yfirferð inntökuprófa. Ef próftökugjald er innheimt fer um fjárhæð þess og innheimtu eftir sameiginlegum reglum fyrir Háskóla Íslands.

4. gr.

Skrásetning til náms í Háskóla Íslands.

Skrásetningu þeirra sem þreyta inntökupróf skv. þessum reglum og öðlast rétt til náms í læknadeild skal lokið fyrir 20. ágúst. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í læknadeild eiga þess kost að skrásetja sig innan sömu tímamarka í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

5. gr.

Framkvæmd og námsefni í inntökuprófi.

Undirbúningur fer fram af hálfu læknadeildar í samstarfi við kennara framhaldsskóla. Prófið tekur tvo daga með þremur tveggja tíma próftímum hvorn daginn, eða 12 klst. alls.

Í stað hefðbundinna viðtala, sem víða tíðkast við inntöku nýnema, verður prófið að hluta til mat á almennri þekkingu, nálgun og úrlausn vandamála svo og spurningar um siðfræðileg álitaefni. Tveir tveggja tíma próftímar verða nýttir fyrir þennan hluta er gildir 30% af heild. Í þeim hluta er um að ræða krossapróf og stuttar ritgerðir. Þessi prófþáttur byggir ekki á ákveðnu námsefni.

Hinir próftímarnir fjórir verða fyrir krossapróf eingöngu (70% hluti) með tveimur mínútum að meðaltali fyrir hverja spurningu eða samtals 240 spurningar.

Sá hluti miðast við námsefni framhaldsskóla svo sem lýst er hér á eftir. Þeim námskeiðum sem mælt er með til undirbúnings er lýst í „Aðalnámskrá framhaldsskóla – almennur hluti, 1999“.

Í fyrsta sinn (árið 2002) verður einkum miðað við þau námskeið sem eru í kjörnum mála-, náttúrufræði- og félagsmálabrauta. Áherslur einstakra greina úr ráðlögðum undirbúningsnámskeiðum geta síðar orðið mismunandi frá einu ári til annars.

Þeir áfangar sem lagðir eru til grundvallar fyrir prófið eru eftirfarandi:

a) Eðlisfræði, EÐL 103, 203, 303.
b) Efnafræði, EFN 103, 203, 303, 313.
c) Enska, ENS 103, 203, 303, 403.
d) Félagsfræði, FÉL 103, 203.
e) Íslenska, ÍSL 102, 202, 212, 303, 403, 503.
f) Náttúruvísindi, NÁT 103, 113, 123, LÍF 103.
g) Saga, SAG 103, 203.
h) Stærðfræði, STÆ 103, 203, 303, 403, 503.
i) Tölfræði, STÆ 313, 413.
j) Tölvufræði, TÖL 103, 113, 203.
k) Sálarfræði, SÁL 103, 203.

Læknadeild tilnefnir umsjónarmenn með samningu prófsins og til að fara yfir prófúrlausnir. Háskólarektor skipar, að fengnum tillögum læknadeildar, prófdómara einn eða fleiri eftir atvikum.

Þar sem ekki er um að ræða krossapróf dæma umsjónarmenn annars vegar og prófdómari hins vegar úrlausnir og gefa sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnir. Endanleg niðurstaða er meðaltal þeirra einkunna.

Lágmarkseinkunn er 5,0. Einkunnir verða reiknaðar með tveimur aukastöfum.

Próf verða síðar aðgengileg á netinu.

6. gr.

Skorir læknadeildar.

Inntökupróf er sameiginlegt fyrir báðar skorir læknadeildar, læknisfræði og sjúkraþjálfun, en heimilt er að hafa mismunandi vægi í einstökum prófgreinum fyrir hvora skor enda verði það auglýst sérstaklega. Við innritun í prófið ákveða nemendur fyrir hvora skorina (læknisfræði eða sjúkraþjálfun) prófúrlausn þeirra skuli metin með því að merkja töluna 1 við þá skor sem við á. Jafnframt geta nemendur óskað þess að prófúrlausn þeirra verði einnig metin til hinnar skorarinnar með því að merkja töluna 2 við þá skor. Þeir sem merkja töluna 1 við ákveðna skor ganga fyrir þeim sem merkja töluna 2 og koma þeir því fyrst til álita ef ekki ná nógu margir einkunninni 5,0 í þeirri skor (sbr. 1. gr.).

Aðrar deildir geta gerst aðilar að prófinu samkvæmt sérstökum samningi milli deildanna.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar um inntöku nýnema í læknadeild, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 89. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Ákvæði til skýringar.

Nemendur sem hafa áður þreytt samkeppnispróf á vegum læknadeildar (síðasta próf haustið 2001) en ekki hlotið rétt til náms í læknadeild vegna fjöldatakmarkana, þurfa einnig að undirgangast það inntökupróf sem hér er lýst (sumar 2002), óski þeir að sækjast eftir námi í læknadeild á ný. Ekki verður haldið sérstakt próf með gamla laginu (numerus clausus) haustið 2002.

Um er að ræða próf til inntöku nýnema til náms í heilbrigðisvísindum. Hugtakið „almenn þekking“ í skilningi reglna þessara miðast því við það markmið en sviðið er í sjálfu sér ekki takmarkað að öðru leyti en því, að leitað verður eftir þekkingu á málefnum líðandi stundar s.s. á sviði mannlegra þátta, sögu og menningar hvers konar, félagsfræði og heilbrigðisumræðu. Nálgun og úrlausn vandamála, svo og siðfræðileg afstaða, verða metin eftir lausnum sérstakra vandamála sem verða sett fram sem sjúkratilfelli eða annars konar vandamál til úrlausnar. Höfundar prófsins munu við gerð þess ákveða fyrirfram hvaða áherslum er verið að sækjast eftir til að byggja ramma utan um einkunnagjöf.

Háskóla Íslands, 8. nóvember 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda árið 2002.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 2002 vera 0,04% af gjaldstofni, sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. nóvember 2001.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Hafnarstræti – vistgata. Takmörkun umferðar.

Hafnarstræti verður breytt úr göngugötu í vistgötu. Gatan verður opin fyrir umferð frá kl. 08.00 til 22.00 alla daga.

Að fengnu leyfi bæjarverkfræðings má loka götunni um tiltekinn tíma. Sá sem óskar eftir lokun götunnar skal auglýsa lokunina ásamt þeim viðburði sem fara á fram í götunni.

Umferð skal vera til norðurs allt að Brekkugötu og meginumferð skal sveigð til austurs sunnan við Ráðhústorg. Einungis verður leyfilegt að taka hægri beygju suður Skipagötu.

Samkvæmt 3. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru eftirfarandi reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana samþykktar.

Stöðumælagjald í bifreiðastæðum í Hafnarstræti og við sunnanvert Ráðhústorg verður kr. 100 fyrir hverja klst.

Stöðumælagjald í Skipagötu að vestan hækkar úr kr. 60 í kr. 100 fyrir hverja klst.

Settir verða upp miðamælar neðan til í Gilsbakkavegi og Oddagötu og 13 stöðumælar í Brekkugötu sunnan Oddeyrargötu. Tímagjald stöðumæla verður kr. 10 fyrir hverja byrjaðar 15 mín. Íbúum á ofangreindum svæðum verður gefinn kostur á íbúakortum án gjaldtöku.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

F.h. sýslumannsins á Akureyri, 13. nóvember 2001.

Guðjón J. Björnsson fulltrúi.

REGLUR

um breytingu (5) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Upphafsmálsliðir 1. mgr. 101. gr. reglna nr. 458/2000 breytast og verða svohljóðandi:
Heimspekideild veitir kennslu sem hér segir:

Til B.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspeki, íslenska, ítalska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska, táknmálsfræði og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar er á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og með samþykki háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 8. nóvember 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 889 20. nóvember 2001

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 781.257.
Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 56.230.
Breyting þessi tekur gildi 1. desember 2001 og gildir til 31. nóvember 2002.

Fjármálaráðuneytinu, 20. nóvember 2001.

F. h. r.

Ragnheiður Snorradóttir.

Telma Halldórsdóttir.

Nr. 890 23. nóvember 2001

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum sem hér segir frá og með 1. desember 2001 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,60 kr. á lítra
gasolía	0,88 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,80 kr. á kg
flugvélabensín	0,15 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 23. nóvember 2001.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

22. nóvember 2001 Nr. 891

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðaræjka samtals	2.250
þ.a. Arnarfjörður	750
þ.a. Ísafjarðardjúp	1.500
þ.a. Húnaflói	0
þ.a. Skagafjörður	0
þ.a. Skjálfandi	0
þ.a. Öxarfjörður	0

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. nóvember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 976, 28. desember 2000, fyrir Akranesveitu.

1. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

AV selur heitt vatn í smásölu samkvæmt magnmælingu um rennslismæla. Fast gjald er greitt og er það háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti. Af húsi sem tengist hitaveitunni skal greiða stofngjald.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 og öðlast gildi 1. desember 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 26. nóvember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 893 22. nóvember 2001

REGLUGERÐ

um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalaþýðendur.

1. gr.

Sá sem vill öðlast rétt til að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi samkvæmt lögum um dómtúlka og skjalþýðendur nr. 148 20. desember 2000 skal, samkvæmt ákvæðum 3. gr. nefndra laga, sanna kunnáttu sína í tungu þeirri sem hann vill öðlast rétt til að túlka fyrir dómi og þýða skjöl úr og á með því að standast prófraun sem dómsmálaráðuneytið efnir til.

Með umsókn um að þreyta prófraun skal fylgja sakavottorð og yfirlýsing umsækjanda um að hann sé lögráða. Einnig skal fylgja yfirlit um nám og starfsferil.

2. gr.

Efna skal til prófraunar að jafnaði annað hvert ár. Prófraun til skjalaþýðingarréttinda er skrifleg og skiptist í tvo hluta, sameiginlegt próf í prófstofu og heimaverkefni. Fyrir þá sem óska eftir að öðlast réttindi sem dómtúlkar fer fram sérstök munnleg prófraun. Prófraun skal hagað sem hér segir:

I. Sameiginlegt próf í prófstofu.

Prófið fer fram undir eftirliti prófstjórnar. Haldin eru tvö fjögurra tíma skrifleg próf. Í öðru prófinu er þýtt úr erlenda málinu á íslensku en í hinu úr íslensku á erlenda málið. Textar í hvoru prófi skulu vera samtals 500 orð að jafnaði. Við prófstökuna má nota orðabækur og önnur hjálpargögn sem prófstjórn samþykkir. Ekki er heimilt að nota tölvur eða ritvélar.

II. Heimaverkefni.

Prófið felst í því að próftaki fær tvo texta til þýðingar, annan á íslensku og hinn á hinu erlenda máli. Skal hvor texti vera um það bil 500 orð og valinn þannig að hann reyni á færni próftaka til að þýða erfiða texta á gott mál og til að leita fanga um lausn á þýðingarvanda sem skjalaþýðendur geta þurft að glíma við. Skal próftaki skila heimaverkefni innan viku frá móttöku þess.

III. Munnlegt próf í dómtúlkun.

Prófið fer fram að viðstaddri prófnefnd. Próftaki skal túlka talað mál úr íslensku á hið erlenda mál og úr því á íslensku. Próftími skal vera 20-30 mínútur. Verkefnin skulu vera á hljóð- eða myndbandi eða sambærilegum miðli og varða dæmigert réttarhald, svo sem vitnaleiðslu. Skal próftaki túlka verkefnið í stuttum lotum, eins og tíðkast við réttarhöld.

3. gr.

Prófstjórn skal efna til kynningar fyrir þá sem hyggjast þreyta próf og ber próftaka að sækja slíka kynningu. Skal þar leiðbeint um frágang skjala og kynnt lög og reglugerðir er snerta störf skjalaþýðenda.

4. gr.

Þeir sem óska eftir að þreyta prófraun skulu, er þeir leggja fram umsókn, greiða prófgjald sem dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum prófstjórnar. Skal gjaldið miðað við að það nægi til að mæta kostnaði við prófraunina í heild.

Gjaldið er óendurkræft þótt próftaki standist ekki prófið eða mæti ekki til prófs.

5. gr.

Dómsmálaráðherra skipar til 4 ára í senn þriggja manna prófstjórn til að sjá um framkvæmd prófs skv. 3. gr. og samræmingu starfa prófnefnda.

Dómsmálaráðherra skipar fyrir hvert próftímabil prófnefnd sem skal skipuð formanni og tveimur meðprófdómendum fyrir hvert það mál sem prófað er í. Skulu tveir þeirra vera löggiltir skjalaþýðendur í viðkomandi máli ef kostur er og einn sérfróður um íslenskt mál.

6. gr.

Prófdómendur skulu í sameiningu meta úrlausnir.

Við mat á úrlausnum á skriflegu prófi skal prófnefnd leggja áherslu á að þýðing sýni fullkominn skilning á frumtexta, málfar sé gott og að próftaki komi til skila stíl þess texta sem þýddur er.

Við mat á heimaverkefni er krafist réttrar þýðingar að mati prófnefndar, að málfar sé gott, stíll viðeigandi og frágangur vandaður, enda standist úrlausnin að öllu leyti kröfur sem gerðar eru til skjala sem hafa réttarlegt gildi.

Þegar prófnefnd hefur farið yfir úrlausnir og lagt mat sitt á þær, getur hún krafist þess að próftaki geri grein fyrir þeim munnlega.

Við mat á frammistöðu próftaka í munnlegu prófi í dómtúlkun skal prófnefnd einkum taka mið af nákvæmni, málfærni og glöggum skilningi próftaka.

Að mati loknu skal prófnefnd senda prófstjórn greinargerð um úrlausnir hvers próftaka, undirritaða af öllum prófnefndarmönnum, þar sem fram kemur mat á því hvort hún telji próftaka hafa kunnáttu og leikni til að öðlast löggildingu sem dómtúlkur og/eða skjalaþýðandi, bæði úr íslensku á hið erlenda mál og úr hinu erlenda máli á íslensku eða aðeins af hinu erlenda máli á íslensku eða öfugt. Mat prófnefndar er endanlegt.

Prófstjórn gefur út prófskírteini til þeirra sem staðist hafa próf þar sem fram kemur í hvaða máli og í hvaða þáttum prófs próftaki hefur staðist próf. Ráðherra veitir löggildingu að fenginni umsókn próftaka og greiðslu löggildingargjalds samkvæmt aukatekjulögum.

7. gr.

Nú er ekki kostur á prófdómendum í tungumáli sem sótt er um löggildingu í og má þá, ef sérstaklega stendur á, veita hana á grundvelli háskólaprófs og verulegrar reynslu í þýðingum, enda leggi umsækjandi fram fullnægjandi gögn þar um og prófstjórn mæli með því. Einnig er heimilt að veita löggildingu án prófs á grundvelli erlendrar löggildingar ef annað þeirra tungumála sem hún nær til er íslenska og prófstjórn mælir með því.

8. gr.

Heimilt er að veita löggildingu til starfa sem dómtúlkur fyrir heyrnarlausa. Þeir sem óska slíkrar löggildingar skulu sanna hæfni sína fyrir prófnefnd. Gilda ákvæði reglugerðar þessarar um slíkt próf eftir því sem við á.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um dómtúlka og skjalþýðendur nr. 148 20. desember 2000 öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um sama efni nr. 26 16. janúar 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. nóvember 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

Nr. 894 5. nóvember 2001

AUGLÝSING

um umferð í Vesturbyggð.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði hefur ákveðið, að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vesturbyggðar samkvæmt 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að:

Patreksfjörður:

Einstefna á Aðalstræti í suður frá vegamótum við Urðargötu að lóð nr. 62 við Aðalstræti er felld úr gildi, og umferð leyfð í báðar áttir.

Setja ber upp viðeigandi umferðarmerki vegna ákvörðun þessarar, sbr. 85. gr. umferðarlaga.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði, 5. nóvember 2001.

Þórólfur Halldórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 120 – 2001

28. nóvember 2001 2699 Nr. 895

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

Í stað: „1. desember 2001“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðbirgða, sbr. reglugerð nr. 750, 10. október 2001, komi: 1. febrúar 2002.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 36, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. nóvember 2001.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

23. nóvember 2001 Nr. 896

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI
Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 5,70 á mælieiningu skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Einstökum hafnarstjórnum er heimilt að ákveða lestagjald 2% lægra eða hærra, þ.e. 5,60 - 5,80 kr. á mælieiningu.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,80 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Einstökum hafnarstjórnum er heimilt að ákveða bryggjugjald 2% lægra eða hærra, þ.e. 2,70-2,80 kr. á mælieiningu.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 37,60 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 4.106,00 á mánuði. Einstökum hafnarstjórnum er heimilt að ákveða mánaðargjaldið 2% lægra eða hærra, þ.e. 36,80 - 38,30 kr. á mælieiningu. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 2.686,00 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálft vörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a) Umbúðir sem endursendar eru.
b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 134,80 pr. tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald kr. 259,40 pr. tonn:
Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald kr. 280,10 pr. tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

4. fl.: Gjald kr. 772,10 pr. tonn:
a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

5. fl.: Gjald 1,03%. Einstökum hafnarstjórnum er heimilt að ákveða gjaldið 2% lægra eða hærra, þ.e. 1,01% - 1,05%:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 75,40.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 6. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4., 5., 7. og 8. tl.

14. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum.

Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

a) í athugasemdareitnum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og
b) undir lið 5.2 í fylgiskjali, af gerð B, við alþjóðamengunarvarnaskírteinið (IOPP-skírteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

III. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

15. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

16. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

17. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

18. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum, sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI
Frávik og gildistaka.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórnum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 7/2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi skip ekki alþjóðlegt mælibréf, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969 er hafnarstjórn heimilt að miða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari við brúttórúmlestatölu skips. Þegar svo háttar skal lestagjald vera kr. 10,10 á mælieiningu og bryggjugjald kr. 5,10 á mælieiningu, sbr. 4. og 5. gr. gjaldskrár þessarar.

Samgönguráðuneytinu, 23. nóvember 2001.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig sjúkraliða og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má veita þeim, sem lokið hefur námi frá skóla hér á landi sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið viðurkennir.

Leyfi má og veita þeim sem lokið hefur hliðstæðu námi erlendis. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Sjúkraliðafélags Íslands og hjúkrunarráðs.

3. gr.

Starfsvettvangur sjúkraliða er á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

Sjúkraliði starfar á hjúkrunarsviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Sjúkraliði starfar einkum við almenna og sérhæfða umönnun sjúkra og við þau hjúkrunarstörf sem hann hefur menntun og faglega færni til að sinna. Við mat á faglegri færni skal tekið tillit til viðbótarmenntunar sem sjúkraliði hefur aflað sér.

4. gr.

Ekki er heimilt að ráða aðra en sjúkraliða til sérhæfðra umönnunar- og hjúkrunarstarfa samkvæmt 3. mgr. 3. gr., nema áður hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum. Hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum á síðustu sex mánuðum án árangurs er þó ekki skylt að auglýsa að nýju.

5. gr.

Sjúkraliða er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum og eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt hann láti af störfum.

6. gr.

Sjúkraliða ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum um sjúkraliða nr. 58/1984, öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. nóvember 2001.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

18. september 2001 2705 Nr. 898

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróagjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 3. gr. samþykktar um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi nr. 841/2001.

2. gr.

Rotþróagjald árið 2002 er kr 3.000 á rotþró.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps 17. september 2001, skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, tekur gildi 1. janúar 2002.

Borgarfirði, 18. september 2001.

Magnús Þorsteinsson oddviti.

26. nóvember 2001 Nr. 899

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti“, v/Grandatraðar 10, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 23. ágúst 2001 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti“, v/Grandatraðar 10, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að byggingarreitur er tvöfaldaður á lóðinni og bílastæðum fjölgað í samræmi við stækkun.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 26. nóvember 2001.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 499/1997 um dýrahald í atvinnuskyni.

1. gr.

Síðasta málsgrein þriðju greinar orðast svo:

Umsókninni skal fylgja samþykki viðkomandi heilbrigðisnefndar og álit viðkomandi héraðsdýralæknis. Einnig skulu fylgja upplýsingar um afstöðu nágranna hátti þannig til.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 15/1994, um dýravernd, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. nóvember 2001.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurður Á. Þráinsson.

AUGLÝSING

um óverulegar breytingar á deiliskipulagi við Viðskiptaháskólann á Bifröst, Borgarbyggð.

Breytingar felast í að reitur undir skólabyggingar stækkar til norðausturs jafnframt því sem byggingarreitum fyrir nýja nemendagarða (Ásgarður, Miðgarður og Útgarður) norðan við kennsluhúsnæði er breytt og vegur sem að þeim liggur færður til og lengdur.

Ofangreindar breytingar hafa fengið meðferð samkvæmt grein 7.2.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið breytingarnar samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag með áorðnum breytingum öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 26. nóvember 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 22. nóvember 2001 staðfest aðalskipulag Laugardalshrepps 2000-2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Laugardalshrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulag þetta öðlast þegar gildi.

Geysi, Biskupstungnahreppi, 22. nóvember 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

22. nóvember 2001 Nr. 903

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 22. nóvember 2001 staðfest aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000 - 2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Biskupstungnahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulag þetta öðlaðst þegar gildi.

Geysi, Biskupstungnahreppi, 22. nóvember 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

28. nóvember 2001 Nr. 904

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.

1. gr.

Við 1. gr. 1.1 bætast eftirfarandi skilgreiningar:

Eldishópur:	Einn hópur jafngamalla alifugla sem er alinn í sama eldishúsi þar sem allir fuglar hafa aðgang að sama eldisrými.
Sláturhópur:	Eldishópur eða hluti af eldishópi sem slátrað er á sama degi.
Framleiðandi:	Fyrirtæki eða einstaklingur/einstaklingar sem elur alifugla á einum eða fleiri stöðum.
Gerlafræðileg rannsókn:	Rannsóknaraðili og rannsóknaraðferðir skulu vera viðurkenndar af embætti yfirdýralæknis.

2. gr.

Við 6. gr. bætast eftirfarandi málsgreinar:

Framleiðandi skal einkenna hvern kjúklinga-, kalkúna- og andaeldishóp í útungunarstöð með sérstöku rekjanleikanúmeri. Númer þetta skal vera minnst átta tölustafir og skal vera þannig uppbyggt að fyrstu þrír tölustafirnir merkja alifuglaframleiðandann, síðan koma tveir tölustafir fyrir árið, tveir fyrir vikuna sem ungarnir eru klaktir og að lokum einn stafur fyrir eldishópinn. Framleiðandi sláturfugla skal sjá til þess að rekjanleikanúmer eldishópsins fylgi honum til slátrunar. Öll sýni úr útungunar- og eldishópum skulu auðkennd með rekjanleikanúmerinu.

Framleiðandi skal starfrækja innra eftirlit til að tryggja gæði, öryggi og hollustu alifuglaafurða. Innra eftirlit skal viðurkennt af viðkomandi héraðsdýralækni.

3. gr.

Grein 11.9 hljóði svo:

Senda skal sýni úr varpfuglum til gerlafræðilegra rannsókna samkvæmt eftirfarandi reglum:

2-4 vikna: 60 saursýni.
12-15 vikna: 60 saursýni.

4. gr.

Við 13. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

Senda skal sýni úr varpfuglum til gerlafræðilegra rannsókna samkvæmt eftirfarandi reglum:

25-30 vikna: 60 saursýni.
55-60 vikna: 60 saursýni.

5. gr.

Grein 14.5 hljóði svo:

Sýnataka úr kjúklingaeldi til gerlafræðilegra rannsókna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

a) Vegna salmonella: Taka skal 60 saursýni þegar fuglar eru 14 - 21 daga gamlir.

b) Vegna hitaþolinna campylobactersýkla: Taka skal 10 saursýni 2 - 5 daga fyrir slátrun.

6. gr.

Við 15. gr. bætast eftirfarandi málsgreinar:

Slátra skal öðrum alifuglum 14 dögum fyrir slátrun til gerlafræðilegra rannsókna, að lágmarki 10 fuglum.

Einnig er heimilt að framkvæma sýnatökur með öðrum hætti, að fengu samþykki yfirdýralæknis.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl. og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 88/2000 og 433/2000 um breytingu á reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um einkennisbúninga, merki og búnað tollgæslunnar.

1. gr.

Klæðaburður.

Tollverðir skulu ganga í einkennisbúningum við störf sín. Tollvörðum er heimilt að vera án einkennisjakka og einkennishúfu við störf innandyra og við akstur tollbifreiða. Jafnframt er tollvörðum heimilt að vera án einkennisjakka við störf utandyra á góðviðrisdögum. Þegar tollverðir sinna sérstökum skammtímaverkefnum, mega þeir, í samráði við tollstjóra, vera óeinkennisklæddir.

Einkennisklæddur tollvörður skal ganga með einkennishúfu utanhúss. Tollverðir, sem kenna við Tollskóla ríkisins, skulu vera einkennisklæddir við kennslu.

Tollstjórar geta ákveðið að tollverðir séu óeinkennisklæddir við störf, enda sinni þeir þannig verkefnum, að ekki sé talið nauðsynlegt eða æskilegt að þeir klæðist einkennisfatnaði. Þeir skulu koma einkennisklæddir til starfa þegar tollstjóri ákveður. Samkvæmt ákvörðun tollstjóra er tollvörðum heimilt að klæðast skyrtu 2, með eða án bindis, með einkennisfötum 2, 3 og samfestingum. Tollstjórinn í Reykjavík ákveður lit og gerð skyrtu 2.

Í heiðursverði skulu tollverðir klæðast einkennisfötum 1, hvítum hönskum og svörtum einkennisskóm. Heimilt er að klæðast regnfrakka sem yfirhöfn.

2. gr.

Einkennisföt 1.

Einkennishúfa 1 skal vera með 5 cm breiðri uppistandandi gjörð, 6 cm reisn að framan og 4 cm að aftan, kringlóttum hvítum kolli, svörtu gljáleðursskyggni og 14 mm hökuól, sem fest sé á gjörðina með tveimur litlum einkennishnöppum. Á gjörð skal vera gylltur borði, 10 mm breiður og á honum að framan ofið hringmerki (kokarde) í íslensku fánalitunum. Á reisn að framan og niður á gjörðina skal vera á 5 cm háum skjaldlaga grunni úr svörtu klæði tollmerki úr gylltum málmi sem þannig skal gert: Bókstafurinn T, 4 cm hár og skjaldarmerki Íslands, 2,5 cm hátt, fellt yfir legg stafsins. Einkennishúfa 1 skal borin með jakka 1 og regnfrakka.

Skyrta skal vera hvít úr lipru, slitsterku efni sem er auðvelt í umhirðu. Hún skal vera með hefðbundnum skyrtukraga, hálf- eða heilerma eftir óskum notanda.

Hálsbindi skal vera úr svörtu taui með föstum hnút og fest með teygju eða klemmu. Nota skal bindisnælu með tollmerkinu, sem úthlutað er með einkennisfatnaði. Þó er heimilt að nota bindisnælu með merki Tollvarðafélags Íslands. Bindisnæla skal borin á miðju bindi.

Jakki 1 skal vera úr svörtu efni með útáliggjandi hornum og kraga, tvíhnepptur með fjórum einkennishnöppum af stærri gerð og axlarsprotum úr mjúku plastefni. Lengd axlarsprota skal vera 14 til 15 cm, breidd við ermasaum 5 cm en 4 cm við kraga. Sá endi sprotans sem er nær kraga skal sniðinn í odd. Axlarsprotar skulu klæddir sama efni og er í jakkanum, vera með gylltum borðum og festir með einkennishnappi. Á hvorri ermi, fremst meðfram ermasaumi, skulu vera 3 einkennishnappar af minni gerð, sá neðsti 2,5 til 3 cm frá brún. Jakkinn skal vera með tveimur innri vösum með loki og brjóstvasa vinstra megin. Þar sem það á við skal neðsti einkennisborði á jakkaermum vera 8 cm frá brún.

Buxur 1 skulu vera úr sama efni og jakki 1, fóðraðar með lipru, slitsterku fóðri. Þær skulu vera síðar, án uppábrota, með tveimur skáliggjandi hliðarvösum og tveimur vösum að aftan. Við buxurnar skal nota svart leðurbelti með einfaldri sylgju eða svört axlabönd.

Regnfrakki skal vera úr vatnsvörðu, svörtu öndunarefni, heilfóðraður með fóðri sem hentar ytra byrðinu. Saumar skulu límdir að innan. Brjóstvasi skal vera vinstra megin í

fóðri. Frakkinn skal vera einhnepptur að framan upp í háls með 5 stórum einkennishnöppum og einföldum kraga með standi. Fyrir neðan mitti á framstykkjum skulu vera innanliggjandi vasar með loki sem sitji þvert á framstykkjum. Ermar skulu vera ísettar tvísaumsermar. Á öxlum skulu vera sprotar, 4,5 cm breiðir og 14 til 15 cm á lengd, klæddir sama efni og er í frakkanum, saumaðir við axlarbrún og festir niður með litlum einkennishnappi nær kraga. Smeygar með tilheyrandi stöðueinkennum skulu dregnir upp á sprotana.

3. gr.

Einkennisföt 2.

Einkennishúfa 2 skal vera úr svörtu, sterku efni með hörðu deri, klæddu sama efni. Hún skal fóðruð með hentugu efni. Framstykki húfunnar skal vera úr stífu efni og á því einkennismerki fyrir miðju. Á mörkum ders og framstykkis skal vera borði, festur til hliðar við framstykkið með litlum einkennishnöppum. Innan í húfunni skulu vera eyrnahlífar sem hægt sé að taka niður. Þær skulu vera úr mjúku, hlýju efni, sem sé bryddað með teygju þannig að þær falli vel yfir eyrun.

Við einkennisföt 2 skal að jafnaði nota hvíta skyrtu nema annað sé ákveðið, samanber 3. mgr. 1. gr.

Við einkennisföt 2 skal eftir aðstæðum nota einkennishúfu 2 eða 3. Tollstjóri getur heimilað við ákveðnar aðstæður að notuð sé einkennishúfa 1 með einkennisfötum 2.

Jakki 2 skal vera úr svörtu, vatnsvörðu efni af vandaðri gerð og skal hann ná vel niður fyrir mitti. Hann skal lokast að framan með sterkum rennilás sem vindhlíf fellur yfir og er hneppt með 4 stórum einkennishnöppum. Jakkinn skal vera með kraga með standi og skulu standurinn og undirkraginn hafa ástungið límfóður. Á framstykkjum jakkans skulu vera tveir brjóstvasar með fellingu og loki sem hneppist með lítilli einkennissmellu. Vasi fyrir handtalstöð skal vera innanliggjandi með loki er lokist með riflás. Ermabrúnir skulu vera bryddaðar með leðri. Innan í ermum skulu vera vindhlífar úr ytrabyrði, saumaðar við fóður og prjónað stroff framan á vindhlíf.

Á báðum öxlum skulu vera axlarsprotar úr sama efni og er í jakkanum, 4,5 cm breiðir og 14 til 15 cm langir, sniðnir í odd, smelltir upp á öxl með einkennissmellu af minni gerð. Smeygar með tilheyrandi stöðueinkennum skulu dregnir upp á sprotana. Á miðjum streng skal vera endurskinsborði, 5 cm breiður og 30 til 35 cm langur að aftan og 5 cm breiður og 20 til 24 cm langur hvorum megin að framan. Á ermum skal vera 5 cm breiður endurskinsborði allan hringinn, 8 cm frá brún. Endurskinsborða á ermum skal sleppt þegar gylltir borðar koma á ermar sem stöðueinkenni. Á baki jakkans skal standa orðið TOLLGÆSLAN, stafir af stafagerðinni Arial, 5 cm á hæð, gerðir úr endurskini. Armmerki skulu vera á báðum ermum.

Buxur 2 skulu vera úr svörtu, slitsterku efni sem líkustu efni í jakka 2. Þær skulu vera síðar, án uppábrota með tveimur skáliggjandi hliðarvösum við streng og tveimur vösum að aftan. Á skálmum skal vera vasi með fellingu og renningi sem saumaður er hornrétt á hliðarsaum. Við buxurnar skal nota svart leðurbelti með einfaldri sylgju eða svört axlabönd.

4. gr.

Einkennisföt 3.

Einkennishúfa 3 (kuldahúfa) skal vera úr svörtu, vönduðu efni. Framan á húfunni skal vera einkennismerki fyrir miðju.

Við einkennisföt 3 skal að jafnaði nota hvíta skyrtu nema annað sé ákveðið, samanber 3. mgr. 1. gr.

Við einkennisföt 3 skal eftir aðstæðum nota einkennishúfu 2 eða 3, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. Tollstjóri getur heimilað við ákveðnar aðstæður að notuð sé einkennishúfa 1 með einkennisfötum 3.

Jakki 3 skal vera úr svörtu, vatnsvörðu öndunarefni og fóðraður með öndunarneti í bol, ermum og hettu. Sídd hans skal vera sem nemur 1/2 líkamshæð mælt í miðju baki frá hálsmáli. Að framan skal hann lokast með tveggja sleða rennilás og tvöföldum vindlista sem lokist með riflás. Á vindlista skulu vera 5 einkennissmellur. Jakkinn skal opnast á báðum hliðum að neðan og lokast með rennilás og riflás. Á jakkanum skal vera fóðruð hetta sem hægt er að brjóta inn í kraga sem staðið geti uppréttur að hálsi. Hann skal vera með talstöðvarvasa í fóðri vinstra megin, í brjósthæð. Á framstykkjum skulu vera tveir brjóstvasar með fellingu og loki sem lokist með riflás og einkennissmellu. Tveir stórir vasar skulu vera neðan mittis með loki sem festist í hliðarsaum. Opi vasanna skal lokað með rennilás en lokin fest niður með riflás á hornum og einkennissmellu. Ermar skulu dregnar saman neðst með 5 cm ermalíningu sem hafi teygju í helmingnum og riflás á spæl. Endurskinsborði, 5 cm breiður, skal vera neðst á fram- og afturstykki og ná á milli vindlista. Jafnbreiður endurskinsborði skal einnig vera framan á ermum og ná allan hringinn, 8 cm frá efri brún teygju. Endurskinsborðum á ermum skal sleppa þegar gylltir borðar koma á þær sem stöðueinkenni. Axlarsprotar, 4,5 cm breiðir, 14 til 15 cm langir og sniðnir í odd, skulu saumaðir við axlarbrún og festir upp á öxl með einkennissmellu. Á baki jakkans skal standa orðið TOLLGÆSLAN, stafir af stafagerðinni Arial, 5 cm á hæð, gerðir úr endurskini. Armmerki skulu vera á báðum ermum. Undir jakka 3 skal nota flísjakka.

Buxur 3 skulu vera úr sama efni og jakki 3 með styrktarefni á skálmum og hnjám, ná vel upp fyrir mitti að framan og vera með mittisteygju á streng að aftan. Sérstaklega skal sniðið fyrir hnjám með tveimur stykkjum úr sérstyrktu efni. Sama efni skal nota til styrkingar innanfótar á skálmum. Buxurnar skulu vera opnanlegar alla leið á hliðum og lokast með tveggja sleða rennilás með vindhlíf yfir sem lokist með riflás og svörtum smellum. Axlabönd úr teygju skulu tengjast á framstykkjum þannig að afturstykkið sé laust. Buxurnar skulu fóðraðar með öndunarneti niður að snjóhlífum en með ytra byrði þar fyrir neðan. Smeygar fyrir tækjabelti skulu sitja fyrir neðan mittislínu. Tveir endurskinsborðar, 5 cm breiðir með 5 cm bili á milli, skulu vera á skálmum, 20 cm frá brún. Undir buxur 3 skal nota flísbuxur.

5. gr.

Annar einkennisfatnaður og búnaður.

Skyrta skal vera úr lipru, slitsterku efni sem er auðvelt í umhirðu. Hún skal vera með hefðbundnum skyrtukraga, hálf- eða heilerma eftir óskum notanda.

Á báðum öxlum skulu vera samlitir axlarsprotar, 4,5 cm breiðir og 14 til 15 cm langir, sniðnir í odd við kraga og hnepptir nær kraga með tölu. Smeygar með stöðueinkennum skulu dregnir upp á sprotana. Á skyrtu skulu vera tveir brjóstvasar með loki sem hneppist með einkennishnappi en að öðru leyti skulu tölur vera hvítar. Armmerki skulu vera á báðum ermum, 7 cm neðan við axlarsaum. Ef notaðir eru lausir ermahnappar skulu þeir vera einkennishnappar með tollmerkinu.

Ofan við hægri skyrtuvasa, fyrir miðju hans, skal sauma svartan borða, 3 cm á hæð og 12 cm á breidd, þar sem ísaumað er með gylltum þræði orðið TOLLGÆSLAN, stafir af stafagerðinni Arial, 11 mm á hæð.

Peysa skal vera prjónuð úr svörtu garni. Á öxlum skulu vera axlarsprotar úr vefnaði, 4,5 cm breiðir og 14 til 15 cm langir, sniðnir í odd, saumaðir við axlarbrún og festir niður með riflás og einkennishnappi eða smellu nær kraga. Stykki úr svörtu, ofnu efni skal koma yfir axlir og ná jafnlangt að aftan og framan. Ofarlega á peysu hægra megin skal sauma svartan borða, 3 cm á hæð og 12 cm á breidd, þar sem ísaumað er með gylltum þræði orðið TOLLGÆSLAN, stafir af stafagerðinni Arial, 11 mm á hæð. Smeygar með ísaumuðum stöðueinkennum skulu dregnir upp á sprotana. Á báðum ermum peysunnar skal vera armmerki, 7 cm neðan við axlarsaum.

Hálsbindi skal vera úr svörtu taui með föstum hnút og fest með teygju eða klemmu. Einungis má nota bindisnælu sem úthlutað er með einkennisfatnaði og ber tollmerkið. Bindisnæla skal borin á miðju bindi.

Samfestingur skal vera úr slitsterku, svörtu efni. Á báðum öxlum skulu vera axlarsprotar úr sama efni og samfestingurinn, 4,5 cm á breidd og 15 cm á lengd, sniðnir í odd. Þeir skulu festir niður með einkennissmellu af minni gerð nær öxl. Bolur skal vera með herðastykki og hreyfivíddarföllum í baki sem koma undir herðastykki. Buxur komi sléttar á bol með 4 cm renningi á milli. Rennilás með millistykki skal vera á utanverðum skálmum þannig að víkka megi skálmar neðst. Svartar smellur skulu vera neðst á skálmum til styrktar rennilás. Framan á bol skulu vera tveir brjóstvasar. Aftan á buxum skulu vera tveir vasar, stungnir utan á, með loki sem lokist með riflás. Á báðum hliðum skálmanna, hornrétt á hliðarsauma, skulu sitja vasar með loki sem lokast með riflás. Á hægri ermi fyrir neðan armmerki skal vera vasi, stunginn utan á, með loki sem lokist með riflás á hornum og smellist niður með einkennissmellu af minni gerð. Á samfestingnum skal vera hefðbundinn blússukragi án milliefnis. Að framan lokist samfestingurinn með tveggja sleða rennilás sem hægt sé að opna bæði að ofan og neðan. Rennilásinn skal ganga upp að kraga og vera hulinn efni. Endurskinsborðar, 5 cm breiðir, skulu vera allan hringinn á skálmum, 20 cm frá brún. Á ermum skulu vera jafnbreiðir endurskinsborðar allan hringinn, 8 cm frá brún. Á þeim skulu einnig vera armmerki, 7 cm neðan við axlarsaum. Þvert yfir bak skal standa orðið TOLLGÆSLAN með stafagerðinni Arial, gert úr endurskinsstöfum, 5 cm á hæð.

Strokkur skal vera úr hlýju, slitsterku, svörtu bandi eða sambærilegu flísefni. Hann má bera innan klæða með öðrum fatnaði en jakka 1.

Hvítir hanskar skulu vera úr lipru, hvítu næloni eða bómull, sem auðvelt er að hirða og skulu þeir ná vel upp á úlnlið. Þeir skulu notaðir með jakka 1 og regnfrakka.

Svartir hanskar skulu vera vandaðir og slitsterkir úr svörtu, mjúku leðri, fóðraðir og ná vel upp á úlnlið.

Endurskinsvesti skal vera úr pólyester-teygjuefni. Efnið skal vera neonrautt með svörtum bryddingum úr samsvarandi efni. Framan á vestið, vinstra megin, skal vera áprentað með svörtu letri orðið TOLLGÆSLAN með stafagerðinni Arial, hæð leturs 2,5 cm. Á baki fyrir miðju skal einnig vera áprentað orðið TOLLGÆSLAN með sama letri, hæð 5 cm og fyrir neðan á ensku CUSTOMS, hæð leturs 4 cm. Endurskinsborðar, 5 cm breiðir, skulu vera allan hringinn neðan við handveg og jafnbreiðir borðar yfir báðar axlir, sem nái niður að þverborða bæði að aftan og framan. Riflásar skulu vera samlitir vestinu. Vestið skal að jafnaði nota úti við þegar skuggsýnt er og slæmt skyggni.

Sokkar skulu prjónaðir úr lipru, slitsterku, svörtu bandi.

Götuskór skulu vera lágir, svartir leðurskór, reimaðir að framan með meðalgrófmynstruðum sóla úr slitsterku efni og með púðum og styrkingum til mikillar notkunar. Þeir skulu vera fóðraðir að innan með leðri. Allur frágangur skal vera vandaður.

Kuldaskór skulu vera úr svörtu, vatnsheldu efni með grófmynstruðum sóla úr slitsterku efni og saumar vatnsheldir, fóðraðir með mjúku slitsterku fóðri, reimaðir að framan og ná upp fyrir ökkla. Allur frágangur skal vera vandaður.

Tækjabelti og tilheyrandi hulstur skulu vera úr svörtu, vönduðu leðri. Um tækjabúnað setur tollstjórinn í Reykjavík nánari reglur sem taki mið af þörfum tollvarða í starfi.

Tollstjóri getur látið tollvörðum í té, eftir því sem hann telur þörf á, öryggishjálma, sloppa, samfestinga, vettlinga og gúmmístígvél.

6. gr.

Stöðueinkenni.

Tollstjórinn í Reykjavík: Axlarsprotar á jakka 1 skulu vera úr gylltu mynstruðu efni og á þeim þrjár tollstjörnur, sbr. 1. mgr. Á hvoru kragahorni á jakka 1 skal vera gyllt skjaldar-

merki Íslands úr málmi. Á smeygum sem gerðir skulu úr gylltum, ómynstruðum vefnaði skulu þessi stöðueinkenni ísaumuð með svörtum tvinna. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera þrír borðar, 20 mm breiðir með 5 mm bili á milli. Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól úr mynstruðu efni, 14 mm breið. Ofan á skyggninu, meðfram brún þess, skulu vera ísaumaðir tveir gylltir laufborðar, hvor um sig, 13,5 x 2 cm, sem komi saman á miðju skyggni. Á gjörð á einkennishúfu 1 skulu vera þrír mynstraðir 7 mm breiðir borðar með 5 mm bili á milli.

Aðaldeildarstjóri: Á axlarsprotum jakka 1 skulu vera á milli gylltu borðanna þrjár fimmarma stjörnur. Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skulu vera þversum tvær einkennisrendur, 6 mm breiðar, nær axlarbrún og ein einkennisrönd, 3 mm breið, nær kraga og á milli þeirra fyrir miðju þrjár fimmarma stjörnur, ísaumaðar með gylltum tvinna. Á hvoru kragahorni skal vera eitt gyllt tollmerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera þrír borðar, 10 mm breiðir. Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól, 14 mm breið. Ofan á skyggninu skulu ísaumaðir tveir gylltir laufborðar, 7 x 1,8 cm. Á gjörð á einkennishúfu 1 skulu vera þrír mynstraðir 7 mm breiðir borðar með 5 mm bili á milli.

Deildarstjóri: Á axlarsprotum jakka 1 skulu vera á milli gylltu borðanna tvær fimmarma stjörnur. Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skulu vera þversum tvær einkennisrendur, 6 mm breiðar, nær axlarbrún og ein einkennisrönd, 3 mm breið, nær kraga og á milli þeirra fyrir miðju tvær fimmarma stjörnur, ísaumaðar með gylltum tvinna. Á hvoru kragahorni skal vera eitt gyllt tollmerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera tveir borðar, 10 mm breiðir. Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól, 14 mm breið. Fyrir ofan skyggnisól á einkennishúfu 1 skulu vera tveir mynstraðir 7 mm breiðir borðar með 5 mm bili á milli.

Yfirtollvörður: Á axlarsprotum jakka 1 skal vera á milli gylltu borðanna ein fimmarma stjarna. Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skulu vera þversum tvær einkennisrendur, 6 mm breiðar, nær axlarbrún og ein einkennisrönd, 3 mm breið, nær kraga og á milli þeirra fyrir miðju ein fimmarma stjarna, ísaumuð með gylltum tvinna. Á hvoru kragahorni skal vera eitt gyllt tollmerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skal vera einn borði, 10 mm breiður.

Sérhæfður tollvörður og flokkstjóri: Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skulu vera þversum tvær einkennisrendur, 6 mm breiðar, nær axlarbrún og ein einkennisrönd, 3 mm breið, nær kraga, ísaumaðar með gylltum tvinna.

Tollfulltrúi og tollvörður er lokið hefur tollskóla: Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skal vera þversum ein einkennisrönd, 6 mm og önnur, 3 mm breið, nær kraga, ísaumaðar með gylltum tvinna.

Tollvörður sem ekki hefur lokið skóla: Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skal vera þversum ein einkennisrönd, 3 mm breið, nær axlarbrún og önnur, 3 mm breið, nær kraga, ísaumaðar með gylltum tvinna.

7. gr.

Einkennisnúmer tollvarða.

Allir tollverðir skulu bera fjögurra stafa númer á einkennisbúningi sínum, öðrum en einkennisfötum 1, sem helst óbreytt á meðan þeir eru í starfi. Tollstjórinn í Reykjavík annast úthlutun númeranna og gefur árlega út skrá yfir tollverði. Fyrstu tveir stafir númersins ráðist af byrjunarári tollvarðar en tveir þeir síðari segi til um röðun þeirra sem ráðnir eru á sama ári. Ef tveir eða fleiri byrja á sama tíma skal sá sem eldri er fá lægra númer.

Númerin skulu vera ísaumuð gylltum þræði á borða úr svörtu efni sem sé 25 x 47 mm. Tölustafir númera skulu gerðir með stafagerðinni Arial og vera 12 mm á hæð og 37 mm á lengd (4 tölustafir). Einkennisnúmer á skyrtu skal staðsett ofan við vinstri brjóstvasa fyrir miðju hans en á jakka 2 og 3 skal það staðsett efst á miðju vasaloki vinstri brjóstvasa.

Aldrei má úthluta tollverði númeri sem annar maður hefur borið. Á þetta jafnt við um alla tollverði hvernig sem ráðningarform þeirra hefur verið.

8. gr.

Tollmerki o.fl.

Tollmerkið skal myndað úr bókstafnum T og skjaldarmerki Íslands, fellt yfir legg stafsins. Í tollskilríki skal vera tollmerki Íslands. Tollstjóri ákveður hvaða tollstarfsmenn skuli hafa sérstök tollskilríki og geti þannig sýnt fram á að þeir fari með tollgæsluvald. Tollskilríkin skulu undirrituð af tollstjóranum í Reykjavík. Tollstjórinn í Reykjavík ákveður gerð tollskilríkja, setur nánari reglur um notkun þeirra og heldur skrá yfir útgefin tollskilríki.

Einkennishnappar tollvarða skulu vera hringlaga, gylltir með upphleyptu tollmerki. Hnapparnir skulu vera í tveimur stærðum. Minni gerðin skal vera 16 mm, en hin stærri 24 mm í þvermál. Festing hnappanna skal vera með tvennum hætti, annars vegar með lykkju til að sauma þá fasta og hins vegar með smellu. Hnappa á einkennishúfu 1 og 2 skal festa með spennum, sem sveigðar séu til hliðanna innan í húfunum.

Armmerki skal vera skjaldlaga, bogadregið að neðan, úr svörtu klæðisefni. Á því skal vera tollmerkið, ísaumað með gylltu T og skjaldarmerki Íslands yfir legg stafsins í litum. Utan um tollmerkið skal vera 1 mm breið rönd. Yst á armmerkinu, allan hringinn, skulu vera ísaumaðar tvær einkennisrendur úr gylltum þræði með 8 mm bili á milli, sú innri 1 mm að breidd en sú ytri 2 mm. Milli innri og ytri randar, fyrir ofan tollmerkið, skal vera ísaumað með gylltum þræði orðið TOLLGÆSLAN með stafagerðinni Arial, 7 mm á hæð, en orðið CUSTOMS með sama letri í boganum fyrir neðan.

Húfumerki á húfu 2 skal vera að lögun eins og armmerkið með tollmerkinu og einni 2 mm rönd utan um það.

9. gr.

Úthlutun einkennisfatnaðar.

Þegar tollvörður er ráðinn í fast starf skal hann fá afhentan eftirtalinn einkennisfatnað á fyrsta starfsári: Eina einkennishúfu 1 ásamt auka húfukolli, einn jakka 1 og fernar einkennisbuxur 1 eða 2, fimm einkennisskyrtur, eitt hálsbindi, tvær einkennispeysur, eina einkennishúfu 2 og eina einkennishúfu 3, einn jakka 2, eitt belti, eina lága skó, eina kuldaskó, einn strokk, eina leðurhanska, eina nælon- eða bómullarhanska og ferna sokka. Stöðueinkenni og annar búnaður skal fylgja fatnaðinum í samræmi við reglugerð og endurnýjast eftir þörfum að mati viðkomandi tollstjóra hverju sinni. Um úthlutun einkennisfatnaðar fer að öðru leyti samkvæmt fylgiskjali I.

Tollstjóri getur takmarkað úthlutun einkennisfatnaðar við tiltekinn einkennisfatnað þegar um tímabundna ráðningu tollgæslumanns er að ræða, t.d. vegna sumarafleysinga.

Úthlutun til tollvarðar, sem fær fæðingarorlof, fellur niður þar til því lýkur. Konur skulu samkvæmt ákvörðun tollstjóra eiga þess kost að fá skokk og síðbuxur, sérsaumað sér að kostnaðarlausu, meðan þær gegna störfum sínum sem tollverðir á meðgöngutíma.

Tollstjóri getur að ósk tollvarðar fallið frá kröfu um að hann klæðist búningi. Meðan sú ákvörðun gildir fellur úthlutun einkennisfatnaðar niður.

Tollstjórinn í Reykjavík skal fá einkennisfatnað samkvæmt reglugerð þessari, eftir því sem þurfa þykir. Honum er ekki skylt að klæðast einkennisbúningi við dagleg störf en skal að jafnaði klæðast einkennisbúningi við opinber eða hátíðleg tækifæri, sérstakar móttökur o.þ.h.

Tollstjórinn í Reykjavík skal annast framkvæmd reglugerðar þessarar, m.a. sjá um að gert sé snið af einkennisfatnaði ásamt verklýsingu og getur hann ákveðið frávik frá efnisnotkun og lýsingu á einkennisbúningi samkvæmt reglugerð þessari. Hann getur

jafnframt sett nánari reglur um útvegun og úthlutun einkennisfatnaðar sem tollstjórum er falin. Tollstjórinn í Reykjavík skal jafnframt annast útboð í samráði við Ríkiskaup þegar um meiriháttar innkaup á einkennisfatnaði er að ræða.

10. gr.

Útvegun einkennisfatnaðar o.fl.

Tollstjórar skulu útvega einkennisfatnað og annan búnað fyrir tollverði. Þeim ber að halda skrá yfir afhentan einkennisfatnað, tollmerki, tækjabelti og annan tilheyrandi búnað. Tollstjórum ber að haga viðskiptum með einkennisfatnað, skó og annan búnað samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við fyrirmæli tollstjórans í Reykjavík.

Venjulegt viðhald einkennisfatnaðar skulu tollverðir greiða sjálfir. Meiriháttar tjón á einkennisfatnaði, sem rekja má til starfsins, skal tollvörðum bætt að mati tollstjóra.

Þegar tollgæslumaður lætur af störfum, skal hann skila þeim einkennisfatnaði sem hann hefur fengið síðast afhentan. Ennfremur skal hann skila húfum, búnaði, einkennum og tollskírteini hafi hann fengið slíkt skírteini. Einkennisfatnað, sem tollvörður hefur fengið afhentan og hann hefur notað í meira en tvö ár, skal telja eign hans að þeim tíma liðnum en skila skal hann öllum einkennum og tollskilríki.

Án leyfis tollstjóra er tollvörðum óheimilt að nota tollskilríki og einkennisbúning, einkenni og annan búnað honum tilheyrandi nema við tollgæslustörf. Ekki er heimilt að afhenda utanaðkomandi aðila tollskilríki og einkennisbúning, einkennismerki og annan búnað honum tilheyrandi nema með sérstakri heimild tollstjóra. Tollstjórinn í Reykjavík veitir leyfi vegna starfa tollgæslunnar erlendis.

11. gr.

Snyrtimennska.

Tollverðir skulu ætíð vera snyrtilegir til fara við störf sín. Þeir skulu sýna sjálfum sér, einkennisfatnaði sínum og starfinu tilhlýðilega virðingu. Fatnaði og skóm ber þeim að halda vel við og sjá um að hann sé hreinn og snyrtilegur. Jafnframt skal tollvörður hafa hár hreint, vel klippt og snyrtilegt og ekki bera áberandi skartgripi.

Tollstjóri og aðrir yfirmenn tollgæslunnar skulu fylgjast með klæðaburði tollvarða og sjá um að hann sé í samræmi við gildandi reglur. Þess skal gætt að samræmi sé í klæðaburði þegar tveir eða fleiri eru saman að störfum.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 247/1999, með síðari breytingum, um einkennisbúninga og búnað tollvarða.

Fjármálaráðuneytinu, 28. nóvember 2001.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

Fylgiskjal I.

Úthlutun einkennisfatnaðar og búnaðar.

1.	Einkennishúfa 1 ásamt aukakolli	samkv. ákvörðun tollstjóra.
2.	Einkennisjakki 1	samkv. ákvörðun tollstjóra.
3.	Einkennisbuxur 1 eða 2	fernar hvert ár.
4.	Regnfrakki	samkv. ákvörðun tollstjóra.
5.	Einkennishúfa 2	ein annað hvert ár.
6.	Einkennisjakki 2	einn annað hvert ár.
7.	Einkennisfatnaður 3	samkv. ákvörðun tollstjóra.
8.	Vinnusamfestingar 1 og 2	samkv. ákvörðun tollstjóra.
9.	Einkennisskyrta	fimm á hverju ári.
10.	Hálsbindi	tvö á hverju ári.
11.	Belti	eitt þriðja hvert ár.
12.	Leðurhanskar	eitt par á hverju ári.
13.	Hvítir hanskar	eitt par þriðja hvert ár.
14.	Sokkar	fjögur pör á hverju ári.
15.	Götuskór	eitt par á hverju ári.
16.	Kuldaskór	eitt par á hverju ári.
17.	Strokkur	einn þriðja hvert ár.
18.	Einkennispeysa 1, 2, eða 3	ein á hverju ári.
19.	Tækjabelti og öryggishjálmar	samkv. ákvörðun tollstjóra.
20.	Annar nauðsynlegur búnaður	samkv. ákvörðun tollstjóra.

Eftirfarandi tafla skýrir enn frekar hvernig úthlutunin verður í framkvæmd. Nauðsynlegt er að hafa í huga að úthlutun fatnaðar reiknast frá síðustu úthlutun til hvers tollvarðar, óháð töflunni.

Úthlutunarár 2002-2010	**´02**	**´03**	**´04**	**´05**	**´06**	**´07**	**´08**	**´09**	**´10**
Einkennisbuxur 1 eða 2	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Einkennishúfa 2		1		1		1		1	
Einkennisjakki 2		1		1		1		1	
Einkennisskyrta	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Hálsbindi	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Belti	1	-	-	1	-	-	1	-	-
Leðurhanskar	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Hvítir hanskar	1			1			1		
Svartir sokkar	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Götuskór	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Kuldaskór	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Strokkur	1			1			1		
Einkennispeysa	1	1	1	1	1	1	1	1	1

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Ásahrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Ásahrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Ásahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Ásahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

II. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, þriðja þriðjudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafund skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið fyrir á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Oddviti skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Oddviti skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns nýr oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta hreppsnefndarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddviti á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum

og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um oddvita né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði

skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða oddvita, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Oddviti, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því

búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal tekið fram hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerðar og fjölda tölusiða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi tölurröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefnd.

51. gr.

A. Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti *til fjögurra ára* á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Búfjáreftirlitsmaður.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, fóðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
2. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
3. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
4. *Skoðunarmenn ársreikninga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
5. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara samkvæmt erindisbréfi.

B. Kosið af hreppsnefnd í nefndir og stjórnir ásamt fulltrúum annarra sveitarfélaga:

1. *Dvalarheimilið Lundur.* Einn fulltrúi.
2. *Menningarmiðstöðin Laugalandi.* Einn fulltrúi og einn til vara.
3. *Brunavarnir Rangárvallasýslu.* Einn fulltrúi og einn til vara.
4. *Sorpstöð Rangárvallasýslu.* Einn fulltrúi og einn til vara.
5. *Stjórn Fiskeldisstöðvar í Fellsmúla.* Einn fulltrúi og einn til vara.
6. *Barnaverndarnefnd.* Einn fulltrúi og einn til vara frá Ásahreppi í sameiginlegri barnaverndarnefnd í vestari hluta Rangárvallasýslu.
7. *Skólanefnd grunnskóla.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
8. *Leikskólanefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.

9. *Stjórn veitustofnana.* Einn aðalmaður í stjórn hitaveitu og einn til vara, einn aðalmaður í stjórn vatnsveitu og einn til vara.

C. Fulltrúar kosnir af héraðsnefnd Rangárvallasýslu:
1. *Skólanefnd framhaldsskóla.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
2. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
3. *Stjórn bókasafns.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
4. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
5. *Stjórn sjúkrahúss.* Einn fulltrúi Rangárvallasýslu og einn til vara skv. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
6. *Gróðurverndarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.
7. *Heilbrigðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
8. *Umferðaröryggisnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
9. *Þjónustuhópur aldraða.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, þar af þrír samkvæmt tilnefningu; einn frá héraðslækni, einn frá hjúkrunarforstjóra og einn frá öldrunarnefnd skv. 7. gr. laga um málefni aldraða nr. 125/1999.

Þar sem ekki eru kosnar sérstakar nefndir fer hreppsnefnd með verkefni þeirra.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

53. gr.

Oddviti hefur með höndum daglega stjórnun hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum hreppsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu hreppsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

54. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum.

55. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

56. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

57. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu, bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

58. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 57. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd í hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

62. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ásahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. nóvember 2001.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

Nr. 907 3. desember 2001

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum frá Noregi.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs um viðskipti með landbúnaðarvörur og á grundvelli viðauka IVA við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á smurosti frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	**Tímabil**	**Vörumagn**	**Verðtollur**	**Magntollur**
Úr tollnúmeri:			**kg**	**%**	**kr./kg**
0406.3000	Smurostur	01.01.02 - 31.12.02	13.000	0	0

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

3. desember 2001 Nr. 908

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	**Tímabil**	**Vörumagn**	**Verðtollur**	**Magntollur**
Tollnúmer:			**kg**	**%**	**kr./kg**
0407.0000	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01.02-31.12.02	ótilgr.	0	77
0404.9000	Annað (mysuduft)	01.01.02-31.12.02	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

Nr. 909 4. desember 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skylduvátryggingar vegna loftferða, nr. 551/1998.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. skal hljóða svo:

Vátryggingarfjárhæðir vegna hvers tjónsatburðar, skulu fara eftir hámarksflugtaksþyngd og vera sem hér segir:

1. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtaksþunga undir 10 tonnum:
   SDR 6.500.000 gagnvart tjóni á mönnum og öðru tjóni.
2. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtaksþunga á bilinu 10 - 25 tonn:
   SDR 12.000.000 gagnvart tjóni á mönnum og öðru tjóni.
3. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtaksþunga á bilinu 25 - 100 tonn:
   SDR 50.000.000 gagnvart tjóni á mönnum og öðru tjóni.
4. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtaksþunga frá og með 100 tonnum og yfir:
   SDR 90.000.000 gagnvart tjóni á mönnum og öðru tjóni.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. skal hljóða svo: Vátryggingarskilmálar, sem reglugerð þessi tekur til, skulu látnir Fjármálaeftirlitinu og Flugmálastjórn Íslands í té áður en þeir eru boðnir vátryggingartökum.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 131. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 1. febrúar 2002.

Samgönguráðuneytinu, 4. desember 2001.

Sturla Böðvarsson.

Kristín Helga Markúsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 122 – 2001

30. nóvember 2001 2731 Nr. 910

REGLUGERÐ

um skýrsluskil vegna viðskipta með afla.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til aðila sem stunda viðskipti með afla og forsvarsmanna útgerða vegna viðskipta með afla eða afurðir vinnsluskipa.

2. gr.

Aðilar samkvæmt 1. gr. skulu gera skýrslur og standa skil á þeim skýrslum til Fiskistofu, allt samkvæmt nánari fyrirmælum reglugerðar þessarar. Skýrslum skal skila á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út eða með öðrum hætti sem Fiskistofa samþykkir.

3. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka svo sem hér segir:

1. Kaupandi afla: Aðili sem kaupir afla hvort sem er til vinnslu eða endursölu, þ.m.t. kaup aðila á afla af eigin skipum.
2. Afli: Sjávarafli sem ekki hefur verið meira gert að en blóðga, slægja eða hausa.
3. Afurð: Sjávarafli sem meira hefur verið gert að en blóðga, slægja eða hausa.
4. Vinnsluskip: Skip þar sem frekari vinnsla fer fram en blóðgun, slæging eða hausun.
5. Vinnsluaðili: Aðili sem annast hvers konar vinnslu afla, aðra en blóðgun, slægingu eða hausun.
6. Fiskmarkaður: Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla.

4. gr.

Vigtarskýrsla.

Kaupandi afla skal mánaðarlega skila til Fiskistofu vigtarskýrslu yfir móttekinn afla. Sérstök skýrsla skal gerð vegna hvers söluaðila.

Í vigtarskýrslu skal færa eftirfarandi upplýsingar:

1. Seljanda, nafn og kennitölu.
2. Kaupanda, nafn og kennitölu.
3. Afhendingardag.
4. Fisktegund.
5. Ástand afla, (slægt, hausað, ísað, heilfryst, hæft/óhæft).
6. Magn tegundar.
7. Kílóverð tegundar.

Ætli kaupandi afla öðrum aðila að annast vinnslu aflans skal tilgreina vinnsluaðila.

Ef afli/afurð er keypt/ur beint af fiskiskipi skal jafnframt skrá:
8. Nafn skips.
9. Skipaskrárnúmer.
10. Veiðarfæri.
11. Veiðisvæði.
12. Löndunarhöfn.
13. Löndunardag.

Ef afli er keyptur fyrir milligöngu fiskmarkaðar á uppboði þarf ekki að gera grein fyrir verði þess afla í vigtarskýrslu.

5. gr.

Ráðstöfunarskýrsla.

Kaupandi afla skal mánaðarlega skila einni skýrslu sem tilgreinir ráðstöfun keypts afla samkvæmt samanlögðum vigtarskýrslum hans.

Í ráðstöfunarskýrslu skal færa eftirfarandi upplýsingar:
1. Kaupanda.
2. Starfsstöð.
3. Ástand afla, (slægt, hausað, ísað, heilfryst).
4. Fisktegund.
5. Magn tegundar.
6. Vinnsluaðferð.
7. Birgðir í upphafi tímabils.
8. Fiskkaup á tímabilinu.
9. Sölu óunnins afla:
   a. Til vinnslustöðvar.
   b. Til útflutnings í gám.
   c. Til útflutnings með flugfrakt.
10. Sölu til neyslu innanlands.
11. Birgðir í lok tímabils.

Ef kaupandi afla framselur afla skal hann skila skýrslu þar sem greint er frá nafni og kennitölu kaupanda afla, afhendingardegi, fisktegund, magni og ástandi afla við sölu.

6. gr.

Kaupandi afla skal eigi síðar en 15. hvers mánaðar senda Fiskistofu skýrslur skv. 4. og 5. gr. vegna undanfarandi mánaðar.

7. gr.

Vinnsluskip.

Útgerð vinnsluskipa skal eigi síðar en 30 dögum eftir að vinnsluskip lýkur veiðiferð og kemur til hafnar senda Fiskistofu skýrslu um magn og verð afla og einstakra afurða sem voru afrakstur veiðiferðar.

Hafi afli/afurðir ekki verið seldur/ar eða ekki liggur fyrir samningur við kaupanda um verð afla/afurða skal verð þeirra áætlað í samræmi við kjarasamning við áhöfn vinnsluskipsins. Endanlegar upplýsingar um verð skal senda Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir sölu.

8. gr.

Fiskmarkaður.

Fiskmarkaður skal mánaðarlega og eigi síðar en 15. hvers mánaðar senda Fiskistofu

skýrslu með upplýsingum um seldan afla á uppboði í síðastliðnum mánuði. Þar skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar um einstök viðskipti:

1. Nafn fiskmarkaðar og kennitala.
2. Seljandi.
3. Nafn skips og skipaskrárnúmer.
4. VSK-númer seljanda.
5. Löndunarhöfn.
6. Löndunardagur.
7. Söludagur.
8. Fisktegund.
9. Ástand afla, (slægt, hausað, ísað, heilfryst, hæft/óhæft).
10. Útgerðaraðili.
11. Veiðarfæri.
12. Veiðisvæði.
13. Kaupandi.
14. Magn tegundar.
15. Kílóverð tegundar.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. IV. kafla laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og skv. VII. kafla laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Þá er Fiskistofu heimilt að svipta aðila starfsleyfi eða vinnsluleyfi fyrir brot á reglugerð þessari eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

10. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. nóvember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

4. desember 2001 Nr. 911

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2002.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kinda vera að hámarki 0,72 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2002 og skal miða talningu við forðagæslu á fjölda sauðfjár haustið 2001.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. desember 2001.

Guðni Ágústsson.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 912 5. desember 2001

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Vatnsendahvarf.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. desember 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. október 1994.

Breytingin felst í því að lögun svæðis fyrir iðnað og verslun og þjónstu við Vatnsendahvarf breytist. Lega Arnarnesvegar verður að hluta innan lögsögu Kópavogs. Tengibraut skiptist og tengist annars vegar Breiðholtsbraut og hins vegar fyrirhuguðum Arnarnesvegi. Mislæg gatnamót verða á mótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar. Göngu- og reiðstígar breytast. Í tengslum við það er gert ráð fyrir undirgögnum, og göngu- og reiðleið undir Breiðholtsbraut og brú, göngu- og reiðleið yfir Dimmu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 5. desember 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 123 – 2001

7. desember 2001 2735 Nr. 913

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Brautarholt, Kjalarnesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, þann 21. nóvember 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Brautarholt á Kjalarnesi. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skeifan – Fen.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 6. nóvember 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Skeifuna og Fenin. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Vatnagarðar 4-28.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 31. júlí 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnagarða 4-28. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Barónsreitur, Skúlagötusvæði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 28. ágúst 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Barónsreit, Skúlagötusvæði. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 7. desember 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/2000 með síðari breytingum um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Viðauki I orðist svo:

VIÐAUKI I

Olíuvörur sem geta orðið að spilliefnum.

Á olíuvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald. Úr 27. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2710		**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar:**	
		– Aðrar þunnar olíur og blöndur:	
	2710.0039	– – Annað	9,50 kr./kg
		– Smurolíur, aðrar þykkar olíur og blöndur:	
	2710.0081	– – Smurolía og smurfeiti	9,50 kr./kg
	2710.0082	– – Ryðvarnarolía	9,50 kr./kg
	2710.0089	– – Aðrar	9,50 kr./kg
Úr 3811		**Efni til varnar vélabanki, oxunartálmi, harpixtálmi, smurbætiefni, tæringarvarnaefni og önnur tilbúin íblöndunarefni, fyrir jarðolíur (þar með talið bensín) eða fyrir aðra vökva sem notaðir eru í sama tilgangi og jarðolía:**	
		– Íblöndunarefni fyrir smurolíur:	
	3811.2100	– – Sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum	9,50 kr./kg
	3811.2900	– – Önnur	9,50 kr./kg
3819	3819.0000	**Hemlavökvi og annar unninn vökvi fyrir vökvaskipt drif sem inniheldur ekki eða inniheldur minna en 70% af jarðolíu eða olíu úr tjörukenndum steinefnum miðað við þyngd**	9,50 kr./kg

2. gr.

Við viðauka II bætist:

Úr 2914		**Keton og kínon, einnig með annarri súrefnisvirkni og halógen-, súlfó, nítró eða nítrósóafleiður þeirra:**	
		– Raðtengd keton án annarrar súrefnisvirkni:	
	2914.1100	– – Aceton	3,00 kr./kg
	2914.1200	– – Bútanon (metyletylketon)	3,00 kr./kg
	2914.1300	– – 4-Metylpentan-2-on (metylísóbutylketon)	3,00 kr./kg

3. gr.

Viðauki III orðist svo:

VIÐAUKI III

Halógeneruð efnasambönd.

Á halógeneruð efnasambönd, sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, skal leggja spilliefnagjald.

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Mettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.1100	– – Klórmetan (metylklóríð) og klóretan (etylklóríð) .	105,00 kr./kg
2903.1200	– – Díklórmetan (metylenklóríð)	105,00 kr./kg
2903.1300	– – Klóróform (tríklórmetan)	105,00 kr./kg
2903.1400	– – Kolefnistetraklóríð	105,00 kr./kg
2903.1500	– – 1,2-Díklóretan (etylendíklóríð)	105,00 kr./kg
2903.1600	– – 1,2-Díklórprópan (própylendíklóríð) og díklórbútan	105,00 kr./kg
	– –Aðrar:	
2903.1901	– – – 1,1,1-Þríklóretan (metýl klóróform)	105,00 kr./kg
2903.1909	– – – Annars	105,00 kr./kg
	– Ómettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.2100	– – Vinylklóríð (klóretylen)	105,00 kr./kg
2903.2200	– – Tríklóretylen	105,00 kr./kg
2903.2300	– – Tetraklóretylen (perklóretylen)	105,00 kr./kg
2903.2900	– – Önnur	105,00 kr./kg
	– Flúor-, bróm eða joðafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.3090	– – Aðrar	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4300	– – Þríklórþríflúoretan	105,00 kr./kg
	– – Aðrar:	
2903.4910	– – –Brómklórmetan	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður cyclan-, cyclen eða cyclóterpenkolvatnsefna:	
2903.5100	– – 1,2,3,4,5,6-Hexaklórcyclóhexan	105,00 kr./kg
2903.5900	– – Önnur	105,00 kr./kg
	– Halógenafleiður arómatískra kolvatnsefna:	
2903.6100	– – Klórbensen, o-díklórbensen og p-díklórbensen	105,00 kr./kg
2903.6200	– – Hexaklórbensen og DDT (1,1,1,-tríklór- 2,2-bis(p-klórfenyl) etan)	105,00 kr./kg
2903.6900	– – Aðrar	105,00 kr./kg
Úr 3814	**Lífrænt samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:**	
3814.0002	– Málningar- eða lakkeyðar	105,00 kr./kg

4. gr.

Viðauki V orðist svo:

VIÐAUKI V

Málning sem getur orðið að spilliefnum.

Á málningarvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.

Úr 32. kafla tollskrárinnar:

3205	**Litlögur (colour lakes); framleiðsla, sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla, að meginstofni úr litlegi:**	
3205.0000		16,00 kr./kg
3208	**Málning og lökk (þar með talin smeltlökk og lakkmálning) að meginstofni úr syntetískum fjölliðum (polymers) eða kemískt umbreyttum náttúrulegum fjölliðum, dreifðum eða uppleystum í vatnssnauðum miðli; lausnir skýrgreindar í 4. athugasemd við þennan kafla:**	
	– Að meginstofni úr pólyesterum:	
3208.1001	– – Með litunarefnum	16,00 kr./kg
3208.1002	– – Án litunarefna	16,00 kr./kg
3208.1003	– – Viðarvörn	16,00 kr./kg
3208.1004	– – Alkyð- og olíumálning, með eða án litunarefna	16,00 kr./kg
3208.1009	– – Annað	16,00 kr./kg
	– Að meginstofni úr akryl- eða vinylfjölliðum:	
3208.2001	– – Með litunarefnum	16,00 kr./kg
3208.2002	– – Án litunarefna	16,00 kr./kg
3208.2009	– – Annað	16,00 kr./kg
	– Annað:	
3208.9001	– – Með litunarefnum (t.d. epoxíð, pólyúretan, klórgúm, sellulósi o.fl.)	16,00 kr./kg
3208.9002	– – Án litunarefna	16,00 kr./kg
3208.9003	– – Upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla	16,00 kr./kg
3208.9009	– – Annars	16,00 kr./kg
3210	**Önnur málning og lökk (þar með talin smeltlökk, lakkmálning og límmálning, (distemper)); unnir vatnsdreifulitir notaðir við lokavinnslu á leðri:**	
	– Málning og lökk:	
3210.0011	– – Blakkfernis, asfalt- og tjörumálning	16,00 kr./kg
3210.0012	– – Önnur málning og lökk, (t.d. epoxy- eða pólyúretanlökk o.fl.), með eða án leysiefna, einnig í samstæðum með herði	16,00 kr./kg
3210.0019	– – Annað	16,00 kr./kg
	– Annað:	
3210.0021	– – Bæs	16,00 kr./kg
3210.0029	– – Annars	16,00 kr./kg

3211	3211.0000	**Unnin þurrkefni**	16,00 kr./kg
3212		**Dreifulitir (þar með talið málmduft og málmflögur) dreifð í vatnssnauðum miðli, fljótandi eða sem deig, notað til framleiðslu á málningu (þar með talið smeltlakk); prentþynnur; leysilitir og önnur litunarefni í þeirri mynd eða umbúðum sem ætlað er til smásölu:**	
	3212.1000	– Prentþynnur	16,00 kr./kg
		– Annað:	
	3212.9001	– – Áldeig	16,00 kr./kg
	3212.9009	– – Annars	16,00 kr./kg
3213		**Litir til listmálunar, kennslu, skiltagerðar, blæbrigða, dægradvalar og þess háttar, í töflum, skálpum, krukkum, flöskum, skálum eða í áþekkri mynd eða umbúðum:**	
	3213.1000	– Litir í samstæðum	16,00 kr./kg
	3213.9000	– Aðrir	16,00 kr./kg
Úr 3214		**Gluggakítti, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kítti; spartl; óeldföst efni til yfirborðslagningar á byggingar eða innanhúss á veggi, gólf, loft eða þess háttar:**	
		– Gluggakítti, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kítti; spartl:	
	3214.1001	– – Innsiglislakk	16,00 kr./kg
	3214.1002	– – Kítti	16,00 kr./kg
	3214.1003	– – Önnur þéttiefni	16,00 kr./kg
3215		**Prentlitir, rit-eða teikniblek og annað blek, einnig kjarnað eða í föstu formi:**	
		– Prentlitir:	
	3215.1100	– – Svartir	16,00 kr./kg
	3215.1900	– – Aðrir	16,00 kr./kg
	3215.9000	– Annað	16,00 kr./kg

5. gr.

Við viðauka IX bætist:

Úr 2903		**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
		– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
		– – Aðrar	
	2903.4990	– – – Annað	3,00 kr./kg

6. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 15. desember 2001 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar.

Umhverfisráðuneytinu, 6. desember 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 124 – 2001

6. desember 2001 2741 Nr. 915

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 714/2001 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr./kg
0704.9002	Rauðkál	17.12.01 – 15.03.02	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. desember 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

Stjórnartíðindi B 124, nr. 915. Útgáfudagur 17. desember 2001.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 125 – 2001

Nr. 916 2742 6. desember 2001

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

I. KAFLI
Einkaleyfi.

1. gr.

Fyrir umsóknir um einkaleyfi og yfirfærðar alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir skal greiða eftirtalin gjöld:

		Kr.
1.	Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga (ell.) nr. 17/1991 og gjald fyrir yfirfærða einkaleyfisumsókn skv. 31. gr. ell.:	
	a. grunngjald	33.500
	b. viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu	1.600
2.	Umsóknargjald fyrir umsókn sem lögð er inn í samræmi við 38. gr. ell.:	
	a. grunngjald	33.500
	b. viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu	1.600
3.	Gjald skv. 36. og 37. gr. ell.	40.000
4.	Viðbótargjald vegna viðbótarfrests til að leggja inn tilskilda þýðingu vegna yfirfærðrar umsóknar skv. 3. mgr. 31. gr. ell.	12.300
5.	Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 15. gr. eða 3. mgr. 19. gr. ell.	6.200
	ef umsókn hefur áður verið endurupptekin	12.300
6.	Umsýslugjald fyrir milligöngu varðandi nýnæmisrannsókn hjá alþjóðlega viðurkenndri stofnun skv. 9. gr. ell.	5.500
7.	Umsýslugjald fyrir alþjóðlega umsókn skv. 4. tölul. 2. mgr. 51. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. (rg. ell.)	5.500
8.	Útgáfugjald skv. 1. mgr. 19. gr. ell.:	
	a. grunngjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi	14.000
	b. viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu umfram 40	700
	c. viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar	1.600
9.	Rannsóknargjald fyrir umsókn sem lögð var inn fyrir 1. janúar 1992 og send verður í nýnæmisrannsókn skv. viðauka I í auglýsingu nr. 575/1991 um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir	30.000

2. gr.

Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi skv. 5. mgr. 8. gr., 40.- 42. og 82. gr. ell., eru sem hér segir:

	Kr.		Kr.
1. gjaldár	3.100	3. gjaldár	3.100
2. gjaldár	3.100	4. gjaldár	4.700

Gutenberg

	Kr.		Kr.
5. gjaldár	4.700	13. gjaldár	12.100
6. gjaldár	6.100	14. gjaldár	15.200
7. gjaldár	6.100	15. gjaldár	15.200
8. gjaldár	7.600	16. gjaldár	18.500
9. gjaldár	7.600	17. gjaldár	21.000
10. gjaldár	9.500	18. gjaldár	23.800
11. gjaldár	9.500	19. gjaldár	26.800
12. gjaldár	12.100	20. gjaldár	29.800

Árgjald, sem greitt er innan sex mánaða frá gjalddaga skv. 3. mgr. 41. gr. eða 3. mgr. 42. gr. ell. skal hækka um 20%.

3. gr.

Gjöld fyrir einkaleyfi, sem veitt eru í samræmi við eldri lög, skv. 76. gr. ell., á grundvelli umsókna sem lagðar hafa verið inn fyrir 1. janúar 1992, sbr. 78. gr. ell., skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir einkaleyfi sem getur náð allt að fimmtán ára gildistíma, talið frá útgáfudegi:

	Kr.
a. fyrir 1. – 5. ár gildistímans	26.400
b. fyrir 6. – 10. ár gildistímans	62.400
c. fyrir 11. – 15. ár gildistímans	115.200

2. Fyrir einkaleyfi sem getur náð allt að tuttugu ára gildistíma, talið frá umsóknardegi, greiðast árgjöld skv. 2. gr.

Við veitingu einkaleyfisins skal, innan þriggja vikna frá því að umsækjanda var tilkynnt um leyfisveitinguna, greiða gjald fyrir fyrstu fimm ár gildistímans frá útgáfudegi. Að öðrum kosti fellur einkaleyfið úr gildi skv. 51. gr. ell.

Ef greiðsla árgjalda af umsókn hefur hafist skv. 2. mgr. 82. gr., sbr. 41. gr. ell., áður en einkaleyfi er veitt skal draga frá viðkomandi gjaldi þann hluta árgjalds yfirstandandi gjaldárs, sem skarast við gjald skv. 1. tölul. 1. mgr. Umræddur hluti árgjalds skal reiknast eftir hlutfallinu: *fjöldi eftirstandandi daga gjaldárs/365*. Þegar gildistíminn miðast við tuttugu ár (2. tölul. 1. mgr. á við) skal greiða fyrir þau gjaldár til viðbótar yfirstandandi gjaldári þannig að greiðslutímabilið verði sem næst fimm ár talið frá útgáfudegi einkaleyfisins.

Gjalddagi vegna 2. og 3. gildistímabils, sbr. 1. tölul. 1. mgr., er sá almanaksdagur í upphafi hvors tímabils sem svarar til útgáfudags einkaleyfisins. Gjalddagi síðari árgjalda, sbr. 2. tölul. 1. mgr., er síðasti dagur fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári. Frestur til að greiða þessi gjöld er sex mánuðir og, sé hann nýttur, hækka gjöldin um 20%. Einnig er heimilt að greiða þessi gjöld allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga.

Fjárhæð árgjalds af einkaleyfi, sem gjaldfellur í fyrsta sinn og veitt hefur verið eftir 1. janúar 1992 í samræmi við eldri lög og gilt getur allt að tuttugu ár talið frá umsóknardegi, er skv. 2. gr. og miðast gjaldár við aldur viðkomandi umsóknar. Enn fremur skal fjárhæðin, ef við á, reiknast sem hlutfall af viðkomandi árgjaldi eftir hlutfallinu: *fjöldi eftirstandandi daga gjaldárs/365*. Gjalddagi er sá almanaksdagur sem samsvarar útgáfudegi einkaleyfisins við lok gildistímabils sem er að ljúka. Eftir það greiðast árgjöld skv. 2. gr. fyrir eitt ár í senn.

Gjöld fyrir þau einkaleyfi, sem um getur í 5. mgr., og gilt geta í fimmtán ár, talið frá útgáfudegi leyfis, eru skv. 1. tölul. 1. mgr. Gjalddagi er skv. 4. mgr.

4. gr.

	Kr.
Fyrir umsókn um viðbótarvottorð fyrir einkaleyfi skv. 65. gr. a í ell. skal greiða kr.	34.500
Árgjald fyrir hvert byrjað gjaldár viðbótarvottorðs, skv. 65. gr. a í ell. og 51. gr. rg. ell. er kr.	29.800

Árgjald, sem greitt er innan sex mánaða frá gjalddaga, hækkar um 20%.

5. gr.

	Ýmis gjöld vegna umsókna og veittra einkaleyfa:	Kr.
1.	Beiðni um innritun í einkaleyfadagbók eða einkaleyfaskrá, svo sem varðandi eiganda- eða aðilaskipti (framsal), uppfinningamann og nytjaleyfi, sbr. 9. og 48. gr. rg. ell.	1.900
2.	Afrit af almennt aðgengilegri einkaleyfisumsókn (lýsing, einkaleyfiskröfur, ágrip og teikningar) eða af veittu einkaleyfi	600
3.	Afrit af eintökum skv. 1. mgr. 25. gr. rg. ell. eða af einkaleyfi eða framlagningarskjali	600
4.	Staðfest afrit af skjölum skv. 2. og 3. tölul., m.a. forgangsréttarskjöl	3.000
5.	Útgáfa og framsending forgangsréttarskjala skv. 5. tölul. 2. mgr. 51. gr. rg. ell.	3.000
6.	Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr einkaleyfaskrá	1.500
7.	Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða einkaleyfis	1.800
8.	Endurveitingargjald skv. 72. gr. ell.	15.000

II. KAFLI
Vörumerki.

6. gr.

	Fyrir umsókn um skráningu vörumerkis skal greiða:	
1.	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	14.000
2.	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000
3.	Fyrir hverja mynd umfram eina, þegar merki er í þrívídd, skal að auki greiða	1.500

7. gr.

Fyrir tilnefningu á Íslandi í umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis, sbr. 51. gr. vörumerkjalaga, skal greiða til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:

1.	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	14.000
2.	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

8. gr.

	Fyrir umsókn um endurnýjun vörumerkis skal greiða:	
1.	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	14.000
2.	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

Fyrir endurnýjun alþjóðlegrar skráningar vörumerkis skal greiða til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:

1.	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	14.000
2.	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

9. gr.

	Fyrir umsókn um skráningu gæðamerkis og endurnýjun skal greiða:	Kr.
1.	Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	17.000
2.	Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

10. gr.

	Ýmis gjöld vegna vörumerkja:	
1.	Beiðni um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga	2.400
	- fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun	1.200
2.	Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) í vörumerkjaskrá	1.900
	- fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun eða beiðni skv. 1. tölul.	0
3.	Beiðni um innritun nytjaleyfis	1.900
4.	Beiðni um innritun annarra breytinga í vörumerkjaskrá	1.500
5.	Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða skráningar	1.800
6.	Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá	1.500
7.	Staðfest afrit umsóknar, forgangsréttarskjal	1.900
8.	Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá	600
9.	Athugun og mat á því hvort tiltekið vörumerki telst það líkt skráðu vörumerki eða merki sem sótt hefur verið um skráningu á að ruglingshætta yrði hugsanlega talin vera fyrir hendi ef umsókn yrði lögð inn	3.000
10.	Fyrir móttöku og meðhöndlun á umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis, sbr. 46. gr. vörumerkjalaga	6.000

III. KAFLI
Hönnun.

11. gr.

	Fyrir umsókn um skráningu hönnunar skal greiða:	
1.	Grunngjald fyrir skráningartímabilið 0 - 5 ár	9.500
2.	Grunngjald fyrir skráningartímabilið 5 - 10 ár	12.000
3.	Grunngjald fyrir hvert fimm ára skráningartímabil eftir tíu ár	15.000
4.	Gjald fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu fyrir skráningartímabilin 0-5 ár og 5-10 ár	4.000
5.	Hver hönnun umfram eina í samskráningu fyrir hvert fimm ára skráningartímabil eftir tíu ár	6.500
6.	Fyrir birtingu hverrar myndar umfram eina	2.500

12. gr.

	Gjald fyrir rannsókn skv. 2. mgr. 17. gr. laga um hönnun	6.500
	Ef krafa um rannsókn kemur fram við innlagningu umsóknar	4.500

13. gr.

	Gjöld fyrir endurnýjun skv. 24. gr. laga um hönnun:	
1.	Fyrsta endurnýjunartímabil (5 – 10 ár), grunngjald	12.000
2.	Hver hönnun umfram eina í samskráningu á fyrsta endurnýjunartímabili	4.000
3.	Hvert fimm ára endurnýjunartímabil eftir tíu ár, grunngjald	15.000
4.	Hver hönnun umfram eina í samskráningu á hverju fimm ára endurnýjunartímabili eftir tíu ár	6.500

14. gr. Kr.

Gjöld vegna kröfu um niðurfellingu skráningar skv. 27. gr. laga um hönnun er 7.500

15. gr.

Ýmis gjöld vegna hönnunar:

1. Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) eða nytjaleyfis í hönnunarskrá 1.900
2. Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá 600
3. Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá 1.500
4. Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 19. gr. laga um hönnun 6.200
5. Endurveitingargjald skv. 48. gr. laga um hönnun 15.000

IV. KAFLI
Gjöld vegna áfrýjunar.

16. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 17/1991, 63. og 65. gr. laga nr. 45/1997 og 36. gr. laga nr. 46/2001 er kr. 80.000

Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun. Sé máli vísað frá áfrýjunarnefnd eða það vinnst þar skal endurgreiða 60.000

V. KAFLI
Gjöld fyrir þjónustuverkefni.

17. gr.

Fyrir þjónustu, sem verður ekki heimfærð undir einingarverð reglugerðarinnar, svo sem umfangsmikla leit, athuganir, úrvinnslu eða tölvuútskriftir á grundvelli upplýsinga í einkaleyfaskrá, vörumerkjaskrá eða hönnunarskrá, greiðist tímagjald:

1. Sérfræðingar, á klst. 3.500
2. Aðrir starfsmenn, á klst. 1.900
3. Fyrir ljósrit af gögnum varðandi einkaleyfi, vörumerki eða hönnun greiðist fyrir hverja síðu í stærðinni A4 50

Ef beiðni um ljósritun útheimtir verulega úrvinnslu gagna eða leit í skjalasafni reiknast að auki tímagjald skv. 1. eða 2. tölul. eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Gjöld fyrir ELS-tíðindi o.fl.

18. gr.

1. Áskriftargjald á ári 3.000
2. Lausasala, hvert eintak 300
3. Sérrit, hvert eintak 1.100
4. Áskrift að ágripi vegna birtra og/eða aðgengilegra einkaleyfisumsókna .. 1.200
5. Ýmsar útskriftir í prentuðu eða fjölrituðu formi, þ. á m. íslensk lög og reglugerðir í erlendri þýðingu eða alþjóðlegir sáttmálar í íslenskri þýðingu 220

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni ef annað er ekki tekið fram.

Gjöld skv. 1.-4. gr. og 7. tölul. 5. gr. endurgreiðast ekki þótt einkaleyfisumsókn verði afskrifuð, henni hafnað eða hún dregin til baka, beiðni um endurupptöku eða endurveitingu verði hafnað eða hún dregin til baka eða þótt einkaleyfishafi kjósi að láta einkaleyfi sitt falla úr gildi.

Gjöld skv. 6., 8., 9., 11. og 13. gr. skulu greidd við afhendingu umsóknar. Gjöld þessi verða ekki endurgreidd þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

20. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 63. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 36. gr. og 53. gr laga nr. 46/2001 um hönnun, og öðlast gildi 1. janúar 2002 að undanskilinni 7. gr. og 2. mgr. 8. gr., sem taka gildi 1. apríl 2002.

Jafnframt falla úr gildi eldri reglugerðir nr. 673/1996, 312/1997, 313/1997, 603/1997, 703/1997, 642/1998, 193/1999, 505/1999 og 683/2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

6. desember 2001 Nr. 917

REGLUR

um breytingu á reglum um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, nr. 154/1999.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á mengunarmarkaskrá viðauka I:

a. Eftirfarandi breytingar verða á mengunarmörkum efna:

		Fyrir 8 tíma		Þakgildi		
CAS-nr.	**Efni**	**ppm**	**mg/m³**	**ppm**	**mg/m³**	**Ath.**
7664-41-7	Ammoníak	20	14	50	36	
95-50-1	1,2 Díklórbensen	20	122	50	306	H
75-44-5	Fosgen	0,02	0,05	0,1	0,4	
106-35-4	3-Heptanón	20	95			
541-85-5	5-Metýl-3-heptanón	10	53	20	107	
110-12-3	5-Metýl-2-hexanón	20	95			
108-10-1	4-Metýl-2-pentanón	20	83	50	208	
26628-22-8	Natríumasíð		0,1		0,3	H
110-85-0	Píperasín		0,1		0,3	
3689-24-5	Súlfótep	(0,015)	0,1			H
109-99-9	Tetrahýdrófúran	50	150	100	300	H
121-44-8	Tríetýlamín	2	8,4	3	12,6	H

b. Á eftir efninu 2–Bútoxýetanól bætist eftirfarandi efni við:

		Fyrir 8 tíma		Þakgildi		
CAS-nr.	**Efni**	**ppm**	**mg/m³**	**ppm**	**mg/m³**	**Ath.**
112-07-02	2-Bútoxýetýl asetat	20	133	50	333	H

c. Þakgildi eftirfarandi efna verða:

		Þakgildi		
CAS. nr.	**Efni**	**ppm**	**mg/m³**	**Ath.**
107-18-6	Allýlalkóhól	5	12,1	
111-76-2	2-Bútoxýetanól	50	246	
78-93-3	Bútanón	300	900	
141-32-2	n-Bútýlakrýlat	10	53	
60-29-7	Díetýleter	200	616	
106-46-7	1,4-Díklórbensen	50	306	
124-40-3	Dímetýlamín	5	9,4	
127-19-5	N,N-Dímetýlasetamín	20	72	
100-41-4	Etýlbensen	200	884	H
98-83-9	2-Fenýlprópen	100	492	
7782-41-4	Flúor	2	3,16	
7664-39-3	Flúorvetni	3	2,5	
7664-38-2	Fosfórsýra		2	
110-43-0	2-Heptanón	100	475	H
105-60-2	Kapról aktam		40	
108-90-7	Klórbensen	20	94	
98-82-8	Kúmen	50	250	
108-65-6	2-Metoxý-1-metýletýlasetat	100	550	H
107-98-2	1-Metoxý-2-própanól	150	568	H
123-92-2 626-38-0 628-63-7 620-11-1 625-16-1	Pentýlasetat	100	540	
79-09-4	Própíonsýra	20	62	
108-94-1	Sýklohexanón	20	81,6	
120-82-1	1,2,4-Tríklórbensen	5	37,8	
71-55-6	1,1,1 Tríklóretan	200	1110	
7783-07-05	Vetnisselenið	0,05	0,17	
95-47-6 106-42-3 108-38-3 1330-20-7	Xýlen	100	442	H

d. Eftirfarandi breyting verður á þakgildi efnis:

		Þakgildi		
CAS. nr.	**Efni**	**ppm**	**mg/m³**	**Ath.**
107-21-1	Etýlenglýkól	40	104	

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38., 50., og 51. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, til innleiðingar á tilskipun, nr. 2000/39/EB, um gerð fyrstu skráar um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar ráðsins 98/24/EB um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað, sem vísað er til í 16. lið j XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 19/2001.

3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. desember 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

REGLUR

Persónuverndar um öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum.

I. KAFLI
Efni, gildissvið o.fl.

1. gr.

Efni og gildssvið.

Reglur þessar lúta að því hvernig tryggja skuli öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum skv. lögum um lífsýnasöfn nr. 110/2000. Að öðru leyti en kemur fram í reglunum skal til leiðbeiningar hafa hliðsjón af alþjóðlega staðlinum ÍST ISO/IEC 17799:2000 Upplýsingatækni - Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis og breska staðlinum ÍST BS 7799-2:1999 Stjórnun upplýsingaöryggis - 2. hluti: Forskrift fyrir stjórnun upplýsingaöryggis.

Reglur þessar taka ekki til lífsýna sem varðveitt eru tímabundið vegna þjónusturannsókna, meðferðar, eða afmarkaðra vísindarannsókna, enda sé slíkum sýnum eytt þegar þjónustu, meðferð eða rannsókn lýkur.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í öryggi við vinnslu lífsýna í lífsýnasöfnum felst að tryggja varðveislu, eðlilega leynd þeirra, lögmætan aðgang að þeim, gæði og áreiðanleika. Nánar tiltekið felst öryggið í að tryggja að:

a) Lífsýni séu ekki aðgengileg þeim sem ekki skulu hafa aðgang að þeim.
b) Tryggja vandaða meðferð lífsýna og að þau hvorki glatist né skemmist.
c) Tryggja þeim sem þurfa og mega hafa aðgang að lífsýnum og fylgigögnum, slíkan aðgang þegar lögmæt ástæða er til.

II. KAFLI
Öryggisreglur.

3. gr.
Öryggisstefna.

Stjórn lífsýnasafns skal marka stefnu varðandi öryggi lífsýna og gefa út og viðhalda öryggisstefnu fyrir lífsýnasafnið. Við það má hafa hliðsjón af kafla 3.1. í staðlinum ÍST ISO/IEC 17799:2000 Upplýsingatækni - Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis.

4. gr.
Rekstur lífsýnasafns.

Rekstur lífsýnasafns felst í því að veita lífsýnum viðtöku, varðveita þau og veita lögmætan aðgang að þeim. Þeim einum er heimill slíkur rekstur sem hefur leyfi ráðherra skv. 4. gr. laga nr. 110/2000, í reglum þessum nefndur leyfishafi. Honum er skylt að halda rekstri lífsýnasafns aðskildum frá annarri starfsemi sem hann hefur með höndum. Með aðskildum rekstri er m.a. átt við að tryggja skuli aðskilnað milli annars vegar þeirra er leyfa notkun á gögnum lífsýnasafns og hafa eftirlit með henni og hins vegar þeirra sem vilja fá að nota sýnin eða hafa þar hagsmuna að gæta.

Halda verður meðferð heilsufarsupplýsinga um sýnagjafa og upplýsingum um niðurstöður sýnarannsókna aðskilinni frá rekstri lífsýnasafnsins. Skilgreina skal hvernig staðið verður að afgreiðslu beiðna vísindamanna og annarra um aðgang að lífsýnum. Í því felst að gera verður greinarmun annars vegar á vinnslu lífsýna vegna daglegrar þjónustu við sjúklinga og hins vegar afhendingu lífsýna vegna vísindarannsókna.

5. gr.
Lýsing á stjórnun öryggismála.

Leyfishafi skal setja fram skriflega lýsingu á stjórnun öryggismála lífsýnasafnsins. Þar skulu a.m.k. öll eftirtalin atriði koma fram:

1. Með hvaða hætti rekstri lífsýnasafns sé haldið aðskildum frá annarri starfsemi leyfishafa, sbr. 4. gr.
2. Með hvaða hætti þess sé gætt að lífsýni séu án persónuauðkenna, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 110/2000, og hvernig persónuauðkenni séu varðveitt. Einnig hvaða starfsmaður beri ábyrgð á vörslu persónuauðkenna og öryggi gagna sem gera kleift að tengja þau við lífsýni. Þar skal einnig tilgreint hver það er sem ber ábyrgð á dulkóðun auðkenna í samræmi við 6. ml. 4. mgr. 7. gr. sömu laga.
3. Hvernig staðið hafi verið að gerð áhættumats í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 299/2001.
4. Hvaða öryggisráðstafanir séu viðhafðar í samræmi við 3. tl. 1. mgr. 3. gr. og 4. gr. reglna nr. 299/2001.
5. Hvar lífsýni séu varðveitt og hver beri daglega ábyrgð á öryggi þeirra.
6. Hvaða leiðbeiningar starfsmenn hafi fengið um viðbrögð við öryggisógnun og öryggisbrotum.
7. Hvernig öryggisráðstafanir einstakra deilda safnsins hafa verið samræmdar, ef safnið er deildarskipt.
8. Hvernig staðið er að aðgangsstjórnun.

Leyfishafi skal tilkynna Persónuvernd með sannanlegum hætti hver fari með fyrirsvar gagnvart Persónuvernd um alla þætti er varða meðferð lífsýna og persónuupplýsinga á vegum safnsins, þ. á m. á því að uppfyllt séu skilyrði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 110/2000.

Leyfishafi skal að öðru leyti uppfylla þau skilyrði sem Persónuvernd ákveður á hverjum tíma.

Persónuvernd skal hafa aðgang að skjölum samkvæmt reglum þessum hvenær sem eftir er leitað.

6. gr.

Ytra öryggi og aðrar öryggisráðstafanir.

Viðhafa skal ráðstafanir til að hindra og takmarka tjón af völdum óheimils aðgangs að lífsýnasafni. Í því skyni skal þess gætt að hýsa sýni og persónuauðkenni á fyrirfram skilgreindum svæðum er lúta skýrri aðgangsstjórnun. Þá skal haga ytra umhverfi safnins þannig að það hindri óheimilan aðgang, skemmdir og truflanir. Þegar vinnudegi lýkur, eða þegar ekki er verið að vinna með sýni, skal varðveita þau eftir því sem við verður komið í læstum hirslum eða með öðrum sambærilega tryggum hætti.

Viðhafa skal sérstakar ráðstafanir til að draga úr hættu á truflunum, að rekstur rofni eða lífsýni og persónuvernd skaðist. Í því skyni skal viðhafa vinnuferli er tryggi órofinn rekstur lífsýnasafns og dragi úr hættu á truflunum vegna óhappa eða annarra atvika sem ógna öryggi þess, t.d. af völdum náttúruhamfara, slysa, bilunar í búnaði eða skemmdarverka. Skal annars vegar viðhafa fyrirbyggjandi ráðstafanir og hins vegar ráðstafanir er geri kleift að endurræsa hrunin kerfi og eftir atvikum að endurheimta upplýsingar sem kunna að hafa glatast eða skemmst.

7. gr.

Öryggisráðstafanir varðandi starfsmannamál.

Beita skal öryggisráðstöfunum varðandi starfsmannamál í því skyni að draga úr hættu á tjóni af völdum mannlegra mistaka, þjófnaðar, svika eða annarrar misnotkunar.

Taka skal afstöðu til ábyrgðar á öryggismálum við gerð ráðningarsaminga og í annars konar samningum sem varða starfsemina og/eða starfsmanninn. Skal ábyrgð skipt eftir því sem við á til að draga úr hættu á vanrækslu eða vísvitandi misnotkun upplýsinga eða upplýsingakerfa. Fylgjast skal reglulega með því að unnið sé í samræmi við umsamda ábyrgð viðkomandi starfsmanns. Taka skal afstöðu til þess að hvaða marki kanna skal hvort tiltekin atriði í ferli umsækjanda um starf gefi tilefni til að óttast að ráðning hans raski öryggi safnsins. Allir starfsmenn, og aðrir sem aðgang hafa að lífsýnum og persónuupplýsingum, skulu bundnir trúnaði og undirrita sérstakar trúnaðaryfirlýsingar því til staðfestingar.

Veita skal starfsmönnum leiðbeiningar um viðbrögð við öryggisógnun og öryggisbrotum.

8. gr.

Aðgangsstjórnun.

Viðhafa skal aðgangsstjórnun í því skyni að stjórna aðgangi að upplýsingum til að tryggja öryggi þeirra, sbr. 2. gr. reglna þessara. Skal þar höfð hliðsjón af öryggiskröfum og þeim ákvörðunum sem leyfishafi, stjórn lífsýnasafns eða annar þar til bær aðili hefur tekið um miðlun upplýsinga og aðgang að þeim.

9. gr.

Ákvarðanir um öryggismál.

Skilgreina skal, rökstyðja og skjalfesta allar þær ákvarðanir sem teknar eru um öryggismál, þ. á m. um viðbrögð ef öryggisráðstafanir bregðast. Leyfishafi skal staðfesta ákvarðanirnar með formlegum hætti.

III. KAFLI
Önnur atriði.

10. gr.
Endurskoðun og innra eftirlit.

Endurskoða skal reglulega, og eigi sjaldnar en árlega, þær aðgerðir sem gripið er til á grundvelli reglna þessara. Slík endurskoðun skal fara fram með reglulegu millibili og hvenær sem þurfa þykir, s.s. við verulegar breytingar á rekstraraðstæðum og umhverfi.

Viðhafa skal stöðugt innra eftirlit í því skyni að tryggja að þær aðgerðir sem gripið er til á grundvelli reglna þessara séu örugglega viðhafðar. Einnig skal innra eftirlit lúta að því að sannreyna að unnið sé í samræmi við reglur þessar, gildandi lög og reglugerð um lífsýnasöfn og önnur lög sem kunna að eiga við um rekstur lífsýnasafna.

11. gr.
Gildistími o.fl.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 8. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn og öðlast þegar gildi.

Persónuvernd, 4. desember 2001.

Valtýr Sigurðsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

Af hundum í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi skal Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 14. gr. samþykktar nr. 154/2000 um hundahald í ofangreindum sveitarfélögum.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald	kr. 6.000
Skráningargjald eftir útrunnin frest	kr. 8.500

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

Bráðabirgðaskráning	kr. 3.000

Auk þess skal innheimta eftirlitsgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem bráðabirgðaskráning gildir.

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Einn hundur	kr. 8.500

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Afhending	kr. 15.800
Fyrsta afhending skráðs hunds ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	kr. 7.900

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. febrúar og eindagi 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega eftirlitsgjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 16. október 2001, bæjarstjórn Garðabæjar 15. nóvember 2001, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 27. nóvember 2001 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 30. október 2001, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 162/2000 fyrir hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Garðabæ, 5. desember 2001.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri.

5. desember 2001 Nr. 920

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 5.600
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 7.500

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið samþykktri áætlun.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á	1,0 tímagjald

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	1,5 tímagjald

Önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Leyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	1,5 tímagjald

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta settum samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir greiðist tímagjald samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps 16. október 2001, bæjarstjórn Garðabæjar 15. nóvember 2001, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 27. nóvember 2001 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 30. október 2001, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 934/2000 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Garðabæ, 5. desember 2001.

F.h. heilbrigðisnefndar,

Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.	Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	8.400	Bið- og endastöðvar strætisvagna	5.600
Alifuglarækt < 40.000 stæði	23.800	Biðstöðvar leigubifreiða	5.600
Alifuglarækt > 40.000 stæði	47.600	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	7.000
Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	46.200	Bifreiðavarahlutaverslanir, með efnavöru	23.800
Apótek	23.800	Bílasala með notaða bíla	8.400
Athafnasvæði með fljótandi eða gaskennt eldsneyti	21.000	Bílgrein o.fl. - verkstæði fyrirtækja	16.800
Áfengismeðferð - vistheimili	4.900	Bílgrein, verkstæði fyrir þungavinnutæki	25.200
Áfengisverslun	5.600	Bílgrein, bifreiða- eða vélaverkstæði, lítið	8.400
Áhaldahús sveitarfélags	19.600	Bílgrein, bifreiða- eða vélaverkstæði	19.600
Baðhús	44.800	Bílgrein, bifreiða- eða vélaverkstæði, margþætt starfsemi	28.000
Bakarí, lítið	43.400	Bílgrein, bifreiðaréttingar	9.800
Bakarí	54.600	Bílgrein, bifreiðasprautun	22.400
Bensínstöð án matvöru	21.000	Bílgrein, hjólbarðaverkstæði	7.700
Bensínstöð með matvöru	49.000	Bílgrein, litlar bónstöðvar og bílaleigur	7.700
Bensínstöð með veitingasölu	64.400	Bílgrein, lítil bifreiða- eða vélaverkstæði	12.600
Bensínstöð, ómönnuð	18.200	Bílgrein, partasala < 3 stæði	22.400
		Bílgrein, partasala > 3 stæði	28.000
		Bílgrein, ryðvarnarverkstæði	28.000

Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.
Bílgrein, smurstöðvar	19.600
Bílgrein, véla- og tækjageymsla með olíubirgðum	16.800
Bílgrein, þvotta- og bónstöðvar	13.300
Bólstrun	7.700
Brauðstofur	9.100
Brennur	11.200
Byggingavöruverslanir með efnavöru	46.200
Byggingavöruverslanir, lítið af efnavöru	29.400
Dagmömmur með > 6 börn	8.400
Dansskólar	4.900
Dreifingastöð, alifuglakjöts	61.600
Dvalar- og hjúkrunarheimili með fullbúnu eldhúsi	61.600
Dvalar- og hjúkrunarheimili með móttökueldhúsi	29.400
Dvalar- og hjúkrunarheimili, án mötuneytis	11.900
Dýralæknastofur án röntgen	5.600
Dýralæknastofur með röntgen	8.400
Dýraspítalar	9.100
Efnalaugar	19.600
Endurhæfing	8.400
Endurhæfingar-, dvalar- og hjúkrunarheimili með sundlaug og eldhúsi	102.200
Endurvinnsla úrgangs	39.200
Fangageymsla	14.000
Fangelsi	25.200
Farfuglaheimili og fjallaskálar, hálfsársnotkun	3.500
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	5.600
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	36.400
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	23.800
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	18.200
Fiskbúðir án vinnslu	19.600
Fiskbúðir með vinnslu	23.800
Fiskeldi	12.600
Fiskmjölsvinnsla	53.200
Fiskverkun á ferskum fiski	44.800
Fiskverkun á ferskum fiski, lítil	19.600
Fiskverkun, harðfiskverkun	18.200
Fiskverkun, heitloftsþurrkun fiskafurða	30.800
Fiskverkun, ótalin	14.000
Fiskverkun, saltfiskverkun	15.400
Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	28.000
Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	7.000
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	18.200
Fótaaðgerðarstofur	16.800
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	21.000
Framl. á plötum og rörum úr plasti	19.600
Framleiðsla á baunaspírum	22.200
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	9.800
Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	36.400
Framleiðsla á glerplötum	7.700
Framleiðsla á iðnaðargasi	33.600
Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	29.400
Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	21.000
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	29.400
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	51.800
Framleiðsla á umbúðaplasti	16.800
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	14.000
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	35.000
Framleiðsla fiskeldisfóðurs	7.700
Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja	42.000
Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	51.800
Framleiðsla húsdýrafóðurs	7.700
Framleiðsla matvöru til matvælavinnslu	26.600
Framleiðsla mjólkurdufts	42.000
Framleiðsla tilbúinna rétta	46.200
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	9.800
Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	9.100
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - með móttökueldhúsi	39.200
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	44.800
Fræðslustarfsemi ótalin	9.100
Fræðslustarfsemi, á framhaldsskólastigi án mötuneytis	14.700
Fræðslustarfsemi, tónlistarskólar	9.100
Fræðslustarfsemi, ökuskólar, flugskólar o.fl.	9.100
Fræðslustarfsemi, á framhaldsskólastigi - með fullbúnu eldhúsi	44.800
Fyrirtæki sem geyma klórgas	9.100
Gasbirgðastöðvar	9.800
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	21.000
Gámastöð	11.200
Gistiheimili án veitingasölu	11.200
Gisting - heimagisting	3.850
Gisting með veitingasölu	68.600
Gisting með veitingasölu, lítil	44.800
Gisting, bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	4.550
Gisting, bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	11.900
Gisting, starfsmannabúðir	11.900
Gisting, starfsmannabústaður	19.600
Gisting, tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	4.900
Gleriðnaður, framleiðsla gleríláta	7.700
Gleriðnaður, skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	7.700
Grunnskólar án mötuneytis	14.700
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	54.600
Grunnskólar með móttökueldhúsi	43.400
Gúmmívinnsla	8.400
Gæludýraverslun	7.000
Gæsluvellir	14.280
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	10.500
Hárgreiðslustofur	9.100
Heildverslun með hreingerningarefni	40.600
Heildverslun með ávexti og grænmeti	22.400
Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	23.800
Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni, lítil	7.700
Heildverslun með flugelda	18.200

Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.
Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	26.600
Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru, lítil	18.200
Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	25.200
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak	22.400
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	14.000
Heildverslun, varasöm efni	23.800
Heildverslun, varasöm efni (minni háttar)	9.100
Heilsugæslustöðvar	9.100
Heimili fyrir börn og unglinga	5.250
Hestahald, hesthúsahverfi	23.800
Hreinlætisvöruverksmiðjur	43.400
Hundahótel	3.150
Húðflúr-stofur	16.800
Húðgötun	16.800
Húsdýragarðar	11.200
Húsgagnaiðnaður með lökkun	21.000
Ísgerð	106.400
Íþróttahús, lítil	18.200
Íþróttahús, stór	29.400
Íþróttavellir	18.200
Járnvöruverslanir og minni háttar sala á efnavöru	9.100
Kaldhreinsun lýsis	22.400
Kanínurækt	22.400
Kappaksturs- og æfingabrautir	16.800
Kartöfluvinnsla - pökkun	14.000
Kattahótel	3.150
Kexverksmiðjur	68.600
Kirkjur	3.850
Kírópraktor	7.700
Kjötvinnsla með reykingu	95.200
Kjötvinnsla með reykingu, lítil	78.400
Kjötvinnsla,	67.200
Kjötvinnsla, alifuglakjöts	84.000
Krár, kaffihús án matsölu	30.800
Krár, kaffihús með matsölu	46.200
Krydd- og bragðefnaframleiðsla	32.200
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	21.700
Kvikmyndahús	11.900
Kæli- og frystigeymslur	9.100
Kökugerð,	28.000
Kökugerð, lítil	23.800
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta	28.000
Lauksteikingarverksmiðjur	22.400
Leðurvinnsla	10.500
Leikhús	15.400
Leikskólar án mötuneytis	30.800
Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	67.200
Leikskólar með móttökueldhúsi	57.400
Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m^3	7.700
Litun og bleiking < 10 tonn á dag	21.000
Líkamsræktarstöðvar, litlar	14.000
Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	35.000
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	15.400
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	40.600
Líkamsræktarstöðvar, stórar	18.200
Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	49.000
Líkbrennslur	3.850
Ljósmyndastofur með framköllun	14.000
Loðdýrabú	22.400
Lyfjagerð	14.700
Læknahús með aðgerðarstofum	9.800
Læknastofur	8.400
Malar- og sandnám; vikurnám	21.000
Markaðir	25.200
Matsölustaðir	77.000
Matsölustaðir, litlir	54.600
Matsölustaðir, stórir	88.200
Matsöluvagnar	23.800
Matvöruverslun án vinnslu,	50.400
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	50.400
Matvöruverslun með vinnslu	88.200
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	72.800
Málmiðnaður - blikksmiði	7.700
Málmiðnaður, járn-, ál- og stálsmiðjur	18.200
Málmiðnaður, kælitækjaþjónusta, viðgerðir og nýsmíði	26.600
Málmiðnaður, málmsteypa < 20 tonn á dag	11.900
Málmiðnaður, meðferð og húðun málma	22.400
Málmiðnaður, sandblástur	22.400
Málmiðnaður, slippur og tengdur rekstur	35.000
Málningar- og veggfóðurverslun	29.400
Málningarverksmiðjur	71.400
Málningarvinna, vegamálun	8.400
Málningavöruverslanir	29.400
Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni < 300 tonn á dag	22.400
Mjólkurbú	106.400
Mjólkurbú og ostagerð	166.600
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	42.000
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	16.800
Móttaka brotamálms	52.150
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	22.400
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi	37.800
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	28.000
Mötuneyti með móttökueldhúsi	30.800
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	18.200
Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	21.000
Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	16.800
Niðurrif bifreiða	42.000
Nuddstofur	8.400
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	14.000
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með fasta staðsetningu	28.000
Ostagerð	92.400
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	9.100
Plastiðnaður	19.600
Prentiðnaður	16.800
Prentiðnaður, lítill	15.400

Heiti atvinnugreinar	Gjald kr.
Prentiðnaður, með framköllun	18.200
Prentiðnaður, stór	21.000
Prentsmið	9.100
Pökkun á sápuefnum o.þ.h.	18.200
Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	9.100
Rafvélaverkstæði	9.100
Rannsóknarstofur í læknisfræði	4.200
Röntgenstofur	8.400
Sala á tilbúnum mat	50.400
Sala á tilbúnum mat, lítil	37.800
Sala eiturefna og hættulegra efna	18.200
Salatgerð	40.600
Saltvinnsla	21.000
Samkomusalir án eldhúss	8.400
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	28.000
Samkomusalir með móttökueldhúsi	18.200
Sjúkrahús, deildarskipt án mötuneytis	14.700
Sjúkrahús, deildarskipt með fullbúnu eldhúsi	78.400
Sjúkrahús, deildarskipt með móttökueldhúsi	33.600
Sjúkraþjálfun	8.400
Skíðaskáli, skíðasvæði, vélageymsla og viðgerðaraðstaða	23.800
Skotvellir	14.000
Skólphreinsistöð > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe	23.800
Skólphreinsistöðvar, aðrar	18.200
Skyndibitastaðir	58.800
Skyndibitastaðir, litlir	47.600
Sláturhús	67.200
Sláturhús alifugla	67.200
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	23.800
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	37.800
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	43.400
Smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum, ótalin	25.200
Smásala efna í flokkum X, A og B	18.200
Smásala með notaða muni í verslunum	14.700
Smjörlíkisgerð	29.400
Snyrtistofur	9.100
Snyrtivöruframleiðsla	40.600
Snyrtivörusala	14.000
Snyrtivöruverslun	23.800
Sorpflutningar og sorphirða	11.900
Sólbaðstofur	15.400
Sólbaðstofur með heitum pottum	43.400
Spennaviðgerðir	10.500
Spennistöðvar	9.100
Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	16.800
Steinsmíði	7.700
Stórmarkaðir > 400 m^2, án matvælavinnslu	85.400
Stórmarkaðir > 400 m^2, með matvælavinnslu	112.000
Sultu- og ávaxtagrautargerð	32.200
Sumarbúðir	22.400
Sundstaðir	133.000
Sundstaðir, litlir	72.800
Súkkulaði- og sælgætisgerð	35.000
Svínarækt	47.600
Söluturnar án óvarinna matvæla	29.400
Söluturnar með óvarin matvæli,	51.800
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	38.500
Tannlæknastofur	11.200
Tannsmíðar	9.100
Te- og kaffiframleiðsla	11.900
Trésmiðja - verkstæði	8.400
Trésmiðja án lökkunar	9.100
Trésmiðja með lökkun	21.000
Trésmiðja, þrýstifúavörn á viði	21.000
Ullarþvottastöðvar	21.000
Varaaflstöðvar með olíubirgðum	9.100
Varaaflstöðvar með olíubirgðum < 1600 l	4.550
Varahlutaverslanir, ekki bíla	9.100
Vatnsveitur < 1.000 íbúa	18.760
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	126.560
Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	239.120
Vatnsveitur 10.000 - 50.000 íbúa	267.120
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	10.500
Verslunarmiðstöðvar	16.800
Véla- og tækjageymsla án olíubirgða	7.700
Véla- og tækjasölur	9.100
Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	18.200
Viðgerðaraðstaða	8.400
Viðhald, niðurrif skipa	63.000
Vinnsla á ferskum fiski	33.600
Vinnsla með plast- og frauðefni	7.700
Vinnsla með trefjaplast	22.400
Vistheimili	9.100
Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	18.200
Völuflutningamiðstöðvar	22.400
Völugeymslur	19.600
Völugeymslur, litlar	8.400
Yoga-stofur, heilun o.fl.	7.700
Þakpappaverksmiðjur	9.100
Þvottahús	8.400

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./stk.
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
	Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar				
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9045	Græðlingar með rót og ungplöntur	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
	Aðrar útiplöntur:				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
	Inniplöntur:				
0602.9070	Græðlingar með rót og ungpl. ekki kaktusar og þykkbl.	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0602.9094	Plöntur af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.01.-30.06.02	3.400	30	0
0602.9099	Annars (pottapl. yfir 1 metri á hæð)	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
	Nýtt:				
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (Nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.02	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslirnar Prote, Bankasía o.fl.	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0603.1005	Blóm af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0603.1006	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.01.-30.06.02	175.000	30	0
0603.9000	Annað (þurrkuð blóm)	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.02	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. desember 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

Nr. 922 5. desember 2001

REGLUR

um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda.

I. KAFLI
Hlutverk og starfssvið samkeppnisyfirvalda.

1. gr.

Hlutverk samkeppnisyfirvalda, þ.e. samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar, er að framfylgja ákvæðum samkeppnislaga og þeirra sérlaga sem svo mæla fyrir um.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Í því felst m.a. að Samkeppnisstofnun:

a. aflar gagna í þeim málum sem samkeppnisyfirvöld hafa til umfjöllunar hverju sinni,
b. leitar sjónarmiða aðila að málum sem samkeppnisyfirvöld hafa til umfjöllunar,
c. framkvæmir frumathugun á máli sem leggur grundvöll að frekari meðferð þess,
d. leitar samkomulags við aðila um að framkvæmdar verði ráðstafanir sem geti leitt til þess að samkeppnisyfirvöld hætti afskiptum af máli (sátt),
e. tekur bráðabirgðaákvarðanir þegar sérstakar aðstæður krefjast þess,
f. tekur ákvarðanir á neðra stjórnsýslustigi skv. ákvæðum samkeppnislaga og reglna þessara,

g. að höfðu samráði við formann boðar fundi í samkeppnisráði,
h. annast jafnan samskipti samkeppnisráðs við einstaklinga, fyrirtæki, fjölmiðla, stjórnvöld og dómstóla,
i. annast samskipti við erlend samkeppnisyfirvöld og aðrar erlendar stofnanir.

2. gr.

Samkeppnisráð tekur ákvarðanir í öllum málum þar sem skorið er úr ágreiningi um gildissvið samkeppnislaga og ennfremur í málum sem hafa stefnumarkandi eða víðtæk áhrif.

Samkeppnisráð tekur íþyngjandi ákvarðanir á grundvelli samkeppnislaga og veitir undanþágu frá lögunum, sbr. þó 3. og 4. gr. reglna þessara.

3. gr.

Samkeppnisstofnun tekur ákvarðanir um einstök mál ef samkeppnislög mæla svo fyrir um, sbr. t.d. 32. gr., 39. gr. og 41. gr. samkeppnislaga. Ef ljóst er af fordæmum samkeppnisráðs eða áfrýjunarnefndar samkeppnismála eða af ákvæðum samkeppnislaga að ekki er ástæða til að taka íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun eða birta álit er Samkeppnisstofnun heimilt í slíkum málum að taka ákvörðun á neðra stjórnsýslustigi.

Þegar fyrir liggur niðurstaða samkeppnisráðs í sambærilegu máli er Samkeppnisstofnun heimilt að taka íþyngjandi ákvörðun á neðra stjórnsýslustigi í málum sem falla undir 20.a., 21. og 22. gr. samkeppnislaga eftir að álits auglýsinganefndar hefur verið aflað.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er Samkeppnisstofnun heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál þegar sennilegt þykir að sú háttsemi eða þær aðstæður sem til athugunar eru fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Jafnframt er það skilyrði fyrir bráðabirgðaákvörðun að líklegt sé að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins eða málið að öðru leyti þolir ekki bið. Ákvarðanir til bráðabirgða skulu lagðar fyrir næsta fund samkeppnisráðs. Skal ráðið taka afstöðu til ákvörðunarinnar innan sex vikna frá því hún var tekin ella fellur hún úr gildi.

Ef ekki þykir ástæða til að taka bráðbirgðaákvörðun er Samkeppnisstofnun heimilt að beina tilmælum til málsaðila um að láta af tiltekinni háttsemi þar til ákvörðun hefur verið tekin í málinu. Slíkum tilmælum skal einungis beitt í þeim tilvikum þar sem sennilegt þykir að háttsemi fari gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum skv. þeim eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni.

II. KAFLI
Upphaf máls.

5. gr.

Samkeppnisyfirvöld taka mál til meðferðar, hvort heldur er á grundvelli aðsendra erinda eða að eigin frumkvæði. Mál geta verið tekin til meðferðar að eigin frumkvæði t.d. á grundvelli:

a. óformlegra ábendinga frá einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum,
b. upplýsinga sem birtast í fjölmiðlum,
c. mats á samkeppnisskilyrðum á einstökum mörkuðum.

6. gr.

Erindi sem beint er til samkeppnisyfirvalda skulu að öllu jöfnu vera skrifleg og þar skal greint frá nafni, heimilisfangi og kennitölu þess sem sendir erindið, auk netfangs hans

ef um slíkt er að ræða. Erindi skal undirritað af þeim sem ber það fram eða umboðsmanni hans. Unnt er að krefjast vottorðs til sönnunar á umboði.

Lýst skal tilefni erindis og skýrt hvaða lögvörðu hagsmuna hlutaðeigandi hafi að gæta, sbr. 9. gr. reglna þessara. Málavextir skulu skýrðir eins ítarlega og kostur er. Erindum skal jafnan fylgja rökstuðningur með vísan í lagaákvæði og þau sönnunargögn sem tiltæk eru og máli skipta, svo sem samninga, viðskiptaskilmála, fundargerðir og hagtölur. Ef unnt er skal bent á aðila sem staðfest geta málsatvik. Ef við á skal einnig lýsa þeim markaði sem erindið tekur til og þeim aðstæðum sem á honum ríkja. Jafnframt skal gera grein fyrir helstu keppinautum og viðskiptavinum ef það þykir skipta máli. Taka skal fram ef leitað hefur verið til annarra stjórnvalda eða dómstóla vegna málsins.

7. gr.

Sá sem ber upp erindi við samkeppnisyfirvöld getur óskað eftir því að nafni hans verði haldið leyndu. Ef líklegt má telja að hagsmunir viðkomandi skaðist ef greint er frá nafni hans, skal fallast á ósk um nafnleynd.

8. gr.

Samkeppnisyfirvöld geta ákveðið að taka aðsent erindi til meðferðar að eigin frumkvæði þrátt fyrir að það sé ekki sett fram með réttum hætti eða af réttum aðila, sbr. 6. gr.

9. gr.

Þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta eiga aðild að málum fyrir samkeppnisyfirvöldum.

10. gr.

Telji samkeppnisyfirvöld að erindi fullnægi ekki lagaskilyrðum til að hljóta nánari athugun og meðferð eða gefi ekki tilefni til athugunar af öðrum ástæðum skal hlutaðeigandi tilkynnt um þá niðurstöðu. Jafnframt skal kynna kæruleið og frest til að skjóta niðurstöðu samkeppnisyfirvalda til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

III. KAFLI
Málsmeðferð.

11. gr.

Ákveði samkeppnisyfirvöld að taka mál til meðferðar skal þeim einstaklingi, lögaðila eða stjórnvaldi sem athugun beinist að, skýrt frá efni þess og gefinn kostur á að koma að athugasemdum og skýringum, nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum, t.d. þegar til álita kemur að beita heimild 40. gr. samkeppnislaga.

Ákveði samkeppnisyfirvöld á einhverju stigi máls að nýta heimild 3. mgr. 5. gr. samkeppnislaga til forgangsröðunar mála, skal aðilum þess máls sem tefst í meðferð vegna þessa, tilkynnt um hina fyrirsjáanlegu töf og greint frá því hvenær ákvörðunar megi vænta.

Í málum sem rekin eru á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga skal málsmeðferð taka mið af tímafrestum ákvæðisins. Aðilum skal því veittur skammur frestur til að koma að sjónarmiðum sínum og til að veita upplýsingar. Hið sama á við um þriðja aðila sem leitað er til um upplýsingar.

12. gr.

Þegar til álita kemur að taka bráðabirgðaákvörðun skv. 4. gr. reglna þessara, hvort sem er á grundvelli kröfu eða að eigin frumkvæði Samkeppnisstofnunar, skal þeim aðila sem slík ákvörðun kann að beinast að gert viðvart eins skjótt og auðið er. Skal honum kynnt

efni og fyrirliggjandi gögn málsins, sbr. þó 14. gr. reglnanna. Veita skal aðila skamman frest til að koma að sínum sjónarmiðum. Að frestinum liðnum skal Samkeppnisstofnun taka málið til ákvörðunar.

13. gr.

Aðilar að málum fyrir samkeppnisyfirvöldum eiga rétt á að kynna sér gögn sem málið varða, sbr. þó 14. gr. reglna þessara. Senda skal málsaðila gögn sem berast frá gagnaðila eða vekja athygli á tilvist þeirra. Samkeppnisstofnun skal vekja athygli aðila á öðrum gögnum en stafa frá málsaðilum, teljist þau til málsgagna, og gefa þeim kost á að kynna sér þau. Þetta tekur þó ekki til gagna sem teljast vera opinber og öllum aðgengileg.

14. gr.

Samkeppnisyfirvöldum er heimilt að takmarka aðgang málsaðila að gögnum máls ef hagsmunir þeirra af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, einkum þegar um er að ræða viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar sem eðlilegt má telja að leynt fari.

Ef aðilar máls láta samkeppnisyfirvöldum í té gögn eða upplýsingar sem að mati þeirra eiga leynt að fara skulu þeir óska eftir því að farið verði með upplýsingarnar eða gögnin sem trúnaðarmál. Skal óskin rökstudd og tilgreint hvaða hluti gagnanna eða upplýsinganna séu að þeirra mati trúnaðarmál. Sé þess kostur skal samkeppnisyfirvöldum einnig látið í té eintak af viðkomandi gögnum þar sem trúnaðarupplýsingar hafa verið felldar á brott. Ef ekki er sett fram ósk um trúnað er samkeppnisyfirvöldum rétt að líta svo á að viðkomandi gögn eða upplýsingar innihaldi ekki trúnaðarupplýsingar.

Ákvörðun samkeppnisyfirvalda um að synja eða takmarka aðgang málsaðila að gögnum skal rökstudd og tilkynnt aðilum. Í tilkynningu skal greina málsaðilum frá rétti þeirra til að skjóta ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar samkeppnismála innan 14 daga frá því að tilkynnt var um ákvörðunina.

15. gr.

Ávallt skal ljúka gagnaöflun með athugasemdum þess málsaðila sem erindi beinist að eða kann að verða fyrir íþyngjandi ákvörðun samkeppnisyfirvalda. Öðrum málsaðilum skulu sendar til upplýsinga lokaathugasemdir þess sem kvartað er yfir. Aðilum málsins skal um það tilkynnt þegar gagnaöflun er lokið.

16. gr.

Telji samkeppnisyfirvöld að íþyngjandi ákvörðun kunni að verða tekin í málum sem falla undir 10. gr., 11. gr., 12. gr. og 1. mgr. 18. gr. samkeppnislaga og rekin eru að öllu leyti að eigin frumkvæði samkeppnisyfirvalda, skal taka saman greinargerð sem nefnist frumathugun. Í greinargerðinni skal helstu atvikum málsins lýst og greint frá grundvelli þess í aðalatriðum að tilteknar aðstæður eða háttsemi kunni að fara gegn ákvæðum samkeppnislaga eða ákvörðunum teknum á grundvelli þeirra eða kunni að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Ekki er nauðsynlegt að í frumathugun samkeppnisyfirvalda komi fram tæmandi lýsing á atvikum málsins eða sjónarmiðum samkeppnisyfirvalda.

Í frumathugun samkeppnisyfirvalda felst ekki bindandi stjórnvaldsákvörðun. Frumathugun er rituð í því skyni að stuðla að því að málið sé að fullu upplýst áður en ákvörðun er tekin og í því skyni að auðvelda aðila að nýta sér andmælarétt sinn.

Frumathugun skal send málsaðilum og þeim gefin hæfilegur frestur til að gera skriflegar athugasemdir við hana og koma að frekari skýringum og gögnum.

Heimilt er að taka saman frumathugun í öðrum málum en þeim sem nefnd eru í 1. mgr. ef atvik þykja óskýr eða æskilegt af öðrum orsökum að upplýsa málið frekar.

17. gr.

Að lokinni gagnaöflun leggur Samkeppnisstofnun mál fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar, sbr. þó ákvæði 3. og 4. gr. reglna þessara.

Niðurstaða samkeppnisyfirvalda getur ýmist verið stjórnvaldsákvörðun, sem er bindandi að lögum, eða álit á grundvelli d-liðar 2. mgr. 5. gr. eða 19. gr. samkeppnislaga.

18. gr.

Samkeppnisráði er heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkeppnisstofnun er heimilt að ljúka með sátt málum sem heyra undir stofnunina skv. 3. gr. reglna þessara.

19. gr.

Eftir að máli er lokið skal niðurstaðan tilkynnt málsaðilum og er hún bindandi eftir að hún er komin til aðila. Veita skal leiðbeiningar um kæruheimild og frest til að skjóta málinu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála þegar það á við. Ákvörðun samkeppnisráðs skal birt á heimasíðu Samkeppnisstofnunar eftir að hún hefur verið send aðilum.

IV. KAFLI
Fundir samkeppnisráðs o.fl.

20. gr.

Að höfðu samráði við formann samkeppnisráðs boðar Samkeppnisstofnun til fundar í ráðinu. Ef meirihluti ráðsmanna krefst þess er skylt að boða til fundar. Með fundarboði skal fylgja dagskrá og gögn eftir því sem við verður komið.

21. gr.

Málsmeðferð fyrir samkeppnisráði skal vera skrifleg. Þó er unnt að heimila munnlega málsmeðferð þegar sérstaklega stendur á að mati ráðsins.

22. gr.

Samkeppnisráð er starfshæft þegar meirihluti ráðsmanna situr fund og ræður afl atkvæða úrslitum. Verði atkvæði jöfn telst tillaga fallin.

Forstjóri Samkeppnisstofnunar og aðrir starfsmenn sem hann tilnefnir sitja fundi samkeppnisráðs. Haldnar skulu fundargerðir um fundi ráðsins.

23. gr.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt samkeppnislögum og stjórnsýslulögum.

V. KAFLI
Gildistaka.

24. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 672/1994.

Samkeppnisstofnun, 5. desember 2001.

Atli Freyr Guðmundsson.

Georg Ólafsson.

REGLUGERÐ

um happdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga.

1. gr.

Heimilt er Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (skammstafað SÍBS) að reka vöruhappdrætti. Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi SÍBS, sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

Eignum happdrættisins skal, ef það verður lagt niður, verja á sama hátt.

2. gr.

Stjórn SÍBS fer með yfirstjórn happdrættisins og hefur á hendi reikningshald þess eða felur það framkvæmdastjóra. Hún skal færa ákvarðanir, er happdrættið varða, í gerðabók sína. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra happdrættisins.

3. gr.

Reikningsár happdrættisins er almanaksárið. Dómsmálaráðuneytið skipar tvo skoðunarmenn reikninganna. Þóknun til þeirra greiðist af fé happdrættisins.

4. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna happdrættisráð til þriggja ára í senn og varamenn þeirra og ákveður formann þess. Dómsmálaráðuneytið ákveður þóknun happdrættisráðsmanna, er greiðist af fé happdrættisins.

Happdrættisráð skal hafa aðgang að bókum og skjölum happdrættisins og skal því veitt sú vitneskja um starfsemina sem það óskar. Það skal tafarlaust tilkynna dómsmálaráðuneytinu ef það telur ákvæði laga eða reglugerða um happdrættið brotin.

Happdrættisráð hefur eftirlit með og úrskurðarvald um drætti, svo sem síðar segir.

5. gr.

Happdrættið gefur árlega út 75.000 - sjötíu og fimm þúsund - hluti í 12 flokkum.

Við kaup á hlutanúmeri í happdrættinu er gerð skráning í tölvuskrá happdrættisins um seld númer. Kaupanda númers er afhent kvittun til staðfestingar á keyptu númeri. Kvittunin ber áritað keypt númer, svo og verð hlutanúmers (miðans) og það tímabil sem greitt er fyrir. Á hverja kvittun skal prenta nafn og merki happdrættisins, svo og eiginhandarundirskrift framkvæmdastjóra happdrættisins. Ef númer er selt annars staðar en hjá aðalumboði skal stimpla á kvittunina umboðsnúmer og sölustað.

6. gr.

Vinningar í happdrættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórða hvert hlutanúmer hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal heildarverðmæti vinninga nema að minnsta kosti 50% af söluverði í öllum 12 flokkum.

Stjórn happdrættisins ákveður, að fengnu samþykki happdrættisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga í hverjum flokki. Skal vinningaskrá samin fyrirfram fyrir ár hvert.

Stjórn happdrættisins er heimilt að kveða svo á í vinningaskrá að falli hæsti vinningur í flokki á óselt hlutanúmer leggist hann við fyrsta vinning í næsta flokki og þannig áfram uns fyrsti vinningur í flokki fellur á selt númer. Gildir slíkur flutningur fyrsta vinnings einnig í 12. flokki þannig að hann flyst til 1. flokks á næsta happdrættisári.

7. gr.

Verð ársnúmers er 9.600 kr. en endurnýjunarverð í hverjum flokki 800 kr.

Ef keypt er nýtt hlutanúmer eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir það andvirði hlutanúmers í þeim flokki sem næst á að draga í. Ef ekki hefur verið greitt fyrir hlutanúmer í einum eða fleiri flokkum sem liðnir eru innan happdrættisársins en kaupandi vill gera númerið gilt í næsta útdrætti, skal greiða fyrir númerið 100 kr. fyrir hvern flokk sem liðinn er frá því það var síðast gilt auk verðs þess í þeim flokki sem næst á að draga í.

8. gr.

Hlutanúmer eru seld á skrifstofu SÍBS í Reykjavík og hjá umboðsmönnum happdrættisins víðs vegar um landið.

Endurnýjun hlutanúmers hefst að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til starfsloka síðasta endurnýjunardags. Endurnýjun skal fara fram hjá þeim umboðsmanni sem hefur selt númerið.

9. gr.

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 14. janúar ár hvert, en í öðrum flokkum 5. hvers mánaðar. Ekki skal þó dregið á helgidögum, laugardögum eða almennum frídögum eða fyrsta virkan dag eftir helgidag eða almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir. Happdrættisráð getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar ef því þykir ástæða til.

10. gr.

Útdráttur vinninga fer fram opinberlega í Reykjavík þar sem happdrættisráð samþykkir.

Útdráttur fer fram undir eftirliti happdrættisráðs og að viðstöddum fulltrúa happdrættisins.

11. gr.

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

a) Tölvu sem samþykkt er af happdrættisráði og stjórnað af sérfróðum manni.
b) Dráttarforrit og annan hugbúnað sem stýrir tölvunni við útdráttinn.
c) Stokk til útdráttar á lykiltölu fyrir dráttarforritið. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfi skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.
d) Nauðsynlegan tölvupappír og annan búnað í samræmi við þarfir forritsins.

12. gr.

Dráttarforrit skal gert samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Dráttarforrit skal þannig gert, að fyrst er dreginn út hæsti (hæstu) vinningur, síðan næsthæsti (næsthæstu) o.s.frv. Happdrættisráð fær tvo sérfróða menn til að yfirfara dráttarforritið í upphafi, svo og í hvert sinn sem breytingar eru gerðar á því. Skulu hinir sérfróðu menn leggja skriflega greinargerð um gerð forritsins fyrir happdrættisráðið, sem síðan staðfestir það.

Dráttarforritið og annar hugbúnaður skal varðveittur í þar til gerðri tölvu sem innsigluð er með innsigli happdrættisráðs.

13. gr.

Útdráttur vinninga í happdrættinu fer fram með eftirfarandi hætti:

a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti að stokknum er snúið en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
b. Tölvan með útdráttarforriti er tekin undan innsigli af fulltrúum happdrættisráðsins.
c. Tölvan ræst, sett í upphafsstöðu og afritunardisklingur settur í hana.

d. Upplýsingar um útdráttinn og vinninga eru færðar í tölvuna og að því búnu lykiltalan.
e. Tölvan dregur og færir útdrátt á diskling, en síðan er prentuð vinningaskrá sem happdrættisráðið staðfestir með undirskrift sinni.
f. Afritunardisklingur tekinn úr útdráttartölvu og honum læst.
g. Útdráttartölvan innsigluð með innsigli happdrættisráðsins og varðveitt í aðalumboði happdrættisins. Happdrættisráðið færir skýrslu um framkvæmd útdráttarins.
h. Gögn um útdráttinn eru flutt í tölvukerfi happdrættisins af útdráttardisklingi.

Ákveða má að við útdrátt vinninga í hverjum flokki skuli draga sérstaklega út tiltekinn fjölda vinninga sem dregnir skulu eingöngu úr seldum númerum. Drátturinn fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið. Ef fimm fyrstu stafir sem þá koma upp mynda tölu á bilinu 1 - 75.000 skal sú tala skráð. Telst hún vinningsnúmer ef það hlutanúmer er selt. Valið skal endurtekið þar til slík tala hefur komið upp úr seldum númerum svo oft sem velja á.

Stjórn happdrættisins er heimilt að ákveða að í hverjum flokki sé dregin sérstaklega út tiltekinn fjöldi vinninga samkvæmt vinningaskrá með vali tveggja stafa talna. Valið fer fram með notkun átta hólfa stokks og er sú tala, sem fram kemur og síðustu tveir stafir mynda, skráð. Lesið skal frá þeim enda stokksins sem fjær er snúningshnúð. Val er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölurnar verða hluti af vinningaskrá, en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju hlutanúmeri. Þau númer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.

14. gr.

Bili tölvan eða útdráttur stöðvast af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, tekur happdrættisráð öll gögn vegna útdráttarins til varðveislu. Þessi sömu gögn, þ. á m. lykiltalan, skulu notuð við endurtekningu útdráttarins.

15. gr.

Ef ágreiningur rís um lögmæti eða gildi dráttar meðan drátturinn fer fram eða eftir að honum er lokið, skal skjóta honum til happdrættisráðs, sem leggur fullnaðarúrskurð á ágreininginn.

16. gr.

Vinningaskrá skal gefin út að loknum hverjum drætti og skal hún fást ókeypis hjá öllum umboðsmönnum happdrættisins.

17. gr.

Eigandi númers, sem hlotið hefur vinning, skal snúa sér til þess umboðsmanns, er seldi númerið. Umboðsmaðurinn stimplar þá vinningsmerki á kvittun fyrir kaupum á hlutanúmeri, ritar á hana hver vinningurinn er, dagsetningu og skrifar nafn sitt undir.

Í upphafi hvers árs á eigandi hlutanúmers kost á því að kaupa sama hlutanúmer og hann hafði næsta ár á undan, ef hann snýr sér til umboðsmanns happdrættisins á þeim tíma, sem stjórn happdrættisins auglýsir. Þetta gildir þó því aðeins að umboðsmaðurinn hafi fengið umrætt númer aftur frá skrifstofu happdrættisins.

18. gr.

Allir vinningar skulu greiddir í vörum, og er happdrættinu óheimilt að greiða andvirði þeirra í peningum.

Umboðsmenn afhenda vinninga gegn framvísun stimplaðrar og áritaðrar kvittunar samkvæmt 17. gr. og kvittunar um vörukaup.

19. gr.

Á vinningaskrá skal auglýst hvenær afhending vinninga hefst. Ef mótmæli koma fram gegn afhendingu vinninga til skráðs kaupanda hlutanúmers, áður en afhending hefst samkvæmt auglýsingunni, skal vinningur ekki afhentur fyrr en 8 vikur eru liðnar frá því að afhending átti að hefjast og skal hann þá afhentur skráðum kaupanda númersins nema sannað sé, að mál sé þingfest til úrskurðar um eignarrétt vinningsins og skal þá vinningurinn ekki afhentur fyrr en dómsúrskurður er fallinn.

Ef kvittun fyrir hlutanúmeri, sem vinning hlýtur, hefur glatast, getur eigandi hennar snúið sér til stjórnar happdrættisins með beiðni um að fá vinninginn afhentan, en fylgja skal vottorð umboðsmanns, sem seldi númerið, um að samkvæmt bókum hans hafi umsækjandi keypt hlutanúmerið. Slík beiðni þarf að komast í hendur stjórnarinnar innan 6 mánaða frá drætti, en hafi vinningur samkvæmt númerinu þegar verið afhentur er beiðnin kom fram, er happdrættið laust allra mála.

20. gr.

Vinningar, sem enginn hefur vitjað innan eins árs frá drætti, verða eign happdrættisins.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, lög nr. 115 31. desember 1984 og lög nr. 94 10. desember 1999, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga nr. 372 25. október 1976 með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. nóvember 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

Nr. 924 4. desember 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag íþrótta- og skólasvæðis við Ásgarð í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 1. nóvember 2001 tillögu að deiliskipulagi íþrótta- og skólasvæðis við Ásgarð og Vífilsstaðaveg í Garðabæ.

Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir viðbyggingum við skóla, byggingu stúku við íþróttavöll og stækkun núverandi bílastæða. Jafnframt er gert ráð fyrir að eldri deiliskipulagstillögur á sama svæði falli úr gildi. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 4. desember 2001.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir, skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar Háskólans á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag lóðar Háskólans á Akureyri, á svonefndu Sólborgarsvæði. Deiliskipulagið kveður m.a. á um byggingarreiti fyrir Rannsóknarhús og næstu byggingaráfanga Háskólans, götur, bílastæði og stíga. Á hluta svæðisins er deiliskipulagi frestað. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 6. desember 2001.

F.h. bæjarstjórnar Akureyrar,

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

6. desember 2001 Nr. 926

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Umsóknargögn skulu vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Ef lýsing, einkaleyfiskröfur, ágrip og texti á teikningum eru ekki á íslensku skulu einkaleyfiskröfur, ágrip og texti á þeirri mynd, sem birta skal með því, liggja fyrir í íslenskri þýðingu áður en umsókn er gerð aðgengileg. Ef umsókn leiðir til veitingar einkaleyfis skal samþykkt gerð einkaleyfiskrafna, ágrips og texta á teikningum liggja fyrir í íslenskri þýðingu innan fjögurra mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um að unnt væri að veita einkaleyfi skv. 1. mgr. 19. gr. ell. Innan sama tíma skal samþykkt gerð lýsingar liggja fyrir í íslenskri þýðingu eða á ensku.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur til allra einkaleyfisumsókna sem lagðar eru inn frá og með 1. janúar 2002.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 69. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fyrir aukaskoðun vegna uppsetningar vinnuvéla eða tækja sem eru með gilda reglubundna skoðun, til dæmis byggingakrana eða hengiverkpalla, skal greiða 50% af gjaldi fyrir reglubundna skoðun. Það sama á við um aukaskoðun vegna breytinga eða viðgerða á vinnuvélum eða tækjum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I:

a. Í 30. flokki kemur „Lyftitæki, fjölnotatæki lyftigeta ≤ 5 t“ í stað orðanna „Lyftitæki, fjölnotatæki <6 tm lyftigeta“.
b. Í 34. flokki kemur „Lyftitæki, fjölnotatæki lyftigeta >5 t“ í stað orðanna „Lyftitæki, fjölnotatæki >6 tm lyftigeta“.

3. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er skv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. desember 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

Nr. 928 4. desember 2001

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Garðabæ nr. 171/1988.

1. gr.

1. ml. 1. mgr. 7. gr. orðist svo að í stað orðanna „innan kaupstaðarmarka“ komi: á almannafæri.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðabæjar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. desember 2001.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Jón Þór Ólason.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyri nr. 483/1996.

1. gr.

21. gr. orðist svo:

Umferð torfærutækja s.s. vélsleða, snjóbíla o.þ.h., innan lögsagnarumdæmis Akureyrar, skal háð fyrirmælum umferðarlaga.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. desember 2001.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Jón Þór Ólason.

5. desember 2001 Nr. 930

REGLUR

um tilkynningu samruna.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreining samruna.

1. gr.

Ákvæði reglna þessara og viðauka þeirra gilda um tilkynningar til Samkeppnisstofnunar um samruna fyrirtækja sem fellur undir 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Samruni skv. samkeppnislögum nr. 8/1993 telst hafa átt sér stað þegar:

a. tvö eða fleiri fyrirtæki, sem áður störfuðu sjálfstætt, sameinast,
b. fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,
c. eigendur með yfirráð í einu eða fleiri fyrirtækjum ná beinum eða óbeinum yfirráðum í einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar eða
d. fyrirtæki stofna fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varir til frambúðar sem sjálfstæð efnahagseining og veldur því ekki að aðilar sem hlut eiga að máli samræmi samkeppni sín á milli eða milli sín og hins sameiginlega verkefnis.

3. gr.

Yfirráð skv. reglum þessum eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis, annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum, hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur:

a. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir fyrirtækis eða
b. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.

II. KAFLI
Tilkynning samruna.

4. gr.

Skylt er að tilkynna samruna til Samkeppnisstofnunar sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a. Sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 1 milljarður kr. eða meira á Íslandi, og
b. að minnsta kosti tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 50 millj. kr. ársveltu á Íslandi hvert um sig.

Telja skal með veltu skv. 1. mgr. veltu móður- og dótturfélaga fyrirtækja sem aðild eiga að samrunanum, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og veltu fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir.

Velta skv. grein þessari miðast við síðastliðið reikningsár eða eftir atvikum veltu síðustu 12 mánaða fyrir samruna.

5. gr.

Tilkynna skal Samkeppnisstofnun um samruna sem uppfyllir skilyrði 4. gr. reglna þessara eigi síðar en einni viku eftir að samingi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekin aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki. Frestur þessi hefst þegar eitt af þessu hefur gerst.

Sé um að ræða samruna í skilningi a-liðar 2. gr. reglna þessara eða öflun sameiginlegra yfirráða í skilningi c-liðar 2. gr. reglnanna skulu aðilar samrunans eða þeir sem ná sameiginlega yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningu um samrunann.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningu um samruna. Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningu.

6. gr.

Í tilkynningu um samruna skulu vera þær upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir í skrá um upplýsingar í viðauka við reglur þessar (samrunaskrá). Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi. Skrifleg tilkynning skal afhent Samkeppnisstofnun.

Samkeppnisstofnun skal án tafar senda viðkomandi aðilum skriflega staðfestingu á því að stofnuninni hafi borist tilkynning.

7. gr.

Samkeppnisstofnun er heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar sem óskað er eftir í viðauka, telji stofnunin eftir atvikum að slíkar upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun á viðkomandi samruna.

Rökstudd skrifleg beiðni um undanþágu skv. 1. mgr. skal sett fram áður en skylda til tilkynningar skv. 5. gr. reglna þessara verður virk.

8. gr.

Þrjátíu daga frestur Samkeppnisstofnunar skv. 4. mgr. 18. gr. samkeppnislaga byrjar að líða þegar stofnuninni berst tilkynning um samruna, sbr. þó 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Ef upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem fylgja tilkynningu, eru ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal Samkeppnisstofnun tilkynna það viðkomandi fyrirtækjum skriflega og án tafar og setja fyrirtækjunum hæfilegan frest til að bæta úr. Í slíkum tilvikum byrjar frestur skv. 4. mgr. 18. gr. samkeppnislaga að líða daginn sem fullnægjandi upplýsingar berast.

Farið er með rangar eða villandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.

Verði veigamiklar breytingar á forsendum þeirra upplýsinga sem koma fram í tilkynningu og viðkomandi fyrirtækjum er kunnugt um þær, ber þeim að tilkynna Samkeppnisstofnun um breytingarnar án tafar. Þegar svo hagar til og þessar veigamiklu breytingar geta haft veruleg áhrif á mat á samruna, byrjar frestur skv. 4. mgr. 18. gr. samkeppnislaga að líða daginn sem upplýsingar um breytingarnar berast Samkeppnisstofnun. Samkeppnisstofnun skal tilkynna viðkomandi fyrirtækjum um þetta skriflega og án tafar.

V. KAFLI
Viðurlög og gildistaka.

9. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. XIII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993.

10. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Samkeppnisstofnun, 5. desember 2001.

Atli Freyr Guðmundsson.

Georg Ólafsson.

VIÐAUKI
Skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til samkeppnisstofnunar um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

Inngangur.

A. Markmiðið með þessari skrá.

Í þessari skrá eru tilgreindar þær upplýsingar sem fyrirtækjum ber að veita þegar þau tilkynna Samkeppnisstofnun um samruna fyrirtækja.

Við gerð þessarar skrár hefur m.a. verið höfð hliðsjón af svonefndu eyðublaði CO, sem fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu er skylt að senda framkvæmdastjórn ESB eða Eftirlitsstofnun EFTA vegna tilkynninga um samruna fyrirtækja sem falla undir reglugerð nr. 4064/89.[1]

B. Nauðsyn þess að upplýsingar séu réttar og fullnægjandi.

Allar upplýsingar, sem krafist er í þessari skrá, skulu vera réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund. Allir sem leggja fram tilkynningu bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

[1] Eyðublað þetta er birt í Official Journal of the European Communities nr. L 61, 2.3.1998 og EES-viðbæti Stjórnartíðinda EB nr. 30, 8.7.1999.

Samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga skal sá sem veitir samkeppnisyfirvöldum rangar skýrslur sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

C. Trúnaður og upplýsingaskylda.
Samkvæmt 50. gr. samkeppnislaga er þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda við framkvæmd samkeppnislaga óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
Um heimildir samkeppnisyfirvalda til þess að krefjast upplýsinga frá fyrirtækjum vegna athugunar á samruna vísast til 3. mgr. 18. gr. og 39. gr. samkeppnislaga.
Ef ástæða er til að ætla að það skaði hagsmuni viðkomandi að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum aðilum í té með öðrum hætti, skal senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja greinilega hvert skjal „Trúnaðarmál". Einnig ber að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.
Þegar tvö eða fleiri fyrirtæki standa sameiginlega að tilkynningu um samruna er heimilt að senda viðskiptaleyndarmál sérstaklega í lokuðu umslagi og geta þeirra í tilkynningu sem viðauka.

D. Skilgreiningar og leiðbeiningar við útfyllingu þessa eyðublaðs.
Markaður þar sem áhrifa gætir: Í 6. kafla þessarar skrár er óskað eftir að aðilar samrunans skilgreini viðkomandi vörumarkaði og tilgreini ennfremur hverjir þessara viðkomandi markaða eru líklegir til að verða fyrir áhrifum af samrunanum. Þessi skilgreining á mörkuðum þar sem áhrifa gætir er grundvöllur margra spurninga í skránni sem þarf að svara. Með hugtakinu „markaði þar sem áhrifa gætir" í skránni er átt við markaði sem aðilar samrunans skilgreina. Þetta hugtak getur átt við viðkomandi markaði fyrir vörur eða þjónustu.
Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár" í þessari skrá merkja almanaksár nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, skulu eiga við sl. almanaksár nema annað sé tekið fram.
Fjárhæðir skulu gefnar upp í milljónum íslenskra króna með einum aukastaf, ef ekki er óskað eftir öðru eða tilefni er til annarrar framsetningar.
Hlutfallstölur skulu tilgreindar með einum aukastaf, nema annað komi fram.

1. KAFLI
Grunnupplýsingar.

1.1. Upplýsingar um aðila samrunans.
Taka skal fram fyrir hvern aðila:
1.1.1. heiti og póstfang fyrirtækis;
1.1.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er;
1.1.3. tengilið (nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og/eða tölvupóstfang ásamt stöðu).

2. KAFLI
Upplýsingar um samrunann.

2.1. Nákvæmar upplýsingar um aðdraganda samrunans.
2.2. Nákvæmar upplýsingar um markmið samrunans.
2.3. Lýsið í stuttu máli eðli samrunans. Takið í þessu sambandi fram:

a) hvernig staðið er lögformlega að samrunanum, s.s. hvort áformaður samruni er alger samruni að lögum og hvort aðilar ganga til samrunans óskiptir;
b) í stuttu máli, hvernig efnahags- og fjárhagslegri uppbyggingu hins sameinaða fyrirtækis verður háttað;
c) fyrirhugaða eða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegs samruna;
d) hvers konar eignarhaldi og yfirráðum megi búast við eftir samruna;
e) hvort einhver aðilanna hefur þegið opinbera fjárhagsaðstoð[2] og eðli og umfang aðstoðarinnar.

2.4. Tilgreina skal til hvaða atvinnuvega samruninn nær.

2.5. Fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki[3] um sig ber að veita eftirfarandi upplýsingar um eftirfarandi fyrir síðasta reikningsár:
a) upplýsingar um veltu á Íslandi;
b) upplýsingar um veltu á erlendum mörkuðum.

3. KAFLI
Eignarhald og yfirráð[4]

Fyrir hvern (hvorn) samrunaaðila um sig skal tilgreina öll fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps.
Tilgreina skal m.a. eftirfarandi:

3.1. öll fyrirtæki eða einstaklinga sem ráða yfir samrunaaðilum með beinum eða óbeinum hætti;

3.2. öll fyrirtæki sem stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir[5] og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum:
a) samrunaaðila;
b) annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið 3.1.

Fyrir hvert tilgreint fyrirtæki um sig skal taka fram hvers eðlis og með hvaða hætti yfirráðin eru, t.d. hvort þau eru á grundvelli eignarhalds, samninga og/eða annars.
Heimilt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirráðum er háttað í fyrirtækjunum.
Jafnframt skal veita upplýsingar um:

3.3. Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf sem aðilar að samruna kunna að eiga í við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði, ásamt afritum af öllum samningum og öðrum gögnum sem kunna að tengjast þessu samstarfi.

4. KAFLI
Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur.

Fyrir aðila sem að samrunanum standa og fyrir hvert fyrirtæki eða einstakling sem um getur í svörum við spurningum í 3. kafla, skal:

4.1. tilgreina öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir (sjá í 6. kafla skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir) þar sem fyrirtækin, eða

[2] Sbr. 1. málsgrein 61. gr. EES-samningsins.
[3] Með hlutaðeigandi fyrirtæki er átt við aðila samrunans, móður- og dótturfyrirtæki þeirra, fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtæki sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir, sbr. 4. gr. reglna um tilkynningu samruna og 2. mgr. 18. gr. samkeppnislaga.
[4] Sjá skilgreiningu á *yfirráðum* í 2. gr. reglna um tilkynningu samruna, sbr. einnig 4. gr. samkeppnislaga.
[5] Sjá skilgreiningu á *mörkuðum þar sem áhrifa gætir* í 6. kafla þessarar skrár.

einstaklingar, í fyrirtækjahópnum ráða ein eða í sameiningu yfir a.m.k. 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa.
Í hverju tilviki skal tilgreina hundraðshlutann sem um er að ræða og eiganda hans;

4.2. tilgreina, fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem sitja í stjórn (framkvæmdastjórn eða félagsstjórn) og eiga einnig sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.
Í hverju tilviki skal tilgreina heiti hins fyrirtækisins og stöðu viðkomandi innan þess;

4.3. veita nákvæmar upplýsingar um yfirtöku ofangreindra fyrirtækjahópa (3. kafli) á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir eins og þeir eru skilgreindir í 6. kafla.
Heimilt er að skýra þessar upplýsingar á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til skilningsauka.

5. KAFLI

Fylgiskjöl.

Auk þess sem um getur annars staðar á þessari skrá skulu aðilar að samruna láta eftirfarandi gögn fylgja:

5.1. afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvíkjandi samrunanum;

5.2. afrit af ársreikningum þeirra félaga sem að samrunanum standa fyrir tvö undanfarandi ár;

5.3. þegar tilgreindur er að minnsta kosti einn markaður þar sem áhrifa gætir:
afrit af greiningum, skýrslum, rannsóknum, könnunum, minnisblöðum eða þess háttar sem á einhvern hátt tengjast samrunanum;

5.4. afrit af greiningum, skýrslum, rannsóknum, könnunum, minnisblöðum eða þess háttar sem aðilar samrunans hver um sig hafa gert eða látið gera undanfarin tvö ár varðandi hugsanleg áform þeirra um að hefja eða auka starfsemi á mörkuðum þar sem þeir hafa lítt eða ekki starfað áður.

6. KAFLI

Skilgreiningar á mörkuðum.

Viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaðir og landfræðilegir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samrunann.
Aðilum að samruna ber að veita umbeðnar upplýsingar með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

I. *Viðkomandi vörumarkaðir.*
Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar. Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af,

meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðinum.

II. *Viðkomandi landfræðilegir markaðir.*
Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.
Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

III. *Markaðir þar sem áhrifa gætir.*
Þegar svarað er spurningum í þessari skrá skulu viðkomandi vörumarkaðir á Íslandi eða á því landssvæði sem við á og skilgreint er teljast markaðir þar sem áhrifa gætir:

a) ef tvö eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stunda viðskipti á sama vörumarkaði og samruni þeirra myndi leiða til 15% sameiginlegrar markaðshlutdeildar eða meira. Þetta nefnast lárétt tengsl;

b) ef eitt eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er á fyrra eða seinna sölustigi[6] miðað við markað þar sem annar aðili samrunans stundar viðskipti, og markaðshlutdeild hvers þeirra eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra á einhverju sviði nemur 25% eða meira án tillits til þess hvort samband birgis og viðskiptavinar ríkir milli samrunafyrirtækjanna eða ekki. Þetta nefnast lóðrétt tengsl.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga og viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild skal veita eftirfarandi upplýsingar:

6.1. Tilgreinið og lýsið hverjum markaði þar sem áhrifa gætir, í skilningi III. þáttar.

IV. *Markaðir sem eru skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar.*

6.2. Lýsið viðkomandi vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum, þar sem eitt eða fleiri samrunafyrirtækja stunda viðskipti á mörkuðum sem samruninn snertir og eru skyldir markaði (mörkuðum) þar sem áhrifa gætir (markaðir á fyrra eða seinna sölustigi eða nærliggjandi markaðir á sama sölustigi), en teljast þó ekki markaðir þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar.

V. *Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki.*

6.3. Þegar aðilar samrunans starfa á mörkuðum þar sem áhrifa gætir ekki, í skilningi III. þáttar, skal lýsa vöru- og svæðisbundnum einkennum þeirra markaða.

Athuga ber að lýsa skal og gefa upplýsingar um alla markaði sem samrunaaðilar starfa á undir lið III, IV eða V hér að framan.

---

[6] Á ensku *upstream or downstream.*

7. KAFLI
Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir.

Fyrir hvern viðkomandi vörumarkað um sig og fyrir hvert hinna þriggja síðustu reikningsára og:

a) fyrir Ísland,

b) og fyrir viðkomandi landfræðilegan markað, ef hann er annar en Ísland að mati aðila samrunans,

skal veita upplýsingar um:

7.1. áætlaða heildarstærð markaðarins í fjárhæðum, t.d. miðað við tekjur eða söluverðmæti, og magni (í einingarfjölda). Útskýrið forsendur þessara útreikninga og leggið fram skjöl til staðfestingar þeim ef tök eru á;

7.2. markaðshlutdeild í fjárhæðum, hundraðshlutum og magni hjá hverju fyrirtæki sem að samruna stendur, miðað við sömu viðmið og fram koma í lið 7.1.;

7.3. áætlaða markaðshlutdeild (í fjárhæðum, hundraðshlutum og magni) allra keppinauta sem ráða yfir að minnsta kosti 10% af markaðinum sem er til athugunar. Leggið fram skjöl til staðfestingar, ef tök eru á, og látið fylgja nöfn þessara keppinauta;

7.4. mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings þar sem tilgreina skal:

a) hlutdeild þeirra fyrirtækjahópa, sem samrunaðilar tilheyra, í slíkum innflutningi,

b) mat á áhrifum kvóta, tolla eða annarra viðskiptahindrana en tolla á þennan innflutning,

c) mat á áhrifum flutningskostnaðar og annars kostnaðar á þennan innflutning;

7.5. hvernig fyrirtæki sem að samruna standa framleiða og selja vöru og þjónustu; til dæmis hvort framleiðsla/þjónusta er staðbundin eða hvort sala fer fram um staðbundin dreifikerfi;

7.6. samanburð á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og í öðrum ríkjum;

7.7. eðli og umfang lóðréttrar samþættingar[7] fyrir hvern samrunaaðila um sig miðað við helstu keppinauta.

8. KAFLI
Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

8.1. Tilgreinið fimm helstu sjálfstæðu[8] birgja aðilanna og hlut hvers þeirra í innkaupum frá hverjum þessara birgja (innkaupum á hráefni eða vörum sem notaðar eru til framleiðslu á viðkomandi vörum):

Hvernig framboði er háttað á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

8.2. Lýsið helstu dreifileiðum og þjónustukerfum á mörkuðunum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi atriðum eftir því sem við á:

a) algengustu dreifikerfum á markaðinum og vægi þeirra. Að hvaða marki annast þriðju aðilar dreifinguna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur í 3. kafla?

b) algengustu þjónustukerfum og vægi þeirra á þessum mörkuðum. Að hvaða marki annast þriðju aðilar þjónustuna og/eða fyrirtæki innan sama hóps og aðilarnir sem um getur í 3. kafla?

---

[7] Á ensku *vertical integration*.

[8] Það er að segja birgjar sem eru ekki dótturfyrirtæki eða önnur tengd fyrirtæki. Auk þessara fimm sjálfstæðu birgja er unnt að tilgreina birgja innan fyrirtækjahópsins ef það er talið nauðsynlegt til að fá fram rétt mat. Hið sama gildir í lið 8.5 um viðskiptavini.

8.3. Þar sem við á skal leggja fram mat á heildarafkastagetu síðastliðin þrjú ár. Hve stóran hlut þessarar afkastagetu hefur hver aðili samrunans um sig talið sig hafa á þessu tímabili og hvernig hafa þeir, hver um sig, nýtt þá afkastagetu?

8.4. Teljist aðrir þættir framboðs skipta máli í þessu sambandi ber að tilgreina þá hér.

Hvernig eftirspurn er háttað á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

8.5. Tilgreinið nöfn tíu stærstu sjálfstæðu viðskiptavina aðilanna á hverjum markaði þar sem áhrifa gætir og hve stóran hlut í heildarsölu o.s.frv. hjá viðkomandi aðila hver þessara viðskiptavina hefur á viðkomandi tímabili.

8.6. Lýsið því hvernig eftirspurn á hverjum markaði er háttað að því er varðar:

a) þróun markaðarins, t.d. hvort hann er á upphafsstigi, í útþenslu, mettaður eða í hnignun, og spáið fyrir um hve ört eftirspurn muni vaxa;

b) vægi viðskiptavinavildar[9] að því er varðar vörumerkjatryggð, vöruaðgreiningu og heildarvöruúrval;

c) samþjöppun eða dreifingu neytenda;

d) skiptingu viðskiptavina í ólíka flokka og lýsingu á „dæmigerðum viðskiptavini“ í hverjum flokki;

e) vægi samninga um einkadreifingu og annars konar langtímasamninga;

f) vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða áþekkum aðilum.

Markaðsaðgangur.

8.7. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum? Ef svarið er já skal gefa upp heiti hvers fyrirtækis og áætla núverandi markaðshlutdeild hvers þeirra.

8.8. Telja aðilar samrunans að til séu fyrirtæki, þ.m.t. erlend fyrirtæki, sem eru líkleg til að hasla sér völl á markaðinum? Ef svarið er já, skal skýra hvers vegna, áætla hvenær þetta muni eiga sér stað og gefa upp heiti fyrirtækjanna.

8.9. Lýsið hinum ýmsu þáttum, bæði landfræðilegum og þeim sem lúta að vörunni/þjónustunni, sem hafa áhrif í þessu tilviki á aðgang að mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Takið í þessu sambandi mið af eftirtöldum atriðum, eftir því sem við á:

a) heildarkostnaði sem því fylgir að hasla sér völl á viðkomandi markaði (undirbúningskostnaður, rannsóknir og þróun, stofnun dreifikerfa, söluherferðir, auglýsingar, þjónusta o.s.frv.) og ná sambærilegri sölu og hugsanlegur öflugur keppinautur og gefið til kynna markaðshlutdeild slíks keppinautar;

b) aðgangshindrunum í lögum og reglugerðum, svo sem leyfisveitingu stjórnvalda eða hvers kyns opinberum stöðlum;

c) að hve miklu leyti markaðsaðgangur takmarkast af einkaleyfum, verkkunnáttu og öðrum hugverkarétti á þessum mörkuðum og veitingu slíkra nytjaleyfa;

d) að hve miklu leyti hver og einn aðili samrunans hefur eða lætur í té nytjaleyfi, verkkunnáttu eða önnur réttindi á viðkomandi mörkuðum;

e) vægi stærðarhagkvæmni í rekstri á mörkuðum þar sem áhrifa gætir;

f) aðgangi að birgðum, til dæmis framboði á hráefnum;

g) aðgangi að hvers konar aðstöðu eða samstarfi sem nauðsynlegt er til að geta veitt þjónustu á viðkomandi markaði. Upplýsið um kostnað og hugsanlegar hindranir sem nýr aðili á markaðnum stæði frammi fyrir í þessu sambandi.

[9] Á ensku *customer preferences*.

Rannsóknir og þróun.

8.10. Gerið grein fyrir vægi rannsókna og þróunar hvað varðar samkeppnishæfni fyrirtækis á viðkomandi markaði til lengri tíma litið. Lýsið eðli rannsókna og þróunar á vegum samrunaaðila á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.
Takið í þessu sambandi mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:
a) stefnu og umfangi rannsókna og þróunar[10] á umræddum mörkuðum og hjá aðilum samrunans;
b) tækniþróun sem átt hefur sér stað á umræddum mörkuðum á hæfilegu tímabili (þar með talin þróun vöru og/eða þjónustu, þróun framleiðsluaðferða, dreifikerfa o.s.frv.);
c) helstu nýjungum sem fram hafa komið á þessum mörkuðum og fyrirtækjunum sem staðið hafa að þessum nýjungum;
d) þróunarferli nýjunga á þessum mörkuðum og hvar samrunaaðilarnir eru staddir í því ferli.

Samstarfssamningar.

8.11. Í hve ríkum mæli er um samstarfssamninga (lárétta og/eða lóðrétta) að ræða á mörkuðum þar sem áhrifa gætir?

8.12. Lýsið mikilvægustu samstarfssamningum sem samrunaaðilar hafa gert við aðra á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, til dæmis samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu/þjónustu, sérhæfingu, dreifingu og upplýsingaskipti.

Atvinnugreinasamtök.

8.13. Að því er varðar atvinnugreinasamtök á mörkuðum þar sem áhrifa gætir skal tilgreina samtök sem samrunafyrirtæki tilheyra.
Gefið upp heiti allra framangreindra atvinnugreinasamtaka og verksvið þeirra.

9. KAFLI

Áhrif á neytendur og milliliði.

9.1. Lýsið hugsanlegum áhrifum fyrirhugaðs samruna á hagsmuni neytenda og milliliða og á þróun efnahags- og tækniframfara.

10. KAFLI

Samstarfsáhrif sameiginlegs verkefnis.[11]

10. Þegar um er að ræða samruna í skilningi d. liðar 2. gr. reglna um tilkynningu samruna, sbr. 4. gr. samkeppnislaga, skal svara eftirfarandi spurningum:

a) Halda tvö eða fleiri fyrirtæki, sem standa að hinu sameiginlega verkefni (móðurfyrirtæki), áfram verulegri starfsemi á sama markaði og sameiginlega verkefnið eða á markaði sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við þann markað sem hið sameiginlega verkefni starfar á, eða á náskyldum tengdum markaði?

[10] Umfang rannsókna og þróunar er skilgreint sem kostnaður við rannsóknir og þróun, sem hlutfall af veltu.
[11] Á ensku *joint venture*.

Ef svarið er já skal tilgreina fyrir hvern markað sem um getur hér:
- veltu hvers móðurfyrirtækis á síðasta reikningsári,
- efnhagslegt vægi starfsemi sameiginlega verkefnisins miðað við þessa veltu,
- markaðshlutdeild hvers móðurfyrirtækis.

Ef svarið er nei ber að rökstyðja það.

b) Ef svarið við a-lið er já og það er mat aðila að stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni leiði ekki til samræmingar milli sjálfstæðra fyrirtækja sem hindrar samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga ber að rökstyðja svarið.

11. KAFLI

Viðbótartakmarkanir.[12]

11.1. Ef aðilar samruna og/eða aðrir hlutaðeigandi aðilar (þar með taldir seljandi og minnihlutahluthafar) gera með sér samning um viðbótartakmarkanir, sem eru í beinum tengslum við samrunann og nauðsynlegar til að framkvæma samrunann má meta samkeppnisleg áhrif í tengslum við samrunann sjálfan.

a) Tilgreina skal allar viðbótartakmarkanir í samningum sem fylgja tilkynningu og óskað er eftir að fá metnar í tengslum við samrunann; og

b) útskýra ber hvers vegna þessar takmarkanir eru í beinum tengslum við samrunann og nauðsynlegar fyrir framkvæmd hans.

12. KAFLI

Yfirlýsing.

Ljúka ber tilkynningu til Samkeppnisstofnunar með eftirfarandi yfirlýsingu, undirritaðri af eða fyrir hönd allra sem að henni standa:

Undirritaðir lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði 2. mgr. 57. gr. samkeppnislaga.

[12] Á ensku *ancillary restraints*. Dæmi um slíkar viðbótatakmarkanir eru samningsákvæði um að seljandi fyrirtækis stundi ekki samkeppni við kaupanda í tiltekinn tíma og aðrar aðgerðir sem miða að því að viðhalda verðmæti þess sem selt er.

REGLUR

um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í reglum þessum gilda ákvæði laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og um bókhald nr 145/1994, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur um gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Gulleign bankans skal meta á síðasta skráða verði ársins, eins og það er ákvarðað af Fixing Committee of the London Bullion Association.

3. gr.

Kostnaðarverð varanlegra fjármuna skal gjaldfæra í rekstrarreikningi á því ári, sem þeir eru keyptir eða byggðir.

4. gr.

Árlega skal færa verðbreytingafærslu. Stofn til útreiknings hennar skal annars vegar miðast við stöðu gengistryggðra efnahagsliða og skal þá miðað við breytingar á gengi SDR á árinu. Hins vegar skal útreikningurinn taka til stöðu efnahagsliða í íslenskum krónum og skal þá miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs á árinu. Framreikna skal stöðu efnahagsliða í ársbyrjun til árslokaverðlags og taka tillit til breytinga á árinu. Mismunurinn á þannig reiknaðri stöðu og raunverulegri stöðu efnahagsliða í árslok myndar verðbreytingafærslu ársins.

5. gr.

Framlag til ríkissjóðs af rekstrarafgangi bankans skal reikna og gjaldfæra í rekstrarreikningi og skuldfæra í efnahagsreikningi, sbr. 34. gr. laga nr. 36/2001.

6. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 32. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Reglurnar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni nr. 67/2000.

Forsætisráðuneytinu, 17. desember 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Landgræðslusjóðs.

1. gr.
Nafn og lögheimili.

Sjóðurinn heitir Landgræðslusjóður. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Lögheimili hans er í Reykjavík.

2. gr.
Stofnendur.

Sjóðurinn var stofnaður fyrir atbeina landsnefndar lýðveldiskosninganna og forgöngu Skógræktarfélags Íslands, samtímis atkvæðagreiðslunni 20.-23. maí 1944, til minningar um stofnun lýðveldis á Íslandi.

3. gr.
Merki sjóðsins.

Merki sjóðsins er bjarkarlaufin þrjú, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna notaði kjördagana og afhenti síðan Skógræktarfélagi Íslands að gjöf.

4. gr.
Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins var:

a)	Frjáls framlög er söfnuðust	kr. 130.000
b)	Eftirstöðvar þess fjár, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna barst frá nokkrum stofnunum, til þess að standa straum af kostnaði í sambandi við lýðveldiskosningarnar	kr. 250.000
		kr. 380.000

Núvirði stofnfjár miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs frá maí 1944 til júlí 2001 er kr. 15.926.500.

5. gr.
Aflafé.

Tekjur sjóðsins eru:

I. Framlög og söfnunarfé.
II. Gjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum.
III. Vextir og arður af eigin fé.

6. gr.
Markmið.

Verksvið sjóðsins er að stuðla að landgræðslu og gróðurvernd, en meginmarkmið hans skal þó vera að taka þátt í og styrkja verkefni á sviði skógræktar, einkum á vegum aðildarfélaga Skógræktarfélags Íslands.

7. gr.
Stjórn sjóðsins.

Stjórn Landgræðslusjóðs skal skipuð 5 einstaklingum. Stjórn Skógræktarfélags Íslands kýs úr sínum hópi þrjá fulltrúa til þriggja ára í senn og þrjá til vara. Auk þess eiga skógræktarstjóri og landgræðslustjóri sæti í stjórninni og tilnefna þeir varamenn í forföllum sínum. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður skal vera einn af fulltrúum Skógræktarfélags Íslands.

8. gr.
Ársreikningar.

Stjórnin leggur starfsskýrslu og ársreikninga sjóðsins fyrir aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Reikningarnir skulu staðfestir af löggiltum endurskoðendum og sendir Ríkisendurskoðun ásamt starfsskýrslu.

9. gr.
Fjárvarsla.

Stjórnin sér um varðveislu eigna og ávöxtun á fé sjóðsins. Hún skal leitast við að tryggja sem besta ávöxtun á hverjum tíma án þess að stofna fé sjóðsins í hættu og gæta þess að eignir skili eðlilegum arði. Eigið fé sjóðsins samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2000 nam kr. 163.189.647. Eigið fé er óheimilt að skerða.

10. gr.
Úthlutun styrkja.

Sjóðsstjórn setur reglur um umsóknir og úthlutun styrkja í samræmi við markmið sjóðsins og ákveður upphæð þá, er úthluta skal hverju sinni og sérstök skilyrði henni tengd.

Árlega skal reikna raunvexti samkvæmt gr. 5/III og er stjórn heimilt að verja 90% þeirra til að framfylgja markmiðum sjóðsins. 10% raunvaxta skulu leggjast við höfuðstól.

Við úthlutun og mat á umsóknum skal helst tekið tillit til gildis verkefnisins, framkvæmda- og kostnaðaráætlunar, sem og umhverfislegra þátta. Heimilt er að veita styrki til verkefna sem unnin eru í samstarfi við aðra en þá skal umsækjandi gera sérstaka grein fyrir öðrum styrktaraðilum.

Styrkþegar skulu gera sjóðnum grein fyrir framgangi verkefna eftir reglum þeim sem sjóðurinn ákveður hverju sinni. Ef styrkþegar vanrækja þessa skyldu eða framkvæmdaáætlun er ekki haldin, getur sjóðsstjórnin dregið styrkveitingu til baka tímabundið eða endanlega.

Verði árlegu ráðstöfunarfé ekki öllu varið skv. framanskráðu skal afgangur þess leggjast við höfuðstól.

11. gr.
Rekstur.

Stjórnin skal fyrir ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn. Allur rekstrarkostnaður greiðist úr sjóðnum.

12. gr.
Gerðabók.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók þar sem skráðar skulu fundargerðir stjórnarfunda. Þar skal einnig skrá öll erindi sem berast stjórn og með hvaða hætti þau eru afgreidd.

13. gr.
Skipulagsskrá.

Skipulagsskrá sjóðsins má því aðeins breyta, að meirihluti stjórnar sjóðsins sé því samþykkur og breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Íslands með þremur fjórðu hlutum greiddra atkvæða. Leitað skal umsagnar Ríkisendurskoðunar.

Með skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Landgræðslusjóð nr. 385 frá 14. ágúst 1991.

Samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands dagana 24.-26. ágúst 2001.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. desember 2001.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

4. desember 2001 Nr. 933

SKIPULAGSSKRÁ

minningarsjóðs Lárusar Sveinssonar trompetleikara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lárusar Sveinssonar. Er hann stofnaður til minningar um Lárus Sveinsson trompetleikara, sem fæddur var 7. febrúar 1941 og lést þann 18. janúar 2000.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega málmblásara til náms erlendis, einkum til Vínarborgar.

3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

Stofnendur eru Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fjölskylda Lárusar Sveinssonar, Félag íslenskra hljómlistarmanna, kór Íslensku óperunnar, Mosfellsbær og Jón M. Guðmundsson, Reykjum, Mosfellsbæ.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.350.000.

6. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakan fjárhag sem skal vera í vörslu Félags Íslenskra hljómlistarmanna sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksár.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð til 4 ára af stofnendum sjóðsins. Skal fyrsta stjórn skipuð til ársloka 2005. Stjórnina skipa 1 fulltrúi fjölskyldu Lárusar Sveinssonar, 1 fulltrúi Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands og 2 fulltrúar málmblásara úr Sinfóníuhljómsveit Íslands. Varamenn eru þrír.

8. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins.
2. Gjafir, áheit og önnur framlög sjóðnum til styrktar.
3. Aðrar tekjur en að framan greinir.

9. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins samkvæmt 5. gr. sem tryggilegast og arðvænlegast.

Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins. Verði afgangur af tekjum ársins má ráðstafa honum við næstu úthlutun, en annars leggst hann við stofnfé sjóðsins.

10. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og mun setja sér frekari úthlutunarreglur. Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins.

11. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri skulu samþykktar af öllum stjórnarmönnum. Verði sjóðurinn lagður niður skal verja eignum hans til tækjakaupa fyrir gjörgæsludeild Landspítalans Háskólasjúkrahúss, Fossvogi.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. desember 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Norðurtún 26, Bessastaðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 13. nóvember 2001 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Norðurtún 26 í Bessastaðahreppi frá skipulagi, dags. 10. júní 1996. Breytingin felst í því að heimilað er að byggja nýja bílgeymslu, ásamt áfastri geymslu fyrir verkfæri og garðhúsgögn á lóðinni og nýta núverandi sambyggðan bílskúr undir íbúðarherbergi.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 10. desember 2001.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allur hörpudiskur skal veginn á hafnarvog samkv. ákvæðum 3. gr. Um vigtun hörpudisks gilda að öðru leyti eftirfarandi reglur:

1. Fari endanleg vigtun fram á hafnarvog er vigtarmanni heimilt að draga allt að 4% frá vegnum afla vegna áætlaðra aðskotahluta í aflanum. Þessi frádráttur skal koma fram á vigtarnótu og er því aðeins leyfður að vigtarmaður á hafnarvog staðfesti með áritun á vigtarnótu að aðskotahlutir hafi verið í aflanum við löndun.
2. Sé aflinn endurvigtaður hjá aðila sem leyfi Fiskistofu hefur til slíks, skal það gert svo fljótt sem við verður komið og með eftirfarandi hætti:
   a) Löggildur vigtarmaður sem annast skal vigtunina skal velja af handahófi og vigta úrtak sem nemur a.m.k. 0,5% af farmi. Við endurvigtunina skal úrtakið brúttóvigtað síðan skulu hrúðurkarlar, dauðar skeljar og aðrir aðskotahlutir hreinsaðir frá og úrtakið síðan vegið að nýju og þannig fundinn nettóþungi.
   b) Löggildur vigtarmaður sem annast endurvigtun afla skal fylla út og undirrita úrtaksvigtunarnótu þar sem tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar:
      - Nafn skips, skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
      - Veiðarfæri.
      - Löndunarhöfn og löndunardag.
      - Viðtakand afla.
      - Fjölda íláta.
      - Brúttóafla á hafnarvog (afli og aðskotahlutir)
      - Brúttóþunga úrtaks.
      - Þunga hrúðurkarla.
      - Þunga annarra aðskotahluta.
      - Nettóþunga úrtaks.
      - Reiknað hlutfall hrúðurkarla og aðskotahluta í afla.

- Nettóafla (brúttóafla samkvæmt hafnarvog að frádregnum hrúðurkörlum og öðrum aðskotahlutum í afla).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. desember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 936 3. desember 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

A. Breyting á deiliskipulagi fyrir frístundahúsalóðir í landi Kambshóls.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 7. ágúst 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Kambshóls í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Um er að ræða fjölgun lóða um 13 innan núverandi deiliskipulagssvæðis, við nýja götu, Neðstaás.

Uppdráttur og greinargerð vegna breytingarinnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

B. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Fornastekk í landi Bjarteyjarsands.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 19. september 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða við Fornastekk í landi Bjarteyjarsands í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Breytingin felst í því að 5 nýjum lóðum er bætt við núverandi frístundabyggðarsvæði.

Uppdráttur og greinargerð vegna breytingarinnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

C. Deiliskipulag fyrir aðveitustöð Landsvirkjunar að Brennimel.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 19. september 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir aðsveitustöð Landsvirkjunar að Brennimel í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Um er að ræða deiliskipulag núverandi aðveitustöðvar ásamt þjónustubyggingum auk þess sem heimilt er að reisa allt að 35 m há möstur fyrir raflínur og önnur mannvirki.

Uppdráttur og greinargerð vegna deiliskipulagsins hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Þessar breytingar og deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Hlöðum, 3. desember 2001.

Jón Valgarðsson oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps.

REGLUGERÐ

um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

1. gr.

Jafna skal flutningskostnað sements þannig að kostnaðarverð í vöruskemmu á hverri sementstegund frá hverjum innlendum framleiðanda eða innflutningsaðila verði hið sama á þeim verslunarstöðum sem jöfnun þessi nær til.

2. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi nær til eftirtalinna verslunarstaða sem jafnframt eru aðaltollhafnir:

1. Reykjavík
2. Akranes
3. Ísafjörður
4. Sauðárkrókur
5. Siglufjörður
6. Akureyri
7. Húsavík
8. Seyðisfjörður
9. Neskaupstaður
10. Eskifjörður
11. Vestmannaeyjar
12. Keflavík
13. Keflavíkurflugvöllur
14. Hafnarfjörður
15. Egilsstaðir
16. Höfn í Hornafirði
17. Þorlákshöfn

Auk þess nær jöfnun flutningskostnaðar á sementi til eftirtalinna verslunarstaða:

1. Borgarnes
2. Snæfellsbær
3. Grundarfjörður
4. Stykkishólmur
5. Búðardalur
6. Skriðuland
7. Króksfjarðarnes
8. Patreksfjörður
9. Tálknafjörður
10. Bíldudalur
11. Þingeyri
12. Flateyri
13. Suðureyri
14. Bolungarvík
15. Súðavík
16. Norðurfjörður
17. Hólmavík
18. Óspakseyri
19. Borðeyri
20. Hvammstangi
21. Blönduós
22. Skagaströnd
23. Hofsós
24. Ólafsfjörður
25. Dalvík
26. Hrísey
27. Svalbarðseyri
28. Grenivík
29. Grímsey
30. Kópasker
31. Raufarhöfn
32. Þórshöfn
33. Bakkafjörður
34. Vopnafjörður
35. Borgarfjörður eystri
36. Reyðarfjörður
37. Fáskrúðsfjörður
38. Stöðvarfjörður
39. Breiðdalsvík
40. Djúpivogur
41. Kirkjubæjarklaustur
42. Vík í Mýrdal
43. Hvolsvöllur
44. Hella
45. Laugarvatn
46. Selfoss
47. Stokkseyri
48. Eyrarbakki
49. Hveragerði
50. Grindavík
51. Sandgerði
52. Gerðar

3. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allt sement, sem framleitt er í landinu eða flutt er til landsins.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur, sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir, greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum sölumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.

Þrátt fyrir 1. mgr. skal ekki leggja flutningsjöfnunargjald á sement sem notað er til framleiðslu á viðgerðarefnum eða tilbúnum múrblöndum. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

4. gr.

Viðskiptaráðuneytið ákveður flutningsjöfnunargjaldið fyrir allt að eitt ár í senn og skal upphæð þess við það miðuð að tekjur af því nægi til að greiða eftirtalinn kostnað við flutning frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til þeirra verslunarstaða sem jöfnun flutningskostnaðarins nær til:

1. Flutningur með skipum:
   a. Útskipun.
   b. Flutningsgjald.
   c. Sjótrygging.
   d. Uppskipun.
   e. Flutningur frá skipshlið í vöruskemmu.
   f. Vörugjald.
2. Flutningur með bifreiðum:
   a. Flutningskostnaður, sem nægi til að greiða rekstrarkostnað bifreiða í þessum flutningum.
   b. Jarðgangnagjöld.
   c. Flutningsgjöld bifreiða með ferjum.

5. gr.

Tekjur af flutningsjöfnunargjaldi skal leggja í sérstakan sjóð, flutningsjöfnunarsjóð sements. Þeir aðilar, sem gera kröfur á hendur sjóðnum, skulu haga bókhaldi sínu þannig að fullnægjandi sé með tilliti til jöfnunar flutningskostnaðar.

6. gr.

Nú verður tekjuafgangur á flutningsjöfnunarsjóði í árslok og skal hann þá yfirfærast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum skv. 4. gr. skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

7. gr.

Viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn flutningsjöfnunarsjóði þriggja manna stjórn án tilnefningar og skipar viðskiptaráðherra formann sjóðstjórnar. Stjórnin skal annast framkvæmd jöfnunar flutningskostnaðar á sementi undir yfirstjórn viðskiptaráðherra, sem jafnframt sker úr ágreiningsatriðum, sem upp kunna að koma.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé það, sem á hverjum tíma er í sjóðnum, á sérstökum bankareikningi og er hún ábyrg fyrir sjóðnum gagnvart viðskiptaráðherra. Ennfremur skal hún skila ráðuneytinu árlega endurskoðuðu uppgjöri yfir sjóðinn.

9. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs úrskurðar, hvað teljast skuli flutningskostnaður, sbr. 4. gr. Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna verslunarstaða, þar á meðal framleiðslustaðar eða aðaltollhafnar og annarra verslunarstaða, skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma og skemmstu flutningsleið. Sömuleiðis skal stjórninni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta eða að fullu, ef sýnist um að ræða misnotkun á jöfnunarkerfinu í tilteknum viðskiptum.

10. gr.

Kostnaður við stjórn sjóðsins, skrifstofuhald og endurskoðun, greiðist af fé sjóðsins og skal þá tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjaldsins.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 62, 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 272, 25. apríl 1982, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.

Viðskiptaráðuneytinu, 13. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

11. desember 2001 Nr. 938

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 475/1998, um próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Próf skulu vera skrifleg og prófgreinar a.m.k. fjórar. Prófnefnd tekur hverju sinni ákvörðun um fjölda sjálfstæðra úrlausnarefna innan hverrar prófgreinar og efnissvið þeirra, sbr. 2. mgr., og lengd próftíma.

Í prófunum skal látið reyna á bæði fræðilega og verklega kunnáttu. Til grundvallar prófinu þar sem metin er bókleg þekking skulu einkum vera eftirfarandi greinar:

endurskoðun,
greining og gagnrýnið mat á ársreikningum,
almennt bókhald,
samstæðureikningar,
kostnaðar- og rekstrarbókhald,
innri endurskoðun,

staðlar um gerð ársreikninga og samstæðureikninga og um aðferðir til að meta liði á efnahagsreikningum og útreikning á hagnaði og tapi,
lagalegir og faglegir staðlar um lögmælta endurskoðun bókhaldsgagna og um þá sem framkvæma slíka endurskoðun.

Jafnframt skulu eftirfarandi greinar hafðar til hliðsjónar, að því leyti sem þær snerta endurskoðunina:

félagaréttur,
lög um gjaldþrot og sambærilegar reglur,
skattalög,
einkamála- og verslunarréttur,
almannatryggingalög og vinnulöggjöf,
upplýsinga- og tölvukerfi,
rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði og fjármálahagfræði,
stærðfræði og tölfræði,
helstu hugtök um fjármálastjórnun fyrirtækja.

Prófverkefni skulu samin af einstökum prófnefndarmönnum eða þeim, sem prófnefndin felur það starf. Verkefnin og vægi úrlausnarefna innan þeirra, skulu lögð fyrir prófnefnd til samþykktar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 11. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Telma Halldórsdóttir.

Nr. 939 12. desember 2001

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 9.690 á íbúð, miðað við 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 13.490 miðað við 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.
Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingavísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 2.960 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir heil dekk greiðast kr. 4.905 fyrir hvern rúmmetra, fyrir skorin dekk kr. 2.455.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 7.400 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 6.860 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu- og vigtargjald að fjárhæð kr. 515 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 9.200 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 12.236 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 15.272 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalin í ofangreindum verðum.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 615 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l íláti. Endurnýjun sorpíláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 932/2000 fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

Þannig samþykkt við síðari umræðu á fundi bæjarstjórnar Akraness 11. desember 2001. Fyrri umræða fór fram 20. nóvember 2001.

Akranesi, 12. desember 2001.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 2 við Hlíðarás í Helgafellshverfi, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 2 við Hlíðarás í Helgafellshverfi, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 7. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að einbýlishúsalóð er skipt í tvær einbýlishúsalóðir með tilheyrandi byggingarreitum. Þar sem önnur er um 1550 m^2, með óbreyttu heiti og hin 650 m^2 skráð Brúnás 1.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var á fundi bæjarstjórn 14. október 1981.

Mosfellsbæ, 13. desember 2001.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

STJÓRNARTÍÐINDI B 126 – 2001

17. desember 2001 2795 Nr. 941

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

2. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Úthafsrækja 35000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. desember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Stjórnartíðindi B 126, nr. 941. Útgáfudagur 18. desember 2001.

B 201
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 127 – 2001

Nr. 942 2796 5. desember 2001

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

1. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim. Ennfremur er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari af starfsemi sem háð er leyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis, samkvæmt lögum nr. 74/1984 sbr. lög nr. 101/1996 og lög nr. 95/2001 um tóbaksvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim.

2. gr.

Tímagjald	kr. 5.600
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 7.000

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta árlegt gjald af eftirlitsskyldri starfsemi eins og fram kemur í viðauka með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni samkvæmt eftirlitsáætlun. Heilbrigðisnefnd er heimilt að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið samþykktri áætlun.

Eftirlitsaðila er heimilt að fjölga tímabundið eftirlitsferðum umfram það sem fram kemur í viðauka ef nauðsyn krefur t.d. þegar nýr búnaður hefur verið tekinn í notkun eða vegna kvartana. Hækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur.

Eftirlitsaðila er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti með atvinnurekstri sem tekur þátt í umhverfisstjórnunarkerfi t.d. ISO 14001 og sbr. reglugerð um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB (EMAS). Þá er heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

Sé atvinnurekstur starfræktur í a.m.k. fjögur ár í röð og hafi heilbrigðisfulltrúi ekki gert athugasemdir í eftirliti er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu eftirliti og lækkar eftirlitsgjald þá sem því nemur.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	1,0 tímagjald
auk auglýsingakostnaðar ef við á	

Ný starfsemi:
Starfsleyfisgjald 1,5 tímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks
ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Tóbakssöluleyfi og önnur leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:
Leyfisgjald 1,5 tímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,
úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Fyrir undanþágu til sölu tóbaks skv. 7. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir
1 tímagjald

4. gr.

Fyrir eftirlit skv. 17. og 18. gr. tóbaksvarnalaga sem ekki fer fram samhliða reglulegu eftirliti skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld sem hér segir:
Fyrir hverja eftirlitsferð 2 tímagjöld

5. gr.

Gjald skv. 3. gr. og 4. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

6. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og verk sem unnin eru skv. ákvæðum samþykkta settum samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir greiðist tímagjald samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. október og eindagi 1. nóvember ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá af þeirri starfsemi sem ber hærra eftirlitsgjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og sett af sveitarfélögum á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis með heimild í 8. gr. tóbaksvarnarlaga nr. 74/1984 með síðari breytingum og samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999, og að fenginni umsögn hollustuháttaráðs og heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 716/1999 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Mosfellsbæ, 5. desember 2001.

F.h. heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis,

Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
90.00.0.6	Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	0,25	4.550
90.00.0.3	Aðrar skólphreinsistöðvar	1	12.600
01.24.0.1	Alifuglarækt < 40.000 stæði	1	33.600
01.24.0.2	Alifuglarækt > 40.000 stæði	1	50.400
15.12.0.0	Alifuglasláturhús	2	64.400
63.23.0.1	Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	1	49.000
52.31.0.0	Apótek	0,5	18.900
85.11.5.0	Áfengismeðferð	0,5	10.500
52.25.0.0	Áfengisverslun	1	18.200
90.00.0.9	Áhaldahús sveitarfélags	0,5	7.700
93.02.0.3	Baðhús	0,5	7.700
15.81.0.2	Bakarí, lítið	1	26.600
15.81.0.3	Bakarí, miðlungs	1	43.400
15.81.0.4	Bakarí, stórt	2	72.800
50.50.0.1	Bensínstöðvar án matvæla	2	53.200
50.50.0.2	Bensínstöðvar með matvöru	2	53.200
50.50.0.3	Bensínstöðvar með veitingasölu	3	86.800
50.50.0.0	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	1	21.000
60.21.0.1	Bið- og endastöðvar strætisvagna	0,25	3.150
60.22.0.1	Biðstöðvar leigubifreiða	0,25	3.150
50.20.0.4	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	0,5	11.900
50.20.0.5	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	0,5	13.300
50.20.0.6	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	0,5	14.700
50.20.0.1	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	0,5	7.700
50.20.0.2	Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	0,5	9.100

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
50.20.0.3	Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	0,5	10.500
50.20.0.8	Bifreiðaréttingar	0,5	9.100
50.20.0.7	Bifreiðasprautun	0,5	14.700
50.30.0.1	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	0,5	13.300
50.30.0.2	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	0,5	21.700
50.30.0.3	Bílapartasölur	0,5	16.100
15.96.0.0	Bjórgerð	1	37.800
28.52.0.1	Blikksmiði	0,5	7.700
50.20.0.10	Bón og bílaþvottur, handvirk	0,5	7.700
50.20.0.9	Bón og bílaþvottur, sjálfvirk	0,5	13.300
55.30.1.8	Brauðstofur	1	43.400
15.81.0.1	Brauðverksmiðjur	2	78.400
52.46.1.2	Byggingavöruverslanir, litlar	0,5	18.900
52.46.1.1	Byggingavöruverslanir, stórar	1	43.400
55.23.0.2	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	0,5	7.700
55.23.0.1	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	0,5	16.100
85.32.1.1	Dagmæður með > 6 börn	0,25	4.550
92.34.0.1	Dansskólar	0,25	3.850
85.11.1.1	Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mötuneytis	0,5	14.700
85.11.1.2	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	37.800
85.11.1.3	Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	1	50.400
15.12.1.0	Dreifingarstöð fyrir alifugla	1	26.600
85.11.4.1	Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis	0,5	9.100
85.11.4.2	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	1	29.400
85.11.4.3	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	1	42.000
85.31.3.1	Dvalarheimili fyrir aldraða, fullbúið eldhús	1	32.200
85.31.3.0	Dvalarheimili fyrir aldraða, móttökueldhús	0,5	9.100
85.20.0.1	Dýralæknastofur án röntgen	0,25	3.850
85.20.0.2	Dýralæknastofur með röntgen	0,5	9.100
85.20.0.3	Dýraspítalar	0,5	11.900
93.01.0.2	Efnalaugar	0,5	9.100
85.11.3.0	Endurhæfing	0,5	9.100
85.11.3.4	Endurhæfing, með fullbúnu eldhúsi, með sundlaug, stór	3	68.600
37.20.0.1	Endurvinnsla úrgangs	0,5	14.700
75.23.0.1	Fangelsi, lítið	1	21.000
75.23.0.2	Fangelsi, miðlungs	1	26.600
75.23.0.3	Fangelsi, stórt	1	32.200
55.21.0.1	Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	0,25	4.550
55.21.0.2	Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	0,25	4.550
85.32.6.2	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	1	30.800
85.32.6.1	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	1	21.000
85.32.4.0	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	0,5	9.100
52.23.0.4	Fiskbúðir án vinnslu, litlar	1	25.200
52.23.0.5	Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	1	35.000
52.23.0.6	Fiskbúðir án vinnslu, stórar	1	37.800
52.23.0.1	Fiskbúðir með vinnslu, litlar	1	32.200
52.23.0.2	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	1	35.000
52.23.0.3	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	2	56.000
15.20.7.2	Fiskmjölsvinnsla	2	53.200
15.42.0.1	Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	1	23.800
63.23.0.2	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu	0,5	9.100
63.23.0.1	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	0,5	11.900
85.14.9.1	Fótaaðgerðarstofur	0,5	9.100

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
74.81.0.2	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	0,5	10.500
26.61.0.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	0,5	32.200
15.61.0.2	Framleiðsla á fullunnu korni eða morgunkorni	1	46.200
26.11.0.0	Framleiðsla á glerplötum	0,5	9.100
24.11.0.0	Framleiðsla á iðnaðargasi	2	36.400
15.31.0.3	Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	1	30.800
20.20.0.0	Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	0,5	9.100
15.41.0.1	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	1	23.800
15.41.0.2	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	2	47.600
25.22.0.0	Framleiðsla á umbúðaplasti	1	18.200
15.85.0.1	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	1	15.400
15.91.0.0	Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	1	37.800
15.71.2.0	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	1	18.200
26.13.0.0	Framleiðsla glerláta	0,5	8.400
15.98.0.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, lítil	1	32.200
15.98.0.2	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, miðlungs	1	44.800
15.98.0.3	Framleiðsla gosdrykkja og svipaðra drykkja, stór	1	53.200
15.42.0.0	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	1	23.800
15.71.1.0	Framleiðsla húsdýrafóðurs	1	18.200
15.88.0.0	Framleiðsla mjólkurdufts	1	44.800
26.63.0.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	0,5	10.500
21.22.0.0	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	0,25	4.550
80.21.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis	0,5	11.900
80.21.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	2	54.600
80.21.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttöku-eldhúsi	2	36.400
80.22.0.1	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis	0,5	11.900
80.22.0.3	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með full-búnu eldhúsi	2	54.600
80.22.0.2	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	2	36.400
80.22.0.4	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	2	74.200
80.30.0.1	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	0,5	11.900
80.30.0.3	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	2	54.600
80.30.0.2	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	2	36.400
20.10.0.1	Fúavörn á viði	0,5	10.500
63.12.0.4	Fyrirtæki sem geyma klórgas	0,5	11.900
24.20.0.1	Garðaúðun	1	18.200
63.12.0.7	Gasbirgðastöðvar með < 100 m^3 geymslurými (STP)	1	21.000
63.12.0.6	Gasbirgðastöðvar með > 100 m^3 geymslurými (STP)	1	26.600
90.00.0.5	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	0,25	4.550
90.00.0.4	Gámastöð	0,5	10.500
80.10.0.1	Grunnskólar án mötuneytis	0,5	11.900
80.10.0.3	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	2	54.600
80.10.0.2	Grunnskólar með móttökueldhúsi	2	36.400
80.10.0.4	Grunnskóli rekinn í tvemur aðskildum byggingum með fullbúnu eldhúsi	3	78.400
25.13.0.1	Gúmmívinnsla	1	26.600
52.49.1.0	Gæludýraverslun	0,25	3.850
85.32.2.3	Gæsluvellir	0,5	9.100
15.20.5.0	Harðfiskverkun	1	18.200
93.02.0.0	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	0,5	9.100
93.02.0.1	Hárgreiðslustofur	0,5	7.700

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
51.44.2.0	Heildverslun með hreingerningarefni	0,5	27.300
51.31.0.1	Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	1	21.000
51.31.0.2	Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	1	26.600
51.31.0.3	Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	1	42.000
51.55.0.1	Heildverslun með eiturefni og hættuleg efni	0,5	27.300
51.45.0.0	Heildverslun með ilmvatn og snyrtivöru	0,5	27.300
51.45.0.1	Heildverslun með snyrtivöru	0,5	27.300
51.36.0.0	Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	1	29.400
51.39.0.1	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	0,5	9.100
51.39.0.2	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	1	26.600
51.39.0.3	Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	1	39.200
85.12.1.1	Heilsugæslustöðvar	0,5	9.100
85.31.1.0	Heimili fyrir börn og unglinga	0,5	7.700
85.31.4.2	Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, lítið	1	15.400
85.31.4.3	Heimili fyrir fatlaða, fullbúið eldhús, miðlungs	1	18.200
85.31.4.0	Heimili fyrir fatlaða, sambýli með heimiliseldhúsi	0,5	9.100
15.20.4.1	Heitloftsþurrkun fiskafurða	1	26.600
92.62.0.1	Hestahald	0,25	3.150
55.11.0.1	Hótel með veitingasölu, lítið	1	23.800
55.11.0.2	Hótel með veitingasölu, miðlungs	1	32.200
55.11.0.3	Hótel með veitingasölu, stórt	2	78.400
55.12.0.1	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting)	0,5	9.100
55.12.0.2	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs	0,5	10.500
55.12.0.3	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	0,5	13.300
24.51.0.1	Hreinlætisvöruverksmiðjur	1	60.200
01.42.0.1	Hundahótel	0,5	7.700
85.14.9.4	Húðflúrstofur	1	23.800
85.14.9.5	Húðgötun	1	23.800
36.12.0.1	Húsgagnaiðnaður með lökkun	0,5	9.100
15.52.0.0	Ísgerð	2	109.200
92.61.0.4	Íþróttahús, lítil	0,5	9.100
92.61.0.5	Íþróttahús, miðlungs	0,5	11.900
92.61.0.6	Íþróttahús, stór	1	29.400
92.61.0.8	Íþróttavellir	0,25	3.850
52.46.1.3	Járnvöruverslanir	0,5	18.900
55.40.0.0	Kaffihús, smurt brauð	1	18.200
15.42.0.3	Kaldhreinsun lýsis	1	23.800
01.25.9.0	Kanínurækt	1	26.600
15.31.0.1	Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	1	30.800
15.31.0.2	Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	2	54.600
15.31.0.0	Kartöfluvinnsla - pökkun	1	18.200
01.42.0.2	Kattahótel	0,5	7.700
15.82.0.1	Kexverksmiðjur	2	77.000
91.31.1.1	Kirkjur	0,25	3.850
85.14.9.2	Kírópraktor	0,25	3.850
15.13.0.7	Kjötpökkunarstöð	2	92.400
15.13.0.4	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	2	78.400
15.13.0.5	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	2	114.800
15.13.0.6	Kjötvinnsla með reykingu, stór	3	180.600
15.13.0.1	Kjötvinnsla, lítil	2	56.000
15.13.0.2	Kjötvinnsla, miðlungs	2	92.400
15.13.0.3	Kjötvinnsla, stór	3	147.000
55.40.0.2	Krár, kaffihús án matsölu	1	18.200
55.40.0.1	Krár, kaffihús með matsölu	1	29.400
15.87.0.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, lítil	1	18.200

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
15.87.0.2	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, miðlungs	1	33.600
15.87.0.3	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	1	42.000
92.13.0.1	Kvikmyndahús	0,5	11.900
63.12.0.5	Kæli- og frystigeymslur	0,5	11.900
29.23.0.1	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	0,5	16.100
15.82.0.2	Kökugerð, lítil	1	18.200
15.82.0.3	Kökugerð, miðlungs	1	28.000
15.82.0.4	Kökugerð, stór	1	33.600
15.20.8.0	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, lítil	1	30.800
15.20.8.1	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	1	46.200
15.20.8.2	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	2	96.600
05.02.2.0	Land- og kvíaeldi	0,25	6.650
15.33.0.3	Lauksteikingarverksmiðjur	1	23.800
19.10.0.1	Leðurvinnsla og sútun	2	81.200
92.31.0.1	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25	3.850
92.31.0.3	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	1	29.400
92.31.0.2	Leikhús með móttökueldhúsi	0,5	11.900
85.32.2.2	Leikskólar með fullbúið eldhús	2	49.000
85.32.2.1	Leikskólar með móttökueldhúsi	1	23.800
26.21.0.1	Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m^3	0,5	53.200
17.30.0.1	Litun og bleiking < 10 tonn á dag	2	81.200
93.04.0.1	Líkamsræktarstöðvar, litlar	0,5	7.700
93.04.0.4	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	1	22.400
93.04.0.2	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	1	18.200
93.04.0.5	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	1	32.200
93.04.0.3	Líkamsræktarstöðvar, stórar	1	21.000
93.04.0.6	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	1	37.800
93.03.0.1	Líkbrennslur	0,25	3.850
74.81.0.3	Ljósmyndastofur með framköllun	0,5	9.100
01.25.2.0	Loðdýrabú	1	40.600
24.42.0.0	Lyfjagerð	0,5	21.700
85.12.2.2	Læknahús með aðgerðarstofum	0,5	11.900
85.12.2.1	Læknastofur	0,5	9.100
14.21.0.0	Malar- og sandnám; vikurnám	0,25	5.950
52.62.0.2	Markaðir, litlir	0,5	9.100
52.62.0.1	Markaðir, miðlungs	1	23.800
52.62.0.0	Markaðir, stórir	2	53.200
55.30.1.1	Matsölustaðir, litlir	1	26.600
55.30.1.2	Matsölustaðir, miðlungs	1	39.200
55.30.1.3	Matsölustaðir, stórir	1	50.400
55.30.1.7	Matsöluvagnar	1	18.200
52.11.2.4	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	1	21.000
52.11.2.5	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	1	26.600
52.11.2.6	Matvöruverslun án vinnslu, stór	2	60.200
52.11.2.1	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	1	33.600
52.11.2.2	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	2	67.200
52.11.2.3	Matvöruverslun með vinnslu, stór	2	79.800
27.50.0.1	Málmsteypa < 20 tonn á dag	0,5	16.100
24.30.0.1	Málningarverksmiðjur	1	60.200
52.46.2.1	Málningavöruverslanir	0,5	18.900
28.51.0.0	Meðferð og húðun málma	0,5	11.900
15.51.0.1	Mjólkurbú	2	123.200
15.51.0.0	Mjólkurbú og ostagerð	3	180.600
15.20.7.1	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	2	53.200

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
51.57.0.3	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	0,5	9.100
51.57.0.2	Móttaka brotamálms	2	75.600
15.42.0.2	Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	1	23.800
55.51.0.1	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	1	23.800
55.51.0.2	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs	1	32.200
55.51.0.3	Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	1	39.200
55.51.0.4	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	1	16.800
55.51.0.5	Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs	1	23.800
55.51.0.6	Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt	1	29.400
14.50.0.0	Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	1	23.800
14.30.0.0	Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	0,25	5.950
93.04.0.9	Nuddstofur	0,5	7.700
22.22.1.0	Offsett- og hæðarprentun	1	21.000
26.82.9.1	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	0,5	21.700
15.51.0.2	Ostagerð	2	95.200
21.21.0.1	Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	1	18.200
25.21.0.1	Plastiðnaður	1	29.400
22.22.9.1	Prentiðnaður, lítill	0,5	10.500
22.22.9.2	Prentiðnaður, miðlungs	0,5	13.300
22.22.9.3	Prentiðnaður, stór	1	37.800
22.24.0.0	Prentsmíð	0,5	10.500
22.21.0.0	Prentun dagblaða	1	43.400
31.40.0.1	Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	0,5	10.500
31.62.0.1	Rafvélaverkstæði	0,5	9.100
85.14.3.0	Rannsóknarstofur í læknisfræði	0,25	3.850
50.20.0.11	Ryðvarnarverkstæði	1	18.200
01.12.1.0	Ræktun grænmetis og garðplöntuframleiðsla	0,5	9.100
85.14.3.1	Röntgenstofur	0,5	7.700
55.52.0.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	1	21.000
55.52.0.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	1	28.000
55.52.0.3	Sala á tilbúnum mat, stór	2	60.200
52.49.9.4	Sala eiturefna	1	54.600
15.33.0.2	Salatgerð	1	40.600
15.20.2.0	Saltfiskverkun	1	18.200
14.40.0.0	Saltvinnsla	1	23.800
55.40.0.3	Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	0,25	3.850
55.40.0.5	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	1	29.400
55.40.0.4	Samkomusalir með móttökueldhúsi	0,5	11.900
22.22.2.0	Sáldprentun	1	21.000
05.02.1.3	Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	0,25	5.950
05.02.1.2	Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	0,5	13.300
05.02.1.1	Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	1	26.600
85.11.2.0	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	0,5	11.900
85.14.1.1	Sjúkraþjálfun	0,5	9.100
55.30.2.1	Skemmtistaðir án matsölu	0,5	9.100
55.30.2.0	Skemmtistaðir með matsölu	1	30.800
92.61.0.9	Skíðaskálar, skíðasvæði	0,25	5.250
92.72.0.1	Skotvellir	0,25	3.850
85.32.3.2	Skóladagheimili, fullbúið eldhús	1	28.000
85.32.3.2	Skóladagheimili, móttökueldhús	1	15.400
90.00.0.2	Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe	1	19.600
28.74.0.1	Skrúfuframleiðsla	1	15.400
26.12.0.0	Skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	0,5	8.400
55.30.1.4	Skyndibitastaðir, litlir	1	37.800

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
55.30.1.5	Skyndibitastaðir, miðlungs	1	43.400
55.30.1.6	Skyndibitastaðir, stórir	1	56.000
15.11.0.1	Sláturhús < 50 t/dag	1	32.200
15.11.0.2	Sláturhús > 50 t/dag	2	64.400
52.24.0.1	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	1	16.800
52.24.0.2	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	1	33.600
52.24.0.3	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	1	36.400
52.49.9.3	Smásala efna í flokkum X, A og B	0,5	21.700
52.50.0.0	Smásala með notaða muni í verslunum	0,5	20.300
15.43.0.0	Smjörlíkisgerð	1	30.800
50.20.0.12	Smurstöðvar	1	18.200
93.02.0.2	Snyrtistofur	0,5	7.700
24.52.0.1	Snyrtivöruframleiðsla, lítil	1	21.000
24.52.0.2	Snyrtivöruframleiðsla, stór	1	49.000
52.33.0.1	Snyrtivöruverslun	0,5	18.900
90.00.0.8	Sorpeyðingastöð, sorphaugar	6	159.600
90.00.0.7	Sorpflutningar og sorphirða	1	23.800
93.04.0.7	Sólbaðstofur án heitra potta	1	18.200
93.04.0.8	Sólbaðstofur með heitum pottum	1	25.200
40.10.0.2	Spennaviðgerðir	1	23.800
40.10.0.1	Spennistöðvar	0,25	7.350
35.11.0.1	Stálsmíði og stálskipagerð	0,5	14.700
14.21.0.1	Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	0,5	10.500
26.70.0.0	Steinsmíði, lítil	0,5	9.100
26.70.0.1	Steinsmíði, stór	1	26.600
85.31.5.2	Stofnanir fyrir áfengissjúklinga, fullbúið eldhús, miðlungs	1	18.200
52.11.1.2	Stórmarkaðir > 400 m^2, án matvælavinnslu	2	61.600
52.11.1.1	Stórmarkaðir > 400 m^2, með matvælavinnslu	3	92.400
15.33.0.1	Sultu- og ávaxtagrautargerð	1	40.600
85.31.1.2	Sumarbúðir fyrir börn, fullbúið eldhús	1	30.800
92.61.0.7	Sundstaðir og íþróttamannvirki sambyggð	4	86.800
92.61.0.1	Sundstaðir, litlir	2	43.400
92.61.0.2	Sundstaðir, miðlungs	3	68.600
92.61.0.3	Sundstaðir, stórir	4	93.800
15.84.0.1	Súkkulaði- og sælgætisgerð	1	42.000
01.23.0.1	Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	33.600
01.23.0.2	Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	1	50.400
52.11.3.1	Söluturnar án óvarinna matvæla	1	15.400
52.11.3.2	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	1	15.400
52.11.3.3	Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	1	32.200
52.11.3.4	Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	1	35.000
85.13.1.1	Tannlæknastofur	1	12.600
85.13.2.0	Tannsmíðar	0,5	6.300
15.86.0.0	Te- og kaffiframleiðsla	1	15.400
55.22.0.3	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	0,5	9.100
55.22.0.2	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	0,5	11.900
55.22.0.1	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	1	23.800
80.42.2.0	Tónlistarskólar	0,5	9.100
20.30.9.2	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	0,5	9.100
20.30.9.1	Trésmíðaverkstæði með lökkun	0,5	10.500
17.10.0.1	Ullarþvottastöðvar	1	79.800
52.49.9.2	Varahlutaverslanir, ekki bíla	0,5	20.300
41.00.0.6	Vatnsveitur < 151 íbúa	1	22.400
41.00.0.5	Vatnsveitur 1.000-5.000 íbúa	3	99.400
41.00.0.6	Vatnsveitur 151-500 íbúa	1	22.400

ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.000-10.000 íbúa	4	142.800
41.00.0.6	Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	1	43.400
41.00.0.7	Vatnsveitur, einka	0,5	14.700
17.10.0.2	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	1	26.600
52.49.9.1	Véla- og tækjasölur	0,5	20.300
29.11.0.0	Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	1	15.400
35.11.0.2	Viðhald og niðurrif skipa	1	21.000
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	1	21.000
15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	1	21.000
15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski, stór	1	43.400
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	1	16.800
85.11.4.4	Vistheimili	0,5	9.100
28.73.0.1	Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	1	15.400
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	32.200
63.12.0.1	Vörugeymslur, litlar	1	18.200
63.12.0.2	Vörugeymslur, miðlungs	1	26.600
63.12.0.3	Vörugeymslur, stórar	1	32.200
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.	0,25	3.850
93.01.0.1	Þvottahús	0,25	3.850
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	9.100
75.25.0.1	Æfingasvæði slökkviliðs	0,25	4.550
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	0,25	4.550
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25	4.550
15.20.9.0	Önnur ótalin fiskvinnsla	1	18.200
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	1	33.600

10. desember 2001 Nr. 943

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Norðurlandi vestra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 5.760
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 4.200
Gjald vegna vottorða s.s. tóbakssöluleyfi	kr. 6.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með sviputum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið inn eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, eða uppfyllir 12. gr. reglugerðar númer 786/1999, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á	eitt tímagjald

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	eitt tímagjald

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	eitt tímagjald

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 734 frá 1999 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit á Norðurlandi vestra.

Sauðárkróki, 10. desember 2001.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra,

Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.	Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.
Apótek	14.400	Fjallaskálar, minni	3.600
Apótek, lítil	5.702	Flugvellir	10.800
Áfengisverslun	12.960	Framköllun	3.900
Áhaldahús sveitarfélags	14.400	Framleiðsla á dýrafóðri	21.600
Bakarí, lítið	18.720	Framleiðsla á kornvörum og pökkun	23.040
Bakarí, miðlungs	37.440	Framleiðsla á umbúðum sem koma í snertingu við matvæli	8.640
Bensínstöðvar	18.720	Framleiðsla gæludýrafóðurs	3.600
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	8.640	Framleiðsla tilbúinna rétta	23.040
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	14.400	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, lítil	8.640
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	23.040	Garðaúðun	7.200
Bifreiðasprautun	20.160	Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítið	8.640
Blikksmiði	10.080	Gúmmívinnsla	4.752
Bón- og bílaþvottur, handvirk	3.600	Hárgreiðslustofur	8.640
Brauðgerð, kleinur o.fl.	7.200	Heildverslun með hreingerningarefni	8.640
Byggingavöruverslanir, litlar	7.200	Heilsugæslustöðvar - litlar	14.400
Byggingavöruverslanir, stórar	14.400	Hestamiðstöð	7.200
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	8.640	Hjólbarðaverkstæði	7.200
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	28.800	Hótel og gististaðir án veitingasölu	14.400
Dvalar- og hjúkrunarheimili, /án mötuneytis	34.560	Hótel og gististaðir með veitingasölu	46.080
Dvalar- og hjúkrunarheimili, með fullbúnu eldhúsi	48.960	Hótel og gististaðir með veitingasölu, minni	34.560
Fangaklefar	15.840	Íþróttahús, lítil	14.400
Farfuglaheimili og fjallaskálar, stærri	14.400	Íþróttahús, miðlungs	20.160
Félagsheimili með eldhúsi	20.160	Íþróttahús, stór	23.040
Félagsheimili með eldhúsi, lítil	7.200	Kaffisala - sumaropið	7.200
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	14.400	Kirkjur	3.600
Fiskeldi, lítið	11.520	Kítin og kítosan framleiðsla	146.000
Fiskeldisstöðvar	23.040	Kjötvinnsla, lítil	46.080
		Krár, kaffihús án matsölu	18.720

Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.	Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.
Krydd og bragðefnavinnsla, lítil	18.720	Sláturhús, lítil	18.720
Krydd og bragðefnavinnsla, miðlungs	37.440	Sláturhús, stór	37.440
Krydd og bragðefnavinnsla, stór	48.960	Snyrtistofur	8.640
Lagmetisframleiðsla, lítil	14.400	Sorpflutningar og sorphirða	25.920
Leikskólar með eldhúsi	31.680	Sorphaugar 2. fl.	146.000
Leikskólar með eldhúsi, minni	23.040	Sorphaugar 3. fl.	110.000
Líkamsræktarstöðvar, litlar	17.280	Sólbaðstofur	14.400
Ljósmyndastofur með framköllun	3.960	Spennistöðvar	8.640
Loðdýrabú, lítið	3.600	Sultu- og ávaxtagrautargerð	40.320
Loðdýrabú, stórt	7.920	Sumarbúðir	21.600
Matsölustaðir, litlir	34.560	Sundstaðir, litlir	20.160
Matsölustaðir, miðlungs	40.320	Sundstaðir, miðlungs	28.800
Matsölustaðir, stórir	48.960	Söfn	7.200
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	28.800	Söluturnar án óvarinna matvæla	7.200
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	43.200	Söluturnar með óvarin matvæli	15.840
Matvöruverslun án vinnslu, stór	69.120	Tannlæknastofur	8.640
Málningaraðstaða	3.600	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	7.200
Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga	21.600	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	14.400
Mjólkurbú	172.800	Trésmíðaverkstæði, lítið	7.200
Mjólkurbú og ostagerð	345.600	Trésmíðaverkstæði með lökkun	21.600
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	23.040	Útihátíðir	14.400
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	46.080	Vatnsaflsvirkjanir >50 MW	63.360
Nuddstofur	7.200	Vatnsaflsvirkjanir 10 - 50 MW	31.680
Olíumalar- og malbikunarstöðvar	21.600	Vatnsaflsvirkjanir 2 - 10 MW	25.920
Ostagerð	172.800	Vatnsveitur <500 íbúa	14.400
Prentiðnaður, lítill	7.200	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	64.800
Prentiðnaður, miðlungs	20.160	Vatnsveitur 500 - 2000 íbúa	28.800
Sala á tilbúnum mat, lítil	14.400	Veitingasöluvagnar	5.040
Sala eiturefna og hættulegra efna	14.400	Verkstæði fyrirtækja	9.360
Sjúkrahús, með fullbúnu eldhúsi	63.360	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	17.280
Sjúkraþjálfun	7.200	Viðgerðaraðstaða	5.040
Skólar án mötuneytis	14.400	Vinnsla á fiski, lítil	7.200
Skólar án mötuneytis, litlir	4.320	Vinnsla á fiski, miðlungs	20.160
Skólar með fullbúnu eldhúsi	31.680	Vinnsla á fiski, stór	37.440
Skólar með móttökueldhúsi	23.040	Völuflutningamiðstöðvar	15.840
Skólar, framhalds- og háskólastig með fullbúnu eldhúsi	46.080	Völuflutningamiðstöðvar, litlar	7.200
Skyndibitastaðir, litlir	20.160	Þvottahús og efnalaugar	8.640

GJALDSKRÁ

Akranesveitu.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Akranesveitu.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

2. gr.

Varmaorka.

2.1 Fast gjald.

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.
Því er skipt í þrjá flokka :

A:	15 mm til 20 mm	18,89	kr./dag
B:	25 mm til 50 mm	39,46	kr./dag
C:	65 mm og stærri	79,99	kr./dag

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

2.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og/eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um taxta annan en IH1, Almenn heitavatnsnotkun.

IH1. Almenn heitavatnsnotkun 57,28 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IH2. Almenningssundlaugar 17,20 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir almenningssundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IH3. Gróðurhús 28,64 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

IH4. Sundlaugar 28,64 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfseminnar.

IV2. Fiskeldi. 28,64 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

IV3. Íþróttavellir 43,01 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utandyra.

IV4. Iðnaðarvatn 28,64 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar.

Sérstakur taxti fyrir snjóbræðslu.
IS1. Snjóbræðsla.
Framrásarvatn:

Fastagjald	239,98 kr./dag	
SR1	28,64 kr./m^3	útihiti hærri en -5°C
SR2	88,91 kr./m^3	útihiti -5°C eða lægri

Bakrásarvatn úr kerfi Akranesveitu:

Tvöfalt dreifikerfi fyrir hendi:	árgjald	23,08 kr./m^2
Akranesveita kostar sérstakt dreifikerfi:	árgjald	92,31 kr./m^2

Miðað er við að kerfið fái a.m.k. 5 l/klst. pr. fermetra af 30°C heitu bakvatni við 0°C. Ef mælingar sýna að notandi fái ekki nægjanlegt bakvatn við rétt hitastig skerðist upphæðin í réttu hlutfalli.

Sérstakt samkomulag þarf að gera um viðskipti samkvæmt þessum taxta og tekið skal fram að ekki er hægt að afhenda samkvæmt taxtanum í öllum tilfellum. Bakrásarvatn, sem Akranesveita afhendir skv. slíku samkomulagi, er úr kerfi Akranesveitu, en viðskiptaaðilum er frjálst að nýta eigið bakrásarvatn án sérstakra greiðslna.

3. gr.

Raforka.

3.1 Almenn orkunotkun.

Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

A.1. Almenn notkun:		
Fast gjald	7,90	kr./dag
Orkugjald	5,99	kr./kWh
A.4 Blönduð notkun:		
Fast gjald	30,46	kr./dag
Orkugjald	3,61	kr./kWh

3.2 Afl og orkunotkun.

Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útilýsing.
Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

B.1 Afl- og orkumæling:		
Fast gjald	83,41	kr./dag
Aflgjald	23,24	kr./kW/dag
Orkugjald	2,95	kr./kWh
Leigugjald þrífasa aflmælir	8,02	kr./dag
Leigugjald þrífasa aflmælir með straumspennum	15,56	kr./dag
B.2 Útilýsing		
Aflgjald	62,94	kr./kW/dag
Viðhaldsgjald	66,10	kr./kW/dag

3.3 Rofin orkunotkun.

Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

R.1 Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
Fast gjald	22,56	kr./dag
Orkugjald með rofi í nóv.-feb.	3,17	kr./kWh
Orkugjald með rofi í des.-jan.	3,44	kr./kWh
R.2 Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
Fast gjald	22,56	kr./dag
Vetrarorkugjald með rofi í nóv.-feb.	3,99	kr./kWh
Vetrarorkugjald með rofi í des.-jan.	4,50	kr./kWh
Sumarorkugjald	1,95	kr./kWh
R.3 Næturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
Fast gjald	22,56	kr./dag
Orkugjald	2,60	kr./kWh

R.4 Næturorkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:

Fast gjald	22,56	kr./dag
Vetrarorkugjald	3,11	kr./kWh
Sumarorkugjald	1,59	kr./kWh

3.4 Tímaháð orkunotkun.

Tímaháð orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

T.1 Tímataxti:

Fast gjald	339,13	kr./dag
Lágverð	3,42	kr./kWh
Miðverð	6,36	kr./kWh
Háverð	14,27	kr./kWh

Gildistími verðþrepa:

Lágverð	október til apríl	kl. 21-09
	maí til september	allan sólarhringinn
Miðverð	nóv. til feb. virkir dagar	kl. 13-17
	nóv. til feb. frídagar *	kl. 09-21
	október, mars og apríl	kl. 09-21
Háverð	nóv. til feb. virkir dagar	kl. 09-13 og 17-21
	aðfangadagur og gamlársdagur	kl. 09-13 og 17-21

* Aðfangadagur og gamlársdagur teljast ekki til þessara frídaga og eru meðhöndlaðir eins og virkir dagar í desember.

4. gr.

Önnur gjöld.

4.1 Heimtaugagjöld.

H.1H **Heitt vatn.**

Málstærð	*kr.*
20 mm	51.800
25 mm	108.000
32 mm	165.000
40 mm	335.000
50 mm	560.000
65 mm	1.125.000
80 mm	2.254.000
Tengigrind	5.610

H.1R **Rafmagn.**

Málstraumur	*Fjöldi fasa*	*Tengigjald kr.*
50 A	3-fasa	56.200
63 A	3-fasa	70.200
100 A	3-fasa	112.000
200 A	3-fasa	222.000
315 A	3-fasa	349.000
400 A	3-fasa	452.000
630 A	3-fasa	702.000
710 A	3-fasa	793.000
1200 A	3-fasa	1.343.000
1800 A	3-fasa	2.004.000
2400 A	3-fasa	2.675.000

H.2 **Bráðabirgðaheimtaugar.**

Málstraumur	*Stofngjald*	*Lengdargjald*	
		Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpi
50 A 3-fasa	15.800	1.880	23.800
63 A 3-fasa	17.600	1.880	27.400
100 A 3-fasa	18.800	2.450	31.800
200 A 3-fasa	70.700	2.450	31.800

H.3 **Sumarhúsaheimtaugar.**

Málstraumur	*Heimtaugagjöld kr.*
35 A 1-fasa	218.000
35 A 3-fasa	240.800

4.2 Mælaleiga rafmagn.

Mælaleiga er innifalin í raforkuverði skv. taxta. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum. Fyrir mælitæki til annarra nota er leiga sem hér segir:

		Verð kr./dag
M.1	Orkumælir, einfasa	2,43
M.2	Orkumælir, þrífasa	9,60
M.3	Orkumælir, þrífasa með straumspennum	16,27
M.4	Aflmælir	16,27
M.5	Aflmælir með straumspennum	24,28
M.6	Tvígjaldsorkumælir	15,61
M.7	Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	23,85
M.8	Fjarstýriliði	10,75
M.9	Púlsmagnari	16,27

4.3 Tengigjald.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar rafmagns 6.231 kr.
Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.

4.4 Álestrargjald.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda 1.180 kr.

4.5 Innheimtugjald.	kr.
Seðilgjald	200
Vanskilagjald (15 dögum eftir gjalddaga)	450
Ítrekunargjald (6 vikum eftir gjalddaga)	900
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.800

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. desember 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Akranesveitu nr. 260, 20. mars 2001, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. desember 2001.

F. h. r.

Þorgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

14. desember 2001 Nr. 945

AUGLÝSING

um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

Í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum, og ákvæði Nice-samningsins frá 15. júní 1957 um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, með síðari breytingum, gildir eftirfarandi flokkaskrá fyrir vörur og þjónustu vegna skráningar vörumerkja sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Flokkaskráin er í samræmi við 8. útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar um flokkun vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja samkvæmt Nice-samningnum en þessi útgáfa vöruskrárinnar öðlast gildi 1. janúar 2002. Breytingarnar eru aðallega þær að flokki 42 hefur verið skipt upp í flokka 42, 43, 44 og 45. Nýjum þjónustuflokkum hefur því verið bætt við, þ.e. flokkum 43, 44 og 45.

Í flokkaskránni er aðeins að finna meginefni hvers flokks. Styðjast verður við enska eða franska útgáfu alþjóðlegu vöruskrárinnar (8. útgáfu) þegar vafi leikur á um hvar flokka skuli tiltekna vöru eða þjónustu.

Frá 1. janúar 2002 skal í umsókn um skráningu vörumerkis flokka og tilgreina vörur og þjónustu, sem óskað er skráningar fyrir, í samræmi við þessa skrá, sbr. einnig 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum, og 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 310/1997 um skráningu vörumerkja o.fl.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 2002 en samtímis fellur úr gildi auglýsing nr. 311/1997 um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.

Skrá um flokkun vöru og þjónustu.

I. Vörur.

1. Efni til að nota í iðnaði, við vísindastörf, ljósmyndun sem og í landbúnaði, garðrækt og skógrækt; óunnin gervikvoða; óunnar plastvörur; áburður; slökkviefni; efnablöndur til herslu og lóðunar; efni til varðveislu á matvælum; sútunarefni; lím- og bindiefni til iðnaðarnota.
2. Málning, gljákvoða (fernis), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni, bæs; óunnin náttúruleg kvoða; málmþynnur og málmduft fyrir málara, skreytingamenn, prentara og listamenn.
3. Bleikiefni og önnur efni til nota við fataþvott, ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun; sápa; ilmvörur, ilmolíur, snyrtivörur, hárvötn; tannhirðivörur.
4. Olíur og feiti til iðnaðar; smurolíur; raka- og rykbindiefni; brennsluefni (þar með talið brennsluefni fyrir hreyfla) og ljósmeti; kerti, kveikir.
5. Efnablöndur til lyfja-, dýralækninga og hreinlætisnota; næringarefni framleidd til læknisfræðilegra nota, barnamatur; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sótthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum, sveppum og illgresi.
6. Ódýrir málmar og blöndur úr þeim; byggingarefni úr málmi, færanlegar byggingar úr málmi; málmefni í járnbrautarspor; strengir og vírar úr ódýrum málmum, ekki til rafmagnsnota; járnvörur og smáhlutir úr málmi; pípur og hólkar úr málmi; öryggisskápar; vörur úr ódýrum málmum sem ekki heyra undir aðra flokka; málmgrýti.
7. Vélar og smíðavélar; hreyflar (þó ekki í ökutæki); vélatengsli og drifbúnaður (þó ekki í ökutæki); landbúnaðarvélar sem ekki eru handknúnar; klakvélar (útungunarvélar).
8. Handverkfæri og handknúin tól, eggjárn og hnífapör, höggvopn og lagvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, raftækni, ljósmyndun, kvikmyndatöku og -sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjasendingatæki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og -búnaður; tæki sem notuð eru til að taka upp eða flytja hljóð eða mynd; segulupptökutæki, gagnadiskar; sjálfsalar og vélbúnaður fyrir myntstýrð tæki; búðarkassar; reiknivélar; gagnavinnslubúnaður og tölvur; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga; gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til bæklunarlækninga; þráður til að sauma saman sár.
11. Tæki og búnaður fyrir lýsingu, hitun, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loftræstingu, vatns- og hreinlætislagnir.
12. Ökutæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.
14. Góðmálmar og blöndur úr þeim, svo og vörur úr góðmálmum eða húðaðar með þeim sem ekki heyra undir aðra flokka; skartgripir, gimsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga.
15. Hljóðfæri.
16. Pappír, pappi og vörur úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; prentað mál; bókbandsefni; ljósmyndir; ritföng; bréflím og lím til heimilisnota; vörur handa listamönnum; málningarpenslar; ritvélar og skrifstofutæki (þó ekki húsgögn); fræðslu- og kennslugögn (þó ekki tæki); plastefni til pökkunar (sem ekki eru talin í öðrum flokkum); spil; leturstafir; myndmót.
17. Gúmmí, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbest, gljásteinn og vörur úr þessum efnum

sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; hálfunnið þanið plast til iðnaðarnota; efni til hvers konar þéttingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur sem ekki eru úr málmi.
18. Leður og leðurlíki og vörur gerðar úr þessum efnum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; skinn og húðir; ferðakoffort og ferðatöskur; regnhlífar, sólhlífar og göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi.
19. Byggingarefni (ekki úr málmi); ósveigjanlegar pípur (ekki úr málmi) í byggingar; asfalt, bik og malbik; færanleg hús, ekki úr málmi; minnisvarðar, ekki úr málmi.
20. Húsgögn, speglar, myndarammar; vörur (ekki taldar í öðrum flokkum) úr tré, korki, reyr, spanskreyr, tágum, horni, beini, fílabeini, hvalbeini, skel, rafi, perlumóður, sæfrauði, svo og úr efnum sem geta komið í stað þessara, eða úr plasti.
21. Heimilis- eða eldhúsáhöld og ílát (þó ekki úr góðmálmi eða húðuð með honum); greiður og þvottasvampar; burstar (nema málningarpenslar); efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; stálull; óunnið eða hálfunnið gler (þó ekki gler notað við byggingar); glervörur, postulín og leirvörur, ekki taldar í öðrum flokkum.
22. Kaðlar, seglgarn, net, tjöld, segldúkur, yfirbreiðslur, segl, pokar og skjóður (ekki taldar í öðrum flokkum); bólstrunarefni (nema úr gúmmíi eða plasti); óunnin efni úr þræði til vefnaðar.
23. Garn og þráður til vefnaðar.
24. Vefnaður og vefnaðarvörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; rúmteppi og borðdúkar.
25. Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.
26. Blúndur og útsaumur; borðar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, prjónar og nálar; gerviblóm.
27. Teppi, mottur; gólfdúkar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðning (þó ekki ofin).
28. Leikspil og leikföng; leikfimi- og íþróttavörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlaup, -sultur og -sósur; egg, mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti.
30. Kaffi, te, kakó, sykur, hrísgrjón, tapioka, sagógrjón, gervikaffi; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti, ís til matar; hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt, sinnep; edik, sósur (bragðbætandi); krydd; ís.
31. Landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir, svo og korn sem ekki er talið í öðrum flokkum; lifandi dýr, nýir ávextir og grænmeti; fræ, lifandi plöntur og blóm; dýrafóður; malt.
32. Bjór, ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir og ávaxtasafi; þykkni og önnur efni til drykkjargerðar.
33. Áfengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

II. Þjónusta.

35. Auglýsingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti.
37. Byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnaþjónusta.
38. Fjarskipti.
39. Flutningar; pökkun og geymsla vöru; ferðaþjónusta.
40. Vinnsla og meðferð efna og hluta.

41. Fræðsla; þjálfun; skemmtistarfsemi; íþrótta- og menningarstarfsemi.
42. Vísinda- og tækniþjónusta og rannsóknir og hönnun í tengslum við það; rannsóknar- og greiningarþjónusta á sviði iðnaðar; hönnun og þróun tölvubúnaðar og tölvuhugbúnaðar; lögfræðiþjónusta.
43. Veitingaþjónusta; gistiþjónusta.
44. Læknisþjónusta; dýralæknisþjónusta; heilsurækt, fegrunar- og snyrtiþjónusta fyrir menn og dýr; þjónusta við landbúnað, garðyrkju og skógrækt.
45. Persónu- og félagsleg þjónusta í þágu einstaklinga; öryggisþjónusta til verndar einstaklingum og eignum.

Nr. 946 12. desember 2001

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 64.500 á hvert hús.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. samþykkt um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ frá árinu 1998 og gildir frá 1. janúar 2002.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 6. desember 2001.

Garðabæ, 12. desember 2001.

Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.550“ í 1. og 2. málsl. 1. tölul. 2. mgr. kemur: 1.700.
b. Í stað fjárhæðarinnar „3.100“ í 2. málsl. 1. tölul. 2. mgr. kemur: 3.400.
c. Í stað fjárhæðarinnar „550“ í 1. og 2. málsl. 2. tölul. 2. mgr. kemur: 600.
d. Í stað fjárhæðarinnar „950“ í 2. málsl. 2. tölul. 2. mgr. kemur: 1.050.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

a. Í stað fjárhæðarinnar „1.550“ í 1. og 2. málsl. 1. tölul. kemur: 1.700.
b. Í stað fjárhæðarinnar „4.500“ í 2. málsl. 1. tölul. kemur: 4.950.
c. Í stað fjárhæðarinnar „550“ í 1. og 2. málsl. 2. tölul. kemur: 600.
d. Í stað fjárhæðarinnar „1.250“ í 2. málsl. 2. tölul. kemur: 1.375.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

13. desember 2001 Nr. 948

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða er taki gildi 1. janúar 2002.

Frá og með 1. janúar 2002 verður gjaldskrá Hitaveitu Flúða nr. 443, 20. júlí 1998 sem hér segir:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 13%.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 526/2000, um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn hafa með sér við komu til landsins, sbr. reglugerð nr. 791/2000, um breytingu á henni.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. gr. reglugerðarinnar:

a. Orðin: „skv. 2. mgr.“ í 1. mgr. falla brott.

b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „10. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi“ í 1. málsl. 12. gr. reglugerðarinnar kemur: 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 2002.

Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Páll Jóhannesson.

Nr. 950 12. desember 2001

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 7.100 á hverja íbúð.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir frá 1. janúar 2002.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 6. desember 2001.

Garðabæ, 12. desember 2001.

Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri.

14. desember 2001 Nr. 951

AUGLÝSING

um afnám reglna um skyldu verðbréfasjóða til þess að eiga ríkisverðbréf.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að fella úr gildi reglur nr. 489 frá 31. ágúst 1995, um skyldu verðbréfasjóða til þess að eiga ríkisverðbréf, en reglurnar voru gefnar út í Stjórnartíðindum B 89 hinn 20. september 1995.

Reglurnar falla úr gildi frá og með 1. janúar 2002.

Reykjavík, 14. desember 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

14. desember 2001 Nr. 952

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjöld og byggingaleyfisgjöld í Borgarbyggð.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, sem eru á eignar- eða leigulóð í Borgarnesi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa sem eru á eignar- eða leigulóð í Borgarbyggð skal greiða byggingaleyfisgjöld skv. skipulags- og byggingarreglugerð nr. 73/1997.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, ganga frá umferðareyjum svo og til annarra slíkra framkvæmda sem gert er ráð fyrir í skipulagi.

Byggingarleyfisgjaldi skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins við þjónustu skipulags- og byggingafulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

Gatnagerðargjald.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingakostnaðar pr. rúmmetra, í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Hundraðshluti byggingakostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir.

Einbýlishús	6,0%
Par-, rað- og fjöleignarhús	4,0%
Fjöleignarhús (6 íbúðir eða fleiri)	2,5%
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	3,0%
Iðnaðar- og geymsluhúsnæði	3,0%
Annað húsnæði (svo sem gripahús)	2,0%

Rúmmál byggingar skal reikna samkvæmt IST-50 og miða við brúttóstærðir samkvæmt samþykktum teikningum, þ.m.t. bílgeymslur og önnur útihús.

Af endurbyggingu þaka íbúðarhúsa, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjald.

Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé aðeins gengt í það rými innan frá.

Í iðnaðarhúsnæði sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 4,0 metra lofthæð, skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 4,0 metrar við útreikning rúmmetragjalds.

Jafnframt ofangreindu gjaldi og sem hluti þess skal lóðarhafi greiða kr. 100 af hverjum fermetra lóðar miðað við byggingarvísitölu 244,7 stig.

Bæjarstjórn er heimilt að ákvarða gatnagerðargjöld með öðrum hætti ef ástæða þykir til, svo sem að leita tilboða í einstakar lóðir þar sem sérstaklega stendur á.

3. gr.

Áætlun gatnagerðargjalds.

Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við eftirfarandi lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús	500 m^3
Rað- og fjöleignarhús (mest 4 íbúðir), hver íbúð	400 m^3
Fjöleignarhús (5 íbúðir eða fleiri), hver íbúð	300 m^3

Í öllu öðru húsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miða við lofthæð 3,5 metra nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3 - 0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Framangreindar reglur, í 1. og 2. mgr., gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

Endanlegt gatnagerðargjald skal reikna samkvæmt 2. gr. þegar samþykktur uppdráttur liggur fyrir og það greitt við veitingu byggingaleyfis.

4. gr.

Um lækkun gatnagerðargjalda og frestun innheimtu.

Sveitarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum þegar byggingar eru sérhæfðar og/eða afbrigðilegar um notkun og annað slíkt.

Gatnagerðargjald skal ekki leggja á byggingar sem reistar eru utan þéttbýlissvæða, þ.e. á byggingar sem eru utan skipulagðra svæða og þar sem gatnakerfi sveitarfélagsins nær ekki til.

Sveitarstjórn er heimilt að fresta innheimtu gatnagerðargjalds af tekjulágum eigendum fasteigna, sem náð hafa 67 ára aldri og þeim sem eiga við langvarandi veikindi eða örorku að stríða.

Verði eigendaskipti að húseign þar sem frestað hefur verið innheimtu á gatnagerðargjaldi, skal sveitarstjórn heimilt að leggja á gjaldið eins og það var þegar álagning fór fram með áorðnum breytingum á byggingavísitölu, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi eign.

5. gr.

Álagning gatnagerðargjalds m.a.ef hús er rifið eða það brennur.

Þegar hús er rifið eða fjarlægt af lóð og nýtt byggt í þess stað, er heimilt að innheimta gatnagerðargjald að því er stækkuninni nemur skv. 2. gr. Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt hús á lóðinni.

6. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Byggingarleyfisgjald greiðist skv. eftirfarandi reglu:

a) Kr. 30.000 vegna lóða sem eru minni en 1.000 m^2.
b) Kr. 50.000 vegna lóða sem eru 1.000 m^2 til 1.499 m^2.
c) Kr. 70.000 vegna lóða sem eru 1.500 m^2 eða stærri.
d) Fyrir byggingarleyfi vegna stækkunar á eldra húsnæði skal greiða bæjarsjóði fast gjald kr. 3.000 og að auki skal greiða kr. 30 fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar.
e) Fyrir breytingar á húsnæði eða notkun þess, fyrir að rífa hús eða önnur mannvirki, gerð bifreiðastæða eða önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, skal greiða bæjarsjóði kr. 3.000.
f) Fyrir byggingar aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum búskap og eru utan þéttbýlis skal auk fastagjaldsins sem er kr. 3.000 greiða kr. 150 fyrir hvern rúmmetra byggingarinnar. Til þessara bygginga teljast m.a. sumarbústaðir, orlofsíbúðir, veiðihús, fjallaskálar, skíðaskálar o.fl.
g) Ef byggingafulltrúi er að óþörfu kvaddur til eftirlits skal greiða kr. 4.300 í bæjarsjóði.
h) Leyfisgjöld verða ekki endurgreidd þótt leyfi falli úr gildi vegna þess að það hefur ekki verið notað innan árs, eða hefur verið fellt úr gildi. Verði leyfið endurnýjað óbreytt skal greiða fyrir það kr. 3.000.
i) Fyrir afgreiðslu byggingarfulltrúa vegna löggildingar iðnmeistara skal greiða kr. 3.000.
j) Byggingarfulltrúa er heimilt að innheimta gjald vegna framkvæmdaleyfis kr. 6.000.

Einingarverð gjaldtöku skv. þessari grein breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar út. Grunnvísitala miðast við desember 2001 sem er 262,6 stig.

7. gr.

Greiðsla gatnagerðargjalds/byggingarleyfisgjalds.

Greiða skal 50% gatnagerðargjalds/byggingarleyfisgjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar þegar byggingaleyfi er veitt.

Bæjarráð getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi tengdu veitingu byggingaleyfis, þegar byggt er atvinnuhúsnæði eða húsnæði til endursölu, samkvæmt sérstökum greiðslusamningi sem kveður á um skilmála og greiðslukjör.

8. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds og byggingaleyfisgjalds.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum.

a) Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
b) Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. a-lið 1. mgr. er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, þó ekki lengur en í 6 mánuði. Frestur til endurgreiðslu er í öðrum tilvikum 1 mánuður frá því að lóðarhafi krefst endurgreiðslu gatnagerðargjalds skv. b-lið 1. mgr.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt og verðbætt miðað við vísitölu byggingakostnaðar, frá því lóðarhafi greiddi gatnagerðargjaldið til endurgreiðsludags.

Byggingarleyfisgjald skal ekki endurgreitt þó lóð sé skilað eða byggingarleyfi fellt úr gildi.

9. gr.

Heimild til afturköllunar lóðarúthlutunar og/eða byggingaleyfis.

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald/byggingarleyfisgjald á tilskyldum tíma og er bæjarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingaleyfið og/eða lóðarúthlutun.

Ennfremur er bæjarstjórn heimilt að afturkalla lóðarúthlutun hafi lóðarhafi ekki hafið framkvæmdir innan tveggja ára frá því að lóð var úthlutað.

10. gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðréttur.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Lögveðrétturinn helst þó samið verði um greiðslufrest skv. 2. mgr. 6. gr. og skal þess getið í skilmálum.

11. gr.

Um eldri samninga og gatnagerðargjöld, álögð fyrir 1. janúar 1997.

Samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld og álögð gatnagerðargjöld fyrir 1. janúar 1997, skulu halda gildi sínu og innheimtast skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996, sbr. 15. gr. reglugerðar um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2002.

Borgarnesi, 14. desember 2001.

Stefán Kalmansson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

a. Í 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 850“.
b. Í 2. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 300“ fjárhæðin „kr.350“.
c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður sem verður 3. tölul. sem orðast svo:
„Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 150“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

a. Í 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.100“ fjárhæðin „kr. 1.300“.
b. Í 2. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 500“ fjárhæðin „kr. 600“.
c. Við 1. mgr. bætist nýr tölul. sem verður 3. tölul. sem orðast svo:
„Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 350“.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verð á 4. gr.:

a. Í a-lið 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.100“ fjárhæðin „kr. 1.300“.
b. Í b-lið 1. tölul. 1. mgr. komi á eftir orðunum „óskerts ellilífeyris“ orðin „kr. 500“ og sá hluti málsliðarins sem byrjar á orðunum „og börn með umönnunarkort“ fellur brott.
c. Við b-lið 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
„Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 350“.
d. Í a-lið 2. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.600“ fjárhæðin „kr. 1.900“.
e. Í b-lið 2. tölul. 1. mgr. komi á eftir orðunum „óskerts ellilífeyris“ orðin „kr. 700“ og sá hluti málsliðarins sem byrjar á orðunum „og börn með umönnunarkort“ fellur brott.
f. Við b-lið 2. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
„Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 500“.

4. gr.

5. gr. fellur brott.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

a. Í a- lið 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.800“ fjárhæðin „kr. 2.100“ og í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ komi fjárhæðin „kr. 18.000“.
b. Í b-lið 1. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 600“ fjárhæðin „kr. 700“ og í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ komi fjárhæðin „kr. 18.000“.
c. Við b-lið 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna 1/9 af gjaldi samkvæmt a-lið 1. tl. 6. gr. þó að lágmarki kr. 400 og að hámarki kr. 18.000.

d. Við b-lið 2. tölul. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna kr. 150.
e. Í a-lið 3. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.
f. Í b-lið 3. tölul. 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.
g. Við b-lið 3. tölul. bætist nýr málsliður sem orðast svo:
Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna 1/9 af gjaldi samkvæmt a-lið 3. tölul. 6. gr. þó að lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 18.000.
h. Í 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:
a. Í a-lið 1. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 300“ fjárhæðin „kr. 400“.
b. Í b-lið 1. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 100“ fjárhæðin „kr. 150“.
c. Í a-lið 2. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 850“.
d. Í b-lið 2. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 300“ fjárhæðin „kr. 350“.
e. Í a-lið 3. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 850“.
f. Í b-lið 3. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 300“ fjárhæðin „kr. 350“.
g. Í a-lið 4. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 1.000“ fjárhæðin „kr. 1.200“.
h. Í b-lið 4. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 400“ fjárhæðin „kr. 500“.
i. Í a-lið 5. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 600“ fjárhæðin „kr. 700“ og í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ komi fjárhæðin „kr. 18.000“.
j. Í b-lið 5. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.
k. Í a-lið 7. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.
l. Í b-lið 7. tölul. 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.
m. Í 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 6.000“ fjárhæðin „kr. 18.000“.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr.:
a. Í b-lið komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 300“ fjárhæðin „kr.350“.
b. Í c-lið komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 600“ fjárhæðin „kr. 700“.
c. Í d-lið komi í stað fjárhæðarinnar „kr. 700“ fjárhæðin „kr. 800“.
d. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Gjald fyrir vottorð skv. 1. mgr. skal renna til stofnunar.

8. gr.

11. gr. orðast svo:
Fyrir meðferð á glasafrjóvgunardeild Landspítalans skal greiða sem hér segir:

		Glasafrjóvgun (IVF)		*Smásjárfrjóvgun(ICSI)*	
1.	Par sem ekki á barn saman:				
	a) fyrsta meðferð	kr.	137.000	kr.	164.000
	b) önnur til fjórða meðferð	kr.	77.000	kr.	93.000
	c) fimmta meðferð eða fleiri	kr.	256.000	kr.	307.000
2.	Par sem á eitt barn saman:				
	a) fyrsta til fjórða meðferð	kr.	202.000	kr.	243.000
	b) fimmta meðferð eða fleiri	kr.	256.000	kr.	307.000
3.	Par sem á fleiri börn saman:	kr.	256.000	kr.	307.000

Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, heimsókna til sérfræðinga á glasafrjóvgunardeildinni og lyfja, annarra en örvunarlyfja eggjastokka,

en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.
Greiðslur skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar skal greitt 20% af heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggheimtu.

4. Uppsetning frystra fósturvísa kr. 42.000.
5. Geymsla frystra fósturvísa kr. 11.000 fyrir hvert byrjað geymsluár.
Frysting fósturvísa er að öðru leyti innifalin í meðferðargjaldi.
6. Tæknisæðing, aðeins ef uppsetning er framkvæmd, kr. 21.000.

Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjóvgunardeild sem ekki tengjast glasafrjóvgunarmeðferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsóknir og rannsóknir sé að ræða.

9. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 14. gr.:
Í stað fjárhæðarinnar „kr. 129.000“ komi fjárhæðin „kr. 142.000“.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytinu, 19. desember 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

17. desember 2001 Nr. 954

REGLUGERÐ

um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélaga.

I. KAFLI
Útreikningur aðlagaðs gjaldþols.

1. gr.

Aðlagað gjaldþol vátryggingafélags sem á annað vátryggingafélag að dóttur- eða hlutdeildarfélagi.

Félag sem á annað félag að dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi er í reglugerð þessari nefnt hluteignarfélag.

Aðlagað gjaldþol vátryggingafélags sem á annað vátryggingafélag að dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi er gjaldþol þess skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi, að frádregnum fjárhæðum sem verða til við að sömu eignir séu taldar beint eða óbeint hjá fleiri en einum aðila, sbr. 4. gr., svo og að frádregnum öllum eignum sem verða til við gagnkvæma fjármögnun, sbr. 5. gr. Tekið skal tillit til allra dóttur- og hlutdeildarfélaga vátryggingafélagsins, hluteignarfélaga vátryggingafélagsins og annarra dóttur- og hlutdeildarfélaga þeirra félaga.

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum skulu endurmetnir skv. ákvæðum 3. gr. þannig að m.a. séu felldar niður óefnislegar eignir þeirra félaga.

Fjármálaeftirlitið getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um eða heimilað að önnur aðferð en framangreind sé notuð við útreikning aðlagaðs gjaldþols, sbr. 12. gr.

2. gr.

Aðlagað gjaldþol móðurfélags sem ekki lýtur gjaldþolsreglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Sé vátryggingafélag dótturfélag annars vátryggingafélags, sem ekki er háð eftirliti eftirlitsstjórnvalds í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eða félags sem hefur eignarhald á vátryggingafélagi að meginstarfsemi, er aðlagað gjaldþol móðurfélagsins reiknað samkvæmt ákvæðum 1. gr. eins og það væri íslenskt vátryggingafélag. Við útreikninginn skal taka tillit til allra dóttur- og hlutdeildarfélaga móðurfélagsins.

II. KAFLI
Mat á aðlöguðu gjaldþoli.

3. gr.

Endurmat á eignarhlutum í dóttur- og hlutdeildarfélögum.

Við mat á aðlöguðu gjaldþoli skv. 1. gr. skal endurmeta þá eignarhluti í hlutdeildar- og dótturfélögum sem mynda hluta af gjaldþoli. Við endurmatið skal nota sömu aðferðir og notaðar eru við að meta gjaldþol vátryggingafélags, sbr. 1. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, og 2. gr. reglugerðar nr. 494/1997 um eignir sem telja má til gjaldþols vátryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.

Hlutfall í fjárhæð eignaliða sem geta verið hluti af gjaldþoli hlutdeildar- eða dótturfélags skal vera það sama og notað er við reikningsskil þegar hlutdeild í eigin fé er metin. Þannig endurmetin fjárhæð skal notuð í stað hlutdeildar í bókfærðu eigin fé hlutdeildar- og dótturfélaga við útreikning á aðlöguðu gjaldþoli.

Gjaldþol erlendra dóttur- og hlutdeildarfélaga sem eru vátryggingafélög skal meta eftir sömu reglum og gilda um íslensk vátryggingafélög. Heyri dóttur- eða hlutdeildarfélagið undir eftirlitsstjórnvöld í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er Fjármálaeftirlitinu þó heimilt að nota gjaldþolsmat eftirlitsstjórnvalds heimaríkisins við mat á því félagi.

4. gr.

Lækkun aðlagaðs gjaldþols vegna tví- eða margnýtingar eignaliða.

Við útreikning á aðlöguðu gjaldþoli skal draga frá gjaldþoli, sbr. 1. gr.:

1. Þær eignir sem einnig mynda hluta af gjaldþoli hlutdeildarfélags eða dótturfélags.
2. Þær eignir hlutdeildar- og dótturfélaga sem einnig mynda hluta af gjaldþoli þess félags sem verið er að ákvarða aðlagað gjaldþol fyrir.
3. Þær eignir hlutdeildar- og dótturfélaga sem mynda hluta af gjaldþoli annars hlutdeildar- eða dótturfélags.

Þessum aðferðum skal beita hvort sem eignin er bein eða óbein, þannig að tryggt sé að hver eignaliður sé ekki nýttur oftar en einu sinni í aðlöguðu gjaldþoli viðkomandi félags.

5. gr.

Lækkun aðlagaðs gjaldþols vegna gagnkvæmrar fjármögnunar.

Ekki skal telja til aðlagaðs gjaldþols neinar eignir sem verða til við gagnkvæma fjármögnun vátryggingafélagsins sem verið er að reikna aðlagað gjaldþol fyrir, sbr. 1. gr. og hlutdeildar- eða dótturfélags, hluteignarfélags vátryggingafélagsins, né annars hlutdeildar- eða dótturfélags hluteignarfélags vátryggingafélagsins.

Ekki skal telja til aðlagaðs gjaldþols eignir hlutdeildar- og dótturfélaga sem myndaðar eru með gagnkvæmri fjármögnun við annað hlutdeildar- eða dótturfélag.

Gagnkvæm fjármögnun telst það meðal annars að eitt félag eigi hlutafé í öðru félagi eða kröfu á það, en það félag eigi eignir sem teljist til gjaldþols fyrra félagsins.

6. gr.

Takmarkanir á nýtingu ákveðinna gjaldþolsliða.

Ágóðajöfnunarskuld og framtíðarhagnað í líftryggingum má aðeins telja sem hluta af gjaldþoli þess líftryggingafélags þar sem þessir liðir eru myndaðir, sbr. 6. og 9. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 494/1997 um eignir sem telja má til gjaldþols vátryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols. Sama máli gegnir um ágóðaskuld vátryggingafélags, sbr. áðurnefndan 6. tölul., og eignfærðan sölukostnað, sbr. 10. tölul. sömu greinar í reglugerð nr. 494/1997.

Óinnborgað hlutafé í hlutdeildar- og dótturfélögum getur aðeins myndað hluta gjaldþols í viðkomandi hlutdeildar- eða dótturfélagi. Óinnborgað hlutafé, sem hugsanlega skuldbindur hluteignarfélagið, skal ekki talið með. Óinnborgað hlutafé í því vátryggingafélagi sem aðlagað umframgjaldþol er reiknað fyrir, skal ekki talið til gjaldþols ef það skuldbindur hlutdeildar- eða dótturfélag sem er vátryggingafélag. Óinnborgað hlutafé í hlutdeildar- eða dótturfélagi skal ekki talið með ef það skuldbindur annað hlutdeildar- eða dótturfélag séu bæði félögin vátryggingafélög.

Telji Fjármálaeftirlitið að eignaliðir sem mynda hluta af gjaldþoli hlutdeildar- eða dótturfélags sem er vátryggingafélag, aðrir en þeir sem um ræðir í 1. og 2. mgr., séu ekki tiltækir til þess að uppfylla gjaldþolskröfu vátryggingafélagsins sem verið er að reikna aðlagað gjaldþol fyrir, þá má aðeins telja þessa liði með í aðlöguðu gjaldþoli í þeim mæli sem þeir mynda hluta af gjaldþoli hlutdeildar- eða dótturfélagsins.

Samtala liða skv. 1.-3. mgr. í hverju hlutdeildar- eða dótturfélagi má ekki vera hærri en lágmarksgjaldþol viðkomandi hlutdeildar- eða dótturfélags.

7. gr.

Ófullnægjandi gjaldþol dótturfélags.

Ef dótturfélag er vátryggingafélag sem ekki uppfyllir lágmarkskröfur um gjaldþol skal draga frá eignarhlut hluteignarfélags fjárhæð sem samsvarar eignarhlut minnihlutaeigenda í því sem vantar upp á að gjaldþol sé fullnægjandi. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar telji það að ábyrgð móðurfélags sé skýrt og ótvírætt takmörkuð við hlutafjáreignina.

8. gr.

Skortur á upplýsingum um erlend félög.

Hafi Fjármálaeftirlitið ekki aðgang að upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að reikna aðlagað gjaldþol og varða hlutdeildar- eða dótturfélag í öðru ríki, hvort sem það ríki er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða ekki, þá skal draga bókfært virði þess félags frá liðum sem geta verið hluti af gjaldþoli. Ekki má líta á dulinn hagnað af slíkri hlutdeild sem lið sem getur verið hluti af gjaldþoli.

III. KAFLI
Lágmark aðlagaðs gjaldþols.

9. gr.

Lágmark aðlagaðs gjaldþols vátryggingafélags, sbr. 1. gr., er lágmarksgjaldþol félagsins skv. 30., 31. og 33. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi að viðbættri hlutdeild í lágmarksgjaldþoli allra hlutdeildar- og dótturfélaga sem eru vátryggingafélög.

Lágmarksgjaldþol móðurfélags sem ekki er vátryggingafélag, sbr. 2. gr., er samanlögð hlutdeild í lágmarksgjaldþoli allra hlutdeildar- og dótturfélaga sem eru vátryggingafélög.

Lágmarksgjaldþol hlutdeildar- og dótturfélaga skal reiknað samkvæmt nefndum ákvæðum, jafnvel þótt aðrar reglur gildi í heimaríki þeirra.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að þann hluta lágmarksgjaldþols sem stafar af starfsemi í endurtryggingum líftrygginga skuli ákvarða á grundvelli iðgjalda með sömu aðferð og beitt er í skaðatryggingastarfsemi, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi.

IV. KAFLI
Undanþáguheimildir.

10. gr.
Heimild til þess að fella niður útreikning á aðlöguðu gjaldþoli.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá skyldu til að meta aðlagað gjaldþol vátryggingafélags þegar vátryggingafélagið er hlutdeildar- eða dótturfélag vátryggingafélags með starfsleyfi gefið út hér á landi eða eignarhaldsfélags á vátryggingasviði. Skilyrði þessa er að aðlagað gjaldþol sé metið fyrir hluteignarfélagið, og að vátryggingafélagið sem undanþáguna fær sé tekið með við það mat.

Einnig má veita undanþágu frá skyldu til að meta aðlagað gjaldþol þegar eigandi eignarhluta sem lýst er í 1. mgr. lýtur eftirliti eftirlitsstjórnvalds í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, enda hafi eftirlitsstjórnvöld þeirra ríkja sem í hlut eiga komist að samkomulagi um að heimaríki eigandans annist eftirlitið.

Forsenda þess að veitt sé undanþága frá skyldu til þess að reikna aðlagað gjaldþol er að Fjármálaeftirlitið og viðkomandi eftirlitsstjórnvöld telji að eignir sem mynda hluta af gjaldþoli skiptist eðlilega á þau fyrirtæki sem koma við sögu.

11. gr.
Heimild til þess að halda einstökum dóttur- eða hlutdeildarfélögum utan útreiknings á aðlöguðu gjaldþoli.

Halda má einstöku dóttur- eða hlutdeildarfélagi utan við útreikning á aðlöguðu gjaldþoli ef félagið hefur óverulega þýðingu fyrir útreikninginn eða ef fjárhagsstaða þess gæfi villandi mynd miðað við markmið eftirlits með aðlöguðu gjaldþoli.

12. gr.
Notkun á öðrum aðferðum við að reikna aðlagað gjaldþol.

Fjármálaeftirlitið getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um eða heimilað að í stað aðferðarinnar sem lýst er í þessari reglugerð sé aðlagað gjaldþol og lágmark þess metið með aðferð 1 eða aðferð 3 í 3. kafla viðauka I við tilskipun 1998/78/ESB.

V. KAFLI
Lokaákvæði.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 5. mgr. 29. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum, til lögfestingar á viðaukum við tilskipun 1998/78/ESB um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í vátryggingahópi.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Hún skal fyrst koma til framkvæmda við eftirlit sem byggist á ársreikningum vátryggingafélaga vegna reikningsársins 2001.

Viðskiptaráðuneytinu, 17. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kjartan Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 709/2000, um tollmeðferð póstsendinga, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað tollskrárnúmeranna 9801.1033 og 9901.1033 í 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar koma: 9801.1042 og 9901.1042.

2. gr.

Í stað orðsins „ríkistollstjóra“ í 2. mgr. 4. gr. og kaflafyrirsögn á undan 20. gr. og „ríkistollstjóri“ í 3. mgr. 6. gr., 1. mgr. 10. gr., 15. gr., og 20. gr. koma: tollstjórans í Reykjavík og tollstjórinn í Reykjavík.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á fylgiskjali I við reglugerðina:

a. Við upptalningu tollskrárnúmera og vörulýsinga bætast tvö númer svohljóðandi:

Tollskrárnúmer	*Vöruheiti*	*Tollur* A %	*Tollur* E %	*Gjöld*
9801.1041	– Vindlingar	0		Ö2, T1
9801.1042	– Annað tóbak	0		Ö2, T2

b. Á eftir orðunum „um gjald af áfengi“ í 2., 3. og 4. tölul. 2. mgr. fylgiskjals I kemur: og tóbaki.

c. Við 2. mgr. fylgiskjals I bætast tveir töluliðir, númer 5 og 6, svohljóðandi:

5. Af vindlingum sem flokkast í tollskrárnúmer 9801.1041 sem merkt eru með lyklinum T1 skal greiða tóbaksgjald 210 kr á hvern pakka (20 stk.), sbr. lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

6. Af öðru tóbaki sem flokkast í tollskrárnúmer 9801.1042 sem merkt eru með lyklinum T2 skal greiða tóbaksgjald 10,50 kr á hvert gramm eða hluta úr grammi vöru, sbr. lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 107. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 2002.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Páll Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga, nr. 613/1996.

1. gr.

Í stað 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Undir lið 2 *Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri* skal færa eðlilega ávöxtun í samræmi við fjárstreymi í vátryggingarekstrinum.

Í skýringum skal gera grein fyrir því hvernig fjárhæðin sem færð er undir þennan lið er ákvörðuð, hvernig höfuðstóll er metinn og hver sé fjárhæð hans, hvaða vaxtafótur er notaður og hvernig hann er ákvarðaður. Sé reikningsárinu skipt í styttri vaxtatímabil skal gerð grein fyrir því.

2. gr.

1. mgr. 52. gr. orðist svo:

Tjónaskuldin skal ákvörðuð þannig að hún nægi til að mæta öllum greiðslum í framtíðinni vegna tjóna auk beins og óbeins kostnaðar sem á þau fellur. Óheimilt er að beita innbyggðri lækkun eða núvirtu mati tjónaskuldarinnar eða á annan hátt víkja frá því sem endanleg áætlun um fjárhæð hennar segir til um, sbr. þó 53. gr. Tjónaskuld skal metin á verðlagi í lok reikningstímabilsins. Til frádráttar skal koma varfærnislegt mat á þeim eignum og réttindum sem félagið hefur yfirtekið eða búist er við að það muni öðlast yfirráð yfir vegna tjónanna. Sé um verulegar fjárhæðir að ræða, skal gera grein fyrir þeim í skýringum.

3. gr.

1. mgr. 69. gr. orðist svo:

Nú er munur á tjónagreiðslum og tjónaskuld til næsta árs vegna tjóna sem tilheyra fyrri reikningsárum annars vegar, og tjónaskuld frá fyrra ári vegna tjóna sömu reikningsára hins vegar, verulegur eða yfir 10% af tjónum ársins í einhverjum greinaflokki og skal þá tilgreina mismuninn í skýringum með sundurliðun heildarfjárhæða og fjárhæða í eigin hlut eftir greinaflokkum. Tjón ársins skulu þannig sundurliðuð eftir greinaflokkum vátrygginga, sbr. 77. gr., í tjón sem urðu á reikningsárinu og matsbreytingar á tjónum sem urðu á fyrri reikningsárum. Sé félagið endurtryggjandi skal við samanburðinn taka með iðgjöld og umboðslaun á reikningsárinu vegna fyrri vátryggingaára. Heimilt er að tilgreina í einu lagi upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein í þeim greinaflokkum þar sem iðgjöld ársins nema minna en 15% af heildariðgjöldum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 17. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kjartan Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingar á Skoðunarhandbók, sbr. auglýsingu nr. 437 30. júní 1998.

Ráðuneytið hefur staðfest breytingar á *Skoðunarhandbók* er greinir nánar frá hver skuli vera framkvæmd skoðunar skoðunarskyldra ökutækja, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja nr. 378 29. júní 1998, sbr. auglýsingu um útgáfu Skoðunarhandbókar, nr. 437 30. júní 1998.

Breytingarnar gilda frá 1. janúar 2002.

Skráningarstofan hf. annast dreifingu breytingarblaða til faggiltra skoðunarstöðva og endurskoðunarverkstæða.

Þetta tilkynnist hér með.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. desember 2001.

F. h. r.

Björg Thorarensen.

Aagot Óskarsdóttir.

REGLUR

um (1.) breytingu á reglum nr. 401/2000 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	**Grunnkostnaður 3 mánuðir**	**Þátttaka TR umfram grunnkostnað**
undir: 1.543.999	0,7% af tekjum	90%
1.544.000–2.426.999	0,7% af tekjum	75%
2.427.000–3.529.999	0,7% af tekjum	60%
3.530.000 og yfir		0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast til fjölskyldu.

Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækkun tekna er að ræða svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast kr. 220.000 frá árstekjum.

Grunnkostnaður miðast við 3 mánuði í senn. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem miðast við 0,7% af tekjum en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar með hækkandi tekjum. Þegar árstekjur hafa

náð kr. 3.530.000 er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum, sbr. þó 3. mgr. ef um börn er að ræða.

Ekki verður greidd út lægri upphæð en kr. 500.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. desember 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 959 20. desember 2001

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar er eign Mosfellsbæjar, undir yfirstjórn bæjarstjórnar.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita heitu vatni um veitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Veitusvæði hitaveitunnar er lögsagnarumdæmi Mosfellsbæjar. Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar en rekstrarstjórn hennar skal falin tækninefnd.

5. gr.

Tækninefnd er skipuð fimm mönnum og fimm til vara sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar.

6. gr.

Tækninefnd er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Verkefni tækninefndar er að:

1) Hafa eftirlit með því að skipulag hitaveitunnar og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.
2) Gera tillögur að framkvæmdum hitaveitumála á veitusvæði hitaveitunnar í samræmi við samþykktir og ákvæði sveitarstjórnarlaga.
3) Semja gjaldskrá fyrir veituna og leggja hana fyrir bæjarstjórn.
4) Undirbúa samninga um kaup og sölu á heitu vatni.
5) Semja fjárhagsáætlanir fyrir hitaveituna og leggja fyrir bæjarstjórn.
6) Gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir.
7) Semja nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggja þær fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

8. gr.

Forstöðumaður tækni- og umhverfissviðs Mosfellsbæjar er rekstrarstjóri hitaveitunnar. Rekstrarstjóri annast allan daglegan rekstur hennar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem bæjarstjórn gefur. Rekstarstjóri situr fundi tækninefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Hitaveitan skal hafa sjálfstætt reiknishald. Reikningsár hitaveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar fylgja reikningum sveitarsjóðs og vera endurskoðaðir af endurskoðendum hans.

Tekjum hitaveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði þannig að tryggður sér öruggur rekstur veitunnar svo og til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum tækninefndar.

Við gerð gjaldskrár skal þess gætt að verð á heitu vatni sé við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum nægjanlegt heitt vatn á hagkvæmu verði.

II. KAFLI.
Almenn ákvæði.

10. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi.

Kaupandi heits vatns eða sá, sem ber ábyrgð á greiðslu þess nefnist notandi.

11. gr.

Heitt vatn er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála.

Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign hitaveitunnar. Hitaveitan getur heimilað notkun þess til upphitunar í gróðurhúsum, bílastæðum og öðrum stöðum. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt

fyrirmælum hitaveitunnar. Hitaveitan getur afturkallað slík leyfi með 3ja mánaða fyrirvara, án bóta, ef nauðsynlegt er vegna almennra orkusparnaðarsjónarmiða. Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við hitaveituinntök, bakrennsli eða hitakerfi húsa nema að fengnu samþykki hitaveitunnar.

12. gr.

Hitaveitan skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting og hitastig í stofnæðum sé þess óskað.

13. gr.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni heita vatnsins eru án ábyrgðar hitaveitunnar. Um breytingar sem stafa af óviðráðanlegum ástæðum skal hitaveitan tilkynna notendum, svo fljótt sem unnt er.

14. gr.

Endursala á heitu vatni er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

III. KAFLI
Veitukerfi.

15. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar og heimæðar og lagnir innanhúss að og með mæligrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis. Viðgerðir og tengingar sem hafa í för með sér röskun á vatnsrennsli, skal tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara, sjá þó ákvæði í 13. gr.

16. gr.

Húseiganda innan veitusvæðis hitaveitunnar þar sem veiturkerfi hitaveitunnar liggur, er skylt að láta tengja hús sitt við hitaveituna. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef til þess liggja sérstakar ástæður.

17. gr.

Hitaveitan annast tengingu eigin veitukerfis við húsveitu húseiganda. Við slíka framkvæmd skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa til fyrra horfs eins og við verður komið. Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds veitukerfisins.

18. gr.

Húseigandi greiðir stofngjald samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

19. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

Húseigandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

20. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits og breytinga. Inntak hitaveitu og mælagrind skulu alltaf vera í sama herbergi og skal lögn að mælagrind vera óhulin eða í stokk, sem auðvelt er að opna.

21. gr.

Sé nauðsynlegt, vegna bilunar eða endurnýjunar á heimæð hitaveitu, að grafa upp heimæðina, er starfsmönnum hitaveitunnar það heimilt.

Starfsmenn skulu færa lóð til fyrra horfs, svo sem unnt er.

Hafi húseigandi (notandi) gróðursett trjágróður, steypt veggi eða plan yfir heimæðina, ellegar lagt yfir hana snjóbræðslukerfi, ber hitaveitan ekki ábyrgð á, eða greiðir skaðabætur, vegna þess tjóns, sem verða kann á þessum hlutum vegna nauðsynlegra aðgerða hitaveitunnar.

IV. KAFLI
Húsveitur og tenging þeirra.

22. gr.

Um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytingu á eldri kerfum gilda ákvæði byggingarreglugerðar. Áhleypingu (tengingu) skal sækja um til hitaveitunnar um leið og greitt er fyrir hitaveituinntak. Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa. Hitaveitunni er heimilt að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar ef húsið er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrindur og/eða annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum hitaveitu.

23. gr.

Alltaf skal vera sjálfstæð heimæð og/eða rennslismælir fyrir hverja íbúð í raðhúsum og parhúsum, sem og fjölbýlishúsum þar sem eru 6 íbúðir eða færri í húsinu.

24. gr.

Uppdrættir skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa. Ennfremur skal uppfylla ákvæði byggingarsamþykktar og byggingarskilmála.

Samþykki hitaveitunnar á tengingu húsveitu við veitukerfi sitt og/eða úttekt felur ekki í sér ábyrgð á hugsanlegum ágöllum við hönnun, gerð eða frágang húsveitunnar.

Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdrætti eða annast hitalagnir hafa þeir einir, er til þess hafa menntun og réttindi eins og almennt er krafist. Bæjarstjórn getur sett nánari fyrirmæli og reglur og um slík réttindi á veitusvæði sínu.

Þeir aðilar, sem réttindi hafa til hönnunar og lagningar hitakerfa sbr. hér að framan, bera ábyrgð á því að verk þeirra sé í samræmi við reglugerð þessa, nánari fyrirmæli er kunna að verða gefin og samþykkta uppdrætti. Um meistaraskipti fer samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

25. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar eiga ætíð rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er til athugunar á öryggi þeirra þ.m.t. tækja, til athugunar á mælitækjum og hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá, til álestrar á mælitæki, til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr því verður bætt. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

26. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar, án heimildar getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

27. gr.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu hitaveitunnar.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum hennar.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar sem verður fyrir skemmdum af þeirra völdum.

V. KAFLI
Skilmálar fyir heitavatnssölu.

28. gr.

Upphaf og lok samningsins um kaup á heitu vatni eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

29. gr.

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni er að í gildi sé samþykkt umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartuflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar. Þurfi að takmarka notkun á heitu vatni um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvernig hún skuli takmörkuð.

Takmörkunin hefir ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflgjalds eða mæligjalds).

Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur eða veita afslátt vegna takmörkunar á afhendingu vatns og/eða lækkunar á hitastigi.

30. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð rennslismæla og skulu þeir innsiglaðir. Starfsmenn hitaveitunnar innsigla mælana.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef notandi óskar að mælir sér prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við prófun að um meira en 5% skekkju í mælingu er að ræða skal hitaveitan setja upp nýjan mæli, án endurgjalds og leiðrétta reikning kaupanda við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði, nema kaupandi eða hitaveita, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

31. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni fyrir heitt vatn samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um vatnsnotkun kaupanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun. Reikningar sem byggjast á staðreyndri vatnsnotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri vatnsnotkun nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega vatnsnotkun skal staðreyna að jafnaði eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar vatnsnotkun hefir verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabil milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Kaupandi getur þó jafnan óskað aukaálestra og uppgjörs miðað við staðreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um vatnsnotkun vegna nýrra forsendna.

Ef mælir bilar eða vatnskaup eru leyfð tímabundið án mælis, áætlar hitaveitan selt vatnsmagn með hliðsjón af hitaþörf hússins, og ber húseiganda/notanda að greiða samkvæmt þeirri áætlun.

Reikninga skal senda kaupanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi reikninga er útgáfudagur. Eindagi er 15 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Einnig skal tilgreina greiðslustað. Útsending heitavatnsreikninga skal fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Hitaveitan hefur heimild til að skipta reikningi vegna vatnskaupa, fleiri en eins notanda, um einn mæli. Skal þá miðað við stærðarhlutfall hverrar eignar í rúmmetrum, af heildarstærð viðkomandi húss, nema fullt skriflegt samkomulag sé milli allra aðila, sem hlut eiga að máli, um aðra skiptingu. Sé það gert bera kaupendur um þann mæli allir fyrir einn og einn fyirir alla ábyrgð á greiðslu hvers reiknings. Verði vanskil á greiðslu eins eða fleiri reikninga er hitaveitunni heimilt að stöðva vatnsafhendingu um hinn sameiginlega mæli samanber 1. mgr. 31. gr. Setji notandi á sameiginlegum mæli upp hjá sér einhvern þann búnað sem hefur í för með sér aukna heitavatnsnotkun, umfram það sem teljast má eðlileg heimilisnotkun, hefur hitaveitan heimild til að setja á slíkan búnað sérstakan mæli. Þetta gildir t.d. um snjóbræðslukerfi, heita potta, gróðurhús og sundlaugar. Verði greiðslufall á reikningi hvort sem um er að ræða áætlunar- eða álestrarreikning, má hitaveitan reikna dráttarvexti frá eindaga reiknings hverju sinni.

32. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu á heitu vatni til húsveitu (mælis) kaupanda, sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri viðvörun, sem sendist kaupanda með fimm daga fyrirvara. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Hitaveitan hefur rétt til að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun vatnsafhendingar, framkvæmd stöðvunarinnar, svo og opnun veitunnar á ný.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega vatnsnotkun.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla það vatn sem notað var óleyfilega. Að öðru leyti skal fara með mál út af slíku í samræmi við 34. og 35. grein þessara reglugerðar.

33. gr.

Nú vanrækir húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað hans.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari og gjaldskrá má innheimta með lögtaki.

35. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

36. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

37. gr.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri reglugerð nr. 418 frá 29. september 1986.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 960 18. desember 2001

REGLUGERÐ

um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Skilgreining gildissviðs.

Reglugerð þessi gildir um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

2. gr.

Orðskýringar.

Fjarskiptafyrirtæki: Einstaklingur eða lögaðili sem hefur almenna heimild eða rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til að reka fjarskiptaþjónustu og/eða fjarskiptanet.

Fjarskiptanet: Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar og önnur úrræði sem gera kleift að beina merkjum milli skilgreindra nettengipunkta eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum eða með öðrum rafsegulaðferðum.

Hrakvirði: Virði fjármunar að loknum endingartíma hans í hendi eiganda.

Kostnaðarstaður: Safn mismunandi kostnaðarliða sem raðað hefur verið niður eftir fyrirfram skilgreindum sameiginlegum nefnara.

Kostnaðarvaki: Sérhver þáttur sem hefur áhrif á heildarkostnað.

Langtíma viðbótarkostnaður (LRIC): Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

Notendanet: Línur og búnaður sem tengir notanda við stofnkerfið frá nettengipunkti hans til og með notendastigi í símstöð.

Starfsmáttarfjármagn: Það fjármagn sem fyrirtæki þarf á að halda til að halda óskertu rekstrarhæfi.

Stofnnet: Línur og búnaður sem notaður er fyrir flutning merkja milli notenda og innifelur í sér vinnslustig skiptistöðva, þ.m.t. útstöðvar, hnútstöðva og annarra stöðva sem sjá um að beina boðum og merkjum um netið.

Sviptivirði fjármuna: Sú upphæð sem nægir til að bæta fyrirtæki það tjón sem hlytist ef fyrirtækið væri svipt fjármununum. Sviptivirði er í flestum tilvikum jafnt endurkaupsverði.

Umtalsverð markaðshlutdeild: Markaðshlutdeild sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilgreint sem umtalsverða í samræmi við 2. eða 3. mgr. 24. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999. Meginreglan er að miðað er við hlutdeild sem er yfir 25% að jafnaði á ákveðnum hluta fjarskiptamarkaðar.

Verkgrundaður kostnaðarreikningur: Sundurgreining rekstrarkostnaðar sem byggir á þeirri aðferð að greina kostnað eftir aðgerðum sem framkvæmdar eru í viðkomandi rekstrareiningu. Magnstærðir eru því ekki skiptigrundvöllur rekstrarkostnaðar heldur einstök verkefni. Verkefni taka til sín kostnað og afurðir taka til sín verkefni.

3. gr.

Fyrirtæki sem aðgreina skulu kostnað.

Fyrirtæki sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild á ákveðnu sviði almennrar fjarskiptaþjónustu eða almennra fjarskiptaneta skulu aðgreina kostnað í bókhaldi í samræmi við þessa reglugerð. Reglur um bókhaldslega aðgreiningu skulu einnig gilda um fjarskiptafyrirtæki sem stunda jafnframt aðra leyfisskylda starfsemi. Reglurnar skulu einnig að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar gilda fyrir önnur fyrirtæki sem stunda eingöngu fjarskiptastarfsemi ef þau reka net og veita þjónustu, ef þau veita mismunandi tegundir fjarskiptaþjónustu eða ef Póst- og fjarskiptastofnun telur sérstakar ástæður knýja á um bókhaldslega aðgreiningu.

Ákvæði um fjárhagslega aðgreiningu fjarskiptafyrirtækja gilda þegar Póst- og fjarskiptastofnun hefur mælt fyrir um fjárhagslega aðgreiningu á grundvelli laga um fjarskipti, nr. 107/1999 og laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 110/1999 eða samkeppnisyfirvöld á grundvelli samkeppnislaga, nr. 8/1993.

II. KAFLI
Bókhaldsleg aðgreining.

4. gr.

Tilgangur.

Tilgangur með aðgreiningu á kostnaði í bókhaldi fyrirtækis er:

a. að hægt verði að sjá tekjur, kostnað og bundið fjármagn fyrir mismunandi rekstrareiningar,
b. að geta sýnt fram á að sömu skilmálar gildi um þjónustu sem veitt er öðrum fyrirtækjum og þjónustu sem innt er af hendi við aðrar deildir fjarskiptafyrirtækisins sem hlut á að máli,
c. að auka traust á aðferðum við ákvörðun þjónustu- og samtengingargjalda.

5. gr.

Framkvæmd aðgreiningar.

Fjarskiptafyrirtæki sem falla undir ákvæði 3. gr. skulu færa bókhald sitt á þann hátt að hægt verði að skipta öllum tekjum og kostnaði niður á rekstrareiningar sem tengja má mismunandi þjónustu. Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenn fjarskiptanet skulu greina kostnað í netunum á þann hátt að hægt verði að jafna netkostnaði niður á mismunandi þjónustu, þ.m.t. aðgang að netum. Skal það gilda jafnt um aðgang þjónustudeilda fyrirtækisins og annarra fjarskiptafyrirtækja að netum. Kostnaði við rekstur neta og/eða þjónustu skal deilt niður á rekstrareiningar með verkgrundaðri kostnaðargreiningu í samræmi við 1. viðauka og nánari reglur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur.

6. gr.

Millifærslur.

Þegar hluti af rekstri fjarskiptafyrirtækis fer fram í dótturfyrirtæki eða rekstur nets eða þjónustu skiptist milli deilda skal skrá allar færslur milli fyrirtækjanna eða deildanna með skýrri aðgreiningu í bókhaldi.

7. gr.

Eignamat.

Með hliðsjón af mati á afskriftum og ávöxtunarkröfu þeirra fjármuna sem þarf til þess að veita fjarskiptaþjónustu skal árlega leggja mat á virði þeirra fjárfestinga sem krafist er til að inna af hendi viðkomandi þjónustu. Í þeim tilgangi að líkja sem mest eftir aðstæðum á samkeppnismarkaði skal við þessa ákvörðun nota sviptivirði starfsmáttarfjármagns sem aðferð. Að jafnaði skal ekki reikna viðskiptavild til eigna sem þarf til að veita fjarskiptaþjónustu. Dæmi um útreikninga á afskrift við hækkandi og lækkandi markaðsverð eigna er að finna í 2. viðauka.

Í undantekningatilfellum getur Póst- og fjarskiptastofnun samþykkt til bráðabirgða að stuðst verði við sögulegan kostnað. Í slíkum tilfellum skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa til samanburðar áætlað verð sem mundi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskiptafyrirtækis á viðkomandi sviði.

8. gr.

Afskriftir.

Beita skal aðferð beinlínu afskriftar við mat á árlegum afskriftum eigna sem tengjast framboði þjónustunnar, þ.e. afskrift er fundin með því að deila í sviptivirði eignarinnar með áætluðum endingartíma. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt þegar sérstakar aðstæður krefjast þess að samþykkja notkun annarra afskriftaraðferða og að taka tillit til hugsanlegs hrakvirðis eignar.

9. gr.

Ávöxtunarkrafa.

Reikna skal kostnað af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu. Ávöxtun fjármagnsins skal taka mið af hlutfallinu á milli eigin fjár lögbundins ársreiknings og vaxtaberandi skulda og byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC). Taka ber tillit til frádráttarbærni vaxta gagnvart útreikningi tekjuskatts þegar vegið meðaltal fjármagnskostnaðar er reiknað. Niðurfærsla viðskiptavildar sem til er orðin sem viðbót á kaupverði eigna félags og falin er í framtíðarsjóðstreymi þess skal ekki skerða eigið fé félagsins við útreikning á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar eins og hér hefur verið lýst.

Í sérstökum tilfellum og að fengnum rökstuðningi frá fjarskiptafyrirtæki um fjárhagsskipan allra rekstrareininga getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að gera megi mismunandi ávöxtunarkröfur fyrir einstakar rekstrareiningar fyrirtækisins þegar reiknað er vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC).

10. gr.

LRIC aðferðin.

Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild skulu gera kostnaðarlíkan í samræmi við LRIC aðferðina. Markmiðið skal vera að byggja kostnaðarlíkan til útreiknings á verði þjónustu á grundvelli þess kostnaðar sem verður til í fyrirtæki sem telst rekið á hagkvæman hátt. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um byggingu líkansins og í því sambandi skal stofnunin hafa heimild til að hafa til samanburðar tölur úr sambærilegum rekstri erlendra fjarskiptafyrirtækja.

Kostnaðargreiningu samkvæmt 4.-6. gr. skal vera hægt að nota í þeim tilgangi að setja inn gildi í LRIC líkanið fyrir viðkomandi þjónustu, þ.m.t. samtengingu. Gerð LRIC líkans felur í sér að greina skal kostnað við að auka magn þjónustu eða fjölga þjónustutegundum. Í hverju tilfelli fyrir sig þarf að ákveða hversu mikil aukningin sem mæld er skal vera.

11. gr.

Skipting eftir netum og þjónustu.

Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild sem á eru lagðar sérstakar kvaðir samkvæmt lögum um fjarskipti skulu fyrir 1. janúar 2002 gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir því hvernig aðgreiningu í bókhaldi er háttað með tilliti til tekna og kostnaðar eftirfarandi fjarskiptaneta og þjónustu:

1) Almenn fjarskiptanet þó ekki farsímanet
   a) Notendanetið
   b) Stofnnetið
2) Talsímaþjónusta
3) Leigulínuþjónusta
4) Almenn farsímanet
   a) NMT netið og þjónusta
   b) GSM netið og þjónusta
5) Gagnaflutningsþjónusta
6) Önnur þjónusta

Til talsímaþjónustu skv. 2. tl. skal telja símtöl innanlands og til útlanda, símtöl í farsíma, samnetsþjónustu, upplýsingaþjónustu um símanúmer, almenningssíma og sérþjónustu.

Til þess að finna kostnað við samtengingu neta skal afla upplýsinga úr töluliðum 1-6 eftir því sem við á en auk þess getur komið til sérkostnaður vegna framkvæmdar við samtengingar.

Ef aðgreining telst að mati Póst- og fjarskiptastofnunar ekki fullnægjandi til þess að hægt verði að ná fram markmiðum fjarskiptalaga um kostnaðarviðmið skal fjarskiptafyrirtæki bæta úr því innan frests sem skal að jafnaði ekki vera lengri en þrír mánuðir frá því að beiðni þar að lútandi er send.

12. gr.

Netgrundvöllur.

Við færslu og útreikninga á kostnaði við almenn fjarskiptanet til notkunar í LRIC aðferðinni skal gengið út frá staðsetningu skiptistöðva, þ.m.t. útstöðva, og hnútstöðva eins og þær eru í netinu hverju sinni. Póst- og fjarskiptastofnun getur þó ákveðið við útreikn-

inga á LRIC að breyta forsendum um staðsetningu einstakra stöðva ef ljóst þykir að gildandi staðsetning hafi í för með sér verulegan aukakostnað umfram það sem önnur staðsetning hefði leitt til. Slík ákvörðun skal vera rökstudd.

13. gr.

Ársreikningar og reikningsyfirlit.

Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild skulu semja reikningsskil fyrir alla sérgreinda starfsemi sem lýst er í tölu- og stafliðum 11. gr. Eftirtalin reikningsyfirlit og upplýsingar skulu fylgja ársreikningi sem senda skal Póst- og fjarskiptastofnun:

a) Sérgreindur rekstrarreikningur fyrir hinar ýmsu deildir sem mismunandi netrekstur og þjónusta tengjast,
b) Sérgreindur efnahagsreikningur sem er í samræmi við þá fjármuni og það fjármagn sem haft er til viðmiðunar í verðlagningu.

Reikningsfærslan skal taka mið af reikningsskilum sviptivirði-starfsmáttarfjármagns nema ríkar ástæður séu til annars, sbr. 7. gr.

Fjarskiptafyrirtæki skv. 1. mgr. skal upplýsa um þær reikningsskilaaðferðir sem beitt er við ársreikningsgerð hinna ýmsu neta og þjónustu.

Við gerð reikningsskila neta, þjónustu og deilda og hins lögbundna ársreiknings skal þess gætt að kleift sé að rekja þann mismun sem upp kemur vegna mismunandi reikningsskila aðferða.

Á öllum reikningsskilum skal vera áritun endurskoðanda.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um nánari útfærslu á reikningsskilum skv. 1. mgr., þeim upplýsingum sem veita skal og samræmingu sem við á að hafa.

14. gr.

Frestur til að taka LRIC í notkun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal gera ráðstafanir til þess að LRIC aðferðin verði að fullu tilbúin til notkunar í fjarskiptafyrirtækjum með umtalsverða markaðshlutdeild eigi síðar en í árslok 2003. Aðferðafræðina skal endurskoða eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en á 2 ára fresti. Við slíka endurskoðun skal leita umsagnar fjarskiptafyrirtækja sem hlut eiga að máli.

Fjarskiptafyrirtæki skulu hefja færslu bókhaldsgagna í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar fyrir 1. janúar 2002.

15. gr.

Upplýsingaskylda.

Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenn fjarskiptanet og/eða bjóða almenna fjarskiptaþjónustu skulu afhenda Póst- og fjarskiptastofnun sundurliðaðar bókhalds- og fjármálaupplýsingar svo að tilgangi 4. gr. megi ná, innan hæfilegs frests sem stofnunin setur. Heimilt er að birta slíkar upplýsingar í heild eða að hluta til ef það er talið leiða til aukinnar samkeppni og opnari markaðar og eins til að tryggja að jafnræðis sé gætt nema að eðlilegt og sanngjarnt teljist að leynt sé farið með viðkomandi upplýsingar vegna viðskiptahagsmuna.

Þegar nota á kostnaðargreiningu fjarskiptafyrirtækja til þess að ákvarða verð á þjónustu sbr. 11. gr. er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að krefjast skriflegra upplýsinga sem gera stofnuninni kleift að leggja mat á eftirfarandi þætti:

1) Eignamat.
2) Afskriftir.
3) Arðsemi.
4) Framkvæmd verkgrundaðrar kostnaðargreiningar.

III. KAFLI
Fjárhagsleg aðgreining.

16. gr.
Fjárhagur deilda.

Þegar fjárhagsleg aðgreining deilda fjarskiptafyrirtækis hefur verið ákvörðuð sbr. 3. gr. skal fjarskiptafyrirtæki auk þess að fara að ákvæðum II. kafla um bókhaldslega aðgreiningu halda fjárhag viðkomandi deilda aðgreindum.

IV. KAFLI
Eftirlit.

17. gr.
Eftirlitsskylda.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt, sbr. 5. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 110/1999.

18. gr.
Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 56. og 57. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999.

V. KAFLI
Heimildarákvæði.

19. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 5. mgr. 29. gr. og 31. gr. laga um fjarskipti, nr. 107/1999 öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 18. desember 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

1. VIÐAUKI

Kostnað og tekjur skal færa á þá þætti starfseminnar þar sem kostnaður og tekjur verða til. Í þessu sambandi verða fjarskiptafyrirtæki að meta alla kostnaðar-, tekju- og fjármagnsliði, tengja þá við kostnaðarvaka og nota kostnaðarvakann til þess að heimfæra hvern lið á ákveðna starfsemi eða þjónustu.

Við kostnaðargreiningu sbr. 4. gr. skal styðjast við eftirfarandi skiptingu:

1. Beinn kostnaður sem hægt er að rekja ótvírætt til viðkomandi kostnaðarstaðar.
2. Óbeinn kostnaður sem hægt er að heimfæra til kostnaðarstaðar með mati á tengingu kostnaðarins við beina kostnaðarliði.
3. Óbeinn kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði.

Póst- og fjarskiptastofnun setur nánari reglur um hvernig fara skuli með þessar þrjár tegundir kostnaðar.

2. VIÐAUKI

Til glöggvunar á ákvæðum 8. gr. eru hér sýnd dæmi um útreikninga á afskrift við hækkandi og lækkandi markaðsvirði eigna.

Í töflunum hér að neðan er skýrð línuleg afskrift af tæki sem keypt er á 10 þúsund krónur. Í fyrra tilfellinu lækkar verðlag um 10% á ári, en í því síðara hækkar verðlag um 5% á ári. Endingartími tækisins er 4 ár. Hér er líkt eftir reikningsskilum sviptivirði-starfsmáttarfjármagns.

Ár	Sviptivirði eignar	Afskriftir					
	1	2	3	4	5	6	7
	Verðlækkun 10%	Gangverðs-afskrift	Kostnaðar-verðsafskrift	Viðbótar-afskrift	Uppsöfnuð afskrift	Afskrift svipti-virðis uppsöfn.	Bakfærð afskrift
0	10.000,00						
1	9.000,00	2.250,00	2.500,00	-250,00	2.250,00	2.250,00	0,00
2	8.100,00	2.025,00	2.500,00	-475,00	4.275,00	4.050,00	-225,00
3	7.290,00	1.822,50	2.500,00	-677,50	5.872,50	5.467,50	-405,00
4	6.561,00	1.640,25	2.500,00	-859,75	7.107,75	6.561,00	-546,75

	Verðhækkun 5%	Gangverðs-afskrift	Kostnaðar-verðsafskrift	Viðbótar-afskrift	Uppsöfnuð afskrift	Afskrift svipti-virðis uppsöfn.	Bakfærð afskrift
0	10.000,00						
1	10.500,00	2.625,00	2.500,00	125,00	2.625,00	2.625,00	0,00
2	11.025,00	2.756,25	2.500,00	256,25	5.381,25	5.512,50	131,25
3	11.576,25	2.894,06	2.500,00	394,06	8.406,56	8.682,19	275,63
4	12.155,06	3.038,77	2.500,00	538,77	11.720,95	12.155,06	434,11

Skýringar

1. Gangverð eignar – er endurnýjunarverð tækisins á hverjum tíma.
2. Gangverðsafskrift – er hundraðshluti af endurnýjunarverði tækisins sem færa þarf á hverjum tíma.
3. Söguleg kostnaðarafskrift – er línuleg afskrift upphaflegs kostnaðarverðs tækisins.
4. Viðbótarafskrift – er sá hluti afskriftar sem bætist við eða dregst frá við breytingar á sviptivirði tækisins.
5. Uppsöfnuð raunafskrift – er gangverðsafskrift að teknu tilliti til leiðréttrar afskriftar í 7. lið töflu.
6. Gangverðsafskrift uppsöfnuð – er miðuð við endurnýjunarverð tækisins á hverjum tíma.
7. Bakfærð afskrift – er sá hluti afskriftar sem ekki hefur náðst að jafna miðað við sviptivirði tækisins.

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Reykjavíkur.

Raforkugjöld, varmaorkugjöld og önnur gjöld.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma

2. gr.

Varmaorka.

2.1 Fast gjald.

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.
Því er skipt í þrjá flokka:

A: 15 mm til 20 mm	18,89 kr./dag
B: 25 mm til 50 mm	39,46 kr./dag
C: 65 mm og stærri	79,99 kr./dag

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

2.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetramælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og/eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um taxta annan en IH1, Almenn heitavatnsnotkun.

IH1. Almenn heitavatnsnotkun 57,28 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IH2. Almenningssundlaugar 17,20 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir almenningssundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IH3. Gróðurhús 28,64 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir.

IH4. Sundlaugar 28,64 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlaugar. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfseminnar.

IV2. Fiskeldi 28,64 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

IV3. Íþróttavellir 43,01 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utandyra.

IV4. Iðnaðarvatn 28,64 kr./m^3
Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar.

Sérstakur taxti fyrir snjóbræðslu.
IS1. Snjóbræðsla
Framrásavatn

Fastagjald	239,98 kr./dag	
SR1	28,64 kr./m^3	útihiti hærri en -5°C
SR2	85,91 kr./m^3	útihiti -5°C eða lægri

Bakrásarvatn úr kerfi Orkuveitunnar

Tvöfalt dreifikerfi fyrir hendi:	árgjald	23,08 kr./m^2
Orkuveitan kostar sérstakt dreifikerfi:	árgjald	92,31 kr./m^2

Miðað er við að kerfið fái a.m.k. 5 l/klst pr. fermetra af 30°C heitu bakvatni við 0°C. Ef mælingar sýna að notandi fær ekki nægjanlegt bakvatn við rétt hitastig skerðist upphæðin í réttu hlutfalli.

Sérstakt samkomulag þarf að gera um viðskipti samkvæmt þessum taxta og tekið skal fram að ekki er hægt að afhenda samkvæmt taxtanum í öllum tilfellum. Bakrásarvatn, sem Orkuveitan afhendir skv. slíku samkomulagi, er úr kerfi Orkuveitunnar, en viðskiptaaðilum er frjálst að nýta eigið bakrásarvatn án sérstakra greiðslna.

3. gr.
Raforka.

3.1 Almenn orkunotkun.
Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

A.1.	Almenn notkun:		
	Fast gjald	7,90	kr./dag
	Orkugjald	5,99	kr./kWh
A.4	Blönduð notkun:		
	Fast gjald	30,46	kr./dag
	Orkugjald	3,61	kr./kWh

3.2 Afl- og orkunotkun.
Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWh á ári og yfir. Útilýsing.
Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

B.1	Afl- og orkumæling:		
	Fast gjald	135,65	kr./dag
	Aflgjald	22,99	kr./kW/dag
	Vetrarorkugjald	3,73	kr./kWh
	Sumarorkugjald	1,72	kr./kWh
B.2	Útilýsing		
	Aflgjald	62,94	kr./kW/dag
	Viðhaldsgjald	66,10	kr./kW/dag

3.3 Rofin orkunotkun.
Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

R.1	Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	22,56	kr./dag
	Orkugjald með rofi í nóvember-febrúar	3,17	kr./kWh
	Orkugjald með rofi í desember-janúar	3,44	kr./kWh

R.2	Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	22,56	kr./dag
	Vetrarorkugjald með rofi í nóvember-febrúar	3,99	kr./kWh
	Vetrarorkugjald með rofi í desember-janúar	4,50	kr./kWh
	Sumarorkugjald	1,95	kr./kWh
R.3	Næturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári:		
	Fast gjald	22,56	kr./dag
	Orkugjald	2,60	kr./kWh
R.4	Næturorkunotkun 200.000 kWh á ári og yfir:		
	Fast gjald	22,56	kr./dag
	Vetrarorkugjald	3,11	kr./kWh
	Sumarorkugjald	1,59	kr./kWh

3.4 Tímaháð orkunotkun.

Tímaháð orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum.

T.1	Tímataxti:		
	Fast gjald	339,13	kr./dag
	Lágverð	3,08	kr./kWh
	Miðverð	5,72	kr./kWh
	Háverð	14,27	kr./kWh

Gildistími verðþrepa:

Lágverð	október til apríl	kl. 21-09
	maí til september	allan sólarhringinn
Miðverð	nóvember til febrúar virkir dagar	kl. 13-17
	nóvember til febrúar frídagar *	kl. 09-21
	október, mars og apríl	kl. 09-21
Háverð	nóvember til febrúar virkir dagar	kl. 09-13 og 17-21
	aðfangadagur og gamlársdagur	kl. 09-13 og 17-21

* Aðfangadagur og gamlársdagur teljast ekki til þessara frídaga og eru meðhöndlaðir eins og virkir dagar í desember.

4. gr.
Önnur gjöld.

4.1 Heimtaugagjöld.

H.1H **Heitt vatn.**

Málstærð	*kr.*
20 mm	51.800
25 mm	108.000
32 mm	165.000
40 mm	335.000
50 mm	560.000
65 mm	1.125.000
80 mm	2.254.000
Tengigrind	5.610

H.1R **Rafmagn.**

Málstraumur	*Fjöldi fasa*	*Tengigjald kr.*
50 A	3-fasa	56.200
63 A	3-fasa	70.200
100 A	3-fasa	112.000
200 A	3-fasa	222.000
315 A	3-fasa	349.000
400 A	3-fasa	452.000
630 A	3-fasa	702.000
710 A	3-fasa	793.000
1200 A	3-fasa	1.343.000
1800 A	3-fasa	2.004.000
2400 A	3-fasa	2.675.000

H.2 **Bráðabirgðaheimtaugar.**

Málstraumur	*Stofngjald*	*Lengdargjald*	
		Jarðstrengur kr./m	Loftlína kr./stólpi
50 A 3-fasa	15.800	1.880	23.800
63 A 3-fasa	17.600	1.880	27.400
100 A 3-fasa	18.800	2.450	31.800
200 A 3-fasa	70.700	2.450	31.800

H.3 **Sumarhúsaheimtaugar.**

Málstraumur	*Heimtaugagjöld kr.*
35 A 1-fasa	218.000
35 A 3-fasa	240.800

4.2 Mælaleiga.

Mælaleiga er innifalin í raforkuverði skv. taxta. Sjá nánari skilgreiningu í söluskilmálum. Fyrir mælitæki til annarra nota er leiga sem hér segir:

	Verð kr./dag
M.1 Orkumælir, einfasa	2,43
M.2 Orkumælir, þrífasa	9,60
M.3 Orkumælir, þrífasa með straumspennum	16,27
M.4 Aflmælir	16,27
M.5 Aflmælir með straumspennum	24,28
M.6 Tvígjaldsorkumælir	15,61
M.7 Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	23,85
M.8 Fjarstýriliði	10,75
M.9 Púlsmagnari	16,27

4.3 Tengigjald.

Tengigjald vegna skammtímanotkunar 6.231 kr.
Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%.

4.4 Álestrargjald.

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda 1.180 kr.

4.5 Innheimtugjald.	kr.
Seðilgjald	200
Vanskilagjald (15 dögum eftir gjalddaga)	450
Ítrekunargjald (6 vikum eftir gjalddaga)	900
Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar	1.800

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38/1940 um Hitaveitu Reykjavíkur, og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð nr. 793/1998, og auglýsingu nr. 436/1999, til að öðlast gildi 1. janúar 2002 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 156, 19. febrúar 2001, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 19. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

20. desember 2001 Nr. 962

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við kerfi hennar, í té vatnsmagn, er áætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi veitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það, sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. gr., er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennslismæli:	kr.
A. Fyrir hvern rúmmetra vatns	50,80

2. Mælaleiga:
Auk þess greiðist fastagjald árlega háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka:	kr.
A. 15-20 mm	6.574
B. 25-50 mm	13.730
C. 65 mm og stærri	27.834

3. Sérstakir notendur:
Sérstakir notendur að heitu vatni greiða fyrir afnot sem hér segir.
A. Almenningssundlaugar 15,24 kr./m³
Gildir fyrir almenningssundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.
B. sundlaugar stofnana 25,40 kr./m³
Til þessa flokks teljast sundlaugar sem reknar eru af stofnunum sem ekki eru í beinni eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.
C. Gróðurhús 12,72 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir í atvinnuskyni.
D. Vatnsverð án flutningsgjalda 33,87 kr./m³
Taxtinn gildir fyrir þá aðila sem eiga heimæðar sínar og sjá um rekstur þeirra og viðhald á eigin kostnað. Mælir er þá staðsettur veitumegin við heimæðina.
Mælagjaldinu er dreift jafnt niður á fjölda reikningstímabila eins og þau eru ákveðin hverju sinni.

5. gr.

Fjöldi reikningstímabila, sem þó skulu eigi vera færri en fjögur á ári, og innheimtutilhögun hitaveitugjalda hverju sinni sbr. 4. gr. skulu ákveðin af bæjarstjóra. Það teljast vanskil, ef gjöldin greiðast ekki að fullu innan 15 daga frá gjalddaga.

Hitaveita Mosfellsbæjar skal tilkynna notendum sínum með hæfilegum fyrirvara ef hún ákveður að breyta fjölda reikningstímabila hitaveitureikninga og skal jafnan miða við að breytingar á gjaldskrá taki gildi við upphaf hvers reikningstímabils til að auðvelda notendum úrlestur hitaveitureikninganna og hitaveitunni álagingu þeirra.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Sverleiki pípu í mm	kr.
20 mm	49.400
25 mm	102.900
32 mm	157.400
40 mm	319.000
50 mm	534.000
65 mm	1.072.200
80 mm	2.148.500

Sé heimæð lengri en 150 metrar skal gert skriflegt samkomulag um greiðslu viðbótarkostnaðar við lagningu heimæðarinnar.

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 15.018 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og tekur mið af gildandi reglum um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, og er þá tæknineftnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlunum um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 3.000 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 254, 8. maí 1996, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

20. desember 2001 Nr. 963

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis. B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Hveragerðis (HH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu heits vatns og jarðgufu, sbr. reglugerð fyrir HH nr. 320/2000 ásamt þeim breytingum, sem síðar kunna að hafa verið gerðar á henni.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluta sem fjallar um almenna afhendingu hitaorku á veitusvæði HH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á heimæðagjöldum, mælaleigu og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta sem sýnir gildandi verð fyrir heitt vatn, jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.

Verðskrá.

2.1	**Verð fyrir hitaorku.**		
A.1	Almenn notkun, dreifikerfi I:		
	Vatnsgjald	57,25	kr./m^3
	Fast gjald	6.614,00	kr./ár
A.2	Almenn notkun, dreifikerfi II og III:		
	Vatnsgjald	278,63	kr./m^2
	Fast gjald	6.614,00	kr./ár

A.3	Garðyrkjunotkun, dreifikerfi II:		
	Vatnsgjald	278,63	kr./m^2
	Fast gjald	16.543,00	kr./ár
A.4	Iðnaðarnotkun, dreifikerfi II:		
	Vatnsgjald	278,63	kr./m^2
	Jarðgufugjald	1,03	kr./kWh
	Fast gjald	6.614,00	kr./ár
	Flatarmál húsa er reiknað skv. reiknireglum FMR.		
2.2	**Heimæðagjald.**		
B.1	Hús minni en 2.000 m^3:		
	Fast gjald	106.171,00	kr.
	Rúmmetrar umfram 600 m^3	67,00	kr./m^3
B.2	Hús stærri en 2.000 m^3		
	Fast gjald	199.971,00	kr.
	Rúmmetrar umfram 2.000 m^3	45,00	kr./m^3
	Rúmmetrar umfram 600 m^3 reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús.		
2.3	**Innheimtugjald.**		
C.1	Innheimtugjald hitaveitu	500,00	kr.
2.4	**Lokunargjald.**		
D.1	Lokunargjald hitaveitu	1.685,00	kr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. janúar 2002 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, B-hluti, nr. 67, 18. janúar 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 2001.

F. h. r.

Þorgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Nr. 964 20. desember 2001

AUGLÝSING

um hækkun atvinnuleysisbóta.

Með vísun til 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997 með síðari breytingum, og að fengnu samþykki ríkisstjórnar Íslands hefur félagsmálaráðherra ákveðið að hækka atvinnuleysisbætur um 8,5% frá 1. janúar 2002.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá B-hluta Orkuveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. janúar 2002.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluti, nr. 258, 21. mars 2001, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Sérgjöld rafveitu.

Afl- og orkunotkun.

Aflgjald hækkar um 10%.

Sérgjöld hitaveitu.

Gjaldskrá hitaveitu hækkar um 14%.

Öll önnur gjöld Orkuveitunnar hækka um 4%

Iðnaðarráðuneytinu, 20. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

30. nóvember 2001 Nr. 966

REGLUR

um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun.

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um lífeyrissjóði sem starfa á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt sérstökum lögum. Reglurnar eru settar á grundvelli 37. gr. og 40. gr. laga nr. 129/1997.

Mótun fjárfestingarstefnu.

2. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af fjárfestingarheimildum í samþykktum sjóðsins og þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Með fjárfestingarstefnu í þessum reglum er átt við markmið um eignasamsetningu lífeyrissjóðs. Fjárfestingarstefnu skal gera árlega með hliðsjón af forsendum, sbr. 3. gr., en getur falið í sér markmiðssetningu til lengri tíma en eins árs. Í fjárfestingarstefnunni skal koma fram áætlun um hvenær markmiði um eignasamsetninguna skuli náð.

Form og efni fjárfestingarstefnu.

3. gr.

Í fjárfestingarstefnu skulu koma fram þær forsendur sem stjórn lífeyrissjóðsins byggir fjárfestingarstefnuna á. Að lágmarki skal vera umfjöllun um áhrif lífeyrisbyrðar, réttinda-

kerfis og áætlaðs framtíðargreiðsluflæðis vegna lífeyrisskuldbindinga. Einnig skal fjalla um áhrif núverandi eignasamsetningar á fjárfestingastefnuna. Sé lífeyrissjóðurinn deildaskiptur skal gera grein fyrir þessum atriðum fyrir hverja deild.

Nú eru forsendur skv. 1. mgr. mismunandi fyrir hverja deild í deildaskiptum lífeyrissjóði og skal þá setja sérstaka fjárfestingastefnu fyrir viðkomandi deildir.

4. gr.

Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs skal að lágmarki byggja á tegundaflokkun innlána og verðbréfa samanber fylgiskjal I með reglum þessum.

Auk ofangreindra upplýsinga skal fjárfestingarstefnan kveða á um eftirfarandi atriði:

a) Markmið og viðmið um ávöxtun og áhættu. Taka skal fram ef mælikvarði sjóðsins á áhættu verðbréfa er annar en flökt ávöxtunar. Noti sjóðurinn vísitölur til viðmiðunar um árangur ávöxtunar skulu þær koma fram.
b) Viðmið um notkun afleiða. Liggi fyrir heimild stjórnar til notkunar á afleiðum til annars en til að draga úr áhættu skal það koma sérstaklega fram.
c) Hámarksfjárfestingu í verðbréfum útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni. Gildi sérstakar takmarkanir að þessu leyti fyrir einstaka tegundaflokka innlána og verðbréfa skal það koma fram.
d) Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja.
e) Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild verðbréfasjóðs.
f) Hlutfall fasteignaveðtryggðra skuldabréfa. Einnig skulu koma fram reglur sjóðsins um veðsetningarhlutföll og veðandlög.
g) Hlutfall fjárfestingar í fyrirtækjum sem eingöngu sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn.
h) Hlutfall eigna í virkri stýringu.
i) Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka.
j) Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafns.
k) Markmið um atvinnugreinaskiptingu verðbréfasafns.

5. gr.

Fjárfestingarstefnan skal dagsett og undirrituð af stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra hans. Lífeyrissjóðir skulu senda fjárfestingarstefnu sína fyrir komandi ár til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Fjárfestingarstefnan skal fylgja með ársreikningi lífeyrissjóðs.

Form og efni úttektar á ávöxtun.

6. gr.

Með ársreikningum lífeyrissjóða skal fylgja úttekt á ávöxtun eignasafna síðasta árs. Úttektin skal að lágmarki sýna ávöxtun þeirra eignasafna sem fram koma í fylgiskjali II.

Í úttektinni skal koma fram hvaða aðferðir eru notaðar við útreikninga á ávöxtun.

Gildistaka.

7. gr.

Reglurnar taka þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. nóvember 2001.

Páll Gunnar Pálsson. **Ragnar Hafliðason.**

Fylgiskjal I

Skipting fjárfestinga eftir tegundaflokkum sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997
Markmið um samsetningu eigna

Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris	I	II			III	IV	V	VI
	Markmið um eigna-samsetningu	*Vikmörk**	Núverandi eigna-samsetning	Hámark skv. samþykktum	Gengisbundin verðbréf	*Vikmörk*	Óskráð verðbréf	*Vikmörk*
Innlán í bönkum og sparisjóðum								
Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs								
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga								
Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana								
Fasteignaveðtryggð skuldabréf								
Hlutabréf								
Önnur verðbréf								
Samtals:								
Hámark samkvæmt samþykktum:								

** Vikmörk þýða hámarks- og lágmarksfjárfestingu í viðkomandi flokki fjárfestinga*

Fylgiskjal II

Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna

	Ávöxtun	*Markmið/Viðmið*
Innlán í bönkum og sparisjóðum		%
Ríkisvíxlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs		%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga		%
Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana		%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf		%
Hlutabréf		%
Önnur verðbréf		%
Gengisbundin verðbréf		%
Samtals:	%	%

AUGLÝSING

um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum og upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu.

1. gr.

Við innflutning á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu í skilningi bókunar 4 við EES samninginn og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, skal við tollafgreiðslu greiða magntoll í samræmi við auglýsingu þessa. Magntollurinn skal lagður á sem krónur á kíló og skal koma í stað tolltaxta í E-dálki tollskrár í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Tollskrárnúmer	kr./kg	Tollskrárnúmer	kr./kg	Tollskrárnúmer	kr./kg
0403.1011	53	1901.2013	17	1905.9040	35
0403.1012	53	1901.2014	29	1905.9051	97
0403.1013	53	1901.2015	10	1905.9059	53
0403.1021	51	1901.2016	15	1905.9090	45
0403.1022	51	1901.2017	39	2103.9020	19
úr 0403.1029	51	1901.2018	5	2103.9030	19
0403.9011	45	1901.2019	5	2103.9051	97
0403.9012	45	1901.2022	33	2103.9052	52
0403.9013	45	1901.2023	97	2104.1001	3
0403.9021	45	1901.2024	53	2104.1002	31
0403.9022	45	1901.2029	43	2104.1003	27
úr 0403.9029	45	1902.1100	8	2104.1011	78
1517.1001	88	1902.2022	41	2104.1012	44
1517.9002	88	1902.2031	35	2104.1019	21
1806.2003	109	1902.2041	142	2104.1021	78
1806.2004	39	1902.2042	41	2104.1022	44
1806.2005	109	1902.3021	41	2104.1029	21
1806.2006	39	1902.3031	35	2104.2001	97
1806.3101	51	1902.3041	41	2104.2002	51
1806.3109	51	1902.4021	41	2104.2003	24
1806.3202	47	1904.3001	42	2104.2009	24
1806.3203	39	1904.9001	42	2106.9041	67
1806.3209	21	1905.3110	17	2106.9048	68
1806.9011	22	1905.3121	31	2106.9064	42
1806.9022	18	1905.3122	23	2202.9011	42
1806.9023	48	1905.3129	19	2202.9012	41
1806.9024	39	1905.3201	16	2202.9013	41
1806.9025	53	1905.3209	11	2202.9014	41
1806.9026	48	1905.4000	16	2202.9015	41
1806.9028	118	1905.9011	39	2202.9016	41
1806.9029	43	1905.9019	5	2202.9017	41
1806.9039	47	1905.9020	5	2202.9019	41
1901.2012	25				

2. gr.

Um vöruflokkun, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu tollsins gilda ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu tolls samkvæmt 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af landbúnaðarhráefnum.

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Ákvæði auglýsingarinnar skulu taka til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Við gildistöku auglýsingar þessarar falla jafnframt brott, úr 1. gr. auglýsingar nr. 372/1995, með síðari breytingum, orðin „eða eru upprunnar í Evrópusambandinu í skilningi bókunar 3 við fríverslunarsamning Evrópusambandsins og Íslands".

Fjármálaráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

14. desember 2001 Nr. 968

REGLUR

um afgreiðslu umsókna um framlengingu bóta, þrátt fyrir sjúkrahúsvist skv. 5. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en mánuð samfellt á stofnun eða vistheimili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Heimilt er þó að víkja frá þessum tímamörkum og greiða lífeyrisþega bætur í allt að sex mánuði til viðbótar í samræmi við reglur þessar.

2. gr.

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins skipar samráðsnefnd innan stofnunarinnar sem afgreiðir umsóknir um framlengingu bóta.

3. gr.

Framlenging skal ekki veitt ef mánaðarleg greiðslubyrði umsækjanda er lægri en mánaðarlegar tekjur hans að frádreginni staðgreiðslu skatta og eftir að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins hafa fallið niður.

4. gr.

Ef heildartekjur umsækjanda eru hærri en sem nemur óskertum grunnlífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka einhleypings skal ekki veita framlengingu. Sé umsækjandi í hjónabandi eða skráðri sambúð er heimilt að veita framlengingu ef sameiginlegar tekjur umsækjanda og maka hans eða sambúðaraðila eru ekki hærri en sem nemur tvöföldum grunnlífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka á mánuði.

5. gr.

Framlengingu skal ekki veita ef umsækjandi eða maki/sambúðaraðili hans á eignir í peningum eða verðbréfum yfir þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru hverju sinni varðandi heimild til greiðslu frekari uppbótar á lífeyri.

6. gr.

Við afgreiðslu umsókna samkvæmt reglum þessum er heimilt að taka tillit til sérstakra aðstæðna umsækjanda og maka hans. Skal einkum litið til þess hvort framlenging bóta sé nauðsynleg vegna afborgana eða annars rekstrarkostnaðar húsnæðis.

7. gr.

Ákvörðun um framlengingu greiðslna getur náð til allt að þriggja mánaða í senn. Ef óskað er frekari framlengingar skal sækja um það sérstaklega.

8. gr.

Lífeyrisþegi, sem þegar hefur fengið framlengingu greiðslna í samtals sex mánuði, á kost á að sækja um framlengingu að nýju að liðnu einu ári frá samþykkt síðustu framlengingar.

9. gr.

Nýti lífeyrisþegi ekki til fullnustu framlengingartíma greiðslna, t.d. vegna útskriftar, fellur sá tími sem eftir er niður einu ári eftir að framlenging var veitt.

10. gr.

Sækja skal um framlengingu á eyðublöðum sem Tryggingastofnun ríkisins leggur til. Í umsókn skal gerð grein fyrir áætluðum legutíma, fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum umsækjanda ásamt öðrum þeim atriðum sem máli geta skipt varðandi afgreiðslu umsóknar.

11. gr.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 5. mgr. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og öðlast gildi þann 1. janúar 2002. Frá sama tíma falla niður reglur nr. 712/1999.

Tryggingastofnun ríkisins, 14. desember 2001.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

Nr. 969 20. desember 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 909/2000.

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að greiða foreldri fæðingarstyrk sem námsmanni þegar foreldri hefur lokið a.m.k. einnar annar námi skv. 1. mgr. og hefur síðan verið samfellt á vinnumarkaði. Skilyrði er að nám og starf hafi verið samfellt í a.m.k. sex mánuði.

2. gr.

Í 1. mgr. 15. gr.:
Í stað „35.037 kr.“ kemur: 38.015 kr.
Í stað „79.077 kr.“ kemur: 85.798 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. desember 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 128 – 2001

24. desember 2001 2859 Nr. 970

REGLUGERÐ

um sérstakar ráðstafanir vegna krókabáta.

1. gr.

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal Fiskistofa úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 1.800 lestum af ýsu, 1.500 lestum af steinbít og 300 lestum af ufsa, sem skal skipt milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 1999/2000 eða 2000/2001 að vali útgerðar. Þetta magn kemur til viðbótar við þá úthlutun í þessum tegundum, sem ákveðin var í reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002. Hlutdeild einstakra krókaaflamarksbáta skal hækka til samræmis við úthlutað viðbótarmagn og hlutdeild aflamarksskipa skerðast sem því nemur. Hlutur krókaaflamarksbáta skal eftir endurreikning hlutdeildar vera 14,4858770% í ýsu, 6,0736640% í ufsa og 38,3989351% í steinbít.

2. gr.

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal Fiskistofa ennfremur úthluta bátum með krókaaflamarksleyfi, sem slík leyfi fengu 1. september 2001, 200 lestum af ýsu og 600 lestum af steinbít sem skiptist milli þeirra á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 1999/2000 eða 2000/2001 að vali útgerðar. Þetta aukna aflamark ýsu og steinbíts á fiskveiðiárinu 2001/2002 kemur til viðbótar því heildarmagni sem ákveðið er í 1. gr.

3. gr.

Fiskistofa skal á fiskveiðiárinu 2001/2002 úthluta bátum sem krókaaflamarksleyfi fengu 1. september 2001 aflahlutdeild í keilu, löngu og karfa á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001. Að úthlutuninni lokinni skal aflahlutdeild og aflamark allra fiskiskipa í keilu, löngu og karfa endurreiknuð að teknu tilliti til þeirra breytinga sem leiða af þessari úthlutun.

4. gr.

Fiskistofa skal til bráðbirgða úthluta hverjum báti 80% af því krókaaflamarki sem Fiskistofa áætlar að í hans hlut kæmi samkvæmt úthlutunarreglum 1.-2. gr., miðað við að betra aflaárið verði lagt til grundvallar veiðireynslu.

5. gr.

Fiskistofa skal senda útgerðum báta upplýsingar um afla þeirra í þeim tegundum og á þeim tímabilum, sem tilgreind eru í 1.-3. gr. og skal útgerðum veittur frestur til 15. janúar

2002 til að gera athugasemdir við upplýsingar Fiskistofu og tilkynna val á viðmiðunarári samkvæmt 1. og 2. gr. Athugasemdir og tilkynningar um val, sem berast eftir þann tíma skulu ekki teknar til greina. Að fengnum athugasemdum skal Fiskistofa fyrir 1. mars 2002 úthluta endanlega aflaheimildum samkvæmt 1.-3. gr. og jafnframt fella niður heimild til veiða á löngu, keilu og karfa sem meðafla, samkvæmt reglugerð nr. 729/2001.

6. gr.

Við ákvörðun veiðireynslu samkvæmt 1.-3. gr. skal taka tillit til flutnings veiðileyfa milli krókabáta.

7. gr.

Útgerðum báta, sem á fiskveiðiárinu 2000/2001 stunduðu línu- eða handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga með föstu þorskaflahámarki, er heimilt að velja á milli veiðileyfis með krókaaflamarki og veiðileyfis til handfæraveiða með dagatakmörkunum, enda hafi ekki verið flutt af bátunum krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark. Skulu útgerðir tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 15. febrúar 2002. Tilkynni útgerðir ekki um val fyrir þau tímamörk skulu bátar þeirra stunda veiðar samkvæmt krókaaflamarksleyfi. Velji útgerð veiðileyfi með dagatakmörkunum fyrir bát reiknast róðradagar hans fyrir útgáfu veiðileyfisins til leyfilegra sóknardaga á fiskveiðiárinu 2001/2002.

8. gr.

Reglugerð þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. desember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 971 24. desember 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 631, 16. ágúst 2001, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

Á 2. gr. reglugerðarinnar verða eftirfarandi breytingar:

A. 2. töluliður. Í stað: „30.000“ komi: 38.000. Í stað: „29.495“ komi: 37.495.
B. 3. töluliður. Í stað: „30.000“ komi: 36.400. Í stað: „29.495“ komi: 35.895.
C. 9. töluliður. Í stað: „4.000“ komi: 5.000.

2. gr.

Á 6. gr. verða eftirfarandi breytingar:

A. Í stað: „þorski, ýsu, ufsa og steinbít“ í 1. mgr. komi: þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og karfa.
B. Við 6. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Veiði bátur aðrar tegundir en hann hefur krókaaflamark í, skal skerða krókaaflamark hans í öðrum tegundum samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990. Hverjum báti skal þó heimilt, án þess að til skerðingar komi, að veiða allt að 2% af heildarafla sínum í kvótabundnum botnfisktegundum, öðrum en

þeim sem tilgreindar eru í 1. mgr., þó þannig að afli í einni tegund fari aldrei yfir 1% af heildarafla bátsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. desember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

27. desember 2001 Nr. 972

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122/2000, hefur verið ákveðið kr. 2.408 á mánuði, að meðtöldum virðisaukaskatti, frá og með 1. janúar 2002 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytinu, 27. desember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

20. desember 2001 Nr. 973

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í Hvítársíðuhreppi.

1. gr.

Skolp frá húsum í Hvítársíðuhreppi skal leiða gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á 3 ára fresti.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Hvítársíðuhrepps eða eigenda húsnæðis og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Allri seyru skal farga á viðurkenndan hátt.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró sem sveitarfélagið annast, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

5. gr.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 1. apríl og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Hvítársíðuhrepps. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

6. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Hvítársíðuhrepps er hér með staðfest skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. desember 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 974 12. desember 2001

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Djúpavogshreppi árið 2002.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 8.130 pr./hund á árinu 2002.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 31. maí 2002.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 2. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.600 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 7.100 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi 6. desember 2001, og öðlast þegar gildi.

Djúpavogi, 12. desember 2001.

Ólafur Ragnarsson sveitarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 129 – 2001

28. desember 2001 2863 Nr. 975

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 31. desember nk. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

a. Matsverð eftirtalinna fasteigna hækki um 5% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,05**, sbr. þó stafliði b. - e.:
   1) Hlunninda og lands bújarða á landinu öllu.
   2) Fjölbýlishúsa og fjölbýlishúsalóða í Reykjavík (þ.m.t. þéttbýli á Kjalarnesi), Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Hafnarfirði, svo og í þéttbýli í Mosfellsbæ og Bessastaðahreppi.
   3) Íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða, svo og íbúðarhúsa og útihúsa á bújörðum á Suðvesturlandi frá austurmörkum Árnessýslu að norðurmörkum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Sandgerði, Hveragerði og Þorlákshöfn hækki um 8% og verður framreiknistuðull samkvæmt því **1,08**.

c. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða í Vogum, Akranesi, Borgarnesi, Stykkishólmi, Akureyri, Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri hækki um 6,5% og verður framreiknistuðull samkvæmt því **1,065**.

d. Matsverð eftirtalinna fasteigna hækki um 3% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því **1,03**, sbr. þó staflið c.:
   1) Íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða á Grundarfirði, Eskifirði, Neskaupstað og í Vestmannaeyjum.
   2) Íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða, svo og íbúðarhúsa og útihúsa á bújörðum á Vesturlandi og Norðurlandi frá suðurmörkum Dalasýslu að austurmörkum Suður-Þingeyjarsýslu (að undanskildum Vestfjörðum, sbr. staflið e.).
   3) Íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða, svo og íbúðarhúsa og útihúsa á bújörðum í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

e. Matsverð eftirtalinna fasteigna verður óbreytt og framreiknistuðull þeirra verður samkvæmt því **1,0**, sbr. þó staflið d.:

Gutenberg

1) Sérbýlishúsa og sérbýlishúsalóða í Reykjavík (þ.m.t. þéttbýli á Kjalarnesi), Kópavogi, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Hafnarfirði, svo og í þéttbýli í Mosfellsbæ og Bessastaðahreppi.
2) Íbúðarhúsa og íbúðarhúsalóða, svo og íbúðarhúsa og útihúsa á bújörðum á Vestfjörðum frá austurmörkum Barðastrandarsýslu að suðurmörkum Strandasýslu, svo og á Norðausturlandi og Austurlandi frá vesturmörkum Norður-Þingeyjarsýslu að vesturmörkum Austur-Skaftafellssýslu.
3) Atvinnuhúsa og atvinnulóða á landinu öllu.
4) Sumarhúsa og sumarhúsalóða á landinu öllu.

Við ákvörðun framangreindra framreiknistuðla hefur þegar verið tekið tillit til afskrifta ársins fyrir einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 1. desember 2000 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 31. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppflettingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísan til laga nr. 6/2001 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi 31. desember 2001.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 853 27. nóvember 2000.

Fjármálaráðuneytinu, 28. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Hafsteinn S. Hafsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 130 – 2001

18. desember 2001 2865 Nr. 976

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík.

1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 10. gr. samþykktar nr. 388/1999 um hundahald í Reykjavík.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrsta leyfisveiting	kr.	15.400
Leyfisveiting eftir útrunnin frest	kr.	23.200

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald	kr.	12.300

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta	kr.	20.200

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við afskráningu hunds er heimilt endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming enda séu þau þegar greidd. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, lögreglu-, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega fyrir 1. júlí ár hvert.

Gutenberg

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 959/2000 fyrir hundahald í Reykjavík.

Reykjavík, 18. desember 2001.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Nr. 977 18. desember 2001

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, skal borgarstjórn innheimta gjald sem hér segir:

	kr.		kr.
1. flokkur	13.475	6. flokkur	43.120
2. flokkur	16.170	7. flokkur	53.900
3. flokkur	24.255	8. flokkur	70.070
4. flokkur	26.950	Eftirfylgniferð	13.475
5. flokkur	32.340	Sýnataka	10.780

Tímagjald þjónustuverkefna kr. 5.390

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali I með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða að öðru leyti takmörkuð með sviptuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður allt að helming gjaldsins.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

Ef fyrirtæki sætir mengunarvarnaeftirliti og uppfyllir skilyrði 6. eða 7. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti með því fyrirtæki skv. ákvæðum reglugerðarinnar.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sbr. 2. gr., skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð starfsleyfis eins og hér segir:

Starfsemi, þar sem krafist er auglýsingar starfsleyfis skv. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun kr. 17.127.

Önnur starfsleyfi kr. 13.475.

Þó skal innheimta af starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali II starfsleyfisgjald eins og eins og hér segir:

	kr.
I. flokkur	26.950
II. flokkur	59.290
III. flokkur	107.800
IV. flokkur	161.700
V. flokkur	269.500

Við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti greiðast kr. 8.085 sé um að ræða starfsemi skv. 2. mgr. en kr. 11.385 sé um að ræða starfsemi skv. 1. mgr. Hafi umtalsverðar breytingar orðið á rekstri eða húsnæði að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þá skal greiða gjald eins og um væri að ræða nýja starfsemi.

Fyrir leyfi til markaðs- og götusölu greiðist kr. 5.060 en heilbrigðisnefnd er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

4. gr.

Vegna útgáfu starfsleyfa, sem ekki heyra undir ákvæði 3. gr. skal innheimt gjald samkvæmt reikningi. Sama á við ef kostnaður vegna útgáfu starfsleyfis skv. 3. gr. reynist vera meiri en gert var ráð fyrir í áætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Starfsleyfisgjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun skal greiða kr. 5.060 og fyrir eiturbeiðnir kr. 1.320.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um er að ræða óflokkaða eftirlitsskylda starfsemi eða aukin eftirlitsverkefni, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þá er Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimtir gjald fyrir vottorð, eiturbeiðnir og leyfi til markaðs- og götusölu.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 955/2000 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Reykjavík, 18. desember 2001.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fylgiskjal I.

Gjaldflokkar.

Gjaldflokkur 1

80.42.2	Tónlistarskólar
85.12.2	Læknastofur
85.14.1	Sjúkraþjálfun
85.14.92	Fótaaðgerðarstofur
85.14.94	Kírópraktor
85.31.4	Heimili fyrir fatlaða
92.34.0	Dansskólar
15.87.0	Krydd og bragðefnaframleiðsla, lítil
51.39.1	Heildverslun með matvæli, lítil
52.11.32	Matvöruverslanir án vinnslu, litlar
52.11.4	Söluturnar
52.11.5	Söluturnar með samlokugerð
52.62.1	Sölubás
55.40.5	Kaffistofur
Óflokkað	Efnavörueftirlit, lítið
85.13.0	Tannlæknar
50.20.06	Bónstöðvar handvirkar
85.14.31	Röntgenstofur
74.81.02	Ljósmyndastofur
20.30.91	Trésmíðaverkstæði m/lökkun

Gjaldflokkur 2

24.52.01	Snyrtivöruframleiðsla
51.55	Heildverslun með efnavöru, lítið
52.48.7	Leikfangaverslanir
55.10.1	Gistiheimili
55.23.1	Heimagistingar
85.11.44	Vistheimili
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur
85.31.1	Daggæsla í heimahúsum
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, litlir
85.32.21	Gæsluvellir
85.32.5	Safnaðarheimili
85.32.61	Einkasalir, félagsheimili
92.02.3	Húðflúrstofur
92.02.4	Húðgötun
92.31.01	Leikhús
93.02.01	Hárgreiðslustofur
93.02.2	Snyrtistofur
93.04.03	Sólbaðstofur
15.13.1	Kjötiðnaður, lítill
15.20.5	Harðfiskverkun
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
15.86.0	Te- og kaffiframleiðsla
15.31.0	Heildverslun með grænmeti, meðal
51.36.0	Heildverslun með sykur o.fl.
51.39.2	Heildverslun með matvæli, meðal
52.11.30	Matvöruverslanir án vinnslu, meðal
52.11.6	Matsöluvagnar
52.23.0	Fiskbúðir
52.24.0	Smásala á brauði og kökum
52.27.0	Sérverslun með matvörur
52.62.0	Markaðir
55.11.1	Hótel með litlum matsölustað
55.30.4	Brauðstofur
55.30.6	Matsölustaðir, veitingahús, lítil
55.40.6	Veitingatorg
55.51.1	Mötuneyti, lítil
55.52.1	Sala á tilbúnum mat, lítil
26.61.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu
63.21.02	Bið- og endastöðvar strætisvagna
25.13.0	Gúmmísteypa
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
22.22.3	Prentstofur
74.81.01	Framköllunarstofur
93.01.01	Þvottahús
73.10	Rannsóknastofur

Gjaldflokkur 3

50.50.01	Bensínstöðvar
52.31.0	Apótek
52.33.01	Snyrtivöruverslanir
55.40.1	Krár, litlar, lágmarks matargerð
80.22.0	Sérskólar
85.11.5	Áfengismeðferð
85.12.1	Heilsugæslustöðvar
85.32.4	Félagsmiðstöðvar
85.32.6	Félagsaðstaða fullorðinna
92.61.02	Litlir sundstaðir
92.62.03	Íþróttamannvirki
94.04.01	Líkamsræktarstöðvar
15.13.2	Kjötiðnaður, miðlungs
15.13.4	Kjötpökkunarstöð
15.20.8	Lagmeti og framleiðsla sjávarrétta
15.52.0	Ísgerð
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru
15.81.1	Brauðverksmiðjur
15.81.2	Bakarí
15.84.0	Súkkulaði- og sælgætisgerðir
15.87.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór
15.89.1	Salatgerð
15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, meðal
15.98.0	Framleiðsla gosdrykkja, lítil
51.31.1	Heildverslun með grænmeti, stór
51.39.3	Heildverslun með matvæli, stór
52.11.10	Stórmarkaðir, miðlungs
52.11.20	Matvöruverslanir með vinnslu, meðal
52.11.31	Matvöruverslanir án vinnslu, stórar
55.11.2	Hótel með miðlungs matsölustað
55.30.31	Skyndibitastaðir, miðlungs
55.30.7	Matsölustaðir, veitingahús, meðal
55.51.2	Mötuneyti, miðlungs
55.52.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs
63.12.0	Vörugeymslur, flutningamiðstöðvar
50.20.08	Smurstöðvar
50.20.05	Bónstöðvar, sjálfvirkar
24.42.0	Lyfjagerð
22.22.1	Offset- og hæðarprentun
93.01.02	Efnalaugar
01.12.1	Plötuframleiðsla
Óflokkað	Efnavörueftirlit, miðlungs

Gjaldflokkur 4

55.12.0	Hótel
55.40.2	Krár, stórar, lágmarks matargerð
75.23.0	Fangelsi
80.10.0	Grunnskólar litlir
85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, stórir
15.13.3	Kjötiðnaður, stór
15.51.0	Mjólkurbú
15.51.1	Ostagerð
15.82.0	Kex- og kökuframleiðsla
15.89.3	Framleiðsla tilbúinna rétta, stór
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja, stór
52.11.11	Stórmarkaðir, stórir
52.11.21	Matvöruverslanir með vinnslu, stórar
55.11.3	Hótel með stórum matsölustað
55.30.2	Skemmtistaðir með matsölu
55.30.32	Skyndibitastaðir, stórir
55.30.8	Matsölustaðir, veitingahús, stór
55.51.3	Mötuneyti, stór
55.52.3	Sala á tilbúnum mat, stór
90.00.03	Gámastöðvar
90.00.04	Flutningur úrgangs
92.72.01	Skotvellir
14.21.0	Malar- og sandnám
15.13.2	Kjötiðnaður, stór
15.20.2	Saltfiskverkun
15.20.41	Heitloftsþurrkun fiskafurða
15.20.5	Harðfiskverkun
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
15.20.71	Vinnsla mjöls úr sjávarafurðum
15.20.9	Önnur ótalin fiskvinnsla
15.42.01	Lifrabræðsla og lýsishreinsun
15.51.0	Mjólkurbú
15.51.1	Ostagerð
15.52.0	Ísgerð
15.81.1	Brauðverksmiðjur
15.82.0	Kex- og kökuframleiðsla
15.86.0	Te- og kaffiframleiðsla
15.89.1	Salatgerð
15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, miðlungs
15.89.3	Framleiðsla tilbúinna rétta, stór
15.98.0	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, lítil
15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór
22.22.2	Sáldprentun
22.25.01	Umfangsmikill prentiðnaður
24.11.0	Framleiðsla á iðnaðargasi
26.23.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu
28.52.01	Blikksmíði
31.70.0	Rafvélaverkstæði
40.10.01	Spennistöðvar
40.10.02	Spennaviðgerðir
50.20.01	Bifreiða- og vélaverkstæði
50.20.04	Bifreiðaréttingar
50.30.1	Bílapartasölur
51.57.03	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu
52.11.11	Stórmarkaðir, stórir
54.49.95	Þjónustuaðilar kælikerfa sem selja kælimiða
63.21.01	Vöruflutningamiðstöðvar
75.25.010	Svæði til slökkvi- og reykæfinga
85.11.1	Deildaskipt sjúkrahús
85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur
15.71.0	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisfóðurs
35.30.00	Smíði og viðhald loftfara

Gjaldflokkur 5

22.21.0	Prentun dagblaða
85.11.4	Dvalar- og hjúkrunarheimili
92.13.0	Kvikmyndahús
55.48.8	Blómaverslun með B og C efni
52.49.92	Varahlutaverslanir, ekki í bíla

Gjaldflokkur 6

05.02.01	Seiðaeldi
05.5.21	Landeldi
27.5.0	Málmsteypur
41.00.0	Vatnsveitur
35.11.0	Skipasmíði og skipaviðgerðir
24.30.01	Málningarverksmiðjur
35.30.00	Smíði og viðhald loftferðatækja
50.20.0	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun
50.20.03	Bifreiðasprautun
24.51.01	Hreinlætisvöruverksmiðjur
50.20.07	Ryðvarnarverkstæði
28.51.0	Meðferð og húðun málma
28.51.1	Sandblástur málma
50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru
52.11.20	Matvöruverslanir með vinnslu, miðlungs
80.10.0	Grunnskólar, stórir
52.11.30	Matvöruverslanir með vinnslu, meðal
93.03.01	Líkbrennslur
52.46.2	Málningar- og veggfóðurverslun
80.21.0	Framhaldsskólar
50.50.01	Bensínstöðvar
51.55	Heildverslun með efnavöru, meðal
51.57.01	Móttaka brotamálma
52.46.12	Litlar byggingavöruverslanir
80.30.0	Skólar á háskólastigi
52.46.13	Járnvöruverslanir
52.46.21	Málningarvöruverslanir
92.61.01	Stórir sundstaðir
52.49.93	Smásala efna í flokkum X, A og B
52.49.94	Sala annarra eiturefna
26.82.91	Malbikunarstöðvar
Óflokkað	Efnavörueftirlit, mikið

Gjaldflokkur 7

50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru
51.55	Heildverslun með efnavöru, mikið
52.11.11	Stórmarkaðir, stórir
52.11.21	Matvöruverslanir með vinnslu, stórar
52.46.11	Stórar byggingavöruverslanir

Gjaldflokkur 8

01.23.0	Svínarækt
01.24.0	Alifuglarækt
15.11.01	Svínasláturhús
15.20.72	Fiskimjölsvinnsla
63.23.01	Flugvellir
90.00.01	Skólphreinsistöðvar
90.00.02	Móttökustöð fyrir úrgang

Fylgiskjal II.

Starfsleyfisgerð.

Starfsemi	*Gjaldflokkur*	*Starfsleyfisgjald kr.*
Svínasláturhús	4.	161.700
Smjörlíkisgerð	1.	26.950
Framleiðsla gosdrykkja	1.	26.950
Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	2.	59.290
Framleiðsla á plötum, rörum o.þ.h.	2.	59.290
Meðferð og húðun málma	2.	59.290
Spennaviðgerðir	3.	107.800
Rafmagnsveita	2.	59.290
Vatnsaflsstöðvar	3.	107.800
Hitaveitur	3.	107.800
Flugvöllur	5.	269.500

STJÓRNARTÍÐINDI B 131 – 2001

Nr. 978 2872 17. desember 2001

REGLUR

um Líffræðistofnun Háskólans.

1. gr.
Almennt.

Líffræðistofnun Háskólans er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir raunvísindadeild, og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á fræðasviðum líffræðinnar.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að afla grundvallarþekkingar með undirstöðurannsóknum í líffræði,
b. efla tengsl rannsókna og kennslu og hafa yfirsýn yfir rannsóknir í líffræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
c. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
d. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði líffræði,
e. að sinna þjónustuverkefnum eftir því sem kostur er,
f. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna og fræðilegar nýjungar í líffræði,
g. að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi líffræði eftir því sem kostur er og gangast fyrir fræðslunámskeiðum og fyrirlestrum á því fræðasviði,
h. að stuðla að virkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf.

3. gr.
Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað svo sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.
Stjórn.

Stjórn Líffræðistofnunar skal skipuð fimm mönnum sem kjörnir eru til tveggja ára í senn. Fjórir þeirra eru kjörnir á ársfundi stofnunarinnar (sjá 6. gr.) og skulu vera úr hópi fastra kennara við líffræðiskor eða sérfræðingar í fullu starfi við stofnunina en sá fimmti er fulltrúi stúdenta í framhaldsnámi og er tilnefndur af félagi líffræðinema. Stjórnin skiptir með sér verkum en formaður og varaformaður skulu vera háskólastarfsmenn.

Heimilt er að ráða stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti raunvísindadeildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta raunvísindadeildar.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum Líffræðistofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjallað um önnur mál svo sem kveðið er á um í reglugerð fyrir Háskóla Íslands. Stjórnin efnir til stofnanafunda eftir því sem tilefni gefast til.

7. gr.

Ráðning starfsmanna.

Meðal starfsmanna stofnunarinnar geta verið fastir kennarar í líffræðigreinum við Háskóla Íslands, en auk þess er heimilt, að fastir kennarar annarra deilda í skyldum greinum starfi við stofnunina. Einnig gestakennarar, sérfræðingar, framhaldsnemar og styrkþegar sem sinna tímabundnum verkefnum, aðstoðarmenn og aðrir starfsmenn eftir því sem fjárreiður leyfa.

Um ráðningu starfsmanna stofnunarinnar fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands og ákvæðum reglna raunvísindadeildar þar að lútandi. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglum Háskóla Íslands fer stjórn stofnunarinnar með ráðningarmálið.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur Líffræðistofnunar Háskólans eru eftirfarandi:

a. framlag frá raunvísindadeild,
b. styrkir til einstakra verkefna,
c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
d. tekjur af útgáfustarfsemi,
e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar deildar.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starf-

semi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 191/1974 um Líffræðistofnun Háskólans, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 17. desember 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 979 17. desember 2001

REGLUR

um Lagastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Lagastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir lagadeild, og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs í lögfræði.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Lagastofnunar er einkum:

a. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í lögfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
b. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
c. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði lögfræði og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
d. að sinna lögfræðilegum þjónustuverkefnum,
e. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í lögfræði,
f. að veita fræðslu og ráðgjöf varðandi lögfræðileg málefni,
g. að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum í lögfræði,
h. safna gögnum um lögfræðileg efni, varðveita þau og veita aðgang að þeim til vísindalegrar úrvinnslu.

Að öðru leyti mótar stjórn stofnunarinnar starfsemi hennar.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. og gestum aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.
Skipulag.

Lagastofnun starfar í einni rannsóknastofu. Starfsmaður stofnunarinnar annast skrifstofuhald hennar að því marki sem honum hefur verið falið en að öðrum kosti annast skrifstofa lagadeildar skrifstofuhald hennar.

5. gr.
Stjórn.

Deildarfundur í lagadeild skipar Lagastofnun fimm manna stjórn til tveggja ára í senn. Skal stjórnin skipuð fjórum kennurum í fullu starfi við lagadeild og sem jafnframt starfa við stofnunina auk eins fulltrúa stúdenta sem tilnefndur er af Orator - félagi laganema.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórninni er heimilt að fela starfsmanni stofnunarinnar að annast daglegan rekstur hennar. Að öðrum kosti kemur stjórnarformaður fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

6. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti lagadeildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Rita skal fundagerðir og skulu afrit þeirra send forseta lagadeildar.

7. gr.
Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum lagastofnunar og föstum kennurum lagadeildar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjallað um önnur mál svo sem kveðið er á um í 27. gr. almennra reglna fyrir Háskóla Íslands.

8. gr.
Ráðning starfsmanna.

Um ráðningu starfsmanna stofnunarinnar fer eftir ákvæðum reglugerðar fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglugerðinni fer deildarforseti eða stjórn stofnunarinnar í umboði hans með ráðningarmálið.

9. gr.
Fjármál.

Tekjur Lagastofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

a. framlag frá lagadeild,
b. styrkir til einstakra verkefna,
c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
d. tekjur af útgáfustarfsemi,
e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundi.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 190/1974 um Lagastofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 17. desember 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

Nr. 980 18. desember 2001

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 2002 að telja um 8,5% frá því sem þær voru í desember 2001. Þó skulu umönnunargreiðslur barna hækka um 8,72% miðað við sama tíma þannig að 25%-bætur þeirra verði jafnháar grunnlífeyri.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 2001.

Jón Kristjánsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 772/1999 um hundahald í Árborg.

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Fyrir hönd bæjarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í sveitarfélaginu Árborg. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða eigandi eða vörsluaðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund. Að öðru leyti starfar hundaeftirlitsmaður undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

2. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 17. desember 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

17. desember 2001 Nr. 982

STARFSREGLUR

fyrir kærunefnd útboðsmála.

1. gr.

Hlutverk og starfssvið.

Hlutverk kærunefndar útboðsmála er að leysa með skjótum og óhlutdrægum hætti úr kærum einstaklinga og lögaðila vegna ætlaðra brota á lögum nr. 94/2001 um opinber innkaup og reglum settum samkvæmt þeim.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Úrskurðum hennar og ákvörðunum samkvæmt lögum þessum verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Að beiðni fjármálaráðuneytis eða tiltekins kaupanda er nefndinni heimilt að gefa ráðgefandi álit á tilteknum innkaupum þótt engin kæra hafi borist. Ákveði nefndin að gefa ráðgefandi álit skal haga málsmeðferð eftir starfsreglum þessum og XIII. kafla laga nr. 94/2001 eftir því sem við á.

2. gr.

Málskotsréttur.

Heimild til að skjóta málum til nefndarinnar hafa þeir einstaklingar og lögaðilar sem njóta réttinda samkvæmt lögum nr. 94/2001 eða reglum settum samkvæmt þeim og hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn máls.

Heimilt er kæranda að framselja kæruheimild sína til félags eða samtaka sem gæta hagsmuna hans.

3. gr.

Frestur til kæru

Kæra skal borin skriflega undir nefndina innan fjögurra vikna frá því kærandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

Kæra skal afhent eða póstsend kærunefnd útboðsmála, Arnarhváli, 150 Reykjavík. Frestur samkvæmt 1. mgr. miðast við móttökudag eða póstlagningardag kæru hjá nefndinni.

4. gr.

Efni kæru.

Í kæru skal eftirfarandi koma fram:

a. Fullt heiti kæranda og fyrirsvarsmanns hans, kennitala, lögheimili og raffang (tölvupóstfang), ef því er að skipta.
b. Heiti og heimilisfang kærða.
c. Ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð.
d. Kröfugerð kæranda, þ.e. ein eða fleiri eftirtalinna krafna:
   - krafa kæranda um stöðvun samningsgerðar um stundarsakir,
   - krafa um að ákvörðun kærða verði felld úr gildi eða breytt, ef henni er að skipta,
   - krafa um að lagt verði fyrir kaupanda að bjóða út tiltekin innkaup, auglýsa útboð á nýjan leik eða breyta útboðsauglýsingu, útboðslýsingu eða öðrum þáttum útboðsgagna.
e. Beiðni um álit á skaðabótaskyldu kaupanda, ef því er að skipta.
f. Stutt lýsing málsatvika, málsástæðna og rökstuðningur.
g. Hvort heimilað er að tilkynningar, ákvarðanir og úrskurðir verði sendir kæranda með rafpósti.

Með kæru skal fylgja afrit allra þeirra gagna, sem vísað er til í kæru, auk annarra gagna, sem kærandi telur styðja kröfur sínar.

Ef kæra fullnægir ekki skilyrðum 1. mgr. skal nefndin beina því til kæranda að bæta úr annmörkum innan hæfilegs frests. Verði kærandi ekki við því skal vísa kæru frá.

5. gr.

Fjöldi kærugagna og frekari gögn.

Kæra ásamt fylgigögnum skal vera í sex eintökum. Nefndin getur leyft frávik frá þessu skilyrði ef fylgigögn eru óvenjulega umfangsmikil.

Nefndinni er jafnan heimilt að beina því til kæranda að leggja fram frekari gögn eða upplýsingar máli til skýringar ef hún telur málið ekki nægilega upplýst og setja honum ákveðinn frest í því skyni. Sinni kærandi ekki slíkri kröfu er heimilt að vísa kæru hans frá þegar í stað.

6. gr.

Málsmeðferð.

Nú er kæra tæk til efnismeðferðar samkvæmt 4. gr., sbr. 78. gr. laga nr. 94/2001, og gefur nefndin þá þeim sem kæra beinist gegn kost á að tjá sig um efni kærunnar. Frestur skal að jafnaði eigi vera lengri en 10 dagar frá dagsetningu bréfs nefndarinnar. Nefndin getur krafist þess að sá sem kæra beinist að leggi fram öll þau gögn og aðrar upplýsingar sem málið varðar. Sinni sá sem kæra beinist að ekki slíkri kröfu má meta tómlæti hans honum í óhag við úrlausn málsins.

Kæranda skal jafnan gefinn stuttur frestur til að tjá sig um athugasemdir hins kærða. Frestur skal að jafnaði eigi vera lengri en 10 dagar frá dagsetningu bréfs nefndarinnar.

Nefndin getur gefið aðilum kost á að færa fram athugasemdir munnlega ef mál er óvenjulega flókið eða umfangsmikið. Að öðrum kosti skal gagnaöflun teljast lokið þegar athugasemdir kærða samkvæmt 2. mgr. hafa borist, enda telji nefndin mál nægilega upplýst samkvæmt framkomnum gögnum.

Nefndin skal taka mál til úrskurðar eins fljótt og auðið er. Úrskurð skal kveða upp eigi síðar en einum mánuði eftir að athugasemdir kærða samkvæmt 2. mgr. bárust.

7. gr.

Málsmeðferð um kröfu um stöðvun samningsgerðar um stundarsakir.

Þeim sem kæra beinist gegn skal að jafnaði gefinn skammur frestur til að tjá sig um hugsanlega stöðvun útboðs eða stöðvun samningsgerðar um stundarsakir. Frestur skal að jafnaði ekki vera lengri en þrír sólarhringar.

Ef um er að ræða skýrt og augljóst brot á lögum nr. 94/2001 eða reglum settum samkvæmt þeim er heimilt að taka ákvörðun um stöðvun um stundarsakir án þess að þeim sem kæra beinist gegn hafi verið gefinn kostur á að tjá sig.

Þegar athugasemdir samkvæmt 1. mgr. hafa borist skal nefndin taka ákvörðun um kröfuna eins fljótt og unnt er. Ef skýrt liggur fyrir að skilyrði til stöðvunar samningsgerðar um stundarsakir eru ekki fyrir hendi, svo sem vegna þess að samningur hefur þegar verið gerður, er þó heimilt að fresta umfjöllun um kröfuna til endanlegs úrskurðar.

Aðili máls getur krafist þess að nefndin rökstyðji ákvörðun samkvæmt þessari grein skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

8. gr.

Úrskurðir og ákvarðanir nefndarinnar.

Á nefndarfundi, þar sem tekin er lokaákvörðun um mál, skal nefndin vera fullskipuð. Í öðrum tilvikum er fullnægjandi að tveir nefndarmenn sitji fund.

Afl atkvæða nefndarmanna ræður niðurstöðu máls. Minnihlutaatkvæði skal fylgja nefndaráliti ef því er að skipta. Ef nefndin þríklofnar í afstöðu sinni eða niðurstaða getur eigi ráðist af atkvæðamagni ræður atkvæði formanns.

Um úrræði nefndarinnar fer samkvæmt 80. gr. og 81. gr. laga nr. 94/2001.

Nefndarmenn skulu undirrita ákvarðanir, úrskurði og minnihlutaálit sem þeir standa að.

9. gr.

Ákvarðanir formanns.

Formaður ákveður fundi nefndarinnar og stýrir störfum hennar.

Að kröfu aðila gefur formaður rökstuðning samkvæmt 3. mgr. 80. gr. laga nr. 94/2001 hafi rökstuðningur ekki fylgt ákvörðun nefndarinnar þegar hún var tilkynnt.

Formaður eða varaformaður tekur ákvörðun um afhendingu gagna til málsaðila og annarra aðila.

Formaður skal kynna rökstuðning og ákvarðanir samkvæmt 2. mgr. og 3. mgr. fyrir öðrum nefndarmönnum eftir því sem kostur er.

10. gr.

Fundargerðir og málaskrá.

Í fundargerðir skal skrá hvaða mál er tekið fyrir, framlögð gögn, ákvarðanaorð og úrskurðarorð auk athugasemda sem nefndarmenn óska eftir að fært sé til bókar. Heimilt er

að rita fundargerðir á tölvu. Ritari staðfestir fundargerðir. Fundargerð skal varðveita með gögnum viðkomandi máls eða í fundargerðabók.

Ritari heldur skrá yfir mál sem berast nefndinni og lyktir þeirra.

11. gr.

Tilkynningar.

Heimilt er að senda málsaðila tilkynningar, ákvarðanir og úrskurði með rafpósti eða öðrum rafrænum hætti, hafi hann samþykkt slíka tilhögun. Staðfest endurrit ákvarðana og úrskurða skal þó einnig senda bréflega eða með fullgildri rafrænni undirskrift.

12. gr.

Birting úrskurða kærunefndar útboðsmála.

Úrskurðir nefndarinnar skulu gerðir almenningi aðgengilegir eftir nánari ákvörðun formanns. Óski málsaðili eftir því að tiltekin atriði í úrskurði séu ekki birt skal hann tilkynna nefndinni um það.

13. gr.

Upplýsingagjöf til fjármálaráðuneytisins.

Nefndin skal láta fjármálaráðuneytinu í té endurrit af ákvörðunum og úrskurðum í málum sem hún fjallar um.

14. gr.

Almennar reglur.

Að öðru leyti en kveðið er á um í starfsreglum þessum og lögum nr. 94/2001 fer um störf nefndarinnar samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 38/1993.

15. gr.

Gildistaka.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 82. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup og öðlast þegar gildi.

Kærunefnd útboðsmála, 7. desember 2001.

Páll Sigurðsson.

Anna Soffía Hauksdóttir. **Sigfús Jónsson.**

Hér með staðfestast ofangreindar starfsreglur kærunefndar útboðsmála.

Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

REGLUGERÐ

um vöru- og efnisflutninga á landi.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um vöruflutninga og efnisflutninga á landi í atvinnuskyni með ökutækjum, hvort sem um eitt ökutæki eða samtengd ökutæki er að ræða.

Leyfi Vegagerðarinnar þarf til að hafa með höndum þá vöruflutninga sem þessi reglugerð nær til. Leyfið skal gilda í allt að fimm ár og vera óframseljanlegt. Heimilt er að veita leyfi til skemmri tíma óski umsækjandi eftir því.

Skilgreiningar.

2. gr.

Með vöruflutningum og efnisflutningum í atvinnuskyni er átt við flutninga á vöru eða efni gegn gjaldi sem ekki fellur undir j-lið 3. gr. laga nr. 73/2001 um flutninga í eigin þágu.

Með efnisflutningum er átt m.a. við flutning á efni í förmum svo sem flutning á jarðefnum, steypu, hráefnum til iðnaðar, fóðri og fiski. Jafnframt er hér átt við flutning í tönkum á vökvum eins og olíu, bensíni eða mjólk.

Með flutningum með sendibifreiðum samkvæmt reglugerð þessari er átt við hefðbundna flutningaþjónustu með sendibifreiðum, þar sem starfsemin er að mestu innan afmarkaðs svæðis.

Leyfisveitingar.

3. gr.

Vegagerðin hefur með höndum útgáfu leyfa og umsjón með eftirliti samkvæmt reglugerð þessari. Vegagerðin gefur út eftirfarandi tegundir leyfa:

a. almennt rekstrarleyfi til vöruflutninga,
b. almennt rekstrarleyfi til flutninga með sendibifreiðum,
c. almennt rekstrarleyfi til efnisflutninga.

II. KAFLI

Skilyrði leyfis.

4. gr.

Þeir einir sem uppfylla eftirtalin skilyrði mega starfa sem vöru- og efnisflutningsaðilar með ökutækjum:

1. Hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu. Fullnægjandi fjárhagsstaða merkir að hafa aðgang að nægilegu fjármagni til að stofna fyrirtæki og tryggja öruggan rekstur þess. Fyrirtæki verður að hafa eigið fé og sjóði sem jafngilda a.m.k. kr. 850.000 eða 9000 evrum fyrir fyrsta ökutæki og kr. 450.000 eða 5000 evrum á hvert ökutæki umfram það. Fyrirtæki sem rekur bifreiðar undir 15 tonnum að þyngd verða að hafa eigið fé og sjóði sem jafngilda a.m.k. kr. 50.000 eða 500 evrum fyrir hvert tonn af leyfilegri hámarksþyngd ökutækja sem fyrirtækið notar til flutninga. Krefjast skal þeirrar upphæðar sem gefur lægstu niðurstöðu. Til að meta fjárhagsstöðu skal Vegagerðin taka mið af þeim gögnum sem tilgreind eru í 6. gr. reglugerðar þessarar.
   Vegagerðinni er heimilt að taka gilda staðfestingu löggilts endurskoðanda, banka eða annarrar viðurkenndrar stofnunar til sönnunar á fjárhagsstöðu. Heimilt er að veita slíka staðfestingu í formi bankaábyrgðar eða annarrar samsvarandi tryggingar.
2. Hafa fullnægjandi starfshæfni. Til að uppfylla skilyrði um starfshæfni skal umsækjandi taka þátt í námskeiði á vegum Vegagerðarinnar, sbr. 5. gr. Prófuð skal þekking umsækj-

anda á þeim sviðum sem greinina varðar. Vegna þessa skal Vegagerðin útbúa námsskrá að höfðu samráði við hagsmunaaðila sem að greininni standa. Þátttökugjald skal tilgreint í námsskránni. Heimilt er að veita undanþágu frá námskeiði ef umsækjandi sýnir fram á að hafa a.m.k 5 ára samfellda starfsreynslu á sviði framkvæmdastjórnar í starfsgreininni eða ef umsækjandi getur sýnt fram á að hafa lokið prófi í einhverri þeirra greina sem um getur í námsskrá. Vegagerðinni er heimilt að gera mismunandi kröfur um starfshæfni eftir tegund starfsleyfis.

3. Hafa ekki verið dæmdur til refsivistar né framið alvarleg eða ítrekuð brot á reglum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi samkvæmt lögunum.

Framangreindum skilyrðum verður leyfishafi að fullnægja á leyfistímanum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 4. gr. getur Vegagerðin heimilað umsækjanda að starfa sem flutningsaðili á landi að því tilskildu að hann tilkynni um tilnefningu annars aðila sem fullnægir kröfum 1. og 2. tl. 1. mgr. 4. gr. enda sjái hinn síðarnefndi um daglegan rekstur fyrirtækisins.

Námskeið.

5. gr.

Námskeið í umsjón Vegagerðarinnar verða eftirfarandi:

a. Grunnnámskeið fyrir alla þá sem sækja um leyfi skv. reglugerð þessari.
b. Námskeið ætlað stjórnendum fyrirtækja í vöru- og efnisflutningum.

Námskeið samkvæmt ákvæði þessu eru í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í tilskipun nr. 96/26/EB, sbr. tilskipun nr. 98/76/EB, um aðgang að starfsgrein farmflytjanda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neita staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum.

Framlagning gagna.

6. gr.

Þegar sótt er um leyfi skal umsækjandi leggja fram ítarlega áætlun um rekstur, greiðslustreymi og efnahag fyrir yfirstandandi og næsta ár.

Þegar umsókn er lögð fram skulu eftirtalin gögn fylgja:

a) Áritaður ársreikningur eða staðfest skattframtal.
b) Rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár. Vegagerðin getur óskað eftir staðfestingu endurskoðanda um að hún sé rétt miðað við gefnar forsendur.
c) Skrifleg yfirlýsing frá innheimtuaðila ríkis og viðkomandi sveitarfélags þess efnis að umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
d) Staðfesting á starfshæfni.
e) Sakavottorð.
f) Ljósrit af skráningarskírteini bifreiða.

Vegagerðin leggur mat á forsendur áætlunarinnar og þau gögn sem umsókn fylgja og er henni heimilt að óska eftir frekari gögnum gerist þess þörf og vísa frá þeim umsóknum sem ekki hafa fullnægjandi gögn til stuðnings.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Leyfi má veita einstaklingum, hlutafélögum, einkahlutafélögum eða sameignarfélögum enda uppfylli þau skilyrði 1. tl. 4. gr. þessarar reglugerðar.

Hjá félaginu skal starfa forsvarsmaður sem ber ábyrgð á rekstrinum og uppfyllir skilyrði 2.-3. tl. 4. gr. Ákvarðanir Vegagerðarinnar eru kæranlegar til samgönguráðuneytisins samkvæmt stjórnsýslulögum. Kærufrestur er 3 mánuðir.

Niðurfelling leyfa.

8. gr.

Leyfi samkvæmt reglugerð þessari fellur niður þegar eitt af eftirtöldu á við:

a) Andlát leyfishafa, sbr. þó 2. mgr.
b) Leyfishafi uppfyllir ekki lengur eitt af skilyrðum 1.-3. tl. 4. gr.
c) Ef félag, sem er leyfishafi, hefur ekki á að skipa forsvarsmanni sem uppfyllir skilyrði 2. og 3. tl. 4. gr. Nú uppfyllir forsvarsmaður ekki framangreind skilyrði, lætur af störfum eða fellur frá og skal leyfishafi þá tilkynna Vegagerðinni um það og tilnefna nýjan forsvarsmann innan 3ja mánaða en að öðrum kosti fellur leyfi niður.

Við andlát leyfishafa getur Vegagerðin heimilað erfingjum hans að stunda vöru- og efnisflutninga tímabundið, að hámarki eitt ár frá andláti hans. Umsókn um þetta skal send Vegagerðinni innan 3ja mánaða frá andláti leyfishafa og tilnefndur forsvarsmaður, sem ábyrgð ber á rekstrinum, og uppfyllir skilyrði 2. og 3. tl. 4. gr.

IV. KAFLI

Stöðvun starfsemi.

9. gr.

Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt reglugerð þessari án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er heimilt að stöðva starfsemina og viðkomandi ökutæki þegar í stað þar til leyfi hefur verið fengið.

Viðurlög.

10. gr.

Brot gegn lögum nr. 73/2001 og reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

Við alvarleg og ítrekuð brot er Vegagerðinni heimilt að svipta viðkomandi leyfum er honum hafa verið veitt samkvæmt lögum nr. 73/2001 og reglugerð þessari. Slík svipting tekur gildi þegar í stað og gildir þangað til úrlausn hefur fengist í málinu.

Gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 73/2001, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 121/1990.

Samgönguráðuneytinu, 14. desember 2001.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 231/1995, um Listasafn Íslands.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. orðast svo:

Á safnasviði skulu vera eftirtaldar deildir: Listaverkadeild (öll listaverk Listasafns Íslands), sýningardeild (sýningar og útlán), fræðsludeild (fræðsla og kynning), forvörslu- og viðgerðadeild, bókasafn (öll heimildasöfnun og söfnun myndgagna um íslenska og erlenda myndlist) og Safn Ásgríms Jónssonar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

Nr. 985 17. desember 2001

SAMÞYKKT

um sorphirðu í Mýrdalshreppi.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Mýrdalshreppur annast sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og hefur heilbrigðisnefnd Suðurlands eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari.

Mýrdalshreppur getur falið öðrum framkvæmd sorphirðu og skulu þeir aðilar hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða fer fram undir yfirstjórn skrifstofu Mýrdalshrepps og skal hún sjá um samskipti við þá aðila sem að því koma.

II. KAFLI
Skyldur einstaklinga, rekstraraðila og fasteignaeigenda.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Mýrdalshreppi er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

Sorpílát skulu vera staðsett í samráði við sorphirðumenn og vera aðgengileg fyrir þá og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpílátum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

4. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp, s.s. matarleifar, pappír, plast og gler.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla sorpið eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla sorpílátin ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Annan úrgang en neysluúrgang skal meðhöndla á eftirfarandi hátt:

- spilliefnum skal skilað í spilliefnamóttöku á auglýstum afgreiðslutímum,
- umbúðir, timbur, málma, byggingarúrgang og garðaúrgang skal flytja á gámavöll og flokka þar,
- jarðefni og steinefni skal flytja á jarðvegstipp,
- landbúnaðarplast skal flytja á auglýsta staði samkvæmt sérstökum auglýsingum þar um.

III. KAFLI
Verkefni sveitarstjórnar.

5. gr.

Sorphreinsun fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti á almennu heimilissorpi. Sveitarstjórn ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd hversu oft sorphreinsun fer fram.

6. gr.

Mýrdalshreppur sér um eða felur verktaka að sjá um eftirfarandi:

- hreinsun á heimilissorpi frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu,
- hreinsun á heimilissorpi frá sumarhúsasvæðum,
- hreinsun á þeim hluta rekstrarúrgangs fyrirtækja og stofnana sem samsvarar heimilissorpi sé þess óskað, þó einungis samhliða almennri sorphreinsun frá íbúðum,
- rekstur gámavallar og spilliefnamóttöku.

Mýrdalshreppur leggur, þeim aðilum sem hann annast sorphreinsun frá, til sorptunnur (ekki gáma) og annast viðhald þeirra. Mýrdalshreppur getur falið verktaka að leggja til sorpílát og viðhalda þeim.

IV. KAFLI
Sorphirðugjald.

7. gr.

Almenn sorphreinsun samkvæmt 6. gr., sorpförgun og endurvinnsla greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskrá skal vísa til þessarar samþykktar.

Sorphirðugjald samanstendur af hreinsunargjaldi, förgunargjaldi og gáma- og endurvinnslugjaldi. Hreinsunargjald skal standa undir kostnaði við söfnun úrgangs, skv. 5. og 6. gr. og miðast við stærð og fjölda íláta. Förgunargjald skal standa undir kostnaði við flutning heimilissorps, skv. 6. gr., á urðunarstað og urðun og miðast við stærð og fjölda íláta. Gáma- og endurvinnslugjald skal standa undir kostnaði við spilliefnamóttöku, gámavöll, grófurðun og endurvinnslu úrgangs og deilist jafnt á alla greiðendur sorphirðugjalda.

Sorphirðugjald skal leggja á hverja þá fasteign sem nýtur fyrrgreindrar þjónustu. Sveitarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma henni á framfæri til framkvæmdaraðila verksins eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Húsráðanda er heimilt að koma kvörtunum á framfæri við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

9. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu úrgangs skal tilkynna það sveitarfélaginu eða Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, sem hlutast þá til um að úr verði bætt.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Mýrdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnhliða fellur úr gildi samþykkt um sorphreinsun í Mýrdalshreppi nr. 113/1989.

Umhverfisráðuneytinu, 17. desember 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 986 19. desember 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu að Hunkubökkum í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 27. ágúst 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir 11 frítímahús, 200 til 300 m^2 herbergjaálmu ásamt viðbyggingu við þjónustuhús að Hunkubökkum í Skaftárhreppi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 19. desember 2001.

F.h. Skaftárhrepps,

Benedikt Lárusson byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2002.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2002 verður 25,75%. Meðalútsvar á árinu 2002, samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,79%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2002 verður því 38,54%.

Fjármálaráðuneytinu, 19. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jón Guðmundsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hestamannafélagsins Sörla", v/Sörlaskeiðs 11, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 30. október 2001 breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hestamannafélagsins Sörla", v/Sörlaskeiðs 11, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að staðsetja taðþró utan við byggingarreit.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 20. desember 2001.

Hafdís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Ólafsfjarðarbæjar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Ólafsfjarðarbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Ólafsfjarðarbæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn skv. 25. gr. samþykktar þessarar. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld bæjarins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

8. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 7. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

9. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, svo sem ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

10. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlega fjárhagsáætlun bæjarins. Hún skal unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

11. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 7. gr. og þriggja ára áætlun skv. 10. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 9. gr.

12. gr.

Ársreikningur bæjarins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarstjórn og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

III. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

13. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, að jafnaði annan þriðjudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

14. gr.

Sá bæjarfulltrúi sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

15. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 14. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórnin ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

16. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar hafi hún ekki áður verið send bæjarfulltrúum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent sjö aðalbæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum. Einnig skal senda sjö varabæjarfulltrúum dagskrá funda.

18. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

19. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 14. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti bæjarstjórnar nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórninni skal hann víkja sæti og kjör forseta bæjarstjórnar fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim

atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

20. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal halda í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

22. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

23. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

24. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

25. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

26. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

27. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

28. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

29. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

30. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

31. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

32. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

33. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

34. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síð-

astur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

35. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar, sbr. 19. gr. þessarar samþykktar.

36. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 21. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál. Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

38. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 26. gr. samþykktar þessarar.

Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða öðrum nefndum sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi bæjarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

41. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

42. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

43. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 13. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

48. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 13. gr. samþykktar þessarar.

49. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á hverjum fimmtudegi kl. 16.30. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

50. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum bæjarráðs og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 36. gr.

52. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

54. gr.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins eftir því sem við á.

58. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 36. gr.

60. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð og/eða bæjarstjórn.

61. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
Bæjarráð. Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

B. **Til tveggja ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
Stjórn Hafnasamlags Eyjafjarðar. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt stofnsamningi frá 8. júní 1993 (stjórn hafnasamlagsins skipa sjö aðalmenn og sjö til vara. Stjórnarmenn skulu kosnir til fjögurra ára og er kjörtímabil stjórnar hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna. Stjórnarmenn skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum þannig: Tveir aðalmenn og tveir til vara frá hverri sveitarstjórn. Einn aðalmaður skal kosinn til tveggja ára af bæjarstjórn Ólafsfjarðar og einn varamaður til tveggja ára af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar. Einn aðalmaður skal kosinn til tveggja ára af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar og einn varamaður til tveggja ára af bæjarstjórn Ólafsfjarðar).

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir.
2. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnu- og ferðamálanefnd skal vinna að uppbyggingu atvinnulífs og ferðamála í Ólafsfirði og vera bæjarstjórn til ráðuneytis um atvinnu- og ferðamál.
3. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
4. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 40/1991. Auk þess hefur hún á hendi verkefni barnaverndarnefndar samkvæmt lögum nr. 58/1992. Jafnframt fer félagsmálanefnd með málefni fatlaðra samkvæmt lögum nr. 59/1992. Einnig fer nefndin með jafnréttismál samkvæmt lögum nr. 96/2000 og skal hún vera ráðgefandi gagnvart bæjarstjórn í málefnum sem varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
5. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.
6. *Fulltrúi á aðalfund Sparisjóðs Ólafsfjarðar.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samþykktum fyrir Sparisjóð Ólafsfjarðar.
7. *Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og annar til vara.

8. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
9. *Heilbrigðisnefnd.* Nefndin starfar skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Ólafsfjarðarbær er aðili að Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Samkvæmt 2. gr. samstarfssamnings aðildarfélaga Eyþings frá 4. september 1998 skal heilbrigðisnefnd skipuð á aðalfundi Eyþings að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtími hennar fjögur ár. Bæjarstjórn Akureyrar skipar tvo aðalmenn, þar af formann og tvo varamenn. Aðrar sveitarstjórnir í héraðsnefnd Eyjafjarðar skipa einn aðalmann og einn varamann.
10. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
11. *Kjörstjórnir við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 15/2000.
12. *Landbúnaðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal fara með málefni riðunefndar, sbr. reglugerð nr. 583/1996. Auk kjörinna fulltrúa af hálfu bæjarstjórnar sitja í nefndinni fulltrúi tilnefndur frá Hestamannafélaginu Gnýfara og annar frá Búnaðarfélagi Ólafsfjarðar.
13. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Menningarmálanefnd skal vinna að eflingu menningar og lista í Ólafsfirði og vera bæjarstjórn ráðgefandi í þeim efnum. Nefndin skal fara með málefni bókasafns bæjarins skv. 7. gr. laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn.
14. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
15. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
16. *Stjórn Hornbrekku.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
17. *Stjórn sparisjóðs.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.
18. *Stjórn veitustofnana.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara í stjórn hita- og vatnsveitu.
19. *Tómstundanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Tómstundanefnd skal vinna að eflingu íþrótta- og æskulýðsstarfs í Ólafsfirði og hafa í því sambandi samráð við þá aðila sem um slík mál fjalla.
20. *Umhverfismálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálanefnd annast störf þau sem gróðurverndarnefnd og náttúruverndarnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 17/1965 og nr. 44/1999.
21. *Þjónustuhópur aldraðra.* Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi skipa fimm fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra að loknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Héraðslæknir tilnefnir lækni, með sérmenntun á sviði öldrunar- eða heimilislækninga, og hjúkrunarfræðing, með þekkingu á öldrunarþjónustu, samtök eldri borgara á svæðinu tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum og tveir fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar. Sveitarstjórnir velja þjónustuhópnum formann úr hópi nefndarmanna.

D. Aðrar nefndir samkvæmt sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

62. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnarinnar og fyrr ef verk-

efni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

63. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

64. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda skv. 15. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni bæjarins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

65. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarins, og veitir þeim lausn frá störfum.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 65. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest skv. 2. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

67. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar hefur sett samkvæmt 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt er felld úr gildi samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ólafsfjarðarkaupstaðar, nr. 277/1988.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. desember 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um greiðslu vaxtabóta.

I. KAFLI
Vaxtabætur.

1. gr.

Vaxtabætur.

Ríkissjóður skal greiða vaxtabætur til manna sem bera vaxtagjöld af lánum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eftir því sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

2. gr.

Réttur til vaxtabóta.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og ber vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa, byggingar eða endurbóta, sbr. 3. gr., á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, á rétt á vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og stofnast við kaup eða þegar bygging þess hefst.

Réttur til vaxtabóta fellur niður þegar íbúðarhúsnæði telst ekki lengur til eigin nota, sbr. 4. gr.

Verði íbúðarhúsnæði selt án þess að hafin sé bygging eða fest kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári, fellur réttur til vaxtabóta niður frá þeim tíma sem sala átti sér stað.

3. gr.

Endurbætur.

Lán frá Íbúðalánasjóði vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota mynda rétt til vaxtabóta, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir endurbótunum á húsbyggingarskýrslu með skattframtali.

Til verulegra endurbóta skv. 1. mgr. teljast m.a. eftirfarandi framkvæmdir, sbr. 23. gr. rg. nr. 157/2001, um húsbréf og húsbréfaviðskipti:

1. Endurbygging eða viðamikil viðgerð á þaki og gólfum.
2. Endurnýjun á gluggum, jafnt gluggakörmum, póstum og gleri.
3. Endurnýjun á rafkerfi.
4. Endurnýjun á lagnakerfi.
5. Utanhússklæðning.
6. Endureinangrun og/eða klæðning á þaki og veggjum.

4. gr.

Eigin not.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum. Sérstakar tímabundnar aðstæður, svo sem nám, veikindi eða atvinnuþarfir sem valda því að eigandi íbúðarhúsnæðis getur ekki sjálfur nýtt það til íbúðar, leiða þó ekki til þess að hann missi rétt til vaxtabóta. Með tímabundnum aðstæðum er átt við að eigandi íbúðarhúsnæðis geri líklegt að hann muni innan ákveðins tíma taka húsnæðið aftur til eigin nota.

5. gr.

Ein íbúð.

Eigi maður fleiri en eina íbúð, þá á hann einungis rétt á vaxtabótum með einni, þeirri sem ætluð er til eigin nota. Maður getur þó átt rétt á vaxtabótum vegna lána sem tekin eru vegna húsnæðis í byggingu eða kaupa á eldra húsnæði sem unnið er að endurbótum á í beinu framhaldi af kaupunum og ætlað er til eigin nota, þrátt fyrir að hann eigi á sama tíma húsnæði til eigin nota og njóti vaxtabóta vegna lána sem tengjast öflun þess húsnæðis. Réttur til vaxtabóta með síðarnefnda húsnæðinu fellur niður þegar það telst ekki lengur til eigin nota, sbr. 4. gr.

6. gr.

Lán til öflunar íbúðarhúsnæðis.

Vaxtagjöld af lánum sem sannanlega hafa verið tekin vegna öflunar íbúðarhúsnæðis eða endurbóta á því, sbr. 3. gr., veita rétt til vaxtabóta. Með vaxtagjöldum er átt við vaxtagjöld vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára.

Vaxtagjöld vegna lána, sem tekin eru til skemmri tíma en tveggja ára, er einungis heimilt að telja með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæði er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Lán sem tekin eru vegna greiðsluerfiðleika og eru sannanlega til greiðslu á lánum til öflunar íbúðarhúsnæðis mynda einnig rétt til vaxtabóta að uppfylltum framangreindum tímaskilyrðum.

7. gr.

Vaxtagjöld sem veita rétt til vaxtabóta.

Vaxtagjöld af lánum skv. 6. gr. teljast eftirfarandi:

1. Gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti. Til vaxta teljast gjaldfallin gengistöp á afborganir og vexti vegna lána í erlendum gjaldmiðli. Með vöxtum teljast einnig dráttarvextir ársins, en greiddir dráttarvextir vegna fyrri ára teljast ekki með vaxtagjöldum ársins. Annar kostnaður vegna vanskila en dráttarvextir teljast ekki til vaxtagjalda.
2. Afföll af verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum sem framteljandi hefur gefið út sjálfur og selt þriðja aðila og notað andvirðið til fjármögnunar íbúðar til eigin nota, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföll vegna sölu húsbréfa teljast til vaxtagjalda hjá þeim sem byggir íbúðarhúsnæði til eigin nota og hefur fengið bréfin gegn afhendingu fasteignaveðbréfa. Sama á við um afföll af húsbréfum sem húsbréfadeild kaupir af lántakanda greiðsluerfiðleikaláns. Afföllin reiknast hlutfallslega miðað við afborganir á lánstímanum. Afföll vegna sölu húsbréfa og annarra verðbréfa sem seljandi hefur fengið í hendur sem greiðslu á fasteign teljast ekki til vaxtagjalda.
3. Lántökukostnaður, árlegur eða tímabundinn fastakostnaður, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnaður af lánum. Þinglýsingarkostnaður og stimpilgjöld af kaupsamningi eða afsali teljast ekki til vaxtagjalda.

Uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lánum sem yfirtekin eru við kaup á íbúð teljast hvorki til vaxtagjalda hjá seljanda né kaupanda, né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur sem greiddar eru umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

8. gr.

Kaupleiguíbúðir.

Þeir sem keypt hafa hlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins eiga rétt á vaxtabótum vegna vaxtagjalda skv. 7. gr. sem innheimt eru með leigugjöldum. Gera þarf grein fyrir vaxtagjöldunum og þeim skuldum sem þau reiknast af á sérstöku eyðublaði sem staðfest er af leigusala og skal það fylgja skattframtali.

9. gr.

Fjárhæð vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta, miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 7. gr., hjá hverjum framteljanda en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok. Þetta á þó ekki við hjá þeim sem:

1. Selja íbúðarhúsnæði á árinu án þess að afla sér annars íbúðarhúsnæðis fyrir árslok. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda eins og þær voru á söludegi.
2. Flytjast af landi brott á árinu. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda eins og þær voru á brottflutningsdegi.
3. Látast á árinu og láta ekki eftir sig maka. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda á andlátsdegi.
4. Keypt hafa eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda hjá leigusala vegna lána sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðisins, enda hafi vaxtagjöld af lánunum verið innheimt með leigugjöldum.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta samkvæmt þessari grein geta þó ekki verið hærri en 456.112 kr. hjá einstaklingi, 598.778 kr. hjá einstæðu foreldri og 741.442 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Hámark vaxtagjalda hjá mönnum, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, hluta úr ári, ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu, sbr. 70. gr. laga nr. 75/1981.

10. gr.

Ákvörðun vaxtabóta.

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, sbr. 9. gr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjuskattsstofni. Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. laganna og frádráttur skv. 31. gr. Hjá hjónum eða sambýlisfólki, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 í lok tekjuárs, enda þótt það óski ekki samsköttunar, skal við útreikning miðað við samanlagðar tekjur beggja að teknu tilliti til frádráttar samkvæmt framansögðu. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega fari eignir skv. 73. gr. laga nr. 75/1981 að frádregnum skuldum skv. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 75/1981, fram úr 3.430.678 kr. hjá einstaklingi uns þær falla niður við 5.489.085 kr. eign og 5.686.940 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki uns þær falla niður við 9.099.104 kr. eign.

Vaxtabætur manns á því ári sem hann aflar sér íbúðarhúsnæðis og hefur ekki fengið vaxtabætur árið áður reiknast frá og með þeim ársfjórðungi sem fyrsta fasteignaveðlán vegna íbúðarkaupanna er tekið. Skal hámark vaxtagjalda, sbr. 9. gr., tekjuskattsstofn samkvæmt þessari grein og hámark vaxtabóta, sbr. 11. gr., ákveðið hlutfallslega miðað við upphafstíma láns. Tekjur fyrir þann tíma ársins sem liðinn er og fram að lántöku skerða ekki rétt til vaxtabóta.

11. gr.

Fjárhæð vaxtabóta.

Hámark vaxtabóta fyrir hvern mann eru 156.290 kr., fyrir einstætt foreldri 201.000 kr. og 258.459 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, í lok tekjuárs. Hámark vaxtabóta hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, hluta úr ári, ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á tekjuárinu. Vaxtabætur sem eru lægri en 577 kr. á mann falla niður.

12. gr.

Skipting vaxtabóta milli hjóna og sambýlisfólks.

Skipta skal vaxtabótum til helminga milli hjóna. Sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun skv. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 í lok tekjuárs, enda þótt það óski ekki samsköttunar. Séu skilyrði samsköttunar uppfyllt í árslok, skulu vaxtabætur ákvarðaðar allt árið eins og gildir um hjón.

Við slit á samvistum eða hjúskap þá ákvarðast vaxtabætur fyrir allt árið eins og hjá einstaklingi eða einstæðu foreldri eftir því sem við á, nema óskað sé samsköttunar fram að skilnaði eða sambúðarslitum. Ákvarðast þá vaxtabætur fram að þeim tíma eins og hjá hjónum, en frá þeim tíma og til ársloka eins og hjá einstaklingi eða einstæðu foreldri, eftir því sem við á.

Ef annað hjóna er með lögheimili erlendis reiknast vaxtabætur einungis hjá þeim maka sem hefur lögheimili hér á landi. Við útreikning skal þá miða við vaxtagjöld, tekjur, eignir og skuldir þess maka sem skattskyldur er hér á landi. Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta ekki orðið hærri en helmingur hámarksvaxtagjalda hjá hjónum og vaxtabætur geta ekki orðið hærri en helmingur hámarksvaxtabóta fyrir hjón.

Ef annað hjóna sem á rétt á vaxtabótum, fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búi, vaxtabætur eins og um hjón sé að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

II. KAFLI
Fyrirframgreiðsla vaxtabóta.

13. gr.

Réttur til fyrirframgreiðslu vaxtabóta.

Réttur manns, sbr. 2. gr., til fyrirframgreiðslu vaxtabóta stofnast einungis vegna íbúðarhúsnæðis sem aflað er á árinu 1999 og síðar.

14. gr.

Umsókn um fyrirframgreiðslu.

Umsókn um fyrirframgreiðslu vaxtabóta skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og skal hún studd þeim gögnum sem tilskilin eru. Umsókninni skal skilað til skattstjóra í því umdæmi þar sem lögheimili umsækjanda er. Sótt er um í eitt skipti og ákvarðast fyrirframgreiðslan sjálfkrafa eftir það ef fallist er á umsóknina. Einungis þarf að endurnýja umsókn ef stofnað er til nýrra lána eða ef forsendur fyrir útreikningi vaxtabóta samkvæmt eldri umsókn breytast. Umsókn þarf að hafa borist skattstjóra eigi síðar en mánuði eftir lok þess ársfjórðungs sem fyrirframgreiðslan skal reiknast fyrir.

15. gr.

Útreikningur fyrirframgreiðslu.

Áætlaðar fyrirframgreiddar vaxtabætur skal miða við gjaldfallna og greidda vexti hvers ársfjórðungs af þeim fasteignaveðlánum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis þó ekki

meira en fjórðung af hámarki vaxtagjalda skv. 9. gr., þ.e. 114.028 kr. hjá einstaklingi, 149.695 kr. hjá einstæðu foreldri, 185.361 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun.

Skilyrði fyrirframgreiðslu er að lánin séu í innheimtu hjá aðilum sem láti skattyfirvöldum í té upplýsingar um greiðslur af þeim í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, sbr. ákvæði 16. gr. Þetta á einnig við um yfirtekin fasteignaveðlán, en skattstjóri skal reikna margfeldisstuðul sem beita skal á afborgun slíkra lána við útreikning á fyrirframgreiðslu.

Frádrátt frá vaxtagjöldum hvers ársfjórðungs, sbr. 1. mgr., skal miða við fjórðung af staðgreiðsluskyldum tekjum síðustu 12 mánaða á undan honum að viðbættum þeim tekjum utan staðgreiðslu sem fram koma á skattframtali fyrra árs. Fyrirframgreiddar vaxtabætur fyrir hvern ársfjórðung skulu eigi vera hærri en fjórðungur af hámarki vaxtabóta, sbr. 11. gr., þ.e. 39.073 kr. fyrir einstakling, 50.250 kr. fyrir einstætt foreldri, 64.615 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði um samsköttun.

16. gr.

Upplýsingaskylda lánastofnana o.fl.

Lánastofnanir, lífeyrissjóðir og aðrir aðilar sem veita lán til íbúðakaupa gegn veði í fasteign skulu veita skattyfirvöldum nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða fyrirframgreiðslu vaxtabóta. Upplýsingarnar skulu vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Séu lántakendur fleiri en einn, en hvorki hjón né sambýlisfólk, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, skal upplýsingum skilað í samræmi við hlutdeild viðkomandi lántaka í láninu.

17. gr.

Útborgun fyrirframgreiðslu.

Áætlaðar vaxtabætur skulu greiddar út fjórum mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs samkvæmt þessari grein. Vaxtabætur fyrir tímabilið janúar, febrúar og mars skal greiða út 1. ágúst á tekjuárinu. Vaxtabætur fyrir tímabilið apríl, maí og júní greiðast út 1. nóvember. Vaxtabætur fyrir tímabilið júlí, ágúst og september skal greiða 1. febrúar næsta ár á eftir tekjuárinu. Vaxtabætur fyrir tímabilið október, nóvember og desember greiðast út 1. maí.

Fyrirframgreiðsla kemur ekki til útborgunar fyrr en fjárhæð hennar nemur 577 kr.

Við álagningu opinberra gjalda að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun á vaxtabótum vegna tekjuársins.

18. gr.

Kæruleiðir.

Skattstjóri skal svara umsókn um fyrirframgreiðslu vaxtabóta eigi síðar en 30 dögum eftir að umsóknarfresti skv. 14. gr. lýkur og gera umsækjanda grein fyrir þeim forsendum sem lagðar verða til grundvallar við útreikning fyrirframgreiðslunnar. Uppfylli lánin ekki skilyrði fyrir fyrirframgreiðslu, upplýsingar eða tilskilin gögn vantar eða á þeim eru annmarkar skal skattstjóri gera umsækjanda grein fyrir því og gefa honum 10 daga frest til að koma að athugasemdum, leggja fram tilskilin gögn eða bæta úr annmörkum á þeim. Skattstjóri skal innan 15 daga kveða upp úrskurð sinn. Úrskurður skattstjóra um fyrirframgreiðslu vaxtabóta er kæranlegur til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð eigi síðar en 15 dögum eftir að honum hefur borist kæran. Úrskurður ríkisskattstjóra er endanleg ákvörðun málsins á stjórnsýslustigi.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði, gildistaka.

19. gr.
Greiðsla vaxtabóta.

Vaxtabætur greiðast út að lokinni álagningu opinberra gjalda.

Vaxtabætur greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld til ríkissjóðs, opinber gjöld til sveitarfélaga og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsröð:

1. Fyrirframgreiddar vaxtabætur.
2. Ofgreiddar barnabætur.
3. Tekjuskattur.
4. Önnur þinggjöld, sbr. þó 6. tölulið.
5. Útsvar
6. Tryggingagjald.
7. Vangreidd gjöld maka skv. 1.-4. tölul.
8. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 18. gr. laga nr. 138/1997.
9. Virðisaukaskattur.
10. Bifreiðagjöld.
11. Þungaskattur álagður 10. júní 1996 eða síðar.
12. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.
13. Gjaldfallnar afborganir og vextir af lánum Íbúðalánasjóðs.

20. gr.
Endurgreiðsla og viðurlög.

Komi í ljós að maður hafi fengið greiddar vaxtabætur, þ.m.t. fyrirframgreiddar vaxtabætur, án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali eða umsókn um fyrirframgreiðslu vaxtabóta er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

21. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Kemur hún fyrst til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2002 vegna vaxtagjalda á árinu 2001. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 7/1998, um greiðslu vaxtabóta með síðari breytingum.

Við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002 og eigna í lok þess árs skulu fjárhæðir samkvæmt reglugerð þessari hækka um 2,75%, sbr. b-lið E-liðar (V.) b-liðar í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 133/2001, um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.
Maríanna Jónasdóttir.

Erla Þ. Pétursdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu heiti Ólafsfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur í dag, að tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðarkaupstaðar, staðfest breytt stjórnsýsluheiti fyrir sveitarfélagið Ólafsfjarðarkaupstað. Nýtt heiti skal vera Ólafsfjarðarbær.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. desember 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

20. desember 2001 Nr. 992

AUGLÝSING

um deiliskipulag Seljalandsskóla og Heimalands, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps þann 21. mars 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir Seljalandsskóla og Heimaland, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir raðhúsi með 4 íbúðum, stækkun skóla, sundlaug og íþróttasvæði auk núverandi bygginga.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vík, 20. desember 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Sveinn Pálsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

19. desember 2001 Nr. 993

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi utan lögbýla í Sveitarfélaginu Árborg, koma í veg fyrir ágang á lóðir íbúanna og vernda gróður í sveitarfélaginu.

2. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, kanínu, geita og alifugla) er óheimilt í Sveitarfélaginu Árborg öðrum en þeim sem á lögbýlum búa. Búfjárhald utan lögbýla er þó leyft í sérstaklega skipulögðum hverfum að fengnu samþykki landbúnaðarnefndar.

3. gr.

Sá sem stunda vill búfjárhald utan lögbýla sbr. 2. gr., skal senda skriflega umsókn til landbúnaðarnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjár, sem halda skal, hvernig geymslu skuli háttað og öðru, sem máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu.

4. gr.

Telji landbúnaðarnefnd að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er veitir hún leyfi til búfjárhalds. Leyfisveiting búfjárhalds skuldbindur þó ekki Sveitarfélagið Árborg til að sjá búfjáreigendum fyrir beitilandi handa búfénu né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhalds.

Leyfi til búfjárhalds er veitt til ákveðins tíma en er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert.

Samþykkið er háð gildandi lögum og reglum um búfjárhald eins og þær eru á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann að öllu leyti ábyrgð á því.

5. gr.

Allar lögskipaðar læknismeðferðir á búfénaði, svo sem garnaveikibólusetning, sauðfjárböðun og annað sem upp gæti komið, skulu framkvæmdar á ábyrgð landbúnaðarnefndar en á kostnað búfjáreiganda.

Um fjallskil af búfé og landi í Sveitarfélaginu Árborg fer eftir lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og ákvæðum í fjallskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna nr. 408/1996.

6. gr.

Óheimilt er að halda búfé, nema að hafa fyrir það hús sem samræmist reglugerðum um aðbúnað búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna.

Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitiland og fóður fyrir búfé sitt og skal hann tryggja góða meðferð þess.

Gangi búfé úti á vetrarbeit skal eigandi eða umráðamaður þess ábyrgjast nægilegt fóður, viðunandi skjól og örugga vörslu.

7. gr.

Landbúnaðarfulltrúi heldur skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins, sem leigð eru til beitar og/eða slægna. Umsóknum um land til beitar eða slægna skal senda til landbúnaðarfulltrúa sem úthlutar landi samkvæmt tillögu landbúnaðarnefndar.

8. gr.

Lausaganga búfjár er bönnuð innan þéttbýlismarka á Eyrarbakka, Selfossi og Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Komist búfé inn á friðuð svæði þrátt fyrir viðurkennda griphelda vörslu skulu vörsluaðilar lands ábyrgjast handsömun og ráðstöfun þess í samræmi við almenn ákvæði laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og sérstök ákvæði í

viðkomandi fjallskilasamþykkt. Enn fremur geta þeir, sem fyrir ágangi verða, látið handsama ágangsfénað, og skulu þeir tilkynna landbúnaðarfulltrúa um hann tafarlaust.

9. gr.

Byggingar gripahúsa eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í sveitarfélaginu utan bújarða og svæða sem ekki eru ætluð til búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarstjórn ákveður slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endurbyggja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

10. gr.

Einstaklingar og félög búfjáreigenda, sem hafa lönd í eigu sveitarfélagsins á leigu til beitar eða slægna skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, meðal annars með árlegri áburðargjöf. Í leigusamningi fyrir beiti- og slægjulönd eru tilgreindar reglur um umgengni um landið.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála skv. 13. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari tíma breytingum.

12. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl., með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um búfjárhald í Eyrarbakkahreppi nr. 425/1985 og samþykkt um búfjárhald í Stokkseyrarhreppi nr. 477/1983.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir, sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina teljast hafa samþykki landbúnaðarnefndar til búfjárhalds.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. desember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

21. desember 2001 Nr. 994

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 2002.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 2001 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2002. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí. Eindagi er einum mánuði síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2002 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 10,5% af þeim þinggjöldum, sbr. 1. gr., er honum bar að greiða á árinu 2001. Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur, eignarskattur, sérstakur eignarskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 2002 en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald, eignarskatt og sérstakan eignarskatt.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. ef hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2002 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra. Er úrskurður hans endanleg úrlausn málsins á stjórnsýslustigi.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli áranna 2000 og 2001 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2000. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 2002 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 63/1999, um greiðslu barnabóta, með síðari breytingum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Fjárhæð barnabóta.

Barnabætur skulu árlega nema 34.474 kr. með öllum börnum yngri en sjö ára á tekjuárinu.

Til viðbótar barnabótum skv. 1. mgr. skal greiða tekjutengdar barnabætur með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem árlega skulu nema 117.031 kr. með fyrsta barni en 139.304 kr. með hverju barni umfram eitt. Tekjutengdar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 194.921 kr. með fyrsta barni, en 199.949 kr. með hverju barni umfram eitt.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Skerðing barnabóta vegna tekna.

Barnabætur samkvæmt 2. mgr. 3. gr. skal skerða í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.354.727 kr. hjá hjónum og umfram 677.364 kr. hjá einstæðu foreldri.

Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 og frádráttar skv. 31. gr. laga nr. 75/1981. Skerðingarhlutfallið skal vera 4% með einu barni, 8% með tveimur börnum og 10% með þremur börnum eða fleiri.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama tekjuári vegna barnsins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

a. Orðin „og aðstöðugjald“ í 4. tölul. falla brott.
b. 9. tölul. og 12. tölul. falla brott og breytist númeraröð töluliða samkvæmt því.

4. gr.

2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2003 vegna tekna á árinu 2002 skulu fjárhæðir skv. 3. gr. hækka um 2,75% og fjárhæðir skv. 1. mgr. 4. gr. hækka um 4%. Þá skal skerðingarhlutfall skv. 4. gr. vera 3% með einu barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur börnum eða fleiri.

3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.

Maríanna Jónasdóttir.

Erla Þ. Pétursdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á byggingarreglugerð nr. 441/1998.

1. gr.

Lokamálsliður greinar 37.4. orðast svo: Skal slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um Bókmenntakynningarsjóð.

1. gr.

Hlutverk Bókmenntakynningarsjóðs er að stuðla að sem víðtækastri kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis og greiða fyrir útgáfu þeirra með því að úthluta þýðingarstyrkjum, hafa umsjón með þátttöku Íslands í erlendum menningarviðburðum og alþjóðlegum samskiptum á sviði bókmennta.

2. gr.

Til þess að gegna hlutverki sínu skal Bókmenntakynningarsjóður, eftir því sem fjárheimildir leyfa:

Veita þýðendum íslenskra bókmennta á önnur tungumál ferðastyrki til að heimsækja Ísland og standa að ráðstefnum og vinnufundum þýðenda hér á landi.

Veita íslenskum rithöfundum ferðastyrki til að kynna verk sín erlendis.

Láta vinna kynningarefni á erlendum tungumálum.

Hafa umsjón með kynningu íslenskra bókmennta á erlendum bókmenntahátíðum og vera í samstarfi við sambærilegar stofnanir erlendis.

Halda úti tölvugagnabanka til hagræðis fyrir kynningarstarf sitt innan lands og utan og semja um aðgang að gagnabönkum sem tengjast verkefnum sjóðsins.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árleg fjárveiting á fjárlögum og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Einn skal tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands, einn af Félagi íslenskra bókaútgefenda, en formaður skal skip-

aður af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnina skal skipa til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

5. gr.

Sjóðstjórn auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum a.m.k. einu sinni á ári. Stjórnin tekur endanlega ákvörðun um val á verkum og verkefnum sem hún styrkir. Sjóðstjórnin gerir framkvæmdaáætlanir fyrir hvert ár.

6. gr.

Sjóðstjórn getur með heimild menntamálaráðuneytisins rekið skrifstofu og ráðið starfsfólk eftir því sem fjárráð leyfa til þess að vinna að verkefnum sjóðsins, rekið skrifstofuna í samvinnu við aðra eða samið við félagasamtök sem aðild eiga að sjóðnum um að annast rekstur hans. Einnig er stjórninni heimilt að taka að sér fleiri verkefni sem tengjast kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis svo framarlega sem kostnaður verði greiddur og það bitni ekki á verkefnum sjóðsins. Sjóðurinn annast eigin fjárreiður og vörslu sjóðsins eða felur það öðrum.

7. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi reglur nr. 456/1982 um kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis.

Menntamálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

20. desember 2001 Nr. 998

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að tryggja sem best eftirlit, skipulag og stjórn búfjárhalds í Ísafjarðarbæ, koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt og ágang búfjár á lóðir í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Ennfremur að hafa eftirlit með að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrifaleg og vel við haldið, í samræmi við lög um búfjárhald, fóðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum og ákvarðanir bæjarstjórnar á hverjum tíma.

Bæjarstjórn getur falið landbúnaðarnefnd bæjarins framkvæmd málaflokksins.

2. gr.

Búfjárhald í Ísafjarðarbæ, utan lögbýla, er óheimilt án leyfis bæjarstjórnar.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda þess og húsakost. Ennfremur skal fylgja umsókninni staðfesting á aðgengi að hagagöngu og beitilandi, eftir því sem við á.

Óheimilt er að veita leyfi til búfjárhalds nema á svæðum sem skipulögð eru undir búfjárhald.

3. gr.

Telji bæjarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er, skal veita honum leyfi til búfjárhalds og skal það takmarkast við ákveðinn fjölda búfjár. Búfé skal greinilega markað eða merkt leyfishafa í samræmi við reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998, ásamt síðari breytingum. Veitt leyfi skuldbindur Ísafjarðarbæ ekki til að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi eða hagagöngu. Leyfi er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð samþykkt þessari og er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní.

Ef leyfishafi brýtur gegn lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991 eða gegn þessari samþykkt má afturkalla leyfið með viku fyrirvara.

Ef búfé er haldið í Ísafjarðarbæ án leyfis, er bæjarstjórn heimilt að krefjast þess að lögreglustjóri taki viðkomandi búfé úr vörslu búfjáreiganda.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi til búfjárhalds, til að standa undir kostnaði við búfjárhaldið í samræmi við 12. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.

4. gr.

Öll lausaganga búfjár innan girðinga sem umlykja alla þéttbýliskjarna Ísafjarðarbæjar er bönnuð. Búfé sem gengur laust innan girðinganna skal handsamað og tekið í vörslu, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar um vörslu búfjár nr. 59/2000. Ráðstöfun búfjárins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og sérstökum ákvæðum í viðkomandi fjallskilasamþykkt.

Lausaganga hrossa í landi Ísafjarðarbæjar er óheimil. Gangi hross laus í landi Ísafjarðarbæjar, er heimilt að grípa til ráðstafana sem að ofan greinir, enda hafi eigandi hrossa ekki gert ráðstafanir til að halda þeim innan ákveðins afmarkaðs svæðis.

5. gr.

Þeir, sem við gildistöku þessarar samþykktar, eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar, skulu tilkynna búfjárhald sitt til bæjarstjórnar og sækja um leyfi til búfjárhalds innan tveggja mánaða frá gildistöku þessarar samþykktar.

6. gr.

Rísi mál út af þessari samþykkt skal með það farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett í samræmi við lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 349/1984 um búfjárhald í Ísafjarðarkaupstað.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. desember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 289 10. maí 1995.

1. gr.

Á eftir 4. málsl. í texta með merki K01.11 í 18. gr. komi: Í jarðgöngum við hægri brún akbrautar miðað við aksturssstefnu er heimilt að hafa merkin tvö með a.m.k. 0,3 m bili á milli og við vinstri brún akbrautar á vegi með umferð í báðar áttir er heimilt að hafa merkin tvisvar sinnum tvö með a.m.k. 0,3 m bili á milli para.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 79. og 84. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. desember 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnson.

Ólafur W. Stefánsson.

28. desember 2001 Nr. 1000

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um lánaflokka Íbúðalánasjóðs, nr. 458/1999.

1. gr.

Í stað 1. mgr. 4. gr. kemur svohljóðandi 1. mgr.:

Vextir af lánum Íbúðalánasjóðs, skv. 1.-6. og 8. tölul. 2. gr. skulu taka mið af þeim lánskjörum, sem Íbúðalánasjóði bjóðast hverju sinni. Vextir af lánum Íbúðalánasjóðs, skv. 7. tölul. 2. gr. skulu vera breytilegir. Stjórn Íbúðalánasjóðs skal við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert ákveða vexti fyrir einstaka lánaflokka að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Stjórn Íbúðalánasjóðs lætur birta ákvörðun sína um vexti í Lögbirtingablaði fyrir 1. febrúar ár hvert.

2. gr.

Í stað VIII. kafla kemur nýr svohljóðandi VIII. kafli:

VIII. KAFLI

Lán til leiguíbúða.

34. gr.

Almennt.

Íbúðalánasjóði er heimilt að veita sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, þ. á m. húsnæðissamvinnufélögum, lán til byggingar eða kaupa leiguíbúða til útleigu fyrir félagsmenn í hlutaðeigandi félögum eða félagasamtökum eða aðra leigjendur hjá slíku félagi.

Úr þessum lánaflokki skal veita lán til leiguíbúða sem ekki falla undir skilgreiningu VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál. Þá skal veita úr þessum lánaflokki lán til allt að 150 leiguíbúða á ári á árunum 2002, 2003, 2004 og 2005 eða alls 600 íbúða á 4,5% vöxtum samkvæmt sérstöku átaki til að auka framboð leiguhúsnæðis, sbr. 40. gr.

35. gr.

Markmið félaga og félagasamtaka.

Markmið félaga og félagasamtaka skal meðal annars vera að koma á fót, leigja út, halda við og endurnýja íbúðarhúsnæði ásamt sameiginlegri aðstöðu.

Hyggist félag eða félagasamtök koma á fót leiguíbúðum og sækja til þess um lán frá Íbúðalánasjóði skal senda samþykktir/lög hlutaðeigandi félags eða félagasamtaka til félagsmálaráðherra til staðfestingar. Staðfesting þessi skal liggja fyrir áður en sótt er um lán hjá Íbúðalánasjóði.

Húsnæðissamvinnufélög er fengið hafa staðfestingu félagsmálaráðherra á samþykktum sínum samkvæmt lögum um húsnæðissamvinnufélög skulu undanþegin sérstakri staðfestingu á samþykktum sínum skv. 2. mgr.

36. gr.

Efni samþykkta.

Skilyrði þess að félög eða félagasamtök hljóti staðfestingu félagsmálaráðherra er að eftirfarandi atriði komi fram í samþykktum/lögum hlutaðeigandi, auk almennra skilyrða um efni samþykkta slíkra félaga eða félagasamtaka:

1. Að tilgangur félagsins eða samtakanna sé meðal annars að koma á fót og reka leiguíbúðir. Verkefnið sé langtímaverkefni.
2. Hvert sé stofnfé og hver sé fjárhagsleg ábyrgð félagsins eða félagasamtakanna.
3. Hvernig háttað sé endurskoðun reikninga og reikningsskilum.
4. Að reikningar séu áritaðir og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
5. Hvernig fari með eigur félagsins eða samtakanna við slit.
6. Skipulagsskrár félaga og félagasamtaka sem rekin eru að hætti sjálfseignarstofnana skulu hafa hlotið staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, eða verið skráð á sjálfseignarstofnanaskrá Hagstofu Íslands, sbr. 37. gr. laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.
7. Hvernig skuli fara með endurgreiðslu afnotaréttar, sbr. 42. gr.

37. gr.

Áætlanir og ákvörðun lánsheimilda.

Fyrir 1. október ár hvert skulu umsækjendur senda Íbúðalánasjóði áætlanir sínar um fyrirhugaðar byggingar eða kaup á íbúðum á komandi ári. Íbúðalánasjóður getur óskað eftir því að áætlanir miðist við allt að þrjú ár.

Í áætlun skal m.a. koma fram rökstuðningur fyrir íbúða- og lánsþörf svo og með hvaða hætti umsækjandi hyggst ráðstafa þeim leiguíbúðum sem hann hyggst byggja eða kaupa.

Þegar fyrir liggur það fjármagn, sem Íbúðalánasjóður hefur til ráðstöfunar hverju sinni vegna lánveitinga til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði til útleigu úr þessum lánaflokki og vaxtakjör þeirra, fer stjórn Íbúðalánasjóðs yfir áætlanir umsækjenda um þörf fyrir leiguhúsnæði og ákveður í desember ár hvert lánsheimildir sem umsækjendum er heimilt að nýta sér á næsta ári.

38. gr.

Lánsumsóknir.

Þegar sveitarfélög, félög eða félagasamtök hafa tekið ákvörðun um kaup eða byggingu leiguhúsnæðis tilkynna þau þá ákvörðun sína til Íbúðalánasjóðs og sækja jafnframt formlega um lán.

Í lánsumsókn skal koma fram fjöldi, gerð og stærð viðkomandi íbúða, framkvæmda-

tími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Umsóknir um lán skulu hafa borist Íbúðalánasjóði áður en framkvæmdir hefjast.

39. gr.

Eigið framlag og afgreiðsla lánsumsókna.

Umsækjendur skulu sýna fram á það, við lánsumsókn hjá Íbúðalánasjóði, að þeir hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að greiða þann hluta af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar sem ekki fæst lánað til skv. 41. gr. Því til staðfestingar skal leggja fram ábyrgð af hálfu fjármálastofnunar eða annað sem Íbúðalánasjóður metur gilt.

Íbúðalánasjóður aðgætir hvort umsókn samræmist heimild stjórnar Íbúðalánasjóðs, ákvæðum reglugerðar þessarar svo og ákvæðum laga um húsnæðismál. Íbúðalánasjóður tilkynnir síðan umsækjanda um afgreiðslu sína á umsókn hans.

40. gr.

Sérstakt átak til fjölgunar leiguíbúða.

Samkvæmt sérstöku átaki til fjölgunar leiguíbúða á árunum 2002, 2003, 2004 og 2005 úthlutar Íbúðalánasjóður í samráði við félagsmálaráðuneyti lánum til umsækjenda. Við úthlutun skal m.a. tekið tillit til þarfar til leiguhúsnæðis í viðkomandi sveitarfélagi og þátttöku sveitarfélagsins til átaksins. Sérstök áhersla skal lögð á að auka framboð á minni íbúðum.

41. gr.

Lánskjör og lánsfjárhæð.

Lán til leiguíbúða skulu tryggð með veði í hlutaðeigandi íbúðarhúsnæði. Veðrými miðast við 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar, þó aldrei meira en 90% af hámarksverði íbúða, samkvæmt reglum Íbúðalánasjóðs. Heimilt er að víkja frá reglum um veðrými í tengslum við sérstakt átak til fjölgunar leiguíbúða, sbr. 40. gr.

Lán getur numið allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar. Um ákvörðun byggingarkostnaðar og byggingarhætti, þ. á m. stærðir íbúða og reglur um hámarksverð íbúða, fer eftir V. kafla reglugerðar nr. 873/2001 um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, og samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íbúðalánasjóðs. Stjórn Íbúðalánasjóðs ákveður lánshlutfallið hverju sinni að teknu tilliti til fjölda umsókna og þess fjármagns sem til ráðstöfunar er hverju sinni. Lán sem veitt eru samkvæmt þessum kafla koma til útborgunar þegar framkvæmdum er lokið eða samkvæmt kauptilboði.

Við ákvörðun lánsfjárhæðar skal taka tillit til fjármagns frá opinberum aðilum, þ. á m. úr ríkissjóði, til hlutaðeigandi framkvæmda þannig að lán úr Íbúðalánasjóði og annað fjármagn verði samanlagt aldrei hærra en 90% af kaupverði eða byggingarkostnaði.

Lánstími skal vera allt að 50 árum. Vextir af lánum til leiguíbúða skulu vera breytilegir. Um lánskjör fer að öðru leyti eftir 4. gr.

42. gr.

Sala á afnotarétti.

Félögum og félagasamtökum er heimilt að selja félagsmanni eða leigjanda afnotarétt í íbúð með þeirri kvöð að hlutur hans standi óhreyfður í íbúðinni á meðan hann hefur afnot af henni. Gjaldið má nema allt að 30% af byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar og takmarkast við eigið framlag umsækjanda, sbr. 1. mgr. 39. gr.

Gerður skal skriflegur samningur um sölu afnotaréttar skv. 1. mgr. þar sem kveðið skal á um réttindi og skyldur samningsaðila.

Við lok samningstímans skal félagsmaður eða leigjandi, sé hann ekki jafnframt félagsmaður, fá endurgreiddan hlut sinn í samræmi við samþykktir hlutaðeigandi félags eða félagasamtaka.

Kvöð skv. 1. mgr. skal þinglýst á viðkomandi íbúð.

43. gr.

Takmarkanir.

Óheimilt er að hafa eigendaskipti á íbúð sem á hvílir lán sem veitt hefur verið samkvæmt þessum kafla, nema til komi annaðhvort uppgreiðsla lánsins eða samþykki stjórnar Íbúðalánasjóðs um yfirtökuna.

Félög og félagasamtök er ráðstafa leiguíbúð skv. 1. mgr. 42. gr. bera eftir sem áður fulla ábyrgð á láninu sem veitt var af Íbúðalánasjóði.

Sé rekstri félags hætt eða tilgangi þess breytt eða það íbúðarhúsnæði sem lánað er til er tekið undir annan rekstur skal áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs greitt upp. Þinglýsa skal kvöð þess efnis á íbúðina samhliða þinglýsingu lánsins.

Tilkynna skal Íbúðalánasjóði um breytingar skv. 3. mgr. án ástæðulausrar tafar.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. desember 2001.

Páll Pétursson.

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir.

Nr. 1001 17. desember 2001

AUGLÝSING

um leiðbeiningar varðandi eftirlit vinnuveitenda með tölvupóst- og netnotkun starfsmanna.

1. gr.

Markmið og skilgreiningar.

Markmið leiðbeininga þessara er að veita leiðsögn um það hvernig og hvenær vinnuveitendur megi vakta tölvupóst- og netnotkun starfsmanna.

Með leiðbeiningum þessum er reynt að stuðla að því að jafnvægi ríki annars vegar á milli hagsmuna vinnuveitandans af því að geta fylgst með því að sá hug- og vélbúnaður sem hann leggur til sé nýttur í þágu þeirrar starfsemi sem hann rekur og hins vegar hagsmuna starfsmanna af því að njóta eðlilegs einkalífsréttar á vinnustað.

Merking hugtaka er í reglum þessum sem hér segir:

1. *Einkatölvupóstur*: Tölvupóstur sem starfsmaður sendir eða móttekur á vinnustað og lýtur einungis að einkamálefnum hans en varðar hvorki hagsmuni vinnuveitanda né þá starfsemi sem hann rekur.
2. *Netnotkun*: Notkun starfsmanns á þeim hug- og vélbúnaði sem vinnuveitandi lætur honum í té til að vafra um netið og til að taka við og senda tölvupóst.

3. *Netvöktun*: Með netvöktun er í reglum þessum bæði átt við óreglubundnar athuganir vegna tilfallandi atvika og viðvarandi eða reglubundið endurtekið eftirlit vinnuveitanda með netnotkun starfsmanna.

2. gr.
Vinnureglur.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, skal sérhver vinnuveitandi skilgreina þá stefnu sem hann hyggst fylgja varðandi netvöktun. Sú stefna telst vera þáttur í öryggiskerfi vinnuveitandans, sbr. 3. gr. reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Vinnuveitanda er óheimilt að fylgjast með netnotkun starfsmanna nema hann hafi áður uppfyllt fræðsluskyldu sína, skv. 20. gr. laga nr. 77/2000. Það má gera með setningu reglna um hvernig sé/verði staðið að netvöktun. Er þá æskilegt að:

a) Reglurnar séu skriflegar og auðskiljanlegar.
b) Að reglunum verði ekki beitt nema öllum starfsmönnum hafi áður sannanlega verið kunngjört efni þeirra og þeim gefinn a.m.k. 15 daga frestur til að koma að athugasemdum og eftir atvikum viðhafa ráðstafanir til að eyða einkatölvupósti, hylja slóð netvafurs, koma skilaboðum til þeirra sem þeir eru í tölvupóstsambandi við o.s.frv., áður en netvöktun hefst. Í vinnureglum skal, eftir því sem unnt er, veita starfsmönnum leiðsögn um hvernig þeir geti eytt slíkum upplýsingum.
c) Að reglurnar séu starfsfólki jafnan aðgengilegar og sæti reglulegri endurskoðun.

Fræðuskylda samkvæmt 2. mgr. nær ekki til kerfis sem tryggir sjálfvirka vistun tölvupósts og veffanga á netþjóni vinnuveitanda, nema samhliða notkun þess fari fram netvöktun eða annars konar eftirlit.

Vinnureglur vinnuveitanda samkvæmt þessari grein víkja ef annað leiðir af kjarasamningi eða samkomulagi sem telja verður bindandi milli aðila.

3. gr.
Sjónarmið um meðalhóf.

Við setningu reglna samkvæmt 2. gr. leiðbeininga þessara skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til í því skyni að tryggja eðlilega hagsmuni og lögmætan rekstur vinnuveitanda.

Virða ber einkalífsrétt starfsmanna og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra þegar vinnureglur um netvöktun eru settar og þeim framfylgt.

4. gr.
Efni vinnureglna.

Í vinnureglum, eða eftir atvikum í samningi aðila, um tölvupóst- og netnotkun starfsmanna er æskilegt að tekin sé afstaða til eftirfarandi atriða:

1) Að hvaða marki persónuleg netnotkun starfsmanna sé heimil og hvaða búnað vinnuveitandans starfsmenn mega nota til slíks.
2) Hvað teljist vera einkatölvupóstur starfsmanns og hvernig með hann skuli farið. Í því felst m.a. að tilgreina hvernig starfsmenn geti auðkennt slíkan póst eða með öðrum hætti varist því að hann verði skoðaður af öðrum aðilum á sama vinnustað. Þá skal leiðbeint um möguleika starfsmanna á því að koma sér upp sérstöku einkatölvupóstfangi, þ.e. öðru en netfangi vinnuveitanda, og að það muni vinnuveitandi ekki netvakta.
3) Hvort og þá hvaða netnotkun sé bönnuð. Í því felst m.a. að skilgreina hvort bannað sé að sækja á netið tiltekið efni og/eða senda slíkt efni með í tölvupósti. Sama gæti

t.d. átt við um notkun efnis sem hætta er á að geti verið vírussmitað. Þá skal taka fram hvernig starfsmenn geti brugðist við ef þeir lenda fyrir mistök á slíkum heimasíðum eða fá slíkt efni sent með tölvupósti.

4) Hvernig upplýsingar um netnotkun og afrit af tölvupósti séu varðveitt, hversu lengi og í hvaða tilgangi og hvernig að öðru leyti séu uppfyllt ákvæði 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

5) Hvernig hagað er eftirliti með því að vinnureglur hlutaðeigandi fyrirtækis/stofnunar séu virtar og hvaða afleiðingar brot á þeim geta haft. Skal þess gætt við ákvörðun afleiðinga að þær séu innan marka laga og kjarasamninga.

5. gr.

Upplýsingaskylda vinnuveitanda við gerð ráðningarsamnings.

Við ráðningu starfsmanns er æskilegt að þess sé gætt, áður en gengið er frá samningi, að upplýsa starfsmanninn um þær reglur sem gilda um netvöktun á viðkomandi vinnustað. Skal það þá gert með skýrum, ótvíræðum og sannanlegum hætti. Skal koma fram í ráðningarsamningi hvernig að þessu hafi verið staðið. Verði slíku ekki við komið, s.s. vegna þess að ekki sé gengið frá skriflegum ráðningarsamningi, skal tryggja skýra upplýsingagjöf og aðgengi starfsmanna að vinnureglum. Er æskilegt að slíkar reglur séu birtar á heimasíðum vinnuveitenda og samtaka launafólks, í starfsmannahandbókum o.s.frv.

6. gr.

Heimild.

Leiðbeiningarreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. og 6. tl. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Persónuvernd, 17. desember 2001.

Páll Hreinsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.

Nr. 1002

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 2000.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtuþóknun vegna erlendrar innheimtu	2.895.067
Innheimtuþóknun önnur	4.746.517
Endurkrafinn fjárnámskostnaður	6.950.519
Innheimtir dráttarvextir og aðrar vaxtatekjur	206.555.385
	221.147.488
Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	54.158.214
Húsnæðiskostnaður	2.363.133
Kostnaður við fjárnám	14.541.515

	Kr.
Annar rekstrarkostnaður	22.870.696
Vextir og verðbætur	819.604
	94.753.435
Tekjur umfram gjöld	126.394.053

Efnahagsreikningur 31. desember 2000.

Peningalegar eignir:	
Veltufjármunir:	
Handbært fé	31.079.191
Óinnheimtar kröfur	3.909.310
Meðlagskröfur til innheimtu	7.148.326.596
Fyrirframgreiddur kostnaður	98.904
Peningalegar eignir samtals	7.183.414.001
Skuldir:	
Skuldir og eigið fé:	
Ógreiddur kostnaður	388.522
Tryggingastofnun ríkisins	62.900.000
Erlendar innheimtur	873.336
Félagsmálaráðuneytið	10.072.651
Samtals	74.234.509
Peningaleg staða	7.109.179.492
Aðrir liðir:	
Framlag jöfnunarsjóðs	5.612.565.654
Annað eigið fé	1.496.613.838
Aðrir liðir samtals	7.109.179.492

Reykjavík, 28. maí 2001.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Sigurgeir Sigurðsson. Húnbogi Þorsteinsson.
Snorri Björn Sigurðsson.

28. desember 2001 Nr. 1003

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsþorski 2002, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

2. gr.

Allar veiðar á Norðuríshafsþorski eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á íshafsþorski eru aðeins heimilar innan lögsögu Noregs og Rússlands og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þeirra veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflahlutdeild/aflamark í Norðuríshafsþorski, á árinu 2002, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fiskistofa skal úthluta aflamarki í þorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs annars vegar, og í efnahagslögsögu Rússlands hins vegar. Aflamark einstaks skips á hvoru svæði fyrir sig ræðst af aflahlutdeild þess.

4. gr.

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 3.660 tonn af þorski, auk 1.098 tonna aukaafla af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó. Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 2.287 tonn af þorski, auk 686 tonna aukaafla af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskafla, miðað við afla upp úr sjó.

5. gr.

Um veiðar í efnahagslögsögum Noregs og Rússlands fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir og möskvastærðir. Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs. Íslenskum skipum er óheimilt að hefja veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, fyrr en að fenginni staðfestingu Fiskistofu um að þeim sé það heimilt og frá hvaða tíma.

Skip þau, sem stunda veiðar í lögsögu Noregs, skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í lögsögu Noregs, fyrr en starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa staðfest til Fiskistofu, að ofangreindur búnaður sé um borð og starfi eðlilega.

6. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark í Norðuríshafsþorski.

7. gr.

Afli útgerð skips veiðiheimilda í rússneskri lögsögu, umfram þær sem úthlutað er skv. 3. gr., skal það tilkynnt Fiskistofu ásamt staðfestingu frá rússneskum stjórnvöldum og er óheimilt að stunda þær veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest heimildina.

8. gr.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar á Norðuríshafsþorski og innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar, skv. reglugerð þessari, skal

skipstjóri tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Fiskistofu, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó, og áætlaður löndunarstaður og -tími. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs og Rússlands.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs og hve mikill í efnahagslögsögu Rússlands.

9. gr.

Heimilt er að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðuríshafsþorskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. desember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

27. desember 2001 Nr. 1004

AUGLÝSING

um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Lýsing á meistaranámi snyrtigreina bls. 144 orðist svo:

Tilgangur meistaranáms er að veita nemum fræðslu, þjálfun og undirbúning þannig að þeir geti staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði.

Stjórnunar- og rekstrargreinar		*17 einingar*
Bókhald og skjalavarsla	MBS 101	1 ein.
Innkaup og birgðastýring	MIB 101	1 ein.
Kennsla/þjálfun	MKE 102	2 ein.
Reikningsskil	MRS 103	3 ein.
Rekstrarumhverfi	MRU 102	2 ein.
Stjórnun	MST 104	4 ein.
Sölutækni og samskipti	MSÖ 101	1 ein.
Viðskiptastærðfræði	STÆ 243	3 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 27. desember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

Nr. 1005 20. desember 2001

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2001 um breytingu á ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000 og 3/2000 um gildistöku nýrra reglna um flugrekstur með þyrlum, JAR-OPS 3, Change 1.

Samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000 og nr. 3/2000, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 753/2000 og nr. 987/2000 um gildistöku nýrra reglna um flugrekstur með þyrlum JAR-OPS 3, Change 1, tóku reglur JAA um flugrekstur með þyrlum JAR-OPS 3, Change 1, gildi frá og með 1. janúar 2001.

Flugmálastjórn hefur ákveðið að þeim aðilum sem fyrir gildistöku reglnanna stunduðu flugrekstur í flutningaflugi með þyrlum í sjónflugi sé hér með veittur frekari aðlögunartími að ákvæðum JAR-OPS 3 Change 1. Aðlögunartími þessi skal teljast frá gildistöku reglnanna frá og með 1. janúar 2001 til 31. desember 2002.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, verður ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Reykjavík, 20. desember 2001.

Þorgeir Pálsson flugmálastjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 2002.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c.-staflið samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 9.500 á árinu 2002.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. maí en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 4.050 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 8.100, ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Húsavík, nr. 567 frá 21. nóvember 1991 og gildir fyrir árið 2002.

Húsavíkurkaupstað, 19. desember 2001.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Selsunds, frístundahúsasvæðis, Rangárvallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 4. september 2001 deiliskipulag Selsunds, frístundahúsasvæðis, í landi Selsunds.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem er við jaðar Selsundshrauns, sunnan og suðvestan við Selsundslæk sem rennur undan hrauninu skammt frá bænum Selsundi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 14 desember 2001.

F.h. hreppsnefndar,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Austurlands.

1. gr.

	kr.	
Sæðingargjald/skýrsluhald	2.200	
Sæðingargjald án skýrsluhalds	2.400	
Sæðingargjald án mjólkurinnleggs	6.050	
Holdasæði, Galloway	1.200	pr. strá
Holdasæði, Angus og Limousin	600	pr. strá

Í gjaldinu er innifalið fyrstu þrjár sæðingar pr. kú.

2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 1009 20. desember 2001

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 14/2001, um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda á einstaklinga er lauk 31. júlí 2001.

Í stað 21. desember, sbr. auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 13/2001 skulu skattstjórar hafa lokið við að úrskurða kærur þann 31. janúar 2002 vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 2000 og eigna í lok þess árs.

Reykjavík, 20. desember 2001.

F.h. ríkisskattstjóra,

Ingvar J. Rögnvaldsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps.

Með vísan til 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 28. desember 2001 staðfest sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps í eitt sveitarfélag, í samræmi við tillögur nefndar sem skipuð var á grundvelli 89. gr. sömu laga og að fenginni umsögn sveitarstjórna viðkomandi sveitarfélaga.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum sem fram fara 25. maí 2002.

Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land, sem nú tilheyrir áðurgreindum sveitarfélögum.

Íbúar sveitarfélaganna tveggja skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur, sem tilheyra sveitarfélögunum tveimur skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 25. maí 2002, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar tvær ákveða fjölda kjördeilda og kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum fer fram atkvæðagreiðsla um nafn hins nýja sveitarfélags samkvæmt tillögu nefndar sem sveitarstjórnirnar skipa. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega, að fenginni staðfestingu ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. desember 2001.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Suðurlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur og auk þess er:

a. Gjald af hverri sæddri skýrslufærðri kú kr. 1.500.

b. Gjald af hverri sæddri óskýrslufærðri kúkr. 1.700.

Gjaldið er óháð fjölda sæðinga.

2. gr.

Gjald fyrir ýmsa vinnu eða sérhæfðar einstaklingsleiðbeiningar. Fyrir vinnu við ómsjármælingar lamba, áætlanagerð (rekstur, áburður og fóður), skurðamælingar og fleiri verkefni sem undir lögin falla er:

Gjald kr. 3.000 á klst.

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er að fenginni umsögn Bændsamtaka Íslands og með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Suðurlands nr. 519/2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 1012 12. desember 2001

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Djúpavogshreppi árið 2002.

Samkvæmt 5. gr. samþykkta um sorphirðu í Djúpavogshreppi frá 30. júní 1999, ákvað sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi sínum þann 6. desember sl. að gjald fyrir sorphreinsun fyrir árið 2002 verði kr. 6.000 pr./tunnu og sorpeyðingargjald kr. 5.000 pr./tunnu.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Djúpavogi, 12. desember 2001.

Ólafur Ragnarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 341/2001 um geislun matvæla með jónandi geislun.

1. gr.

Viðauki I við reglugerðina orðast svo:

VIÐAUKI 1

1. SKAMMTAMÆLINGAR.

Meðaltals geislaskammtur.

Við mat á heilnæmi matvæla sem hafa verið geisluð með að meðaltali 10 kGy geislaskammti eða lægri má gera ráð fyrir að öll efnafræðileg áhrif vegna geislunar á þessu tiltekna orkusviði séu í réttu hlutfalli við stærð geislaskammtsins.

Meðalgeislaskammtur, $\bar{D}$, er skilgreindur sem tegur heildarmassa matvælanna:

$$\bar{D} = \frac{1}{M} \int p(x,y,z)\, d(x,y,z)\, dV$$

þar sem M = heildarmassi geislaðs sýnis;
p = eðlismassi á staðbundnu svæði (x,y,z);
d = geislaskammtur á staðbundnu svæði (x,y,z);
dV = dx dy dz, hið örsmáa rúmmál sem í raunverulegum tilfellum er lýst með rúmmálsbrotum.

Í einsleitum einingum matvæla og stórum pakkningum með einsleitan eðlismassa má reikna meðaltals geislaskammt með því að framkvæma geislamælingar á lykilstöðum og jafnframt handahófsmælingar í öllu rúmmáli matvælanna. Út frá slíkum staðalmælingum má reikna dreifingu geislaskammta og fá út meðalgeislaskammt.

Þegar dreifing geislaskammta er þekkt er hægt að áætla staðsetningu hámarks- og lágmarksgeislaskammta. Með því að mæla geislaskammta í þessum punktum í sambærilegum matvælasýnum má áætla meðalgeislaskammt.

Í sumum tilvikum gefa meðalgildi lágmarks- D($\bar{D}$min) og hámarksgeislaskammts ($\bar{D}$max) góða nálgun á meðalgeislaskammti:

$$\text{Meðalgeislaskammtur} \approx \frac{\bar{D}\text{max} + \bar{D}\text{min}}{2}$$

Hlutfall $\frac{\bar{D}\text{max}}{\bar{D}\text{min}}$ má þó ekki vera hærra en 3.

2. AÐFERÐIR.

Staðalmælingar.

2.1. Áður en hafist er handa við reglubundna geislun tiltekinna matvæla á geislunarstöð skal finna þá punkta þar sem hámarks- og lágsmarksgeislaskammtar eru með því að framkvæma mælingar í öllu rúmmáli matvælanna. Mælingarnar skal framkvæma nógu oft (þ.e. 3-5 sinnum) til að taka tillit til frávika í eðlismassa og lögun matvælanna.

2.2. Staðalmælingar skal endurtaka í hvert sinn sem veruleg breyting verður á lögun matvælanna eða á skilyrðum við geislun á geislunarstöð.

2.3. Á meðan á geislun stendur skulu fara fram reglubundnar mælingar til að tryggja að ekki sé geislað umfram leyfilegan hámarksgeislaskammt. Mælingarnar skulu framkvæmdar með því að staðsetja geislamæla í þeim punktum sem ákvarðaðir eru sam-

kvæmt 2.1. eða á öðrum viðmiðunarstöðum. Velja má aðra viðmiðunarpunkta í eða á matvælunum, á aðgengilegum stöðum þar sem frávik eru lítil, ef samband þeirra við fyrrgreinda mælipunkta er þekkt.

2.4. Framkvæma skal reglubundnar mælingar með hæfilegum tímafresti á hverri lotu matvæla og við hverja geislun.

2.5. Þegar geisluð eru óinnpökkuð fljótandi matvæli er ekki hægt að staðsetja lágmarks- og hámarksgeislaskammta. Þá er árangursríkara að staðsetja mælipunkta af handahófi til að staðfesta hámarks og lágmarksgildi.

2.6. Mælingar á skammtastærðum skal framkvæma með kvörðuðum geislamælingabúnaði og niðurstöður skal byggja á samanburði við viðurkennda frumstaðla.

2.7. Á meðan á geislun stendur skal vera hægt að stýra ákveðnum breytum í geislunarstöð og þær skulu skráðar að staðaldri. Þegar notaðar eru geislavirkar samsætur skulu m.a. eftirfarandi breytur skráðar: ferðahraði matvælanna, tími í geislasviði og staðfesting á réttri staðsetningu geislalindar.

Þegar notaðar eru rafeindir eða röntgengeislar skulu m.a. eftirfarandi breytur skráðar: ferðahraði matvælanna, orka geislunar, rafstraumur og vídd skanna.

VIÐAUKI 2

Matvæli sem meðhöndla má með jónandi geislum og hámarks leyfilegir geislaskammtar.*

Matvæli	Hámarks leyfilegur geislaskammtur (kGy)
Þurrkaðar kryddjurtir, krydd og grænmetiskrydd	10

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerðin er sett með hliðsjón af XII. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipanir 2/1999 og 3/1999).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 31. desember 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um Raunvísindastofnun Háskólans.

1. gr.

Almennt.

Raunvísindastofnun er vettvangur rannsókna í raunvísindum við Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir raunvísindadeild eins og nánar er kveðið á um í reglum þessum.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Raunvísindastofnunar er að stunda grunnrannsóknir í raunvísindum. Ennfremur skal stofnunin eftir föngum:

a. stuðla að hagnýtingu nýjunga á fræðasviðum stofnunarinnar,
b. veita kennurum og framhaldsnemum rannsóknaraðstöðu á sviðum stofnunarinnar,
c. veita sérfræðiaðstoð, ráðgjöf og annast fræðslustarfsemi, en þessi verkefni eru unnin gegn greiðslu eftir því sem við á.

Þá skal stofnunin veita nemendum í framhaldsnámi sem þar hafa rannsóknaraðstöðu þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum eftir því sem unnt er, en um önnur kennslustörf sérfræðinga sinna semur stofnunin við háskóladeildir.

3. gr.

Stofuskipulag.

Raunvísindastofnun skiptist í sjö rannsóknarstofur:

1. Eðlisfræðistofu.
2. Efnafræðistofu.
3. Jarðeðlisfræðistofu.
4. Jarð- og landfræðistofu.
5. Lífefnafræðistofu.
6. Reiknifræðistofu.
7. Stærðfræðistofu.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki raunvísindadeildar, að ákveða aðra skiptingu í rannsóknarstofur. Stjórnin kveður á um skiptingu fræðigreina milli stofa og getur skipt rannsóknarstofum upp í deildir.

4. gr.

Rannsóknar- og skrifstofuaðstaða.

Stofnunin veitir starfsliði sínu, sbr. 11. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er. Til rannsóknaraðstöðu sem stofnunin veitir teljast rannsóknarstofur, mælitæki og áhöld og efni sem notuð eru til mælinga og gagnasöfnunar á rannsóknarstofum og við útivinnu svo og vinnuaðstaða nemenda í framhaldsnámi. Jafnframt veitir stofnunin skrifstofuaðstöðu fyrir starfslið á skrifstofu, sérfræðinga og verkefnaráðna og lætur þessum starfsmönnum í té almennan skrifstofubúnað.

Heimilt er að veita kennurum við aðrar deildir rannsóknaaðstöðu við stofnunina.

5. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð stjórnarformanni, stofustjórum kjörnum skv. 12. gr. og einum fulltrúa starfsmanna. Formaður stjórnar skal vera úr hópi starfsmanna skv. a- eða b-lið 11. gr. Fulltrúi starfsmanna skal hafa starfað samfleytt a.m.k. eitt ár við stofnunina.

Formaður stjórnar og fulltrúi starfsmanna ásamt varamanni þess síðarnefnda eru kjörnir í skriflegri kosningu í janúar til fjögurra ára í senn af þeim hópum starfsmanna sem greinir í liðum a-d í 11. gr.

Stjórnarskipti fara fram 1. júlí á því ári sem kjör stjórnarmanna hefur farið fram.

Varamenn taka sæti í stjórn í forföllum aðalmanna. Varaformaður stjórnar skal valinn úr hópi stofustjóra á fyrsta fundi nýrrar stjórnar. Hann tekur sæti formanns stjórnar í forföllum hans. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar og er málsvari stjórnarinnar og fulltrúi hennar innan stofnunar og utan. Á milli stjórnarfunda og stofnunarfunda fer formaður stjórnar í umboði þeirra með ákvörðunarvald í öllum sameiginlegum málum stofnunarinnar.

Stjórn er heimilt að mynda þriggja manna framkvæmdastjórn úr sínum röðum.

6. gr.
Verkefni stjórnar.

Stjórnin mótar heildarstefnu fyrir stofnunina. Stjórnin fjallar um sameiginleg málefni rannsóknarstofa, skipuleggur eftir aðstæðum samstarf milli rannsóknarstofa og sker úr vafaatriðum um skiptingu verkefna milli stofa. Stjórnin framkvæmir samþykktir stofnunarfundar.

Stjórnin semur rekstrar- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárhagsáætlun og uppgjöri gagnvart deild og háskólaráði. Stjórnin ákveður skiptingu fjárveitinga sbr. a-, b- og e-lið 14. gr. milli stofa, og staðfestir reikninga liðins árs.

Stjórnin ráðstafar húsnæði því sem stofnunin hefur til afnota til einstakra stofa og sameiginlegra þarfa. Áætlanir um húsnæðisþörf og rannsóknaraðstöðu vegna starfsemi stofnunarinnar skulu lagðar fyrir raunvísindadeild.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin ber undir stofnunarfund ráðningu sérfræðinga skv. b-lið 11. gr.

Stjórnin setur nánari starfsreglur um stofnunarfundi, stofufundi og starfsmannafundi skv. 8.-10. gr.

Stjórnin stendur að útgáfu ársskýrslu stofnunarinnar.

7. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með minnst þriggja daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundar. Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti raunvísindadeildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta raunvísindadeildar. Fundargerðir skulu aðgengilega öllum starfsmönnum stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri er ritari stjórnar.

8. gr.

Stofnunarfundir.

Framkvæmdastjóri boðar til fundar bréflega eða í tölvupósti með minnst sjö daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundar. Formaður stjórnar stýrir stofnunarfundum.

Skylt er að boða til fundar ef forseti raunvísindadeildar, rektor eða þriðjungur þeirra, sem rétt eiga til fundarsetu, æskir þess. Rétt til setu eiga starfsmenn skv. a- og b-lið 11. gr. Öllum sem setu eiga á stofnunarfundum er skylt að sækja fundina.

Stofnunarfundur er ályktunarbær ef helmingur atkvæðisbærra manna sækir fund.

Að fenginni umfjöllun stofnunarfundar um ráðningu sérfræðinga skv. b-lið 11. gr. gerir stjórnin tillögu til rektors um veitingu starfsins, í samræmi við reglur sem raunvísindadeild hefur samþykkt.

Stjórn stofnunarinnar skal leggja allar meiriháttar breytingar á stefnu í rannsóknum undir stofnunarfundi.

Fundargerðir skulu aðgengilegar öllum starfsmönnum stofnunarinnar.

9. gr.

Stofufundir.

Stofustjóri boðar stofufund bréflega eða í tölvupósti með minnst þriggja daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundar. Rétt til setu á stofufundi eiga starfsmenn viðkomandi stofu skv. a- til d-lið 11. gr. Stofustjóri stýrir stofufundi. Stofufundur er ályktunarbær ef meirihluti atkvæðisbærra manna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti.

Skylt er að boða til stofufundar ef þriðjungur þeirra, sem rétt eiga til fundarsetu, æskir þess.

Stofufundur er æðsta vald í sameiginlegum málum hverrar stofu öðrum en fjármálum sbr. 14. gr. Þó skal stofufundur staðfesta skiptingu fjárveitingar stjórnar að fenginni tillögu stofustjóra.

Stofufundur fjallar um rannsóknir, tækjakaup, húsnæði og aðra starfsaðstöðu.

Fundargerðir skulu aðgengilegar öllum þeim sem sæti eiga á stofufundi.

10. gr.

Starfsmannafundir.

Formaður stjórnar boðar til starfsmannafundar með minnst sjö daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundar. Formaður stjórnar stýrir starfsmannafundum.

Skylt er að boða til fundar ef forseti raunvísindadeildar, rektor eða þriðjungur þeirra, sem rétt eiga til fundarsetu, æskir þess. Rétt til setu á starfsmannafundi eiga allir starfsmenn stofnunarinnar. Starfsmenn skv. a- til d-lið 11. gr. hafa atkvæðisrétt en starfsmenn skv. e- og f-lið 11. gr. málfrelsi og tillögurétt án atkvæðisréttar. Starfsmannafundur er ályktunarbær ef meirihluti atkvæðisbærra manna sækir fund.

Starfsmannafundir eru vettvangur stjórnarinnar til þess að kynna störf sín. Starfsmannafundir fjalla um sameiginleg málefni stofnunarinnar og gera tillögur til stjórnar um meðferð sameiginlegra málefna.

Fundargerðir skulu aðgengilegar öllum starfsmönnum stofnunarinnar.

11. gr.
Starfslið.

Starfslið stofnunarinnar er:

a. Kennarar við Háskóla Íslands sem veitt er rannsóknaraðstaða á stofnuninni.
b. Sérfræðingar sem ráðnir eru til sjálfstæðra rannsókna.
c. Háskólamenntaðir rannsóknarmenn sem lúta verkefnisstjórum við rannsóknarstörf, svo og þeir sem hafa rannsóknarstöðustyrki.
d. Annað starfslið, þar á meðal tæknimenntaðir starfsmenn og starfslið á skrifstofu.
e. Skammtímaráðið starfslið, þar á meðal stúdentar í sumarvinnu eða framhaldsnámi.
f. Einstaklingar sem stofustjórar veita starfsaðstöðu um takmarkaðan tíma.

Um ráðningu starfsfólks fer eftir ákvæðum sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fyrir Háskóla Íslands, fer stjórn stofnunarinnar með ráðningarmálið. Stjórnin getur í þeim tilvikum framselt ráðningarvaldið innan stofnunar.

12. gr.
Stofustjórar, deildarstjórar og verkefnisstjórar.

Fyrir hverri rannsóknarstofu er stofustjóri sem ásamt varamanni er kjörinn til fjögurra ára í senn úr hópi starfsmanna á viðkomandi stofu skv. a- eða b-lið 11. gr. Kjörtímabil stofustjóra er frá 1. júlí á því ári sem hann er kjörinn til 30. júní að fjórum árum liðnum. Kosning skal vera skrifleg og skal henni lokið fyrir 1. febrúar á því ári sem kjörtímabil fráfarandi stofustjóra rennur út. Reynist atkvæði hafa fallið jöfn á tvo eða fleiri af þeim sem í kjöri eru og fengið hafa flest atkvæði, skal hlutkesti ráða niðurstöðu kosningar.

Sé stofu skipt í deildir skal deildarstjóri kjörinn ásamt varamanni á sama hátt.

Varamenn taka við störfum stofustjóra og deildarstjóra í forföllum.

Stofustjóri hefur eftirlit með fjármálum stofu sinnar og er ábyrgur gagnvart stjórn stofnunarinnar í starfi sínu.

Starfsmenn skv. a- og b-lið 11. gr. eru verkefnisstjórar. Þeir bera faglega ábyrgð á verkefnum sínum og fjárhagslega ábyrgð gagnvart stofustjóra viðkomandi stofu. Verkefnisstjórar skulu eftir því sem við á gera skriflegan samning við verkkaupa þar sem verkið er skilgreint og greiðsluáætlun kemur fram.

Óski verkefnaráðinn starfsmaður skv. c-lið 11. gr. eftir því að sækja um styrk til sjálfstæðra rannsókna með aðstöðu á stofnuninni, skal hann afla samþykkis stofustjóra fyrir því.

13. gr.
Framkvæmdastjóri.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórinn veitir sameiginlegri skrifstofu stofnunarinnar forstöðu og sér um daglegan rekstur. Hann sér um framkvæmd þeirra mála sem stjórn stofnunarinnar felur honum og er ritari stjórnar.

Stjórnin setur framkvæmdastjóra erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórninni í starfi sínu.

14. gr.

Fjármál og reikningshald.

Tekjur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

a. framlag frá Háskóla Íslands skv. ákvörðun háskólaráðs,
b. framlag frá raunvísindadeild,
c. styrkir til einstakra verkefna,
d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
e. aðrar tekjur, t.d. framlög úr ríkissjóði eða gjafir.

Reikningshald stofnunarinnar er sjálfstætt. Formaður stjórnar ber fjárábyrgð gagnvart deild og háskólaráði. Afrit fjárhagsáætlunar skal sent deildarforseta raunvísindadeildar og einnig uppgjör.

Veiti Raunvísindastofnun þjónustu í frjálsri samkeppni við atvinnustarfsemi annarra aðila skal sú starfsemi stofnunarinnar afmörkuð frá öðrum rekstri. Gæta ber að þeim ákvæðum samkeppnislaga sem banna niðurgreiðslu samkeppnisrekstrar með opinberu fé.

Stjórn stofnunarinnar ákveður bókhalds-, stjórnunar- og aðstöðugjald til stofnunarinnar af sértekjum, innan ramma sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

15. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 896/1999 um Raunvísindastofnun Háskólans, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 17. desember 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 2001:

I. Íslenskir ríkisborgarar.

1. janúar 2001:

Elina Helga Hallgrímsdóttir gæðastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu fiskverkafólks.

Elísa Wíum, Garðabæ, riddarakross fyrir störf að vímuefnavörnum.

Ellert B. Schram, forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íþrótta.

Gunnar Egilson klarínettuleikari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að tónlistarmálum.

Hörður Ágústsson listamaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu lista og menningar.

Jónína Guðmundsdóttir fv. forstöðumaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu lamaðra og fatlaðra.

Júlíus Hafstein framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að félagsmálum og í opinbera þágu.

Kristín Rós Hákonardóttir íþróttamaður, Reykjavík, riddarakross fyrir afrek í íþróttum.

Kristleifur Þorsteinsson bóndi, Húsafelli, riddarakross fyrir störf að ferðaþjónustu.

Páll Pálsson útgerðarmaður, Grindavík, riddarakross fyrir störf að sjávarútvegi og fiskvinnslu.

Sigurður Hallmarsson fv. skólastjóri, Húsavík, riddarakross fyrir störf í þágu menningar og lista.

Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður Íþróttasambands fatlaðra, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íþrótta fatlaðra.

Unnur Jónasdóttir, fv. formaður mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, riddarakross fyrir störf að líknarmálum.

Vala Flosadóttir íþróttamaður, riddarakross fyrir afrek í íþróttum.

17. júní 2001:

Ármann Halldórsson, fyrrum kennari á Eiðum, riddarakross fyrir störf í þágu menntunar og uppeldis.

Björn Jónsson fv. prestur, Akranesi, riddarakross fyrir störf að bindindis- og menningarmálum.

Bragi Ásgeirsson listmálari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu lista og menningar.

Egill Bjarnason ráðunautur, Sauðárkróki, riddarakross fyrir störf í þágu landbúnaðar.

Guðrún Agnarsdóttir læknir, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að heilbrigðismálum.

Gyða Stefánsdóttir kennari, Kópavogi, riddarakross fyrir störf í þágu menntunar og fræðslu.

Haraldur Sumarliðason húsasmíðameistari, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu iðnaðar.

Helga Ingólfsdóttir tónlistarmaður, Álftanesi, riddarakross fyrir störf í þágu lista og menningar.

Ingibjörg Pálmadóttir fv. ráðherra, Akranesi, stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Jón Ásgeirsson tónskáld, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu lista og menningar.

Kristín H. Pétursdóttir bókasafnsfræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu bókasafns- og upplýsingafræða.

Stefán Baldursson þjóðleikhússtjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu lista og menningar.

Svava Jakobsdóttir rithöfundur, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu lista og menningar.

Svavar Gestsson, sendiherra og fv. ráðherra, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Þorsteinn Gunnarsson rektor, Akureyri, riddarakross fyrir störf í þágu menntunar og vísinda.

23. ágúst 2001:

Stefán Lárus Stefánsson, forsetaritari, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

II. Erlendir ríkisborgarar.

21. maí 2001:

Reinhart Ehni sendiherra, Þýskalandi, stórkross.

25. júní 2001:

David Architzel aðmíráll, Bandaríkjunum, stórkross með stjörnu.

28. júní 2001:

Anfinn Kallsberg lögmaður, Þórshöfn, Færeyjum, stórriddarakross með stjörnu.
Helga Hjörvar forstöðumaður, Reykjavík, riddarakross.
Poul Mohr ræðismaður, Þórshöfn, Færeyjum, stórriddarakross.
Johann Hendrik Poulsen prófessor, Þórshöfn, Færeyjum, riddarakross.
Turid Sigurðardóttir lektor, Þórshöfn, Færeyjum, riddarakross.

10. júlí 2001:

Borge Boeskov forstjóri, Seattle, Bandaríkjunum, riddarakross.

7. ágúst 2001:

Jaap Schröder tónlistarmaður, Hollandi, riddarakross.

18. september 2001:

Constantin Stephanopoulos forseti, Grikklandi, stórkross.

16. október 2001:

Tatsuro Asai fv. prófessor, Tokyo, Japan, riddarakross.
Shinako Tsuchiya þingmaður, Tokyo, Japan, riddarakross.
Junichi Watanabe rithöfundur, Tokyo, Japan, riddarakross.

1. nóvember 2001:
Erik Skyum Nielsen bókmenntafræðingur, Danmörku, riddarakross.

12. nóvember 2001:
Evelyn Stefansson Nef, Kanada, riddarakross.

18. desember 2001:
Terence Hunt, Bretlandi, riddarakross.

Stjórnartíðindi B 131, nr. 978–1015. Útgáfudagur 10. janúar 2002.

STJÓRNARTÍÐINDI B 132 – 2001

31. desember 2001 2939 Nr. 1016

BÆJANÖFN O.FL.

Árið 2001 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn nýbýla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Brúarás. Úr landi Hallgilsstaða í Þórshafnarhreppi.
Höfðatún. Úr landi Vatnsenda í Villingaholtshreppi.
Ljárkot. Úr landi Hróðnýjarstaða í Dalabyggð.
Lækjarfell. Úr landi Ystafells III í Ljósavatnshreppi.
Sakka II. Úr landi Ölduhryggjar í Svarfaðardal.
Sandfell. Úr landi Sandfellshaga II í Öxarfirði.
Skálabrekka II. Úr landi Skálabrekku í Þingvallahreppi.
Skógarsel. Úr landi Auðsstaða í Borgarfjarðarsveit.
Skógarsel. Úr landi Holtssels í Eyjafjarðarsveit.
Sólbrekka. Í Reykholtshverfi í Biskupstungum.
Stekkjarhóll. Úr landi Heysholts í Holta- og Landsveit.
Strandarbakki. Úr landi Strandar í Vestur-Landeyjahreppi.
Tangi. Úr landi Vatnsenda í Villingaholtshreppi.
Vindás. Úr landi Litla-Saurbæjar í Ölfusi.
Þórufell. Úr landi Syðri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Árið 2001 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðnir um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum, samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum:

Dalbær. Sameinuð jörð Haugs og Dalbæjar í Gaulverjabæjarhreppi.
Ytra-Lón. Sameinuð jörð Efra-Lóns og Ytra-Lóns í Þórshafnarhreppi.

Örnefnanefnd, 31. desember 2001.

Ari Páll Kristinsson.

B 210
Gutenberg

EMBÆTTI, SÝSLANIR, LEYFI O.FL.

1999:

19. mars 1999 féll niður heimild Péturs Einarssonar til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

2000:

6. nóvember afsalaði William Thomas Möller sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

21. nóvember afsalaði Björn Friðfinnsson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

8. desember var Axel Zeppy Ishitile skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Windhoek í Namibíu.

S.d. lét John Simpson Kirkpatrick af störfum sem kjörræðismaður Íslands í Windhoek í Namibíu.

12. desember var Hirti Torfasyni hæstaréttardómara veitt lausn frá embætti frá 1. mars 2001 að telja.

14. desember afsalaði Sverrir Haukur Gunnlaugsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

22. desember var gefin út löggilding handa Guðmundi Ó. Björgvinssyni héraðsdómslögmanni til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var gefin út löggilding handa Halldóri H. Backman héraðsdómslögmanni til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

26. desember afsalaði Elína Margrét Ingólfsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

27. desember var Ferenc Utassy skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Búdapest í Ungverjalandi.

28. desember var Evu Margréti Ævarsdóttur veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

29. desember afsalaði Ólafur Reynir Guðmundsson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

2001:

2. janúar lét Erling Zanchetta af störfum sem kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Árósum í Danmörku.

S.d. var Torben Jørgensen skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Árósum í Danmörku.

3. janúar var gefin út löggilding handa Sigurði Kr. Sigurðssyni til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Meðan hann starfar ekki sem fasteignasali er leyfisbréfið varðveitt í ráðuneytinu.

S.d. var Láru G. Hansdóttur veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

4. janúar var Einari Páli Tamimi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

5. janúar var gefið út leyfisbréf handa Inger Steinsson til starfrækslu útfararþjónustu og gildir leyfisbréfið til næstu fimm ára frá 5. janúar 2001 að telja

8. janúar afsalaði Júlíus Kristinn Magnússon sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

10. janúar afsalaði Árni Guðmundsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Ása Ögmundsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Áslaug Björgvinsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Allan Vagn Magnússon sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Bergþór Magnússon sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Björn Hafsteinsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Böðvar Bragason sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Eggert Óskarsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Einar I. Halldórsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Elín Pálsdóttir Flygenring sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Ellert B. Schram sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Finnur Torfi Stefánsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Freyr Ófeigsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Friðjón Guðröðarsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Gísli Kjartansson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Guðrún Erlendsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Guðríður Guðmundsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Haraldur Henrysson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Haraldur Johannessen sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Helena Þuríður Karlsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Helga Hauksdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Helgi Ágústsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Helgi Jóhannesson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Hildur Sverrisdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Hrafn Bragason sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Hreinn Sveinsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Hrund Hafsteinsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Jón Eysteinsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Júlíus Smári sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Kristján Guðjónsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Lárus Bjarnason sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Lilja Sturludóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Logi Guðbrandsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Ólafur Stefán Sigurðsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Ólafur B. Thors sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Páll Sigurðsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Páll Þorsteinsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Ragna Árnadóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Sigríður Berglind Ásgeirsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Sigríður Jósefsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Sigurður T. Magnússon sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Skúli J. Pálmason sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Snædís Gunnlaugsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Stefán Skarphéðinsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Stefán Skjaldarson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Styrmir Gunnarsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Tómas H. Heiðar sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Þorsteinn Pálsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Þorsteinn Skúlason sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Þórarinn V. Þórarinsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Þórólfur Halldórsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

11. janúar skilaði Viggó Jörgensson til ráðuneytisins réttindum sínum til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Réttindin eru óvirk á meðan.

12. janúar var Gísla Rúnari Gíslasyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var Gísla Gíslasyni veitt að nýju leyfi til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. afsalaði Sigurjón Ingvason sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

15. janúar var gefin út löggilding handa Ellu Lilju Sigursteinsdóttur til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. afsalaði Tómas Gunnarsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Sigurlaug Kristín Jóhannsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

16. janúar var Friðrik Stefánsson sviptur leyfisbréfi sínu til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

17. janúar var Jóni Kristni Snæhólm veitt viðurkenning til að vera kjörræðismaður Seychelleseyja með ræðismannsstigi í Reykjavík.

23. janúar var Skúli Bjarnason læknir sviptur leyfi sínu til að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum.

S.d. skilaði Þórður Ingvarsson löggildingarskírteini sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. Falla réttindin því niður frá þeim tíma.

S.d. afsalaði Lára Helga Sveinsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

25. janúar var gefið út leyfisbréf handa Baldri Ómari Frederiksen til starfrækslu útfararþjónustu og gildir leyfisbréfið til næstu fimm ára frá 25. janúar 2001 að telja.

26. janúar var Leif Dundas veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Lissabon í Portúgal.

S.d. var Heather Alda Ireland skipuð kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Vancouver, British Colombia, Kanada.

30. janúar var Margréti Gunnlaugsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var Unni Gunnarsdóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. skipaði menntamálaráðherra Má Vilhjálmsson skólameistara Menntaskólans við Sund til fimm ára, frá 15. febrúar að telja.

S.d. afsalaði Jónas Haraldsson sér réttindum sínum til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. afsalaði Gestur Steinþórsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

31. janúar afsalaði Eyjólfur Ármannsson sér lögmannsréttindum sínum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

1. febrúar var Kristni Haukssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. afsalaði Hlín Lilja Sigfúsdóttir sér lögmannsréttindum sínum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

2. febrúar var Helgu Björk Laxdal lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Þórhildi Lilju Ólafsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. afsalaði Þorsteinn Eggertsson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. afsalaði Þorsteinn Eggertsson sér réttindum sínum til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

6. febrúar skipaði dómsmálaráðherra Ástríði Grímsdóttur til að vera sýslumaður í Ólafsfirði frá 1. júlí 2001 að telja.

S.d. skipaði forseti Íslands Ingibjörgu Benediktsdóttur til að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 1. mars 2001 að telja

8. febrúar var Jóni Ólafssyni veitt viðurkenning til þess að vera kjörræðismaður Indónesíu með aðalræðismannsstigi í Reykjavík.

13. febrúar var J. Brent Haymond skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Salt Lake City í Utah í Bandaríkjunum í stað Clark T. Thorstenson, sem lét af störfum sama dag.

S.d. var Alejandro Hernández Alfageme skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Vigo á Spáni.

16. febrúar var Björn Nils-Peter Palm skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Vasa í Finnlandi.

S.d. lét Holger Strandberg af störfum sem kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Vasa í Finnlandi.

19. febrúar var Björk Sigurgísladóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var tilkynnt að Ármann Haukur Benediktsson fullnægi ekki kröfum til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Leyfisbréf hans, útgefið 26. október 1993, hefur því ekki gildi.

20. febrúar var gefið út leyfisbréf handa sóknarnefnd Garðaprestakalls á Akranesi til starfrækslu útfararþjónustu og gildir leyfisbréfið til næstu 5 ára frá 20. febrúar 2001 að telja.

21. febrúar var Jean B. Godts skipaður kjörræðismaður með ræðisstigi í Brussel í Belgíu.

22. febrúar var gefin út löggilding handa Björgvini Þorsteinssyni til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Láru Huld Guðjónsdóttur veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

28. febrúar var Leslie Martin Swanson Jr. skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Portland, Oregon, Bandaríkjunum.

S.d. var Vítalí Kasatkin skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Múrmansk, Rússlandi.

S.d. skilaði Bjarnfreður Ólafsson leyfisbréfi sínu til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali og fellur frá þeim tíma niður heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

2. mars var Jóhanni Halldórssyni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

5. mars var Grétari Hannessyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

8. mars var Ólafi Páli Gunnarssyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var Lauri Lajunen skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Oulu í Finnlandi.

9. mars var Óskari Haflíða Ragnarssyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

12. mars var Jóni Ísberg veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. var gefin út löggilding handa Bergsteini Erni Gunnarssyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var John L. Joy skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í St. John´s á Nýfundnalandi, Kanada, í stað Avalon M. Goodridge sem nýlega hefur látið af störfum.

S.d. var Helga Magnúsi Gunnarssyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var Hallgrímur Benediktsson skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Calgary, Alberta, Kanada, í stað Stephan Vilberg Benediktsson sem nýlega hefur látið af störfum.

13. mars var Bjarka H. Diego veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

14. mars var Bryndísi Björk Kristjánsdóttur veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

16. mars var Ingvari Sverrissyni veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Auði Ingu Einarsdóttur cand. theol. sem sóknarprestur í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 15. apríl 2001 að telja.

19. mars var Ólafi Kristinssyni veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

21. mars var Jón Tryggvi Héðinsson læknir sviptur leyfi til þess að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum frá og með 21. mars að telja.

28. mars lagði Ragnheiður Thorlacius inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum. Réttindin eru því óvirk á meðan.

2. apríl var Þóri Ólafssyni veitt lausn frá embætti skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi frá og með 17. apríl 2001.

S.d. var Eygló Eyjólfsdóttur veitt lausn frá embætti skólameistara Borgarholtsskóla frá og með 15. apríl 2001.

3. apríl lagði Þórólfur Jónsson inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum. Réttindin eru því óvirk á meðan.

4. apríl var Guðmundínu Ragnarsdóttur veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

6. apríl var Hauki Guðlaugssyni veitt lausn frá embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar að eigin ósk fyrir aldurs sakir, frá og með 1. maí 2001.

9. apríl var Tryggva Þórhallssyni veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. afsalaði Ingibjörg Árnadóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

S.d. var gefin út löggilding handa Guðmundínu Ragnarsdóttur til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. lagði Kristín Haraldsdóttir inn rétindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum. Réttindin eru því óvirk á meðan.

S.d. afsalaði Jóhann Þórðarson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

10. apríl var gefin út löggilding handa Erni Gunnarssyni til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var gefið út leyfisbréf handa Útfararstofu Elíasar Jóhannessonar, Akranesi, til starfrækslu útfararþjónustu og gildir leyfisbréfið til næstu 5 ára frá 1. apríl 2001 að telja.

S.d. afsalaði Björk Sigurgísladóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún stundar ekki lögmannsstörf. Réttindin eru því óvirk á meðan.

S.d. var Þórir S. Gröndal ræðismaður í Miami, Bandaríkjunum, skipaður aðalræðismaður.

S.d. var John E. Holloway skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Norfolk, Bandaríkjunum, í stað Gerald L. Parks sem nýlega lét af störfum.

S.d. var Sesselja Siggeirsdóttir Seifert skipuð kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Norfolk, Bandaríkjunum.

S.d. var Edward Phillips Connors skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Denver, Colorado í Bandaríkjunum.

S.d. var Julia Yamileth Sanchez Colindres skipuð kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Tegucigalpa, Hondúras.

11. apríl skilaði Ragnar G. Þórðarson leyfisbréfi sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

17. apríl var Sverri Erni Björnssyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hann hefur afsalað sér réttindunum meðan hann stundar ekki lögmannsstörf.

S.d. var Runólfi Oddsyni veitt viðurkenning til þess að vera kjörræðismaður Slóvakíu með ræðismannsstigi í Reykjavík.

20. apríl lagði Haraldur Örn Ólafsson inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum. Réttindin eru því óvirk á meðan.

23. apríl afsalaði Atli Helgason sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum. Réttindin eru því óvirk á meðan.

25. apríl var Ellen Ruth Ingimundardóttur veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

S.d. afsalaði Ástríður Grímsdóttir sér leyfisbréfi sínu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hennar til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

2. maí var Loretta Kay Bernhöft skipuð kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Mountain/Grand Forks, Norður Dakota, Bandaríkjunum.

4. maí var Margréti Völu Kristjánsdóttur veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Birgi Tjörva Péturssyni veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

8. maí var Yngvi Pétursson skipaður rektor Menntaskólans í Reykjavík til fimm ára frá 1. ágúst 2001 að telja.

10. maí var Chamnarn Marksean Viravan skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðisstigi í Bangkok, Tælandi.

S.d. var Poul Mohr skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi í Þórshöfn í Færeyjum.

11. maí var gefin út löggilding handa Einari Erni Reynissyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

15. maí afsalaði Sigrún Guðmundsdóttir sér réttindum sínum til að vera hæstaréttarlögmaður, meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

22. maí var Sigurði Sigurjónssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

30. maí var tilkynnt að Ella Lilja Sigursteinsdóttir fullnægi ekki skilyrðum til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Leyfisbréf hennar, útgefið 15. janúar 2001 hefur ekki gildi á meðan.

5. júní var Guðrúnu Björgu Birgisdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

7. júní var Jóni Sigurðssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Hallmundi Albertssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

8. júní var Ólafur Sigurðsson skipaður skólameistari Borgarholtsskóla til fimm ára frá 15. júní 2001 að telja.

S.d. var Grétari Má Ólafssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Ólafi Erni Svanssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Hólmfríði Kristjánsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

11. júní var Gunnari Péturssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Herdísi Hallmarsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Vilhjálmi Bergs lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

12. júní var Hildi K. Friðleifsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Ólafi Jóhannesi Einarssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Friðriki Friðrikssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. afsalaði Erlingur Bertelsson sér lögmannsréttindum sínum, réttindin eru óvirk á meðan.

S.d. afsalaði Ólafur W. Stefánsson sér lögmannsréttindum sínum, réttindin eru óvirk á meðan.

S.d. afsalaði Þorvarður Sæmundsson sér lögmannsréttindum sínum, réttindin eru óvirk á meðan.

13. júní var Herði Felix Harðarsyni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. var Nökkva Má Jónssyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

14. júní var Stefáni Þór Bjarnasyni lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Skúli Bjarnason sviptur lækningaleyfi.

18. júní var Sigrúnu Benediktsdóttur veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d var Ernu Guðmundsdóttur veitt leyfi til að vera héraðsdómlögmaður.

19. júní afsalaði Ástríður Sólrún Grímsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður á meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

20. júní var Bryndísi Guðmundsdóttur veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

21. júní afsalaði Bryndís Guðmundsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

22. júní var Hörður Ó. Helgason skipaður skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi til fimm ára frá 15. júní að telja.

S.d. var Ólína Þorvarðardóttir skipuð skólameistari Menntaskólans á Ísafirði til fimm ára frá 1. ágúst 2001 að telja.

26. júní var Hjalta Árnasyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. afsalaði Katrín Theódórsdóttir sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hún gegnir ekki lögmannsstörfum.

27. júní var Einari Rafni Haraldssyni veitt viðurkenning til þess að vera kjörræðismaður Finnlands með ræðismannsstigi á Egilsstöðum.

28. júní var Ingunni Ólafsdóttur veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Sigurði Valgeiri Guðjónssyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

29. júní var Sigríði Ásthildi Andersen veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður. Hún hefur afsalað sér réttindunum meðan hún stundar ekki lögmannsstörf.

30. júní afsalaði Þorsteinn Pétursson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

3. júlí var Hrund Hólm veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

4. júlí var Elísabetu Þóreyju Þórisdóttur veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

5. júlí afsalaði Björn Baldursson sér réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður meðan hann gegnir ekki lögmannsstörfum.

9. júlí var Aðalsteini Þorsteinssyni veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Gianluca Eminente skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Napolí á Ítalíu í stað Roberto Eminente sem lét af starfi sem kjörræðismaður Íslands með aðalræðisstigi frá og með sama tíma.

10. júlí var gefin út löggilding handa Sveini Skúlasyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

11. júlí afsalaði Kristín Ágústa Björnsdóttir sér réttindum sínum til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

12. júlí var gefið úr skipunarbréf handa Braga J. Ingibergssyni, cand. theol. sem sóknarprestur í Víðistaðaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. september að telja.

16. júlí var Gissuri V. Kristjánssyni afhent að nýju leyfi hans til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

18. júlí var David R. Franklin skipaður kjörræðismaður með ræðismannsstigi í Montréal í Kanada.

20. júlí var Maro Ran-Ir Sondahl skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Curitiba í Brasilíu.

26. júlí var Júlíus K. Björnsson skipaður forstöðumaður Námsgagnastofnunar frá 1. september að telja.

31. júlí var Önnu L. Bjarnadóttur lögfræðingi veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

8. ágúst var gefið út skipunarbréf handa Leifi Ragnari Jónssyni sem sóknarprestur í Patreksfjarðarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi.

13. ágúst var Kristni Halldórssyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

14. ágúst lagði Unnur Sverrisdóttir inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Helgi Jóhannesson skipaður kjörræðismaður Danmerkur með ræðismannsstigi á Akureyri.

16. ágúst var Kristínu Pétursdóttur veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

17. ágúst féllu niður réttindi Kristjáns V. Kristjánssonar til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

21. ágúst var gefið út skipunarbréf handa Þóreyju Guðmunsdóttur, sem sóknarprestur í Kolfreyjustaðarprestakalli.

22. ágúst var Einari Jörundssyni veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

24. ágúst var Margrét Hallgrímsdóttir skipuð þjóðminjavörður frá 15. október að telja.

S.d. var dr. Kristín Huld Sigurðardóttir skipuð forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins frá 15. október að telja.

S.d. lagði Svavar Pálsson inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður.

1. september var Edmund Lionel Bendelow skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í St. Helier á Ermasundseyjunni Jersey.

10. september var leyfi Péturs Einarssonar til að vera héraðsdómslögmaður fellt niður.

S.d. var Jón Tryggvi Héðinsson sviptur lækningaleyfi.

S.d. var Högna Friðþjófssyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

11. september var Þórhildi Lilju Ólafsdóttur veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

13. september lagði Jörundur Gauksson inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður.

14. september var Hallgrímur Hallgrímsson sviptur leyfi til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. fékk Þórey Aðalsteinsdóttir löggildingu til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

20. september var Gunnari Svavari Friðrikssyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. fékk Sigurður Sigurjónsson löggildingu til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. fékk Ólafur Björnsson löggildingu til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

21. september fékk Jón Guðmundur Valgeirsson löggildingu til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

24. september var Tómasi Njáli Möller veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Sigtryggi Rósmar Eyþórssyni veitt viðurkenning til þess að vera kjörræðismaður Slóveníu með ræðismannsstigi í Reykjavík.

26. september var Arne Spjaer Arnesen, jr. skipaður kjörræðismaður með aðalræðisstigi í Sao Paulo, Brasilíu, í stað Arne Spjaer Arnesen sr.

27. september lagði Kolbeinn Árnason inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður.

28. september lagði Barbara Björnsdóttir inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður.

1. október var Thorsten Thörnblad skipaður kjörræðismaður með ræðisstigi í Kungshamn í Svíþjóð.

S.d. var Bettina Adenauer-Bieberstein skipuð kjörræðismaður Íslands með ræðisstigi í Köln í Þýskalandi í stað dr. Max Adenauer.

5. október var gefið út skipunarbréf handa Sigurði Ægissyni sem sóknarprestur í Siglufjarðarprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi.

S.d. lagði Viðar F. Welding inn leyfisbréf sitt til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

8. október var Ingva Má Pálssyni veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

9. október var Guðrúnu Þorleifsdóttur veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

11. október var Sturlu Friðrikssyni veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. lagði Haukur Friðriksson inn leyfi sitt til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

17. október var Halldóri Þorsteini Birgissyni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

S.d. var Hjördísi Harðardóttur veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður

23. október var Eyþóri Þorbergssyni veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

26. október var Jónasi Haraldssyni veitt leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður.

8. nóvember var Páli Marvin Jónssyni veitt viðurkenning til að vera kjörræðismaður Noregs með ræðismannsstigi í Vestmannaeyjum.

S.d. var Kjell Hanson skipaður kjörræðismaður með ræðisstigi í Lysekil í Svíþjóð.

12. nóvember var Þórði Ólafi Þórðarsyni veitt leyfi að nýju til að vera héraðsdómslögmaður.

15. nóvember var Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. lagði Lilja Ólafsdóttir inn réttindi sín til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Guðbrandi Sigurðssyni veitt viðurkenning til þess að vera kjörræðismaður Rússlands með ræðismannsstigi á Akureyri.

19. nóvember var gefin út löggilding handa Þorsteini Þorsteinssyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Ástríði Gísladóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

20. nóvember var gefið út leyfisbréf handa Guðmundi Þór Guðmundsyni til starfrækslu útfararþjónustu til næstu fimm ára.

21. nóvember lagði Rafn H. Skúlason inn leyfi sitt til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

22. nóvember var Magnús Skúlason skipaður forstöðumaður húsafriðunarnefndar frá 1. desember að telja.

S.d. var dr. Ármanni Höskuldssyni veitt viðurkenning til að vera kjörræðismaður Frakklands með ræðismannsstigi í Vestmannaeyjum.

23. nóvember var Katrínu Theodórsdóttur veitt að nýju leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

29. nóvember var Þórði Guðmundssyni veitt leyfi til að vera kjörræðismaður Finnlands með aðalræðismannsstigi í Reykjavík.

3. desember var Braga Björnssyni veitt löggilding til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Hildi Briem lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

6. desember var Nönnu Magnadóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

S.d. var Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

12. desember var Ásdís Ingibjargardóttir skipuð til að vera skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til næstu 5 ára frá með 1. janúar 2002 að telja.

S.d. var Stefán Eiríksson skipaður til að vera skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til næstu 5 ára frá og með 1. janúar 2002 að telja.

S.d. var Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur lögfræðingi veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.